## 1. fundur.

Þriðjudaginn 1. Júlí, kl. 2,30' síðd.

Eftir að sameinað þing hafði lokið störfum að þessu sinni og þeir þingmenn voru til Ed. gengnir, er þar áttu sæti, þá sátu þessir þm. í Nd.:

1. Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þing.
2. Bjarni Jónsson, þm. Dal.
3. Björn Kristjánsson, 1. þm. G.-K.
4. Eggert Pálsson, 2. þm Rangv.
5. Einar Jónsson, 1. þm. Rangv.
6. Guðmundur Eggerz, 2. þm. S.-Múl.
7. Halldór Steinsson, þm. Snæf.
8. Hannes Hafstein, 2. þm. Eyf.
9. Jóhannes Jóhannesson, 1. þm. N.-Múl.
10. Jón Jónsson, 2. þm. Rvk.
11. Jón Magnússon, þm. Vestm.
12. Jón Ólafsson, 1. þm. S.-Múl.
13. Kristinn Daníelsson, 2. þm. G.-K.
14. Kristján Jónsson, þm. Borgf.
15 Lárus H. Bjarnason, 1. þm. Rvk.
16. Magnús Andrésson, þm. Mýr.
17. Magnús Kristjánsson, þm. Ak.
18. Matthías Ólafsson, þm. V.-Ísf.
19. Ólafur Briem, 1. þm. Skgf.
20. Pétur Jónsson, þm. S.-Þing.
21. Sigurður Sigurðsson, 1. þm. Árn.
22. Skúli Thoroddsen, þm. N.-Ísf.
23. Stefán Stefánsson, 1. þm. Eyf.
24. Tryggvi Bjarnason, 2. þm. Húnv.
25. Valtýr Guðmundsson, þm. Sfjk.
26. Þorleifur Jónsson, þm. A.-Sk.

Allir þessir þingmenn voru viðstaddir.

Þá kvaddi ráðherrann þingmann Mýrasýslu, Magnús Andrésson, sem aldursforseta til að stýra fundi; en aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sem skrifara þá Eggert Pálsson, 2. þm. Rangv., og Jóhannes Jóhannesson, 1. þm. N.-Múl.

Bað aldursforseti þingm. því næst að kjósa deildarforseta og fór kosningin þannig:

Magnús Andrésson, þm. Mýr., var kosinn forseti í Nd. með 15 atkv.

Jón Ólafsson, 1. þm. S.-Múl., fekk 8 atkv., en þrír seðlar voru auðir.

Magnús Andrésson þakkaði með nokkrum orðum þann heiður og traust, sem deildin sýndi sér með kosningu þessari, og lét í ljósi von sína um góða samvinnu við alla deildarmenn. Bað forseti (M. A.) því næst þingdm. að ganga til kosninga um fyrri varaforseta og fór kosningin þannig:

Valtýr Guðmundsson fekk 9 atkvæði, Jón Ólafsson fekk 6 atkv., Eggert Pálsson 1 og Stefán Stefánsson 1, en 7 seðlar voru auðir.

Forseti skýrði frá því, að enginn hefði fengið meira en helming greiddra atkvæða, og lét hann því á ný ganga til óbundinnar atkvgr. og fór hún þannig:

Jón Ólafsson, 1. þm. S.-Múl., var kosinn fyrri varaforseti Nd. með 14 atkv.

Valtýr Guðmundsson fekk 10 atkv.

Var því næst gengið til atkv. um annan varaforseta og fór kosningin þannig:

Pétur Jónsson fekk 7 atkv., Valtýr Guðmundsson 2 atkv. og Sigurður Sigurðsson 2 atkv., en 13 seðlar voru auðir.

Lýsti forseti því yfir, að enginn hefði fengið þann atkvæðafjölda, sem þingsköpin heimta, og lét hann því aftur fram fara óbundna kosningu og fór hún þannig:

Pétur Jónsson fekk 10 atkv., Valtýr Guðmundsson 5 atkv. og Kristján Jónsson 3 atkv., en 5 seðlar voru auðir.

Forseti sagði, að þar sem enginn hefði enn fengið nægan atkvæðafjölda, þá yrði enn að nýju að kjósa um annan varaforseta, og ættu nú fram að fara bundnar kosningar um þá Valtý Guðmundsson og Pétur Jónsson. Kosningin fór þannig:

Valtýr Guðmundsson, þm. Sfjk., var kosinn annar varaforseti Nd. með 12 atkv.

Pétur Jónsson hlaut 10 atkv., en 3 seðlar voru auðir.

Þessu næst bað forseti að menn gengju til kosningar um skrifara deildarinnar og var það gert:

Eggert Pálsson, 2. þm. Rangv., var kosinn skrifari með 23 atkv.

Jón Jónsson og Jóhannes Jóhannesson fengu 11 atkv. hvor, en 2 seðlar voru auðir. Lét þá forseti varpa hlutkesti um þessa tvo þingmenn, og kom upp hlutur Jóns Jónssonar, 2. þm. Rvk., og var hann því kosinn skrifari í Nd.

Því næst gat forseti þess, að hann hefði fengið þrjú bréf frá hæstv. ráðherra þar sem hann tilkynti að hann hefði í hyggju að leggja fyrir Nd., á væntanlegum fundi hennar Miðvikudag inn 2. Júlí, af hálfu landsstjórnarinnar þessi frumvörp:

1. Frv. til laga um verkfræðing landsins.
2. Frv. til laga um breyting á lögum 15. okt. 1875 um laun íslenzkra embættismanna.
3. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 56, 22. Nóv. 1907 um stjórn landsbókasafnsins.
4. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 63, 22. Nóv. 1907 um kennaraskóla í Reykjavík.
5. Frv. til laga um breyting á 33. gr. í lögum nr. 59, 22. Nóv. 1907 um fræðslu barna.
6. Frv. til laga um sérstök eftirlaun handa skáldinu Steingrími Thorsteinsson rektor.
7. Frv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.
8. Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1910 og 1911.
9. Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1912 og 1913.
10. Frv. til laga um samþykt á landsreikningnum fyrir árin 1910 og 1911.
11. Frv. til laga um tekjuskatt.
12. Frv. til laga um skattanefndir.
13. Frv. til laga um fasteignarskatt.
14. Frv. til laga um jarðamat.
15. Frv. til laga um laun hreppstjóra.
16. Frv. til laga um verðlag.
17. Frv. til laga um breyting á þeim tíma, sem manntalsþing skulu háð.
18. Frv. til laga um breyting á tollögum fyrir Ísland nr. 54, 11. Júlí 1911, 1. gr. 15.
19. Frv. til laga um breyting á lögum um vörutoll 22. Okt. 1912.
20. Frv. til laga um breyting á 1. gr. laga um vitagjald frá 11. Júlí 1911.

Næsta fund ákvað forseti á morgun kl. 12 á hádegi.

Fleira lá eigi fyrir og sagði forseti fundi slitið.

## 2. fundur.

Miðvikudag 2. Júlí, kl. 2 síðd.

Dagskrá:

Ráðherra leggur fram stjórnarfrv.

---

Allir á fundi. — Fundarbók síðasta fundar lesin, samþykt og staðfest.

*Forseti* skýrði frá, að Halldór yfir-

dómari Daníelsson væri ráðinn skrifstofustjóri Alþingis; en innanþingsskrifarar í Nd. væru ráðnir Vilmundur Jónsson stud. med. og Skúli Thoroddsen stud. juris. — Á skrifstofuna væru ráðnir hr. Einar Þorkelsson, hr. Guðm. Magnússon og stúdentarnir Einar Hjörleifsson og Pétur Magnússon.

**Ráðherrann (H. H.):** Lagafrumvörpin, sem að þessu sinni verða lögð fyrir hv. Nd. Alþingis af hálfu stjórnarinnar, eru 20 alls. Væntanlega hefir þeim verið útbýtt meðal hv. þingmanna. Frumvörpin eru þessi:

1. Frv. til fjárlaga fyrir árin 1914—1915.
2. Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1910—'11.
3. Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1912—'13.
4. Frv. til laga um samþ. á landsreikningum fyrir árin 1910—'11.
5. Frv. til laga um tekjuskatt.
6. Frv. til laga um skattanefndir.
7. Frv. til laga um fasteignaskatt.
8. Frv. til laga um jarðamat.
9. Frv. til laga um laun hreppstjóra.
10. Frv. til laga um verðlag.
11. Frv. til laga um breyting á þeim tíma, sem manntalsþing skulu háð.
12. Frv. til laga um breyting á tollögum fyrir Ísland nr. 54, 11. Júlí '11. 1. gr. 15.
13. Frv. til laga um breyting á lögum um vörutoll, 22. Okt. 1912.
14. Frv. til laga um breyting á 1. gr. laga um vitagjald, 11. Júlí 1911.
15. Frv. til laga um breyting á lögum 15. Okt. 1875 um laun ísl. embættismanna.
16. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 56, 22. Nóv. 1907 um stjórn Landsbókasafns.
17. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 63, 22. Nóv. 1907 um kennaraskóla í Rvík.
18. Frv. til laga um breyting á 33. gr. í lögum nr. 52, 22. Nóv. 1907 um fræðslu barna.
19. Frv. til laga um sérstök eftirlaun handa Steingr. Thorsteinsson rektor.
20. Frv. til laga um verkfræðing landsins.

Eg ætla mér ekki í dag að tala um hvert einstakt frumvarp. Eg álít heppilegra að geyma almennu athugasemdirnar við þau, þangað til hvert þeirra verður tekið á dagskrá.

Í þetta skifti skal eg að eins, eins og eg hefi gert á þremur þingum áður, leyfa mér að gefa hv. þingmönnum dálítið yfirlit yfir fjárhaginn. Það er ekki auðvelt að gera það í mjög stuttu máli, svo að gagni verði, og verð eg að biðja hv. þm. vel að virða, þótt þeim kunni að þykja það sem eg hefi að segja nokkuð langt, og of margar tölurnar í því, svo að háttv. þm kunni ef til vill að leiðast lesturinn.

Eg skal þá fyrst leiða athygli háttv. þm. að reikningslagafrv. fyrir árin 1910—11. Þó að í frv. sé talinn tekjuafgangur þá við áramótin, 421.901 kr., þá mega menn ekki halda, að hér sé um hreinan ágóða af landsbúskapnum að ræða, því að í frv. eru taldar með tekjum 501.865 kr., sem inn hafa komið netto fyrir seld verðbréf landssjóðs, þar á meðal andvirði fyrir 500.000 krónur í bankavaxtabréfum, þriðju seríu, sem selja varð fyrir 97½%, til þess að fá upp í skuld við aðalfjárhirzluna, sem nauðsynlegt var að borga. Sé þessi upphæð frá dregin, verður í raun réttri tekjuhalli, alt að 80.000 kr. Þó er að því gætandi, að um 70.000 kr. af þessari upphæð hefir verið varið til afborgunar af láninu frá 1908, og fjárhæð, sem miklu meiru nemur, til ýmsra arðvænna

fyrirtækja (símalagninga o. fl.), svo að í raun og veru hefir hagur landssjóðs farið batnandi í heild sinni.

Í fjárlögunum frá 1910—11 var gert ráð fyrir tekjuhalla, sem, eins og reikningslagafrv. ber með sér, mundi nema um ca. 68 000 kr. Þar við bættust útgjöld eftir nýjum lögum og fjáraukalögum um 295.700 kr. og ýmsar aðrar nauðsynlegar umframgreiðslur á fjárlagaliðum reyndust 241.800 kr. Alls verða því útgjöldin um 605.500 kr. meiri en áætlað hafði verið að landssjóði mundi hlotnast í tekjur á fjarhagstímabilinu. Þessi mismunur á fjárlagaveitingum og reikningslagaupphæðum er tiltölulega mikill og meiri en tíðkast hefi að undanförnu. Hann nemur um 20% fyrir umrætt tímabil. Á tímabilinu 1900—09 var mismunurinn að meðaltali ekki nema 17,6% og á timabilinu 1890—1909 ekki nema 13% En hins vegar reyndust líka tekjurnar á fjárhagstímabilinu 20% hærri en áætlað hafði verið, eða alls 593.575 kr. Þó að sá mismunur sé tiltölulega lágur, í samanburði við það, sem stundum hefir verið áður — hann var á tímabilinu 1900—09 36,6% og tímabilinu 1890—1909 27,3% að meðaltali — þá varð hann þó nægilegur til þess að mæta útgjaldamismuninum, svo að tekjuhallinn varð ekki nema tæpum 12,000 kr. hærri en ráð var fyrir gert í fjárlögunum. Og má það heita gott, eftir atvikum.

Eins og að undanförnu stafar þessi tekjumismunur aðallega af því að tolltekjurnar reyndust meiri en áætlað hafði verið og sömuleiðis einstaka aðrir tekjuliðir — sérstaklega fara tekjurnar af póst- og símaviðskiftum vaxandi. Ber þetta vott um aukna framleiðslu og vaxandi viðskiftalíf.

Samanlögð upphæð viðlagasjóðs — tekjueftirstöðvar og peningaforði — er talin 2.366.335 kr. við árslokin 1911. Við árslokin 1909 námu þessar upphæðhæðir samanlagðar 1.907.400 kr. Skuldirnar, sem á þessum stofni hvíldu, voru svipaðar, sem sé eftirstöðvar af ríkissjóðsláninu frá 1908 og lánið til bankavaxtahréfa kaupa frá 1909.

Í skjótu bragði virðist því hagurinn hafa batnað talsvert. En þar við er það að athuga, að bankavaxtabréfafúlga landssjóðs, sem keypt var fyrir lánið frá 1911 og sem *ekki* er meðtalin í þessum upphæðum — en auðvitað verður að teljast móti skuldunum — var, við árslok 1911, orðin skert um þær 500.000 kr., sem selja þurfti, eins og eg gat um áðan. Hér er því ekki um neinn gróða að ræða.

Eg vil sérstaklega taka það fram, að þar sem peningaforði landssjóðs, við árslok 1911, er í reikningslagafrv. talinn 664.700 kr., þá má eigi skilja það svo, að þessi upphæð hafi verið fyrirliggjandi hjá landsféhirði í reiðu peningum, þá dagana. Þvert á móti var víst heldur lítið handbært fé þá fyrir hendi. En þessi upphæð var að eins reikningsupphæð. Hún *hefði átt* að vera í sjóði þá, ef *allar* landssjóðstekjur, sem fallnar voru í gjalddaga á árinu, *hefðu verið innkomnar*, og öll útgjöld, sem því tilheyrðu, hefðu verið greidd. En eins og hér tilhagar, verður ekki hjá því komist, að tekjurnar greiðist ekki landssjóði fyr en talsvert löngu eftir á, og er því aldrei hægt að loka landsreikningnum fyr en nær 4 mánuðum eftir áramótin. Í Aprílok er mestalt fé landssjóðs, fyrir umliðið ár, innkomið. En því er enganveginn að heilsa, að þetta fé liggi þá fyrir handbært heldur. Nei, fyrsta ársfjórðunginn af hverju ári fær landssjóður sem sé engar tekjur fyrir líðandi ár til þess að standast útgjöldin, sem altaf kalla að jafnt og þétt, og tekjur að mun fara ekki að koma fyr en talsvert er liðið á annan ársfjórðunginn. Til þess

að landssjóður geti int lögskil sín af hendi og greitt hlaupandi útgjöld, verður því að taka fé af fyrra árs tekjum jafnóðum og það kemur inn, ef það þá ekki er þegar bundið með útlánsloforðum til einstakra fyrirtækja, eins og talsvert hefir kveðið að á undanförnum árum. Stundum hrökkva þessar tekjur ekki einu sinni til og neyðist landssjóður þá til að taka skyndilán með víxlum. Þannig var landssjóður í ársbyrjun 1912 kominn í 200.000 kr. víxilskuld við Íslandsbanka, auk 70 þús. kr. láns til kaupa á bæjarsíma Reykjavíkur, eins og heimilað var. Og í byrjun Októbermánaðar varð enn að taka 100.000 kr. víxillán, til bráðabirgða, til þess að geta int lögskil af hendi.

Að hægt var að endurborga öll þessi lán, sem samtals námu 370.000 kr., þegar í Nóvember, kom til af því einu, að þá fékst hálfrar millj. lánið, sem að $^4/_5$ hlutum átti að veitast úr landssjóði sem framlag til Reykjavíkurhafnar, og var hægt að grípa til þeirra peninga, til bráðabirgða, svo að nú er landssjóður í engri slíkri bráðabirgða-skuld.

Þessi skortur á nauðsynlegu starfsfé er mjög tilfinnanlegur og hefir í för með sér talsverða annmarka, sem eg þó ekki skal fara frekar út í núna. Þótt það sé gott og blessað að geta bjargað sér með víxillánum í bráðina, þá væri þó hitt óneitanlega mikið betra og blessaðra, að geta komið þeim rekspöl á, að landssjóður hefði jafnan nauðsynlegt starfsfé fyrirliggjandi, eða handbært af peningaeign sinni, sem ekki væri bundið í útlánum. En þetta er nú, því miður, víst auðveldara um að tala en úr því að bæta í svipinn.

Annað, sem miklum erfiðleikum hefir valdið, er skuldasúpan, sem, vegna póstávísananna, hefir safnast fyrir í viðskiftareikningi við ríkissjóð Dana. Héðan er sent mikið fé til útlanda — hér um bil alt það fé, sem landanum áskotnast. Þrátt fyrir það, að hægt er að kaupa ávísanir á útlönd í bönkunum hér, munu þó árlega vera sendar 800-000—1.000.000 kr. héðan í póstávísunum. Þessar póstávísanir leysir svo ríkissjóður Dana út. Áður fyr voru landssjóðstekjurnar að mestu leyti greiddar í ávísunum á Kaupmannahöfn, svo að þetta gat jafnast. En nú fer greiðslan mest fram innanlands, annaðhvort í peningum eða gegnum innlendu bankana, og afleiðingin hefir því orðið sú, að skuldir hafa fljótt safnast við aðalféhirzluna í Kaupmannahöfn. Til þess að borga þessa skuld, höfum við ekki annað en íslenzka seðla, en það er skammgóður vermir, að borga skuldir utanlands með þeim. Þeir mundu skila sér fljótt aftur til föðurhúsanna eftir að hafa bakað bönkunum eigi alllítið tjón. Því að þeir erlendu bankar, sem innleysa þá, skoða innlausnina sem lán til bankans, sem gefið hefir seðlana út, »debitera« hann fyrir upphæðinni og heimta vexti af, sem geta verið eins háir eða hærri en útlánsvextir hér á landi. Af þessari ástæðu var það, að stjórnin neyddist til, 1911, að selja bankavaxtabréfin, sem eg hefi getið um, til greiðslu póstávísunarskuldar við aðalféhirzlu.

Nú er þó loks ráðið fram úr þessum vandræðum. Varð það á þann hátt, að stjórnin komst að samningum við Íslandsbanka um það, að hann tæki jafnóðum við póstávísunarfénu hjá póstmeistara á hlaupareikning, og borgi upphæðina fyrir hvern ársfjórðung, að honum liðnum, inn í aðalfjárhirzluna, með ávísun á danska banka. Með þessu móti hefir loks lánast að halda landssjóði skuldlausum við ríkissjóð, þannig að ríkissjóður á að jafnaði ekki meira hjá landssjóði en landssjóður hjá honum.

Það gengur upp og niður eins og gerist í viðskiftareikningum og nú sem stendur eigum við þar eitthvað til góða.

Eg hefi þá stuttlega skýrt frá fjárhagsástandinu á inu liðna fjárhagstímabili, sem þetta þing á að úrskurða reikninga fyrir. Skal eg þá drepa á ástandið nú, á yfirstandandi fjárhagstímabili.

Þingið 1911 gekk þannig frá fjárlögunum fyrir árið 1912 og 1913, að þar var veitt alt að því 500.000 kr. til útgjalda, fram yfir áætlaðar tekjur. Lögmæltur tekjuhalli var rúmar 446,167 kr.

| | |
|---|---|
| En þar við bætist, að vantalið er í 8. gr. fjárlaganna til útgjalda vextir og afborganir af bankabréfaláninu frá 1909, umfram það, sem bankavaxtabréfin gefa í aðra hönd fyrst um sinn . . . | 110,000 — |
| Á sama hátt bætist við aukaþingskostnaðurinn 1912 . . | 37,600 — |
| Ennfremur útborgað samkv. nýjum lögum 1912 . . . | 120,666 — |
| Tekjuhalli því alls | 714,433 kr. |

Það var því sízt að furða, þótt menn væru allkviðnir út af fjárhagsástandinu á aukaþinginu í fyrra.

En eins og skýrt er frá í athugasemdunum við fjáraukalagafrv. frá 1912—13 virðist þó ætla að ráðast betur fram úr þessu en á horfðist. Tölur, þær sem tilgreindar eru í athugasemdunum fyrir árið 1912, eru teknar eftir því sem næst varð komist, þegar athugasemdirnar voru samdar, í Marzmánuði. En þær eru, eftir því sem nú er komið í ljós, nokkuð lágar sumar hverjar, og vil eg biðja háttv. þm. að athuga, að bæði tekjur og gjöld urðu nokkuð meiri en þar er tilgreint. Tekjurnar á árinu 1912, sem í fjárlögunum eru taldar, að meðtöldum tolli af vínföngum í tollgeymslu 1.577.200 kr. reyndust 2.088.430 kr. Það er 511.230 kr., eða rúmlega 32% fram yfir áætlun. Gjöldin, sem fé var veitt til fyrir árið 1912 námu 1.733.000 kr., en urðu, með útgjöldum samkvæmt nýjum lögum og aukna þingkostnaðinum, 2.014.682 kr., eða 16% fram yfir áætlun. Um árið 1913 veit maður auðvitað ekki enn þá, en eftir því sem útlit er til, er óliklegt að það verði öllu lakara en árið 1912. Tekjurnar voru þá áætlaðar 1.310.200 kr. í fjárlögunum, og eru þar ekki meðtaldar tekjur af vörutollinum, sem gekk í gildi 1. Janúar. Það virðist ekki óvarkárlega til getið eftir atvikum, að tekjurnar, sé þessi tollur reiknaður með, muni ná þeirri upphæð, sem stjórnin í fjárlagafrv. hefir áætlað fyrir árið 1914, sem er 1 853.300 kr. og samsvarar það, að frádregnum vörutollinum, sem telst 250.000 kr., aðeins ca. 22% tekjumismun frá fjárlagaáætlun, svipað eins og tekjumismunurinn varð á tímabilinu 1910—'11.

Gjöldin fyrir árið 1913 eru samkvæmt fjárlögunum 1.600.000 kr. Með því að í gjöldunum fyrir 1912, sem eins og eg gat um áðan, fara 16% fram yfir fjárlagaáætlun, eru innifaldar, greiðslur samkvæmt nýjum lögum, sem ekki koma aftur, virðist nægilegt að áætla gjöldin eftir fjárlagaliðunum 1913 10% hærri en fjárlögin gera, og er þá ekki gert fyrir væntanlegum útgjaldaauka eftir nýjum fjáraukalögum.

Gjöldin yrðu þá, auk nýrra fjáraukalagaveitinga 1.760.000 kr. Eftir þessu yrðu horfurnar þessar:

| | |
|---|---|
| Tekjur: | |
| 1912 . . . . . | 2.088.430 kr. |
| 1913 . . . . . | 1.853.300 — |
| Alls | 3.941.730 — |
| Gjöld: | |
| 1912 . . . . . | 2.014.682 kr. |
| 1913 . . . . . | 1.760.000 — |
| Alls | 3.774.682 kr. |
| Eftir ætti því að mega vænta *tekjuafgangs* . . | 167.048 kr. |

Frá þeirri upphæð gengi svo það, sem

þingið nú samþykkir af aukafjárveitingum.

Auðvitað geta slíkar áætlanir sem þessi aldrei verið alveg öruggar, en eg hygg að þetta sé ekki fjarri sanni, ef síðari hluti þessa árs ber ekki mikil og ófyrirsjáanleg óhöpp eða útgjöld í skauti.

Við árslokin 1912 teljast hafa verið í sjóði, á þann hátt, er eg áður hefi skýrt frá: . . . . . 1.179.541 kr.

*Í viðlagasjóði* (veðskuldabréf hans og verðbréf, að upphæð 385.000 kr., sem eruu að veði fyrir veðdeildum Landsbankans) . 1.789.952 —

Bankavaxtabréf 3. seríu 1.048.200 —

Alls 4.015.693 kr.

Hér á hvíla skuldir — 4 lán — sem nema . . . 2.433.333 —

Afgangur í sjóði verður þá . . . . . 1.582.360 kr.

En þess ber að gæta, að af þessari upphæð þarf, smátt og smátt, að borga 400.000 kr. til hafnargerðarinnar í Reykjavík.

Peningaforðinn $^{31}/_{12}$ 1912 sundurliðast þannig:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Hjá Stjórnarráðinu | kr. | 28.885.00 |
| 2. | Í Landsbankanum . | — | 2.000.00 |
| 3. | Hjá Landsféhirði . | — | 999.756.37 |
| 4. | Innieign hjá ríkissjóði og í viðskiftabréfum . . . . | — | 148.900.00 |
| | | Alls kr. | 1.179.541.37 |

Skal eg svo ekki fara fleiri orðum um yfirstandandi fjárhagstímabil að sinni.

Um fjárlagafrv. það sem eg nú legg fram fyrir árin 1914—1915, skal eg vera stuttorður í þetta skifti og geyma mér þær almennu athugasemdir, sem eg hefi við það að gera, þangað til frv. kemur til 1. umr.

Aðeins vil eg nú þegar taka það fram, að enginn má láta villast af því, að frumv. kemur út með tekjuafgang, 75.600 kr., svo að hann haldi, að við séum birgir af tekjum. Ástæðan til þess er sú, að í 4. gr. er meðreiknuð til tekna upphæð, sem ekki hefir verið talin til tekna fyr, þó að það sé að minni hyggju réttara, nefnilega afborganirnar af útlánum landssjóðs. Væri þessi upphæð, sem mun nema 116.009 kr. á næsta fjárhagstímabili, ekki tekin með, þá mundi útkoman verða tekjuhalli, ca. 41.000 kr. Og svo er annað, sem enn þá meira munar um — því að 41 þús. króna tekjuhalli væri ekki svo ægilegur — væru í fjárlögin sett öll þau útgjöld, sem samkvæmt lögunum um talsímakerfi Íslands á að framkvæma á fjárhagstímabili því er í hönd fer, þá hefði tekjuhallinn numið svo stórri upphæð, að eg hefði kviðið fyrir að sýna hinni háttv. deild frumv. En í fjárlögin hefði þurft að setja þessi útgjöld, ef ekki hefði verið ákveðin sérstök lántaka til þeirra í í símalögum. Það vill nú svo vel til, að nú er kostur á að fá lán til símalagninga með mjög heppilegum kjörum. En með því að hætt er við, að inar nýju álmur sunnanlands, Vikursíminn og Hornafjarðarsíminn gefi ekki eins mikinn arð og aðalálmurnar um landið, og áreiðanlegt er, að in fyrirhugaða þráðlausa stöð verði talsvert dýrari en menn hafa haldið og gefur að líkindum fremur lítinn arð af sér fyrst um sinn, þá hefir bygging þessara tækja og lán það, sem til þess verður notað, og greiðast verður af símatekjum, í för með sér talsverða lækkun á tekjum landsins af símanum, sem nú eru taldar 315.000 kr. á fjárhagstímabili. Það skarð, sem við það kemur fram, þarf á einhvern hátt að fylla.

Það er því sízt óþarfi, þótt nokkur tekjuviðbót fengist með skattalagabreyt-

ingunni eftir milliþinganefndarfrumv., sem lögð eru fyrir þingið — og mun þó sá tekjuauki varla hrökkva til, nema þá vörutollurinn gefist því betur. En að öðru leyti hefir þó ekki þótt ástæða til að stinga upp á nýum tekjuaukaleiðum, meðan vörutollurinn hefir ekki ekki sýnt sig. Það verður því að bíða næsta þings, þangað til þau lög eru búin að sýna sig, bæði hvað afkast og vinsældir snertir.

Um afdrif frv. þess um lotterí, sem samþykt var á seinasta þingi og margir væntu að mundi afla landssjóði allmikilla aukinna tekna, mun eg við fyrsta tækifæri gefa skýrslu *í sameinuðu þingi.*

Eg er orðinn all-langorður og skal nú ekki þreyta háttv. deild með lengri ræðu að sinni.

Fundi slitið.

---

## 3. fundur.

Föstudag 4. Júlí á hádegi.

Dagskrá:

1. Frv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915 (stj.frv.); 1. umr.
2. Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1912 og 1913 (stj.frv.); 1. umr.
3. Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1910 og 1911 (stj.frv.); 1. umr.
4. Frv. til laga um samþykt á landsreikningnum fyrir árin 1910 og 1911 (stj.frv.); 1. umr.

---

Allir á fundi. Fundarbók síðasta fundar lesin upp, samþykt og staðfest.

Forseti skýrði frá að útbýtt hefði verið í deildinni:

1. Frv. til laga um íslenzkan sérfána (35).
2. Frv. til laga um samþyktir um eftirlit úr landi með fiskiveiðum í landhelgi (37).
3. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 52, 10. Nóv. 1905 um stofnun Fiskiveiðasjóðs Íslands (38).

---

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið frá Ed.:

1. Frv. til siglingalaga.
2. Frv. til laga um sjódóma og réttarfar í sjómálum.
3. Frv. til laga um sparisjóði.
4. Frv. til laga um vatnsveitingar.
5. Frv. til laga um ábyrgðarfélög.
6. Frv. til laga um breyting á lögum 22. Október 1912 um ritsíma og talsímakerfi Íslands.
7. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 39, 10. Nóvbr. 1903 um leynilegar kosningar og hlutfallskosningar til bæjarstjórnar í kaupstöðum.
8. Frv. til laga um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum.
9. Frv. til laga um breyting á og viðauka við tilskipun 15. Ágúst 1832, 15. gr.
10. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 32, 20. Okt. 1905 um málaflutningsmenn við landsyfirréttinn í Reykjavík.
11. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 30, 16. Nóv. 1907, um lán úr landssjóði til byggingar íbúðarhúsa á prestssetrum landsins.
12. Frv. til laga um ný nöfn manna og ættarnöfn.
13. Frv. til laga um nafnbreytingar og ný nöfn á býlum.
14. Frv. til laga um hagstofu Íslands.

Forseti skýrði frá, að lagt hefði verið fram á lestrarsal:

1. Þingmálafundargerð úr Suður-Þingeyjarsýslu.
2. Umsókn frá P. O. Bernburg um

400 kr. styrk handa hljóðfæraflokki hans.
3. Umsókn frá Stefáni Kristjánssyni skógarverði á Vöglum um 2500 kr. styrk til byggingar íbúðarhúss á Vöglum (með 3 fylgiskjölum).
4. 2 þingmálafundargerðir úr Árnessýslu.
5. Þingmálafundargerð úr Norður-Ísafjarðarsýslu.
6. Erindi frá Norður-Ísfirðingum um styrk til gufubátsferða (með 1 fylgiskjali).
7. Erindi frá sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu um brú á Laugadalsá.
8. Sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu biður um 40.000 kr. styrk til lendingarbóta í Bolungavík.
9. Jakob Hagalínsson sækir um fjárstyrk eða verðlaun fyrir barneignir (með 1 fylgiskjali).
10. Bænaskrá frá 153 sjómönnum um símalagning til Aðalvíkur.
11. Beiðni frá Andrési Fjeldsted augnlækni um að veittar verði 180 kr. til að kaupa risasegul.
12. 4 þingmálafundargerðir úr Eyjafjarðarsýslu.
13. Erindi frá síldarmatsmönnum á Akureyri og Siglufirði um 1000 kr. launahækkun.
14. Erindi frá Jakob Björnssyni síldarmatsmanni á Siglufirði um að fá endurgoldinn ferðakostnað.
15. Erindi frá Jóni Björnssyni kaupm. í Borgarnesi um lán úr viðlagasjóði.
16. 15 konur í Reykjavík tilkynna, að þær sendi Alþingi veifu og óska að hún verði notuð
17. Benedikt Einarsson sækir um styrk til að halda uppi gistihúsi í Skógum.
18. Þingmálafundargerð úr Norður-Múlasýslu.
19. Þingmálafundargerð úr Seyðisfjarðarkaupstað.

**Ráðherrann (H. H.):** Eins og háttv. þdm. hafa tekið eftir, eru aðaltekjuupphæðirnar og gjaldaupphæðirnar hærri en áður hefir verið. Þessu til skýringar vil eg leyfa mér að taka fram það er nú skal greina.

Tekjuupphæðirnar nema nú samtals 3.706.470 kr. Er það talsvert hærra en síðast, munar sem sé um 800 þús. kr., sem áætlunin er hærri nú. Þó er alls eigi svo að skilja, að áætlunin um það, hvað inar ýmsu föstu tekjugreinir muni gefa af sér, sé í raun og veru hækkuð um það sem þessari upphæð nemur. Af slíkum hækkunum kveður mest að hækkun á símatekjunum, sem hér eru taldar 110 þús. kr. hærri en síðast. Er það bygt á fullkomlega rökstuddum skýrslum símastjórans. Þá er tóbakstollurinn hækkaður um 80 þús. kr. og kaffi og sykurtollurinn um 60 þúsundir, og eftir fenginni reynslu er þetta væntanlega ekki um skör fram. En auk þess veldur það hækkun, að nú er gert ráð fyrir hálfri millíon kr. tekjum af vörutollinum, þar sem í síðustu fjárlögum ekki er gert ráð fyrir nema c. 300 þús. kr. af áfengistollinum. Hér munar því um 200 þús. kr. En auk þessa veldur það hækkun, að hér eru taldar tekjumegin upphæðir, sem hafa verið ótaldar þar áður. Nema þær um 250 þús. kr., eins og sjá má af 3. og 4. gr. Meðal þeirra eru leigur af bankavaxtabréfum keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. Júlí 1909, 91 þús. kr. og væntanlega útdregin bankavaxtabréf 3. flokks 40 þús. kr., og ennfremur afborganir af útlánum viðlagasjóðs, kr. 116.000.

Úr því að vextir af viðlagasjóðsfé eru og hafa stöðugt verið taldir til tekna í

áætlun fjárlaganna, virðist rétt, að afborganir af útlánum viðlagasjóðs séu einnig taldar til tekna á sama hátt, þó þar sé að ræða um »tekjur af eyðslu höfuðstóls«. Það verður á engan eðlilegan hátt sundurgreint frá öðrum sams konar tekjum, því að afborganirnar renna til landssjóðs öldungis á sama hátt og vextirnir. Þeim er á engan hátt haldið aðskildum frá inum sameiginlega sjóði. Auk þess virðist það ljósara að tilfæra upphæðina hér og hægara til yfirlits. En á því er engin vanþörf, því að það er eins og mönnum sé aldrei almennilega ljóst, hvað viðlagasjóðurinn er eða megnar. Menn halda, að úr honum megi ausa stórum upphæðum, en gæta ekki að því, að handbært fé hans er ekki annað en þessar afborganir. En ef afborganirnar eru taldar til tekna í fjárlögunum, eiga menn hægt með að átta sig á hvernig þessu er farið, og geta í einni svipan séð, bæði hversu miklum tekjuhalla og lánveitingum má ávísa á viðlagasjóðinn, og hins vegar einnig, hversu mikið þarf að lána út eða kaupa af skuldabréfum til þess að skuldabréfaeign viðlagasjóðs skerðist ekki frá því sem nú er.

Útgjöldin eru talin samtals 3.630.833 kr., en voru á síðustu fjárlögum 3.333.000 kr. Hér lítur því svo út, sem farið sé fram á aukin gjöld. En svo er ekki. Mismunurinn stafar af því, að hér er í fyrsta skifti gerð grein fyrir öllum skuldum, rentum og afborgunum landssjóðs gjaldamegin í fjárlögunum. Í gildandi fjárlögum er ekki gerð grein fyrir vöxtum og afborgunum nema af einu láni, láninu frá 1908. En fyrir láninu sem tekið var 1909, og ekki hefir borið sig, var engin grein gerð öðru vísi en á fylgiskjali við landsreikninginn. Í fjárlögunum voru ekki taldar til útgjalda við það lán nema einar 150 kr., sem áttu að vera »provisionskostnaður«. Í landsreikningnum 1911 er kostnaðurinn við lánið frá 1909 frá dreginn þeirri 501 þús. króna upphæð, sem landssjóði er talin til tekna fyrir seld bankavaxtabréf o. fl.

Það virðist réttara, að láta alt þetta sjást greinilega af fjárhagsáætluninni, svo að menn gengi þess ekki duldir, hvað lántökurnar kosta oss í raun og veru. Fyrir þetta hækka gjöldin um 352 þús. króna á fjárhagstímabilinu. En þegar sú upphæð er dregin frá öllum útgjöldunum í heild sinni, er svo langt frá því að gjöldin séu hærri en síðast, að þau eru þvert á móti 55 þús. kr. lægri, eins og eðlilegt er, þar sem veitingum til nýrra símabygginga er haldið hér fyrir utan, og greiðast sérstaklega af lánsfé, því er símalögin heimila að taka í því skyni.

Áður en en eg lýk máli mínu, vil eg benda á það, að upphæðin, sem talin er til útlána, er ið mesta, sem landssjóður *getur* veitt að þessu sinni, ef honum verður ekki séð fyrir nýjum tekjugreinum.

Eg finn ekki ástæðu til að dvelja við einstaka liði frv. Hæsti útgjaldaliðurinn er til kenslumálanna. Sú upphæð er yfir $^1/_2$ millión kr. Og sé þar við bætt útgjöldunum til bændaskóla, iðnskóla, kvöldskóla o. s. frv., sem talið er í 16. gr., verður sú upphæð, er til kenslumálanna gengur, 80 þús. kr. hærri, eða 650 þús. kr. En það er eigi alllítill hluti allra útgjaldanna. Verður því ekki annað sagt, en að eitthvað sé hugsað fyrir framtíðinni.

Mun eg svo ekki gera fleiri athugasemdir fyrirfram.

**Lárus H. Bjarnason:** Eins og hv. ráðherra hefir tekið fram, bæði nú og þegar hann lagði fram stjórnarfrumvörpin, er fjárhagurinn betri, þrátt fyrir lotteri-*slysið*, en hann bjóst við — miklu líkari því sem eg bjóst við og háttv.

þm. S.-Þing. (P. J.), þegar barist var um vörugjaldið síðastliðið ár. Eg segi lotteri-*slysið*, því að lotteríð hefði gefið landssjóði að minsta kosti 400 þús. kr. á fjárhagstímabilinu, ef það hefði komist á.

Tekjuafgangurinn 1910—1911, sem hv. ráðherra hefir gert grein fyrir, er að eins á pappírnum. Í raun og veru er um 80 þús. kr. tekjuhalli.

Mestu skiftir þó árið 1912. Það ár eru tekjurnar um 2.100.000 kr. í stað 1.444.000 kr., er áætlaðar voru.

Eftir fjárlagafrv. stjórnarinnar fyrir árin 1914—1915 er áætlaður á pappírnum 75 þús. króna tekjuafgangur, en sú niðurstaða er að þakka eða kenna því nýtízkubragði, að afborganir af útlánum viðlagasjóðs, 116 þús. kr., eru nú í fyrsta skifti taldar með tekjum eða árlegu eyðslufé. Tekjuhallinn er því í raun og veru 41 þús. kr.

Hv. ráðherra taldi það réttmæta aðferð. En það er mikið álitamál. Ef telja á afborganirnar til tekna, eru þær þar með gerðar að eyðslufé, enda hætt við að þingmenn gæti þá síður varúðar, er áætla skal gjöld. Með þessu móti mundi viðlagasjóðseignin og hverfa og verða að engu á fáum fjárhagstímabilum.

Þó að nú fjárhagurinn sé ekki óliklegur samkvæmt fjárlögunum, er hann þegar á alt er litið þó alt annað en glæsilegur. Skuldir landssjóðs eru með upprunalegu lánsupphæðunum nú orðnar 2750 þús. kr., og ef ábyrgðirnar eru taldar með, þá bætast þar við 6900 þús. kr. Svo miklar eru ábyrgðir landssjóðsins þegar orðnar. Og þó hefi eg slept ýmsum smærri ábyrgðum.

Mér skilst, að þessi upphæð hrópi á varfærni til nýrra lána og jafnvel til nýrra útgjalda.

Eg ætla mér ekki að fara út í einstakar greinar frumv. Að eins skal eg geta þess, að eg sakna einnar fjárveitingar — fjárveitingar til viðskiftaráðunautsins. Eg sakna *hennar* meira en *mannsins*, sem hún var bundin við. Mér skilst, eftir því sem nú er háttað afstöðunni út á við, að það mundi vera alt annað en heppilegt að kippa fjárveitingunni gersamlega burtu. Fremur ætti hún að standa í fjárlögunum, þó ónotuð yrði.

Annars hefi eg tekið eftir 2 einkennilegum lækkunum í fjárlagafrumv., sem sé til samgöngumálanna 88 þúsund kr. lækkun og til verklegra fyrirtækja 94 þúsund kr. lækkun. En til kirkju- og kenslumála er aftur á móti hækkað um 70—80 þús. kr. Nokkuð af lækkuninni stendur í sambandi við það, að símakostnaður lendir framvegis vægar á fjárlögunum en áður.

Annars sé eg ekki ástæðu til að fara út í einstök atriði á þessu stigi málsins. Býst við að nefnd verði sett.

**Ráðherrann (H. H.):** Viðvíkjandi því »nýtízkubragði», sem háttv. síðasti ræðumaður nefndi það, að telja afborganir af útlánum viðlagasjóðs tekju megin, vil eg taka það fram, að það er í fullu samræmi við það sem gert er um önnur verðbréf landsjóðs. Og viðlagasjóðurinn er allur í verðbréfum. Munurinn er sá einn, að annað er almenn veðskuldabréf með veði í fasteign, er lánþegar greiða vexti af, en bankavaxtabréfin eru skuldabréf, með tryggingu í veðbréfaeign bankans, og greiðir bankinn vexti af þeim. Það er beint til þess ætlast, að til vaxta og afborgana af því láni, sem tekið var til bankavaxtabréfakaupa, gangi ekki að eins vextirnir, sem bankinn borgar af bankavaxtabréfum, heldur einnig þau bréf, sem út eru dregin, þ. e. afborganir af bankaskuldabréfum. Þegar vextir og afborganir af láninu frá 1909 eru færð til gjalda í fjárlögum, verður því einnig að sjálfsögðu að færa

tekjur fyrir útdregin bréf, þ. e. afborganir af verðbréfaeign, til tekna, ef rétt á að verða, og á sama hátt virðist eiga að fara um um afborganir af viðlagasjóðsskuldabréfum.

Háttv. þingm. mintist enn fremur á viðskiftaráðunautinn. Eg álít ekki til neins að fara nákvæmlega út í það atriði á þessu stigi málsins. Stjórninni var ekki ljóst, að það starf kæmi að því gagni að til þess væri eyðandi svo hárri upphæð. Hins vegar hafði henni borist til eyrna tillaga um annað fyrirkomulag á starfinu, en sem þó var ekki svo skýr, að stjórnin sæi sér fært að byggja á henni þegar frumv. var samið. Býst eg við, að hún komi fram nú á þinginu.

**Eggert Pálsson:** Það hefir verið venja með þetta mál, að vísa því til 7 manna nefndar, jafnframt því sem 1. umræðu hefir verið frestað. Vil eg leyfa mér að gera hvorttveggja að tillögu minni.

ATKV.GR.:

Hvortveggja samþ. í einu hljóði.

Þessir óskuðu eftir hlutfallskosningu um nefndina: Eggert Pálsson, Bjarni Jónsson, Jón Jónsson, Skúli Thoroddsen, Jón Ólafsson og Sigurður Sigurðsson.

Forseta bárust 3 listar og nefndi hann þá: A-lista með nöfnunum Lárus H. Bjarnason, Eggert Pálsson, Skúli Thoroddsen, Valtýr Guðmundsson; B-lista með nöfnunum Jóhannes Jóhannesson, Kristján Jónsson, og C-lista með nöfnunum Pétur Jónsson, Sigurður Sigurðsson, Eggert Pálsson, Þorleifur Jónsson, Stefán Stefsson, Tryggvi Bjarnason, Einar Jónsson.

Var þá gengið til kosninga og hlaut A-listinn 12 atkv., B-listinn 6 atkv. og C-listinn 7 atkv. Samkvæmt því voru þessir kjörnir í nefndina í eftir eftirfarandi röð:

Lárus H. Bjarnason,
Pétur Jónsson,
Jóhannes Jóhannesson,
Eggert Pálsson,
Skúli Thoroddsen,
Sigurður Sigurðsson og
Kristján Jónsson

eftir hlutkesti milli hans og Valtýs Guðmundssonar.

1. umræðu frestað.

---

FRUMVARP til fjáraukalaga fyrir árin 1912—1913; 1. umr.

**Ráðherrann (H. H.):** Í þessu frv. er farið fram á að bætt sé við gjöldin, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1912—1913, 135.891.26 kr. Þrátt fyrir þessa upphæð er helzt í von, að ekki þurfi að verða tekjuhalli í landsreikningnum fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil, eins og grein er gerð fyrir í athugasemdum við frv, heldur dálítill afgangur. Útgjaldaupphæðirnar sumar eru þó talsvert stórar og er það meðfram gert til þess að létta á fjárlögunum fyrir 1914 og 1915.

Vil eg sérstaklega nefna það sem ætlað er til viðbótarbyggingar við pósthúsið, 65000 kr. Á þessari bygging er in mesta nauðsyn, því að það er orðið ókleift að fá rúm bæði fyrir póst og síma í húsi, því sem báðar þessar stofnanir nú hafa hér í Reykjavik. Sömuleiðis er lagt til áframhaldsbyggingar á Reykjadalsbrautinni 10.000 kr. eftir óskum Þingeyinga. Ástæðurnar tilfærðar í athugasemdum við frv, og leyfi eg mér að vísa háttv. þingm. til þeirra.

Enn fremur er hér farið fram á fjárveitingu til nauðsynlegra aðgerða og endurbóta á húsum gagnfræðaskólans á Akureyri og bændaskólans á Hólum, og er glögglega gerð grein fyrir því í athugasemdunum.

Þingið hefir áður heitið 10,000 kr. til að mæla innsiglingu á Gilsfjörð, en með því að sú fjárveiting var þá ekki notuð, er hér farið fram á endurveiting á sömu upphæð á ný.

Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um frv., en vona að háttv. fjárlagan. greiði sem bezt fyrir þessum fjárveitingum.

**Lárus H. Bjarnason:** Auk þeirra atriða, sem hv. ráðherra mintist á, hefi eg rekið mig á nokkrar upphæðir, sem mér finst orka tvímælis um, hvort séu nauðsynlegar.

Í 5. gr., seinasta lið, er farið fram á 750 kr. veitingu til aukakenslu við kennaraskólann. Eg hygg að þessi greiðsla sé endurgjald eða greiðsla launa handa manni fyrir að gegna embætti 1. kennara skólans, sem hefir sýkst og orðið að leita sér lækninga í framandi landi. Þessi tillaga er að vísu falleg, og þessi maður á hana öðrum fremur skilið. En eg vildi að eins vekja athygli á því, að sé vikið inn á þessa braut með embættismenn, þá þarf að gera eins við aðra.

Í 6. gr., seinasta lið, er farið fram á 1000 kr. styrk til Kvennréttindafél. Íslands til að senda fulltrúa á kvennréttindafund í Budapest. Eg býst nú við, að margir séu mér sammála um það, að þessi greiðsla sé ekki nauðsynleg. Það hefði minsta kosti verið viðkunnanlegra að þessi upphæð hefði ekki verið greidd úr landssjóði án þess að ráðherra bæri sig saman við þingmenn eða flokksstjórnir. En eftir því sem mér er tjáð, hefir ráðherra ekki einu sinni borið þetta undir miðstjórnir þeirra flokka, sem hann hefir stuðst við til þessa.

Þá er í 9. gr., 1. lið, farið fram á 654 kr. til greiðslu á ferðakostnaði nokkurra þingmanna, sem hægast var að ná til og kvaddir voru saman til að láta uppi álit sitt um tilboð, sem ráðherra hafði fengið hjá Dönum út af málaleitun við dönsku stjórnina um sambandsmálið. Satt að segja held eg að það hefði verið réttast að spara fjárveitinguna og þingmönnum ómakið.

Sömuleiðis er í sömu gr. farið fram á 5000 kr. til að endurgjalda Sameinaða gufuskipafélaginu vörugjald af kolum, sem skip þess taka hér á landi. Mér og öðrum þótti kostir félagsins svo þröngir, að ekki hefði átt að leggja því þessa aukagetu án dóms.

Mér þykir þessi 4 atriði nokkuð vafasöm og býst við, að um þau verði skiftar skoðanir. Annars fýsir mig ekki að fara að kappræða þau, sízt að svo stöddu, en hefi að eins tekið þetta fram til athugunar fyrir væntanlega nefnd.

**Ráðherrann (H. H.):** Eg er að vísu í vafa um hvort löglegt sé að fara þannig út í einstök atriði við 1. umr., en með samþykki háttv. forseta skal eg þó svara þessum aðfinslum hv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) með nokkrum orðum.

Fyrst mintist hann á aukakensluna við kennaraskólann. Það var alveg rétt, sem hann gat til, að fjárveitingin hefði gengið til að borga aukakennara í sjúkdómsforföllum eins af kennurum skólans. Þetta hefir áður verið gert við kennara mentaskólans, þegar líkt hefir staðið á fyrir þeim, og hirði eg ekki að nefna nöfn því til stuðnings. Í þessu tilfelli álít eg sérstaklega maklegt og nauðsynlegt að veita þennan styrk. Kennari, sá sem hér á hlut að máli, hefir afarlág laun og hefði verið algerlega ókleift að borga kennara af launum sínum jafnframt því að leita sér lækninga og sjá heimili sínu farborða.

Þá hefir háttv. þm. vaxið í augum styrkurinn til Kvennréttindafél. Íslands til að senda fulltrúa á alþjóðamót í Budapest. Í sömu gr. er þó farið fram á miklu hærri styrk til að borga kostnað við för íþróttamanna á ólympisku leikana í Stokkhólmi í fyrra, og við það

hefir hann ekkert að athuga, enda hefir þingið áður kunnað stjórninni þakkir fyrir að hlaupa þannig undir bagga upp á væntanlegt samþykki. Eg lít svo á að það sé engu síður ástæða til að veita kvenfólkinu styrk til að sækja alþjóðakvenréttindamót heldur en að styrkja glímukappana til að fara á ólympiska leiki. Það er í fyrsta skifti sem oss er sýndur sá sómi að landstjórninni er boðið að senda íslenzkan fulltrúa á alþjóðamót, og eg get ekki litið öðru vís á en að gerður væri of mikill munur á kvenfólki og karlmönnum ef synjað hefði verið um þennan styrk. Það var ekki beðið um né veittur styrkur handa neinni sérstakri konu, heldur hefir Kvenréttindafélaginu verið veitt þetta fé upp á væntanlegt samþykki þingsins og hefir svo *félagið* kosið konu til fararinnar. Eg mun láta nefndinni í té skjöl með nægilegum skýringum á þessu máli.

Um ferðakostnað þingmanna á fund í Rvík síðastliðinn vetur get eg verið fáorður. Það má heita að sú ráðstöfun hafi verið bein afleiðing af framkvæmd á þingsályktun seinasta þings. En auðvitað hefi eg gert þessa ráðstöfun og útborgað þetta fé á mína eigin ábyrgð, eins og annað, sem eg geri. Ef þingið vill ekki veita þennan ferðakostnað, þá er ekki annað en að láta mig sjálfan borga hann. Upphæðin er eigi svo stór, að þess ætti ekki að vera einhver leið.

Viðvíkjandi uppbót á vörutolli af kolum til Sameinaða gufuskipafélagsins skal eg að eins geta þess, að, eins og tekið er fram í athugasemdunum við frv., eru engar fastar ákvarðanir teknar um það. Það hefir að eins verið gengið inn á að leggja þessa peninga fram til bráðabirgða. En úr því á Alþingi að skera, hvort það vilji heimta úrskurð dómstólanna um það, hvort krafa félagsins sé réttmæt. Áliti þingið það vafasamt að félagið eigi heimting á þessari uppbót, þá getur það farið í mál og fengið dómsúrskurð fyrir því, hvort félaginu beri að endurborga eða ekki upphæð þá sem það hefir tekið við gegn »skaðlausri kvittun«.

Frekara hefi eg ekki að segja. Eg er við því búinn að gefa nefndinni nægar upplýsingar um þetta mál, og álít það réttari leið, heldur en að fara að ræða það hér í deildinni *við 1. umr.*

**Eggert Pálsson:** Eg leyfi mér að stinga upp á að málinu sé vísað til fjárlaganefndar eins og venjulegt er og jafnframt að þessari umr. verði frestað.

ATKV.GR.:

Sþ. í e. hlj. að fresta 1. umr.

Vísað til fjárlaganefndar.

---

FRUMVARP til laga um samþykt á landsreikningunum fyrir árin 1910 og 1011. (Stj.frv.); 1. umr.

**Ráðherrann (H. H.):** Eg hefi áður gert grein fyrir frv. þessu þegar eg skýrði frá fjárhagsástandinu alment og hefi engu þar við að bæta að svo stöddu.

**Lárus H. Bjarnason:** Eg vildi gjarnan leyfa mér að spyrja hv. ráðherra (H. H.), hvernig á því stendur, að reikningurinn er dagsettur miklu síðar heldur en nokkur landsreikningur hefir verið dagsettur áður. Hann er dagsettur 13. Marz 1913. Hann var ekki sendur okkur endurskoðendunum fyr en 28. Marz og svörin upp á athugasemdir okkar ekki send okkur fyr en 2. þ. m. Það kemur sér illa fyrir endurskoðendurna að fá reikninginn ekki fyr en um mánaðamótin Marz—Apríl, þegar þeir á þessum stutta tíma og til þings eiga að gera athugasemdir við reikninginn, stjórnin að svara athugasemdunum og endurskoðunarmenn loks að semja tillögur til úrskurða. Því skemmri sem tíminn er

til endurskoðunarinnar, því lakari hlýtur hún að verða.

Það væri æskilegt að fá að heyra ástæður fyrir þessu, og svo loforð um að slíkt komi ekki fyrir síðar.

**Ráðherrann (H. H.):** Ástæðurnar til þess að reikningurinn var ekki fyr til, eru þær, að þriðja skrifstofa stjórnarráðsins er mjög önnum hlaðin. Því miður eru oft seinar innborganir í landssjóð, svo að jarðabókasjóðsreikningurinn verður ekki til fyr en hálfu ári eftir á, eða meira, á eftir tímanum og dregst því að sjálfsögðu oft lengi, að unt verði að byrja á landsreikningnum. Eg get nú lýst yfir því, að það er búið að svara athugasemdum endurskoðendanna, og býst eg við að hægt verði að útbýta reikningnum prentuðum með athugasemdum og svörum hér í deildinni innan fárra daga.

Það er svo sem ekkert nýtt að landsreikningurinn komi seint. Það hefir komið fyrir oft áður, að ekki hefir verið hægt að útbýta honum fyr en nokkrum dögum eftir þingsetningu. En það er ekki nema gott að þessu sé hreyft, því útgáfu landsreikningsins þyrfti að flýta svo sem unt er. Það hafa nú verið gerðar ráðstafanir til þess í stjórnarráðinu að hraða landsreikningnum fyrir 1912—13, og vona eg að hann verði fyr tilbúinn en reikingurinn 1910—11.

**Lárus H. Bjarnason:** Mér finst það orka tvímælis, hvort ástæðurnar, sem hæstv. ráðherra (H. H.) bar fram, séu nægilegar. Önnur ástæðan var sú, að þriðja skrifstofa stjórnarráðsins væri svo önnum kafin, og hin ástæðan sú, að greiðslur í landssjóð gengju seint.

Viðvíkjandi fyrri ástæðunni get eg ekki séð, að það sé ofætlun fyrir skrifstofuna að hripa upp reikninginn, svo hann komist til endurskoðunarmanna í tæka tíð, enda innanhandar og sjálfsagt að bæta starfskrafta skrifstofunnar, hrökkvi þeir ekki til, annaðhvort með skiftum eða aukningu. Síðari ástæðan er líka fremur léttvæg, því að eftir reglugerðinni á vera búið að borga alt inn í landssjóð í Febrúarlok árið eftir.

Það hefir nú komið fyrir hér í Reykjavík að innborganir jafnvel á mjög stórum upphæðum hafa dregist nokkuð, að eg nú ekki tali um aðra staði á landinu. Landsstjórninni ætti að vera innan handar að kippa þessu í lag. Hún *verður* að kippa því í lag. Það er embættiskylda hennar.

Annars er það gleðilegt, að það virðist vera farið að ganga upp fyrir stjórninni að þetta megi ekki svo til ganga.

**Ráðherrann (H. H.):** Eg get ekki að því gert að mér finst þessar athugasemdir eiga betur við eldhúsdaginn, en nú við 1. umr. Þær hafa alls engin áhrif á það, hvort þingið vill veita þessu frv. sem hér liggur fyrir samþykki sitt til 2. umr. eða ekki. Eg á ekki persónulega sök á því, að reikningurinn 1910—11 er svo seint til. Eg hefi heldur ekki verið við stjórn þau árin. Og mér er ómögulegt að gefa frekari ástæður fyrir því, en eg hefi þegar gert, hvers vegna hann var ekki tilbúinn og fullprentuðu nokkrum dögum fyrr.

**Eggert Pálsson:** Eg leyfi mér að stinga upp á 3 manna nefnd í þetta mál að þessari umræðu lokinni.

ATKV.GR.:

Vísað til 2. umr. í e. hlj.

3 manna nefnd sþ. með 21 samhlj. atkv.

Þessir óskuðu hlutfallskosningar: Eggert Pálsson, Bjarni Jónsson, Jón Jónsson, Skúli Thóroddsen, Jón Ólafsson og Sigurður Sigurðsson.

Forseta bárust 4 listar og voru á A-lista: Guðm. Eggerz, Kristinn Daníelsson; á B-lista: Stefán Stefánsson, Ólafur Briem,

Magnús Kristjánsson; á C-lista: Magnús Kristjánsson, á D-lista Kristinn Danielsson, Benedikt Sveinsson, Þorleifur Jónsson.

Kosningin fór þannig að A-listi hlaut 7 atkv., B-listi 7 atkv., C-listi 6, og D-listi 5. Voru þessir því kosnir í nefndina:

Guðmundur Eggerz,
Stefán Stefánsson,
Magnús Kristjánsson.

---

FRUMVARP til fjáraukalaga fyrir árin 1910 og 1911. (Stj.frv.); 1. umr.

**Raðherrann (H. H.):** Þetta frv. stendur í nánu sambandi við reikningslagafrv., og álit eg sjálfsagt að því verði, eins og tízka er til, vísað til sömu nefndar, sem hefir það til meðferðar.

Eg hefi ekkert sérstakt að athuga við þetta frv., en læt mér nægja að vísa til þess, sem fram er tekið í landsreikningnum og athugasemdum yfirskoðunarmanna.

ATKV.GR.:

Vísað til 2. umr. sþ. í e. hlj.

Frv. vísað til reikningslaganefndar.

---

## 4. fundur.

Laugardag 5. Júlí 1913, kl. 12 á hád.

Dagskrá:

1. Frv. til laga um tekjuskatt (stj.frv.); 1. umr.
2. Frv. til laga um skattanefndir (stj.frv.); 1. umr.
3. Frv. til laga um fasteignaskatt (stj.frv.); 1. umr.
4. Frv. til laga um jarðamat (stj.frv.); 1. umr.
5. Frv. til laga um breyting á tollllögum fyrir Ísland nr. 54, 11. Júlí 1911, 1. gr. 15 (stj.frv.); 1. umr.
6. Frv. til laga um breyting á lögum um vörutoll 22. Okt. 1912 (stj.frv.); 1. umr.
7. Frv. til laga um breyting á 1. gr. laga um vitagjal frá 11. Júlí 1911 (stj.frv.); 1. umr.

Allir á fundi, nema Bjarni Jónsson, er hafði leyfi forseta. Fundarbók síðasta fundar lesin upp, samþykt og staðfest. Forseti tilkynti, að fjárlaganefnd hefði kosið sér formann L. H. Bjarnason og skrifara Pétur Jónsson, og reikningslaganefnd hefði kosið sér formann Stefán Stefánsson Eyf. og skrifara Guðm. Eggerz.

Forseti skýrði frá því, að útbýtt hefði verið í deildinni:

1. Frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5 Janúar 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. Okt. 1903. — Flutningsm. Bjarni Jónss., Skúli Thoroddsen og Bened. Sveinsson (36).
2. Frv. til laga um breyting á lögum 16. Nóv. 1907 um skipun læknahéraða. — Flm.: Björn Kristjánsson og Kristinn Daníelsson (39).
3. Tillaga til þingsályktunar um skipun nefndar til að íhuga hag landsbankans. — Flm.: Björn Kristjánsson, Kristinn Daníelsson, Valtýr Guðmnndsson, Matthías Ólafsson, Stefán Stefánsson (40).
4. Tillaga til þingsályktunar um skipun nefndar til að íhuga samgöngumál. — Flm.: Kristinn Daníelsson, Björn Kristjánsson, Valtýr Guðmundsson, Matth. Ólafsson, Stefán Stefánsson (41).

5. Breytingartillögur við frv. til laga um íslenzkan sérfána. — Flutnm. Bjarni Jónsson, Skúli Thoroddsen, Benedikt Sveinsson (42).
6. Manntal á Íslandi 1. Des. 1910.

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið frá efri deild:

1. Frv. til laga um stofnun landhelgissjóðs Íslands. — Flutnm. Sigurður Stefánsson (43).

Forseti skýrði frá, að lagt hefði verið fram á lestrarsal:

1. Þingmálafundargerð úr Mýrasýslu.
2. 4 þingmálafundargerðir úr Austur-Skaftafellssýslu.
3. Erindi frá Árna Hallgrímssyni um 700 kr. styrk til þess að kynnast lýðháskólum (með 3 fylgiskj.).

Þá var gengið til dagskrár og tekið fyrir

FUMVARP til laga um tekjuskatt.

**Ráðherrann (H. H):** Eins og menn muna, var á Alþingi 1907 samþykt lög um að skipuð skyldi milliþinganefnd til þess m. a. að athuga og koma koma með tillögur um breytingu á löggjöfinni um ina föstu skatta landsins. Samkvæmt þessum lögum var því næst skipuð 5 manna nefnd með þetta aðalverkefni fyrir hendi. Þessi nefnd vann að starfi sínu bæði árin 1908 og 1909 og afhenti stjórnarráðinu aðaltillögur sínar í Októbermánuði 1908. En með því að 1909 var fyrsta vetrarþing háð, er byrjaði þegar í Febrúarmánuði, vanst stjórnarráðinu ekki tími til að undirbúa frumv. og leggja þau fyrir Alþingi. Samt voru fram lagðar á þinginu tillögur milliþinganefndarinnar til athugunar og var svo ráð fyrir gert, að málin gætu orðið til lykta leidd á þinginu 1911.

Samt sem áður hafa aðaltill. nefndarinnar ekki verið teknar til meðferðar enn þá, jafnvel þótt ýmsar af smærri tillögunum séu orðnar að lögum nú. Það var viðurkent þegar á þinginu 1907, og jafnvel fyr, að skattalög landsins væri, jafnvel þótt þau hefðu ef til vill verið góð á sínum tíma, orðin úrelt og svöruðu ekki til inna breyttu kringumstæðna. Þau þyrftu því að breytast, þótt ekki væri nema til þess að fá réttlátari skiftingu á álögunum á landsmenn en verið hefir. Það leikur enginn vafi á því, að nefndin hefir lagt mikið verk í þetta mál og tillögur hennar eru vel hugsaðar og góð rök færð fyrir þeim. Samt sem áður hefir stjórnin ekki álitið rétt að leggja fram í frumvv. tillögur nefndarinnar alveg óbreyttar. Stjórnin hefir fallist á tillögur nefndarinnar um að afnema ábúðarskattinn, lausafjárskattinn, tekjuskattinn og húsaskattinn, en hefir hins vegar ekki getað fallist að öllu leyti á tillögur hennar um, hverjir skattar skyldu koma í stað þeirra. Nefndin stakk upp á þremur skattaálögum í staðinn, almennum tekjuskatti, almennum fasteignaskatti og eignaskatti af allri skuldlausri eign. Stjórnarráðið leit svo á — og eg hygg að margir muni því samdóma — að jafnvel þótt þessi þrefaldi eða þrískifti skattur ef til til vill kynni að vera réttlátur í hugsuninni, þá væri hann þó nokkuð umsvifamikill í framkvæmd og gæti í sumum tilfellum orðið ósanngjarn — að leggja þrisvar skatt á sama hlutinn og innheimta hann í þrennu lagi. Stjórnin hefir því í þessu frv. slept einum af þessum sköttum, eignaskattinum. Sá skatturinn var frá kosinn af þeirri ástæðu, að stjórnarráðið leit svo á, að ekki mundi auðvelt að komast með vissu fyrir aðrar eignir en fasteignir. Reynslan um tekjuskattinn af eign hefir líka sýnt það, að þetta mun rétt álitið. Þar hefir sjaldan komið annað fram en skatturinn af jarðar-afgjöldum, enda mjög

örðugt að færa sannanir um annað. Þess vegna áleit stjórnin hentugast að sleppa eignaskattinum að svo stöddu.

Með tekju- og fasteignaskattinum áleit hún líka að hægt væri að ná tilganginum, svo að trygging væri fyrir talsvert meiri jöfnuði við álögurnar en nú er, og þó dálitill tekjuauki í aðra hönd.

Eg tel óþarft að skýra nánara frá þeirri breytingu, sem stjórnin að öðru leyti hefir gert, með því að ýtarleg grein er fyrir þessu gerð í athugasemdum, þeim sem frumvarpinu fylgja, og skírskota eg til þeirra. Það er ekki unt að lýsa að fullu tekjuskattsfrumvarpinu án þess að tala um leið um fasteignarskattsfrumvarpið, því að þessir lagabálkar eiga saman, og eiga að nokkru leyti að bæta hvor úr annars ágöllum. Þannig á inn mjög svo aukni frádráttur í skattskyldum tekjum, sem leyfður er í tekjuskattsfrumvarpinu, að bæta úr því, að fasteignaskatturinn legst á eignina án tillits til veðskulda. Þannig má eftir frumv. draga frá upphæðinni, sem skatturinn er reiknaður af, vexti af öllum veðskuldum.

Eg býst við að nefnd verði kosin til þess að athuga þetta mál og in önnur frumvörp, sem standa í sambandi við það. Óska eg þess, að væntanleg skattamálanefnd gefi mér kost á tækifæri til viðtals þar sem eg geti gert henni nánari grein fyrir málinu og þeim aðalatriðum, sem fyrir stjórninni hafa vakað.

**Eggert Pálsson:** Eg vil leyfa mér að stinga upp á, að kosin verði að þessari umræðu lokinni 7 manna nefnd til þess að athuga málið.

ATKV.GR.:

Vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Samþykt að kjósa 7 manna nefnd til þess að athuga málið.

7 manna nefnd samþ. í einu hlj. og æsktu þessir menn hlutfallskosningar um hana: Eggert Pálsson, Jón Jónsson, Jón Ólafsson, Benedikt Sveinsson, Skúli Thoroddsen og Sigurður Sigurðsson.

Forseta bárust fjórir listar og merkti hann lista Heimastjórnarflokksins A, lista Sambandsflokksins B, lista Alþýðuflokks C og lista Sjálfstæðisflokks D., með þeirri áætlun, að svo yrði gert framvegis.

Var þá gengið til kosningar og hlaut A listi 7 atkv., B listi 6 atkv., C listi 7 atkv. og D listi 4 atkv.

Samkvæmt því hlutu þessir kosningu í nefndina:

Jón Ólafsson,
Ólafur Briem,
Matthías Ólafsson,
Kristinn Daníelsson,
Halldór Steinsson,
Tryggvi Bjarnason,
Jón Magnússon.

Frumv. var síðan vísað til 2. umr. í einu hljóði.

---

FRUMVARP til laga um skattanefndir; 1. umr.

**Ráðherrann (H. H.):** Þetta frumv. stendur í nánu sambandi við tekjuskattsfrumvarpið, er þegar hefir verið kosin nefnd í.

Það er samið eins og hitt af skattamálanefndinni, og hefir stjórnarráðið gert að eins fáar breytingar við það.

Aðalbreyting stjórnarinnar á nefndarfrumv. er sú, að starftími skattanefndanna hefir verið færður til, svo að skatturinn innheimtist nær þeim tíma, sem hann er miðaður við, heldur en nú gerist.

Eins og nú er ástatt, er ekki hægt að innheimta skattinn fyr en alt að tveim árum eftir að gjaldandi hefir haft þær tekjur, sem við er miðuð skattgjaldsupphæðin. Getur það oft komið sér mjög illa fyrir gjaldendur, er ef til vill hafa miklu lægri tekjur en áður,

þegar til skattgreiðslunnar kemur, og einnig valdið örðugleikum við innheimtuna. Þess vegna hafa þessar breytingar verið gerðar, og af þeim stafa ýmsar breytingar í öðrum frumv.

Enn fremur er hér sú breyting, að endurskoðunarmenn skulu hafa rétt til að heimta allar skýrslur og fá upplýsingar skattanefndar um alt, er snertir skattaálagninguna.

Er þetta sett hér í því skyni, að alstaðar verði sömu reglum fylgt við skattaálagninguna. En eins og nú er ástatt, er því alls eigi að heilsa.

Að öðru leyti læt eg mér nægja að skírskota til athugasemdanna við nefndarfrumv. og frumv. sjálft.

**Eggert Pálsson:** Eg vil leyfa mér að stinga upp á, að málinu sé vísað, þá er umræðum er lokið, til nefndar, þeirrar er kosin var til þess að íhuga frumv. til laga um tekjuskatt.

ATKV.GR.:

Vísað til 2. umr. í einu hlj.

Vísað til tekjuskattanefndarinnar í einu hljóði.

---

FRUMVARP til laga um fasteignaskatt; 1. umr.

**Ráðherrann (H. H.):** Við þetta frumv. hefir stjórnin að eins gert tvær aðalbreytingar.

Skattanefndin ætlaðist til, að jarðeigandi, er hefir leigt jörð sína, gæti skelt öllum skattinum yfir á leigjandann. En þetta mundi vera í mesta máta ósanngjarnt eftir að almennur tekjuskattur væri lagður á landbúnað, þannig að ábúandi svaraði skatti af tekjum sínum af búinu, eins og til er ætlast í tekjuskattslögunum. Það er sá skattur, sem kemur í staðinn fyrir núverandi ábúðar- og lausafjárskatt, sem í eðli sínu er tekjuskattur af landbúnaði, en ekki fasteignaskattur, sem er í eðli sínu *eignar*skattur, en ekki tekjuskattur. Hefir því í frumv. verið stungið upp á, að landeigandi mætti ekki velta nema $^1/_3$ hluta skattsins yfir á leiguliða án nýrra samninga.

Það virðist rétt, að jarðeigandi borgi meiri hlutann, því að öllu öðru jöfnu þola eignartekjur meiri skatt en aðrar.

Önnur breyting stjórnarinnar er lágmark lóðarafgjalda sem hefir verið hækkað úr 100 kr. upp í 300 kr. og mun það hafa litla fjárhagslega þýðingu, en léttir hins vegar gjöldin af inum fátækari og tiltölulega miklum umsvifum af innheimtumönnum.

Annars er með þessu frumv. í fyrsta sinn lagður skattur á kaupstaðarlóðirnar, sem eigi hafa verið skattskyldar áður, og hefir þar allmikið verðmæti, sem eigendur oft hafa litt lagt í sölurnar fyrir, sloppið undan öllu skattgjaldi.

Eg býst við að þessu frumv. verði vísað til sömu nefndar sem hinum.

**Eggert Pálsson:** Eg leyfi mér að stinga upp á, að málinu sé vísað til sömu nefndar, sem hefir tekjuskattsfrv. til meðferðar, þá er umræðu þessari er lokið.

ATKV.GR.:

Vísað til 2. umr. í einu hlj.

Vísað til tekjuskattsnefndarinnar í einu hljóði.

---

FRUMVARP til laga um jarðmat.

**Ráðherrann (H. H.):** Þetta frv. gefur að eins reglur fyrir því, hvern grundvöll eigi að hafa fyrir álagning fasteignaskattsins.

Það er samið af millaþinganefndinni eins og hin frv. og hefir stjórnin ekki gert á því verulegar breytingar.

Helzta breytingin er, að hús, sem óvið-

komandi menn hafa bygt í landi jarðeiganda, teljist ekki til þess sem hann eigi að gjalda af.

Það virðist ekki vera sanngjarnt, að jarðeigandi gjaldi skatt af annara eignum, einkum þar sem hann hefir eigi leyfi til að krefja leiguliða um nema nokkurn hluta skattsins.

Það mun ekki verða mikið fé, sem landssjóði hlotnast í tekjuauka af fasteignaskattinum og tekjuskattinum nýja, þegar núverandi skattar dragast frá.

Mér telst svo til, að ágóðinn muni verða um 113—120 þúsund kr. á fjárhagstímabilinu.

En það sem mestu skiftir í þessu máli, er að meiri jöfnuður komist á, en áður hefir verið, að landslögin batna og verða meira samsvarandi nútímanum.

**Eggert Pálsson:** Mér virðist þetta frumv. vera skylt hinum frvv., er legið hafa fyrir deildinni í dag og legg það því til, að því verði vísað til sömu nefndar sem í þau hefir verið skipuð, þegar þessari 1. umr. er lokið.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr.

Vísað til tekjuskattsnefndarinnar.

---

FRUMVARP til laga um breyting á tollögum fyrir Ísland, nr. 54, 11. Júlí 1911, 1. gr. 18; 1. umr.

**Ráðherrann (H. H.):** Um þetta frumv. þarf ekkert að segja. Það er komið fram með það til þess, að skýra eitt ákvæði í tollögunum, sem hefir verið framkvæmt misjafnt af inum ýmsu tollheimtumönnum, og fyrirbyggja misskilning. Leyfi eg mér að skírskota til athugasemdanna, sem prentaðar eru við frv. Vonast eg til, að þetta mál þurfi ekki að valda ágreiningi. Þó væri æskilegt, að kosin væri nefnd í málið, einkum vegna næsta máls á dagskrá. Ætti vel við að þau væru bæði í sömu nefnd.

ATKV.GR.:

Vísað til 2. umr.

5 manna nefnd kosin.

Kosnir voru með hlutfallskosningu:

Jón Jónsson,
Þorleifur Jónsson,
Magnús Kristjánsson,
Bjarni Jónsson,
Einar Jónsson.

---

FRUMVARP til laga um breyting á lögum um vörutoll 22. Okt. 1912; 1. umr.

**Ráðherrann (H. H.):** Eg skal vera mjög stuttorður. Jafnvel þótt eg áliti að sem minst beri að hreyfa við þessum lögum þangað til þau hafa sýnt sig betur í framkvæmdinni, er hér farið fram á dálitla tilfærslu milli flokka. Á þinginu síðast var undinn svo bráður bugur að þessum lögum, að ekki var unt að hugsa nákvæml. öll smá atriði, svo að síðan hefir komið í ljós, að einstaka vörutegundir hafa orðið of hart úti. Og það svo, að á sumar tegundir, þær ódýrustu, verka lögin eins og aðflutningsbann. Gjaldið á sumum vörum, sem ekki verður án verið, verða að nýjum aukaskatti á sérstaka atvinnuvegi, sem nógu þungar byrðar bera áður. Eg nefni t. d. segldúk og striga og mottur til fiskiumbúða. Það er farið fram á að þessar vörutegundir og nokkrar aðrar verði taldar í 2. lið 1. gr. vörutollslaganna, þar sem gjaldið er lægra. Hefilspænir og sag urðu áður að teljast til þeirra vörutegunda, sem alment gjald var af, kr. 1,50 á 50 kg., en eins og allir sjá, er það óhæfilega hátt gjald á jafn verðlitla vöru.

Það má vel vera, að ástæða sé til að eitthvað fleira verði fært á milli flokka. En eins og eg tók fram, hygg eg að

réttast sé að breyta sem minstu í lögunum þangað til það kemur betur í ljós, hvernig þau reynast og hve mikið tollurinn gefur af sér.

**Björn Kristjánsson:** Eg vildi leiða athygli að einstaka fleiri vörutegundum, sem nauðsyn er á, að færðar séu til, t. d. *sóda og kitti*, sem ættu að vera í ódýrasta flokki. Þessar vörur standa sérstakar á farmskrá, svo engin hætta er á að svikum verði komið að. Netjakúlur sást mér alveg yfir þegar frv. 1911 var samið, og það var fyrir þá sök, að þá var alveg hætt að flytja þær til landsins. Nú er notkun þeirra orðin mikil aftur. Netjakúlur eru svo ódýrar, að sjálfsagt er að telja þær í ódýrasta flokki.

Þá er ein vörutegund, sem ilt er að nokkur skattur sé lagður á. Það er síld til beitu. Til Vestmannaeyja hefir verið sendur skipsfarmur með beitusíld. Þetta er bæði svo nauðsynleg vara og svo þung í sér, að vörutollurinn kemur hart niður á henni, ætti því að vera undanþegin öllu gjaldi.

Viðvíkjandi frv. sjálfu skal eg taka það fram, að eg tel það afar-varhugavert að breyta lögunum þannig. Aðalkosturinn við vörutollslögin er það, að svo örðugt er að fara í kringum þau. En ef þessar breytingar komast á, er brotið í bág við aðalgrundvöll þess. Hvaða tollgæzlumaðar á landinu getur t. d. sagt, hvort segldúkur er í vefnaðarvörupakka eða t. d. »enskt leður«. Auk þess er það ekkert óskapa gjald, sem kemur niður á segldúknum, ein 2—2½%. Eg hefi rannsakað það nákvæmlega. Jafn erfitt er að sjá um, að svik verði ekki höfð í frammi, ef skilja á *netja*tvinna frá *öðrum* tvinna. Það er aldrei sundurgreint á framskrá. Aftur á móti er *segl*garn ávalt talið serstakt á farmskrá, svo það má gjarna færa til. Sama er um lausar umbúðir. En um *strigann* er sama að segja og um segldúkinn.

Viðvíkjandi mottunum er það að segja, að á farmskrá er venja að nefna allskonar mottur einu nafni. Hér er auðvitað átt við mottur til fiskiumbúða, en þá þarf að taka það fram. Það er engin ástæða til að færa niður gjald á mottum, sem hafðar eru fyrir framan húsdyr, eða öðru því er þetta heiti hefir. Annars má geta þess, að nú er hér um bil alveg hætt að nota mottur til fiskiumbúða.

Að endingu vil eg taka það fram, að ef lögunum er ætlað að gilda lengur en til 1. Jan. 1915, verður að geta þess í frv. Því að þó að þessar breytingar verði gerðar, falla þau engu síður úr gildi fyrir það, ef engar ráðstafanir eru gerðar til annars. Mig minnir að lögin gildi ekki lengur.

**Lárus H. Bjarnason:** Mér var það mikið gleðiefni að sjá þetta frv. og jafmikið gleðiefni að heyra ræðu hæstv. ráðherra (H H.) og háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.). Nú kannast bæði háttv. þm. og hæstv. ráðherra við það, að lögin komi óréttlátlega niður á ýmsar vörutegundir. Nú vilja þeir lækka gjaldið á ýmsum nauðsynjavörum, vilja nú einmitt það sem eg hélt fram á síðasta þingi, á móti þessum tveimur voldugu herrum. Mér er því mikil gleði að því að styðja frumvarpið.

Annars vildi eg skjóta því til háttv. nefndar, hvort ekki væri rétt að fara enn lengra Þetta eru bráðabirgðalög hvort sem er. Væri ekki réttast að flytja þau strax úr tölu lifandi laga í tölu látinna. Eða að minsta kosti að búa svo undir, að við *gætum* losnað við þau um árslokin 1915!

**Magnús Kristjánsson:** Jafnvel þó að eg telji rétt að geyma að tala um þetta mál til 2. umr., vildi eg leyfa mér

að gera örstutta athugasemd við ummæli háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) um segldúkinn. Hann bjóst við, að það mundi leiða til svika, ef hann væri aðskilinn frá annari vefnaðarvöru. Þetta tel eg ekki hættulegt, því gjaldheimtumönnum ætti að vera innanhandar, að hafa eftirlit með þessu, enda mundi það tæplega koma fyrir, að menn reyndu að fara í kringum lögin á þann hátt, það mundi flestum þykja of mikil áhætta, móts við þá hagsmunavon, sem hér gæti verið um að gera. Það er auðséð, að lög þessi eru í flýti samin, og mætti taka margt fram, sem lagfæra þyrfti. Bæði akkeri og akkerisfestar og fjöldamargt annað, sem að sjávarútvegi lýtur, verður fyrir alt of þungu gjaldi og sömuleiðis margskonar efni til húsabygginga, sem bæði samræmis vegna, og eins af því, að á því hvílir of þungt gjald, ætti að færast í 2. flokk. En að þessu sinni ætla eg ekki að dvelja við einstök atriði; eg býst við, að síðar gefist tækifæri til þess.

**Björn Kristjánsson:** Út af ræðu háttv. þm. Ak. (M. Kr.), ætla eg að segja nokkur orð. Það er ekki hægt að segja, að gjaldið af segldúknum sé óbærilega hátt 2—2½%. Það þætti ekki hátt gjald erlendis. Annars er mér það ekkert kappsmál út af fyrir sig. En hitt er mér aftur á móti kappsmál, að lögin verði ekki skemd. Og þess vegna er eg á móti því, að segldúkurinn sé færður til. Hins vegar er ekkert á móti því að *tilbúin segl* hafi sérstakt gjald. Því að bæði hafa þau sérstakt nafn á farmskrá, og eru gerð, ef til vill að meira leyti eftir þunga, úr öðrum efnum en vefnaði, svo sem köðlum, járnhringjum o. s. frv.

Háttv. þm. gat þess, að lögin mundu hafa verið samin í flýti. Það var ekki rétt að orði komist. Þau voru ekki *samin* í flýti. En það er venja, þegar einn hugsar lögin og aðrir taka til að breyta, sem minna þekkja til, að á þeim breytingum vill verða flýtisverk. Frv. var bezt úr garði gert *1909*, verra *1911*; því að þá var eg að reyna að breyta til samkomulags, en verst var það 1912, sem einnig stafaði af sömu ástæðum. Og var það því að kenna, að alþingi bygði ekki á flokkaskiftingunni fyrstu.

Viðvíkjandi því, hvað lögin eiga lengi að gilda, finst mér óþarfi að takmarka það við árslokin 1915. Ef þau reynast illa, má altaf nema þau úr gildi. En hver sú stjórn, sem fellir þessi lög úr gildi, er ekki hyggin stjórn.

**Lárus H. Bjarnason:** Eg vil geta þess viðvíkjandi orðum háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.), að um þessi lög verður aldrei svo búið, að ekki megi fara í kringum þau. Það fer aldrei svo, meðan flokkarnir eru jafn margir, og misjafnt gjaldið á hverjum, að ekki megi lauma vöru, sem hærra gjald er á, í vörur, sem lægra gjald hvílir á.

Eg fyrir mitt leyti vildi, að stjórnin væri svo hyggin, að hún vildi nema þessi lög úr gildi sem allra fyrst. En ef það er ekki hægt, þá vildi eg að reynt væri að skifta réttlátlegar niður í flokkana en gert var 1912, og enn réttlátlegar en hér er farið fram á.

Eg skildi ekki háttv. þm. Ak. (M. Kr.) svo, að hann væri að lasta vörutollslögin, enda var það allrar virðingarvert af þingmanni, að semja þau. Eg tók það svo, að hann væri ekki alls kostar ánægður með stjórnarfrv. — Það er ekki svo að skilja, að eg sé ánægður með lögin, jafn vel þó að þau séu að útbúnaðinum til virðingarverð sem þingmannsfrumvarp; eg er jafn óvinveittur vörutollslögunum og eg hefi áður verið; kýs helzt, eins og eg hefi áður tekið fram, að þeim verði lógað sem allra fyrst, en þar næst, að þau verði gerð sem þolanlegust.

**Eggert Pálsson:** Eg þóttist ganga að því vísu á síðasta þingi, að menn yrðu ekki til lengdar ánægðir með þessi vörutollslög. Enda hefir það nú sýnt sig með frv. því, sem hér er um að ræða og stjórnin sjálf hefir lagt fyrir þingið. Og þó að þeim verði vonandi ekki lengra lífs auðið en til ársloka 1915, má búast við því, að svo margar óskir um breytingar á þeim komi fram á þessu þingi, að sérstaka nefnd þyrfti til þess að athuga þau. Eg ætla þó ekki að stinga upp á því að sérstök nefnd verði kosin til að athuga frumv. þetta, heldur vil eg gera það að tillögu minni, að þegar þessari 1. umr. er lokið, verði því vísað til tollaganefndarinnar.

**Magnús Kristjánsson:** Eg ætla að eins að gera örstutta athugasemd við ummæli háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.). Hann hélt eg hefði verið að ámæla stjórninni fyrir frv. Eg veit ekki, hvernig honum hefir getað skilist svo. Eg sagði *lögin* og átti við þau, annars hefði eg sagt *frumvarpið*.

En úr því að mér var gefið tilefni til að standa upp, get eg nefnt fleira en eg gerði áðan, sem þyrfti að færast til í flokkunum, t. d. sjómannafatnað alls konar og sjóstígvél. Vörutollurinn kemur alt of þungt niður á þessari vöru og er nauðsynlegt að það verði lagfært.

ATKVGR.:

Vísað til 2. umr. í einu hlj.

Vísað til tollaganefndarinnar í einu hljóði.

---

**FRUMVARP** til laga um breyting á 1. gr. laga um vitagjald frá 11. Júlí 1911; 1. umr.

**Ráðherrann (H. H.):** Þetta frv. er komið fram út af málaleitunum frá ensku stórfélagi í London, sem hefir tekið að sér að gæta hagsmuna sjómanna í fjarlægum höfum. Sneri það sér fyrst til Board of Trade, *sérstaklega* með kvörtunum yfir því, að hér væri ekki gerð nein undanþága frá vitagjaldi fyrir skip, sem leita hafnar í neyð. Brezka stjórnin sneri sér síðan til utanríkisráðherra Danaveldis og hann aftur til ráðherra Íslands. Þáverandi ráðherra lét í ljósi, að stjórnarráðið mundi geta lagt það til við næsta reglulega Alþingi, að undanþágan yrði veitt.

En auk þess sem hér er farið fram á, að skip, sem leita hafnar í neyð, séu undanþegin vitagjaldi, er ætlast til, að svonefnd skemtiferðaskip séu það einnig.

Ástæðan fyrir því er sú, að stjórnarráðinu hefir verið tjáð, að ferðamannaskip, þau sem hér hafa komið á sumrin að undanförnu, muni ekki sjá sér fært að halda þeim ferðum áfram, ef þetta gjald verður heimtað af þeim. Skipin eru afarstór að tonnatali og gjaldið því hátt, alt að 2000 kr. eða þar yfir. Jafnvel þó að eg líti svo á, að þessi skip geti eigi talist til inna eiginlegu lystiskipa — þau eru í rauninni farmskip, þar sem farmurinn er lifandi fólk — hefir stjórnin þó viljað verða við óskum kaupmanna og annara atvinnurekenda, sem hagsmuni hafa af viðkomum þessara skipa, og taka undanþágu fyrir þau upp í frumvarpið, enda er það auðsætt, að lítil hagnaðarvon er af þessu gjaldi, ef ferðirnar leggjast niður fyrir það, en hins vegar talsverður hagnaður fyrir landsmenn. Og svo er það óbeinlínis gróði fyrir landið, að sem flestir sjái það og kynnist því.

Aðalatriðið er þó, að undanþágan verði veitt þeim skipum, er leita hafnar í neyð. En til þess að það ákvæði yrði ekki misnotað, virtist nauðsynlegt að skýra það í lögunum sjálfum, hvað við væri

átt með orðunum: leita hafnar í neyð, og því binda undanþáguna við það, að skipin leituðu hafnar til þess að flýja sjávarháska, eða til þess að fá bættar sjóskemdir, en mættu hins vegar ekki skila neinum vörum á land eða í önnur skip, né taka vörur frá landi eða úr öðrum skipum.

**Eggert Pálsson:** Þó að ekki verði sagt, að beint samband sé á milli þessa frv. og næsta frv. á undan um breytingar við vörutollslögin, má þó segja, að þau séu í óbeinu sambandi hvort við annað, þar sem bæði hljóða um undanþágu frá lögskipuðu gjaldi.

Vil eg því leyfa mér að leggja það til, að máli þessu verði vísað til tollaganefndarinnar að þessari 1. umræðu lokinni.

**Valtýr Guðmundsson:** Eg hefi lesið hér í athugasemdum við frv.ið um bréfaskifti, sem farið hafa í þessu máli milli stjórnarinnar hér og brezku stjórnarinnar um niðurfærslu á vitagjaldi fyrir brezk fiskiskip, og vildi eg leyfa mér að spyrja hæstv. ráðherra (H. H.), hvort þingmenn geti fengið að sjá bréf þessi, eða fengið skýringar um, hverjar þær tilslakanir eru, sem farið hefir verið fram á við Breta, en þeir ekki viljað ganga inn á.

Það gæti verið þægilegt til að átta sig á málinu, að fá upplýsingar um þetta.

**Ráðherrann (H. H.):** Það er sjálfsagt, að hv. þingm. getur fengið hverjar þær upplýsingar í þessu máli, er hann óskar.

En annars kemur þetta ekki frumv. við, því að það sem brezka stjórnin fór fram á, var samningur um lækkun á vitagjaldinu alment, samkvæmt inni sérstöku heimild, sem ráðherra Íslands er veitt til slíks í vitagjaldslögunum, þannig að brezk skip borguðu miklu minna en áður. En því var svarað svo, að það gæti þá fyrst komið til mála, ef Bretar vildu verða við margítrekuðum óskum Íslendinga um aðrar tilslakanir, viðvíkjandi innflutningi fénaðar héðan. En það hefir ekki fengist til þessa.

ATKV.GR.:

Vísað til 2. umr. í einu hlj.

Vísað til tollaganefndar í e. hlj.

Fundi slitið.

---

## 5. fundur.

Mánudag 7. Júlí 1913, kl. 12 á hádegi.

Dagskrá:

1. Frv. til laga um breyting á lögum 15. Okt. 1875, um laun íslenzkra embættismanna (stj.frv.); 1. umr.
2. Frv. til laga um laun hreppstjóra (stj.frv.); 1. umr.
3. Frv. til laga um verðlag (stj.frv.); 1. umr.
4. Frv. til laga um breyting á þeim tíma, er manntalsþing skulu háð (stj.frv.); 1. umr.
5. Tillaga til þingsál. um skipun nefndar til að íhuga hag Landsbankans (40); hvernig ræða skuli.
6. Tillaga til þingsál. um skipun nefndar til að íhuga samgöngumál (41); hvernig ræða skuli.

---

Allir á fundi, nema Kristinn Daníelsson 2. þm. G.-K., er hafði leyfi forseta.

Forseti tilkynti, að tollaganefnd hefði kjörið sér formann Jón Jónsson 2. þm. Rvk. og skrifara Bjarna Jónsson þm. Dal., og tekjuskattanefnd hefði kjörið sér formann Jón Magnússon þm. Vestm. og skrifara Ólaf Briem 1. þm. Skgf.

Forseti skýrði frá að lagt hefði verið fram á lestrarsal:

1. Erindi frá Magnúsi Guðmundssyni og fleiri Skagfirðingum um 6000 kr. styrk til bryggjubyggingu á Sauðkróki.
2. Þrjár þingmálafundargerðir úr Vestur-Ísafjarðarsýslu.
3. Fimm þingmálafundargerðir úr Skagafjarðarsýslu.
4. Fimm þingmálafundargerðir úr Barðastrandarsýslu.
5. Umsókn frá Guðjóni Samúelssyni um 1000 kr. styrk á ári hvort árið, til þess að halda áfram námi í húsgerðarlist við listaskólann í Kaupmannahöfn (með 4 fylgiskj.).
6. Erindi frá sýslunefnd Gullbringusýslu með umsókn um 15000 kr. úr landssjóði til vegalagningar milli Keflavíkur og Grindavíkur (með 1 fylgiskj.).
7. Erindi frá sýslunefnd Gullbringusýslu, þar sem hún beiðist þess, að vegurinn milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar verði tekinn í tölu flutningsbrauta og viðhald hans kostað að öllu leyti af landssjóði (1 fylgiskjal).
8. Erindi frá sýslunefnd Gullbringusýslu og bæjarstjórn Hafnarfjarðar með umsókn um að veittar verði úr landssjóði 9000 kr. til vegarlagningar af Hafnarfjarðarvegi um Vífilsstaði og á þjóðveginn austur í sýslur (með 2 fylgiskj.).
9. Fimm þingmálafundargerðir úr Norður-Þingeyjarsýslu.
10. Erindi frá Sumarliða Jónssyni um að fá keypta ábýlisjörð sína Foss í Barðastrandarsýslu (með 1 fylgiskj.).
11. 3 þingmálafundargerðir úr Strandasýslu.
12. Erindi frá fundi á Óspakseyri um fjárveitingu til þjóðvegarins frá Bitrufjarðarbotni til Gilsfjarðarbotns.
13. Þingmálafundargerð úr Rangárvallasýslu.
14. Skýrsla um lýðháskólann á Hvítárbakka.

Þá var gengið til dagskrár og tekið fyrir:

FRUMVARP til laga um breyting á lögum 15. Okt. 1875, um laun íslenzkra embættismanna, (stj.frv.); 1. umr.

**Ráðherrann (H. H.):** Eg vil fyrst leiða athygli háttv. þingdeildarmanna að því, að þótt þetta frv. heiti »frv. til laga um laun íslenzkra embættismanna«, þá grípur það ekki yfir alla embættismenn þessa lands, heldur að eins þá, sem hafa umdæmi um alt landið. Frv. víkur ekki frá þeim grundvelli, sem launalögin eru bygð á, og nær að eins til nokkurra embættismanna, sem búsettir eru hér í Reykjavík.

Tilefnið til þess að frv. er fram komið, er það, að í fyrra haust kom sendinefnd til stjórnarráðsins frá kennurum mentaskólans til að bera fram kvartanir um, að ekki væri lengur unandi við þau launakjör, sem þeir ættu við að búa. Kringumstæðurnar væru orðnar svo breyttar nú frá því sem var þegar launin voru ákveðin, að óhjákvæmilegt væri að hækka þau.

Skömmu seinna kom frá þeim ítarlegt erindi, dags. 12. Des. 1912, þar sem þeir beiðast launahækkunar og eru ástæðurnar fyrir því greinilega skýrðar í bréfinu.

3. Febr. í ár kom svo sams konar erindi frá dómurunum í landsyfirréttinum, og skora þeir á stjórnina að koma því á framfæri við Alþingi, að breytt yrði svo launakjörum þeirra, að þau geti orðið í samræmi við tilætlun gildandi launalaga og kröfur tímans.

Bæði þessi ítarlegu erindi munu verða lögð fyrir væntanlega nefnd.

Þessi launahækkun, sem hér er farið fram á, er bygð á sama grundvelli eins og lög 1909 um laun háskólakennaranna. Með því frv. eru prentaðar mjög ljósar ástæður í skjalaparti þingtíðindanna 1909, bls. 186—192, samdar af forstöðumönnum prestaskólans, læknaskólans og lagaskólans. Eg leyfi mér að skírskota til þeirra athugasemda. Þar er mjög ljóslega og ómótmælanlega sýnt fram á, að laun embættismanna yfir höfuð séu orðin allsendis óviðunanleg, sérstaklega þó laun kaupstaðarembættismannanna. Þar er talið svo til, að peningar hafi fallið í verði um 10—15 % frá 1875 til 1889 og um 35—40 % frá 1889 til 1908. Það sé nú helmingi dýrara að komast af hér í Reykjavík heldur en 1875 og þriðjungi dýrara heldur en 1889. Þar er sýnt, að laun, sem að þá voru ákveðin 4000 kr., samsvara nú 5600—5800 kr. að notagildi. Eftir því sem nú er ástatt með hækkun á öllum lífsnauðsynjum, sérstaklega á húsaleigu, matvælum, fötum o. fl., er sýnt, að maður, sem samkvæmt lögum 1889 hefði nú 4000 kr. árslaun, myndi eins vel hafa komist af með 2400 kr. þá. Þetta er skýrt og ómótmælanlega rökstutt í skjali forstöðumannanna. Eg skal leyfa mér að lesa upp úr því nokkrar línur, er munu vera stílfærðar eða eru í öllu falli undirskrifaðar af háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.). Þær hljóða svo:

»1400—2600 kr. eru þá árslaun þeirra manna, sem varið hafa 12—14 beztu árum ævinnar til að búa sig undir lífsstarf sitt. Og á þeim launum eiga þeir að framfleyta sér og hversu stórri fjölskyldu sem er. En þetta er bæði óhæfilega lág og óhæfilega ósanngjörn laun. Þau eru óhæfilega lág, því að mennirnir geta með engu móti framfleytt sómasamlegu lífi á þeim, og verða því annaðhvort að neita sér og sínum um marga nauðsyn, eða þá að verja meira eða minna af starfskröftum sínum til að bæta launakjörin. En hvorttveggja er mjög skaðlegt fyrir skólana. Og launin eru ósanngjarnlega lág, því að hagur allra annara launamanna hefir batnað að sama eða líku skapi og peningarnir hafa fallið í verði, hvort heldur launamaðurinn fær laun sín hjá einstökum mönnum, einstakra manna félögum, eða jafnvel hjá sveitafélögum, og hver sem staða launamannsins er. Félagsstjórinn, verzlunarstjórinn, búðarþjónninn, hjúið og verkamaðurinn, fær hærri laun nú en áður. Vinnukonulaun hafa t. d. hækkað um 200 % síðan 1875, og um 140 % síðan 1889. Og öll þessi hækkun kemur beint eða óbeint niður á embættismanninum, eins og öðrum. — Landssjóður er þannig orðinn lakasti húsbóndinn«.

Við þetta skal eg bæta, að það eru ekki að eins þessir »privat«-starfsmenn, sem nefndir eru, sem hafa fengið hærri laun en áður. Bændur og búalið, sem framfleyta sér af afurðum lands og sjávar, hafa einnig og engu síður fengið mikla tekjuviðbót. Ef menn lesa verðlagsskýrslur fyrir árið 1889, munu menn sjá, að þá var verðið á kjöttunnu 40 kr. Nú fá bændur 70—80 kr. fyrir kjöttunnuna. Þetta er ekki svo lítil búbót fyrir bóndann. Sama árið var skippund af stórum saltfiski selt á 33 kr. Nú er skippundið komið yfir 80 kr. Þá var verð á bezta smjöri 65 au. pundið. Nú megum við þakka fyrir, ef við fáum pund af góðu smjöri fyrir eina kr. eða 1 kr. og 10 au. Þá kostaði ullarpundið 62 aura, nú kostar það 1 kr.

Þar er ómögulegt að neita því, að bændur og búalið fá í peningum miklu meiri tekjur nú en áður, og sá mismunur er hlutfallslega miklu meiri en nokkrum hefir dottið í hug að gera á embættismannalaununum.

Mér var það fullljóst, eins og alt er í garðinn búið, að það myndi ekki vera vinsælt fyrir stjórnina að koma fram með þetta frv., enda hefir það ekki lítið verið notað mér til óvinsælda. Eg tala hér ekki um þá, sem í góðri trú hafa verið mótfallnir málinu, heldur hina, sem virðast hafa gert sér að leik, að segja ósatt frá málavöxtum að eins til þess að reyna að ófrægja stjórnina fyrir það, að hún hefir ekki viljað varna embættismönnum þeim, er hlut eiga að máli, þess, að þinginu gæfist kostur á að athuga málstað þeirra.

Eg hefi álitið þessar kröfur embættismanna á fullum rökum bygðar, og það er sannfæring mín að það væri óréttlátt að þegja þær í hel. Auk þess varð eg að líta svo á, að þingið 1909 hefði fallist á réttmæti þeirra, þegar það ákvað laun háskólakennaranna 3200—4800 kr. ári, og enn fremur fæ eg ekki betur séð en að þingið 1912 hafi viðurkent þörfina með röksemdum þeim, sem færðar voru fyrir því að hækka dagpeninga þingmanna um 66%

Eitt af því sem er einkennilegt við þetta land, eru eftirtölurnar við embættirmenn landsins. Það er eins og það sé sjálfsagt til alþýðuhylli, að níða þá niður og titla þá »hálaunaða landsómaga« o. s. frv. Fyrir fáum dögum sagði heiðvirður og góður bóndi hér austan úr sveitunum, að ekki að eins embættismennirnir, heldur allir þeir Reykvíkingar aðrir, er sæti eiga á þingi, væru ómagar landsins og ættu engin laun að fá fyrir þingsetuna. Þeir lifðu á bændunum eins og sníkjudýr.

Þessi hugsunarháttur þekkist ekki í öðrum löndum. Þvert á móti, eftir að verkamannafélögin tóku að eflast, halda verkamenn og bændur því fram, að allir eigi að hafa rifleg eða viðunanleg laun fyrir störf sín, og þá einnig starfsmenn hins opinbera. Bændaflokkurinn á þingi í Danmörku hefir t. d. fúslega játað, að peningar hafi fallið í verði. Og jafnvel hefir sá sami bændaflokkur, sem þar hefir barist á móti aukinni herþjónustu, aukið að miklum mun laun herforingjanna. Það er mjög einkennilegt, að hér er það talið alþýðunnar áhugamál að víta það, að dagpeningar þingmanna voru hækkaðir lítið eitt vegna verðfalls peninganna. Annarstaðar er það alþýðunnar — demókratísins — áhugamál, að laun þingmanna séu hækkuð og höfð svo há, að þeir menn, sem þurfa að lifa á vinnu sinni á einhvern hátt, geti sér að meinlausu setið á þingi.

Í Danmörku hefir kaup þingmanna verið hækkað upp í 10 kr. á dag. Í Noregi hefir það um langan tíma verið 12 kr. á dag. Það þótti ekki nóg — og í fyrra voru samþykt lög, sem veita hverjum Stórþingsmanni 3000 kr. laun á ári, hvort sem þingið stendur lengur eða skemur. Í Englandi, þar sem þingmenn til skamms tíma voru kauplausir, hefir nú þótt bera nauðsyn til að veita þeim föst laun — 400 pd. sterling = rúm 7200 kr. árlega hverjum. Og sú krafa kom ekki frá »lordunum«, heldur einmitt frá lægri stéttunum, og ástæðan er sú, að fyrirbyggja, að menn verði að draga sig í hlé fyrir þingsetu af þeirri ástæðu, að þeir hafi ekki efni á að sitja á þingi.

Hér á landi virðist málið horfa nokkuð öðru vísi við. Þó að það ef til vill sé hvergi hægt að segja með eins miklum rétti eins og hér í landi, að embættismennirnir séu blóð af bændanna og alþýðunnar blóði, beint og vanalega alveg milliliðalaust komnir úr sveitaheimilum víðsvegar um land, þá eru þeir samt skoðaðir hér sem einhver alveg sérstök stétt, eitthvert alþýðunni fjandsamlegt afl, sem lýðskrumarar halda áfram að telja kjós-

endum trú um að hafi það eitt fyrir srafni, að undiroka bændur og búalið og eta þá út á húsganginn.

Eg skal að svo mæltu ekki færa fram fleiri almennar ástæður fyrir frumv.

Eg skal að eins geta þess, að flestir embættismenn, sem hér í frumv. eru taldir, eru líka taldir í gildandi launalögum frá 1875. Flestir þeirra hafa farið fram á hækkunina — þó ekki allir — t. d. ekki byskup. En ástæðan til þess að hann er samt sem áður tekinn með, er sú, að það virðist ekki unt samræmis vegna að láta hann einan vera launaðan eftir öðrum mælikvarða en aðra embættismenn í sama launalagabálki. Stjórninni virtist rétt, að gera jafnhátt undir höfði æðstu embættmönnum hinna þriggja aðalgreina, yfirmanns þjóðkirkjunnar, æðsta dómara og æðsta föstum landstjórnarembættismanni, sem er landritarinn. Þeir eru því allir settir með sömu byrjunarlaunum, 5000 kr., sem svo hækka á 15 árum smám saman upp í 6500 kr. Í samræmi við þetta er sú breyting, að verkfræðingur og símastjóri eru settir með sömu launum og póstmeistari hefir eftir gömlu launalögunum. Stjórnin leit svo á, að réttast væri að gera öllum þessum samgöngumálaforstjórum jafn hátt undir höfði. Þeir hafa allir hér um bil jafn mikilsvarðandi ábyrgðarstörf með höndum og ættu því allir að vera fastir embættismenn með jafnháum launum.

Loks skal geta þess, að því er snertir þau auknu útgjöld landssjóðs, er þetta frumv. hefir í för með sér, ef það nær fram að ganga, að um það fylgir frv. skýrsla í athugasemdunum. Að eins skal eg leyfa mér að leiða athygli hv. þdm. að því, að þar sem talað er um aldursviðbót landritara, þá er það miðað við byrjunarlaunin eins og þau verða eftir frumv., nfl. 1000 kr. *lægri* en þau eru nú, 5000 kr. í stað 6000 kr. eftir gildandi lögum. Hér er því ekki um neina persónulega launaviðbót að ræða, heldur helzt það sem er. Annars er skýrslan ekki sem greinilegust. Hún sýnir ekki, hve hárri upphæð laun allra þeirra embættismanna, sem frumvarpið hljóðar um, mundi nema eftir breytinguna, heldur hve miklu aldursviðbæturnar, sem lögin gera ráð ráð fyrir, og sérstakar hækkanir, mundu nema 1. Jan. 1914 miðað við byrjunarlaun eftir frv., og hún sýnir einnig, að byrjunarlaun samtals eru lægri eftir frumv., heldur en núverandi laun sömu starfsmanna. Mér telst svo til, að ef lagafrumv. þetta yrði staðfest, þá mundu laun þau, sem nú nema samtals 65000 kr. á ári, hækka upp í 75200 eftir embættisaldri núverandi embættismanna, eða mismunurinn fyrstu árin vera um 10200 kr. á ári.

Eg býst við, að skipuð verði nefnd í málið, og það tekið til rækilegrar íhugunar.

**Guðmundur Eggerz:** Hæstv. ráðherra (H. H.) hefir aðallega stutt þetta frumv. sitt um launahækkun embættismanna með því að skírskota til þess, hvað venja sé í nágrannalöndunum í þessu efni. Það skilst mér ekki að geti vegið svo þungt á metunum, að það sanni mál hæstv. ráðherra, vegna þess að þar hagar alt öðruvís til. Nágrannalöndin hafa miklu meira fé til þess að taka af og eru fjölmennari og ekki eins strjálbygð, þurfa þess vegna ekki að hafa eins marga embættismenn í samanburði við fólksfjöldann, og munar þar af leiðandi minna um en okkur að launa smáembættismönnum betur. Mér skilst, ef öll launa- og launaviðbótarfrumv., sem fram hafa verið lögð fyrir þingið, ná samþykki þess, þá muni það hafa í för með sér aukin útgjöld á árunum 1914—15 sem numi ca. 35 þús. kr.

Þetta er ekki alllítil upphæð, en frv. verður að skoða í nánu sambandi við

allan fjárhag landsins. Mér er því spurn: Er hann svo glæsilegur, að vert sé að ráðast í þessi auknu útgjöld?

Hæstv. ráðherra skýrði okkur frá því við byrjun 1. umr. fjárlaganna, að í raun og veru væri á fjárlagafrv. tekjuhalli, 41 þús. kr., þótt afgangur væri á pappírnum. En eftir venjunni minkar tekjuhallinn ekki við göngu fjárlagafrumvarpsins gegn um deildirnar, nema því að eins að þingmenn þá bregði út af venjunni og stryki út af fjárlögunum ýmsar upphæðir, sem bæði mér og mörgum öðrum þykja óþarfar.

En að nú þegar er tekjuhalli í raun og veru á fjárlagafrumv. stjórnarinnar, er mér bending um það, að fara verður sérstaklega varlega í sakirnar á þessu þingi, einkum þegar þess er gætt, að almenningur mun nú hafa fengið meira en nóg af gjaldaálögum seinustu þinga. Hann rís ekki undir meiru. Þær munu ieljandi þær vörutegundir, sem ekki er lagður meiri eða minni tollur á, og auk þess er lagt útflutningsgjald á allar sjávarafurðir. Hvar á að pína út nýjar tekjur? En til aukinna útgjalda þurfa auðvitað auknar tekjur.

Enn er mér kunnugt um það, að flestmunu hafa vænst þess af þessu þingi, að það sneri sér aðallega að atvinnu- og fjármálum landsins. Er þetta þá leiðin, sem stjórn og alþingi ætlar að fara til þess að greiða úr fjárhagslegum vandræðum þjóðarinnar, að bæta 30—40 þús. kr. við útgjöldin til embættislauna. Eg hygg að þetta yrðu vonbrigði fyrir marga, ekki sízt þar sem illa hefir árað undanfarið, t. d. algert fiskleysi fyrir öllu Austurlandi og því fullvissa um, að þetta ár mnni afarerfitt verða fátækum sjómönnum.

Þá þykir mér það athugavert, hve afarmikill munur er gerður á hækkun launa æðri og lægri embættismanna. Samkvæmt þessu frumv. á að hækka laun byskups um 1500 kr. — en hér liggur líka fyrir annað frv. um laun hreppstjóra. Samkvæmt því verða laun þeirra hækkuð um 6 kr. Satt að segja hefði mér ekki þótt ósanngjarnt þótt hreppstjórinn fengi 50 aura hækkun á móti 100 kr. hækkun hjá byskup. Þá fengi hreppstjórinn þó kr. 7,50 meira. Raunar veit eg að mikill munur er á byskups- og hreppstjórastöðunni. Eg ætla mér ekki að fara út í stöðu samanburð, en að eins benda á þennan stóra mismun — að byskupslausir getum við mæta vel verið, en með engu móti hreppstjóralausir.

Eins og hæstv. ráðherra (H. H.) tók fram, þá eru það aðallega laun embættismanna hér í Reykjavík, sem talað er um að hækka. Verði frumvarpið samþykt þá getur afleiðingin orðið sú, að á eftir verður hugsað um aðra embættismenn, sem nú hafa gleymst. T.d. væri ekki síður þörf á að hækka laun lækna og presta. Læknar upp til sveita munu fæstir hafa meiri »praxis« en ca. 1000 kr. á ári. Árstekjur þeirra verða því að meðtöldum föstum launnm ekki nema 2500 kr. Og þess ber líka að gæta, að það er talsverður munur á ævinni hér í Reykjavík og upp í sveit, þó ekki sé nema það, að sveitaembættismaðurinn, sérstaklega læknar, verða oft fyrir örðugum ferðalögum.

Loks skal eg geta þess, að mér finst ákvæði 6. gr. hálf óviðkunnanlegt. Þar stendur, að verði frumvarpið samþykt, geti maður, sem nú er í embætti, notið góðs af þeim árum, sem hann hefir gegnt því að undanförnu. Hafi maðurinn t. d. komist í embættið 1895, kemst hann nú þegar í hæsta launaflokk. Það er hálf óviðkunnanlegt að láta lögin verka þannig til baka.

Mín afstaða í málinu er þá í stuttu máli sú, að eg mun greiða atkvæði á móti því. Um afdrif þess skal eg ann-

ars engu spá, en svo segir mér hugur um, að vegur þess muni verða all-ógreiðfær í gegnum þessa háttv. deild, nema því að eins að steinarnir verði teknir úr götunni af alþýðuflokk sambandsflokksins.

**Benedikt Sveinsson:** Embættismannafjöldinn hér á landi hefir lengi verið annálaður af útlendum sem innlendum. Hvergi á jarðríki er slíkur urmull opinberra starfsmanna sem hér á landi móts við mannfjölda. Þessu veldur strjálbygð landsins og má ekki við því gera. Hitt er annað mál, að of mikið má að öllu gera og svo er um embættafjöldann hér og kostnaðinn, er af honnm leiðir.

Þjóðin hefir þráfaldlega krafist þess, að eftirlaun væri afnumin og hún er því andstæð, að laun inna æðri embættismanna sé hækkuð úr því, sem nú er.

Því var það, að Alþingi 1911 skoraði á stjórnina að leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi frumvarp um afnám allra eftirlauna. Var búist við, að stjórnin hlyti að taka þessa kröfu til greina.

Þjóðin hefir verið að bíða eftir efndum stjórnarinnar, en það eru ekki nema fáir dagar, síðan svar hennar varð þjóðkunnugt. — Menn höfðu þózt mega krefjast þess af núverandi stjórn, að hún sinti kröfunni eftir alt sparnaðartalið og fjármálagauraganginn, sem liðsmenn hennar höfðu í frammi 1911. Mun seint úr minni líða, hversu afskaplega flokksmenn núverandi ráðherra létu þá af fjárhag landsins. Æðsti presturinn bysknp vor, talaði þá með andagift gömlu spámannanna um spilling heimsins og hét á ginnregin að leiða fólkið til sparnaðar og sjálfsafneitunar. Aðrir berserkir flokksins brýndu það fyrir lýðnum að taka kenningum frakkneska heimspekingsins *Rousseau's* og gáfu janvel út heilar bækur um »*Einfalt líf*«. Þetta hafði sín áhrif í þá daga — en blessaðir mennirnir vilja *nú* eftir kosningarnar ekki lengur sætta sig við þau kjör, heldur lifa »tvöföldu« eða »margföldu« lífi.

Efndir stjórnarinnar sjást á frv. því, sem lagt er fyrir deildina í dag. Hún hefir, sem von er, haldið því leyndu í lengstu lög!

Ráðherra var áðan að fjargviðrast út af því, að rangt hefði verið sagt frá þessu frumv — En *hverjum er það að kenna?* — Það er honum sjálfum að kenna, sem hefir haldið þessu leyndu í líf og blóð. Ekkert var honum hægra, en láta þjóðina vita allan sannleika fyrir löngu. En hví gerði hann það ekki? Þar að auki hefir *stjórnin sjálf* látið fara með blekkingar í þessu máli.

Þetta frumv. er óframbærilegt. Það fer fyrst og fremst fram á að hækka laun þeirra embætta, sem nú eru hæst launuð, svo sem byskups og landritara.

Embætti þessi eru *hæg*. Landritari getur verið mánuðum saman erlendis um leið og ráðherra, hann er að eins tvær stundir á dag til viðtals og sinnir þó annarlegum störfum á þeim tíma. — Byskupsstaðan er ekki orðin annað en *skuggi*. Vald biskups er nú orðið svo lítið, að stjórnarráðið hefir gaman af að virða það að vettugi. (*Ráðherrann:* Við hvað á þm.?) Eg skal nefna nýjasta dæmið, þegar biskup segir presti, að hann skuli »*hafa sín orð fyrir* því« að hann fái brauð, en stjórnarráðið ákveður ið gagnstæða.

Í annan stað þykir mörgum sem landritara t. d. sé það nægilegt að fá 6000 kr. á ári, eða 500 kr. um mánuðinn, góðar 117 kr. um vikuna, svo hann geti þolað við í bráðina.

Aðrir embættismenn, svo sem skrifstofustjórar, yfirdómarar og háyfirdómarar hafa frá 3500—4800 kr. að árslaunum eða frá 3—4 hundruð krónur um

mánuðinn og virðist sem það sé ærin laun og eigi þurfi við þau að bæta. Að kalla slíkt »rýr embætti« sýnir vel gegndarleysið, sem stjórnin er að stefna að með fargani sínu.

Stjórnin hefir viljað »fóðra« launahækkun dómenda í landsyfirréttinum með því, að í þau embætti þurfi ina hæfustu og reyndustu menn, sem eigi dugi að bjóða verri kjör en sýslumönnum og bæjarfógetum. Við þessu er það að segja, að gömlu launakjörin hafa ekki staðið landsyfirdómnum fyrir þrifum hingað til. Má t. d. geta þess, að fyrir örfáum árum sótti maður með beztu launum, úr bæjarfógetastöðu í Reykjavík, um stöðu við yfirdóminn.

Enn fremur tekur stjórnin það fram, í athugas. við frumvarpið, að í engum embættum sé eins nauðsynlegt að hafa vel launaða menn, sem í dómaraembættunum, til þess, að þeir »gefi sig *eingöngu* við embættisstörfum sínum, en séu ekki neyddir til að leita annarar atvinnu«. En það er augljóst, að hér fylgir ekki hugur máli, því að á *sama tíma*, sem stjórnin kemur með þetta frv. er hún sjálf að berjast við það utan lands og innan, að útvega háyfirdómaranum bitling hjá privatstofnun, sem oft hlýtur að eiga í málaþrasi við menn. Ráðherrann hefir sjálfur útvegað honum undirtyllustöðuna í Íslandsbanka og má nærri geta að stjórnin ætlast ekki til þess, að háyfirdómarinn léti af því starfi, þótt launahækkunarlögin næði fram að ganga.

Þá mætti benda á, að laun inna æðstu embættismanna í Reykjavík eru all-miklu hærri en þau eru talin á pappírnum. Stöður þeirra veita þeim oft og einatt hæga aðstöðu til að afla sér mikilla aukatekna. Fá þeir oft *sérstaka borgun* fyrir ýmis störf, sem embætti þeirra fylgja. Landritari hefir t. d. fengið hlutdeild í launum þeim sem ráðherra Íslands fær sem formaður í fulltrúaráði Íslandsbanka, reiknað hlutfallslega eftir þeim tíma, er hann hefir gegnt störfum ráðherra í fjarveru hans. Nam það að minsta kosti talsverðu í tíð Bjarnar heitins Jónssonar, er lengi var utanlands sakir heilsubrests og í stjórnarerindum. Ennfremur þykir landritari sjálfsagður að sitja í öllum milliþinganefndum og í kolanefndinni sælu tók hann 8 kr. á dag fyrir þann starfa. Veit eg ekki gjörla, hve miklu þetta hefir numið, en ekki hefir það verið smáræði, því lengi sat sú nefnd á rökstólum, þótt gagnið yrði minna. Annars virðist sem landritari ætti alls ekki að fá sérsök laun fyrir slík störf, úr því að það er *stöðunnar vegna*, sem hann er látinn gegna þeim. Það er óþarfi að minnast á frímerkin, sem þjóðkunnugt er orðið að landritari hefir miklar tekjur af, eða »aukaskriftir« hans í stjórnarráðinu, ritlaun fyrir embættismannatalið o. s. frv., eða þegar háttstandandi embættismenn bregða sér upp í sveit til heilsubótar á sumrin og taka daglaun og ferðakostnað úr landssjóði fyrir að »líta eftir vegum«, »líta eftir eldgosum« eða öðru álíka nauðsynlegu!

Það er og fullyrt, að landritari hafi nýlega verið vel á veg kominn að útvega sér endurskoðarastöðu við Íslandsbanka, þótt annar yrði í þetta sinn hlutskarpari.

Enn er það, að þetta hálaunalið situr fyrir ýmsum hlunnindum, eins og in fræga »uppeldisstofnun«, landsímastöðin, ber bezt vitni um, þar sem dætur ráðherra, landritara, landlæknis og háyfirdómara þykja sjálfsagðar að sitja í fyrirrúmi fyrir öðrum, þótt hæfari sé og reyndari í starfinu.

Stjórninni hefði verið nær að endurskoða frá rótum launakjör allra embættismanna í stað þess að koma með launa-

frumv., það sem hér er um að ræða. Er tími til kominn að afnema ýmis óþörf embætti, svo sem byskupsembættið, sem orðið er að steingervingi og helzt er notað til gamans stjórninni, er hún skemtir sér við að úrskurða þvert ofan í tillögur byskups. Einnig væri eigi vanþörf á að afnema landritaraembættið, er ekki virðist ýkja-nauðsynlegt, þar sem landritari getur að meinalausu verið erlendis mánuðum saman á sama tíma sem ráðherra er utan og fleiri starfsmenn stjórnarráðsins.

Frumvarp þetta gengur í berhögg við marg-yfirlýstan vilja þjóðarinnar.

Það er ranglátt, þar sem það byrjar á að hækka laun þeirra, sem mest hafa áður.

Það eykur ójöfnuð í landinu, eykur mismuninn á kjörum inna fátæku og efnuðu.

Það þyngir á almenningi, sem verður að greiða þeim mun meira, sem meira er hlynt að þeim sem ekki þurfa stuðnings við.

Það eykur óánægju almennings um kjör sín; hann sér, að vilji hans er fyrirlitinn, nauðsyn hans er látin sitja á hakanum, lagðar á hann nýjar álögur til þess að hækka laun æðstu embættismanna í Reykjavík.

Kjör almennings eru ekki svo glæsileg, að þau megi versna úr þessu. Fjöldi fólks á bezta aldri fer nú til Vesturheims. Aðfarir stjórnarinnar glæða Ameríkuferðirnar. Núverandi stjórn væri vel að því komin að fá heiðurspening hjá Manitobastjórn fyrir frammistöðu sína!

Hagur landssjóðs leyfir engan veginn nýjan fjáraustur. Tekjuhallinn er nú um 40 þúsundir á frumv. stjórnarinnar. Er þó lítill vandi að sníða á kné sér skaplegt fjárlagafrumvarp, en reynslan hefir sýnt, að áhallinn verður jafnan meiri þegar fjárlögin hafa gengið í gegnum þingið. Landið er orðið stórskuldugt og þarf að greiða mikið af sínu fé í vexti og afborganir eldri skulda. Í fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar mun nú ætlað nær 90 þúsundum minna til framleiðslu-fyrirtækja en áður, en þó farið fram á nýja skatta á þjóðina. Sýnir þetta vel fjárhaginn.

Mér er í minni mynd, sem gefin var út vorið 1909. Hún var kölluð »Kjötpottur landsins« og var eftir einhvern listamann núverandi stjórnarflokks. Þar átti að sýna sem átakanlegast, hvernig blásnauð alþýðan rogaðist undir böggum sínum til þess að bera í inn mikla kjötpott, en umhverfis vóru þeir sýndir í ýmissa dýra líkjum, sem peninga fengi úr landssjóðnum. Var mynd þessari mjög á loft haldið af fylgifiskum núverandi stjórnar. Væri nú vel, að þeir hinir sömu snillingar, er þessa mynd gerðu, gæfi út nýja útgáfu hennar til þess að sýna siðbót þeirra manna, sem nú eru kosnir til valdanna.

Annars legg eg til, að frumv. þessu verði nú þegar markaður aldur og ekki látið fara lengra.

**Valtýr Guðmundsson:** Það er aðallega eitt atriði úr frumv., sem eg ætlaði að athuga, og í sambandi við það önnur frumv. frá stjórninni. Mér virðist þau vera óhæfilega undirbúin. Það er er engin leiðbeining um, hver áhrif þau geti haft á fjárhaginn; sömuleiðis ónógar skýringar.

Það er óhæfur ósiður, sem virðist vera orðin tízka í stjórnarráðinu, að vísa í skjöl, sem þingmenn eigi hafa aðgang að. Þannig var á síðasta þingi í mörgum frvv. vísað til athugasemdanna við kolaeinokunarfrv., sem alls ekki var lagt fyrir þingið, og nú er í hreppstjóra launafrv. vísað til álits skattanefndar, sem skipuð var 1907, en af því er ómögulegt að sjá, hvort hreppstjórar eigi að fá hærri eða lægri laun en áður, eða

yfirleitt, hver áhrif breytingin hafi. Eins er í tekjuskattsfrv. vísað til álits sömu skattanefndar, sem ekki er í nema sumra manna höndum.

Þetta er algerlega ónógur undirbúningur, og það er skylda stjórnarinnar að ráða bót á þessu.

Enn fremur vantar algerlega samanburð við embættismenn annara landa. Þar sem vér viljum teljast til siðmenningar-þjóðanna, er ekki nema eðlilegt, að vér einnig berum okkur saman við þær.

Að eins fyrir landsbókasafnsfrv. hefir verið gerð nægileg grein, en þar eru skýringarnar líka eftir landsbókavörð sjálfan.

Það er skylda þeirra, sem fara fram á launahækkun, ekki að láta sér nægja að senda nefnd til stjórnarinnar með munnleg skilaboð, heldur að semja rækilega skýrslu um, hvers vegna farið er fram á launahækkunina. Í öðrum löndum er það alt af siður, að stjórnin byggi frumv. sín á þess konar skýrslum. Enn fremur er það siður í öðrum löndum, t. d. í Danmörku, að stjórnin leitar upplýsinga um, hverjar aukatekjur embættismenn hafi, og eru allir skyldir að gefa upp aukatekjur sínar.

Hér á landi hafa margir embættismenn talsverðar aukatekjur og verður að taka tillit til þess.

Eins og síðasti ræðumaður tók fram, hefir landritari verið í öllum milliþinganefndum, og virðist það bera vott um, að starf hans sé ekki svo mikið, að hann hafi eigi tóm til að gefa sig að öðrum störfum. Það er auk þessa óheppilegt, að hjálparmaður stjórnarinnar sé í þess konar nefndum, þar sem hann síðar meir á að aðstoða stjórnina við að dæma um nefndarálitin, en til þess er hann orðinn óhæfur, þegar hann er þegar búinn að taka afstöðu í nefndinni, og því ekki lengur óhlutdrægur dómari um tillögur hennar.

Þær litlu upplýsingar, sem stjórnin hefir gefið, eru svo ófullkomnar, að það liggur við að þær séu beint villandi.

Þannig er t. d. taflan, er á að sýna launahækkunina 1. Jan. 1914 eftir frv. Þar er sagt að alls muni launin hækka um 10.000 kr., og verður eigi séð, að það sé sett til annars en að slá ryki í augun á mönnum. Það dugir ekki að sýna einungis, hver launin verða 1914, heldur hver þau verða þegar allir eru komnir á hæstu laun.

Það hefir verið farið fram á að hækka laun byskups um 1500 kr, sömuleiðis laun landritara og forstjóra landsyfirréttarins um sömu upphæð. Skrifttofustjórarnir fá 1200 kr. launahækkun, en dómarar landsyfirréttarins um 1500 kr. og háyfirdómarinn um 1700 kr. Póstmeistarinn fær 1000 kr. launaviðbót og landsímastjóri 1500 kr. Þótt landsímastjóri nú hafi 5000 kr. laun, þá eru 1500 kr. af þeim persónuleg launaviðbót, sem ekki kemur þessu máli við. Svo á að lokum verkfræðingur landsins að fá 5000 kr. í laun, og laun hans því að hækka um 2000 kr., auk þess sem hann á að verða konunglegur embættismaður og koma þá í viðbót eftirlaun handa honum.

Hækkunin á rektorslaununum og yfirkennaralaununum sýna ágætlega undirbúninginn á þessu lagafrumv. og hve rækilega það er hugsað.

Ef yfirkennari sækir um rektorsstöðuna, á hann að missa við það 1000 kr. tekjur. (*Ráðherra:* Þetta er misskilningur). Nei, byrjunarlaun rektors eru 1000 krónum lægri en hæstu laun yfirkennara, þar sem hæstu laun yfirkennara eiga að verða 4200 kr., en byrjunarlaun rektors 3200 kr. Því þótt rektor fái frítt húsnæði að auki, munar það

ekki svo miklu. En þetta er í mesta máta óréttlátt, því að rektor á þó að »repræsentera« stofnunina og hlýtur risnuskylda hans að valda töluverðum útgjöldum, ef hann stendur nokkurn veginn sómasamlega í stöðu sinni.

Þegar miðað er við hæstu laun, er útgjaldaaukinn eftir þessu frumv. einu ekki 10.600 kr., eins og stjórnin virðist vilja láta mönnum sýnast, heldur 22,200 kr., og sé launahækkun inna annarra frumv. tekin með og stofnun nýrra embætta, þá nemur þetta alls 42,300 kr. eða vöxtum af rúmlega einni millión króna.

Stjórnin hefir ekkert skýrt frá, hvaðan eða á hvaða hátt eigi að útvega tekjur til þessara útgjalda. Það þarf þó að hugsa um að auka tekjurnar að sama skapi sem útgjöldin eru aukin, ef fé á að vera fyrir hendi til að standast þau.

Það mun heldur ekki verða vanþörf á enn meiri peningum til launahækkunar; eða heldur in háttv. stjórn, að þegar laun þessara embættismanna eru hækkuð, að þá muni ekki aðrir embættismenn koma á eftir með beiðnir um launahækkun? Mér finst ekkert eðlilegra, enda verð eg að játa, að laun embættismanna margra eru óhæfilega lág. Stjórnin hefði því átt að semja yfirlit yfir, hver áhrif almenn launahækkun hefði og hvernig ætti að útvega fé til hennar.

Eg verð að játa, að peningar hafa lækkað mjög í verði og vörur hækkað síðan 1875 að launalögin voru samin, og að laun, sem þá voru fullboðleg, eru nú alveg ónóg.

Eg er því alls ekki á móti launahækkun, þvert á móti, en mér virðist undirbúningur málsins vera algerlega ófullnægjandi. Eg er alls eigi í þeirra tölu, sem vilja að embættismenn landsins lifi við sultarlaun. En eg vil að um leið og laun þeirra eru hækkuð, sé tekið til yfirvegunar, hvort ekki megi þá um leið *fækka* þeim eitthvað. En þetta hefir stjórnin algerlega vanrækt.

Það mun vera rétt, sem hæstv. ráðh. (H. H.) tók fram, að almenningur hafi ýmugust á embættismannastéttinni, og og kemur það af því, að almenningur kann ekki að meta tekjur sínar til peninga og heldur því að embættismennirnir fái alt of mikið.

Vildi eg að stjórnin rannsakaði, hvort ekki væri hægt að fækka embættismönnunum eitthvað.

Það er óholt fyrir þjóðfélagið að veita embættismönnum sínum sultarlaun, en það er engu síður óholt að þeir séu of margir, svo að þeir hafi svo lítil störf, að þeir þurfi að vera á einlægum snöpum eftir öðrum störfum í viðbót.

Eg álít ekki mikla von um að launahækkunin komist nú á, en málið ætti að verða rætt og undirbúningurinn að verða betri.

En málið ætti að vera svo vel sett fram fyrir þingið, að það þyrfti ekki að vinna sem skrifstofuþjónar hjá stjórninni.

**Sigurður Sigurðsson:** Þegar sá kvittur gaus upp, að in háttv. stjórn hefði í hyggju að leggja fyrir þingið frv. um hækkuð laun handa hæstlaunuðu embættismönnum landsins, sló megnum óhug á allan þorra manna víðsvegar um landið.

Mér og mörgum fleiri varð á aðspyrja: Hverning getur hæstv. ráðherra fengið sig til þess, eða látið aðra hafa sig til þess? Var ekkert til, sem meira lá á og kallaði ríkara eftir að komið væri í framkvæmd en þetta: að bæta við laun þeirra manna, er hæst launin höfðu áður? —

Í athugasemdunum við frv. er gert ráð fyrir, að eftir fá ár þurfi að endurskoða laun allra embættismanna í land-

inu. Því mátti ekki bíða, þangað til stjórnin hefði haft tíma til þess, og um leið að athuga, hvort ekki væri gerlegt að fækka embættismönnum, eins og hv. þm. Sfjk. (V. G.) benti á, og að lækka eftirlaunin eða afnema þau.

Það sem aðallega kom mér til að standa upp voru ýmis ummæli í ræðu hæstv. ráðherra. Aðalástæðurnar fyrir þessu frv. sótti hann í athugasemdir fyrir frumvarpi um laun háskólakennaranna, sem fram var borið á þinginu 1909. Þetta er dálítið einkennileg mælisnúra, þegar þess er gætt, að þeir menn sem hér áttu hlut að máli, voru einmitt sjálfir að leggja til um það, hvað þeim yrði skamtað úr kjötpottinum. Eg legg því ekki mikið upp úr þessari ástæðunni.

Þá benti hæstv. ráðherra á það, að kaupgjald verkamanna og vinnuhjúa væri hærra nú en t. d. 1889 og verð allra afurða, bæði sjávarafurða og landbúnaðarafurða væri sömuleiðis hærra.

Að því er snertir kaupgjald verkamanna og vinnuhjúa, er það að athuga, að til skamms tíma var það óhæfilega lágt. Og þó að það sé rétt, að það hafi hækkað um 75 %—100 % eða meir, er kaupgjaldið svo lágt enn þá, að það er sízt samanberandi við laun embættismanna. Þeir menn sem lifa á handafla sínum hér Reykjavík hafa 600—1000 kr. í kaup á ári. Eg er hræddur um að embættismennirnir mundu kveinka sér við að lifa af því. Vinnumenn í í sveit hafa 150—300 kr. í árskaup auk fæðis, og vinnukonur 75—150 kr. Þetta er kaupgjaldið, þrátt fyrir þessa gífurlegu hækkun, sem um var talað.

Viðvíkjandi verðinu á lands- og sjávarafurðum er þess að geta, að það er mjög mismunandi. Stundum er það hærra, stundum lægra. Það er ekki langt síðan að ullarpundið var í 50 aurum. Síðast í fyrra var það 60—65 aura. Og þó að nú líti út fyrir að afurðir verði í háu verði, er engin trygging fyrir því, að það verði til frambúðar. Við eins árs verð er ekki hægt að miða. Það er háð heimsmarkaðinum, og á honum ræður framboð og eftirspurn verðinu.

Það hefir verið tekið fram, að óviðfeldið væri að byrja á að hækka kaup þeirra sem hæst kaupið hafa, þar sem margir starfsmenn svo sem póstafgreiðslumenn og kennarar, sem hafa eins mikið og meira að gera en þeir hálaunuðu, hafa svo lágt kaup, að það getur ekki talist lífvænlegt.

Annars má nefna ýmis dæmi sem sýna, að það er ekki brýn nauðsyn að hækka laun embættismanna hérna í Reykjavík. Þegar veizlur eru haldnar í þessum bæ, t. d. þegar einhver verður 60, 70 eða 80 ára, þá eru það embættismennirnir, sem gangast fyrir því. Þegar börn þeirra eru fermd eða skírð, eru dýrindis veizlur og hátíðahöld. — Þá hafa þeir ráð á að fara hverja skemtiferðina eftir aðra, innanlands eða til útlanda; ferðast jafnvel um Norðurálfuna þvera og endilanga, eins og landritarinn núna fyrir skömmu.

Enn fremur má minna á, að auk embættis síns geta þeir gegnt ýmsum öðrum störfum, sem talsvert gefa af sér. Ef þá langar til að bregða sér til skemtunar út í sveitir, nota þeir sér ýmiskonar atvik, láta sem svo, að þeir fari fyrir landið, og senda landssjóði ferðareikninga, og þá ærið háa. Eg vil engar tölur nefna. Það er ekki langt síðan að landlæknir brá sér skemtiferð austur að Heklu, til þess að skoða eldana, og sagt er að hann hafi gert það á kostnað landsins

Hæstv. ráðherra gat þess, að megn óánægja og óvild væri ríkjandi hjá alþýðu, bændum og búalýð, til embættismannanna; laun þeirra væru talin eftir o. s. frv.

Þetta er ekki rétt. Alþýða manna

telur ekki launin eftir nytsömum embættismönnum sem gagn gera þjóðfélaginu, og kannast meira að segja við, að laun sumra þeirra séu of lág. Og ef nokkur óvild á sér stað, þá er ekki því um að kenna, að menn sjái eftir launum. En vera má að annað gefi ástæðu til óvildar, og það er þetta: Það er eins og stjórnin sjái enga menn aðra en embættismennina, að þeim einum er hlúð, og við þá er alt miðað. Og embættismennirnir álíta sig eina hafa rétt til að ráða og regera, og telja sig eiga heimting á að búa við betri kjör en almenningur. Svo langt hefir þetta gengið, að embættismennirnir, með stjórnina í broddi fylkingar, dylja jafnvel hver með öðrum — eg vil ekki segja afbrot — en yfirsjónir og ávirðingar í embættisrekstrinum. Peningagræðgina, ráðríkið vg ásælnina í fari embættismannanna hefir almenningur séð, og því er um að kenna, að hann lítur ekki með þeim virðingaraugum á embættismannastéttina, er vera bæri. Þetta frv. styður að því, að óánægjan vaxi, og þess vegna vil eg ekki að það gangi lengra.

**Ráðherrann (H. H.):** Eg skal ekki lengja umræðurnar með því að svara ræðum, þeim sem haldnar hafa verið, orði til orðs. Ræðu háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) skoða eg svo, að hún hafi verið haldin meira til gamans, heldur en til þess að mark ætti að taka á henni. *(Benedikt Sveinsson:* Svo hæstv. ráðherra hefir þótt gaman). Já, að vissu leyti er stundum gaman af þingmanninum.

Eg hygg, að allir andmælendur hafi haft það sameiginlegt að finna að því, að byrjað sé á þeim sem hæst launaðir séu. Þetta er með öllu ástæðulaust. Það er einmitt byrjað jafnframt á þeim sem eru allra lægst launaðir, kennurunum við mentaskólann. Á þá er aðaláherzlan lögð. Að aðrir eru taldir á undan þeim í frumvarpinu, kemur af því, að sömu röðinni er fylgt þar eins og í lögunum frá 1875. Háttv. ræðumenn hafa algerlega fundið það upp hjá sjálfum sér, að eg leggi meiri áherzlu á fyrstu greinarnar en þær síðustu. Sannleikurinn er sá, að breytingartillögurnar við laun inna æðri embætta eru að eins afleiðing af breytingunum á inum lægri embættalaunum, til þess að halda réttri tiltölu og hlutföllum.

Háttv. þingm. Sfjk. (V. G.) var að reyna að slá sig til riddara á því, að ávíta stjórnina fyrir undirbúning þessa frv. Í orðum hans var ekki snefill af sanngirni. Undirbúningur þessa frv. er alveg eins góður og tíðkast hefir um stjórnarfrv. undanfarið, og meira að segja um fram vonir eftir tíma og mannafla, sem stjórnin hefir haft yfir að ráða við lagasmíðið í þetta skifti. Hvað því viðvíkur, að stjórnin hefði þurft að safna og gefa út skýrslur um laun embættismanna í öðrum löndum, þá hygg eg að það hefði ekki verið álitið mjög sannfærandi, og illa er það samrýmanlegt við þá aðalmótbáru móti þessu frv., er fólgin er í því, að hér hagi alt öðruvís til en í öðrum löndum, svo eigi sé hægt að jafna því saman.

Eg fæ því ekki skilið, hvað á því hefði verið að græða, þótt eg t. d. hefði upplýst, að byskupslaun og háyfirdómaralaun í Englandi geta farið upp í 10.000 pd. sterling eða 180 þúsund kr. á ári, og að venjuleg laun skrifstofuundirtyllu þar í landi eru á við háyfirdómaralaun hér eða miklu meiri. Það hefði ekki verið til annars en að eyða tíma og erfiði, að leggja mikið í slíkar skýrslur, sem hann saknar. Eg sé ekki, að hér þurfi aðrar skýrslur en þær, að verðmæti peninganna hefir gerbreyzt síðan launalögin voru samin. Alt, sem nauðsynlegt er í þessu efni, er tekið fram í stjórnarástæðunum fyrir lagafrumvarpinu 1909 um háskólakennarana,

sem þingið þá félst á og bygði lög sín á.

Ein af aðfinningum háttv. þm. Sfjk. (V. G.) var sú, að stjórnin hefði ekki séð fyrir tekjuauka á móti þeim útgjöldum, er þetta frumv. hefir í för með sér. Það er ekki satt. Stjórnin hefir lagt fram frumv. um tekjuskatt, og nemur sá tekjuauki miklu meiru en því sem þessu svarar. Auk þess nægur tími og nóg úrræði að sjá fyrir ekki stærri upphæð en hér er um að ræða, þegar það sést, hvernig þessu frumv. reiðir af.

Eg vil ekki lengja umræðurnar frekar. Þær mótbárur, sem fram hafa komið, eru ýmist þannig, að betur á við að svara þeim við 2. umr.

**Þorleifur Jónsson:** Eg skal ekki verða langorður, því að margt hefir þegar verið tekið fram af því sem mér bjó í huga.

Þegar sá orðrómur barst út um land, að stjórnin hefði í hyggju að leggja frumv. fyrir þingið þess efnis, að bæta kjör hæstlaunuðu embættismannanna, fór mörgum svo, að þeir sögðu, að það hlyti að vera tóm lygi. Nú er það komið á daginn, að svo er ekki, og af fyrri ræðu hæstv. ráðherra mátti heyra, að honum er þetta mikið kappsmál. Hann fór ýmsum orðum um, hvernig alþýðan liti á málið, og þeim eigi sem réttmætustum. Það er reyndar satt, að þjóðin heimtar ávalt, að embættismennirnir kosti ekki meira en góðu hófi gegnir, enda er hún ekki fær um að bera mikinn óþarfa kostnað. En hins vegar telur hún ekki eftir það sem nauðsynlegt er til þess að landinu sé stjórnað sæmilega og að alt réttarfar sé í góðu lagi. Hitt vill hún ekki, að embættismennirnir séu fleiri en þörf krefur. Og ef þing og stjórn tekur nú til þvert ofan í vilja þjóðarinnar að fjölga embættismönnunum og hækka við þá sem hæst launin hafa, mun fara svo, að óhugur grípi fólkið, það telji sér alls ekki líft í landinu, en taki saman pjönkur sínar og flýi vestur yfir haf.

Hæstv. ráðherra talaði um, að hagur bænda og búalýðs stæði nú með miklum blóma, afurðir þeirra væru í svo háu verði. En það verður að teljast eins og hvert annað happ, sem ekki er að vita, hvað lengi stendur. Þó að t. d. eftirspurnin eftir ullinni sé mikil í ár, og hún þess vegna í háu verði, er alls ekki víst að svo verði að ári. Og þó að hagur bænda og sjómanna fari batnandi, er þess full þörf. Svo mikill munur er á kjörum peirra og embættismannanna, að það er ekki saman berandi. Það væri gaman ef einhver embættismaðurinn hér í Reykjavík tæki sig til og ferðaðist um landið, liti inn í hvert kot, aðgætti þau húsgögn og það viðurværi, sem fólkið verður að gera sér að góðu, og skoðaði svo reikningana hjá kaupmanninum við árslokin, og yfir höfuð setti sig sem bezt inn í allan hag alþýðunnar, og bæri það saman við líf embættismanna hér í Reykjavík, þá skil eg ekki í öðru en hann fyndi, að munurinn væri mikill, og kjör alþýðu yfirleitt ekki öfundsverð.

Það er auðvitað sjálfsagt, að alþýða manna má ekki gera eins háar kröfur og þeir sem hærra eru settir; en þá verða embættismennirnir líka að sýna einhvern lit á að sætta sig við þau miður glæsilegu kjör, sem þetta fátæka land hefir að bjóða.

Ef hækkunin, sem þetta frumv. hefir í för með sér, nemur 35 þús. króna, er það sama sem renta af 600—700 þús. kr. Eg sé ekki, að landssjóður sé þeim efnum búinn, að hann geti bætt þessu á sig, því að skattana er naumast gerlegt að hækka.

Eg get því ekki séð, að frumv. sé svo nauðsynlegt, að vert sé að láta það fara

lengra. Þó að hitt geti verið, að hækka þurfi við þá sem verst eru launaðir, svo sem kennararnir við mentaskólann, þá má gera það í fjárlögum. Eg held það væri því réttast að láta frv. detta sem fyrst úr sögunni, svo það eyði ekki um of inum dýrmæta tíma þingsins, en stjórnin undirbyggi síðar skapleg launalög handa þeim sem verst eru settir.

Eg get ekki séð, að málið græði neitt á því að fara í nefnd, því að eg vona að það hafi ekki svo mikið fylgi, að það gangi gegn um þessa deild.

**Bjarni Jónsson:** Eg hefi lítið annað að gera en taka undir það, sem áður hefir verið talað. Eg er alveg mótfallinn því, að frv. gangi fram.

Hæstv. ráðherra mælti það með hita, að embættismennirnir væru taldir á þessu landi eitthvert óvinsælt afl, sem vert væri að stríða á móti. Þetta hygg eg ekki langt frá því að vera rétt. Og eg held að mér sé skiljanlegt, hvers vegna það er. Orsökin liggur hjá embættismönnunum, ekki sízt þeim er með lögin fara í þessu landi. Það var ekki af hendingu, að einir tveir sýslumenn voru á móti uppkastinu sæla hér um árið. Það var ekki af hendingu, ef það er satt sem Ísafold greinir frá, að stjórnarráðið hafi sent áminningu til allra lögreglustjóra í landinu, að enginn þröskuldur verði lagður í veg ins löghelgaða ríkisfána, sem ekkert tilefni var til, því að í veg hans hafði enginn þröskuldur verið lagður. Nema ef það á að vera tilefnið, að danskur maður, sem á að verja okkur fyrir ágangi erlendra ránsmanna, tekur það upp hjá sjálfum sér umboðslaus frá öllum, að hertaka lögmæta eign Íslendings í íslenzkri höfn. Stjórnarráðið rýkur þá ekki upp til handa og fóta með fyrirskipanir til lögreglustjóranna, að þeir gæti að því, að slíkum yfirgangi verði ekki við komið. Nei, heldur segir það: Gættu að því, að fáni yfirgangsmannsins blakti á hverri stöng. Mig undrar ekki, þó að alþýða manna fái kala til þeirra valdhafa, er slíku fara fram

Eg tók eftir því, að háttv. þm. Sfjk. (V. G.), minn kæri vinur, talaði um, að þetta frv. væri illa undirbúið af stjórnarinnar hendi, þar sem hér væru ekki tekin til samanburðar launakjör embættismanna í öðrum löndum.

Þó að eg sé nú ekki dyggur fylgismaður stjórnarinnar, get eg ekki álasað henni fyrir þetta, því að slíkur samanburður á hér alls ekki við. Hér má ekki fara eftir því, hvað aðrar þjóðir geta boðið embættismönnum sínum, heldur eftir ástæðum okkar og efnafari, því sem hér er.

Hæstv. ráðherra hélt, að háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) hefði verið að tala að gamni sínu og áleit því óþarft að svara ræðu hans. En þar var alt sagt í alvöru og hvert orð á réttum stað, og skil eg því ekki, hvers vegna hæstv. ráðh. andmælti ekki þeirri ræðu, nema ef hann hefir ekki treyst sér til þess. Henni hefði hann einmitt sérstaklega þurft að andmæla, ef hann hefði viljað andmæla einhverju af því sem sagt hefir verið.

Hæstv. ráðherra vildi neita því, að hér væri byrjað á öfugum enda. Að vísu er full þörf á að bæta launakjör kennarastéttarinnar, en eg verð að líta svo á, að byrjað sé á öfugum enda með því að taka ina hæstlaunuðu embættismenn með. Það hefði bara átt að bæta kjör skólakennaranna, því að ef nokkrir þurfa þess, þá eru það kennararnir. Þótt eg viti að fæði og húsaleiga — og föt eins og hæstv. ráðh. nefndi, þó hækkunin sé ekki tiltakanlega mikil á þeim lið — hafi hækkað mjög á seinni tímum, verð eg að halda því fram, að 4—5 þús. kr. lann séu fullsæmileg handa hverjum manni. Það verður að vísu ekki lifað neinu auðmannalífi á því, en

má komast mjög sómasamlega af með þau laun og fullkominn óþarfi að hafa þau hærri. Þó undanskil eg dómara, því þeir þurfa að hafa hærri laun en aðrir embættismenn, svo að þeir þurfi ekki að taka að sér nein aukastörf, sem geti gert þá háða öðrum. Dómari á að vera öllum óháður.

Ef tekið hefði verið verið fram í frv. um að hækka laun dómaranna við landsyfirréttinn, að þeir mættu engin störf hafa með höndum önnur en þau, sem dómarastöðunni fylgdu, þá veit eg ekki nema eg hefði verið með því. En hér er flækt inn í launum annara embættismanna, sem engin ástæða er til að hækka, og þess vegna get eg ekki verið með frumvarpinu.

En aðalástæða mín er þó ekki þessi, því að þetta mætti auðvitað laga með breytingartillögu — fella í burtu landssímastjóra, landritara og byskup o. s. frv. — en eg vil ekki láta hreyfa við launalögunum fyr en búið er að afnema öll eftirlaun. Eg hefi ásamt öðrum góðum mönnum komið fram með frumvarp til stjórnarskipunarlaga, þar sem meðal annars er gert ráð fyrir að láta öll eftlaun falla úr sögunni. Þegar það væri komið í kring, vildi eg að stjórnin tæki launalögin til rækilegrar meðferðar og athugaði meðal annars, hvort ekki mætti fækka embættismönnunum. Eg vil t. d. benda á, að sýslumönnum mundi mega fækka að mun, og fæ ekki betur séð, en að nægja mætti einn dómari í landsfjórðungi hverjum. Þá yrði hægara að launa sæmilega þeim sem nú hafa lægst laun og eiga erfiðast með að komast af. Þó vildi eg ekki að laun neins embættismanns yrðu hærri en 5000 kr. Tala eg hér ekki um ráðherralaun, sem vitanlega þurfa að vera nokkru hærri.

Eg skal enn taka það skýrt fram, að eg vil ekki að hreyft sé við launalöggjöfidni fyr en eftirlaun eru með öllu afnumin. Eg er því á móti frv., álít réttast að það fái að hvíla sig í bráðina, og mun greiða atkvæði á móti því að það nái fram að ganga til 2. umr.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Eg er ekki fyllilega samdóma sumu af því sem sagt hefir verið móti frv. í dag, þó eg geti tekið undir margt af því. Ekki er eg heldur fyllilega samdóma hæstv. ráðherra (H. H.) um það, að algerlega ástæðulaust sé að segja, að með frumv. þessu sé byrjað að ofan. Sumir líta svo á, sem kennarar mentaskólans, sem allir játa að hafi fylstu þörf á launaviðbót, séu notaðir eins og nokkurs konar dufl eða flotholt til að fleyta þeim hálaunuðu í gegn um þingið.

Eg vil mæla með, að málið verði sett í nefnd. Hygg að það sé m. a. gott verkefni fyrir nefnd, að kljúfa frumv. í tvent, taka kennarana sér, því þeir geta ekki lifað við þau launakjör, sem þeir eiga við að búa, og hina sér. Myndi það hafa verið réttara, að málið hefði komið þannig útbúið frá stjórninni. Í annan stað myndu ítarlegar röksemdir með og móti frumvarpinu koma fram í nefndinni, og væri það réttara gagnvart þeim embættismönnum, sem í hlut eiga, og þjóðinni, að þm. gæfist kostur á að afmarka sem glöggast afstöðu sína, ekki að eins til frumvarpsins í heild sinni, heldur og til einstakra liða þess.

Eg leyfi mér því að stinga upp á 5 manna nefnd, hvað sem svo verður um frumvarpið.

**Magnús Kristjánsson:** Það er ekki mín meining með því að standa upp, að leggja þessu frv. liðsyrði að svo komnu. Mín meining með því er að láta í ljós undrun mína yfir sumum þeim ræðum, sem fram eru komnar í þessu máli.

Eg get ekki séð að ástæða sé til að

áfella stjórnina fyrir að koma fram með þetta frv.

Embættismennirnir sjálfir hafa gefið ástæðu til þess að málið er fram komið, með því að snúa sér til stjórnarinnar sem ins eina rétta málsaðila til að vera milliliður milli þeirra og þingsins.

Það kemur annars hálf-undarlega fyrir, að allar þessar vandlætingar koma fram á þann hátt, sem raun er á, frá þeim mönnum, sem öllum þykjast frjálslyndari. Með þesssu vilja þeir svifta embættismennina þeim rétti, sem þeir hafa, til að snúa sér með vankvæði sín til þingsins. Það væri algerlega rangt, að fella málið frá nefnd, því að eg fæ ekki betur séð, hvernig sem með frv. fer, en að það hljóti að verða til gagns á sínum tíma, að um það verði fjallað í nefnd. Nefnd, sem kosin yrði í málið, myndi koma fram með einhverjar þær bendingar, sem að liði yrgu seinna. Eg er sannfærður um að þessir menn, sem flytja hér langar ræður á móti þessu frumvarpi og vilja láta fella það nú við 1. umr. tímans vegna, eru ekki ævinlega svo sparir á tíma þinsins.

Það væri að misbjóða þeim embættismönnum, sem hér eiga hlut að, og ósæmilegt í alla staði að skera málið niður nú á þessu stigi.

Eg vil ekki fara nákvæmlega út í einstök atriði frumvarpsins, en benda skal eg á það, að þegar verið er að tala um, hver áhrif þetta hafi á fjárhag landsins, þá líta menn að eins á aðra hliðina.

Það er sagt, að farið sé fram á að hækka laun landritara. Þetta er ekki rétt. Það er þvert á móti farið fram á að lækka þau. Þegar byrjunarlaunin eru lækkuð um 1000 kr. á ári, en hækka svo um 300 kr. á hverjum 3 árum, þá fæ eg ekki séð að hækkunin nemi meira en 10% af lækkuninni fyrst í stað.

Eg tek það fram enn á ný, að eg álít það og ósanngjart að bægja málinu frá nefnd.

**Ráðherrann (H. H.):** Eg gat varla trúað mínum eigin eyrum, þegar eg heyrði fyrsta þingmanninn segja, að rétt væri að skera málið niður án nefndar. Eg hefi talið það sjálfsagt, að nefnd yrði sett í málið, ekki af því að eg ætlaðist beint til þess, eða byggist við því, að það yrði gert af kurteisi við stjórnina, heldur bjóst eg við að menn vildu taka svo mikið tillit til þeirra embættismanna, sem hér eiga hlut að máli, að þingið þó að minsta kosti taki til athugunar, hvað það er, sem þeir fara fram á, lesi umsóknarskjöl þeirra og meti röksemdir þeirra.

Eg þakka því háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) fyrir tillögu hans um að setja nefnd í málið. En eg býst við, að 5 menn verði ekki nóg, og vil því leyfa mér að stinga upp á 7 manna nefnd. Ekki vegna þess máls eins, heldur til þess að öðrum frumvörpum, líks eðlis, sem koma fram seinna, geti orðið vísað til sömu nefndar. Eg álít rétt að gera þessum málum jafn hátt undir höfði og skattamálunum. Ef almenningur er eins óánægður með laun embættismanna eins og látið hefir verið í veðri vaka hér í dag, myndi ekki veita af að taka launalögin til sem rækilegastrar yfirvegunar.

**Jóhannes Jóhannesson:** Hæstv. ráðherra (H. H.) gat þess í inni ítarlegu inngangsræðu sinni, að merkisbóndi einn af Austurlandi hefði sagt við sig, að þingmenn, þeir er í Reykjavík eru búsettir, væru í raun og veru ómagar þjóðarinnar og ættu engin laun skilið að fá úr landsjóði fyrir þingstarfsemi sína. — Þetta kemur mér nokkuð ókunnuglega fyrir, ef inn hæstv. ráðherra með orðinu »Austurland« hefir átt við Austfirð-

ingafjórðung, sérstaklega Múlasýslur. Eg er búinn að dvelja þar í 16 ár og þykist þekkja flesta merkisbændur þar og mega fullyrða, að slíkur kotungs-hugsunarháttur, og ummælin lýsa, sé ekki til hjá þeim. Það getur verið, að þessi hugsunarháttur sé til hjá einhverjum Austfirðingum, og það mönnum, sem við búskap fást, en það eru þá menn, sem ekki kunna að búa, verðskulda ekki ið virðuglega bóndanafn. Hitt er annað mál, að Austfirðingar vilja að sparlega sé farið fé landsins, bæði til embættislauna og annars, en þeir svelta ekki hjú sín og ætlast ekki til þess að þjóðin svelti starfsmenn sína.

Eg er samdóma háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) um það, að stjórnin hafi sett hreppstjóralaunin alt of lágt í frumv. sínu og vænti þess, að væntanleg nefnd í því máli bæti þar úr skák.

**Matthías Ólafsson:** Eg vildi að eins segja örfá orð, einungis til að lýsa óánægju minni yfir því, í hvaða átt umræðurnar hafa gengið í dag. Þær hafa að mestu snúist um annarleg efni og farið utan hjá aðalefninu.

Mönnum hefir komið saman um, að rétt væri að bæta kjör kennaranna, en samt hafa menn viljað bægja málinu frá nefnd. Það eina rétta sem komið hefir fram frá andstæðinganna hlið, er till. háttv. í. þm. S.-Múl. (J. Ól.) um að setja málið í nefnd.

Eg þykist vera viss um, að það sé satt, að þegar fregnin um þetta frumv. barst út um land, þá hafi hún vakið mikla óánægju meðal almennings. En þess ber að gæta, að ekki var altjent sagt rétt frá, heldur var fregnin oft og tíðum blandin margvíslegum ýkjum og ósannindum. Og enginn hlutur slær viðkvæmara á strengi alþýðunnar, heldur en það, þegar talað er um að auka útgjöld landssjóðs. Það getur því verið góð kosningabeita að vera á móti slíkum frumvörpum, en sú hjálp dugar að eins í svip, en ekki til langframa.

Ef þingið kemst nú að þeirri niðurstöðu, að fella hækkun á launum kennara mentaskólans, þá væri rétta svarið við því, að þeir segðu allir af sér og færu að stunda einhverja aðra atvinnu. Og hvernig værum við staddir þá? Væri þá ekki betra að hafa veitt þeim launaviðbótina?

Eg segi ekkert um, hvernig eg greiði atkv. um aðra liði þessa frumvarps, en eg mun hiklaust greiða atkv. með hækkun á launum kennaranna.

Eg álít, að kennarastétt landsins sé yfir höfuð frekar illa launuð.

**Lárus H. Bjarnason:** Eg var að bíða eftir því, að stjórnarflokknum gæfist kostur á að taka til máls, en eg sakna enn þá eins, sem sé háttv. þm. Vestm. (J. M.).

Eg tek til máls af því, að eg hygg að árásir þær sem embættismannaflokkurinn hefir orðið fyrir bæði utan þings og á þingi, sérsaklega frá háttv. 1. þingm. Árn. (S. S.), séu allsendis ómaklegar. Þar er auðvitað misjafn sauður í mörgu fé, en það dugar ekki að dæma alla embættismenn eftir því, þó einstakir embættismenn hafi gefist illa. Það eru til málrófsmenn meðal bænda, en þar fyrir eru ekki allir bændastéttarmenn með því marki brendir.

Eigi embættismenn yfirleitt miður góðu áliti að fagna, hygg eg það sérstaklega að kenna slettum á stéttina af einstaka alls óhæfum mönnum, sem nýjar og gamlar stjórnir hafa liðið alt of lengi og jafnvel hampað alveg ómaklega á eftir.

Kjósendum mínum er kunnug afstaða mín til þessara launahækkunarmála. En þó eg sé þeim andvígur, sé eg ekkert á móti að málið komist í nefnd, þó

ekki sé nema af kurteisi við gamlan flokksbróður, hv. ráðherra. En eg hygg, að 5 manna nefnd sé nóg og engin ástæða til að hafa hana 7; ekki vert að eyða tíma þingsins með því að binda of marga menn í einstökum nefndum.

ATKV.GR.:

Vísað til 2. umr. með 18:6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Benedikt Sveinsson |
| Jón Jónsson | Bjarni Jónsson |
| Björn Kristjánsson | Guðmundur Eggerz |
| Einar Jónsson | Sig. Sigurðsson |
| Halldór Steinsson | Skúli Thoroddsen |
| Hannes Hafstein | Þorleifur Jónsson |
| Jóh. Jóhannesson | |
| Jón Magnússon | |
| Jón Ólafsson | |
| Kristján Jónsson | |
| Lárus H. Bjarnason | |
| Magnús Kristjánss. | |
| Matthías Ólafsson | |
| Ólafur Briem | |
| Pétur Jónsson | |
| Stefán Stefánsson | |
| Tryggvi Bjarnason | |
| Valtýr Guðmundss. | |

Kristinn Daníelsson fjarverandi.

Sþ. að kjósa nefnd með 17 shlj. atkv.

5 manna nefnd sþ. með 14 atkv.

Kosningu hlutu með hlutfallskosningu:

Sigurður Sigurðsson,
Guðmundur Eggerz,
Magnús Kristjánsson,
Benedikt Sveinsson,
Ólafur Briem.

---

FRUMVARP til laga um laun hreppstjóra; 1. umr.

**Ráðherrann (H. H.):** Þetta frv. stendur í nánu sambandi við frv., sem rætt var hér í gær í deildinni, nefnil. frv. um tekjuskatt. Samkvæmt því frv. á að afnema ábúðar- og lausafjárskatt, en laun hreppstjóra hafa hingað til verið miðuð við ábúðar- og lausafjárhundruð. Verði frv. um tekjuskatt samþykt, þá liggur í augum uppi að ný ákvæði þarf að setja um laun hreppstjóra. Eg vona að hv. þm. hafi nú fengið í hendur álitsskjal skattamálanefndarinnar frá 1908. Þar fást allar upplýsingar þessu máli viðvíkjandi — þær eru ekki umfangs miklar, því að málið er afar einfalt og óbrotið. Eg býst við að háttv. þm. Sfjk. (V. G.) sakni í þessu máli skýrslu og samanburðar á launum hreppstjóra annara landa, en því miður get eg ekki látið honum hana í té, því mér er ekki kunnugt um, hvort alveg samsvarandi embættismenn eru þar til. Um hreppstjóralaunin hér er það annars sannast að segja, að þau eru engin í þeim skilningi, sem talað er um embættismannalaun. Þessi litla þóknun, sem nefnd er hreppstjóralaun, er að eins lítilfjörleg borgun upp í útgjöld, sem þeir hafa til að kaupa pappír, ritföng o. s. frv. Og að öðru leyti fá þeir eins og kunnugt er dálitla borgun fyrir hvert réttarverk, er þeir vinna, eftir sérstökum lögum.

Hve miklu hækkunin nemi, er hægt að reikna út. Nú eru áætlaðar 8000 kr. á fjárlögunum — en af þeirri upphæð hafa ekki verið notaðar nema 7683 kr. Eg býst við að eftir þessu frv. muni upphæðin verða 8500 kr., þegar öll kurl koma til grafar, svo að ekki setur sú uppfærsla landssjóðinn á höfuðið.

**Pétur Jónsson:** Vegna þess að þetta mál stendur í nánu sambandi við frv. um tekjuskatt — enn þá nánara en við launamálin — þá leyfi eg mér að stinga upp á því að því verði vísað til skattamálanefndarinnar.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 21 atkv.

Málinu vísað til skattamálanefndarinnar með 13 atkv.

---

FRUMVARP til laga um verðlag; 1. umr.

**Ráðherrann (H. H.):** Alt, sem um þetta frumv. þarf að segja, er tekið fram í athugasemdunum við það, svo að eg get látið mér nægja að vísa til þeirra.

Eg skal leyfa mér að stinga upp á að þessu máli verði eins og málinu á undan vísað til skattamálanefndarinnar, að þessari umr. lokinni.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Málinu vísað til sattamálanefndarinnar með 16 shlj. atkv.

---

FRUMVARP til laga um breyting á þeim tíma, er manntalsþing skulu háð; 1. umr.

**Ráðherrann (H. H.):** Þetta mál stendur líka í sambandi við skattamál landsins. Ein af inum nýju tillögum stjórnarinnar er sú, að koma skattamálunum svo fyrir, að skattar verði greiddir fyrir undanfarið ár strax að því ári liðnu, svo að ekki þurfi að bíða þess í 2 ár eins og að undanförnu.

En til þess, að þessu verði þannig fyrir komið, þarf innheimtunni að vera svo farið, að skýrslur skattanefnda geti náð til sýslumanna nokkru fyrir manntalsþing ár hvert. Nú eru manntalsþing ekki háð á sama tíma um land alt. Í Skaftafellssýslunum munu þau háð í Marzmánuði, víðast hvar annastaðar seinna, sumstaðar í Júlímánuði, en aðalreglan mun vera að halda þau í Júní. Til þess að koma samræmi á er hér stungið upp á, að þing skuli háð alstaðar á landinu seinast í Júní. Til þess tíma ættu skattanefndir að hafa getað lokið störfum sínum. Það gæti raunar hugsast að dálítill bagi gæti orðið að þessu í Skaftafellssýslu, vegna vatnavaxta í Júní, en þar sem nú er orðin föst regla að við halda færum vegi yfir jöklana, að minsta kosti Beiðamerkurjökul, ætti þetta þá að geta lánast einnig þar.

Eg leyfi mér að stinga upp á að málinu verði vísað til skattamálanefndarinnar að þessari umr. lokinni.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. í einu hlj.

Málinu vísað til skattamálanefndarinnar með 15 shlj. atkv.

---

TILLAGA til þingsályktunar um skipun nefndar til að íhuga hag Landsbankans. Hvernig ræða skuli.

Samþykt í einu hljóði, eftir tillögu forseta, að hafa eina umr. um málið.

---

TILLAGA til þingsályktunar um skipun nefndar til að íhuga samgöngumál. Hvernig ræða skuli.

Samþykt í einu hljóði, eftir tillögu forseta, að hafa eina umr. um málið.

Fundi slitið.

---

## 6. fundur.

Þriðjudag 8. Júlí 1913, kl. 12 á hádegi.

Dagskrá:

1. Frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um in

sérstaklegu málefni Íslands 5. Jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. Okt. 1903 (36); 1. umr.
2. Frv. til laga um sérstök eftirlaun handa skáldinu Steingrími Thorsteinsson rektor (stj.frv.); 1. umr.
3. Frv. til laga um verkfræðing landsins (stj.frv.); 1. umr.
4. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 56, 22. Nóv. 1907, um stjórn Landsbókasafnsins (stj.frv.); 1. umr.
5. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 63, 22. Nóv. 1907, um kennaraskóla í Reykjavík (stj.frv.); 1. umr.
6. Frv. til laga um breyting á 33. gr. í lögum nr. 59, 22. Nóv. 1907, um fræðslu barna (stj.frv.); 1. umr.
7. Frv. til laga um samþyktir um eftirlit úr landi með fiskiveiðum í landhelgi (37); 1. umr.

---

Allir á fundi. Fundarbók síðasta fundar lesin upp, samþ. og staðfest.

Forseti tilkynti, að nefnd sú sem kosin hefði verið til að íhuga frumv. til laga um breyting á lögum 15. Okt. 1875 um laun íslenzkra embættismanna, hefði kosið sér formann Guðm. Eggerz, 2. þm. S.-Múl. og skrifara Sigurð Sigurðsson, 1. þm. Árn.

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið í deildinni:

1. Frumv. til laga um samþyktir um hringnótaveiði. — Flm: Stef. Stef., Ólafur Briem (44).
2. Tillaga til þingsályktunar um skipun landbúnaðarnefndar.
   Flutnm.: Sig. Sig., Stef Stef. Eyf., Þorl. Jónsson, Ólafur Briem, Pétur Jónsson, Einar Jónsson (47).

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið frá efri deild:

1. Frv. til laga um viðauka við lög um friðun fugla frá 27. Nóv. 1903 (46). — Flutnm.: Björn Þorláksson, Jósef Björnsson.
2. Frv. til laga um breyting á viðaukalögum frá 23. Marz 1894 við tilskipun um veiði á Íslandi 20. Júní 1849. — Flutnm.: Björn Þorláksson, Jósef Björnsson.

Forseti skýrði frá, að lagt hefði verið fram á lestrasal:

1. Erindi frá Kristínu Jónsdóttur um 600 kr. fjárstyrk til framhaldsnáms á listaháskólanum í Kaupmannahöfn (2. fylgiskj.).
2. 3 þingmálafundargerðir úr Strandasýslu.
3. Erindi frá fundi á Óspakseyri um fjárveitingu til þjóðvegarins frá Bitrufjarðarbotni til Gilsfjarðarbotns.
4. 2 þingmálafundargerðir úr Vestur-Skaftafellssýslu.
5. Íbúar Hvammshrepps í Vestur-Skaftafellssýslu sækja um 7000 kr. lán úr viðlagasjóði til að raflýsa Vík í Mýrdal.
6. Þingmálafundargerð frá Akureyri.
7. Erindi frá Jóni Jónssyni dócent, er sækir um 1500 kr. styrk til utanferðar til að rannsaka skjalasöfn erlendis.
8. Erindi frá Sigurgeir Einarssyni um 1200 kr. fjárveitingu í fjáraukalögum 1912—1913 auk 1159,70 kr. ógoldins ferðakostnaðar, eða samtals 2359,70 kr.
9. Erindi frá sama um ullarverkun.
10. Erindi frá Páli Þorkelssyni í Reykjavík með umsókn um 1200 kr. styrk hvort árið til þess að vinna að samningu og útgáfu íslenzk-franskrar orðabókar (með 51 fylgiskj. og 1 bók).
11. 15 skjöl frá Guðmundi Hjaltasyni.
12. Erindi frá 31 konu með ósk um aukin réttindi.

---

FRUMVARP til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5. Jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1903; 1. umr.

**Bjarni Jónsson:** Það hefir því miður slæðst prentvilla inn í frumv., sem eg vil biðja menn velvirðingar á. Þar stendur flutningsmaður í stað flutningsmenn.

Eg held að óhætt sé að fullyrða um stjórnarskrármálið, að það hafi verið áhugamál allra landsmanna og allra flokka í landinu nú um nokkur ár. Árið 1911 voru allir flokkar á Alþingi sammála um að breyta stjórnarskránni. Þá voru menn komnir að raun um, að engum samningum varð komið á við Dani í sambandsmálinu, sem búist hafði verið við árið 1909. Danir virtu Alþingi ekki einu sinni svars.

Undarlegt þótti, er aukaþingið 1912, ið sama þing, sem einmitt hafði komið saman vegna stjórnarskrármálsins, leiddi það mál algerlega hjá sér. Hefði það alls eigi komið til umræðu þá, hefði því eigi verið hreyft af þeim sömu mönnum, er nú bera fram þetta frv.

Þá var það, sem stjórnin hafði von um að geta komið bræðingnum í kring, en nú er komin full reynsla að ekkert verður úr honum, né heldur eftirrennara hans, sem eg ekki vil nefna.

Eg sé eigi að nú sé nokkuð til fyrirstöðu, að stjórnarskráin nái fram að ganga, nema máske að stjórnin ynni á móti því, til að fyrirbyggja að nýjar kosningar fari fram í landinu og reyna þannig að halda í inn valta sess sinn. En eg vil eigi gera stjórninni slíkar getsakir að óreyndu; vil að eins benda á, að það mundi vekja illan grun, ef þeir nú snerist á móti frv., sem vildu ólmir að stjórnarskr. yrði breytt 1911, grun um, að þeir hafi þá leiðst af valdavon en eigi af ættjarðarást.

Það væri óskiljanlegt, að nokkur Íslendingur væri því mótfallinn, að numið væri úr stjórnarskránni ákvæðið að bera upp íslenzk mál í ríkisráði Dana. Það er öllum ljóst, að það er bláber vitleysa, að þing Íslendinga ráði nokkru um, hverjir komi í ríkisráð Dana. En út af þessu ákvæði gefst dönskum málaflækjumönnum, er eg eigi vil nefna hér, kostur á að leggja annan skilning í afstöðu Íslands til Danmerkur en nokkur réttur er til, skilning, sem eg er sannfærður um að enginn Íslendingur aðhyllist. Eg vil eigi vera að nefna nafn helzta mannsins, er um þetta hefir skrifað.

Eg tel víst, að allir séu sammála um, að taka þetta ákvæði úr gildandi lögum, en það sama löggjafarvald, sem hefir sett það inn, hefir líka rétt til að nema það burt, og má oss eigi henda, að vér frestum því lengur.

Allir eru eru sammála um að afnema ina konungkjörnu þingmenn, enda eiga þeir alls ekki heima í því stjórnarfyrirkomulagi, sem hér er.

Það er líka algerlega rangt gagnvart kjósendum landsins, að ráðherra hafi rétt til að kjósa 6 menn á þingið. Upprunalega var til þess ætlast, að valdir væru hæfir menn og reyndir, en svo hefir alls ekki reynst, heldur hafa inir konungkjörnu ávalt talið skyldu sína að fylgja ráðherra að málum. Þannig hafa ráðherrar haft 7-falt atkvæði á þinginu, er þeir voru þingmenn sjálfir, en sex-falt þótt þeir væru eigi þingmenn.

Þarf eg eigi að ræða þetta mál lengur eða færa rök fyrir því, þar sem allir eru sammála.

Þá vík eg að rýmkun kosningarréttarins. Því máli var meiri hluti á alþingi samþykkur 1911, enda liggur það í augum uppi, að það er réttur hvers einasta íslenzks þegns, að fá að kjósa

fulltrúa fyrir sig til að sitja á löggjafarþingi þjóðarinnar. Í því efni ber alls alls ekki að taka tillit til kyns, eða hvort maður geldur meira eða minna til almennings þarfa. Það hlýtur hverjum manni að vera ljóst, að jafnrétti á að vera milli kynjanna.

Til þess væri meiri ástæða, að þeir sem meira gjalda, hefðu meiri atkvæði um landsmál. Það er kunnugt úr sögu Grikkja og Rómverja, að þar var auðvald (timokrati), og urðu t. d. rómverskir ráðherrar (senatores) að eiga 400.000 sest., og riddarar nokkru minna, en þó mikinn auð. En þar var öðru máli að gegna, þar eð auðmennirnir báru þar allar byrðar þjóðfélagsins. Þó náði alþýða manna smám saman meira og meira rétti sér til handa og hefir alþýðan síðan alstaðar rutt sér til rúms. En þar sem takmarkið hér er nú að eins 4 krónu skattur, þá virðist það ekki annað en fíflaskapur, ef svo sterk orð má viðhafa hér, því að þá er engri grundvallarreglu fylgt. Kemur þetta oft hlálega við.

Mér er sagt, að meðan verzlun Péturs Thorsteinssonar stóð með sem mestum blóma á Bíldudal, hafi ekki nema 5 menn haft kosningarrétt í allri sveitinni. Stóð þannig á því, að verzlunin bar öll útgjöldin, svo að eigi þurfti að leggja neitt á aðra íbúa sveitarinnar. Kannske var reyndar gjaldið eitthvað hærra þá, tólf krónur.

Þá er atriðið, þar sem tekið er fram, að til þess að verða kjörgengur til alþingis, þurfi maður að vera búsettur í landinu, eða að minsta kosti hafa verið það, árið áður en maður býður sig fram. Eg býst við að þetta ákvæði nái fram að ganga, þótt reynt hafi verið að gera það óvinsælt með því að telja það framkomið til að amast við háttv. þm. Sfjk. (V. G.). En þó hann sé bæði mikilsmetinn maður og vinur minn, mundi eg þó aldrei gera honum svo hátt undir höfði, að bera fram stjórnarskrárbreytingar gegn honum. Ástæðan er blátt áfram sú, að slíkt ákvæði er sjálfsagt. Það er bæði hlægilegt og óþolandi, að menn, sem eru búsettir og starfandi í öðru ríki, þótt það land sé í eins konar sambandi við oss, eigi þingsetu hér. Þingsetan er eigi bundin við að maður sé fæddur á Íslandi, og gæti t. d. maðurinn, sem eg ekki vildi nefna áðan, orðið kosinn á þing hér í næsta skifti. Ef miðað væri við þjóðerni, væri auðvitað Íslendingum í Vesturheimi heimil þingseta. Það virðist ekki til of mikils ætlast, að menn séu búsettir hér á landi til þess að öðlast kjörgengi, þegar af kjósendum er krafist þess, að þeir hafi verið búsettir 1 ár í kjördæminu.

Getur verið, að menn verði eigi á eitt sáttir á þinginu um þetta mál, en þjóðin mun vera það.

Eg þykist vita, að menn séu sammála um ákvæðið frá 1911, sem sett var til að fyrirbyggja flysjungsháttí samningum við aðrar þjóðir, svo að eigi geti þingmeirihluti, sem verður til af hendingu, með hrossakaupum eða því um líku, bundið oss neinn eilífðarbagga eða riðið komandi kynslóðum þann hnút, sem eigi verði leystur. Þarf eigi síður að búa hér vandlega um en um breytingar á stjórnarskránni. En þar er eins og menn vita ákveðið, að nýjar kosningar þurfi að fara fram, þegar um stjórnarskrárbreytingu er að ræða. Eg hætti svo að tala um þetta; þykist hafa sýnt fram á, að mikil þörf sé á að stjórnarskrárbreyting nái fram að ganga á þessu þingi.

Eg ætla að bæta því við, að eg trúi ekki að kjósendur þakki ekki þeim þingmönnum, er á móti stjórnarskrárbreytingu eru, með því að veita þeim undanþágu frá að sitja á þingi næsta sinn. Vér, sem á þessu þingi sitjum,

erum eigi annað en fulltrúar kjósenda vorra, og okkur ber, sem slíkum, að vinna þau verk, sem þeir leggja okkur á herðar.

Af þessum ástæðum hefi eg ráðist í, ásamt með háttv. meðflytjendum mínum, að leggja enn á ný fram fyrir þingið frumv. um stjórnarskrármálið, og vona eg að því verði vel tekið, fyrst á þessu þingi, og svo á aukaþinginu, svo einhvern tíma verði bundinn endi á þetta mál.

Að endingu vil eg leyfa mér að stinga upp á 5 manna nefnd í málið.

**Lárus H. Bjarnason:** Eg stend aðallega upp til þess, að láta í ljósi undrun mína á, að stjórnin skuli ekki hafa lagt fram frumv. til stjórnarskrárbreytingar.

Eg skildi svo þingið 1912, sem það væri vilji þess, að stjórnin beittist fyrir stj.skr.fr.varp svo framarlega sem ekki fengist góðar undirtektir hjá Dönum um sambandsmálið, en nú eru vonir flestra um það strandaðar.

Það voru ekki einungis frv. flytjendur 1912, heldur allur þá verandi miklu meiri hluti Alþingis.

Því til sönnunar vil eg leyfa mér að lesa nokkur orð upp úr nefndaráliti meiri hlutans, sbr. Alþt. 1912 A. nr. 236, bls. 371—72:

»En verði sú niðurstaða á þessum málaleitunum af Íslands hálfu, að samningar ekki takist við Danmörku, þá má ganga að því vísu, að stjórninni verði þau úrslit kunn svo löngu fyrir næsta Alþingi, að hún geti undirbúið og lagt fyrir þingið frumvarp um þær breytingar á núgildandi stjórnarskrá, er hún telur líklegt að sæmilegur meiri hluti Alþingis muni samþykkja«.

Þingsályktunartillagan sjálf var á þessa leið:

»Neðri deild Alþ. ályktar að skora á landsstjórnina að leggja fyrir næsta Alþingi frv. til breytinga á stj.skrá landsins, svo framarlega, sem þá verður ekki fengin vís von um góðar undirtektir af hendi Dana undir nýja samninga um sambandsmálið á grundvelli frumvarps millilandanefndarinnar frá 1908«.

Hér má og skírskota til tillögu minnar á þgskj. nr. 368, Alþt. 1912 A. bls. 484. Tillagan hljóðar á þessa leið:

»Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landstjórnina, að leggja fyrir næsta Alþingi frumv. til breytinga á stjórnarskrá landsins, svo framarlega, sem þá verður ekki fengin vís von um góðar undirtektir af hendi Dana undir nýja samninga um sambandsmálið, á grundvelli frumvarps millilandanefndarinnar 1908«.

Fyrri tillögunni var að vísu vísað á bug með rökstuddri dagskrá og tillaga mín varð úti í bræðingsmollunni. En þær eru þó báðar skír vottur um skoðun Alþingis-meiri-hlutans 1912, enda ber rökstudda dagskráin, sem verður að skoðast í ljósi tillagnanna, að sama brunni. Rökstudda dagskráin stendur í B-deild Alþt. 1912 og hljóðar svo:

»*Með því að* til stendur að leita samkomulags við Dani um sambandsmálið á grundvelli frumv. millilandanefndarinnar 1908 með þeim breytingum, er samkomulag fæst um, bæði inn á við og út á við, en það mundi að sjálfsögðu leiða til stjórnarskrárbreytingar, þá telur deildin ekki rétt, að gera samþykki um stjórnarskrármálið að þessu sinni og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá«.

Loks átti eg tal við mann, sem meginugur hefði verið þess, að láta von Alþingis 1912 rætast að þessu leyti, og sagði hann mér að hann ætlaði að taka upp stjórnarskrárfrumvarp alþingis 1911, ef samningatilraunirnar við Dani um

sambandsmálið strönduðu. *(Ráðherrann:* Hvar er það prentað?). Hvergi, en hv. ráðherra er jafn persónulega kunnugt um, að þetta er satt, og sjálfum mér.

Úr því að stjórnin hefir brugðist von minni, tel eg vel farið, að frumvarpið er fram komið, og kann flutn.m. þakkir fyrir. Eg mundi sjálfur hafa borið fram stjórnarskrárfrumv., ef aðrir hefðu ekki orðið fyrri til. *Annað mál* er það, *hvað* í frumvarpinu hefði átt að standa, en það á ekki við að ræða um það fyr en við aðra umr. Þó má minna á, að tæplega er rétt að setja þau ákvæði í frumvarpið, sem mjög geta orkað tvímælis, hvort samþykt yrðu af þinginu eða konungi. Sé Alþingi áhugamál að koma fram þeim breytingum, sem lengi hafa verið taldar nauðsynlegar, svo sem kosningarrétti og kjörgengi kvenna, afnámi konungkjörnu þingmannanna o. fl., þá ætti það eigi að spilla þeim breytingum með því að taka inn í frumvarpið ákvæði, sem mjög er tvísýnt um að samþykt verði.

Eg endurtek, að það er vel farið, að frumvarpið er komið fram, og bæti við, að eftir minni skoðun ætti Alþingi að samþykkja fullnaðar-frumvarp. Það er nauðsynlegt af fleiri en einni ástæðu.

Eg hefi góða von um, að líkt frumv. nái fram að ganga, að minsta kosti í þessari deild.

**Einar Jónsson:** Það frv., sem hér er framkomið, frá þremur háttv. þingmönnum fjallar um það mál, sem þjóðinni er einna mest hugleikið að rætt sé um og athugað. Eg tek því í sama strenginn og háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) og þakka hinum háttv. flutn.m. fyrir það, að þeir hafa flutt þetta frv.

Eg ætla mér ekki að ræða einstakar greinar frv., enda liggur það ekki fyrir við 1. umr. málsins. Þó vil eg geta þess, að ýmis atriði þessa frumvarps eru þannig löguð, að eg býst ekki við að geta verið þeim að öllu leyti samþykkur þegar til kemur. Eg get nefnt t. d. ákvæðin í 11. gr.

Því er stundum kastað framan í okkur þingmenn, að við séum hræddir við kjósendur. Hvað sem því líður, verður því ekki neitað, að talsverð ábyrgð hvílir á okkur að fara að eindregnum vilja kjósendanna, þar sem það verður samrýmt við okkar eigin vilja og skoðanir.

Þess vegna er það ósk mín og von að við skiljumst ekki fyr, en þjóðin hefir verið gerð ánægð að þessu leyti. Það er full þörf á því, að Alþingi 1913 skilji ekki eins illa við þetta mál og Alþingi 1912 gerði.

Þó að eg, eins og eg mintist á, hafi sitthvað við frumvarpið að athuga, og geti ekki verið því samþykkur að öllu, mun eg gera mitt til að það nái fram að ganga í einhverri mynd. Vil eg svo leyfa mér að endurtaka þakklæti mitt til inna háttv. flutningsmanna, en bíða með frekari skýringar á skoðun minni um þau sérstöku atriði í 11. grein og víðar — til 2. eða 3. umr. málsins.

**Skúli Thoroddsen:** Eg vil geta þess, að þó að eg sé einn af flutningsmönnum þessa frv., þá er það þó háttv. þm. Dal. (B. J.), sem hefir annast undirbúning þess að mestu leyti. Eg yfirfór frumvarpið að mjög fljótlega og vakti þá máls á, og fékk skotið inn í það nokkrum breytingum, einkum að því er rýmkun kosningarréttarins snertir; en tími vanst eigi til nákvæmrar íhugunar, og því eru í frumvarpinu ýmis ákvæði, sem eg er ekki að öllu leyti samþykkur.

Í greindu skyni skal eg t. d. geta þess, að eg er ekki samþykkur því, að ráðherrann sé að eins einn. Eg tel þjóðinni það miklu happasælla, að ráðherrar séu þrír, enda landinu sáralítill kostnaðarauki, ef landritaraembættið, sem sjálfsagt væri, er látið falla úr sögunni,

og að eins einum ráðherranna ætlað að hafa sömu launin sem núverandi ráðherra hefir, en hinir sömu laun og landritari, Allur kostnaðar-aukinn yrði þá: einar 6000 kr. ári.

Ef ráðherrarnir eru þrír, þá felst þar í meiri trygging þess, að rangsleitni eða einræði verði ekki beitt af stjórnarinnar hálfu, heldur en í hinu, að ráðherrann sé að eins einn. Og ef þrír menn spjalla saman um landsins gagn og nauðsynjar, þá er þess meiri vonin, að af því spretti eithvað gott þjóðinni til handa, en ef ráðherrann er að eins einn.

Eg bendi að eins á þetta, til þess að háttv. þingdeildarmönnum komi það síður óvænt, þó að eg finni mig knúðan til að koma síðar með nokkrar brtill., til þess að reyna, að koma frv. í það horf, að eg geti betur felt mig við það.

Út af ræðu háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.), skal eg geta þess, að mér fór að því leyti ólíkt honum, að eg hafði eigi gert mér neina von um, að frumv. um breytingar á stjórnarskránni yrði lagt fyrir þingið af stjórninni, þó að gerðir þingsins 1912 gætu að vísu gefið mönnum fullan rétt til að vænta, að svo yrði. En eg átti enga von á því, að þeir, sem sigruðu við kosningarnar 1911, myndu þegar vilja leggja sig á höggstokkinn 1913, og af sömu ástæðu hefi eg þá og heldur ekki mikla von um, að mál þetta nái fram að ganga á þessu þingi. En það vinst þó, að það verður rætt og athugað, og ætti það þá að verða til góðs undirbúnings, svo að það gæti þá gengið fram á þinginu 1915.

Það sem á hinn bóginn knúði mig til þess, að gerast einn af flutningsmönnum málsins, og eiga þannig þátt í því, að flýta fyrir framgangi þess, það er aðallega það, að eins og stjórnarskipunarlögum vorum nú er háttað, þá er fjölda manna, kvenfólki, vinnuhjúum, mönnum úr húsmanna- og launamannastétt o. fl., **varnað** *þess réttar,* sem hver maður ber í sér, að hann á heimtingu á, engu síður en aðrir, sem fulltíða eru orðnir.

En vér höfum frá forfeðrunum, sem svo oft er hrósað, og ómaklega, auk annars siðleysis einnig tekið það siðleysið í arf, að níðast á lítilmagnanum, er um kosningar- og kjörgengis-réttinn ræðir.

Menn gleyma því um of, er um löggjafarstörfin ræðir, að *löggjafarvaldið er eigi vald, er* **ekki** *eigi sér takmörk,* — þvert á móti vald, sem *takmörkum er bundið,* og takmörkin eru þau, að **lögin eiga að vera siðfræðilega rétt**, þ. e. þau eiga hvorki að bjóða, né heimila, að það sé gert, sem rangt er, *né* heldur að leyfa, að það sé látið viðgangast.

Hve mörg lög, sem því bjóða, eða heimila, að drepa mann, eða limlesta, — eður og bjóða, að beitt skuli t. d. lyginni, blekkingunni, eða undirferlinu, í því eða því skyni, *þá verður það þó aldrei rétt.* Siðferðislega ábyrgðin, og þá og siðferðislega hegningin, engu minni — enda enn meiri — þrátt fyrir lagaákvæðin, er athæfin heimiluðu.

En svo að eg snúi mér aftur að kosningar og kjörgengis-réttinum, þá ræðir þar um rétt, sem hver fulltíða maður, karl og kona, finnur sig eiga, eða veit sig eiga, — gjaldþrotamenn og ákærðir, eða sakfeldir menn, t. d., því eigi síður en aðrir. Lögin, er sumum varna þó þess réttar, eru því í raun og veru — eða í siðfræðilegum skilningi — *alls engin lög.*

Það, að slíkt ástand hafi svo verið frá gamalli tíð, gerir það og eigi betra, en æ verra, — skylduna, til að bæta þá úr, eða setja réttinn í hásætið, enn ríkari.

Á Bretlandi sjáum vér þess og dæmi, hversu ýmsar kvenréttindakonur þar

hafa fundið sér rétt og skylt, að *þola eigi óréttinn*, — fundið sér skylt, að *svífast jafnvel alls einskis* til að knýja fram réttinn.

Hér á landi hefir kvenfólkið til þessa gætt fullrar stillingar; en því ljótara er það þá og, að verða ekki við réttmætmætum kröfum þess, en láta það bíða ári frá ári, af því að ráðandi flokknum hentar ekki í svipinn, að gerðar séu breytingar á stjórnarskránni.

Eg finn svo ekki ástæðu til að fara frekari orðum um málið að svo stöddu, en vil leyfa mér að geta þess, að það mun æ hafa verið venja, þegar um stjórnarskrárbreytingar hefir verið að ræða, að þá hefir 7 manna nefnd verið kosin, en ekki 5 manna nefnd, eins og háttv. þm. Dal. (B. J.) stakk upp á. Eg vil því leyfa mér að gera það að till. minni, að kosin verði 7 manna nefnd, enda mun ekki veita af því, einkum þegar litið er á, að hér í deildinni eru 4 flokkar, sem væntanlega vilja hver um sig koma einum eða tveimur mönnum í nefndina.

**Ráðherrann (H. H.):** Eg finn mér skylt, þegar á þessu stigi málsins, að vekja athygli innar háttv. deildar á þeim skilaboðum, sem flutt voru á þingi í fyrra, að Hans hátign konungurinn sæi sér ekki fært að samþykkja frumv. til breytinga á stjórnarskránni, þar sem slept væri ákvæðinu um uppburð málanna í ríkisráði, meðan ekki væri fengið samkomulag milli Danmerkur og Íslands um samband landanna. Eg hygg að eg fari ekki rangt með, þó að eg segi, að þessi yfirlýsing hafi vegið drjúgum á metaskálunum, þegar mikill meirihluti á alþingi í fyrra varð sammála um, að fresta þessu máli þangað til ítarlegar tilraunir hefðu verið gerðar til þess að leiða sambandsmálið til lykta. Ýmsum þótti ilt að stofna hér til nýrrar baráttu um formatriði, sem enga sérstaka þýðingu hefir í framkvæmdinni, og voru hræddir um, að þjóðin mundi með því rata í þau vandræði, sem hún ætti erfitt með að leysa sig úr.

Eins og menn vita, var það samþykt á þinginu í fyrra, að taka til nýrra tilrauna með sambandsmálið. Það á ekki við að skýra það mál hér, enda er það öllum fullkunnugt. Að eins vil eg leiða athygli innar háttv. deildar að því, að þeim tilraunum er engan veginn lokið enn.

Mig furðar á, að inn háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) skyldi lýsa undrun sinni yfir því, að stjórnin hefði ekki lagt stjórnarskrárfrumv. fyrir þetta þing, og háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) taka í sama strenginn. Eg verð að lýsa undrun minni yfir því, að þeir skuli bera slíkt fram, þar sem það hlýtur að vera öllum augljóst, að stjórnin hlaut að bíða ákvarðana þingmanna á þessu þingi um það, hvort nú yrði tekið upp frumvarp um sambandsmálið eða ekki. Það, að þingsályktunartillagan um stjórnarskrána náði ekki samþykki á þinginu í fyrra, gaf ekki stjórninni ástæðu til að halda, að þingið ætlaðist til, að hún legði stjórnarskrárfrumv. fyrir þingið. In rökstudda dagskrá, um að taka sambandsmálið upp aftur, er engan veginn takmörkuð við árið 1912. Þvert á móti gat naumast verið um annað að ræða á því ári, en að þreifa fyrir sér, og ekkert það er að orðið, sem geri það að verkum, að sagt verði með réttu, að samkomulag sé útilokað í náinni framtíð.

Án tillits til skoðanna á ríkisráðsákvæðinu, hvort það eigi heima í stjórnarskrá vorri eða ekki, verður að líta á það, hvort tími muni vera til kominn að neyða þingmenn til þess að gera eitt af tvennu: annaðhvort hafna samþykt alþingis 1911 um þetta atriði og láta undan síga, eða þá hitt, að hefja

fremur vonlitla baráttu um þetta atriði út af fyrir sig. Mér er það kunnugt, að víðsvegar út um land er það talið glapræði. Í kjördæmi háttv. 1. þingm. Rangv. (E. J.) var það t. d. samþykt með miklum meirihluta, að láta málið hvila sig. (*Bjarni Jónsson:* Með 14 : 5). Það er þvinær þrefalt atkvæðamagn.

Eg fyrir mitt leyti get ekki hrósað því sem neinu happaverki, að þetta frv. hefir verið knúið fram svo skjótt á þessu þingi. Ekkert af breytingunum er þess eðlis, að þær geti ekki beðið án skaða til næsta þings, ef ekki lengur.

En úr því það er fram komið, þá tel eg sjálfsagt að nefnd verði sett í málið og það rætt, en eg vona að háttv. þingmenn taki það til alvarlegrar athugunar, hvað hentugast er og affarasælast fyrir framtíðina, að afgert sé í þessu máli að svo stöddu.

**Lárus H. Bjarnason:** Hv. ráðherra skírskotaði máli sínu til sönnunar til rökstuddrar dagskrár, sem samþykt var hér á þinginu í fyrra og eg gat um áðan. Úr því að hann vitnaði til hennar, vil eg aftur undirstryka upphaf og niðurlag dagskrárinnar. Þau orð skildu allir þingmenn svo, að ætti að merkja 1912, enda höfðu menn þá heyrt skilaboð, þau sem hv. ráðherra gat um. *Allir*, sem eg talaði við, gengu að því vísu, að málið yrði tekið upp 1913, og að stjórnin mundi beita sér fyrir því. Enda kemur það prýðilega heim við fullyrðingu hv. ráðherra, því að það voru hans eigin orð, sem eg hafði yfir áðan: »Þá tökum við upp stjórnarskrárfrumvarpið frá 1911«. (*Ráðherrann:* Hvar er það prentað?). Það er hvergi prentað. (*Ráðherrann:* Er það í vasabók?). Já. Eg hefi þann sið, að skrifa hjá mér, mér og öðrum til upplýsingar, mikilsvarðandi ummæli mikilla og málsmetandi manna. Eg get vitaskuld ekki sannað þetta. Það gerðist heima hjá mér, þegar átti að kristna mig undir bræðinginn, sællar minningar, 17. April kl. milli $3^1/_2$ og 5. (*Ráðherrann:* Stund og staður, sei, sei!). Já, mér þótti það vissara. Eg vissi við hvern eg átti.

Orð hv. ráðherra um að »góðir möguleikar« væru á því, að sambandsmálið yrði leitt til »farsællegra lykta«, að minsta kosti »innan ekki margra ára«, komu mér mjög á óvart, þar sem hv. ráðh. lýsti yfir því á Desbr.-fundunum í fyrra, að enginn þingflokkur í Danmörku vildi líta við Desbr.-boðskapnum sæla, nema þáverandi stjórnarflokkur, sem nú er kominn í algerðan minnihluta. Og af undirtektunum hér á landi undir Desbr.-frumvarpið er það styzt að segja, að ráðherra, jafnmikið karlmenni og hann er, sór þegar af sér faðernið, enda vill enginn þingflokkur hér við því líta.

Eg finn svo ekki ástæðu til að fara frekari orðum um málið. Eg vil leyfa mér að styðja, að 7 manna nefnd verði kosin. Þetta er svo merkilegt mál, að af því mun ekki veita, enda hefir það ávalt verið siður, að 7 manna nefnd fjallaði um þetta mál, og það síðast á þinginu 1912.

**Einar Jónsson:** Eg verð að byrja á því, að biðja hæstv. ráðherra að hlusta á það, að sá meiri hluti, sem samþykti á þingmálafundi í mínu kjördæmi, að hreyfa ekki við stjórnarskrármálinu á þessu þingi, var næsta lítill, einir 14 menn. (*Ráðherrann:* Það voru þó $^3/_4$ hlutar þeirra manna, sem skiftu sér af málinu). Eg get ekki gert að því, þó að bændur hafi sótt illa þingmálafundinn, og eg verð að líta svo á, að þessi meiri hluti lýsi ekki vilja kjósenda alment og get því í þessu tilfelli ekki farið eftir ályktun, þeirri sem á, fundinum var gerð. Annars bind mig ekki við það, hvað kjósendur segja, nema það samrýmist minni eigin skoðun. Hér skoða eg mig ekki bundinn við neitt annað

en mína eigin sannfæringu, og fer eftir henni einni, enda þó mér sé ætlð kærara að mínar skoðanir falli saman veg við þeirra.

Eg get ekki skilið, hvernig hæstv. ráðherra getur sagt, að ekkert liggi á með þetta mál. Það er þó vilji þjóðarinnar að það nái fram að ganga. Breytingum á stjórnarskránni hefir verið frestað á undanförnum þingum að eins vegna þess, að menn álitu, að sambandsmálið ætti að vera til lykta leitt á undan. En nú er mér ekki kunnugt, að sambandsmálið hafi þann byr, að útlit sé til að það nái fram að ganga. Og þegar seinustu tilraunirnar til samkomulags voru gerðar í vetur, og þingmenn kallaðir hingað suður til að segja álit sitt um þá kosti, sem þá voru í boði, þá var »Resultatið« það, að þeir sáu sér ekki fært að ganga að þeim. Eg get því ekki verið samdóma hæstv. ráðherra um það, að nú kalli ekkert að með breytingar á stjórnarskránni.

Svo eg minnist dálítið á aðra ræðumenn, sem talað hafa í þessu máli, skal eg víkja nokkrum orðum að háttv. þm. Dal. (B. J.). Hann vill að kosningarrétturiun sé ekki bundinn neinu öðru skilyrði en aldurstakmarki. Þannig geta þá bæði þjófar og bófar öðlast kosningarrétt og kjörgengi. Eg álít hitt réttara að kosningarrétturinn sé ekki bundinn fyrst og fremst við 4 kr. aukaútsvar minst — sama hvort það eru 4 kr. eða 400 kr., eða ekki neitt. Aðalatriðið frá mínu sjónarmiði er það, að maðurinn sé heiðvirður og heilbrigður í skoðunum. Og eg vil hjartanlega biðja háttv. þm. Dal. (B. J.) að taka þessi orð mín til greina og vera ekki að gera tilraun til þess að greiða þjófum og bófum inngöngu í þingsalinn.

Eg hefi ekki ástæðu til að minna hv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) á að álasa stjórninni. Það vita allir, hvað gjarnt honum er að ráðast á landsstjórnina, hver svo sem hún er. Það getur nú verið gott og blessað á stundum, því við það koma oft fram frekari upplýsingar um málin, en ella, og fyrir það er eg honum þakklátur, því að hann er líka manna bezt fallinn til að gera gott úr því aftur. En eg get ekki verið honum samdóma um, að ástæða sé til að álasa stjórninni fyrir að hafa ekki lagt fyrir þingið frv. til breytinga á stjórnarskipunarlögunum eins og nú er ástatt.

Eg skal svo ekki halda áfram lengur. Eg hefi lýst að nokkru skoðun minni á málinu, og eg get ekki séð að það sé mikill meiri hluti á móti því í Rangárvallasýslu, þó að 14 menn af 4—500 hafi viljað fresta því.

**Bjarni Jónsson:** Eg skal leyfa mér að geta þess strax, að eg get fallist á 7 manna nefnd. Mér var frá upphafi sama um, hvort fleiri eða færri yrðu í nefndinni.

Hæstv. ráðherra vildi vekja athygli okkar hér á skilaboðum, sem þinginu höfðu borist frá konungi í fyrra. Mig minnir nú hálfpartinn, að þau skilaboð hafi ekki verið svo ákveðin, að mikið væri á þeim að byggja. Eg tók þau að minsta kosti ekki svo, að konungur vildi aldrei staðfesta stjórnarskrárbreytingu, heldur í þá átt, að hann hefði þá ekki verið viðbúinn að gefa úrskurði um Íslandsmál. Nú tel eg víst, að hann vilji verða við óskum Íslendinga í svo litlu máli sem þessu. Eg segi »litlu« máli, vegna þess, að hæstv. ráðherra sagði, að þetta væri að eins formatriði, sem hefði litla þýðingu. Ef það er lítils virði fyrir okkur, þá er það ekki síður lítils virði fyrir Dani. Ef það er formatriði fyrir okkur, þá er það líka formatriði fyrir þá, og sérstaklega fyrir konung. Eg skil ekki, hvað honum þarf að vera svo fast í hendi með þetta ríkisráðsákvæði, og eg vil treysta núver-

andi ráðherra til að sýna honum fram á, að skaðlaust sé þó út sé tekið úr stjórnarskránni þessi hringavitleysa.

Hitt er verra að hlusta á, að þetta atriði skuli vera notað sem grýla á þingið, að ekki sé til neins að bera fram breytingu á stjórnarskránni af því að hún verði aldrei staðfest. Þess konar grýlur eiga illa við á löggjafarþingi. Þó ekki væri annað en tilraun til að hræða mig frá einhverjum málstað, þá væri það eitt nóg til að knýja mig til að halda honum fast fram. Eg vildi sýna að eg væri ekki hræddur við að halda fram réttu máli.

Það sem hæstv. ráðherra sagði, að tilraununum um sambandsmálið væri ekki lokið enn þá, þá kemur það mér mjög á óvænt. Eg hélt að það hefði með öllu verið kveðið niður á þessu aukaþingi fyrir jólin, sem við bersyndugu mennirnir þrír, sem berum fram þetta frv., máttum ekki koma á. Eg verð að leggja áherzlu á, að ekki sé farið eftir hans orðum í því að vera að skaka á þessu sambandsmáli lengur. Það þýðir ekki annað en að hvetja menn til að afsala sér þeim réttindum, sem heilladísir landsins hafa haldið okkur til handa, án verðskuldunar frá þjóðarinnar hendi. Máske Íslendingar væru ekki svo fúsir að afsala sér réttindum sínum, ef þeir hefðu þurft að berjast fyrir þeim.

Mér kom það mjög á óvart, er hæstv. ráðherra sagði, að umleitunum við Dani um sambandsmálið væri enn ekki lokið, og eins hitt, er hann sagðist telja það óhappaverk af okkur flutningsm., að hafa komið fram með þetta frv. Þótt eg hafi ekki lagt áherzlu á, að stjórnin kæmi sjálf með frv. til stjórnarskipunarlaga, þykir mér hún ganga nokkuð langt með því að vanþakka okkur að við höfum unnið hennar verk.

Eg skal svo ekki orðlengja þetta frekar að sinni.

Einn háttv. þm skoraði á mig, að vera ekki að halda fram þjófum og bófum. Það verður nú líklega komið að því atriði seinna, en eg hygg að það mætti treysta kjósendum til að kjósa ekki á þing þá menn, sem hafa setið í betrunarhúsi eða eiga að fara þangað. Annars held eg að meiri hætta standi af ómörkuðum þjófum og bófum heldur en af þeim mörkuðu.

**Skúli Thoroddsen:** Út af ræðu hæstv. ráðherra og í framhaldi af ræðu háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.), skal eg geta þess, að rökstudda dagskráin, sem samþykt var á aukaþinginu 1912, ber það með sér, eins og háttv. 1. þingm. Rvk. sýndi og fram á, að það var að eins sambandsmálsins vegna, er breyting á stjórnarskránni var ekki látin ganga fram það árið. En tilefnið til þess, að þessi rökstudda dagskrá kom fram, og var samþykt, var það, að málið var komið í óefni hér í deildinni.

Meiri hluti stjórnarskrárnefndarinnar hafði komið fram með þingsályktunartillögu, og svo kom háttv. 1. þm. Rvk. með aðra, þ. e.: ráðandi flokkurinn á þinginu var klofinn, — gat eigi komið sér saman um málið, og »dagskráin« var því eini vegurinn, til að komast út úr ógöngum.

Þar sem hæstv. ráðherra sagði, að máli þessu lægi ekkert á, þá er það ekki skoðun fjölda karla og kvenna á landi voru, þ. e. þeirra, sem finst sér gert rangt, enda verður hver rangsleitnin, eða réttar-tröðkunin, æ því verri, sem lengur er beitt, sbr. þá og það, að því oftar sem einhver stelur, því harðar er honum refsað. — Og alveg eins er nú og ástatt hér. Því lengur sem þingið dregur að rýmka kosningarréttinn, og yfir höfuð að breyta því í stjórnar-

arskránni, sem miður fer, því verra verður það.

Að því er snertir ræðu háttv. 1. þm. Rangv. (E. J.), er taldi oss flutningsm. frumvarpsins vilja »opna þjófum og bófum leið inn í þingsalinn«, þá skal eg láta þess getið, að það var eg, sem átti þá tillöguna, að nema burtu úr stjórnarskránni skilyrðið, er hér að lýtur, enda lít eg svo á, sem þjóðfélagið bresti allan rétt til þess, að svifta nokkurn kosningarrétti, þótt honum hafi einhvern tíma orðið það á, að fremja eitthvert þeirra lagabrota, sem hegningarlögin og almenningsálitið taka hart á, þar sem maðurinn ber þó engu að síð ur ábyrgð á því, sem í þjóðfélagiuu gerist, — losar sig eigi við siðferðisábyrgðina — sem á öllum fulltíða meðlimum þjóðernisins hvílir —, þótt hann fremji glæp. — Hver, sem veikur er, eða bágt á, eða illu er beittur af öðrum, finnur og veit sig eiga tilkall til allra

Annars lít eg svo á, sem eigi muni mjög hætt við því, að kosnir verði á þing þeir sem brotlegir hafa að mun orðið gegn hegningarlögunum, nema alveg sérstaklega hafi staðið á, þegar brotið var framið, eða mennirnir séu svo sérstökum hæfileikum gæddir, að það sé tjón fyrir þjóðfélagið að fá ekki að njóta starfskrafta þeirra eða vitsmuna.

Að því er til hegningarvaldsins kemur, eða notkunar þess, má annars benda á, að þar er um arf frá forfeðrunum að ræða, — arf, sem kristninni enn hefir ekki tekist að útrýma eða hefta sem skyldi, enda þótt Kristur segi sjálfur: »Hefnið yðar eigi sjálfir«, því að eigi er hegningin, ef rétt er skoðað, annað en hefnileikur af þjóðfélagsins hálfu.

Hitt, að það takmarkið náist, sem ætlast er til, þ. e. takmörkun glæpa, tel eg mjög hæpið.

Benda má enn fremur á það, að aldrei er þjóðfélagið sjálft án saka, er glæpur er framinn. — Átti það eigi að fyrirbyggjast, að glæpir yrðu framdir? Átti eigi hver og einn að verndast þannig, sem unt var, gegn ástríðunum, sem hjá honum búa, eða þó hjá fjöldamörgum í meiri eða minni mæli, að eigi væri honum unt að fremja?

Að glæpurinn gat framinn orðið, stafar því eigi sjaldan, ef eigi einatt, af því, að eftirlitsskyldunni var eigi fullnægt sem skyldi af þjóðfélagsins hálfu.

Ýmis brot, sem harðlega er hegnt fyrir, bera og oft og tíðum ekki vott um eins lágan »karakter«, þ. e. hugsunarhátt, eins og mörg lygin, blekkingin, undirferlið eða heiptaryrðin, sem látið er þó æ óhegnt.

Maður, sem t. d. hefir einhvern tíma rekið höndina inn um búðarglugga og gripið þar eitthvað, til að seðja hungur sitt eða sinna, og verður síðan uppvís að því eftir mörg ár, getur og þá þegar hafa áður orðið að þola margfalda hegningu, hugarangur eða mótlæti ýmis konar, og verið orðinn sá, er eigi vill á nokkurn hátt vamm sitt vita, og sjá þá allir, hve afar-ranglát og al-tilgangslaus hegningin er.

**Ráðherrann (H. H.):** Háttv. þm. Dal. (B. J.) vildi bera brigður á, að skilaboð konungs, sem eg gat um í ræðu minni, hefðu verið eins ákveðin eins og eg sagði. Eg skal því benda á, að þessi skilaboð standa í Alþ.t. 1912, bls. 1106, í ræðu þáverandi ráðherra og hljóða þannig:

» . . . . Nú lét inn nýi konungur vor í ljósi við mig, að hann gæti ekki fallist á úrfellingu ríkisráðsákvæðisins úr stjórnarskránni, nema því að eins, að samtímis væri gerð skipun á inu ríkisréttarlega sambandi milli Íslands og Danmerkur með samhljóða ákvæðum ins íslenzka Alþingis og ins danska ríkisþings«.

Eftir þessu getur enginn vafi leikið á því, að það var rétt, sem eg sagði áðan. Þetta eru hiklaus ummæli, og eftir því sem mér er kunnugt, hefir konungur ekki breytt skoðun sinni á þessu síðan.

Viðvíkjandi inni rökstuddu dagskrá, sem inn háttv. þm. var að tala um, þá er það alveg rétt, að hún hnígur að því, hvers vegna þingið í fyrra vildi fresta stjórnarskrármálinu þá. En eins víst er það, að þar er ekki int að því með einu orði, að ætlast sé til að málið sé tekið upp aftur á þessu þingi, og engin ástæða til að ætla, að þingmenn hafi haft þá skoðun. Þeir vildu ekki taka upp stjórnarskrármálið fyrst um sinn, fyr en algerlega væri séð fyrir endann á sambandsmálinu, til að hlífast við að þurfa að hefja nýja baráttu, sem við gætum ekki vænst neins góðs af.

**Bjarni Jónsson:** Það var eiginlega ekki ætlun mín, að bera það á hæstv. ráðh., að hann hefði sagt rangt frá. Eg hafði því miður gleymt þessum orðum, »ríkisréttarlegt samband«, og þykir mér vænt um að þau rifjast upp, vegna þess að nú fæ eg tækifæri til að benda á, hversu fráleitt það er, að konungur hafni enn þá stjórnarskrárbreytingu.

Hér getur ekki verið um neitt ríkisréttarsamband að ræða. Það er öllum kunnugt frá þinginu 1911, að það mótmælti stöðulögunum, þar sem sagt er, að Ísland sé hluti af Danmörku, og ályktaði, að þau lög væru alls ekki bindandi fyrir Ísland. Kvað minni hlutinn þá jafnríkt að í rökstuddri dagskrá sinni sem við hinir. Voru því allir á einu máli um það, að þau væru ógild hér á landi. Og þó eru það einu lögin, sem gefa rétt til að tala um ríkisréttarsamband milli Íslands og Danmerkur.

Úr því að þessi lög eru svo ómerk, sem með þessu er sýnt, þá er það ljóst, að ráðherra getur ekki borið slíkt fram fyrir Alþingi Íslendinga. Það verður þá auðsjáanlega að hefja baráttu á ný, hvernig sem henni lyktar. Danir, sem ekkert varðar um okkur, gera kröfu til að vér séum hluti af þeim.

Eg trúi því ekki, að konungur ætlist til, að komið verði á samningum áður en því er kipt í lag.

Þess vegna getur mér ekki skilist, þegar Alþingi næst samþykkir breytingu á stjórnarskránni með öllum atkvæðum, að konungur skrifi ekki undir.

**Valtýr Guðmundsson:** Eg hafði ekki ætlað mér að taka til máls við þessa umr. En ástæðan til þess að eg samt sem áður stend upp, eru nokkur orð í ræðu hv. þm. Dal. (B. J.). Hann gat þess, að það mundi vera vilji allflestra kjósenda, að þessi stjórnarskrárbreyting yrði samþykt nú í sumar. Eg skal geta þess, að í mínu kjördæmi reyndust einir þrír menn með stj.skrárbeyt. á þingmálafundi, sem allmargir þó sóttu. Hinir allir voru á móti. Eins hygg eg muni vera víða annarstaðar. En jafnvel þótt svo geti verið, að all-margir kjósendur annarstaðar á landinu séu stjórnarskrárbreytingu hlyntir, þá er eg í engum vafa um það, að það stafar af því, að málið hefir ekki verið nægilega skýrt fyrir þeim og þeim hefir ekki verið gert það fyllilega ljóst, út í hvaða baráttu við legðum, ef við færum nú að samþykkja slíka stj.skr.breyt., að minsta kosti ef meiningin er sú, að halda því til streitu að nema orðin »í ríkisráði« burtu. Hv. þm. sagðist ekki skilja, að konungur mundi neita því staðfestingar. Þetta virðist mér harla undarlegt, þar sem þó liggja fyrir skýlaus skilaboð frá konungi um þetta atriði. Og þegar svo er, þá *verður* að athuga afleiðingarnar, sem það mundi hafa í för með sér að samþykkja slíkt frumvarp. Eg er enn

á þeirri skoðun, eins og áður, að betra hefði verið að láta þetta atriði alveg liggja á milli hluta og halda því fyrir utan stjórnarskrána, eins og stungið var upp á í frv., sem eg bar fram hér um árið. En þegar slíku ákvæði einu sinni hefir verið smeygt inn, þá eru lítil líkindi til að fá því náð út í bráðina. Og jafnvel þótt konungur vildi það sjálfur, þá mundi hann tæplega fá því ráðið, vegna þess að hann er konungur í tveimur löndum, þar sem annað landið er miklu voldugra en hitt. Það er alveg eins og var með Noreg og Svíþjóð, þótt ólíku sé saman að jafna samt, vegna þess hvað Noregur var miklu sterkari í samanburði við Svíþjóð, en Ísland í samanburði við Danmörku. Jafnvel þótt Óskar konungur vildi staðfesta sum lög stórþingsins, þá fékk hann því ekki ráðið vegna þess, að hann sat í Svíþjóð, sterkara landinu. Danir gætu fundið upp á því að segja við konung sinn, ef hann héldi einhverju slíku fram, líkt og Svíar sögðu við Óskar konung: »Far þú til Íslands og vertu konungur þar«. Og þetta er ekki einungis getgáta um að svo muni fara. Danskt blað — »Vort Land« — sló því fram við Friðrik VIII. hér á árunum. Ef nú ráðherra Íslands kemur fram fyrir konung með svona frv. — jafnvel þótt hann hefði alla þm. að baki sér — þá mundi það leiða til þess, að hann yrði að fara frá. Og hver ætti þá að taka við? Enginn Íslendingur gæti gert það. Afleiðingin yrði því sú, að konungur neyddist til, annaðhvort að setja einhvern danskan mann í stöðuna, eða þá að »suspendera« stjórnarskrána. Þetta yrði því til þess að stofna, ekki að eins þingræðinu, sem ekki er gamalt, heldur líka *löggjafarvaldi* okkar, í voða — og það finst mér ekki tilvinnandi og hygg líka að fæstum kjósendum mundi þykja það, ef þeir hefðu gert sér málið ljóst. En til hvers annars gæti konungur gripið, þegar enginn íslenzkur maður gæti tekið við ráðherrastöðu. Hv. þm. Dal. (B. J.) heldur kannske, að afleiðingin af því yrði skilnaður, eins og varð með Noreg og Svíþjóð. En það er ekki einu sinni víst að svo yrði. Skilnaður Svíþjóðar og Noregs, sem var þó á allan hátt miklu öflugri en Ísland er, varð þó ekki nema með samþykki Svía. Fyr vildu engin önnur ríki viðurkenna hann. Þau skiftu sér alls ekkert af því. Það er heldur ekki miklar líkur til þess, að Danir færu að viðurkenna skilnað landanna. Þeir mundu taka til sinna ráða, og gætu vel fundið upp á að afnema sérmálalöggjafarvald okkar og stjórna okkur með einvöldum jarli, þangað til við sæjum að okkur og tækjum »sönsum«. Þeir mundu ekki þurfa mikils afls við til að beygja okkur. Margir halda kannske, að ef Danir beittu okkur hervaldi, að þá mundu stórveldin eða önnur ríki hefjast handa og koma að hjálpa okkur. Slíkt hefir oft heyrst hér. En það eru bara loftkastalar. Það yrði ekki skoðað annað en innanríkismálefni. Við höfum svo mörg dæmi þess, höfum séð þau svo víða, hvernig farið hefir með smáþjóðirnar. Við höfum séð Kóreu, Marokko og Finnland, hvernig farið hefir verið með sjálfstæði þeirra, án þess nokkur hafi hreyft hönd né fót til hjálpar. Það hafa heyrst raddir »privat«-manna um, að þetta væri ómannúðlegt og ætti að hefjast handa, en enginn hefi skorist í leikinn með hervaldi. Að halda þessu máli til streitu er því að leggja út í hættuspil. Og hvað er unnið með því? Getum við ekki þroskast þótt við búum þangað til haganleg skipun er komin á um sambandið milli landanna og fá þessu þá breytt um leið? Við höfum líka fyrirheit um það í skilaboðum konungs, að um leið og ný skipun er gerð á sambandinu milli landanna

getum við fengið nýja skipun á þessu. Hann hefir aldrei sagt, að hann vilji aldrei staðfesta þetta, heldur að það verði að bíða eftir hinu. Og bráðliggur okkur þá svo á breytingu á þessu, að við getum ekki beðið í nokkur ár? Hefir þetta atriði staðið okkur fyrir nokkrum þrifum? Eg er þess fyllilega viss, að væri þetta mál skýrt fyrir kjósendum, þá mundu þeir sansast á það og ekki vilja tefla svo á tvær hættur!

Eg held, að sama megi segja um fleiri atriði, að þeim bráðliggur ekki svo á. Það er t. d. með afnám konungkjörinna þingmanna og skipun Efri deildar. Það er farið fram á það í frv., að E.d. sé öll þjóðkjörin og kosin á sama hátt og Nd. Þetta fyrirkomulag er beinlínis hættulegt og miklu verra en að hafa þingið óskift. Ef þinginu er skift í tvær deildir, þá er það ljóst, að önnur á að vera öðruvís kosin til þess að hindra alt of mikið fljótræði, vera nokkurs konar lífakkeri, til þess að koma í veg fyrir það, að einar kosningar geti komið of mikilli byltingu til leiðar. Þess vegna er Efri deild alstaðar öðruvís kosin, því að það er svo ekki að eins hér á Íslandi, heldur alstaðar annarstaðar, að við kosningar, sem koma miklum og skjótum byltingum á stað, þá er meira farið eftir því, sem tilfinningarnar segja, en heilbrigð skynsemi býður. Í sambandsríkinu Austurríki-Ungverjalandi og á Bretlandi eru þessi sæti mestmegnis erfðasæti. Í öðrum löndum eru efri málstofu þingmenn kosnir ævilangt. Svo er það í Ástralíu, sem þykir fyrirmynd, hvað alt frjálsræði og heppilegt stjórnarfyrirkomulag snertir. Svo er það og í Canada. Í frv. um »Home rule« á Írlandi eru allir efrideildarmenn konungkjörnir. En hér er það álitið svo óttalegt að hafa sex konungkjörna, sem að eins eru kvaddir til sex ára í senn.

Eg get nú satt að segja ekki séð, að þetta sé svo hættulegt, því að þótt það heiti svo, að konungur skipi þessa menn, þá vita allir, að í raun og veru eru þeir ekki annað en kjörnir af fulltrúum þjóðarinnar. Það eru þeir — eða réttara sagt meiri hluti þeirra — sem í raun réttri útnefna ráðherra, og þeir konungkjörnu verða þannig kvaddir samkvæmt vilja meiri hluta kjósenda. Þeir eru því — einkum þar sem góð flokkaskifting á sér stað — kosnir af þjóðinni, en að eins gegnum aðra fulltrúa hennar. Og er ekki ráðherra með ráði flokksmanna sinna eins trúandi til þess að velja þessa menn heppilega, eins og öllum múgnum? Eg held það. Eg skal játa það, að réttara væri, ef til vill, að útnefna þá ekki alla til jafn langs tíma. Betra væri að þeir færu frá á mismunandi tíma, t. d. tveir hvert ár. Þá kæmist meira jafnvægi á, eftir því sem mismunandi stjórnmálaflokkar sætu að völdum, svo að þeir vægju nokkurnveginn salt hver á móti öðrum, að því er stjórnmálastefnur snertir. Satt að segja hefi eg ekki fundið neina breytingu í þessu frumvarpi, sem sé svo bráðnauðsynleg, að hún geti ekki beðið heppilegri tíma, þangað til útséð er um skipun sambandsins milli landanna. Og það er ekki víst, að þess verði svo lengi að bíða. Mín tillaga er því sú, að þessu máli verði frestað að sinni og frekar reynt að snúa sér að fjármálum og atvinnumálum landsins og efla það sjálfstæði, sem er undirstaðan undir öllu öðru, þ. e. sjálfstæði þjóðarinnar í efnalegu tilliti.

**Bjarni Jónsson:** Það eru að eins örfá orð — athugasemd við eitt atriði í ræðu hv. þm. Sfjk. (V. G.), því að einstakar greinar frumvarpsins ætla eg ekki að fara að skeggræða á þessu stigi málsins.

Mér datt í hug, þegar eg heyrði öll

stóryrðin og allar þær hótanir, sem þessi háttv. þm. kom fram með gagnvart okkur, ef við ætluðum að gerast svo djarfir að samþykkja lagabreytingu, sem við höfum fullan rétt til, orðin úr þjóðsögunni: »Eg er nú svo gamall sem á grönum má sjá, en þó hefi eg aldrei séð svo langan gaur í svo lítilli grýtu«.

Hitt get eg skilið, að hæstv. ráðherra, sem milligöngumaður þjóðarinnar og konungs, leggi áherzlu á það, að gæta allrar varúðar og benda á, að vera megi að þetta og hitt atriði sé síður að vilja konungs; en að heyra þjóðkjörinn þingmann gera konungsvaldinu þær getsakir og láta dynja á Alþingi þær hótanir, að konungur muni alls ekki staðfesta þau lög, sem Alþingi samkvæmt löggjafarvaldi, því sem það hefir, samþykkir, álít eg svo óhæfilegt og ósæmandi, að slíkt beri að víta. Það getur verið, að þessum háttv. þm. sé kunnugt um það, að koma eigi fram af Dana hálfu einhverjar hótanir við konung, ef hann staðfesti lög, sem Alþingi samþykkir, en hinu tek eg lítið mark á, þó einhver hálfvitlaus blaðasnápur slái einhverju fram út í bláinn, í lítilfjörlegu blaði. Eg trúi því ekki fyr en eg tek á, að það eigi ekki að varða konung okkar minnu en afsetningu, þótt hann fylgi íslenzkum stjórnlögum. Eg vil undanþiggja konung þeim getsökum, sem hv. þm. bar á hann, að hann mundi — hvað oft sem við værum sammála um að breyta íslenzkum lögum — vinna ekki minna til en það, að »suspendera«, eins og þm. komst að orði, stjórnarskrá okkar. Hann veit, að stjórnarskráin er gefin okkur af einvöldum konungi. Hann hefir afsalað sér einveldinu um aldur og ævi og í fyrsta lagi getur hann ekki tekið það aftur og því næst mundi honum alls ekki fljúga það í hug, þótt ráðherra segði honum, að Alþingi hefði samþykt að fella þessi orð burtu úr stjórnlögum landsins. *(Valtýr Guðmundsson:* Hvað gera Rússar við Finna?). Mér er alveg sama, hvað Rússar segja. Þessi háttv. þm. er kannske þm. Rússa.

Þm. var var eitthvað að tala um einvaldan jarl, sem konungur mundi setja yfir okkur ef við breyttum þessu ákvæði. Ekki veit eg, hvort honum hefir flogið í hug, að einhver góðkunningi hans mundi hljóta þetta hnoss og hann þá hugsað sér gott til glóðarinnar og oss þegjandi þörfina. En ef svo hefir verið, held eg, að það séu ekki annað en draumórar, sem aldrei kæmu fram. Eg er þess fullviss, að konungur mundi undirskrifa, og þó svo yrði ekki, þá býst eg ekki við, að út af því spynnist neinn stórvelda ófriður milli Rússlands og Seyðisfjarðar.

Þá sagði háttv. þm., að þessum breytingum lægi alls ekkert á, eðlilegast væri að bíða, þangað til fast skipulag væri komið á sambandið milli landanna. Háttv. þm. ætti sjálfur að vita, hve langt þess verður að bíða. Það verður ekki fyr en Danir eru búnir að ganga að og viðurkenna það lagafrumvarp, sem samþykt var á þinginu 1909. Ef háttv. þm. ætlar að bíða þangað til, þá hygg eg að hann myndi hugnast fæstum kjósendum landsins. Að byggja á atkvæðum þessara fáu kjósenda á Seyðisfirði nokkuð í þá átt, að þjóðin æski ekki stjórnarskrárbreytingar sem fyrst, álít eg alveg rangt, vegna þess að þeirra atkvæði hafa áreiðanlega fallið eins og þau gerðu, af því að málið hefir *ekki* verið gert ljóst fyrir þeim, heldur hefir þessi háttv. þm. skýrt þeim frá því með rangfærslum og óhæfilegum getsökum — þeim sömu og hann nú ber á borð

hér í deildinni. Er slíkt ilt verk og tel eg happ, að slíkir menn og hann sitja ekki í ráðherrasæti

Frekara álit eg ekki þörf að fara út í málið fyr en við 2. umr.

**Kristinn Daníelsson:** Mér finst það hlýða við 1. umr., þegar rætt er um það, hvort frv. eins og þetta sé borið fram að vilja og ósk þjóðarinnar, að fleiri taki til máls en þeir, er nú hafa talað. Þeir eru allir Reykvíkingar eða úr Khöfn, nema einn þingm., hv. 1. þm. Rangv. (E. J.), en á hann var það borið, að hann hefði ekki meiri hluta sinna kjósenda að baki sér; áburður, sem reyndist bygður á atkvæðagreiðslu á einum mjög fámennum fundi.

Eg hefi frá mörgum þingmálafundum í mínu kjördæmi ljósa skýrslu um það, að það er vilji mikils meiri hluta kjósenda að málið verði tekið fyrir og afgreitt einmitt á þessu þingi og þar sem einnig glögt kemur í ljós óánægja yfir því, að málinu var alls ekki hreyft á þinginu 1912. Sömuleiðis hefi eg orð fjölda margra málsmetandi manna, að sami muni vilji flestra kjósenda út um alt land.

Samt sem áður gæti verið að tala um það, hvort málinu þrátt fyrir þetta lægi svo mikið á.

Því hefir verið haldið fram af tveim háttv. þingm., hæstv. ráðherra og hv. þm. Sfjk. (V. G.), að svo væri ekki.

Það liggur á þessum lögum, þó ekki sé vegna annars, en afnáms inna konungkjörnu þingmanna og skal eg reyna að færa sönnur á það.

Allir stjórnmálamenn þessa lands eru sammála um, að brýn þörf sé á að afnema ina konungkjörnu þingmenn, og má undarlegt heita, ef ekki liggur neitt á því máli, sem allir eru sammála um.

En þetta er ekki aðalatriðið, heldur felst það í þeirri reynslu, sem fengin er af okkar stuttu þingræðissögu. Eg hygg að öllum sé í minni það sem gerðist 1909—11, og þó að ekki sé langt liðið síðan, þá sé það nógu fjarlægt oss nú til að allir geti séð, hve fráleitt það var, er nýfætt þingræðið að kalla hóf göngu sína með þann stein um fótinn, 6 konungkjörna þingmenn, andvíga þeim þingmeirihluta, sem fara átti með vald og vilja þjóðarinnar. Hvern dóm, sem menn nú leggja á árangurinn, sem orðinn er af þessu, munu allir vera samdóma um, að slíkur hemill er ósamrýmanlegur við tilgang þingræðisins.

Svo ætla eg ekki að hafa fleiri orð um þetta, en vík að öðru atriðinu, sem sé kosningarréttinum.

Eg hygg að mönnum geti ekki blandast hugur um, hve óviðurkvæmilegt er, að bægja konunum lengur frá kosningarrétti. Mönnum hlýtur að gremjast, að sjá vel mentaðar konur þess lands, er bæði hafa vilja, vit og áhuga á stjórnmálum, standa utan hjá og mega hvergi nærri koma, en hver einasti áhugalaus og ómentaður lausamaður hefir rétt til að greiða atkvæði í áhugamálum þjóðarinnar.

Ýms fleiri atriði eru til umbóta í frumvarpinu, en þótt vera kunni að þau séu ekki svo brýn, að núverandi stjórnarskrá gæti ekki staðist þeirra vegna

Þá ætla eg að síðustu að víkja að þessu viðkvæma atriði: Meðferð ríkisráðsákvæðisins í stjórnarskrárfrumvarpinu. Treysti eg deildinni til að fara viturlega með það atriði, en eg hygg, að enginn geti hugsað sér að bíða eigi með að taka stjórnarskrána fyrir þangað til fengið er samkomulag um sambandsmálið, jafnvel þótt sumum þætti ráðlegra að hreyfa ekki fyrri við ríkisráðsákvæðinu.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Eg hafði einsett mér að taka *ekki* til máls í þessu máli, en nú er farið að ræða

svo mikið og *margt* um það, að eg sé mig knúðan til þess.

Sérstaklega er eg hissa á þolinmæði forseta, að leyfa allar þessar umræður um einstök atriði, þær er ekki eiga við, fyr en við 2. umræðu málsins. *(Margir þingmenn:* Alveg rétt).

Því hefir verið haldið fram, að enginn almennur áhugi væri á hjá þjóðinni að fá breytingum framgengt, en eg hefi einmitt orðið var við, að það er *mikill* áhugi á að fá *sumum* breytingunum framgengt.

Mig furðaði á orðum hæstv. ráðherra, þegar hann sagði, að eigi lægi á að breyta stjórnarskránni fyr en ný sambandslög væru komin á milli Íslands og Danmerkur.

Fyrst vakti hæstv. ráðherra máls á samdandsmálinu árið 1907, og á hann þakkir skilið fyrir þær málaleitanir og fyrir allar gerðir sínar í málinu í millilandanefndinni og næstu ár. Það tel eg, hvað sem aðrir álíta, eitt hans bezta verk, sem sagan mun unna honum sannmælis fyrir síðar. En allar samningatilraunir hafa nú strandað gersamlega á því skeri, sem þeim verður ekki fleytt af um margra ára ófyrirsjáanlegan tíma. Það tjáir ekki að dáleiða þannig sjálfan sig, að maður ímyndi sér, að maður sé á hraðri siglingu áleiðis, þegar maður stendur strandaglópur á blindskeri.

Eins og nú er ástatt, er engin von um að sambandslagafrumvarp nái fram að ganga í Danmörku um langa, langa tíð. Til þess þarf ný kynslóð að renna upp, og in gamla að hverfa frá ráðum.

Eg hafði orð á því áðan, að áhugi væri víða um land á því, að fá stjórnarskránni breytt.

Mun eg þess vegna verða því fylgjandi, en eg hefi alls ekki orðið var við, að áhugi sé á ýmsum þeim breytingum, sem eru í frumvarpinu, en eg vil ekki vera að fara mikið út í einstakar greinar nú.

Eg hefi orðið var við, að menn vilja losna við ina konungkjörnu þingmenn, en af því leiðir breytingu á skipun Ed.; sömuleiðis, að menn hafa áhuga á, að fá breytt endurskoðun Alþingis á landsreikningum þannig, að sameinað Alþingi kjósi 3 endurskoðunarmenn með hlutfallskosningu.

Háttv. þm. Sfjk. (V. G.) sagði ekkert vera á móti konungkjörnu þingmönnunum, þar eð ráðherra væri kosinn að vilja meiri hluta þingmanna, og sá meiri hluti væri fulltrúar meiri hluta þjóðarinnar, en ráðherra réði vali inna konungkjörnu þingmanna.

Máske hefði hann nokkuð til síns máls, ef skipun ráðherra og konungkjörinna þm. félli ávalt saman, en nú er hitt að athuga, að svo illa vill til, að samkvæmt stjórnarskránni fer ekki saman sá tími, er ráðherra situr að völdum, og kjörtíð inna konungkjörnu. Getur þá vel svo farið, að þeir standi allir andstæðir ráðherra.

Auk þessa er eigi réttvíst að vera bæta við meirihluta, þann sem skapast við kosningarnar.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) ámælti harðlega háttv. þm. Sfjk. (V. G.) fyrir ógnanir í þessu máli. Eg tók nákvæmlega eftir ræðu háttv. þm. Sfjk. og heyrði engar ógnanir í henni. Hann gerði að eins það, sem hverjum manni, er hæfur getur talist til að sitja á löggjafarþingi þjóðar sinnar, ber að gera; hann íhugaði afleiðingarnar af því sem um var rætt að gera. Og það er gömul og gullin regla, að »í upphafi skyldi endinn skoða«.

Háttv. þm. Dal. spurði sjálfan sig, hverjar afleiðingarnar gætu orðið af því að setja inn í stj.skr. ákvæði, sem vér eigum *vísa synjun staðfestingar* á; en í

stað þess að svara sjálfum sér, svaraði hann út í hött, að það yrði væntanlega ekki stórveldastríð milli Seyðisfjarðar og Rússlands. En hann svaraði alls ekki þeirri afleiðingaríku spurningu, sem fyrir liggur. Hann talaði eins og óvitabarn. Hann fór eins og strútsfuglinn, sem grefur höfuð sitt niður í sand, til að sjá ekki hættuna.

Eg styð að 7 manna nefnd verði kosin í málið, af því eg veit það almennan og *réttmætan* vilja almennings, að fá fám einum atriðum breytt. En eg hefi engar kjósendaraddir heyrt, sem krefjist þess, að fá allar landsins bríettur inn á þing, né heldur alla betrunarhúslimi. (*Bjarni Jónsson:* Er það sæmilegt að nefna nöfn hér í þingsalnum?). Eg nefni ekkert eiginnafn; en eg sé í ritum notað orðið bríettur á íslenzku yfir það, sem á útlendu máli heitir »Suffragetter«. Slíkt er altítt í málunum, eins og að »boycotta« (dregið af nafni Mr. Boycott's).

**Forseti:** Út af þeim orðum, sem beint var til mín, vil eg taka fram, að það stendur í þingsköpunum, 20. gr., að við 1. umr. beri að ræða frumvarpið í heild sinni. En það er varla hægt að ræða það í heild sinni án þess að minnast á nokkur in helztu höfuðatriði þess.

Hér var engin sérstök grein frumvarpsins nefnd eða rædd, og sé eg því eigi, að eg hafi haft ástæðu til að taka orðið af neinum inna háttv. þingmanna, er töluðu.

ATKV.GR.:

Vísað til 2. umr. með 22 atkv.

7 manna nefnd samþ. í e. hlj.

Í nefndina voru kosnir með hlutfallskosningu:

Jón Magnússon,
Pétur Jónsson,
Lárus H. Bjarnason,
Bjarni Jónsson,
Jóhannes Jóhannesson,
Stefán Stefánsson,
Jón Ólafsson.

---

FRUMVARP til laga um sérstök eftirlaun handa skáldinu Steingrími Thorsteinsson; 1. umr.

**Ráðherrann (H. H.):** Fundurinn er orðinn svo langur, að eg vil vera stuttorður.

Eg vona, að háttv. þingdm. hafi lesið athugasemdirnar, sem prentaðar eru aftan við frumvarpið, svo að eg þurfi eigi að endurtaka það, sem þar er látið í ljósi. Eg vona sömuleiðis, að þó að önnur mál valdi ágreiningi hér á þinginu, verði allir sammála um þetta, að veita þjóðskáldinu góða, sem okkur alla hefir glatt og okkur öllum þykir vænt um, þessa viðurkenningu á gamalsaldri fyrir það, sem þjóðin á honum að þakka.

Eg býst við, að háttv. þm. Sfjk. (V. G.) þyki málið illa undirbúið, þar sem ekki fylgja prentuð sýnishorn af kvæðum skáldsins, en eg vona samt, að menn afsaki að stjórnin hafi sparað þann prentunarkostnað.

Væri æskilegt að málið gengi sem fyrst í gegn um þingið, svo hægt yrði að senda það til staðfestingar konungs með skipi, er fer þann 16. þ. m., með því að heppilegt væri, að sem fyrst gæti orðið undið að því, að skipa nýjan rektor, áður ið nýja skólaár hefst.

Vonast til þess að málið verði ekki sett í nefnd, og að háttv. forseti flýti svo fyrir því, sem auðið er, helzt svo að stutt verði milli umræðna með undanþágu frá þingsköpum.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Eg sting upp á að frumv. verði vísað til launalaganefndarinnar.

**Einar Jónsson:** Vegna þess að eg hefi stimplað mig hér á þinginu sem nokkurs konar hatara skáldanna, ætla

eg að geta þess, að eg lít öðruvís á um Steingrím Thorsteinsson — tel eigi ósanngjarnara að sýna honum viðurkenningu sem skáldi, heldur en ýmsum öðrum, sem slíkt hnoss hafa hlotið áður. Frá byrjun ævi minnar hefi eg ekki haft meiri skemtun af öðrum kveðskap en hans. Mun eg því eigi verða á móti því, að frumv. nái fram að ganga — en þó eigi greiða atkvæði með því — með öðrum orðum, láta það hlutlaust. Vil eg svo singa upp á, að gengið verði til atkvæða um málið.

ATKV.GR.:

Vísað til 2. umr. í e. hlj.

Felt að visa til launalaganefndarinnar með 12 atkv. móti 5.

---

FRUMVARP til laga um verkfræðing landsins; 1. u m r.

**Ráðherrann (H. H.):** Verkfræðingur landsins hefir sent erindi til stjórnarráðsins, sem prentað er aftan við frumv., þar sem hann fer þess á leit, að staða hans verði gerð að sérstöku konunglegu embætti, jafnframt því sem laun hans verði hækkuð.

Síðan landsverkfræðingsstaðan var stofnuð, hafa störf, þau er verkfræðingnum hafa verið falin, stórum aukist og staðan orðið meira áríðandi.

Núverandi landsverkfræðingur hefir innleitt ýmsar endurbætur, sem að miklu gagni hafa orðið og munu verða í framtíðinni. Þannig hefir hann komið því á, að brýr eru bygðar úr sementsteypu, sem ekkert viðhald þurfa, og sömuleiðis að járnbrýr eru smíðaðar í landinu sjálfu. Hefir það orðið miklum mun ódýrara en áður, þegar þær voru keyptar tilbúnar frá útlöndum. Eins og kunnugt er, hefir hann gert yfirlit eða áætlun yfir óunnar vegagerðir á landinu, þær er framkvæma þarf, og er tillögum stjórnarinnar í fjárlagafrumvörpum hagað eftir því »plani«. Auk þess hefir hann aðstoðað landstjórnina og verið ráðunautur hennar um ýmsar verklegar framkvæmdir. Eg verð að álíta það alveg nauðsynlegt, að svo sé um hnútana búið, að ekki sé hætta á að menn missi af jafnfærum manni fyrir það eitt, hve illa starf hans er borgað. Núverandi landsverkfræðingur hefir að vísu ekki sagt beinum orðum, að hann mundi segja af sér stöðunni, ef staða hans yrði ekki gerð að föstu embætti með eftirlaunarétti, en mér er kunnugt um, að honum standa miklu betri kjör til boða annarstaðar. Og ef hans misti við, mundi verða örðugt að fá mann með jafnmikilli verklegri þekkingu í hans stað, sízt þann er jafna þekkingu hefir á þessu landi. Það mundi taka nýjan verkfræðing mörg ár að kynnast landinu eins vel og núverandi verkfræðingur hefir gert.

Verkfræðingalaun fara alstaðar hækkandi svo að miklu munar. Starf landsverkfræðingsins virðist mér hljóta að metast til jafns við aðalpóstmeistarastarfið og aðalsímastjórastarfið.

Háttv. þm. Sfjk. (V. G.) getur hér séð samanburðarskýrslu um laun verkfræðinga í Noregi. Það vantar auðvitað skýrslur frá ýmsum öðrum löndum, en þetta er þó til bragðbætis. Verkfræðingalaun í Noregi eru lægri en viðast annarstaðar, svo það er hægast að taka það til samanburðar við okkur fátæklingana.

Eg veit ekki, hvort nokkur ástæða er til, að nefnd verði sett í þetta mál. Tillagan um upphæð launanna er þegar komin til launalaganefndarinnar.

Að endingu vil eg leyfa mér að mæla ið bezta með því að frumvarpið nái fram að ganga.

**Bjarni Jónsson:** Eg held að þetta sé eitt af óþörfu frv., sérstaklega að

gera þessa stöðu að konunglegu embætti með eftirlaunarétti.

Það er varla réttur samanburður að bera starf forstöðumanns vegagerðanna og símastjórastarfið saman við póstmeistarastarfið. Starf póstmeistarans er langvandamest. Eg man ekki, hvaða laun þessi maður hefir, eg held 3000 kr., auk ferðakostnaðar og skrifstofukostnaðar. Það má telja all-lífvænlegt, einkum þegar þess er gætt, að verkfræðingurinn, sem nú er, komst ungur frá prófborðinu og fék stöðuna um leið. Eg held að hann þurfi ekki að kvarta. Ef ástæða þykir til að hækka laun hans um 500 kr. eða svo, má gera það með sérstakri grein í fjárlögunum án þess að gera stöðuna um leið að konunglegu embætti.

Eg tel bezt, að þetta frv. verði látið deyja, og þess vegna er eg mótfallinn því að nefnd verði kosin.

**Lárus H. Bjarnason:** Eg skildi hæstv. ráðherra svo, að hann væri á móti því, að nefnd fjallaði um þetta mál. Hann vildi heldur ekki að frumvarpinu um heiðurslaunin handa Steingrími rektor yrði vísað til nefndar. Eg greiddi þó atkvæði með nefnd. Ekki fyrir þá sök, að eg ætli mér ekki að styðja það mál. Það ætla eg mér að gera og það hefði eg gert, jafnvel þó að hæstv. ráðherra hefði ekki um alla þörf fram skýrt frá, að það væri skilyrði fyrir því að rektorinn segði af sér, að hann fengi heiðurslaunin. Eg vil leyfa mér að gera það að tillögu minni, að þessu máli verði vísað til launalaganefndarinnar, og eg býst við, að flestir geti fylgst að um það.

**Benedikt Sveinsson:** Eg verð að taka í sama strenginn og háttv. þm. Dal. (B. J.), að þetta frv. er hreinn og beinn óþarfi, og fer algerlega í ranga stefnu. Það er ástæðulaust að fjölga embættum með eftirlaunarétti, þegar þjóðin vill afnema öll eftirlaun. Það er hreint og beint verið að gera leik að því með þessu frumvarpi, að troða á vilja þjóðarinnar, marg-yfilýstum og endurteknum. Á nú að gera aðra verkfræðinga að »steingervingum«, eins og það var kallað í gær, þegar talað var um biskupinn? Afleiðingin er augljós. Hinir verkfræðingarnir koma á næsta þingi og heimta konungleg embætti og eftirlaunarétt. Og svo fleiri og fleiri. (*Margir þingmenn:* Skógræktarstjórinn). Já, skógræktarstjórinn og margir fleiri. Þetta er því með öllu ótilhlýðilegt. Launamálið er alt svo illa undirbúið, eins og háttv. þm. Sfjk. (V. G.) hefir tekið fram, að það er ekki vert að hrapa að sérstökum breytingum.

Það var rétt, sem háttv. þm. Dal. (B. J.) tók fram, að það er fjarstæða að líkja landsverkfræðingsstöðunni við jafn margbrotið og ábyrgðarmikið starf og póstmeistarastarfið er. Mig furðar stórlega á því, að in hv. stjórn skuli hafa tekið þá fásinnu upp úr bréfi verkfræðingsins.

Þá er samanburðurinn á byrjunarlaununum hæpinn. Það verður að gæta að því, að hvorki í Noregi né annarstaðar komast unglingar, nýslopnir frá prófborðinu og græningjar í öllu verklegu, í hæst launuðu embættin. Það eru einungis þaulvanir menn, með margra ára reynslu, sem þau embætti hljóta. Það ætti því helzt við, að bera laun landsverkfræðingsins saman við laun ingeniörassistentanna norsku. Þeir hafa að byrjunarlaunum 1680 kr. og eftir 11 ár 2800 kr.

Nú vill svo til að þessi maður, sem hér er um að ræða, hefir gegnt stöðunni í 8 ár, verður þá ekki annað séð en að

3000 kr. sé fullkomlena hæfilegt kaup handa honum og að sæmilega hafi verið farið með hann.

Hæstv. ráðherra var helzt á þeirri skoðun, að engin nefnd þyrfti að athuga þetta mál. En úr því að launalaganefnd hefir verið kosin, held eg rétt sé að vísa því til hennar. Það er svo að sjá af fjárlagafrv. sem hæstv. ráðherra hafi búist við að þetta frumvarp yrði felt, því að þar eru laun landsverkfræðingsins sett til vonar og vara 4000 kr. Það mætti nú reyndar bíða eftir því að heyra, hvað fjárlaganefndin gerir, en helzt vildi eg að frv. yrði lóað sem fyrst, en ef það verður ekki, að því verði vísað til launalaganefndarinnar.

**Ráðherrann (H. H.):** Þetta frv. er ekkert launamál, þess vegna er engin ástæða til, að því verði fremur vísað til launalaganefndarinnar, heldur en til einhverrar annarar nefndar. Í þessu frumv. er að eins um það að ræða, að ákveða starfinu stöðu meðal annara tilsvarandi embætta, og marka starfsviðið nánara. En um launin er vísað til launalaganna.

Það var auðheyrt á háttv. þm., er síðast talaði, að honum er ekki ljóst, hvað landsverkfræðingsstarfið er. Hann tók í sama strenginn og háttv. þm. Dal. (B. J.), að ekki væri hægt að bera það saman við starf póstmeistarans. Eg vil segja honum, að þeir peningar sem fara í gegnum hendur landsverkfræðingsins slaga hátt upp í þá peningaupphæð, sem póstmeistarinn hefir með höndum. Hann er ekki aðeins verkstjóri. Hann hefir á hendi alla útreikninga, áætlanir og undirbúning samninga, allar mannaráðningar og útborganir á fé því, sem veitt er til vegamála o. s. frv. Hann ætti að nefnast vegamálastjóri, mundi sennilega vera nefndur »Generaldirektör« í öðrum löndum; á sama hátt mundi það sem hér er nefnt *póstmeistarastaða* vera nefnt »Generaldirektorat« í öðrum löndum. Sama er um yfirmann landssímanna. Nú eru þessar tvær stöður, yfirstjórn póstmála og yfirstjórn símamála, sérstök embætti. Hvers vegna á þá að láta yfirstjórn samgöngumálanna á landi verða útundan?

Það er fjarstæða ein að tala um það, að hinir verkfræðingarnir yrðu »steingervingar« þó að þetta yrði samþykt. Þetta er langt frá því að vera eingöngu ingeniörstarf. Það er alveg sérstakt embætti með sérstöku verkefni. Það er forstjórnarstaða, er snertir landið alt, og nær það engri átt að leggja hana að jöfnu við aðstoðarmannastarf í vegagerðum eða brúa. Einustu verkfræðingastöður, sem til mála kemur að bera hana saman við í Noregi, er staða yfirverkfræðinga. Þeir hafa 4800 kr. að byrjunarlaunum og eftir 4 ár 5200 kr. Þessi maður væri kominn langt fram úr 6000 kr. föstum launum, væri hann í Noregi.

Annað ákvæði í þessu frumvarpi er það, að skipaður verði aðstoðarverkfræðingur. Svo umfangsmikið er starfið orðið, að það er gersamlega ómögulegt að komast af án þess.

Eg vona að in háttv. deild hugsi sig vel um, áður en hún veitir þessu frv. banatilræði.

**Pétur Jónsson:** Út af því að tillaga hefir komið fram um það, að þessu máli verði vísað til launalaganefndarinnar, skal eg geta þess, að mér finst það eðlilegast. Eg er hræddur um, að ef þessu máli verður vísað til annarar nefndar, komist nefndirnar í mótsögn hvor við aðra.

Í 4. gr. launalagafrumvarpsins eru ákveðin laun landsverkfræðingsins. Það getur t. a. m. komið fyrir að launalaganefndin komist að þeirri niðurstöðu að taka laun verkfræðingsins út úr frumv., en að sérstök nefnd í þessu máli leggi

til, að frumvarpið standi óbreytt, ellegar öfugt, og er þá orðin flækja á milli nefndanna.

ATKV.GR.:

Vísað til 2. umr. með 14 : 5 atkv.

Vísað til launalaganefndarinnar í einu hljóði.

---

FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr. 56, 22. Nóv. 1907, um stjórn Landsbókasafnsins (stj.frv.); 1. umr.

**Ráðherrann (H. H.):** Þetta frv. er komið fram af sömu ástæðu og launalagafrumvarp, það sem var hér fyrir hv. deild í gær. Embættismenn Landsbókasafnsins hafa beðið um, að launum þeirra yrði breytt og þau hækkuð, og í bréfi landsbókavarðarins, dagsettu 7. Febr. 1913, eru færðar ýtarlegar ástæður fyrir þessari ósk þeirra. Bréf þetta er prentað með frumvarpinu, svo eg finn ekki ástæðu til þess að fjölyrða um það, en legg til að frumvarpi þessu verði, að lokinni umr., vísað til launalaganefndarinnar.

**Benedikt Sveinsson:** Það var sagt hér í háttv. deild í gær, þegar verið var að ræða um launakjör embættismanna, að launalögin væru orðin gömul, frá 1873, og úrelt, en hér er því ekki til að dreifa, því að lög, þau sem hér ræðir um, eru frá árinu 1907. En það hefir hlaupið inn mesti fítonsandi í stjórnina að hækka laun embættismannanna, og má um þetta frumvarp segja, eins og Danir, að lítið muni um mörsiðrið í sláturtíðinni.

Ekki hefi eg orðið þess var, að landsbókavörðurinn hafi sótt burtu frá safninu, en hins hefi eg orðið var, að þegar sýslanir þessar eru auglýstar lausar, þá er nærri því flogist á um þær af lærðum og velfærum mönnum.

Eg efa það ekki, og tel það jafnvel sjálfsagt, að það sé mjög æskilegt fyrir safnið, að sömu mennirnir sé sem lengst við það, ef þeir eru á annað borð starfinu vaxnir, og þessu heldur stjórnin *nú* fram í athugasemdum sínum við frumvarpið, en eftir því væri sjálfsagt, að veita ungum mönnum starfið. En stjórnin hefir ekki haft þá skoðun áður, því að þegar önnur aðstoðarsýslanin var auglýst laus, þá sóttu um hana ungir og efnilegir menn, en stjórnin vildi þá ekki, heldur seildist norður á Akureyri eftir gömlum uppgjafa-embættismanni og veitti honum starfann. Þetta kemur í bága við þær skoðanir, sem hún heldur nú fram og réttar eru, að bezt sé að hafa menn, er gera þetta að ævistarfi sínu. Eftir annari framkomu stjórnarinnar, væri ekkert líklegra, en að hún tæki í þessi embætti einhverja gamla uppgjafa sýslumenn, einkum ef að því ræki, að stjórnarráðið yrði fullskipað slíkum starfsmönnum.

Ráðherrann talaði um það í gær hér í deildinni, að hann vildi hafa samræmi í laununum, en þegar hann nú leggur til að laun landsbókavarðarins séu hækkuð, því hefir hann þá ekki gert ið sama um landsskjalavörðinn, eða mundi stjórnarráðið ekki eftir honum *(Sig. Sigurðsson:* Hann hefir ekki borið sig upp!) — eða ef til vill treystist hann til að lifa »einfaldari lífi« en landsbókavörðurinn! (Hlátur).

Ekki er stjórn Landsbókasafnsins svo framúrskarandi, að hægt sé að verðlauna hana, því að henni er talsvert ábótavant. In fyrsta og helzta skylda safnsins er að eiga allar íslenzkar bækur, sem út eru gefnar, eða bækur, er snerta Ísland og íslenzkar bókmentir, en þetta er vanrækt. Er hér t. d. varla hægt að gefa út alþýðuútgáfur af Íslendingasögum, því að beztu útgáfur af sumum

sögunum t. d. þær, sem komið hafa út suður í Halle á Þýzkalandi, eru ekki til á Landsbókasafninu. Þetta er ekki verð launavert.

**Lárus H. Bjarnason:** Eg vildi að eins mæla með tillögu hv. ráðherra, að máli þessu sé vísað til launalaganefndar, sem nú má búast við að farið verði að nefna »ílátið«.

**Ráðherrann (H. H.):** Ástæðan til þess, að laun landsskjavarðarins eru ekki tekin til athugunar er sú, að landskjalavörðurinn hefir ekki beðið um launahækkun, og stjórnin kunni ekki við það, að troða því upp á hann. Ef hann vill fá laun sín hækkuð, þá er hægur hjá fyrir hann að rita um það erindi til launalaganefndarinnar og eg efast ekki um það, að hún mundi veita honum áheyrn, og taka hana til greina eftir því sem hún áliti heppilegast Annars er starf landsbókavarðarins miklu meira en hans. Það er alveg óneitanlegt, að laun embættismannanna við Landsbókasafnið eru mjög lág í samanburði við það sem laun fyrir slík störf eru annarstaðar, einkum eru laun aðstoðarbókavarðanna óhæfileg, og það verður ekki hægt að halda Doktor Guðmundi Finnbogasyni áfram við safnið með þessum lágu launum, og er það illa farið um jafnfærann mann. Aðstoðarbókavarðarsýslanirnar eru svo illa launaðar, að það borgar sig betur að vera dyravörður eða bókbindari við safnið.

**Bjarni Jónsson:** Vegna þess að hæstv. ráðherra taldi Landsbókavarðarstöðuna veglegri en Landsskjalavarðarstöðuna, *(Ráðherrann:* Eg sagði ekki veglegri, heldur: meira starf). Jæja — þá ætlaði eg að spyrja, hvort það stafaði af því, að því starfi væri sameinað meira starf fyrir Zöllner. Annars hefði eg talið heppilegra, hvað laun aðstoðarmannanna snertir, að bæta við þá einhverri upphæð á fjárlögunum, heldur en bera fram sérstakt frumvarp um það.

**Einar Jónsson:** Til þess að spara hæstv. ráðherra ómak, og gefa honum kost á að svara mér og hv. þm. Dal. (B. J.) í einni og sömu ræðu, þá vildi eg strax spyrja hann að því, hvað snertir þessi orð að vera »upptekinn allan daginn« hvernig þau beri að skilja. Hvað er kallað hér í Rvík að »vinna allan daginn«. Það var sagt hér í hv. deild í gær, að starfstími landritara væri 2 stundir á dag, og það er upplýst um undirkennarana við mentaskólann að þeir kenna 24 stundir á viku eða 4 stundir á dag. Hvað er þá starfstími landsbókavarðarins?

**Ráðherrann (H. H.):** Þetta, sem háttv. 1. þm. Rangv. (E. J.) gat um, að annar þingmaður hefði sagt sér hér í deildinni í gær um landritara, að starfstími hans sé að eins tvær stundir á dag, er ágætt dæmi um það, hvað sumir menn leyfa sér að bera á borð fyrir þessa háttv. deild. Það er ekki fyrsta sinn og væntanl. ekki í síðasta skifti, sem frekleg ósannindi eru borin hér fram, meðan til eru kjördæmi, er láta sér sæma að senda á þing fulltrúa, er kunnir eru að slíku.

Sannleikurinn er sá, að landritarinn kemur að öllum jafnaði á skrifstofu sína í stjórnarráðinu þegar fyrir morgunverðartíma. Síðan er hann þar stöðugt frá kl. 12—4 síðd. og kemur aftur 1 stund um eftirmiðdaginn. En auk þess mun hann oft taka aukavinnu heim með sér.

Hér í Reykjavík mun það vera talið að vera að skrifstörfum »allan daginn«, þegar menn sitja við starfið bæði fyrri og síðari hluta dagsins þá tíma, er skrifstofur eru opnar, eða, efa vinnan er öll í einu lagi um hádegið, eins og sum-

staðar tíðkast, þá allan þann tíma sem skrifstofunum er haldið opnum, 4—6 klukkutíma, t. d. frá kl. 10—4 e. h.

**Benedikt Sveinsson:** Eg vildi svara einu atriði í ræðu hæstv. ráðherra. Það var eg, sem leyfði mér að segja í gær hér í deildinni, að starfstími landritarans væri 2 stundir á dag, og hafði þar ekki verri heimildarmann fyrir mér en landritara sjálfan, því að hann hefir auglýst það. *(Ráðherrann:* Til viðtals). Eg hugði ekki að hann væri svo dýrmætur, að menn mættu ekki tala við hann á öðrum tíma, ef hann væri við. Hvað snertir vinnu hans að öðru leyti þar, þá býst eg við því, að hann sitji stundum að aukavinnu, er hann fær sérstaka borgun fyrir, t. d. að semja embættismannatal, er hann fær fyrir 40 krónur á örkina og prentað er ár eftir ár með sömu prentvillunum. Til dæmis er hreppstjóri norður í Þistilfirði, er heitir Hjörtur Þorkelsson á Álandi, látinn í embættismannatalinu búa á Ytraskarði, en sá bær er í Rangárvallasýslu!

ATKV.GR.:

Vísað til 2. umr. með 15 : 3 atkv.

Vísað til launalaganefndar í e. hlj.

---

FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr. 63, 22. Nóv. 1907, um kennaraskóla í Reykjavík (stj.frv.); 1. u m r.

**Ráðherrann (H. H.):** Þetta frv. er komið fram samkvæmt óskum frá kennurum Kennaraskólans, samkvæmt bréfi þeirra dagsettu 4. Jan. 1913; þar óska þeir þess, að launakjörum þeirra verði breytt þannig, að þau fari hækkandi, og eru færðar fyrir því ýtarlegar ástæður í erindi kennaranna, er væntanleg nefnd getur kynt sér. Að öðru leyti leyfi eg mér að vísa til athugasemdanna.

Eg finn ekki ástæðu til að taka meira fram um málið að sinni, en vil leggja til, að því sé, að lokinni fyrstu umræðu, vísað til launalaganefndarinnar.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 17 samhljóða atkv.

Frumv. vísað til launalaganefndarinnar í e. hlj.

---

FRUMVARP til laga um breyting á 33. gr. í lögum nr. 59, 22. Nóv. 1907 um fræðslu barna (stj frv.); 1. u m r.

**Ráðherrann (H. H.):** Í þessu litla frumvarpi er farið fram á að hækka laun fræðslumálastjórans, en það er ekki farið fram á að breyta stöðu hans eða stofna nýtt embætti — hér er að eins að ræða um litla hækkun launa, sem eru of lágt tiltekin.

Það hefir komið í ljós, að laun, þau sem starfi þessu fylgja, eru ónóg fyrir þann mann, er nú gegnir því, þann mann, er allir verða að játa að sé manna bezt fallinn til þess að gegna því. Allir munu og vera sammála um, að hann sé góðs maklegur fyrir það, hve vel og dyggilega hann hefir unnið að uppeldismálum landsins og um margra ára skeið verið forgöngumaður þess, að hrinda alþýðumentuninni í viðunanlegt horf, svo að þjóð og þing hljóti að kunna honum beztu þakkir fyrir starf hans. Það er því lagt til, að hann verði strax aðnjótandi hámarks launanna, sem tiltekin eru í frumvarpinu. En byrjunarlaunin eru þar óbreytt eins og þau eru nú, svo að þetta er eins og dálítil persónuleg launaviðbót fyrir hann, makleg eftir aldri og þjónustutíð í þarfir fræðslumálanna, að ákveða að laun hans skuli þegar ná hámarkinu, sem sett er.

Eg vil leggja til að málinu sé, að

lokinni þessari fyrstu umræðu, vísað til launalaganefndar.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 17 samhljóða atkv.

Frumv. vísað til launalaganefndar í einu hljóði.

---

FRUMVARP til laga um samþyktir um eftirlit úr landi með fiskiveiðum í landhelgi (37); 1. umr.

**Flutningsm. (Kristinn Daníelsson):** Við flutningsmenn þessa litla frumvarps, þingmenn G. K., flytjum frumvarp þetta hér eftir ósk og vilja kjósenda okkar, þeirra sem hlut eiga að þessu máli.

Eins og öllum er kunnugt, þá stendur bátveiðinni hér við Faxaflóa in mesta ógn af botnvörpuveiðunum, og eftirlitið með þeim hefir þótt ónógt, en það hefir komið í ljós, að það má mikið auka eftirlitið með botnvörpungunum með vélarbátum.

Á yfirstandandi fjárhagstímabili voru veittar 3000 kr. til þessa eftirlits, gegn því að jafnmikið fé væri lagt fram annarstaðar frá. Þetta skilyrði, um að jafnmikið fé væri lagt fram annarstaðar frá, var víst rétt að setja, til þess í ljós kæmi, hvar þörfin var brýnust, því þeir er mesta þörfina hafa, þeir vilja vitanlega leggja fram mest fé. En það þarf að veita meira fé til þessa eftirleiðis.

Þannig lagað eftirlit hefir verið framkvæmt í Gerðahreppi, sem nær yfir Garð og Leiru, með nokkrum tilstyrk tveggja annara hreppa Þar var ráðinn maður með bát fyrir 4000 kr. borgun yfir allan tímann frá Apríl—Desbr. til þess að hafa eftirlitið á hendi. Stjórnin veitti til þess 1500 kr., meira sá hún sér ekki fært að veita, enda þótt eg verði að ætla, að það hafi oft staðið ónauðsynlegri upphæð á fjáraukalögunum, en þótt stjórnin hefði veitt nokkru meira upp á væntanlegt samþykki þingsins. Því sem vantaði á móts við framlag landssjóðs, var safnað með frjálsum samskotum, og voru undirtektir undir þær svo góðar, að eg hefi aldrei vitað þær betri. Þannig námu gjafirnar í einum hreppi, þar sem eru 700 íbúar, alls 1000 krónum, og sýnir það bezt áhugann.

En til langframa þarf að fá fé á annan hátt og tryggja þetta dálitið betur, þannig að leyfilegt sé að gera samþyktir um gjald á þá er sjávarútveginn stunda, t. d. gjald á hvern hlut á opnum skipum eða vélabátum eins og frumvarpið fer fram á.

Eg álít að það þurfi ekki að ræða þetta frekara að þessu sinni, en treysti háttv. deild til að taka vel í málið. Bátfiski er mikilsverð atvinnugrein, og fyrir marga fátæka menn eina atvinnan. —

Hvað frumvarp þetta snertir, skal eg geta þess, að það er sniðið eftir sams konar lögum öðrum, aðallega eftir lögunum frá 10. Nóv. 1905 um viðauka við lög 14. Des. 1877, um ýmisleg atriði er snerta fiskiveiðar á opnum skipum.

Að lokum vil eg leggja til að málinu sé vísað til 5 manna nefndar að lokinni fyrstu umræðu.

ATKV.GR.:

Frumvarpið samþ. til 2. umr. í einu hljóði.

5 manna nefnd samþ. í einu hlj.

**Forseti (M. A.):** Eg skal geta þess, að eftirfarandi þingmenn hafa beðið um að hlutfallskosning sé viðhöfð við atkvæðagreiðsluna:

Eggert Pálsson
Bjarni Jónsson
Jón Jónsson
Kristinn Daníelsson

Lárus H. Bjarnason
Einar Jónsson.

**Jón Magnússon:** Eg vildi að eins skjóta því til forseta, hvort eigi mætti altaf hafa hlutfallskosningar, þótt ekki væri beðið um þær í hvert einstakt sinn. Reynsla vor hér í háttv. deild nú hefir sýnt, að þeirra er altaf óskað, og þá er að eins töf að því að þurfa að biðja um þær í hvert sinn.

**Forseti (M. A.):** Eg sal athuga það.

ATKV.GR.:
Í nefndina kosnir:
Halldór Steinsson
Tryggvi Bjarnason
Matthías Ólafsson
Kristinn Daníelsson
Jón Jónsson

Fundi slitið.

## 7. fundur.

Miðvikudag 9. Júlí 1913, kl. 12 á hád.

Dagskrá:

1. Frv. til laga um íslenzkan sérfána (35, 42); 1. umr.
2. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 52, 10. Nóv. 1905, um stofnun Fiskiveiðasjóðs Íslands (38); 1. umr.
3. Frv. til laga um breyting á lögum 16. Nóv. 1907, um skipun læknahéraða o. fl. (39); 1. umr.
4. Till. til þingsál. um skipun nefndar til að íhuga hag Landsbankans (40); ein umr.
5. Till. til þingsál. um skipun nefndar til að íhuga samgöngumál (41); ein umr.

Allir á fundi, nema Einar Jónsson 1. þm. Rangv., er hafði tilkynt forföll. Fundarbók lesin upp, samþykt og staðfest.

Forseti tilkynti, að stjórnarskrárnefnd hefði kosið sér formann L. H. Bjarnason, 1. þm. Rvk, og skrifara Jón Magnússon, þm. Vestm., og nefnd sú sem kosin var til að íhuga frv. til laga um samþyktir um eftirlit úr landi með fiskiveiðum í landhelgi, hefði kosið sér formann Kristinn Daníelsson, 2. þm. G.-K., og skrifara Matthías Ólafsson, þm. V.-Ísf.

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið í deildinni:

1. Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 18, 9. Júlí 1909 um styrktarsjóð handa barnakennurum. Flutnm.: Lárus H. Bjarnason og Jón Jónsson (48).

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið frá efri deild:

1. Nefndaráliti um frumv. til laga um ábyrgðarfélög (49).

Forseti skýrði frá, að lagt hefði verið fram á lestrarsal:

1. 7 þingmálafundargerðir úr Gullbr. og Kjósarsýslu.
2. 26 erindi, er 2. skrifstofu stjórnarráðsins hafa borist viðvíkjandi fjárveitingum, er sum hafa ekki verið tekin til greina í fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar, eða komið eftir að það var samið (með skrá).
3. Þingmálafundargerð úr Norður-Múlasýslu.
4. Erindi um að þjóðjörðin Brekka í Fljótsdal verði lögð til sjúkrahússins þar. Frá stjórnarnefnd sjúkrahússins.
5. 2 þingmálafundagerðir úr Húnavatnssýslu.
6. Beiðni frá Steinunni Friðriksdóttur um að fá ábýlisjörð sína Reyki í Hrútafirði keypta (með 5 fylgiskj.).

7. 3 þingmálafundargerðir úr Suður-Múlasýslu.
8. Erindi frá Guðmundi Bárðarsyni bónda á Kjörseyri og Kristmundi Jónssyni bónda á Kolbeinsá um eyðing lunda.
9. Erindi frá sömu mönnum og fleirum um eyðing svartbaka.
10. Erindi frá 30 mönnnum í Bæjarhreppi um stofnun læknishéraðs í suðurhluta Strandasýslu.
11. Erindi frá Guðrúnu J. Jóhannesdóttur um 600 kr. eftirlaunaviðbót á ári (með 2 fylgiskj.).
12. Bréf frá stjórnarráðinu ásamt erindi frá Háskóla Íslands um ónóga kenslukrafta læknadeildarinnar.
13. Bréf frá stjórnarráðinu ásamt erindi Kvenréttindafélags Íslands, um sending fulltrúa á alþjóðafund í Buda-Pest og tveim öðrum skjölum um sama mál.
14. Stjórnarráðsbréf ásamt bréfi sýslumannsins í Rangárvallasýslu um breyting á takmörkum Rangárhéraðs (með 2 fylgiskj.).
15. Erindi frá Tryggva Gunnarssyni um vegg í kringum alþingishúsgarðinn.

FRUMVARP til laga um íslenzkan sérfána (35, 42); 1. umr.

**Lárus H. Bjarnason:** Þegar spurning rís um það, hvort reyna eigi að löggilda íslenzkan sérfána, þá krefst sú spurning úrlausnar þriggja eða fjögra annara spurninga:

1. Hvort Íslendingar óski þess alment, að íslenzkur fáni blakti yfir höfði þeim.
2. Hvort sú ósk sé eðlileg og réttmæt.
3. Hvort oss sé fært, að löghelga liti vora sem fána, og sé það fært, þá að hve miklu leyti.

Þriðju spurningunni mætti skifta í tvent: 1. Hvort oss sé heimilt að löglleiða íslenzkan fána, og 2. hvort oss myndi lánast það, þótt lögheimilað væri.

Þessum spurningum ætla eg nú að leitast við að svara.

Viðvíkjandi fyrstu spurningunni þarf ekki að fara í grafgötur um svarið. Eg hygg, að það þurfi ekki nein heilabrot eða vangaveltur til þess að færa mönnum heim sanninn um það, að sá sé vilji Íslendinga. Þjóðin hefir fyrir alllöngu valið landi sínu *liti*, bláa og hvíta litinn, og konungur hefir staðfest það kjör fyrir tæpum 10 árum með skjaldarmerkinu: hvítum val í blám feldi. Stúdentar og ungmennafélög hafa tekið ástfóstri við þessa liti með eldmóði æskunnar, og konur staðfest þá með veifugjöfinni 1. þ. m., sem Alþingi vantaði því miður þrek til að nota. Öll þjóðin hefir svarist undir þessa liti, heitast og almennast, þegar hún hefir fundið blóðið renna sér til skyldunnar, skyldunnar við sjálfan sig, svo sem á aldarafmæli vors bezta manns, Jóns Sigurðssonar, og nú seinast 12. f. m., þegar erlend flónska brendi bláa og hvíta litinn inn í bein og merg þjóðarinnar. Þangað til hafði bláhvíti dúkurinn blakt fyrir andvara, sem líkja má við »blæ, er bylgjum slær á rein«. Nú þenur hann veður, »sem brýst fram sem stormur, svo hriktir í grein«, í gömlu feysknu fauskunum. Það er orðinn almennur *þjóðarvilji*, að lögleiða íslenzkan fána.

En er nú þessi fánahreyfing eðlileg og réttmæt? Þeirri spurningu vildi eg mega svara með tveimur öðrum spurningum. Er eðlilegt, að hugsa, tala og rita á móðurmáli sínu? Er eðlilegt, að unna því landi, sem geymir samtímis beztu minningar manns og björtustu vonir? Sé þetta eðlilegt og réttmætt, þá er fánahreyfíingin eðlileg og réttmæt. *Sérstakur fáni er lífsmark sérstaks þjóðernis.*

Þá kem eg að þriðju spurningunni:

Er oss Íslendingum fært að löghelga liti vora sem fána? Og sé oss það fært, þá að hve miklu leyti?

Úrlausn þeirrar spurningar veltur aðallega á því, hvort og að hve miklu leyti dönsk flagglög ná hingað. Hér að lútandi dönsk ákvæði eru:

Bann 17. Febr. 1741 gegn því, að skip einstaklinga sigli undir klofnu flaggi. Tilskipun 2. Júlí 1748, § 6, sbr. § 9, um að öll verzlunarskip hafi danska verzlunarflaggið. Flotareglugerð 8. Jan. 1752, § 818, um að verzlunarskip hafi ekki klofið flagg og sjóliðsforingjar gæti þess að verzlunarskip noti ekki óheimilt flagg, og svo loks tilskipun 7. Des. 1776 um að verzlunarskip megi hvergi nota annað flagg en verzlunarflaggið. — Um öll þessi dönsku lög er það að segja, að þau hafa aldrei verið lögleidd sérstaklega hér á landi; þau hafa heldur aldrei verið birt hér og eru því ekki *sjálf*gild hér, enda hefir enginn neitað því, mér vitanlega, hvorki í ræðu né riti, að Ísland hafi frá upphafi verið sérstakt, sjálfstætt löggjafarumdæmi, en af því einu út af fyrir sig leiðir það, að dönsk lög geta ekki verið sjálfgild hér á landi. — Lög þau, sem eg nú hefi nefnt, taka auk þess að eins til skipa á sjó, og að eins til »*verzlunar*skipa«, á dönsku máli »Kofardiskibe« eða ‚Handelsskibe', eða til vöruflutningaskipa og mannflutningaskipa, sbr. 1. gr. tilsk. 25. Júní 1869 um mæling skipa. Hins vegar ná þau ekki til fiskiskipa, skemtiskipa eða líkra skipa, hvorki opinna né undir þiljum. Og það er öldungis víst, að ekkert þessara ákvæða nær til flaggs á *þurru landi*, enda eru engin dönsk lagaákvæði til um flagg á landi, ekkert nema bréf frá dómsmálaráðherranum danska frá 2. Ág. 1854, en með því bréfi er öllum í konungsríkinu leyft að flagga með verzlunarflagginu í kaupstöðum og til sveita. Í sama bréfi er verzlunarræðismönnum leyft að flagga með flagggi þess lands, sem þeir eru fyrir. Dönsk lög eru því *ekki til fyrirstöðu sér*flaggi. Til sannindamerkis má geta þess, að útlendum einstaklingum, sem hér eru búsettir, er leyft eða liðið að flagga með flaggi sinnar þjóðar, og þurfa menn ekki annað til að sannfærast um það, en að líta hér út um gluggana nú. Eg veit að okkar röggsami lögreglustjóri myndi ekki líða það, ef það kæmi í bága við lög. Hitt er óþarfi að minna á, að flaggað hefir verið átölulaust með bláhvíta fánanum á húsum einstakra manna. — Ísland er, að því er *sér*málin snertir, *framandi* land gagnvart Danmörku.

Þá er næst spurningin um það, hvort »ríkiseiningin» svokallaða geti orðið því til hindrunar, að vér lögleiðum íslenzkan sérfána. En að ríkiseining sé milli Danmerkur og Íslands, því get eg hvorki neitað samkvæmt stöðu minni né langar til að neita. »Ríkiseiningunni« til sönnunar skal eg leyfa mér að vitna til eftirtaldra laga: Stjórnarskráin 1., 18. og 25. gr.; lög nr. 28, 7. Nóv. 1879, 4. gr.; l. nr. 14, 21. Sept. 1883; l. nr. 13, 22. Marz 1890, 52. gr.; l. nr. 31, 13. Des. 1895, 1. gr.; l. nr. 16, 3. Okt. 1903, 8. gr.; l. nr. 13, 20. Okt. 1905, 27. gr. En hvað liggur nú í orðinu »ríkiseining«? Ekkert annað en það, að Ísland og Danmörk standi saman gagnvart framandi löndum. Ríkiseiningin er því *ekki til fyrirstöðu* heimaflaggi, sbr. 8. lið 3. gr. millilandanefndarinnar og upphaf 2. mgr. nefndarálitsins á bls. XIV. Í 3. gr. er »kaupfáninn *út á við*« talinn meðal sammálanna, en í 2. málsgr. XIV. er sagt, að sammálin samkvæmt frumvarpinu séu og nú skoðuð sem sammál, en í því liggur aftur, að heimafáni sé ekki sammál, og þá getur hann ekki verið annað en »sérmál«. Enda þarf ekki annað en að

benda til þýzka ríkisins og Stóra-Bretlands og sérríkja ins fyrnefnda og sérlenda ins síðarnefnda. — Þýzka ríkið hefir einn allsherjarfána, en hvert sérríki hefir sérstakan heimafána. Sama er um Bretland. Athugull maður, sem hefir komið til Edinborgar, mun hafa séð flaggað þar með St. Andrewkrossinum og eg held að flestar nýlendur Breta, að minsta kosti hinar stærri, hafi sérstaka heimafána. *(Jón Ólafsson:* Nei, nei, nei.). Jú, að minsta kosti Canada. Eg get sagt vini mínum, sem hristir höfuðið, að eg hefi það úr enskri fræðibók og, til frekari fullvissu, hringdi eg upp brezka konsúlinn hér og spurði hann um þetta, og sagði hann að eg mætti hafa það eftir sér. Það er þannig *ekkert til fyrirstöðu* íslenzku sérflaggi vegna *danskra laga* eða *ríkiseiningar*.

Í íslenzkri löggjöf þekki eg ekki í svipinn önnur ákvæði um danskan fána en þessi: Lög. nr. 31, 13. Des. 1895, sérstaklega 2. gr., sbr. augl. 16. Jan. 1893 og 20. Apr. 1893, og tilsk. nr. 2. frá 2. Marz 1903, 11. gr. — Lögin frá 1895 taka að eins til *hér skrásettra verzlunarskipa*, stærri en 12 smálesta, og þekki eg engan löglesinn mann, sem dregur það í efa. Meira að segja gera þau ráð fyrir skipum hér á landi, sem ekki megi flagga með danska flagginu. Tilskipun frá 1903 nær að orðalaginu til að eins til *fiskiskipa utan landhelgi*, og jafn-vel að eins til 30 smálesta skipa. Danska tilskipunin frá 1748 er að eins lögleidd íslenzkum *verzlunar*skipum til handa, enda hefir bláhvíti fáninn verið notaður á bátum aðfinningarlaust. — En þó að framannefnd dönsk ákvæði væru talin gild hér, og þá líklega helzt vegna tilsk. frá 24. Jan. 1838, þá yrði þeim ekki *beitt* hér, sízt til refsingar eða ábyrgðar, og það þegar af þeirri ástæðu, að þau hafa ekki verið birt hér á landi, sbr. tilsk. 21. Des. 1831 og 2 hæstaréttardóma frá 1842.

Það er því ugglaust, að vér höfum fulla heimild til þess að setja lög um *sérfána á landi*. Og með slíkum fána ætti að mega flagga á höfnum og jafnvel innan íslenzkrar landhelgi, altént á óskrásettum skipum. Annað mál er það, að eg býst við, að íslenzk skip yrðu að draga upp danska fánann, ef krafist væri af eftirlitsskipi Dana eða annara ríkja.

Hins vegar tel eg oss alveg *ókleift* að lögleiða *sérstakan siglingafána*. Til þess þyrftum vér að fá viðurkenningu annara ríkja fyrir sjálfræði voru, eða Surverænitet, enda tæplega heppilegt að ráðast í það meðan vér höfum ekki megn til að verja fána vorn og skip. Varnarlaus siglingafáni, þótt viðurkendur væri, gæti leitt til tjóns fyrir skipa og vöru-eigendur. Auk þess mundu tilraunir af vorri hendi til lögleiðingar slíks fána verða til þess að draga fánamálið niður í flokkaóþverrann, líkt og ósamlyndið varð sambandsmálinu að falli 1908, og til þess vil eg ekki stuðla.

En jafnvel þótt vér höfum skýlausan og ómótmælanlegan rétt til þess að lögleiða íslenzkan sérfána, eins og eg hefi þegar sýnt fram á, þá er ekki þar með sagt, að málið verði jafn auðsótt í *framkvæmdinni*. Það er ekki ómögulegt, að danska stjórnin taki sér rétt til íhlutunar um það mál, líkt og um lotterímálið og flaggið á bátskelinni 12. f. m. o. fl., og mætti þá ef til vill óttast, að ístöðulítil íslenzk stjórn kiknaði í knjáliðunum, svo sem dæmi munu finnast til um svokallaða íslenzka stjórn. Samt hefi eg þá óbifanlegu trú, að vor góði, rétti málstaður sigri. Byggi eg hana annarsvegar á konunglegum orðum ættföður Glücksborgarættarinnar: »Fram í guðs nafni fyrir rétti og sæmd?« enda

skil eg á líkan veg einkunnarorð konungs vors Kristjáns X.: »Guð minn, land mitt og sæmd mín«, legg: »land« út sem gjörvalt veldi konungs. Og hinsvegar byggi eg það á spámannlegum orðum skáldsins: »Sú þjóð, sem veit sitt hlutverk, er helgast afl um heim, | eins hátt sem lágt má falla fyrir kraftinum þeim«. Þau orð eiga jafnt við smáþjóð sem stórþjóð.

**Göngum því óruggir fram undir litum lands vors, litum heiðblámans og mjallarinnar.**

**Bjarni Jónsson:** Eg skal geta þess í upphafi, að eg er samdóma hv. flutningsm. (L. H. B.) um það, að það mun vera almenn ósk allra eða flestra Íslendinga að eignast sinn eigin fána. Hann skýrði rétt og skörulega frá því, að þetta væri vilji og ásetningur innar íslenzku þjóðar, svo að eg þarf ekki að endurtaka það. Þar sem hann enn fremur talaði um réttmæti þessarar óskar, skýrði hann líka rétt frá.

En þegar hann komst út í það, að tala um, hvað framkvæmanlegt væri í þessu efni, þá býst eg við að þar sé talsverður meiningarmunur.

Háttv. þm. skifti málinu þannig, að hann spurði, hvort vér hefðum lagaheimild til þess að hafa íslenzkan fána og þykir mér gott að njóta lagavizku hans í því efni og heyra, að þessar dönsku tilskipanir, sem því gætu verið til fyrirstöðu, hafi ekki verið birtar hér. En þó er það ekkert höfuðatriði. Þær hefði mátt nema úr gildi sem hver önnur lög. Að við getum lögleitt sérfána, ef okkur þykir nokkuð gaman að því, þar er eg honum alveg samdóma, en meiningamunur okkar held eg að liggi aðallega í því, sem háttv. þm. sagði í niðurlagi ræðu sinnar, þar sem hann áleit, að vér gætum ekki lögleitt sérstakan íslenzkan siglingafána. Þar get eg ekki verið honum sammála. Eg tel okkur hafa fulla heimild til þess. Og eg hygg, að það mætti jafnvel sanna út frá hans eigin orðum, þar sem hann var að tala um, að hann gæti ekki »stöðu sinnar vegna neitað því að Ísland og Danmörk væri ein ríkiseining, kæmi fram sem ein heild út á við«. En það geta bæði löndin fult eins vel, þótt þau hafi sinn fánann hvort.

Skal eg þessu til sönnunar benda hv. þm. á það, að Noregur og Svíþjóð komu fram sem ein ríkisheild út á við, meðan þau voru í sambandi, jafnvel þótt þau hefðu sinn fánann hvort. Ríkiseiningin þarf alls ekki að bresta fyrir því. Það er hægt að sýna og sanna, jafnvel þótt maður hafi sömu skoðun um ríkiseininguna og hv. þm. En svo er þar að auki þess að gæta, að þessi ríkiseining er ekki svo til komin, að hún sé lögum samkvæm. Því að við samningana í Kiel 1814, sem allir kannast við, sátu alls ekki lögleg öfl að starfi. Þar voru gerðir samningar milli tveggja málsaðila, sem ekki komu Íslandi neitt við. Þeir gátu ekki fremur skuldbundið Íslendinga heldur en Norðmenn, sem líka gripu til vopna gegn rangindunum, sem þeir voru beittir þá.

Þetta nefni eg að eins til þess að sýna fram á, að þessi ríkiseining byggist ekki á löglegum grundvelli. Það er að eins af valdboði og venju, sem haldist hefir í 99 ár.

En annars er það ekki þetta, sem eg byggi á, og hefi aldrei bygt á — enda býst eg við því, að við viljum allir fúslega hafa sama konung og Danir, ef þeir að eins vilja kannast við jafnrétti okkar gagnvart þeim bæði í fánamálinu og öðrum efnum. Eg nefni þetta til þess að sýna, að það er ekki að eins á

því þrönga sviði, sem hv. þm. hefir markað, sem spurningin um íslenzkan fána fær sitt svar.

Hitt blandast mér ekki hugur um, að hvort sem Danir fara með utanríkismál okkar eftir samningi eða sumningslaust, þá getum við haft okkar sérstaka siglingarfána og bæði löndin komið fram sem eitt samt gagnvart öðrum þjóðum.

Heldur er eg ekki hræddur um það, að vandræði verði úr því að fá viðurkenningu annara ríkja á okkar siglingafána. Þegar Danir segja: »þessar tvær þjóðir, sem koma fram sem ein heild, hafa sitt þjóðernistákníð hvor«, þá hygg eg, að málið muni auðsótt.

Hitt er eg ekki eins viss um, að Danir verði svo fljótir að viðurkenna þenna rétt okkar.

Svo kemur aðalspurningin. Hvað erum við bættari með staðarfána, sérfána eða heimafána. Hann getur í sjálfu sér ekki verið annað en feitt svart stryk undir það, að við þorum ekki að heimta þann fána, sem tákni fullveldi okkar. Og jafnvel þótt eg vissi, að þessi siglingarfáni yrði aldrei annað en krafan ein, þá áliti eg samt mikið unnið með því. En með sérfána get eg ekki séð að við stöndum betur að vígi með að fá fullveldi okkar viðurkent, nema verr sé. Því að á þinginu 1911 var hér í þessari deild, af meiri hluta þjóðkjörinna fulltrúa þjóðarinnar, samþykt lög um íslenzkan siglingarfána og skipum bannað að nota annan fána. Mér virðist því rangt að fara að sveigja til núna. Sérstaklega finst mér varhugavert að draga úr réttmætum kröfum okkar nú, eftir 12. Júní, þegar yfirforingi varðskipsins danska braut lög á okkur.

Eg get því ekki fallist á frumvarpið, eins og það kemur fram. Við 2. umr. mun eg því leyfa mér að bera fram og tala fyrir þeim brtill., sem eg og fleiri þm. hafa látið prenta og útbýtt hefir verið hér í deildinni.

Vona eg þá að samkomulag geti orðið milli okkar og hv. fl.manna og frumvarpinu verði breytt. Það sem eg frekar vildi sagt hafa, mun eg geyma mér þangað til fleiri hafa talað. Eg vildi helzt hlusta á sem flesta, þar sem eg hefi ekki rétt til að tala nema einu sinni enn þá.

**Ráðherrann (H. H.):** Eg ætla mér alls ekki að hefja neinar kappræður um þetta mál. Eg vil lýsa yfir því, að eg er enn þá sömu skoðunar og eg var 1911, að eg álít það liggja fyrir utan valdsvið ins íslenzka löggjafarvalds að fara að semja lög um sérstakan íslenzkan siglingafána. Það getur alls ekki komið til neinna mála, svo að eg verð að skoða þær brtill, sem fram eru komnar við þetta frumv., fremur sem samdar í því skyni að láta í ljósi óskir þeirra hv. þingm., en meiningin sé, að þær eigi að ganga gegnum þingið.

Að því er aðalfrumvarpið snertir, þá skal eg taka það fram, að það er álitamál, hvort það liggur fyrir innan það verksvið, sem íslenzku löggjafarvaldi er afmarkað í stjórnarskránni 1874 og í stöðulögunum frá 1871, sem stjórnarskráin byggir á, að ákveða okkur sérstakt flagg, þótt »sér«-flagg nefnist, og þá er ekki hitt síður vafasamt, hvort oss er nokkur slægur í því að eignast slíkt flagg.

Eg er samdóma hv. þm. Dal. (B. J.) í því, að lítið muni áunnið í sjálfstæðisáttina með því að samþykkja slíkt frv. Eg vil leiða athygli hv. þm. að því, að það þýðir ekkert að vera að vitna til frumvarps millilandanefndarinnar til sönnunar því að staðalflagg sé sérmál. Eg heyri að sumir vilja álykta svo, að með því að í millilandafrumvarpinu stendur, að kaupfáninn *út á við* skuli

vera sameiginlegt mál, þá hljóti fáninn »inn á við«, o: *staðarflagg*, að vera sérmál nú.

En það er alveg óheimilt að draga þessa ályktun, vegna þess að frv. 1908 lítur burt frá stöðulögunum, eins og þau væru ekki til, og því »faktiska« ástandi, sem nú er. Frumv. miðar að því, að sjálfstæð lönd séu að semja um samband sín á milli. Ef það frv. hefði verið samþykt, þá hefði enginn vafi getað leikið á því, að vér hefðum fulla heimild til þess að samþykkja heimaflagg, en úr því svo varð ekki, þá verðum vér nú að hlíta ákvæðum stöðulaganna í þessu efni, og sætta oss við það, að það verði undir skilningi á ákvæðum þeirra komið, hvort þetta verði talið liggja undir verksvið, það er þau afmarka alþingi með stjórnarskránni, sem á þeim er bygð.

Af því að háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) mintist með nokkrum prestlegum orðum á atvikin, sem urðu hér í Reykjavík 12. Júní, finn eg ástæðu til þess að taka það hér fram, að þau mótmæli, sem þá voru hafin af málsmetandi mönnum, má alls ekki skoða sem neina óvild gegn inum löghelgaða ríkisfána. Þvert á móti má fullyrða, að skynbærum mönnum var mjög illa við að farið væri út í öfgar, sem kæmu fram sem óvirðing á fána Danaveldis, sem allir þegnar þessa lands eiga rétt og heimtingu á að fá að nota í friði.

Eg vil og leiða athygli þeirra manna, sem vilja ræða þetta frv. til framgangs hér í deildinni, að því, að það er réttast fyrir þá að halda atburðunum 12. Júní alveg fyrir utan umræðurnar. Hafi yfirmanni Fálkans yfirsést, þá er það sök við hann, en snertir ekki afstöðu vora gagnvart ríkisfánanum.

Þar sem háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) vildi blanda lotterímálinu hér inn í, þá kemur það enn síður þessu máli við. Eins og eg hefi áður lýst yfir, mun eg skýra frá afdrifum þessa máls í sameinuðu þingi við tækifæri, því að það varðar alla þingmenn jafnt. Og eg er sannfærður um, að meiri hluti háttv. þm. muni þá sjá, að tal háttv. 1. þm. Rvk. um heigulshátt og fleiri vingjarnleg og þingleg orðatiltæki hans út af því máli, eru allsendis rakalaus.

**Skúli Thoroddsen:** Eg hafði ekki ætlað að taka til máls. Það er hálfleiðinlegt að þurfa alt af að vera að tyggja upp sömu orðin og sömu röksemdirnar ár eftir ár og þing eftir þing. Í raun og veru nægir að skírskota til þeirra orða og röksemda, sem eg hefi fært fyrir máli mínu, bæði í þingræðum og blaðagreinum.

En það, sem kom mér til þess að standa upp, var það, að *eg* vildi ekki, að ómótmælt stæðu þau ummæli hæstv. ráðherra, að vér hefðum engan rétt til þess að setja lög um íslenzkan fána, þar sem vér höfum meira að segja skýlaus lagafyrirmæli, er heimila oss það.

Það er því furða að heyra þau orð af vörum hæstv. ráðherra, sem berlega brjóta í bág við þau lög, sem Danir hafa sjálfir sett og telja gildandi hér á landi, þ. e. stöðulögin 2. Jan. 1871.

Eg veit ekki betur en að það standi þar berum orðum, að »verzlun *og* siglingar« séu íslenzk sérmál. Getum vér því samþykt hvaða lög sem vér viljum þar að lútandi, því að samkvæmt stjórnarskránni hefir Ísland »löggjöf sína og stjórn út af fyrir sig« í öllum þeim málum, er stöðulögin telja »sérstakleg málefni« vor. — Eða hvaða skip eru það, sem sigla á milli landa án þess að hafa einhvern fána? Fáninn er ekki annað en partur af skipinu, alveg eins og stýrið, ráin og reiðinn o. s. frv.

Vér höfum þannig viðurkenningu Dana sjálfra fyrir því, að siglingafánfáninn sé íslenzkt sérmál.

Hitt mega menn á hinn bóginn ekki láta villa sig, að Danir vilja, og hafa æ viljað, að ástandið héldist, sem nú er, þ. e. að danski fáninn sé notaður hér um aldur og ævi. — Hann hefir smeygt sér hér inn með kaupmannastéttinni, sem til skamms tíma hefir verið aldönsk í anda.

Dönum þykir vænt um sinn fána, sem eðlilegt er, og vilja því að hann haldi áfram að blakta hér á landi sem verið hefir, enda hafa og eigi, er stöðulögin voru gefin, gert sér afleiðingarnar í þessu efni ljósar, fremur en hvað »fiskiveiðarnar« snertir. Af því að þeir hafa til þessa notið þar jafnréttis í landhelgi Íslands, ætlast þeir til þess, að svo verði einatt, gætandi þess eigi, að eftir viðurkenningu sjálfra þeirra í stöðulögunum eru þær íslenzkt sérmál, og íslenzka löggjafarvaldinu því heimilt að banna þeim og Færeyingum fiskiveiðar í landhelgi vorri, er því þóknast.

Það ætti ekki að vera erfitt fyrir íslenzkan lögfræðing, að sannfæra danska lögfræðinga um þetta, og eigi danska lögfræðinga að eins, heldur og hvern danskan alþýðumanninn, og situr því þá — satt að segja — fremur illa á Íslendingum að vilja gera rétt vorn minni en hann er. Hitt væri fremur afsakanlegt, þótt vér færum jafnvel feti lengra í kröfunum, en glöggustu lagafyrirmælin sýndu hann skýlausastan. En að fara jafnvel skemmra en Danir sjálfir hafa viðurkent, sbr. stöðulögin, ætti eigi að heyrast.

Mótspyrna Dana stafar annars yfirleitt ekki af öðru en stórmensku, — telja sig mikilmennin, og mega bjóða sér hvað sem er, þegar við þann er að eiga, sem þeir vita sér minni máttar, og er það þó furða, ekki meiri burgeisar en þeir eru sjálfir.

Dönum ætti þó að skiljast, að eigi lætur það Danmörku sýnast minni, þó að í erlendum höfnum sjáist blakta tvenns konar fánar, annar rauðhvítur, en hinn bláhvítur, og lúta þó bæði löndin, er fánana eiga, sama konunginum.

Annars hefir það aldrei þótt minkun, að sýna þeim veglyndi, sem minni máttar voru, heldur hefir það einatt þótt vottur fagurs og göfugs hugsunarháttar.

Eg ætla svo ekki að fjölyrða meira um þetta mál, — hefi að eins komið fram með breytingartill. af því að eg get ekki felt mig við það, að vér löggildum fána, sem að eins væri »heimafáni«, en ekki »verzlunarfáni«, þ. e. fáni, sem vér að eins mættum láta blakta á húsum vorum, en eigi sýna, er út fyrir landsteinana kemur. Væri slíkt sjálfum oss vanvirða, og sí og æ særandi tilhugsun fyrir hvern þann er fáninn er hugþekkur orðinn.

Það, að eigi fæst samþykki konungs, getur að sjálfsögðu tafið fyrir málinu um hríð. En þá er að sýna þrautseigjuna því meiri, unz sigurinn er unninn.

Hvað því viðvíkur, að íslenzkur fáni þurfi að fá viðurkenningu annara þjóðerna, þá veit eg ekki, hver venja kann að vera í því efni. En hitt veit eg, að engum kemur það við, né skiftir það máli, hvaða fána vér Íslendingar viljum nota á skipum vorum. Tilkynning til annara ríkja, að því er gerð fána vors snertir, hlyti því að sjálfsögðu að nægja.

**Lárus H. Bjarnason:** Eg kom með bæði þessi merki hingað, til að sýna blátt á hvítu, að mér er ekki neitt kappsmál, hvernig gerð fánans er. Eg hefi ekkert á móti bláhvíta krossinum, enda hygg eg, að 12. Júní muni hafa gert hann vinsælli en áður.

Út af ræðu hv. ráðherra vil eg geta þess, að mér kom, jafnvel af hans vörum, hálfspanskt fyrir, að heyra það

dregið í efa, að vér getum löggilt staðarfána.

Hv. ráðherra hélt því fram, að danski fáninn væri löggiltur hér á landi, en það fer fjarri því; hann er eigi löggiltur nema á skrásettum skipum. Væri hann löggiltur á landi, mundi hv. ráðherra láta draga bláa fánann niður af stöngunum hér? Hv. ráðherra má eigi láta sér slík orð um munn fara, hvorki sem ráðherra, né sem löglærður maður.

Hv. ráðh. var sammála hv. þm. Dal. (B. J.) um það, að lítið eða ekkert áynnist með lögleiðingu sérfána; hún væri nánast leikur; en það er ekki rétt. Ef vér samþykkjam frumv., getur danski Fálkaforinginn ekki tekið fána vorn af meinlausum bátum á höfnum inni og því síður nokkur amast við honum á landi, enda mundi hv. ráðherra þá ekki síður leggja lögreglustjórum sínum fyrir að verja bláhvíta fánann heldur en rauðhvíta flaggið. Annað hitt, að bláhvíta fánanum mundi fjölga mikið, væri hann löggiltur, því að nú skirrast margir við að nota hann, af því hann er ekki löggildur. Máske verður nokkuð örðugt að fá staðfestingu h. h. konungs, en eg býst samt við, að hv. ráðherra væri innanhandar að fá frumvarpið staðfest. Það er algerlega rangt, að millilandafrumvarpið komi oss ekki að liði hér. Samkvæmt upphafi 2. m.gr. nefndarálitsins á bls. XIV, sbr. 8. lið 3. gr. frv. er heimflaggið ekki sammál, og það fer að minsta kosti ekki vel á því, að ísl. þingmenn skuli bæði nú og í stj.skr.málinu vera að bisa við að kenna Dönum, hvernig þeir eigi að þrengja kostum vorum. Danir sjálfir eiga sér flaggmál. Margir þeirra beztu manna halda fram rauðu og hvítu litunum í Suður-Jótlandi. Það mun því tæpast þurfa að óttast að þeir sýni okkur ósanngirni, þar sem líkt er ástatt hér og þar. Nái frumv. ekki staðfestingu konungs, býst eg við, að það verði einhverju öðru að kenna, en mótspyrnu Dana, verði einhverju líku að kenna og lotterílsysið, sem eg annars ætla eigi að ræða hér að svo stöddu. Annars stoðar ef til vill ekki að ræða málið mikið.

Eg tók eftir, að hv. ráðherra hafði lík ummæli um það og stjórnarskrármálið, að það mundi ekki komast út úr þinginu, og mun hann þar hafa átt við hv. Efri deild sína, en meðan deildirnar eru tvær, verður hvor deild að taka meira tillit til sín en hinnar, enda óvíst að hv. Efri deild fylgi hv. ráðherra gegnum þykt og þunt.

Eg vil ekki kappræða breytingartill. að svo stöddu máli, ætla að eins að taka fram, að eg er samþykkur hv. ráðherra í því, að vér höfum ekki vald til að löggilda siglingarfána, svo sem eg sagði skýlaust í 1. ræðu minni. Annars getum við hv. flutningsmenn rifist um þetta í nefndinni, því eg býst við að málinu, verði sýndur sá sómi, að það verði sett í nefnd.

Oss hefði verið innanhandar að löggilda siglingarfána á sínum tíma, ef millilandanefndarfrumvarpið frá 1908 hefði náð fram að ganga. Það hefði farið öðruvís bæði um þetta mál og annað, ef háttv. þm. Dal. (B. J.) hefði þá skilið orðið »Suverænitet«, eða hampað því og öðrum öfgum ögn minna. Eg leyfi mér að svo mæltu að stinga upp á því, að málinu sé vísað til 5 manna nefndar að umræðum loknum.

**Magnús Kristjánsson:** Það hafa nú bæði lærðir menn og lögfróðir rætt um þetta mál, og það kann að virðast nokkuð djarft af mér, að vera að minnast á það. — En það vill nú svo til, að ekki eru allir sammála, og geta því ekki allir haft rétt fyrir sér. Máske hafa einhverjir það, en eg hefi ekki

getað komist að raun um að svo sé. Ég held helzt að þeir allir hafi að nokkru leyti rangt fyrir sér.

Mér finst lítil ástæða til, að vera að gera þetta mál að löggjafarmáli, því eg sé ekki annað en að okkur sé heimilt að nota hvern þann fána heima fyrir, sem okkur þóknast, án löggjafarsamþyktar. Get eg eigi séð ástæðu til að vera að gera þetta að lögum, fyr en vissa er komin fyrir því, að þjóðinni sé innilegt áhugamál að fá þennan fána löggiltan.

Mér finst vera líklegasti vegurinn, að samþykkja þingsályktunartillögu um, að skora á stjórnina, að láta listamenn koma fram með tillögur um þá fánagerð, sem þeir álitu hentugasta. Síðan væru fánagerðirnar bornar undir kjósendur, og þeir greiddu svo atkvæði um, hverja fánagerð þeir vildu hafa.

Það er með þetta mál, sem önnur, að það hefir meira en eina hlið. Eg álít varhugavert að samþykkja lög, sem gætu stuðlað að því, að við yrðum álitnir pólitiskir afglapar. Það þykir mér hætt við, að gæti komið fyrir, ef þingið færi nú að setja lög um siglingarfána, eins og sambandinu milli landanna nú er háttað.

Mér finst töluvert óviðfeldið að samþykkja vissa gerð á flagginu, fyr en vissa er fyrir, að þjóðin muni sætta sig við þá gerð.

Hvernig aðrir líta á þetta mál, er mér ómögulegt að segja, en eg fyrir mitt leyti hefi þá skoðun, að ánægjulegt væri, ef mikill meiri hluti þjóðarinnar gæti orðið ásáttur um eina gerð.

Háttv. þm. Dal. (B. J.), sem að sjálfs sín dómi mun vera sé bezti Íslendingur, er nokkurn tíma hefir uppi verið, eða muni verða, lét í ljós, að sérfáni væri ekki mikils virði. Er eg honum fyllilega samdóma í því, og fer svo ekki fleiri orðum um þetta mál að þessu sinni.

**Lárus H. Bjarnason:** Nú hafa allir flokkar talað um þetta mál, nema bændaflokkurinn. Síðasti ræðumaður talaði af hálfu stjórnarflokksins, enda kom mér ræða hans ekki á óvart eftir að hafa heyrt ræðu hv. ráðherra. Gat hér um bil gert mér í hugarlund, hvernig syngja mundi í bjöllunni þeirri.

Hv. þingmaður er auðsjáanlega á móti því að Íslendingar eignist fána, en brestur líklega þrek til að láta það hreint uppi. Sé tilgáta mín rétt, væri miklu karlmannlegra af honum að koma hreint til dyranna og draga sem fyrst um á frumvarpinu, svo sem með rökstuddri dagskrá. En líklega hefir gleymst að samþykkja þetta á flokksfundi stjórnarmanna í gær, eða ef til vill þykir ekki kominn tími til að kasta gærunni. Annars er háttv. þm. Ak. (M. Kr.) ekki í sérlega góðu samræmi við kjósendur sína í þessu máli. Því til sönnunar vil eg leyfa mér að lesa upp fáein orð úr þingmálafundarsamþykt á Akureyri. Þau hljóða svo:

»Fundurinn skorar á Alþingi, að löggilda þjóðernisfána fyrir Ísland . . .«

Tillaga hv. þm. um að fá listamenn til að gera uppástungur um gerð fánans, er ekki annað en tilraun til að draga málið á langinn um óákveðinn tíma.

**Magnús Kristjánsson:** Eg ætla að eins að víkja örfáum orðum að hv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.). Vil eg fyrst lýsa yfir því, að eg var alls ekki á flokksfundi í sambandsflokknum í gær, og get eg vel fært sönnur á það.

Þessi ummæli hv. 1. þm. Rvk. fara því langt yfir mark, og verða að falla niður sem dauð og ómerk.

Eg hefi enga »Instruktion« haft í þessu máli, og skil eg eigi, hvaða ástæður hv.

þingmaður hefir haft til að væna mig um það.

Hitt skil eg, að hann vilji hafa einkaleyfi til að tala og starfa í þessu máli, og kæri sig ekki um, að eg sé að þvælast fyrir honum.

Hvað viðvíkur vilja kjósenda minna, lýsi eg yfir því, að eg fer eingöngu eftir mínum eigin vilja og því sem eg hefi sagt við kjósendur á fundum. Eg held því sömuleiðis fram, að sú skoðun, sem eg hefi látið í ljósi hér, fari alls ekki í bága við fundarsamþyktina á Akureyri.

Mun eg svo ekki ræða meira um þetta mál að sinni.

**Bjarni Jónsson:** Hæstv. ráðherra lét í ljósi, að löggilding fánans lægi fyrir utan verksvið þingsins. Leiði eg hjá mér að svara því, þar eð háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) hefir svarað því að fullu; sýndi hann fram á, að jafnvel Danir hafa lagt þann skilning í málið, þá því fremur ættum við að gera það, sem rétt rök viljum.

Það hefir verið minst á gerð fánans og vil eg leyfa mér í fám orðum, að benda á, hversu varhugavert það er, að fara nú að breyta til. Fyrir þrem árum var hann samþyktur á 30 þingmálafundum og síðan hefir bæði gerðinni og litnum vaxið fylgi.

Menn eru nú farnir að unna þessum fána, sýndi það sig bezt þann 12. Júní, þegar jafnvel mótstöðumenn hans urðu svo reiðir, að þeir eigi vilja sjá þann dag, er hann verði slíku ofbeldi beittur aftur.

Eg vil benda mönnum á, hversu hættulegt það er, að vera að rugla menn og villa í þessu máli, eins og nú er komið. Þó einstaka menn hafi haldið því fram, að þetta væri Krítar fáni, þá nær það engri átt, enda er Krít nú komin undir yfirráð Grikklands. Þótt grískir herfánar kunni að vera svipaðir, kemur það ekki málinu við, þar sem þetta er siglingafáni.

Þá kem eg að hv. þm. Ak. (M. Kr.), sem var svo vænn að segja mér álit sitt á sjálfum mér.

Okkar á milli sagt, hefi eg aldrei lagt ilt til hans, og aldrei brugðið honum um hroka eða gorgeir, en eg vil minna hann á máltækið: Kallaðu á haustið og það kemur. Við erum hittir, en ekki skildir, og þó að eg sé ekki mikill fyrir mér, mun samt hv. þm. Ak. ekki veita af að hafa munninn fyrir neðan nefið, ef hann vill etja kappi við mig.

Sami þingmaður hélt því fram, að Íslendingar mundu verða taldir afglapar í stjórnmálum, ef þeir samþyktu fánamálið.

Norðmenn gáfu út lög um fána og urðu að þola, að hann væri hvað eftir annað tekinn af þeim og þeir sektaðir fyrir að nota hann. Þeir óttuðust ekki að þeir yrðu kallaðir pólitískir afglapar, þótt þeir rynnu ekki frá öllum sínum kröfum við fyrsta mótbyr.

Það sem háttv. flutnm. (L. H. B.) tók fram gagnvart hv. þm. Ak. var hárrétt. Sú tillaga, sem samþykt var á Akureyri og hér var lesin upp, felur í sér það sama og breytingartillögur okkar. Ef háttv. þm. veit ekki, hvað við er átt með þjóðernisfána, get eg vísað honum á bók, þar sem hægt er að sjá glöggar og skýrar upplýsingar um það atriði. Ef hann sér það svart á hvítu, þarf hann ekki að halda að það sé alt gorgeir og mont úr mér. Hann getur flett upp bls. 106 í Das Völkerrecht eftir háskólakennara Franz von Liszt, og ef hann vill fá fyllri upplýsingar, getur hann flett upp á bls. 200 í sömu bók. Þar getur hann séð að verzlunar- eða siglinga-fáni er sérstaklega þjóðernistákn. Þess vegna er sjálfsagt fyrir hann, ef hann vill vera í samræmi við kjósendur sína, að fall-

ast á breytingartillögur okkar og greiða þeim atkvæði.

Þó að hv. þingmaður sé svo hugaður, að hann hræðist ekki kjósendur sína — og að því kann honum að verða mikill sómi — er mér þó nær að halda, að hann hafi gert þetta af brjóstgæðum. Hann hefir viljað sanna, að til væri þó maður, sem mér væri lakari. Og ef svo er, þakka eg honum fyrir brjóstgæðin.

Eg get ekki látið vera að minnast á það, sem háttv. flutningsm. talaði til mín. Hann sagði að þetta mál mundi horfa öðruvís við, ef eg hefði vitað, hvað »suverenitas« var árið 1908. Eg þori ekki að meta mig til jafns við háskólakennara í lögfræði og þess vegna vil eg bera fyrir mig orð annars háskólakennara í sömu grein. Bók sú eftir hann, er eg vitna til, er reyndar skrifuð 1911, en eg býst þó ekki við, að hann hafi hagað sér á nokkurn hátt eftir skoðunum mínum 1908. Hann telur heyra undir suverenitas: jus legationis, jus foederum et tractatuum og jus belli et pacis. En mér er spurn, hvar er hægt að finna nokkurn snefil af þessu í frumv. millilandanefndarinnar 1908?

Annars vil eg geyma kappræður við háttv. flutningsm. um þetta mál þangað til síðar, ekki þangað til í nefndinni, því að eg býst ekki við að hafa þá ánægju, að sitja þar með honum. En einhverntíma mun gefast tækifæri til, að víkja að þessu nánara. Eg vil einungis taka það fram, að eg þekki vel og skildi rétt 1908, hvað »suverenitas« merkir. Það veit eg að háttv. flutnm. hefir líka gert, en hvort hann hefir farið eftir því, sem hann vissi réttast, — það veit eg ekki.

Áður en eg sezt niður, vil eg taka það fram aftur, að ef farið verður að lögleiða sérfána, staðarfána eða heimafána, eða hvað það er kallað, þá verð eg að skoða það háðung fyrir land og þjóð. Það yrði einungis til að sýna, að við getum ekki haft fána sem táknar fullveldi okkar. En þann fána vil eg hafa og engan annan. Það er háðung, að setja það í íslenzk lög, að danskan fána skuli hafa á hverri íslenzkri fleytu, hvar um höf sem hún fer, og að hvaða landi sem hana ber, til þess að sýna að við teljum okkur danska þjóð. Og þá er ástæðulaust, að hafa hér heima fána með Þórshamri eða hvítum krossi í bláum feldi. Til þess þurfum við heldur engin lög.

Það var rétt hjá háttv. þingm. Ak., enda hefir háttv. flutningsm. sannað rækilega, að engin lög eru því til fyrirstöðu.

**Jóhannes Jóhannesson:** Eg ætla að eins að staðfesta skýrslu háttv. þm. Ak. um það, að hann var ekki á fundi Sambandsflokksins í morgun, er þetta mál var þar til meðferðar. Á flokksfundinum var það talið sjálfsagt, að málið yrði sett í nefnd og komu menn sér saman um, hvaða mönnum flokkurinn skyldi koma að í nefndina. Afhenti eg forseta þegar í byrjun fundarins lista með nöfnum þeirra manna.

**Pétur Jónsson:** Háttv. flutningsmaður, sem hélt mjög skýra og skörulega ræðu til framsögu þessa máls, hélt því fram í henni, að það ætti að standa ofar öllum flokkum. En í síðari ræðu sinni taldi hann þó á fingrum sér raddir flokkanna, eins og engar skoðanir né tilfinningar gætu verið til, nema skoðanir og tilfinningar flokkanna. Það ber víst að skilja svo, að háttv. flutningsm. telji sig ofar flokkunum í þessu máli, en hafi hins vegar ekki svo mikið traust á öðrum mönnum, að þeir geti áttað sig á því nema í flokkum.

Hann saknaði þess t. d., að bændaflokkurinn hefði ekki látið til sín heyra.

Eg ímynda mér, að bændur muni ekki

flana að því, að ræða þetta mál. Bændaflokkurinn getur enga sérstaka rödd látið til sín heyra, því að hann hefir enga sérstaka afstöðu tekið í því, aðra en þá að kjósa nefnd. Þetta get eg sagt fyrir hönd bændaflokksins, þó að eg hafi ekki verið kosinn neinn málsvari hans, hvorki í þessu máli né öðru.

Eg get sagt fyrir mitt leyti, að *á mér* hefir það ekki sannast, að nokkrir fánalitir hafi brent sig inn í mig, enda var eg ekki hér 12. Júní. Síðan eg man eftir mér, hefir mér ávalt verið fremur lítið um Dannebrog. Það er að vísu fallegt flagg, en við það loða þó þær endurminningar, að mér getur seint orðið vel við það. Sama er að segja um stúdentaflaggið. Það er líka fallegt flagg, en þó eru tengdar við það fremur leiðinlegar endurminningar. *(Bjarni Jónsson:* Það er skrítið). Fánamálið hefir verið notað eins og margt fleira, sem í sjálfu sér er gott, til eiturbyrlunar með þjóðinni til þess að koma af stað æsingum, góðum málum til skaða. *(Bjarni Jónsson:* Hvaða mál voru það?). Það skilja allir, þó að eg segi ekki meira.

Eg ætla mér ekki að skýra frá því, hvernig eg muni haga mér gagnvart þessu frumvarpi. Að eins skal eg geta þess, að mér þykir viðkunnanlegri aðferðin, sem háttv. þm. Ak. stakk upp á, heldur en að þröngva upp á menn merki félags hér í Reykjavík, sem engin trygging er fyrir að fólk vilji hafa.

**Flutningsm. (L. H. Bjarnason):** Eg þakka háttv. þm. Ak. (M. Kr.) og háttv. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.) fyrir þær upplýsingar, að Sambandsflokkurinn hafi enga ákvörðun tekið í þessu máli. Mér þótti vænt um að fá að vita, að flokkurinn er þó hreinn af því. En eftir orðum hv. ráðherra og fyrri ræðu háttv. þm. Ak. (M. Kr.), var full ástæða til að ætla, að flokkurinn mundi leggjast fast á móti frumv., enda ekki séð fyrir leikslok enn.

Sömuleiðis þakka eg háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) fyrir þá yfirlýsingu, að Bændaflokkurinn hefir enn svo óbundnar hendur um málið, að hann ætlast til að það fari til 2. umr. og síðar í nefnd. Það sannast á okkur flutningsmönnum, að »litlu verður Vöggur feginn«.

Viðvíkjandi háttv. þm. Dal. (B. J.) skal eg geta þess — þó að ekki ætti að þurfa að minna hann á það, jafn víðreistan mann og Austmannakæran — að það stóð öðruvís á fyrir Norðmönnum þegar þeir áttu í fánabardaganum við Svía, heldur en nú stendur á fyrir okkur. Norðmenn þurftu ekki annað en að samþykkja fánamálið þrjú þing í röð til þess að fá því framgengt. Slíkt ákvæði er ekki í okkar stjórnarskrá, enda sakna eg þess líka í stjórnarskrárfrumv. háttv. þm. Dal.

Um Liszt og aðra rithöfunda vil eg ekki þrátta við háttv. þingmann hér. Eg vil að eins benda honum á, að haustsemester háskólans byrjar 1. Oktbr., og ætti hann þá, verði hann þá ekki önnum kafnari við viðskiftaráðunautsstörfin en hann hefir verið upp á síðkastið, að leita fræðslu til háskólakennarans í stjórnlagafræði, heldur en að leita hennar í þingmannssæti Reykjavíkur.

Þriðja mótbáran, sem hv. þm. hreyfði, var sú, að það væri oss til háðungar, að lögleiða sérfána. Þá »háðung« hefir þó jafnvoldug þjóð og Prússar, sem eru nú 40 miljónir, látið sér lynda. Þýzku sérríkin hafa sameiginlegt flagg að siglingafána, þýzka ríkisflaggið, láta sér nægja að flagga með sérfánanum heimafyrir. Veit viðskiftaráðunauturinn ekki þetta? Hann sagði að við værum einráðir um að taka okkur siglingafána. Hann hefði getað sagt og átt að segja, að vér hefðum átt kost á að ráða flaggi

voru sem öðru, sem sé ef vér hefðum borið gæfu til að taka millilandafrumv. En nú lifum vér að framkvæmdinni til undir stöðulögunum, og það skilur. Eg held eg geti sagt það, án alls sjálfshóls, að hann geti fengið betri fræðslu um réttarstöðuna og fleira heldur en hann virðist nú eiga, ef hann leitar háskólans, annaðhvort til mín eða »kollega« minna.

**Skúli Thoroddsen:** Það er að eins stutt athugasemd, sem eg vildi gera við ræðu háttv. þm. S.-Þing. (P. J.). Hann sagði að sig snertu óþægilegar endurminningar, sem bundnar væru við bláhvíta fánann, af því að fánamálinu hefðu verið samfara svo miklar æsingar. En það er ekki rétt, að kalla það æsingar, þó að menn fylgi því máli eindregið fram, er þeir hafa áhuga á. Þegar svo er, þá er það ekki nema eðlilegt, að menn lýsi skoðunum sínum fyrir almenningi, og reyni sem unt er, að beita afli röksemdanna, og lýsa þá og jafnframt skoðunum þeirra, er á móti mæla, og hreki þær, sem föng eru.

Kalli háttv. þm. S.-Þing. þetta æsingar, þá eru það þær æsingar, sem hjá verður eigi komist, og þegar andmælunum er þannig háttað, að vefengd eru réttindi Íslendinga, þ. e. vefengt, að íslenzkt löggjafarvald hafi rétt til þess að lögleiða sérstakan fána, þá er sízt að furða, þótt baráttan geti orðið nokkuð hörð, eða þótt mönnum sárni það, er sannleikanum og réttinum er mótmælt. Á því mega menn ekki hneykslast, enda baráttan einatt skilyrði þess, að sigurinn verði, fyr eða síðar, unninn.

Háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) sagði, að betur hefði nú verið ástatt, ef frumv. millilandanefndarinnar frá 1908 hefði eigi verið hafnað; en þetta er fjarstæða. Því að — eins og háttv. þm. Dal. (B. J.) hefir tekið fram — fór því svo fjarri, að tillögur meirihluta millilandanefndarinnar trygðu Íslandi fullveldi, að þar var þvert á móti öllu fullveldi skýrt og skilmerkilega afsalað, þar sem fela átti Dönum hermál, utanríkismál o. fl., er vera skyldi í þeirra höndum um aldur og ævi.

Með því að ganga að þessu, hefðu Íslendingar svift sig öllu fullveldi, að því leyti sem nokkur þjóð getur fullveldinu svift sig, því að segja má um það, sem um hvern annan siðfræðilegan rétt vorn, að það sé í raun og veru al-óafsakanlegt. Þó að einhver segi: »Þú mátt slá mig, þú mátt ljúga á mig«, eða því um líkt, þá er réttur hans þó æ engu að síður sá, að vera sá sem eigi er barinn, eða eigi er álygum beittur o. s. frv.; það er hinum þó eigi ábyrgðarlaust að beita hann inu illa. Eða á eigi vor kvöl, eða sársauki, einnig að vera kvöl, eða sársauki, öðrum? Engum því heimilt að gangast undir kvöl eða réttartröðkun í sinn garð, og baka svo öðrum, með eiginni kvöl, kvalir.

Alveg eins er því þá og háttað, að því er til þjóðarsjálfstæðisins kemur, að þar er þá og um þann rétt að ræða, er þjóðerni hverju æ er al-óafsalanlegur, enda Dönum, sem öllum, æ skylt, að þrá eigi að eins eigið þjóðarsjálfstæði, heldur og annara, og þola það eigi fremur — en enda enn síður —, að annara réttindum sé traðkað, en þeirra eigin.

ATKV.GR.:

Vísað til 2. umr. í einu hlj.

Samþ. í einu hljóði að kjósa 5 manna nefnd.

Í nefndina voru kosnir með hlutfallskosningu:

Lárus H. Bjarnason
Kristján Jónsson
Einar Jónsson

Skúli Thoroddsen
Eggert Pálsson.

---

FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr. 52, 10. Nóv. 1905, um stofnun Fiskiveiðasjóðs Íslands (38); 1. u m r.

**Flutningsm. (Björn Kristjánsson):** Þetta frumv. er fram komið samkvæmt beiðni kjósenda. Það var samþykt á fundi í kjördæmi okkar, að verja þessu fé, sem orðið hefir að ásteytingarsteini hér í þinginu að undanförnu, í þarfir sjávarútvegarins. Og það virðist vera eðlilegt að verja þessu fé að einhverju leyti til að vernda íslenzka sjómenn fyrir yfirgangi útlendinga.

Það vildi svo til, þegar þetta frumv. var prentað, að í háttv. Ed. kom fram annað frumv. líks efnis, um að stofna sjóð til strandvarna. Ef við hefðum vitað þetta, hefðum við sjálfsagt borið okkur saman við flutningsm. frumv. í Ed. En eg geri ráð fyrir að nefndirnar í báðum deildum vinni saman og sjóði saman úr báðum frumv. eitt frumv., sem nefndirnar koma sér saman um.

Okkur flutningsm. og öðrum, sem um sjávarmál hugsa, hefir þótt það eðlilegt, að sektir fyrir ólöglegar fiskiveiðar rynnu til eflingar sjávarútvegarins, og ekki sízt eins og frumv., sem fram er komið í Ed., fer fram á, til varnar landhelginni.

Eg sé ekki ástæðu til að ræða þetta nú, en býst við að það verði tekið til íhugar í væntanlegri nefnd, og leyfi mér þá að stinga upp á, að kosin verði 5 manna nefnd, sem beri sig svo saman við Ed.-nefndina. (*Sig. Sigurðsson:* Má ekki vísa því til nefndarinnar, sem kosin var í gær?). Jú, eg felst á það.

ATKV.GR.:

Vísað til 2. umr. í e. hlj.

Vísað til fiskiveiðanefndar í e. hlj.

---

FRUMVARP til laga um breyting á lögum 16. Nóv. 1907, um skipun læknahéraða o. fl. (39); 1. u m r.

**Flutningsm. (Kristinn Daníelsson):** Frv. þetta, sem við höfum leyft okkur að leggja fyrir háttv. deild, er fram komið eftir sanngjarnri ósk héraðsbúa í því læknishéraði, sem farið er fram á að stofna. Eg nefni það nú þegar læknishérað, því að það hefir áður verið skipað sérstökum lækni, en var svo svift honum aftur. Kjósarhérað var stofnað með sömu ummerkjum og nú er farið fram á í lögum 13. Okt. 1899, en var svo aftur af numið með lögum 16. Nóv. 1907. Þá var læknirinn tekinn af Kjósarbúum og þeim ætlað að vitja læknis til Hafnarfjarðar. Má vera að þessu hafi valdið, að þá hafi ekki verið eins margt um lækna og nú. Að eins var þeim sýnd sú líkn, ef líkn skyldi kalla, að héraðslækninum í Rvík var gert að skyldu, að vitja þeirra við og við. En þetta var í rauninni sama sem að svifta þá allri læknishjálp, því að héraðslæknirinn í Reykjavík hefir, eins og kunnugt er, alt of miklu að sinna til að geta tekist á hendur langar ferðir upp um sveitir. Aðfarirnar við þetta læknishérað eru eins dæmi í sögu læknaskipunarinnar. Annarstaðar hefir ávalt verið stefnt að því að gera fólkinu sem auðveldast um að leita sér læknishjálpar, en þessum hreppum er gert það miklum mun örðugra en áður var.

Eg sé svo ekki þörf á að fara fleiri orðum um þetta mál að sinni, en vona að háttv. deild sýni því þá sanngirni að vísa því til 2. umr. Svo leyfi eg mér að stinga upp á að kosin verði 5 manna nefnd til að íhuga frv. að lokinni þessari umr.

**Halldór Steinsson:** Því hefir verið haldið fram af þjóðinni og þingm., að óhæfa væri að fjölga embættum fram yfir það sem er, heldur bæri að fækka

þeim. En landsmenn hafa ekki verið sjálfum sér samkvæmir í þessu, því að á mörgum undanförnum þingum hafa legið fyrir óskir um stofnun nýrra læknishéraða. Eg fyrir mitt leyti mun greiða atkv. með stofnun nýrra læknishéraða, ef þau hafa þau skilyrði, sem nauðsynleg eru til þess að þau geti þrifist. Í fyrsta lagi, að þörfin sé brýn. Í öðru lagi, að ekki sé klipið svo mikið af nágrannahéruðunum, að læknar í þeim verði fyrir verulegum tekjumissi og í þriðja lagi, að héruðin séu svo fólksmörg, að læknirinn geti lifað af aukatekjunum í viðbót við hin fastákveðnu laun. Eg veit ekki, hvort héraðið, sem farið er fram á að stofna í þessu frv., hefir þessi skilyrði. Mér finst því sjálfsagt, að það sé athugað í nefnd, því að ef til vill koma fram fleiri frumv. líks efnis, sem sama nefnd gæti þá fjallað um.

Því hefir verið haldið fram, að landssjóður þyldi ekki útgjöldin, sem fljóta af fjölgun embætta og hækkun embættismanna launa. Hér er ólíku saman að jafna, þar sem þjóðin sjálf biður um aukin útgjöld, þegar um stofnun nýrra læknishéraða er að ræða, en í launahækkunnarfrumvörpum stjórnarinnar eru það þeir, sem launin þiggja, embættismennirnir, sem fara fram á hækkunina; á þessu er mikill munur.

Breytingar, þær sem þegar hafa verið gerðar á læknalögunum frá 1907, sýna, að þau lög eru ekki vel úr garði gerð, og er því ekki vanþörf á að athuga vandlega þær kröfur, sem fram koma frá landsmönnum um breytingar á lögunum.

Eg leyfi mér að styðja till. háttv. síðasta ræðumanns um 5 manna nefnd að lokinni umræðu.

**Jón Magnússon:** Eg bjóst varla við, að háttv. þm. Snæf. (H. St.) styddi að því að setja þetta mál í nefnd. Eg ímyndaði mér, að hann væri svo kunnugur, að hann vissi, að engin von er um að fá lækni í þetta hérað. Læknirinn, sem var þar áður, fór þaðan af því að hann hafði þar svo að segja ekkert að gera, og þar af leiðandi sama sem engar aukatekjur. Treystist hann því ekki til að komast þar af, og er þetta þó mjög nýtur læknir. Mig furðar á því, að menn skuli vera að hugsa til að stofna ný læknishéruð meðan hrein vandræði eru eru að fá lækna í þau héruð, sem þegar eru stofnuð. Nú eru laus eða sama sem laus 7 læknishéruð, og engi von um að fáist í ár meira en tveir nýir læknar. Meðal lausra læknahéraða eru Hróarstunguhérað og Axafjarðarhérað, þar sem þó allir viðurkenna að þörfin sé mikil. Dalahérað er nú að losna, og hefir verið talað um að skifta því í tvent. Væri það gert mundi Dalasýsla líklega verða læknislaus. Ef fara ætti að óskum landsmanna um að stofna ný læknishéruð, þá þyrfti um leið að bæta kjör lækna, svo að héraðslæknisembættin þætti aðgengileg.

Það er spá mín, að þótt þetta frv. næði fram að ganga, þá mundi héraðsbúar engu verða bættari.

**Flutningsm. (Kristinn Daníelsson):** Háttv. þm. Snæf. (H. St.) mintist á, að það væri vilji þjóðarinnar að embættismönnum yrði fækkað, og er það að vísu rétt, en eg verð þó að segja, að hvað læknaembættin snertir, þá eru þau undantekin frá þeim þjóðarvilja. Þjóðin er að eins á móti óþörfum launahækkunum og stofnun óþarfa sýslana. En í sjálfu sér er það vottur um framför, ef starfsmönnum á nýjum sviðum fjölgar í landinu.

Þar sem talað var um, að læknar gætu ekki lifað í þessum héruðum, sem verið væri að stofna, þá er það sök þeirra manna, sem síðar vilja taka embættin að sér.

Eg átti sízt von á að háttv. þm. Vestm.

(J. M.), svo góður maður sem hann er, vildi hafa sig til að mæla á móti nefnd. Annars hnigu orð hans helzt að því, hve örðugt væri að fá menn í embætti. Eg álít nú þvert á móti, að viðkoman á læknum hér frá háskólanum sé og verði svo mikil, að þeim örðugleikanum verði úr vegi rutt.

Eg vænti svo góðs af inni háttv. deild, að hún sýni þessu máli sömu veldild og slíkum málum hefir oft verið sýnd hér áður, og fyrst og fremst að hún kjósi nefnd í málið til að athuga það nánara.

**Pétur Jónsson:** Það er alveg þýðingarlaust að hleypa þessu máli lengra, svo framarlega sem deildin hugsar sér þá ekki að láta héraðið standa læknislaust lengi fyrst um sinn, ellegar það getur ekki verið nein önnur meining með að samþykkja þetta frv., en sú, að taka lækni frá einhverju öðru héraði og setja í þetta. Það getur verið að það þyki sanngjart t. d. að taka eina lækninn, sem til er í Norður-Þingeyjarsýslu, og flytja hann suður í Kjós, svo læknishéruðin í N.-Þ. standi bæði auð. Það er líka annað hérað læknislaust í Þingeyjarsýslu, Höfðahverfishérað. Það hefir ekki verið hikað við að taka af okkur lækna og setja þá niður, þar sem mannslífin eru metin mikið meira en þar norður frá. Þessi sífelda fjölgun á læknishéruðum er hreinasta glapræði á meðan skortur er á læknum, og er sjálfsagt að láta nú staðar nema.

**Björn Kristjánsson:** Eg skal leyfa mér að benda háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) á, að þetta mál var fyrir þinginu 1912. Þá var beðið um 6 ný læknishéruð og voru þær beiðnir allar fengnar sömu nefndinni til athugunar. Nefndarálitið ber það með sér, að nefndin hefir komist komist að þeirri niðurstöðu, að fylsta þörf sé á fjölgun læknishéraða. Það getur vel verið að enn þá sé skortur á læknum. En þeim fjölgar. Það kemur af sjálfu sér með því að þeir menn, sem ganga skólaveginn, leggja stund á það nám, sem þeir sjá að verður þeim lífvænlegt. Þó engir læknar bætist við eitt ár, þá geta margir bætst við næsta ár. Og þó að læknishérað sé skapað, þá liggur engin skylda á stjórninni, að setja lækni í það, ef enginn læknir er til. Þessvegna er engin ástæða til að amast við stofnun þessa nýja héraðs, og eg skil ekki í því að nálega sama þingið, sem áður hefir verið hlynt fjölgun læknishéraða, færi nú alt í einu að snúa við blaðinu og gera þvert ofan í það, sem það hefir áður gert. Það væri skiljanlegt, ef um væri að ræða nýtt þing með flestum nýjum þingmönnum.

Það virðist vera sjálfsagt að láta þetta mál ganga í nefnd; sennilega koma nú aftur fram beiðnirnar frá 1912 og mætti þá vísa þeim til sömu nefndar.

**Pétur Jónsson:** Eg skal bæta því við það sem eg sagði áðan, og gleymdi þá, að eg hefi átt tal við landlækni um þetta mál, og sagði hann, að með sömu viðkomu lækna og hingað til og með litlum afföllum, þá yrði ekki hægt að skipa læknum öll læknahéruð fyrir 1920, og gerði ekki ráð fyrir því þó, sem læknaefni kynnu að snúast frá læknisstöðu hér.

**Lárus H. Bjarnason:** Án þess að eg vilji á nokkurn hátt binda atkv. mitt, þá verð eg að láta í ljósi, að eg álít það ekki nema sjálfsagða kurteisi við flutningsmenn að setja nefnd í málið. Skilaboðin frá landlækni ættu ekki að verða því til fyrirstöðu.

Eg leyfi mér að styðja nefndarsetningu.

ATKV.GR.:

Vísað til 2. umr. með 14 : 1 atkv.

5 manna nefnd sþ. með 18 samhlj. atkv.

Í nefndina voru kosnir:
Halldór Steinsson
Kristján Jónsson
Sigurður Sigurðsson
Kristinn Daníelsson
Valtýr Guðmundsson.

---

TILLAGA til þingsályktunar um skipun nefndar til að íhuga hag Landsbankans (40); ein umr.

**Framsögum. (Björn Kristjánsson):** Vér flutningsmenn höfum hér leyft okkur að koma fram með þingsályktunartill. þessa, til þess að íhugað verði hvað unt er að gera fyrir Landsbankann og veðdeildina. Það hefir ekki þótt ástæða til þess, að koma nú beint fram með sérstakt frumv. af bankans hálfu, heldur að fela þinginu að ráða fram úr hvernig bezt ætti að sjá hag hans borgið, samkvæmt þeim upplýsingum, sem væntanleg nefnd útvegaði sér og við getum gefið.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, hve brýn nauðsyn er á því, að veltufé bankans verði aukið, þar sem það hefir verið óbreytt alla tíð, að kalla má, síð-1885. Að vísu var bætt seðlum við stofnféð, svo að það varð 750,000 kr., en við það hefir líka setið. Síðan hefir atvinnuvegum fjölgað í landinu og þeir vaxið óðfluga, en fátækt land, sem er í framþróun þarf einmitt peninga og lánstraust, annars hætta framfarirnar. Það mundi nú margur halda, að stofnféð, þessi $^{3}/_{4}$ milj. kr., hefði getað verið í veltu, og hefði eigi mátt minna vera, og að það hefði verið kvaðalaust. En því fór þó fjarri. Alt féð er nú í konunglegum »obligationum«, í stað þess að vera veltufé, en vextir af þeim ekki nema $3^{1}/_{2}\%$. Auk þess leggst á $2\%$ skattgjald, og ennfremur kostnaður við flutning frá Danmörku, rentur og »Provision«, er samtals verður $^{1}/_{4}\%$ af seðlafúlgunni allri, sem flutningur seðlanna hefir í för með sér milli landa. Hagur bankans af seðlunum gat því ekki orðið nema um 9 þúsund kr. á ári, í staðinn fyrir um 46 þús., hefði seðlaupphæðin verið kvaðalaus, og ekkert hefir hann haft til að verzla með nema lánsfé. Hann hefir fengið 2 milj. kr. að láni, og af því á nú að fara að borga á næstu árum 100 þús. kr. á ári, og sömu upphæð á hverju ári úr því. Þess vegna verður að auka veltuféð, ef bankinn á að geta komið að nokkru gagni framvegis. Samkv. reglugerð á nú bankinn að hafa í verðbréfum um $^{1}/_{2}$ milj. krónur í veði fyrir veðdeildum og annað eins fyrir sparsjóðnum. Þetta er in upphaflega stofnfjár-upphæð tvöfölduð, og er það tilfinnanlegur baggi, ef landsjóður leggur ekki fram fé.

Annars ætti eg ekki að þurfa að hafa mörg orð um þetta nú, með því að bankastjórnin hefir þegar í vetur sem leið séð fyrir því að semja skýrslu um alt ástand bankans og senda hana öllum þingmönnum. — Allir kannast við, að atvinnuvegirnir séu að vaxa og þurfi stuðnings við, og til þess liggur ekki önnur greiðari leið en efling Landsbankans.

Eg sagði áðan, að hér lægi ekki fyrir beinar tillögur frá bankanum, en samt sem áður eru til fleiri en eitt frumvarp um þetta efni og má ráðgast um þau við væntanlega nefnd, þegar þar að kemur.

Því er nú svo farið, að forlög Landsbankans eru eigi einungis háð þinginu. — Eg efast ekki um að það bæði vill honum vel og gerir það sem það getur honum í hag. En forlög hans eru einnig háð hverri stjórn, er að völdum situr, og það ríður ekki ekki minna á því, að hún sé samtaka þinginu í því, að útvega honum sem mestan stuðning.

Nú sem stendur er afarörðugt að útvega fé. Vextir eru háir og fara hækkandi. Vér höfum beðið of lengi með það, að bæta kjör Landsbankans, því að það er ekki sennilegt, að betri tækifæri bjóðist á næstu árum, en verið hafa undanfarin ár. En það tjáir ekki að sakast um orðinn hlut. Vér verðum að taka því, sem heimurinn hefir að bjóða í framtíðinni.

Eg skal svo ekki orðlengja þetta frekar, þareð ekkert frumvarp liggur enn fyrir, og málið svo einfalt sem það er. Eg legg að eins til að 5 manna nefnd verði skipuð, og mun eg svo láta henni í té þær tillögur, sem Landsbankinn álítur tiltækilegastar og þegar hefir verið gert uppkast að.

**Ráðherrann (H. H.):** Því fer að vísu fjarri, að eg sé því mótfallinn, að þessi nefnd verði skipuð. En hins vegar vil eg þegar láta þess getið, að eg tel afar-litlar líkur til þess, að hún komist nú að þeirri niðurstöðu, að hægt sé að útvega fé með stofnum nýs veðbanka eða því um líkt. Stjórnin hefir gert sitt til þess, að reyna það, en, eins og hv. frams.m, (B. Kr.) sjálfur sagði, eru peningahorfurnar svo nú, að ekki er til þess að hugsa, að fá utanlands lán með sömu kjörum og áður, eða þannig, að menn mundu geta sætt sig við þau veðlánakjör, sem nýtt landsjóðslán í því skyni nú mundi hafa í för með sér. Og að hrúga útgjöldum á skattgjaldendur landssjóðs, til þess að útvega fé handa einstökum mönnum til að »spekúlera« með, það álít eg fyrir mitt leyti lítt hæfilega fjármálapolitík. — Að stofna nýjan veðbanka nú væri ekki heppilegt, þegar verðbréfa-»kúrs« er svo lágur og vextir svo háir sem nú er. Það gæti spilt mjög fyrir slíkri stofnun í framtíðinni, ef nún neyddist til að byrja með því að selja bréf sín með afarmiklum afföllum. Hins vegar mætti reyna að nota heimildina samkv. lögum frá 1909, og reyna að koma út þeirri $^1/_4$ million kr., sem er eftir að gefa út af bankavaxtabréfum 3. seríu, á sama eða líkan hátt eins og næst síðasta $^1/_4$ milionin var seld fyrir í Okt. í fyrra. Meira álít eg ekki að hægt sé að gera í svipinn, svo í hag komi, og yrði þá að draga nokkuð inn seglin í bráð með veðdeildarlán. Það er alls ekki víst, að að því væri í raun og veru sá bagi fyrir þetta land, sem að mörgum kann að sýnast í svipinn. Það er ekki eintómt hnoss og góðsemd, að draga útlent lánsfé inn í landið; því lán þurfa eigi að eins að ávaxtast, heldur og að endurborgast. Erlendis eru menn að sjá það betur og betur, að það er hál og varhugaverð braut að binda mikið *útlent* lánsfé í venjulegum búnaðarframkvæmdum, húsabyggingum, jarðabótum o. s. frv., að eg ekki tali um eyðslueyri, sem oft hefir orðið úr veðdeildarlánunum okkar hér. Til stórfyrirtækja verður auðvitað ekki hjá því komist, að fá fé að, en til búnaðarframkvæmda, húsabygginga í kaupstöðum og þess háttar, ætti helzt að nægja það fé, sem sparast innanlands. Það getur komið eftirkomendum illa í koll, ef nálega hver þúfa í landinu er pantsett útlendingum fyrir lánum til fyrirtækja, sem ekki eiga fyrir sér að standa nema stutta stund. Til slíkra framkvæmda eru hentust innlend lán, með tiltölulega stuttum afborgunarfresti, en hitt er hættuleg skoðun, sem oft hefir heyrst hér á þingi, í blöðum og í fundaræðum, að það sé landinu bezt, að afborgunarfrestur á veðdeildarlánum sé sem allra-lengstur, því að þá er hætt við að svo fari, að alt það sem framkvæmt var fyrir lánsféð, hverfi úr sögunni, en skuldbindingarnar, höftin og kvaðirnar standi eftir og standi í

vegi fyrir nýjum fyrirtækjum og framförum.

Þetta var nú að eins athugasemd, sem eg vildi gera, en ekki svo að skilja, að eg sé á móti því, að þetta mál sé athugað. Eg mun verða með því, að skipa nefndina, en eg vona að hún hafi það hugfast. að fara varlega. Það er ekki til neins, að vera að ákveða að gera það og það, sem svo alls ekki er framkvæmanlegt, þegar ekki er lítandi við þeim kjörum, sem bjóðast.

**Framsögum. (Björn Kristjánsson):** Hæstv. ráðh. gaf ekki von um það, að nú muni fást lán með góðum kjörum. Þetta er rétt, og það hafði eg gefið í skyn í ræðu minni áður. En hann taldi líka ófært, að landið tæki meira fé til þess að kaupa fyrir veðdeildarbréf. Það getur nú verið álitamál, en ef það er meiningin, að landssjóður hætti við þessa reglu — því í raun og veru hefir það verið hann, sem hefir lagt fram féð til veðdeildarlána síðan árið 1909, þá er gott fyrir bankann að fá að vita, hvort þingið ætlar að hætta við þá stefnu. Verði það ofan á, þá verður hann, bankinn, nú þegar að hætta að veita veðdeildarlán. Nú hefir hann orðið að láta bréf, mikla fjárhæð, til tryggingar bankavaxtabréfum, miklu meira en alt sitt eigið veltufé, svo auðvitað getur hann ekki keypt meira. Og allir þekkja nú markaðinn erlendis fyrir verðbréf. *(Ráðherrann:* En afborganirnar?) — Nei, því að þeim verður að skila til útlanda, eins og hæstv. ráðh. hlýtur að vita.

Þá álítur hæstv. ráðh. að óheppilegt sé að stofna veðbanka. Það er rétt, ef hann ætti að taka til starfa *nú þegar*. Það yrði að bíða þess, að vextir yrðu lægri og eitthvað raknaði úr peningaþrönginni. En það stoðar ekki annað en að hafa lögin til, þegar þar að kemur. Þingið kemur ekki saman nema annaðhvert ár, og þess á milli er ekki hægt að semja lögin. Þess vegna er það ekki úti lokað, að rétt geti verið að semja þau nú; þótt ekki sé ætlast til þess, að þau komi í framkvæmd strax. Þá taldi hæstv. ráðh. æskilegt að snúa við reglunni, sem fylgt hefir verið frá því árið 1909, að landið legði sjálft fé til þess að lána út á fasteignir. Það getur verið, en nú eru menn orðnir svo vanir þessu í þessi 13 ár, frá því veðdeildirnar voru stofnaðar, að fá lán viðstöðulaust, að þeir spyrja ekki einu sinni, hvort bankinn geti lánað, heldur byggja strax, hvað sem tautar. Þess vegna væri gott fyrir bankann að vita sem allra fyrst, hvort þingið sér sér fært að útvega fé til fasteignalána, svo að hann geti auglýst, hvort hann framvegis geti veitt slík lán, og þá þarf einmitt að skipa nefndina sem fyrst.

Hæstv. ráðh. taldi það enn fremur ekki heppilegt, að taka mjög löng lán. Þetta er rétt, og það gleður mig, að hann segir þetta nú, þar sem milliþinganefndin hafði komist að þeirri niðurstöðu, að rétt væri að hafa þau til 60—70 ára. Þegar leita þarf lána til útlanda, þá er hentugast að borga þau hratt, því að bæði þarf gífurlegar upphæðir, ef lánin eiga að vera löng, og svo liggur í hröðum afborgunum aðhald til þess, að taka ekki meiri lán, en nauðsynlegt er. Eg álít það hæfilegan afborgunartíma, sem nú er, sem er 25 ár á lánum út á timburhús, 35 ár út á steinhús og 40 ár út á jarðir. En því styttri sem tíminn er, því meira traust gefur það bréfunum og því hægra er að selja þau.

Eg þakka hæstv. ráðh. fyrir það, að hann er meðmæltur nefndinni, og það skal ekki verða Landsbankanum að kenna, ef skipun hennar kemur ekki að gagni.

**Bjarni Jónsson:** Eg hafði ekki

ætlað mér að taka til máls í þetta sinn, en nú get eg ekki stilt mig um að skila nokkru til þessarar væntanlegu nefndar. Eg skal játa það, að mér varð það á — því miður, að vera ekki viðstaddur umræðurnar frá upphafi, en sumt af því, sem eg hefi heyrt af þeim, virðist mér ótrúlegt.

Eg heyri t. d. sagt, að það sé varhugavert, að landið taki meiri lán, en orðið er. Þetta felst eg ekki á, og hygg að það sé hættuleg skoðun, vegna þess, að nú hafa þegar verið tekin svo mikil lán, og hrundið af stað svo mörgum og stórum fyrirtækjum, bæði á sjó og landi, að þau megi alls eigi stöðva. Og þar sem ekki er fé að fá hér í bönkunum, þeim til framhalds, þá verður að leita til útlanda. Hentugasta aðferðin væri auðvitað sú, að fá komið íslenzkum verðbréfum á erlenda markaði, og ef það er rétt, að bréfa verð sé nú lágt, þá yrði það starf nefndarinnar, að finna veg til þess, að gera þau sem útgengilegust. Hættan liggur ekki í því einu, að taka lán, heldur miklu fremur í hinu, að taka lán með vondum kjörum. Þess vegna væri betra að taka stærri lán — helzt annarstaðar, en gert hefir verið, — reyna að komast frá hjá andróðri, þeim sem eg veit að Danir hafa í frammi gegn lánstrausti voru. Taka nægilega stórt lán til þess, að geta borgað þeim það, sem þeir hafa lánað oss, og auk þess nóg til þess, sem þarf til framhalds allra nauðsynja-fyrirtækja innan lands. Þótt það væri mikið, yrði það ekki svo geisilega hátt í samanburði við framleiðsluna. Eg veit ekki betur, en að hún sé sé um 25—30 million kr. á ári hjá þessum 85 þús. Íslendinga. Þar er að vísu ekki dregið frá það, sem þjóðin þarf beinlínis til viðurværis sér, matar o. s. frv., er samt svo mikið eftir, að óhætt mundi að taka allstórt lán til þarfra fyrirtækja.

Þá þótti mér undarlegt að heyra, að lánin ættu að vera stutt. Ef taka skal slík lán á annað borð, þá þurfa þau einmitt að vera löng. (*Björn Kristjánsson:* Hvað eru stutt lán?). 25 ára lánin, sem nú tíðkast, eru t. d. óhæfilega stutt. Og 50 og upp í 70 ára lán fyrir fasteign eru alls ekki of löng. (*H. Hafstein:* Til þúfnasléttunar?). Eg hugsa að hæstv. ráðh. mundi ekki taka slíkt lán til þúfnasléttunar, en ef hann ætlaði t. d. að reisa sér stórhýsi úr steini, þá gæti það ef til vill verið honum þægilegt. Það getur verið að hann þyrfti þess ekki, af því að hann hefir nú svo góð laun og eftirlaun, en okkur hinum mundi koma það vel.

Eg skal svo ekki tala meira. Eg vildi að eins mega bera nefndinni þessi skilaboð, bæði frá mörgum af kjósendum mínum, og þá ekki síður fjölda manna hér í Reykjavík, sem ætla að sligast af því að lánin, sem þeir þurfa að taka, eru of stutt og of dýr.

ATKV.GR.:

Till. borin upp í 2 liðum.

1. liður samþ. í e. hlj.

2. liður samþ. í e. hlj.

Í nefndina kosnir með hlutfallskosn.:

Ólafur Briem
Jón Ólafsson
Magnús Kristjánsson
Björn Kristjánsson
Valtýr Guðmundsson.

---

TILLAGA til þingsályktunar um skipun nefndar til að íhuga sömgöngumál (41); ein umr.

**Flutningsm. (Björn Kristjánsson):** Það hefir verið venja um lang-

an aldur, að minsta kosti síðan árið 1857, að nefnd hefir verið kosin á nálega hverju þingi til þess að íhuga samgöngumál landsins. Það hefir þótt svo þýðingarmikið, að alt væri svo vel íhugað í þeim málum og vandlega frá þeim gengið, að undirbúningur hefir vanalega verið rækilegur, alt þangað til á síðustu þingum. Á síðustu þingum hefir samgöngumálunum verið gefinn minni gaumur, stjórninni verið meir en áður lagt í sjálfsvald að ákveða, hvernig samgöngunum skyldi haga, og hafa þær því farið meira og minna í ólestri. Áður en samningar voru gerðir á fyrri árum, hefir nákvæmlega verið fyrirskrifað, hvað gera skyldi — stundum rakst þetta auðvitað dálítið á, svo að eigi varð samið —, en vanalega hafa samgöngubætur hafst upp úr þeim árekstri.

Nú lítur svo út sem tímamót séu að byrja með þjóðinni í samgöngumálunum. Það lítur svo út sem við þurfum ekki lengur að vera með öllu háðir útlendum félögum, sem geti ákveðið bæði tillög landsmanna, farmtaksta og áætlun. Svo sem kunnugt er, er verið að stofna innlent eimskipafélag, sem ætlar sér að taka þátt í vöru- og fólksflutningi milli landa. Þessari félagsstofnun hefir verið tekið mjög vel út um alt land, og eg vona, að undirtektir þingsins í málinu verði ekki lakari. Málið hefði átt að vera komið á dagskrá fyrir löngu og hefir raunar komist á dagskrá áður, árið 1895. Þá var samþykt að verja 350 þús. kr. til þess að kaupa eimskip — þó að ekkert yrði úr því.

Annað mál er það, sem einnig hefði átt að vera komið á dagskrá fyrir löngu, sem sé það, að þjóðin sjálf tæki að sér allar póstgöngur innanlands, bæði á sjó og landi. Það hefir jafnan þótt illa viðeigandi að leigja erlendum félögum réttinn til þess að halda uppi póstpöngum *á landi*, en sama hlýtur auðvitað að gilda um allar innanlands póstgöngur, ekki síður á sjó. Liggja til þess margar ástæður, sem eg síðar mun nefna, er málið kemur aftur á dagskrá, að það eru hvorki útlend né innlend félög, sem eiga að halda uppi innanlands *póstgöngum á sjó*, heldur er það *landið sjálft*, sem á að gera það.

Millilandasamgöngur hafa allar hingað til verið í höndum útlendinga og þá eðlilega Dana, — því svo hefir stjórnin alt af séð fyrir. Má ekki leggja það Alþingi til lasts, því að aldrei hefir verið lagt fyrir það samgöngutilboð frá öðrum en Dönum. Það er stjórnin, sem er ámælisverð, því að hún hefir aldrei leitað fyrir sér hjá öðrum. Samgöngurnar hafa nálega allar verið í höndum eins félags fram að síðustu tímum, og allri samkepni hefir verið bægt frá eftir föngum.

Vegna þess að nú virðast vera tímamót, innlent félag taki að sér millilandasamgöngurnar að nokkru leyti, og að sjálfsagt er, að landið sjálft taki að sér allar innanlandspóstgöngur, bæði á sjó og landi, þá virðist það ekki vera úr vegi að rifja upp ágrip af sögu samgöngumálanna á sínum tímum.

Saga gufuskipasamgangnanna á Alþingi byrjar 1857. Þá leggur konungsfulltrúi fyrir þingið tilboð um að koma á reglubundnum millilandasamgöngum um 5 ára tímabil. Skipið átti að vera gufuskip, 3—400 smálestir að stærð, átti að fara 6—8 ferðir á ári með viðkomustað í Skotlandi. Ennfremur var tilætlunin, að skipið kæmi við í Liverpool 1—2 sinnum á ári. Skipið átti að lesta 240 tons og hafa rúm fyrir 30 farþega. Ríkissjóður átti að leggja fram 10.000 ríkisdali árlega til fyrirtækisins. Þingið 1857 kaus nefnd í málið. Nefndin lagði það til, að ferðirnar væru látnar byrja í miðjum Febrúar, til þess að sýslumenn

gætu þá sent skýrslur sínar og kaupmenn pantað vörur í tæka tíð. Skipið mátti í seinasta lagi leggja af stað frá Íslandi í miðjum Marzmánuði. »*Ef bréfburðargjald yrði heimtað*«, þá skyldi það ekki vera hærra en 18 skildingar. Ákveðinn taxti fyrir burðargjald af bögglum skyldi saminn. Loks var það ákveðið, að skipið skyldi koma við á Eskifirði. Það var uppáhaldsstaður á Austurlandi á þeim tíma.

Þessar voru tillögur nefndarinnar, og í samræmi við þær að sumu leyti gerir svo danska stjórnin samning við P. A. Kock 4. Febr. 1860.

Þegar þessi hreyfing var komin á samgöngumálið, fóru menn að finna til þess, að einnig þurfti að fá samgöngur við aðra staði landsins en Reykjavík og Eskifjörð. Kom það brátt í ljós, að mörgum varð samgöngumálið áhugamál, og sýnir það sig bezt á bænarskrá, þeirri er Suður-Þingeyingar senda til þingsins 1863, dags. 26. Mai. Þar er farið fram á, að fastar strandferðir skuli hafnar samhliða beinu millilandaferðunum. Vegna þess að þessi bænarskrá er afarmerkilegt skjal, rökin, sem þar eru færð, svo skýr og ljós og allur stillinn og framsetningin svo afbragðsgóð, þá vil eg, með leyfi hæstv. forseta, leyfa mér að lesa upp dálítinn kafla úr bænarskránni:

»... en það er nú álit vort, að vér Íslendingar eigum oss einn veg kringum land vort, er sé allvel greiðfær án töluverðra umbóta. En þessi þjóðvegur er sjórinn. Oss virðist alt benda til þess, að vér ættum að færa oss þennan þjóðveg sem bezt í nyt og að allar líkur séu til þess, að hann verði oss sem fljótast og vissast að liði, en til þessa hefir hann verið mjög vanræktur«.

Þetta eru sannindi, sem Íslendingar hafa aldrei metið til fulls. Og það er hægt að segja það sama enn þann dag í dag: Sjórinn hefir verið vanræktur. Það er auðvitað, að hefðum við haft nokkra framsýni, þá hefðum við lagt áætlunina þannig, að byrja á sjónum, nota þá samgönguleið út í æsar, taka síðan til landveganna og loks til síma og járnbrauta. Þetta er svo auðsætt — þó ekki sé að öðru leyti en því, hvað fljótara má komast áfram. Eins og nú er, þá mun það taka alt að 3 vikum að koma bréfi um hávetur frá Reykjavík til Seyðisfjarðar landveginn og jafnlangan tíma að fá svarið. En fyrst menn nú ekki hafa verið svona framsýnir áður, að leggja fyrir leiðina á sjónum, þá verður *nú* að taka til óspiltra málanna og koma samgöngunum í rétt horf.

Kaupmenn studdu þessa málaleitun Þingeyinga af alefli. Er það gleðilegt og færi betur að kaupmenn legðust á sömu sveifina enn — enda vona eg að svo verði.

Þingið tók strandferðamálið til íhugunar og sendi síðan konungi ávarp, þar sem farið var fram á að við fengjum *12* strandferðir kringum land. Sýnir það, hvað menn álitu um 1860 að landið þyrfti margar strandferðir, sem sé 1 ferð á mánuði, þó nú séu menn svo nægjusamir, að una við 6—7 strandferðir á ári.

Það er ánægjulegt að lesa þingtíðindin frá þessum tíma og sjá áhugann og eindrægnina, sem ríkir í þessu máli, og samúðarblæinn og umhyggjuna fyrir landi og þjóð. Þá er ekki verið að hugsa um hagsmuni og gróða einstakra manna eða útlendra félaga. Því miður varð samt ekkert af strandferðunum í það skifti, því að Danir skeltu skolleyrunum við málaleitaninni. 1864 fær svo stjórnin tilboð í strandferðinar frá enskum manni, P. L. Henderson, en ekkert varð þó af samningum. 9. Júní 1865

senda þingeyingar aftur bænarskrá og ítreka beiðni sína um strandferðir. Slá þeir þá af kröfum sínum til þess að reyna að fá málinu framgengt. Skipið átti nú að vera minna en áður og var ætlast til, að það gæti jafnframt verið strand*varna*skip. Einnig komu bænarskrár úr 4 öðrum sýslum og Alþingi samdi enn ávarp til konungs, en alt varð þó árangurslaust. Sama ár lætur danska stjórnin það í ljósi, viðvíkjandi millilandaferðunum, að sér sé engin þægð í að skipið komi við í Liverpool — og lögðust þá þær ferðir niður.

5. febr. 1867 selur Kock skip sitt »Arctúrus« »Sameinaða« félaginu og *frá 1. Jan. 1868 komumst við undir járnhramm þess »Sameinaða«, sem við höfum aldrei síðan losnað undan.* Danska stjórnin semur við það um millilandaferðir næstu 5 árin. Skyldu skipin vera 400 tons og forðirnar til landsins 6. Fyrir þetta heimtar félagið, ekki 10 þús., heldur 15 þús. Rd. eða 30 þús. kr. Þar að auki skyldi engin ferðaáætlun fyrir fram ákveðin, heldur skyldi í Danmörku tilkynna ráðuneytinu og í Reykjavik stjórnarvöldunum, með 8 daga fyrirvara hvenær skipið legði af stað.

Árið 1868 voru gufuskipaferðirnar lagðar undir póststjórnina dönsku. 1865 senda þingeyingar enn bænarskrá um strandferðir. En með stöðulögunum 1871 taka Danir sjálfir að sér póstflutninginn til Íslands. Þetta hefir verið skilið á mismunandi hátt. Hér á landi var það skilið svo, sem Danir skuldbyndu sig til að flytja póstinn, ekki aðeins til R.víkur, heldur og kringum alt land. Skilningur Dana á þessu ákvæði varð alt annar og urðum við að hlíta honum. Þetta er meðal annars bending um það, hve afar-áríðandi það er, þegar tvær þjóðir semja, önnur sterk en hin veik, að allir samningar séu skýlausir og svo sé um hnútana búið, að þeir verði ekki skildir nema á einn veg. Því að við höfum reynsluna fyrir því, að öll lögskýring gengur ávalt þeim sterkari í vil.

Fyrsta regluleg ferðaáætlun er samin árið 1870. Skyldu ferðirnar vera 7 og viðkomustaður í Leirvík eða Granton. Auk þess átti skipið nú í þrem ferðum að koma við á *Seyðisfirði.* Þessi áætlun gildir fyrir árin 1870, 1871, 1872, 1873, 1874 og 1875. Þingið 1873 hreyfir málinu alls ekki og má það heita eina þingið, sem ekkert fæst við samgöngumálin. Þingið 1875, tekur málið að nýju til rækilegrar íhugunar; benti það á skyldu Dana til þess að annast einnig ferðirnar kringum land. Var beðið um 4 strandferðir og þrátt yrir skyldu Dana, bauð Alþingi 15 þús. krónur úr landssjóði í 2 ár. Þá voru tekjur landsins ekki meiri en $^1/_6$ á við það sem nú eru þær. Eftir sama hlutfalli ættum við nú að vilja borga 90 þús. kr til strandferðanna.

26. Marz 1876, kemur loksins svar frá Dönum eftir 19 ára árangurslausar kröfur. Amtmönnum er þá tilkynt, að skipið Diana, sem margir kannast við, eigi að fara 3 strandferðir. Ferðaáætlunin var birt í Júní; á henni var þó að eins gert ráð fyrir 2 ferðum. Sama ár fá menn fyrsta farþegataxtann. Í Nóvember birtist nýr taxti fyrir árið 1877 og áætlun með 3 ferðum. Þingið 1877 áleit samgöngurnar þrátt fyrir þetta alls ónógar. Kvartanir komu víða að, um að fólk yrði að bíða óhæfilega á höfnum, sér í lagi stúdentar og kaupafólk. Biður þingið því um 4 strandferðir og býður 3000 króna árstillag í viðbót, eða 18000 kr. alls. Var það drengilega boðið. Einnig ætlaði þingið að sætta sig við að 2 af 7 beinu ferðunum færu kring um landið. Þetta stórmál(!!) ætlaði að valda bardaga milli innanríkisráðgjafans og dómsmálaráð-

gjafans. Menn geta lesið um það á bls. 42 í stj.tíð. frá 1878. Innanríkisráðgjafinn sagði, að ómögulegt væri að láta beinu ferðirnar fara í kringum landið, sagði, að skipin gætu tepst í ís, að skylda Dana væri fyrst og fremst, að gæta þess að pósturinn kæmist hlykkjalaust til Reykjavíkur. Landshöfðingi, sem var atorkumaður og áhugasamur um ísienzk málefni, sýndi honum fram á, hve ástæðulausar þessar mótbárur væru, því ef skipin yrðu vör við ís, þá væri minstur vandinn að snúa við aftur. Samt sem áður var ekki við þetta komandi, enda kom það upp úr kafinu að það var ekki innanríkisráðherrann, sem stóð á bak við þetta, heldur það »*Sameinaða*« og því til sönnunar, skal eg lesa upp nokkur orð úr bréfi dómsmálaráðherrans, þar sem hann lýsir yfir því, að hann geti ekki orðið við tilmælum Alþingis, »því að ið Sameinaða gufuskipafélag hefir lýst yfir því, að það geti eigi gengið að inni fyrirhuguðu breytingu á ferðaáætluninni« o s. frv.

Árið 1878 er það upplýst af þessu, að ið sameinaða gufuskipafélag er þá orðið einvalt yfir tilhögun gufuskipaferðanna, og hefir eflaust verið það frá 1868, og er jafnan einvalt til þessa dags, að undanskildum árunum 1910—1911, á meðan Thorefélagssamningurinn frá 1909 var í gildi.

Árið 1879 skora báðar deildir á stjórnina að haga póstferðum eftir óskum Alþingis, og að senda *seglskip* með *póst* upp til landsins í *Janúar*, því engin von var um að fá gufuskip til þess hjá því »Sameinaða«.

Þessu var ekki sint og enn fremur var ekki sint að láta beinu skipin fara í kring um landið.

Innanríkisstjórnin vísar málinu frá sér, en vill láta dómsmálaráðherra semja við það »Sameinaða«. Dómsmálaráðherra semur svo um ferðirnar 12. Jan. 1880.

Aðalatriði samningsins eru: að haldið sé úti 2 skipum, er fari umhverfis landið 5 ferðir, en 4 ferðir beint. Skipið komi við í Leith eða Leirvík.

Ið »Sameinaða« gekk því nú inn á það, sem það *þverneitaði tveim árum áður*. Síðan tók það að sér að láta fara 1 gufuskipsferð í Janúar og átti skipið að fara annaðhvort frá Höfn eða Skotlandi. Skipin eiga nú að hafa 1. og 2. farrými, fyrir 30 og 50 farþega og lesta 150(!) tons af góssi, en farþegagjald haldist óbreytt. Tillag frá landssjóði sé 18000 kr. Samningur þessi átti að gilda 10 ár með ýmsum skilyrðum.

Á þingi 1881 var gufuskipamálið enn tekið fyrir, og var lagt í 7 manna nefnd. Nefndin æskti eftir, að bætt væri við 3. skipinu, er færi 2 ferðir til Reykjavíkur, og kæmi við á Hornafirði og í Þorlákshöfn; sömuleiðis bað hún um, að fæðið yrði lækkað ofan í 4 kr. á 1. farrými og 2 kr. á öðru.

Þar urðu miklar umræður um málið, og fór svo að lokum, að ið Sameinaða sá sér eigi annað fært en að láta undan og bæta við þriðja skipinu, en áður kom það hvorki við í Hornafirði eða í Þorlákshöfn.

Árið 1882 urðu 11 ferðir og áttu 5 að ganga í kring um landið. Árið 1883 urðu ferðirnar 12, og 6 ferðir, er »Camoens« fór og flutti póst og farþega. Það var ekki fyr en 1. Jan. 1884 að fæðið komst ofan í 4 kr. og 2 kr., hafði áður verið kr. 4,50 og kr. 2,50 (?).

Árið 1885 gerði þingið lítið í samgöngumálinu, en kvartaði sáran yfir *hegðun* ins »Sameinaða«, taldi að vilji þingsins væri virtur að vettugi, og að skipin færi af höfnum fyrir ákveðinn tíma, mönnum til stórtjóns og algerlega að bótalausu. Á þessu sama þingi kom

fram tillaga um *að landið keypti sjálft strandferðaskip*, en hún fékk lítið fylgi og varð ekki samþykt.

Þingið 1887 var sparsemdarþing, lækkaði það styrkinn um helming, ofan í 9000 kr. Vildi það meira að segja vinna það til, að strandferðunum fækki ofan í 3 ferðir. Árið 1888—89 eru strandferðirnar því 3, en millilandaferðir 8.

Þessum ferðum sínum hagaði ið »Sameinaða« alls eigi eftir óskum þingsins, heldur fór á alt öðrum tíma, en það hafði lagt til.

Þingið 1889 færði styrkinn aftur upp í 18000 kr., en fékk *að eins eina* strandferð fyrir. Þá er nú strandferðin farin að verða ærið dýr, en þetta hefir auðvitað átt að vera löðrungur á þingið 1887.

Þingið 1891 tók strandferðamálið enn fyrir og samþykti að veita alt að 21000 kr. gegn því, að farnar væru 5 strandferðir. Var veitingin og ýmsum öðrum beinum skilyrðum bundin. En ið Sameinaða lét ekki bjóða sér þetta, heldur sigldi styrklaust árið 1892—03 samtals 11 ferðir.

Á þingi 1893 var mjög unnið að því, að reyna til að endurbæta strandferðirnar. Þá voru veittar 18000 kr til ins Sameinaða, fyrir millilandaferðir, og 25000 kr. Jónasi J. Randulff til þess að halda uppi 11 strandferðum á ári. En nú verður ið Sameinaða skelkað, lízt ekki á samkepnina og býðst til að bæta við tveim ferðum fyrir *sama* styrk.

Randulff gat eigi útvegað skip, er danska stjórnin gæti gert sig ánægða með (Stjt. 1884 bls. 59), svo samningar við hann féllu niður.

Árið 1895 var ferðaáætlunin óbreytt.

Á aukaþinginu 1894 var skilyrðunum fyrir 25000 kr. fjárveitingunni breytt, en það varð alveg árangurslaust.

Á þingi 1895 var borið fram frumv. um að kaupa gufuskip (600 tons) og að veita til þess alt að 350 þús. kr. Einn af flutningsm. þessa frumv. var núverandi háttv. þm. Sfjk. (V. G.).

Menn voru þá orðnir þreyttir á, að eiga við ið »Sameinaða« og vildu heldur leggja nokkuð á sig til þess að geta tekið þátt í samgöngunum. Vér vorum ekki komnir svo langt þá, að hafa sérstaka strandbáta, en auðvitað hefði oss staðið enn þá nær að hugsa fyrst um strandferðirnar. En það slys vildi til, að inn í frumv. þetta slæddist, að taka skyldi skip á *leigu* í fyrstu röð, en ef það ekki fengist með viðunanlegum kjörum, þá að kaupa það. Var sú breyting á frumvarpinu eitt af því skaðlegasta, sem komið hefir fyrir í samgöngumálasögu vorri.

Inu Sameinaða var því enginn styrkur veittur, en samt sem áður *bætti það við* ferðir sínar einni ferð, svo nú urðu þær 13.

Eimskipaferðir voru svo stofnaðar og ráðinn framkvæmdastjóri, ungur maður og óreyndur. Skyldu vera farnar 7 ferðir á ári fyrsta árið. Þáverandi stjórn þótti aðgengilegt að semja við *keppinaut landsins*, ið Sameinaða, og var skipið *leigt*, en ekki keypt.

Skipið varð fyrir slysum og útgerðin tapaði, en landið hefir vitanlega haft mikiun hagnað af þessari tilraun, þó hún væri í öllu tilliti ráðin og framkvæmd án nauðsynlegrar fyrirhyggju. Hagurinn var *óbeinn*, þó að *reikningar* skipsins sýndu tap.

Eimskipaútgerð landsins fór 8 ferðir árið 1897, *en þrátt fyrir það bætir ið Sameinaða við sig einni ferð sama árið*, svo að ferðir þess eru nú, styrklaust frá Íslandi, orðnar 14 og þar af 4 strandferðir. Sýnir það vel, hversu mikið far ið Sameinaða hefir gert sér um, að kreppa að Íslendingum, er það fer að bæta svo mikið samgöngurnar, þegar landið sjálft hefir tekið þær að sér. Það er sem sé

sannfært *nú* um að landið geti fætt 22 ferðir í staðinn fyrir 11 og 12 ferðir, sem það lét landinu skömmu áður í té *með styrk af landssjóði*.

Ið Sameinaða sá nú, hvað fara gerði, og bauð þinginu 1897 17 ferðir, þar af 6 kringum land (1895 voru ferðirnar 12). Skyldi vera sama flutningsgjald og áður, en það hafði alment lækkað um 10% vegna eimskipaútgerðarinnar ísl., auk $16^3/_4$% í hávetrarferðunum. Enn fremur bauð það, að 2 strandbátar (200 tons) skyldu ganga stöðugt kringum landið, frá 15. Apríl til 31. Okt.

Samningurinn skyldi gilda til 5 ára, til 1. Jan. 1903.

Auðvitað vildi ið Sameinaða tryggja sér það, að eimskipalögin féllu úr gildi. Stjórnin flutti líka frumvarp um það, en fjárlaganefndin var á móti því, en lagði til að lögunum yrði frestað, og var það samþykt.

Samningur var gerður við það Sameinaða 5. Nóv. 1897, og urðu millilandaferðir 18, þótt þingið færi fram á að fá 19 ferðir.

Strandferðaáætlanirnar hafa aldrei verið prentaðar í Stjórnartíðindunum og er það undarlegt, þar sem þó póstferðirnar innanlands eru alt af prentaðar þar. Getur líka verið óþægilegt fyrir sögumenn seinni tíma, að geta eigi gengið að áætlununum á ákveðnum stað, heldur þurfa að leita þær uppi í blöðum og tímaritum.

Á þingi 1899 var eimskipalögunum enn frestað, en það lítur út fyrir að inu Sameinaða hafi þótt það slæmt, því enn þá 1901, fer stjórnin fram á að þau séu feld úr gildi, en samgöngumálanefndin neitaði því, og kom fram með nýtt frestunarfrumv.

Samningurinn við það Sameinaða er nú útrunninn 1903, og auðvitað hefir stjórnin þá *engar ráðstafanir gert til þess að tryggja sér samkepni*. Ið Sameinaða heimtar því nú *75 þús. kr.* fyrir *20* millilandaferðir og *6* strandbátaferðir og *65 þús. kr.* úr ríkissjóði, — samtals 140 þúsund kr.

Á þessum grundvelli semur svo Alberti við ið Sameinaða þ. 27. Nóv. 1903, fyrir 2 ár.

Á þinginu 1905 var samgöngumálið enn tekið fyrir. En nú var öðruvísi ástatt en áður, *því nú bauðst samkepni*.

Thorefélagið bauð nú *36 ferðir*, þar af 7 strandferðir, fyrir að eins *50 þús. kr.* styrk *frá Danmörku og Íslandi í sameiningu* á móti 140 þús. kr. styrk, sem ið Sameinaða hafði, og sem Ísland borgaði af 75 þús. kr. á ári.

Eftir venju hefðu þá 10 þúsund kr. komið til að hvíla á Íslandi, en hinar vanalegu 40 þús. kr. á Dönum.

Ið Sameinaða bauð nú 30 ferðir fyrir *30 þús. kr. styrk úr landssjóði*, þar af voru 4 strandferðir Skálholts og Hóla, sem í hverri ferð áttu að fara á milli landa.

Nú bauð það *30 ferðir* fyrir *30 þús. kr.*, *en tveim árum dður*, gat það ekki komist af með minna en *75 þús. kr.* fyrir 20 millilandaferðir og 6 strandferðir.

Það er eftirtektavert, hvernig stjórnin hefir hegðað sér í samgöngumálinu. Þrátt fyrir alt, sem á undan er gengið, ræður hún þinginu til að semja *ekki* við Thore, heldur við það »Sameinaða«, og notaði nú sem ástæðu, að hún ekki vissi um, hvort danska stjórnin vildi semja við Thorefélagið, en seinna hefir komið á daginn (1909) að danska stjórnin hafði ekkert á móti því. En svo sterk yfirráð hafði það »Sameinaða« yfir stjórninni hér og meiri hluta þings, að það varð hlutskarpara þrátt yrir alt. Þetta slys stafaði eingöngu af því, að vér áttum ekki strandbátana sjálfir, því milli-

landaferðirnar er algerlega ónauðsynlegt að styrkja, nema í því skyni að opna einnig samgöngur við önnur lönd t. d. Þýzkaland, o. s. frv.

Eg get eigi séð að þingið 1907 hafi haft nein veruleg afskifti af samgöngumálinu.

Á þingi 1909 var enn samgöngumálið tekið fyrir, og lágu nú 2 tilboð fyrir þinginu.

Þá er stjórnin í fyrsta skiftið frá því 1868 er ekki á bandi þess »Sameinaða«, og þetta þing er ið fyrsta í þingsögunni, sem ið »Sameinaða» er í minni hluta.

Thorefélagið fór fram á, að landssjóður veitti 500 þús. kr. til að taka þátt í að kaupa strandferðabáta, en þingið bar eigi gæfu til að samþykkja það.

Svo bauðst félagið einnig til að taka að sér ferðirnar. Ið »Sameinaða« bauðst einnig til þess, að taka að sér ferðirnar, en Thorefélagið bauðst til að hafa 4 skip í förum til millilandaferða og 2 strandferðabáta.

Niðurstaða þingsins varð sú, að veita skyldi 60 þús. kr. til strandferða og Hamborgarferða á ári, og var veitingin mörgum skilyrðum bundin, þar á meðal að skipin færu nokkrar ferðir til Hamborgar á ári. Var stjórninni falið að semja til 10 ára.

Stjórnin gerði svo samning við Thorefélagið 7. Ágúst 1909 (Stj.tíð. 1909 B 176). En Thorefélagið var ungt og félítið og hafði auk þess gengið inn á, að fara ferðir til Hamborgar, sem Dönum var mjög illa við. Ið »Sameinaða« gat því komið því til leiðar að veikja traust Thorefélagsins hjá lánardrottnum þess, og vildi banki, sá er félagið skifti við, nú ekki lána því fé til að útleysa strandbátana, og sem Alþingi 1905 hafði neitað að leggja fram fé til. Félagið varð því að biðja um eftirgjöf á samningunum við Ísland. En hefði þingið 1905 lagt fram þær 4—500 þús. kr. er Thorefélagið þurfti með til þess að kaupa fyrir strandbátana, og ekkert var stærri upphæð en sem svarar því sem landið græddi óbeint á því félagi á *einu* ári, þá hefði samningurinn við það félag verið í fullu gildi enn, og samkeppninni borgið.

Árið 1912 var því búið að neyða Thorefélagið til þess að hætta að halda uppi strandferðum við landið og Hamborgarferðunum og því þá á þinginu 1912 gefinn eftir samningurinn, með því skilyrði, að það léti millilandaskip sín ganga hér eftir til Lübeck í ferðum sínum. En eftir því sem eg bezt veit, hefir stjórnin gefið eftir Thorefélagssamninginn þrátt fyrir þetta skilyrði þingsins, án þess að skipin fari til Lübeck, svo sem áskilið var.

Það eru ekki fá óhöpp, sem hafa hent landið í þessu samgöngumáli og munu þau mest vera að kenna áhrifum þess »Sameinaða« á stjórnina. Höfuðsyndir þings og stjórnar í þessu máli tel eg, 1) *að* frumv. 1895 var breytt, og sett *leiga* í staðinn fyrir *kaup*, 2) *að* stjórnin þá valdi óvanan mann í forstjóraembættið, 3) *að* þingið 1909 ekki lagði fram fé það er Thorefélagið þurfti, 4) *að* þingið 1912 ekki keypti Thorefélagsbáta »Austra« og »Vestra« fyrir mjög aðgengilegt og ótilfinnanlegt verð, og 5) *að* samgöngusamningur Björns heitins Jónssonar var feldur úr gildi. Alt þetta um 60 ára basl Alþingis stafaði af því, *að landið sjálft átti ekki strandferðabátana.* Landið *verður* að eiga þá og mun eg síðan undir umræðunum færa rök að því. Það þarf heldur ekki svo mikið árræði til að kaupa slíka báta, við þurfum ekki að vera hugaðri en þingið 1912, er samþykti að taka $^1/_2$ milj. kr. lán til að leggja síma um útkjálka landsins, eða þingið 1895, sem samþykti að verja 350 þús. kr. til skipakaupa.

Eg hefi gefið þetta yfirlit, svo að nefndin eigi hægara með að átta sig á, hvað gera þarf. Seinna mun eg færa sönnur á, að bátarnir muni geta borgað sig vel, ef rétt er á stað farið.

Það er nú orðið áliðið, svo eg ætla eigi að þreyta menn með lengri ræðu. Ætla að eins að benda á, að gufuskipafélagið, sem nú er að stofnast, má ekki verða háð útlendum félögum með að koma útlendum og innlendum vörum að og frá smákaupstöðunum, og af þeirri ástæðu *einni* er það ljóst að landið verður *að eiga* strandbátana, en til þess liggja líka fleiri rök.

Eg bið menn svo að fyrirgefa, hvað þetta erindi er orðið langt og þakka háttv. þingmönnum fyrir þolinmæði þeirra.

ATKV.GR.:

Vísað til 2. umr. í e. hlj.

5 manna nefnd samþykt í einu hlj.

Kosningu hlutu með hlutfallskosningu:

Halldór Steinsson
Pétur Jónsson
Björn Kristjánsson
Jóhannes Jóhannesson
Valtýr Guðmundsson.

Fundi slitið.

## 8. fundur.

Fimtudaginn 10. Júlí 1913, kl. 12 á hád.

Dagskrá:

1. Frv. til laga um sérstök eftirlaun handa skáldinu Steingrími Thorsteinsson rektor (stj.frv.); 2. umr.
2. Frv. til laga um samþyktir um hringnótaveiði (44); 1. umr.
3. Till. til þingsál. um skipun landbúnaðarnefndar (47); hvernig ræða skuli.

---

Allir á fundi.

Fundargerð síðasta fundar lesin upp, samþykt og staðfest.

Forseti tilkynti að nefndin, sem kosin hafði verið til að íhuga frumvarp til laga um íslenzkan sérfána, hefði kosið sér formann Eggert Pálsson og skrifara Lárus H. Bjarnason, og að nefnd sú sem kosin var til að íhuga samgöngumál hefði kosið sér formann Jóhannes Jóhannesson og skrifara Valtý Guðmundsson.

Forseti skýrði frá að útbýtt hefði verið í deildinni:

Verzlunarskýrslum Íslands 1911.

Forseti skýrði frá að útbýtt hefði verið frá Ed.

1. Nefndaráliti um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 30, 20. Okt. 1905 um málaflutningsmenn við landsyfirdóminn í Reykjavík (50).
2. Nefndaráliti um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 30, 16. Nóv. 1907, um lán úr landssjóði til byggingar íbúðarhúsa á prestssetrum landsins (51).
3. Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. Nóv. 1907, um skipun læknishéraða o. fl. Flutn.m. Guðjón Guðlaugsson (52).

Forseti skýrði frá, að lagt hefði verið fram á lestrarsal:

1. Erindi frá Gísla Guðmundssyni gerlafræðing um 1500 kr. styrk til utananfarar (með 4 fylgiskj.).
2. Skýrsla um kennaraskólann í Rvík.
3. Erindi frá læknadeild Háskóla Íslands um 5000 kr. fjárveiting til að byggja hús fyrir ókeypis lækningu deildarinnar.

4. Erindi frá læknadeild Háskólans, um að fjárveiting sú, sem sótt hefir verið um til kaupa á Röntgensáhöldum, verði 7000 kr.
5. Bréf Sögufélagsins ásamt 2 heftum af Alþingisbókum Íslands.
6. Erindi frá Stefáni Stefánssyni 1. þm. Eyf. um, að veittar verði 5000 kr. fyrra árið á næsta fjárhagstímabili til framhalds brautinni frá Akureyri um Moldhaugnaháls.
7. Erindi frá Gísla Guðmundssyni í Borgarnesi um ellistyrk (1 fylgiskj.)
8. Erindi frá Jóni Sveinssyni um 1800 kr. styrk úr landssjóði til framhalds náms í málaralist (með 2 fylgiskj.).
9. Erindi frá Ólafi Jónssyni myndagerðamanni um, að honum verði veittur styrkur eða lán úr landssjóði. Meðmæli fylgja frá 20 mönnum í Reykjavík (7 fylgiskj.).
10. Erindi frá Búnaðarfélagi Íslands um mæling á öllum túnum og matjurtagörðum landsins.
11. Áskorun frá Búnaðarfélagi Íslands um, að fjárveiting sú, sem er í fjárlögum til fóðurforðabúra, fái að haldast óbreytt á næstu fjárlögum.
12. Erindi frá Búnaðarfél. Íslands um fjárveiting til rannsókna á því, hvort eða að hve miklu leyti berklaveiki eigi sér stað í nautpeningi hér á landi.
13. Erindi frá Búnaðarfélagi Íslands um, að veitt verði fé á næstu fjárlögum til leiðbeiningar í húsagerð.
14. Erindi frá Búnaðarfélagi Íslands um, að veitt verði fé handa vatnsvirkjafróðum manni.
15. Skýrsla frá Stefáni Eiríkssyni um teikni- og skurðkenslu veturna 1911—1912 og 1912—1913.

---

FRUMVARP til laga um sérstök eftirlaun handa skálinu Steingr. Thorsteinsson rektor (stj.frv.); 2. umr.

Engin tók til máls.

ATKV.GR.:

Frv.-gr. sþ. með 20:1 atkv.

Fyrirsögn frumv. talin samþykt án atkv.gr.

Frumv. vísað til 3. umræðu með 18 gegn 1 atkv.

---

FRUMVARP til laga um samþyktir um hringnótaveiði (44); 1. umr.

**Flutningsm. (Stefán Stefánsson):** Þetta frv. er komið fram eftir ósk útvegsbænda í Eyjafirði og samkvæmt áskorun þingmálafundar þar. Hefir hreyfingin í þá stefnu átt sér stað um nokkur undanfarin ár, að bönnuð yrði með lögum öll hringnótaveiði inni á Eyjafirði. Síðastliðinn vetur var haldinn fundur um þetta mál, og mættu þar fulltrúar úr öllum hreppum í Eyjafirði, bæði austan og vestan fjarðarins, og kom þeim saman um, að þessi veiði gerði svo mikið tjón, að nauðsyn bæri til að reisa skorður við henni svo skjótt sem auðið yrði. Þessi fundur gerði uppkast að samþykt, er síðan var sent oddvitum sýslunefndanna, með tilmælum um að leggja málið fyrir sýslunefndir Eyjafjarðar og Þingeyjarsýslu. Á fundunum var málið tekið til meðferðar og í Eyjafirðinum valin í sérstök sameiginleg nefnd bæði fyrir sýslunefndina og bæjarstjórnina á Akureyri. Sú nefnd lagði fram ítarlegt álit og komst að þeirri niðurstöðu, að nauðsyn væri á að hefta hringnótaveiði inni á Eyjafirði, þar sem reynslan sýndi að síldargöngur væru minni, óstöðugri og stopulli en áður var, einkum seinni part sumars. Áður en hringnótaveiðin byrjaði, var Eyfirðingum ið mesta hagræði að síldveiði í lagnet og nætur, en nú kemur slíkt varla fyrir og er það, eftir áliti fiskimanna, að kenna hringnótaveiðunum, og ekki nóg með það, heldur dragi líka

úr öðrum fiskiveiðum við þetta. Og sú hefir raun á orðið í Eyjafirði. Þess vegna er það eindreginn vilji manna þar að gerð sé tilraun til þess að vitneskja fáist, eftir því sem unt er, hvort herpinótaveiðin er ekki orsök til þessa. Eg skal taka það fram, að þó í frv. sé ekki sett neitt tímatakmark, þá er það þó að sjálfsögðu meiningin, að væntanleg samþykt gildi að eins um nokkur ár, 5 ár eða svo. Annars er það ekki hringnótaveiðin eingöngu, sem kvartað er yfir á Eyjafirði, heldur þykir og stafa af þeim óþolandi yfirgangur og jafnvel ójöfnuður þar sem þær eru reknar í landhelgi fyrir einstakra manna jörðum og inni í fjarðabotnum. Það er ekki nóg með það, að síldin hefir verið tekin í hringnætur, heldur líka veiðarfæri mannna og enda komið fyrir að menn við annarskonar veiðar hafa verið inniluktir. Hafa menn því ekki eingöngu mist veiðina, heldur og beðið talsvert tjón á veiðigögnum sínum. Þetta þykir mönnum ófært að þola og sjá ekki annað ráð en að leita til löggjafarvaldsins til þess að fá þó eitthvað aðgert til endurbóta í þessu efni. Marga skýra menn hefir greint á um, hvort ekki væri heimilt að setja samþyktir um þetta án sérstakra samþyktar-laga, þar sem veiðin er rekin með opnum bátum, þótt þeir að vísu heyri til þiljuðum skipum. En þegar sýslunefndin í Eyjafjarðarsýslu bar þetta undir stjórnarráðið í vetur, gaf það þann úrskurð, að það mundi ekki sjá sér fært að staðfesta samþykt, sem bannaði öllum skipum — þótt bátar væru notaðar — hringnótaveiði innan landhelgi eða inn á fjörðum. Því var málinu hreyft á þingmálafundum í vor og samþykt að leita til þingsins um að fá lög, sem heimila samþyktir um þetta efni. Á fulltrúafundinum, er eg áður gat um, þótti mönnum bezt henta að landhelgislínan væri skammt fyrir utan Hrísey. Þar fyrir innan yrði hringnótaveiði bönnuð framvegis. Mönnum kann nú að vaxa í augum að hefta að nokkru veiðiaðferð, sem mikinn arð gefur í aðra hönd. En á það er að líta, hvílíkt tjón fjöldi manna við Eyjafjörð bíður hvert aflaleysisár, og þar af leiðandi lít eg svo á að sannarlega sé vert að gerð sé tilraun til þess að fá sem beztar líkur eða sannanir fyrir því, hvort aflaleysið stafar af hringnótaveiðunum eða ekki.

Eg skal svo ekki fjölyrða um þetta nú, en óska, að 5 manna nefnd verði skipuð í málið að umræðum loknum.

**Matthías Ólafsson:** Eg hefi alt af álitið, að varlega væri í það farandi að samþykkja nokkuð það, sem legði haft á atvinnuvegina, en eg þykist sjá, að þetta frv. gangi í þá átt. Það hefir oftast orðið sú reyndin á með samþyktarlög, að þau hafa heft atvinnuvegina, en þó ekki komið að tilætluðum notum. Eg skal ekkert um það segja, hvort hringnótaveiði spilli veiði í lagnet og nætur, en hitt er mér kunnugt um, að á Vestfjörðum voru firðirnir fullir af hafsíld á árunum 1890—1900, en fyrir það tók áður en hringnótaveiðin byrjaði. Og svo er viðar; síldin legst frá, án þess að hægt sé að benda á orsakir. Líkt var um ósköpin, sem á gengu út af hvalveiðunum; þær áttu að vera orsök aflaleysisins. En sumstaðar, í kringum hvalveiðastöðvarnar jókst fiskurinn beinlínis, vegna ætisins, sem þar varð í sjónum. Mín skoðun er sú, að ef mönnum þykir ekki lengur borga sig að veiða síld með lagnetjum og nótum, þá eigi þeir að taka upp hringnætur. Eins og nú er ástatt, eru það innlend botnvörpuskip, og þau allmörg, sem stunda þessa veiði Og ef þau ættu að verða af þeim hag, sem af þessari veiði verður, vegna nokkurra Eyfirðinga, sem þó er í lófa lagið að hafa sama hagræði af aflanum, ef þeir notuðu sama veiði-

áhaldið — ef in innlendu botnvörpuskip yrðu af þessum afla, segi eg, þá væri verr farið. Eg álít, að mál, sem hefir svo mikil áhrif sem þetta, hefði átt að athugast í sérstakri nefnd, að síðaðra þjóða vanda, er svo hefði lagt fram álit sitt eftir rækilegan undirbúning.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Eg er ekki á móti nefndarsetningu, en eg vildi að eins vekja athygli á því, hvað verið er að gera með þessu frumv.

Norðmenn hafa getað og geta veitt óátalið í landhelgi fyrir Norðurlandi fyrir því, að »Isl. Falk« sést þar aldrei. En síðan íslenzku botnvörpungarnir fóru að stunda þar hringnótaveiði, hafa þeir margoft kært Norðmenn fyrir landhelgisbrot og fengið þá sektaða. Eg veit að hæstv. ráðherra er það kunnugt. Og nú er svo komið, að Norðmenn þora ekki inn á landhelgissvæðið þegar íslenzku skipin eru þar.

Ef þetta frumv. yrði samþykt, yrði afleiðingin sú, að Íslendingum yrði bolað frá veiðinni, en Norðmönnum hleypt að í þeirra stað, því að þá yrði enginn til eftirlits eða til að sanna brot þeirra, fremur en áður. Atvinnuvegi landa vorra yrði hnekt til hagsmuna fyrir Norðmenn. Eins og nú er ástatt, eru íslenzku botnvörpungarnir 13, sem stunda veiði fyrir Norðurlandi, jafngóðir eða betri til landhelgisvarnar en 13 Valir. Ef Íslendingum yrði bolað í burtu frá landhelgisveiði síldar, mundu Norðmenn verða einir um hituna, og ráða einir lögum og lofum, einnig á *markaðinum* fyrir síld. *Það* geta þeir ekki nú, þar sem síldveiði Íslendinga nemur nú svo miklu, að *þeir* hafa mikil áhrif á markaðinn.

Eg bendi á þetta, að eins til að sýna, að það felst meira undir þessu frumv. en flestum dettur í hug við fljótan yfirlestur.

**Benedikt Sveinsson:** Tveir hv. síðustu ræðumenn, hafa þegar tekið fram megnið af því, sem eg vildi segja. Frumvarpið er mjög athugavert. Það er stílað gegn hagsmunum íslenzkra manna, sérstaklega þeirra, sem stunda hringnótaveiði hér við land, því að aðrir en þeir hafa ekki rétt til slíkra veiða í landhelgi.

Eg verð að taka í sama strenginn og háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ó.), að þau 8 skip héðan úr Reykjavík og nokkur skip úr Eyjafirði, sem stunda þessa veiði, eru jafnframt strandgæzluskip, því að þau bægja útlendingum frá landhelginni. Ef frumvarpið verður samþykt, verður afleiðingin sú, að Íslendingar sjá sér ekki fært að halda veiðinni áfram, en útlendingarnir sýna því meiri yfirgang.

Eg held að það sé betra fyrir Eyfirðinga að sæta því, að ein 10—12 íslenzk skip veiði í landhelgi þar úti fyrir, heldur en að eiga von á 50 útlendum skipum, sem geta vaðið um landhelgissvæðið eins og þeim sýnist. Það er öllum augljóst, að eftirlitið með útlendu skipunum er ómögulegt, ef íslenzku skipunum er bægt burtu.

Þó að eg neiti því ekki að Eyfirðingar kunni stundum að verða fyrir einhverjum búsifjum af íslenzku botnvörpungunum, sem þessa veiði stunda þar norður frá, þá er að líta á það, að þeir hafa þó talsverð not af veiðinni. Landar eru svo sanngjarnir, að þeir láta þá sæta góðum kjörum á síld, sem þeir þurfa til beitu. Og það er ekki einkis virði.

Enn fremur vil eg benda á, að það er óheppilegt, að sýslunefndirnar hafi óbundnar hendur til þess að setja reglur um landhelgina, hver í sínu umdæmi. Það gæti orðið til þess, að reglurnar yrðu mismunandi í ýmsum héruðum. Og það er algerlega ótækt.

Það er ekki hægt að byggja mikið á því, hvað almenningur heldur að spilli

fiskigöngunum. Hann hefir oft haldið ýmsu fram um það, sem reynsla og vísindi hafa síðar hrundið. Ef litið er á söguna er hægt að sjá, að áraskifti hafa ávalt verið að fiskigöngunum. Einn áratuginn hefir verið mokfiski á þeim stöðvum, þar sem annan áratuginn hefir ekkert fiskast, öldungis eins og nú á sér stað. Og þetta hefir verið svo, löngu áður en nokkrir botnvörpungar komu til sögunnar.

Eg býst við, að heimildin verði misbrúkuð. Hún bytnar eingöngu á íslenzkum mönnum, en opnar landhelgina fyrir útlendingum. Það má nærri geta hvernig okkur gengur eftirlitið, þegar jafn ríkþjóð og Englendingar lentu í vandræðum með Morayfjörðinn, er þeir bönnuðu sínum eigin skipum veiði þar. Síðan hafa útlendingar vaðið þar uppi, og Englendingum ekki tekist að hindra yfirganginn.

Eg skal ekki vera á móti því, að málið verði sett í nefnd, því að eg veit að það kemur ekki úr henni aftur. Að öðrum kosti hefði eg verið á móti því, að það hefði gengið til 2. umr.

**Flutningsm. (Stefán Stefánsson):** Eg ætla að eins að segja örfá orð viðvíkjandi einstökum atriðum, sem fram hafa komið. Mér skildist á háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.), að hann vildi beina því til Eyfirðinga, að þeim vær nær að koma sér upp skipi til hringnótaveiða, heldur en að bægja þeim burtu, er þau veiðitæki notuðu. Eg hygg að hann þekki svo vel smábændur, að hann viti að þeir muni ekki slá sér saman í stórhópum til þess að koma á stofn slíku fyrirtæki sem hringnótaveiði með þilskipum. Það er því ið sama og segja við þá: Síldin er nú þarna úti á firðinum, en til þess að þið getið notað ykkur hana, þurfið þið hringnætur. Að vísu geta fæstir ykkar keypt þær, en það kemur löggjafarvaldinu ekkert við, það hlutast ekkert til um það.

Eg hefi jafnan litið svo á, að þegar jarðirnar við sjávarsíðuna voru metnar um 1860, hafi eigi svo lítið tillit verið tekið til veiðinnar, sem þær sífelt gátu notið, vegna sinna sérstöku staðhátta, og beint af þessari ástæðu er það, að jarðir við Eyjafjörð eru, sem landjarðir einvörðungu, að mun hærra metnar en sams konar jarðir í nálægum sveitum.

Það er því *síðferðisleg og sjálfsögð* skylda löggjafarvaldsins að hlutast til um, að þessum afnotarétti ábúendanna sé ekki gerspilt.

Að búast við því, að fjöldi fátækra bænda fari að leggja saman, eða ganga í félög til þess að koma sér upp skipum til hringnótaveiða er hrein og bein fjarstæða.

Háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) áleit það líka fjarstæðu, að hvalaveiðarnar spilli fyrir síldarveiðunum. En eg álít að þá hafi stórt óhamingjuspor verið stigið, þegar þær veiðar voru liðnar hér við land. Er mér kunnugt um, að það er sameiginlegt álit fjölda fiskimanna, að hvalirnir hafi rekið síldina upp að landi inni á fjörðum, og að nú sé minna um neta síldveiði en áður var, sennilega að miklu leyti fyrir það, að hvölunum hefir svo mjög fækkað.

Eg get vel fallist á, að það sé máske ekki heppilegt að miða við landhelgislínuna, hvað hringnóta veiði snertir svona alment yfir. Enda veit eg að Eyfirðingum er það ekkert kappsmál. Önnur lína miklu innar getur vel komið þar til greina. En þar sem firðir eru stuttir mun þó þessi heimild verða lítils virði, ef ekki er miðað við landhelgislínuna. Þetta mun þó ekki verða til neinnar fyrirstöðu fyrir samvinnu frá minni hálfu við væntanlega háttv. nefnd. Eg get sem sagt, fyrir mitt leyti, fallist á

línu sem er all-miklu innar á Eyjafirði.

Hvað því viðvíkur sem hv. 1. þm. S-Múl. (J Ó.) hélt fram, að með þessu frv. væri íslenzkum skipum fyrirmunað að veiða í landhelgi, en norskum skipum aftur á móti gert hægara fyrir að veiða þar átölulaust, þá skil eg ekki hvernig það getur átt sér stað. Eg býst við að öll þau skip, er þessa veiði stunda, verði sem næst landhelgislínunni, íslenzku skipin eins og önnur, sé þar um mikla síld að gera. Og þá gætu þau, jafnt eftir sem áður, heft yfirgang útlendinganna. Síldin er ekki á svo geysilega stóru svæði á sama tíma. Fyrir Norðurlandi eru göngur hennar venjulega mjög reglulegar, vestan fyrir Horn og austur með landi fyrir Langanes.

Mér er kunnugt um, að þau skip, er hringnótaveiði stunda, fara venjulegast framan af veiðitímanum vestur og fram af Siglufirði og Eyjafirði, en þá meira austur og fram í haf þegar á líður. Eg hygg því, að þó að þetta frv. kæmist í framkvæmd, mundu íslenzku botnvörpungarnir geta verið allmikið á verði fyrir ágangi útlendinganna eftir sem áður.

Það er vitaskuld rétt, sem háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.). tók fram, að frumv. takmarkar að nokkru leyti réttindi íslenzkra þilskipa. En þegar fjöldinn álítur að þessi réttindi þeirra geri stórtjón allri innfjarðarveiði, má ekki horfa í það, þó að einstakir menn verði fyrir dálitlum halla. Aðalatriðið er heldur ekki einasta það, að mikið veiðist, heldur og það, að síldin sé í góðu verði á heimsmarkaðinum. En dæmi eru til þess, að svo mikið hefir veiðst af síldinni, að hún hefir fallið í verði. Það er miklu meira komið undir því, að markaðurinn verði ekki offyltur, heldur en það, að einstakir menn fái afarmikinn afla.

Eg heyri á þeim háttv. þingm., sem talað hafa, að þeir eru ekki mjög á móti nefndarskipun, þótt misjafnlegar ástæður liggi til þess, en þrátt fyrir það vænti eg góðrar samvinnu við nefndina, og vona að frumv. komist fram í einhverri mynd.

**Bjarni Jónsson:** Eg verð að telja það óreynt og ósannað, að hringnótaveiði styggi síldina á nokkurn hátt, og sömuleiðis óreynt og ósannað, að lagnetaveiði þurfi að leggjast niður, þó að hringnótaveiði sé stunduð jafnframt. Úr því að menn eru ekki vissir um þetta, er ekki rétt að gera tilraunir, sem eru svo dýrar, að þær skaða fjölda manna. Þess konar tilraunir eiga menn að spara sér, þangað til full vissa er fengin fyrir því, að þær hafi eitthvað að þýða.

Háttv. flutningsm. (St. St.) taldi það eina af höfuðástæðunum, að mönnum væri oft sýndur yfirgangur á þessu svæði, menn væru teknir með net og báta inn í hringnæturnar. En þar sem þetta gerist á landhelgissvæðinu, eiga þeir, sem fyrir yfirganginum verða, réttan aðgang að lögreglustjóranum, sem að sjálfsögðu mundi sekta þá er yfirganginn hafa í frammi. Hitt er að vísu röggsamlegt, að reka öll skipin burtu fyrir það, að eitt þeirra eða svo hefir sýnt yfirgang. En þá væri það löggjafarvaldið, sem hefði yfirgang í frammi.

En þó að einhver þörf væri nú á því, að banna hringnótaveiði á landhelgissvæðinu, kæmi það bann ekki að notum, því að það gæti aldrei náð nema til íslenzkra skipa, eins og þeir sem á undan mér hafa talað, hafa margtekið fram. Það yrði að eins til þess að spilla atvinnu þeirra manna, er í landinu búa, en útlendingum til hagsmuna. Og þó að einstaka maður í Eyjafirði hefði einhvern skaða af hringnótaveiðinni, væri aldrei hægt að meta hann á móti því, ef 7—8 botnvörpungum héðan úr Reykjavík og 5—6 skipum af

Akureyri væri bannað að sækja veiði þangað norður, því að sá skaði yrði margfalt meiri.

Það hefir einnig verið margtekið fram, að Eyfirðingar hafa alls engan skaða af því, þó að þessir fáu íslenzku botnvörpungar séu þar að hringnótaveiðum á landhelgissvæðinu, því að þeir verja landhelgina fyrir margfalt fleiri útlendum botnvörpungum, sem annars mundu gera þar mikinn óskunda. En það er fjarstæða að hugsa sér, að þeir mundu halda áfram strandvörninni fyrir þá menn, er hafa rekið þá burtu. Þeir mundu varla taka á sig langa króka inn á landhelgissvæðið til þess. Og svo er það ýmislegt fleira, sem gæti verkað á hugarfar þeirra manna, sem í íslenzku botnvörpungunum eru. Þeir mundu skoða í huga sér, hvað marga leppa útlend fyrirtæki hafa þar í landi, og margt fleira gæti komið þar til greina. Eg held að það sé hreinn og beinn óþarfi að málið gangi lengra.

**Matthías Ólafsson:** Háttv. flutningsm. (St. St.) álítur það fullsannað, að hvalirnir séu nokkurs konar smalar, sem smali síldinni upp að landinu. En eg verð að halda því fram, að þetta sé mjög vafasamt, og meira að segja fullkomlega fráleit kenning. Eini fluguföturinn, sem er fyrir þessu, er sá, að þegar síldin er komin inn á firði, og verður þar vör við hvali, þá þýtur hún upp að landinu, af því að hún veit að hún er grunnskreiðari en þeir, og er þá hægara að ná henni í nót. Þetta er það eina. En þessi kenning er orðin svo gömul, og menn búnir að segja sjálfum sér þetta svo oft, að þeir eru farnir að trúa því. En það er um þessa kenningu, eins og einhver komst hér að orði í fyrra um heimskuna, að hún verður ekkert betri þó hún eldist. (*Bjarni Jónsson:* Þessi kenning er dauð í Noregi). Já, en lengi var hún lífseig þar, eins og heimskan er alstaðar.

Að hvalaveiðarnar hafi gert fiskiveiðunum skaða, er blátt áfram vitleysa. Eg hefi verið í héraði, þar sem fiskiveiðar hafa verið stundaðar jafnframt hvalaveiði Norðmanna, og hefi margra ára reynslu fyrir mér um þetta. Síld gekk engu síður í fjörðinn þá en áður.

Hér er um það að ræða, hvort á að vinna landinu í heild sinni gagn eða einstökum mönnum, og held eg að það geti ekki verið álitamál, hvort réttara er. Það má reyna að hlynna að þessum fáu mönnum á einhvern annan hátt en hér er farið fram á.

Háttv. flutningsm. (St. St.) neitar því, að bændur geti slegið sér saman og komið sér upp skipi til hringnótaveiða. En það geta þeir hæglega. Það er ekki svo dýrt að það sé ekki vel kleift. Menn leggja oft meiri kostnað í lagnet, heldur en þeir þyrftu að gera til þess að koma sér upp einu skipi til hringnótaveiða margir saman. Og hvað sem því líður, er það gersamlega fráleit kenning, að menn eigi að hlynna að gömlum og úreltum aðferðum á kostnað nýrri og betri aðferða.

Það er ekki hægt að sjá, að menn hafi nokkurn tíma fiskað svo mikið, að ekki hafi verið hægt að hagnýta aflann.

Eg álít það alt af varhugavert að hefta nýjan atvinnuveg með nýjum tækjum að eins til þess að halda í gömlu tækin. Samt sem áður álít eg rétt, að láta málið fara í nefnd; það er ýmislegt fleira að athuga við þetta, sem getur skýrst í nefndinni.

En það eru margir, sem slík lög gætu gert mein. Akureyringar stunda talsvert hringnótaveiðar á þilskipum og leggja aflann upp á Akureyri. Við það hefir fjáldi fólks atvinnu, bæði börn og gamalmenni, sem ef til vill gætu lítið

eða ekkert haft að gera annars. Allri þessari vinnu verður svo fólkið svift, ef veiðin legst niður. Þetta þykir mér varhugavert.

**Pétur Jónsson:** Það er varla vert fyrir mig að leggja hér orð í belg, því að eg er fremur lítið inni í fiskiveiðum. En það var eitt atriði í ræðu háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ól.), sem kom mér til að standa upp. Hann sagði, eins og satt er, að fyrst og fremst bæri að líta á það, hvað bezt væri fyrir landið í heild sinni. Ef sá skaði, sem Eyfirðingar hefðu af þessu, jafnaðist upp með ágóða annara, t. d. gróða botnvörpunga, þá væri nóg, þá væri það ekki skaði fyrir landið í heild sinni. En þetta er rangt. Það er ekki síður vandi að gæta fengins fjár en afla þess. Og það er ekki síður áríðandi, hvernig þær tekjur, sem menn afla sér, renna í vasann og hvernig þeim er varið, heldur en hitt, hve miklar þær eru. Botnvörpuútvegurinn gefur mikinn arð, en hann er ekki að sama skapi farsæll móts við aðra útvegi; hann er að eins gróðavegur fyrir nokkra einstaklinga. Veiðiútvegur sá, er hér á að vernda, er gamall, farsæll bjargræðisvegur þeirra, sem við sjóinn búa, notasælli en hve hann er arðsamur.

Eins og háttv. flutningsm. (St. St.) tók fram, eru jarðirnar metnar eftir þeim hlunnindum, sem þær hafa af sjó. Ef það á að vera alveg saklaust að bylta þessu alveg um, þá veit eg ekki, hvað það er, sem helzt má miða til farsældar fyrir land og lýð.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Eg stend upp að eins til að láta í ljós, að eg skildi ekki vel hugsanaganginn hjá háttv. þm. S.-Þing. (P. J.). Eg held hann hafi verið eitthvað *óljós*. Mér finst þetta vera sama »principið« eins og þegar við bönnum að skjóta æðarfugl. Það getur verið tjón fyrir einstaklinginn, að mega ekki skjóta æðarfugl fyrir sinni landareign. Og eins er þetta með síldina. Það er þó minna vert, þótt einstaklingurinn fái lítið af síld í smánetjastúfa, í samanburði við hitt, að veiðinni í stórum stíl sé alment spilt. Hvernig veiðin sé notuð eða ágóðanum varið, kemur ekki þessu máli við.

Mér þykir undarlegt að segja, að botnvörpuútvegurinn sé ekki almenn atvinnugrein, heldur að eins gróðavegur einstakra manna. Er ekki allur gróðavegur til eflingar almennri atvinnu, hvort sem fyrirtækið er eign einstakra manna eða félaga? Og er ekki öll arðsöm atvinna gróðavegur einhvers eða einhverra? Og er ekki öll arðsöm atvinna einnig til gróða fyrir landssjóð? Eg skil ekki hugsunargang ins háttv. þingmanns.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 18 : 2 atkv.

5 manna nefnd samþ. með 19 shlj. atkv.

Kosningu hlutu með hlutfallskosn.:

Stefán Stefánsson
Guðm. Eggerz
Matthías Ólafsson
Kristinn Daníelsson
Tryggvi Bjarnason.

---

TILLAGA til þingsályktunar um skipun landbúnaðarnefndar (47); hvernig ræða skuli.

**Forseti (M. A.)** stakk upp á einni umræðu.

ATKV.GR.:

Ein umr. samþ. í einu hlj.

Fundi slitið.

## 9. fundur.

Laugardag 12. Júlí 1913, kl. 12 á hád.

Dagskrá:

1. Frv. til laga um sérstök eftirlaun handa skáldinu Steingrími Thorsteinsson (stj.frv.); 3. umr.
2. Till. til þingsál. um skipun landbúnaðarnefndar (47); ein umr.

---

Allir á fundi.

Fundargerð síðasta fundar lesin upp, samþykt og staðfest.

Forseti tilkynti, að nefnd, sú sem kosin var til að íhuga frumv. til laga um samþyktir um hringnótaveiði, hefði kosið sér formann Stefán Stefánsson 1. þm. Eyf., og skrifara Matthías Ólafsson, þm. V.-Ísf., og nefndin, sem kosin var til að íhuga frv. til laga um breyting á lögum 16. Nóv. 1907, um skipun læknahéraða o. fl., hefði kosið sér formann Valtý Guðmundsson, þm. Sfjk., og skrifara Halldór Steinsson, þm. Snæf.

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið í deildinni:

1. Fyrirspurn til ráðherra. Flutn.m.: Lárus H. Bjarnason.
2. Frv. til laga um breyting á lögum um vegi, 22. Nóv. 1907. Flutn.m.: Kristinn Daníelsson og Björn Kristjánsson (55).
3. Till. til þingsál. [ræktun landsins til eflingar]. Flutnm.: Skúli Thoroddsen (58).
4. Landsreikningurinn 1910 og 1911.

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið frá Ed.:

1. Nefndaráliti um frv. til laga um hagstofu Íslands (54).
2. Frv. til laga um sölu á þjóðjörðinni Reykjum í Hrútafirði. Flutnm.: Þórarinn Jónsson og Guðjón Guðlaugsson (56).
3. Frv. til laga um undanþágu frá lögum 16. Desbr. um friðun fugla og hreindýra. Flutn.m.: Guðjón Guðlaugsson (57).
4. Frv. til laga um eyðing svartbaka. Flutnm.: Guðjón Guðlaugsson (59).

Forseti skýrði frá, að lagt hefði verið fram á lestrarsal:

1. Erindi frá Sveini Oddssyni um 5000 kr. styrk til að halda uppi bifreiðarferðum.
2. Tvær þingmálafundargerðir úr Snæfellsnessýslu.
3. Erindi frá Hannesi Þorsteinssyni sagnfræðingi, um að hann fái að halda styrk, þeim er síðasta fjárlagaþing veitti honum.
4. Halldór alþm. Steinsson sækir um að breytt verði afborgunarkjörum á láni því, er Stykkishólmshreppi var veitt úr viðlagasjóði til hafnarbryggju í Stykkishólmi.
5. Lagadeild Háskóla Íslands biður um að veitt verði fé í fjárlögunum 1914—15 til þess að gera efnisskrá yfir gildandi íslenzk lög.
6. Erindi frá Jóhanni Fr. Kristjánssyni um að honum verði veitt árslaun í 2 ár til að leiðbeina bændum í húsagerð og vinna að henni með þeim (með 2 fyligskj.).
7. Skýrsla um Alþýðufræðslu Stúdentafélagsins ásamt ósk um að styrkurinn til hennar megi haldast framvegis (með 2 Ísafoldarblöðum).
8. Erindi frá Kristni alþm. Daníelssyni um að veittar verði á næstu fjárlögum 500 kr. til eftirlits úr landi með fiskiveiðum í Garðsjó.
9. Erindi frá búendum í Loðmundarfirði um auknar póstferðir.
10. Erindi frá Árna Gíslasyni yfirfiskimatsmanni á Ísafirði um að honum verði endurgoldinn 400 kr. ferðakostnaður til Spánar og Ítalíu (1 fylgiskj.).

11. Erindi um 3000 kr. styrk til að gera leikfimishús við kvennaskólann á Blönduósi.

---

FRMVARP til laga um sérstök eftirlaun handa skáldinu Steingrími Thorsteinsson rektor (stj.frv.); 3. umr.
Enginn tók til máls.
ATKV.GR.:
Frv. samþ. með 15 : 3 atkv.
Afgr. til Ed.

---

TILLAGA til þingsályktunar um skipun landbúnaðarnefndar (47); ein umr.

**Sigurður Sigurðsson:** Það hefir verið venja á undanförnum þingum, alla tíð frá 1901 að minsta kosti, að skipa nefnd manna til að íhuga þau mál, er snerta landbúnaðinn og kynnu að vera borin upp í deildinni. Eg geri ráð fyrir, að á þessu þingi komi einnig fram ýms frumvörp eða tillögur, sem ástæða væri til að vísa til slíkrar nefndar. Eg skal ekki nefna nein sérstök frumv., sem eru á ferðinni, en að eins geta þess, að þegar hefir verið útbýtt hér í deildinni langri þingsál.till. um breytingu á ábúðarlöggjöfinni o. fl., sem sennilega verður vísað til nefndarinnar.

Eg sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þessa till., en vænti að hún verði samþykt og nefndin kosin.

ATKV.GR.:
Till. samþ. í einu hlj.
Í nefndina kosnir með hlutfallskosn.:
Eggert Pálsson
Sigurður Sigurðsson
Kristján Jónsson
Bjarni Jónsson
Halldór Steinsson.

Fundi slitið.

---

## 10. fundur.

Mánud. 14. Júlí kl. 12 á hád.

Dagskrá:

1. Frv. til laga um breyting á lögum um vegi 22. Nóv. 1907 (55); 1. umr.
2. Fyrirspurn til ráðherra (53); hvort leyfð skuli.
3. Þingsályktunartill. [ræktun landsins til eflingar] (58); hvernig ræða skuli.

---

Allir á fundi.

Fundargerð síðasta fundar lesin upp, samþykt og staðfest.

Forseti tilkynti að landbúnaðarnefnd hefði kosið sér formann Eggert Pálsson og skrifara Sigurð Sigurðsson.

Forseti skýrði frá að útbýtt hefði verið í deildinni:

1. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 60, 30. Júlí 1909. Flutningsm. Skúli Thoroddsen (62).
2. Nefndaráliti um frumv. til laga um breyting á tolllögum fyrir Ísand nr. 54, 11. Júlí 1911, 1. gr. (67).
3. Nefndaráliti um frumv. til laga um breyting á 1. gr. laga um vitagjald frá 11. Júlí 1911. (61).

Forseti skýrði frá að útbýtt hefði verið frá Ed.:

1. Frv. til laga um undanþágu frá lögum nr. 50, 27. Nóv. 1903 um friðun fugla. Flutn.m. Guðjón Guðlaugsson (57).
2. Frv. til laga um ábyrgðarfélög. Eftir 2. umr. í Ed. (stj.frv.). (63).
3. Breytingartillaga við frv. til laga um ábyrgðarfélög frá Sig. Eggerz, Sig. Stefánssyni, Jóni Jónatanssyni. (64).
4. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 32, 20. Okt. 1905, um málaflutningsmenn við landsyfirdóminn í Reykjavík. Eftir 2. umr. í Ed. (stj.frv.) þgskj. 65.

5. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 30, 16. Nóv. 1907, um lán úr landssjóði til byggingar íbúðarhúsa á prestssetrum landsins. Eftir 2. umr. í Ed. (stj frv.). (66).
6. Frv. til laga um sérstök eftirlaun handa skáldinu Steingrími Thorsteinsson rektor. Eftir 3. umr. í Nd. (stj.frv.). (60).
7. Frv. til laga um sölu á þjóðjörðinni Fossi í Suðurfjarðarhreppi. Flutn.m. Hákon Kristófersson. (68).

Forseti skýrði frá að lagt hefði verið fram á lestrarsal:

1. Erindi frá Huldu Matthíasdóttur um 700 kr. styrk til framhaldsnáms í Hjúkrunarfræði (4 flgskj.).
2. Erindi frá Sigtryggi Guðlaugssyni um styrk til unglingaskólans á Núpi í Dýrafirði.
3. Erindi frá þingmönnum Húnvetninga um fjárveitingu til kaupstaðarvegar af Hvammstanga til vesturenda Múlavegar og frá austurenda Múlavegar á þjóðveginn á Miðfjarðarhálsi.
4. Erindi frá sömu þigmönnum:
   1. um fjárveitingu til vegagerðar í Langadal í Austur-Húnavatns sýslu.
   2. um fjárveitingu til vegagerðar í Svínavatnshreppi.
   3. um fjárveitingu til svifferju á Blöndu (3 flgskj.).
5. Erindi frá hreppsnefnd Laugardalshrepps um eftirgjöf á láni til Sogsbrúar.
6. Bréf frá forseta ins íslenzka kennarafélags, um að ráðnar verði bætur á kjörum barnakennara (1 flgskj.).
7. Erindi frá 4802 konum, er skora á Alþingi að breyta á þessu þingi stjórnarskipunarlögum Íslands á þann hátt, að íslenzkum konum verði með þeim veittur fullur stjórnarfarslegur kosningarréttur og kjörgengi með sömu skilyrðum og karlmönnum.
8. Erindi frá Einari málara Jónssyni um 700 kr. utanfararstyrk til að stunda málaralist (1 flgskj.).
9. Bréf frá umsjónarmanni fræðslumála viðvíkjandi styrk úr landssjóði til barnakennara.
10. Erindi frá Þorleifi alþm. Jónssyni um 4000 kr. styrk úr landssjóði til að ryðja vör við Ingólfshöfða (1 flgskj.).
11. Skipulagsskrá fyrir »Minningarsjóð Jóns alþm. Sigurðssonar frá Gautlöndum« (1 flgskj.).
12. Erindi sýslunefndarinnar í Rangárvallasýslu viðvíkjandi endurgjaldi á kostnaði til vegarins frá Rauðalæk að Ægissíðuhöfða (3 flgskj.).
13. Erindi frá 2. þm. Rang. (E. P.) þess efnis, að athugasemdin við 5. gr. 1. liðs gildandi fjárlaga fái að standa óbreytt í næstu fjárlögum (1 flgskj.).

Forseti vakti með nokkrum orðum athygli á 11. liðnum: Skipulagsskrá fyrir »Minningarsjóð Jóns alþm. Sigurðssonar frá Gautlöndum«.

---

FRUMVARP til laga um breyting á lögum um vegi 22. Nóv. 1907; 1. umr.

**Flutningsm (Kristinn Daníelsson):** Frumvarpið fer fram á að vegurinn frá Reykjavík til Hafnarfjarðar verði tekinn í tölu þeirra vega, sem í vegalögunum frá 22. Nóv. 1907 eru nefndar flutningabrautir. Orsökin til þess að farið er fram á þetta er annars vegar sú, að mikil þörf er á, að sæmilega góður vegur sé á þessum stað, og hins vegar sú, að ekki verður séð að úr þeirri þörf verði bætt með öðru móti en þessu.

Það er ætlast til í vegalögunum, að flutningabrautir skuli vera þar sem mest flutningaþörf er. En nú vill svo til að

sjálfsagt er ekki til sá vegarspotti á landinu, þar sem meiri umferð er en á þesssum stað, sem eðlilegt er, þar sem höfuðstaðurinn er annars vegar og einn af fjölmennustu kaupstöðum landsins hins vegar. Það líður ekki nokkur sá dagur, að ekki fari fjöldi af hlöðnum vögnum um þenna veg, og það er einmitt eitt ákvæðið í vegalögunum, að flutningabrautir skuli vera vel færar hlöðnum vögnum. Nú er þessi vegur venjulega svo — nema um há-sumarið, þegar alstaðar eru vegir, þar sem vegir geta á annað borð verið, — að hann er í mesta máta ógreiðfær og til mikils trafala allri umferð. Viðhaldsskyldan hvílir á þeim sýslufélögum, sem mynda kjördæmi okkar flutningsmannanna, og þess vegna höfum við orðið til þess að bera þetta frv. fram, þó að það hafi staðið öðrum eins nærri. Þetta sýslufélag, sem er ofhlaðið kostnaði af vegum og þarf nauðsynlega enn að leggja nýja vegi, hefir hingað til verið pressað til að halda þessum vegi við. En því er gersamlega ómögulegt að halda honum við eins og þörf krefur. Hingað til hefir ofaníburði verið fleygt í hann við og við, en það er sama sem að fleygja peningunum í sjóinn, því að veginn þarf að leggja af nýju og púkka hann, ef ofaníburður á að koma að nokkuru haldi. En um það er sýslan ekki fær, auk allra annara byrða, sem á henni hvíla. Sérsklega stendur það landinu næst, að kosta þenna veg síðan Vífilsstaðahælið var sett á stofn, því að lang mest slit verða á veginum í sambandi við það.

Að vísu má segja, að Vífilsstaðahælið sé ekki landsstofnun, en þrátt fyrir það getur það ekki talizt rétt, að láta fátækt sýslufélag halda veginum við fyrir þá stofnun. Það stendur landinu miklu nær. Vegurinn er ekki svo langur, að hægt sé að líta svo á, að hér sé um svo þunga byrði að ræða, að hún sé landssjóði ofvaxin. Vegurinn er til þess að gera mjög stuttur. — Frumvarið fer jafnframt fram á, að viðhaldið sé kostað að öllu leyti úr landssjóði. Er það sérstaklega Vífilsstaðahælið, sem gerir það eðlilegt.

Eg skal svo ekki fjölyrða um þetta frekar, en vona að in háttv. deild taki málinu vel og byrji á því, að vísa því til nefndar. Vil eg leyfa mér, að gera það að tillögu minni að 5 manna nefnd verði kosin, að umræðunni lokinni.

ATKV.GR.:

Samþykt í einu hlj. að kjósa nefnd.

Í nefndina voru kosnir með hlutfallskosningu og hlutkesti milli Stefáns Stefánssonar og Guðmundar Eggerz:

Halldór Steinsson
Þorleifur Jónsson
Kristján Jónsson
Kristinn Danielsson
Stefán Stefánsson.

Vísað til 2. umr.

---

FYRIRSPURN til ráðherra (53); hvort leyfð skuli.

ATKV.GR.:

Samþykkt að leyfa fyrirspurnina með öllum atkvæðum, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | |
| Jón Jónsson | |
| Benedikt Sveinsson | |
| Bjarni Jónsson | |
| Björn Kristjánsson | |
| Einar Jónsson | |
| Guðmundur Eggerz | |
| Halldór Steinsson | |
| Hannes Hafstein | |
| Jóh. Jóhannesson | |
| Jón Magnússon | |
| Jón Ólafsson | |

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Kristinn Daníelsson | |
| Kristján Jónsson | |
| Lárus H. Bjarnason | |
| Magnús Kristjánss. | |
| Matthías Ólafsson | |
| Ólafur Briem | |
| Pétur Jónsson | |
| Sig. Sigurðsson | |
| Skúli Thoroddsen | |
| Stefán Stefánsson | |
| Tryggvi Bjarnason | |
| Valtýr Guðmundss. | |
| Þorleifur Jónsson | |

---

TILLAGA til þingsályktunar [ræktun landsins til eflingar] (58); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umræðu.

ATKV.GR.:

Ein umræða samþykt í einu hljóði.

Fundi slitið.

---

## 11. fundur.

Þriðjudag 15. Júlí 1913, kl. 12 á hád.

Dagskrá:

1. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 18, 9. Júlí 1909 um styrktarsjóð handa barnakennurum (48); 1. umr.
2. Þingsáliktunartillaga [ræktun landsins til eflingar] (58); ein umr.

---

Allir á fundi. Fundargerð síðasta fundar lesin upp, samþykt og staðfest.

Forseti tilkynti, að nefnd sú sem kosin var til að íhuga frumv. til laga um breyting á lögum um vegi 22. Nóv. 1907, hefði kosið sér formann Kristján Jónsson þingm Borgf. og skrifara Kristinn Daníelsson, 2. þm. G. K.

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið í deildinni:

1. Nefndaráliti um frv. til laga um samþyktir um eftirlit úr landi með fiskiveiðum í landhelgi (70).
2. Frv. til laga um girðingar. Flm.: Sig. Sigurðsson (71).

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið frá Ed.:

1. Breytingartillögu við frv. til laga um ábyrgðarfélög (73).
2. Breytingartillögu við frv. til laga um breyting á lögum nr. 30, 16. Nóv. 1907, um lán úr landssjóði til byggingar íbúðarhúsa á prestsetrum landsins. Frá nefndinni (74).
3. Nefndaráliti um frumv. til laga um Landhelgissjóð Íslands (72).
4. Nefndaráliti um frumv. til laga um ný nöfn manna og ættarnöfn (stj.frv.) þgskj. 69.
5. Breytingartillögu við frv. til laga um breyting á lögum nr. 30, 16. Nóv. 1907, um lán úr landssjóði til byggingar íbúðarhúsa á prestsetrum landsins. — Flutnm.: Þór. Jónsson, Guðjón Guðlaugsson, Guðm. Björnsson (76).
6. Nefndaráliti um frumv. til laga um nafnabreytingar og ný nöfn á býlum (stj.frv.) þgskj. 75.

Forseti skýrði frá, að lagt hefði verið fram á lestrarsal:

1. Erindi frá Stúdentafélaginu í Reykjavík um 600 kr. styrk til að senda mann á 100 ára afmælishátíð norska stúdentafélagsins.
2. Erindi frá Öngulsstaðahreppsbúum um styrk til brúargerðar á Þverá syðri í Eyjafirði.
3. Erindi frá Gunnari Gunnarssyni um styrk til náms og ritstarfa.
4. Erindi frá Samúel Eggertssyni um

styrk til að semja hlutfallsuppdrátt yfir sögu Íslendinga.
5. Bréf frá stjórnarráðinu ásamt nokkrum skjölum.
6. Erindi frá rafljósanefnd Seyðisfjarðarkaupstaðar um undanþágu frá að greiða vörutoll af vélum, áhöldum og öðru efni, sem rafljósanefndin þarf að flytja inn.

---

FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr. 18, 9. Júlí 1909, um styrktarsjóð handa barnakennurum (48); 1. umr.

**Flutningsm. (Jón Jónsson):** Þetta mál hefir áður verið fyrir þinginu eins og kunnugt er. Frumvarpið er tekið upp óbreytt eins og það var samþykt við 3. umr í neðri deild í fyrra. Það gekk slysalaust í gegnum neðri deild, en dagaði uppi í efri deild.

Það var bent á það í framsögu málsins hér í deildinni í fyrra, að sjóður sá, sem hér um ræðir, væri svo fátækur, að lítils styrks væri úr honum að vænta fyrir uppgjafakennara, þegar skifta ætti í marga staði; þess vegna hefir verið farið fram á, að tillag landssjóðs væri hækkað um 1500 kr., úr 1000 kr. upp í 2500 kr.

Flestir játa, að alþýðukennarar eigi við mjög bág launakjör að búa, og geti eigi lagt mikið af mörkum til sjóðsins. Það mun því eigi veita af, að landssjóður hlaupi undir bagga og leggi til sjóðsins einar 2500 kr. Virðist það heldur ekki vera til svo mikils mælst, þegar litið er til þess, hve þarft verk alþýðukennarar vinna.

Ekkjur kennara og munaðarlaus börn ættu að geta notið góðs af sjóðnum þegar maðurinn er fallinn frá, eftir að hafa goldið tillag til hans af litlum efnum um margra ára skeið.

Í fyrra var að vísu hreyft nokkrum mótmælum gegn frumvarpinu, en það fékk þó yfirleitt mjög góðar undirtektir hér í deildinni, eins og líka atkvæðagreiðslan ber með sér.

Hefði það því komist í gegnum báðar deildir, hefði þingið ekki yfirleitt verið mótfallið öllum lögum, er höfðu ný útgjöld fyrir landssjóð í för með sér. Enda var þá ekki búið að sjá fyrir tekjum í stað þeirra, sem áfengistollurinn veitti.

Háttv. þm. Vestm. (J. M.) fann frumvarpinu það til foráttu í fyrra, að kennarafélagið væri því ekki meðmælt. Úr því var bætt þá þegar, því að á meðan frumvarpið lá fyrir deildinni, voru lögð fram meðmæli frá 4 af stjórnendum kennarafélagsins.

Nú er heldur ekki þessari ástæðu til að dreifa, því að við þingmenn Rvk, höfum fengið áskorun frá kennarafélaginu um að bera frumvarpið upp. Kennarafélagið sjálft á því upptökin til þess.

Málið var athugað svo rækilega í fyrra, að eg sé ekki ástæðu til að fara að setja það í nefnd nú. Það væri að eins til að tefja málið.

Vil eg því leggja til að það verði alls ekki sett í nefnd nú. Þeir þingm. sem vildu glöggva sig á því, geta litið í nefndarálitið og umræðurnar frá í fyrra.

Vona eg að ekki verði nú tekið ver í þetta mál, heldur en gert var í fyrra.

Frammi á lestrarsalnum liggur ýtarleg skýrsla um launakjör kennara, og á henni geta menn séð að þeim er ekki unt að leggja meira af mörkum til sjóðsins, en þeir gera, svo að landssjóður verður að hlaupa undir bagga.

Sé eg svo eigi ástæðu til að fjölyrða meira um þetta að sinni.

**Lárus H. Bjarnason:** Eg ætla að eins í framhaldi af því, sem háttv. síðasti ræðumaður sagði, og til að spara þingm. ómak, að leyfa mér að lesa upphafið af erindi frá inu ísl. Kennarafél., um styrktarsjóð handa barnakennurum,

sem hefir verið lagt fram á lestrarstofunni.

Það hljóðar svo:

»Á aðalfundi ins íslenzka Kennarafélags í gær (þ. 25. Júní þ. á.), var með öllum atkvæðum samþykt svolátandi tillaga:

Fundurinn felur formanni Kennarafélagsins að hlutast til um, að frumv. til laga um breyting á lögum um styrktarsjóð handa barnakennurum, sem Neðri deild Alþingis samþykti á síðasta þingi, verði aftur lagt fyrir Alþingi í ár . . .«.

Aðalástæðan, ef ekki einkaástæðan, í fyrra á móti frumv. var sú, að málið væri eigi nægilega undirbúið, þar eð ekki lægi fyrir beiðni um hærri styrk, nema frá einstökum meðlimum Kennarafélagsins. Nú er bætt úr þessu, og vona eg, að deildin láti málið ganga til 2. umr. nefndarlaust.

ATKV.GR.:

Vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

---

TILLAGA til þingsályktunar [ræktun landsins til eflingar] (58); ein umr.

**Skúli Thoroddsen:** Þingsályktunartillöguna, sem hér ræðir um, hefi eg leyft mér að kalla: »Þingsályktunartillögu, ræktun landsins til eflingar«.

Fyrir mér horfir svo við, að það sé aðallega **þrent**, sem *mest sé áríðandi*, til að flýta fyrir ræktun landsins.

Í **fyrsta lagi, að allir**, *sem hlut eiga að máli*, **hafi æ sem ríkasta hvöt, til að vilja flýta fyrir henni**, — *allir*, þ. e. þá eigi ábúendurnir að eins, heldur og landsdrotnarnir, þar sem eigi er sjálfsábúð.

Hvernig sem reynt er að efla sjálfsábúðina — og sú hefir lengi stefna Alþingis verið —, verður þó alls eigi hjá leiguliða-ábúðinni komist. — Valda því bæði arfaskifti, afsöl, nauðungarsala, eður og það, að sjálfseignarbóndinn snýr að annari atvinnu, o. fl.

Hvernig sem löggjöfin reynir því að hlynna að sjálfsábúðinni eða að offra til hennar — hlynna að henni, einmitt af því, að þar er æ ríkasta hvötin til að bæta jörðina — getur því aldrei hjá því farið, að leiguliða-ábúðin haldist þó jafnhliða, þ. e. að æ verði þær jarðirnar fleiri, eða færri, sem í ábúð leiguliða eru. —

Í **öðru lagi** er það og **afar-áríðandi**, *að þeir séu sem flestir, og verði æ fleiri og fleiri, er hönd vilja leggja á plóginn*, — þ. e. að þeir verði æ fleiri og fleiri, sem hag hafa af því, að landið sé ræktað, vita það skilyrði þess, að þeir geti þá lifað notalegra lífi.

Að því ætti löggjöfin því að styðja, með því að lögleiða, að af óræktuðu landi megi taka bletti til þurrabúðarlóða, sbr. þingsályktunartillöguna, því að ef vér á þennan hátt fáum **fjöldann** til að hefjast handa, — fáum hann til þess, að taka æ fleiri og fleiri stykki til ræktunar, hlýtur ræktun landsins að miða drjúgum áfram.

Í **þriðja lagi** *ættu lán til ræktunar og húsabóta* **að fást með sem aðgengilegustum kjörum og til sem allra-lengsts tíma**.

**Að öllu þessu þrennu eiga nú tillögurnar að styðja**, svo sem þær bera með sér, og skal eg nú víkja stuttlega að hverri þeirri um sig.

Þegar vér lítum á núgildandi ábúðarlög vor frá 12. Jan. 1884, sýna ákvæðin í 20. og 21. gr. þeirra það ljóslega, að löggjafarvaldið hefir að vísu viljað stuðla að því, að landsdrottinn hefði og nokkra hvöt til þess, að vilja efla ræktun jarðarinnar, og bæta hana á ýmsar lundir. En þessi ákvæði eru þó **hvergi nærri nægileg** hvöt.

Að vísu er svo, að geri landsdrottinn

— annaðhvort að áskorun leiguliða, eður alótilkvaddur — umbætur á jörðinni, getur hann fengið eftirgjaldið hækkað, eftir mati. En hæpið þá einatt, að hann fái nema lága vexti af fé, því er hann kostaði til jarðabótanna, og sjá allir, að þetta er landsdrotni ekki mikil hvöt til þess, að leggja fram fé, til að efla ræktunina, og má þó ætla, að hann hafi í flestum tilfellum frekar bein í hendi til þess, heldur en leiguliðinn, eigi hvað sízt er um umbætur í snatri, eður í stærri stýl, ræðir.

Sé á hinn bóginn litið á tillögu mína, þ. e. að sú verði venjan, **að eftirgjöld eftir jarðirnar séu æ greidd í tilteknum hluta af hvers konar arði, eða hlunnindum** o. s. frv., *er jörðin í hvert skifti gefur af sér*, og verði því — eins og í tillögunni stendur — *breytileg* eða mismunandi, eftir uppskerunni það eða það árið, og eftir breytilegu eða mismunandi verðmæti þess, sem aflað er af jörðinni o. s. frv., **þá er landsdrotni þar með gefin rikasta hvötin, sem unt er, til þess að gera sér æ sem allra ýtrast far um það, að jörðin batni sem frekast er auðið.**

Það er því æ í hans þágu, engu síður en leiguliðans, ekki að eins að öll framleiðsla jarðarinnar sé aukin sem unt er, heldur og að jörðin sé æ sem allra bezt hirt, og alt sé æ nýtt upp árlega, sem frekast er auðið.

Leggi hann þá fram fé til umbóta jörðinni, getur hann þá vænst þess að fá það endurgjaldið á fám árum, auk vaxta, og að njóta síðan æ árlegs gróða, af því að hann horfir eigi í það að leggja í þann kostnað — jörðinni til umbóta —, sem þurfti.

Ef það yrði regla, að borgað yrði eftir jarðarhúsin sérstaklega, eins og tillaga mín fer fram á, þá væri það og mun meiri hvöt fyrir eigendurna til að bæta þau, þar sem leigan yrði þá að sjálfsögðu því meiri, sem betur væri til húsanna vandað, i stað þess er jarðarhúsin nú fylgja jörðinni, sem hvert annað ofanálag, sem ekkert er greitt fyrir sérstaklega. —

Á hinn bóginn mega menn **ekki** skilja svo þessa tillögu mína, sem eg vilji draga taum landsdrotna. Þvert á mót er **hagur leiguliða,** *í tillögu minni,* **á ýmsan hátt borinn mjög vel fyrir brjósti,** svo sem nú skal sýnt verða[1]):

a. Í fyrsta lagi, þá er leiguliða æ trygður réttur til þess að taka þátt í jarðabótum, er landsdrottinn vill framkvæma, alt að helmingi móti landsdrotni;

b. Í öðru lagi, þá er í tillögu minni gert ráð fyrir, að öll leiguliðaábúð verði æ *lífstíðarábúð*, — og það í frekari skilningi en nú tíðkast, þ. e. jörðin eigi að eins heimiluð leiguliðanum ævilangt, sem og ekkju hans, *heldur og því barnanna, sem til er tekið.*

En hvaða þýðingu það hefir fyrir leiguliðann að geta æ, hvaða handtak sem hann vinnur jörðinni til góðs, verið starfandi með þeirri meðvitund, að hann sé þá og að vinna að hagsæld og aukinni unun barns síns, sjá væntanlega allir.

Sbr. þá og t. d. ef hann á jörðinni kæmi sér upp dálitlum skógarteig, eða blómreit, til fegurðar-auka, sem og þá meðfram til gagns, því að fögur blóm verða og, er tímar líða, peninga virði, í alósamanberanlega meiri mæli en enn er orðið hér á landi, og æ því fremur, sem fólkinu fjölgar í kaupstöðum, kauptúnum og sjávarþorpum.

[1]) Sundurliðuð, til glöggvunar, við yfirlestur ræðunnar, í stafliðina: a, b, c o. s. frv., eins og gert hafði verið á lauslegu blaði, ræðunni til undirbúnings. *Sk. Th.*

c. Í þriðja lagi verður að geta þess, að — eftir tillögu minni — þá er og verður það æ **alfrjálst samningamál** milli leiguliða og landsdrottins, hve mikinn part af afrakstri eða hlunnindum jarðarinnar o. s. frv. skuli í eftirgjaldið greiða.

Á hinn bóginn þarf alls eigi að óttast það, að landsdrotnar færu hér lengra í kröfum en góðu hófi gegndi. Samkepnin myndi halda öllum þar í skefjum, því að ef einhver jarðeigandi vildi setja eftirgjaldið hærra en góðu hófi gegndi, þá mundi hann baka sér óálit og síður fá dugandi menn á jörðina.

Hins vegar eru tekjur hans eftir jörðina bundnar við afurðir hennar, með öðrum orðum bundnar við það, hversu árar, og hversu vel jörðin er nýtt; en það er aftur landsdrotni ríkasta hvötin til þess að reyna að fá sem duglegastan mann á jörðina, þar sem hann á svo mikið undir honum, miklu framar en nú.

Nú er jarðeigendum á hinn bóginn yfirleitt sama um jarðirnar, þ. e. hversu þær eru setnar, sé að eins eftirgjaldið skilvíslega goldið.

d. Í fjórða lagi eru leiguliðarnir og — eftir tillögu minni — mun betur trygðir en nú á sér stað, sbr. ákvæðið um það, að ekki séu á þá lagðar persónulegar kvaðir.

Það er ekki ótítt, að leiguliðum sé nú t. d. gert að skyldu að vera formaður eða háseti á skipi landsdrottins, og getur það verið slæm kvöð.

Í sömu átt miðar og ákvæðið um það, að ekki sé heimilt í byggingarbréfum að banna leiguliða að taka húsmenn. Slíkt er oft sett í byggingarbréf, og getur þá komið sér illa, því að oft getur komið fyrir, að leiguliði verði að leyfa húsmanni að hýrast hjá sér um tíma, og vofir þá einatt útbygging yfir honum, enda þá og stundum notað til að koma honum af jörðinni.

e. Í fimta lagi tryggir það og leiguliðann, er í tillögu minni er ákveðið, að ekki megi í byggingarbréfum, né ella, banna honum að flytja af jörðu eða farga heyi, mó o. fl., sem jörðin gefur af sér.

Leiðir það og beint af eftirgjaldsmátanum, er tillaga mín gerir ráð fyrir, að annað má eigi vera.

En nú er það — sem kunnugt er — eigi sjaldan notað til útbyggingar, ef fargað hefir verið heyi o. fl., er jörðin gefur af sér, eða léðar slægjur, eða annað af hlunnindum hennar.

Íslendingum verður að skiljast það, að hey, mór o. s. frv. eru verðmætir munir, sem eiga að ganga kaupum og sölum, eigi síður en hvað annað. En fjöldi manna hafa frá gamalli tíð bundið sig við ýms orðatiltæki, eins og t. d. að ekki sé búmannlegt að farga heytuggunni, og hefir það leitt til þess, að sumir, sem einatt spyrja: »hvað yrði þá sagt?«, hafa þá ekki þorað að selja hey, þótt þeim væri hagræði, eða kostur væri að afla þá annars skepnufóðurs, sem meira næringargildi hefði.

f. Í sjötta lagi ber að geta þess, að þó að eftirgjaldið sé áskilið »in natura«, þ. e. í hluta af arði, — þá getur leiguliði æ keypt hluta landsdrottins, ef svo sýnist, enda má þá og, ef vill, geyma honum rétt til þess í byggingarbréfinu.

Ef löggjöfin gengi í þá átt, sem nú hefir verið bent á, þá myndu **áhrifin verða þau**, *að miklu meira kapp yrði*

*lagt á jarðabætur*, eða á aukna framleiðslu af jörðinni yfirleitt, en nú, og meira gert til að fegra jarðirnar en nú á sér stað.

Jörðin yrði eigandanum alt annað og meira en hún er honum nú. Hún myndi verða honum að mun kærari; — hann hefði unað af því, að renna æ öðru hvoru huganum til hennar, eða til bletta, sem hann þar hefði fegrað, t. d skrýtt skógarteigum eða blómreitum, eða öðru, sem til unaðar horfir. Hefði þá og gaman af því, að bregða sér þangað öðru hvoru o. s. frv.

*Samvinnan milli landsdrottins og leiguliða mundi þá og verða miklu innilegri en nú eru dæmi til.* — Báðum mundi verða ant um að fegra landið, og báðum yrði ant um, að framleiðslan yxi sem mest.

Landsdrottinn myndi og verða leiguliðanum hjálplegur á ýmsar lundir, — myndi t. d. vera honum í útvegunum um kaupafólk, til þess að slegið yrði upp árlega og jörðin nýtt, sem unt væri.

Myndi og — í beggja þágu — vera honum í útvegum um hentugar vinnuvélar, og yfirleitt styðja hann sem mest til þess að gera jörðina sem arðbærasta og unaðslegasta.

Árferðið myndi og hafa sömu áhrifin á báða, og sömuleiðis verðlag afurðanna árlega, svo að báðum yrði þá og jafnumhugað um það, að reyna að hertygjast sem best gegn óárani, sem og að koma afurðunum í sem allra hæst verð.

Yfirleitt yrðu landsdrottinn og leiguliði þá vinir, **er kendu æ samkvalar og samgleði**, og raunir annars eða gleði, út af hinu eða þessu, er að jörðinni lýtur, yrðu þá og raunir hins eður gleði, þ. e. bróðurkærleikinn tæki sér fasta bólfestu hjá þeim, eða ætti þó að gera það mun frekar en nú er.

Fyrir þjóðfélagið myndu og ákvæðin í tillögu minni hafa in **ómetanlegustu og ólýsilegustu áhrif.**

Jarðirnar myndu stórum hækka í verði, og það í æ vaxanda mæli, eftir því sem ræktun þeirra miðaði áleiðis, og skapaðist þannig meiri höfuðstóll, eins og líka ábúð á jörðu, eða jarðarhluta, yrði þá meira virði en nú.

Bæði að því er snertir eign í jörðu, sem og hitt, að hafa ábúð jarðar, eða jarðarhluta, hefði landssjóður þá og meira verðmæti, ef á skyldu lagðir beinir skattar. — En þeim er eg nú að vísu yfirleitt fremur mótfallinn, — tel þá, meðal annars, *þarfnast œðra siðferðilegs þroskastigs* hjá þjóðinni, en óbeinu skattana.

Þá myndu og sjálfseignarbændurnir — ef kapp færi að skapast að því er snertir aukna ræktun og fegrun leigubýlanna — sízt vilja verða eftirbátar hinna, eða vilja vita sínar jarðir ver setnar, og myndu tillögur mínar því eigi síður leiða til góðs að þessu leyti.

Að því er því næst snertir aðaltillögu mína: **að styðja að því, að skapast geti sem fyrst sjálfstæð húsmanna- eða þurrabúðarmanna-stétt í landinu**, þá miðar hún í enn frekari mæli, en fyrri tillagan, að því, að fá **fjöldann**, og æ fleiri og fleiri, til þess að taka þátt í ræktun landsins.

En eg get hugsað mér að sumum kunni að þykja það of hart gengið að umráðamönnum jarða, að þeir skuli geta orðið skyldaðir til að láta af hendi land til þurrabúða, þó eigi ræði þar nú að vísu um annað — sbr. tillöguna —, en það sem þeir, sér að skaðlausu, vel mega án vera.

En eg ímynda mér og, að flestir umráðamenn jarða myndu nú reyndar oftast sjálfkrafa stykkja út eitthvað af landareigninni til grasbýla, eða þurrabúðarlóða, eða hvað menn vilja kalla það.

Vér vitum, að fjölda mörgum jörðum fylgir mikið landflæmi — stundum enda margra mílna að stærð — sem alls eigi er notað, nema þá ef til vill að einhverju leyti sem búfjárhagar. En væri slíkt land ræktað, yrði það margfalt verðmeira.

Þá er og ekki að óttast, að farið yrði of freklega í sakirnar gagnvart jarðeigendum í hér um ræddu efni, sbr. tillöguna, þar sem hún ætlast til þess að sýslunefnd skeri úr, ef til kemur, hvort jörðin sé þess um komin, að taka megi af landi hennar meira eða minna í fyrgreindu skyni, og þá æ gegn ævarandi eftirgjaldi til umráðamanns eða umráðamanna jarðarinnar.

Þá má því og eigi gleyma, að þjóðfélagið á heimtingu á því, að ræktun lands sé eigi varnað, en þvert á móti æ gert sem greiðast fyrir, og því er það ekki ósanngjarnt, þótt umráðamenn jarða verði að sætta sig við það, að ónotað land jarða þeirra sé tekið til ræktunar, vitanlega gegn hæfilegu ævarandi eftirgjaldi, sbr. þá og það, að fólkinu í landinu sí-fjölgar, *svo að þörfin verður æ meiri og brýnni:* **að fjölga þá og æ meira og meira þeim, er þó nokkur afnot af landi hafa.**

Að öðru leyti læt eg mér nægja að vísa til tillögunnar sjálfrar, að því er alt er hér að lýtur snertir, svo sem, að *hér gildir að sjálfsögðu* **sama meginregla,** *sem um jarðirnar sjálfar:* að eftirgjaldið yrði miðað við afurðir blettsins árlega, og mundu þá báðir aðiljar styðja sem bezt að ræktun og fegrun hans o. fl.

Eg veit og ekki, hvað verið gæti *skemtilegra,* en ef þannig mynduðust hér á landi æ fleiri og fleiri smábýli, og þá eigi hvað síst við sjóinn, smá steinsteypuhús, umgirt kálgörðum og ræktuðum gras- eða blóm-blettum með skógarhríslum, þar sem höfð væri þá og hænsarækt og ýmis önnur alifugla og húsdýra rækt, í smáum stýl, sem ábúandinn hefði þó dálitinn stuðning af til viðbótar aðalatvinnu sinni, hvort sem það nú væri sjómenska, kaupavinnna, daglaunavinna, eða annað því líkt.

Það væri *unaður* að því, ef slík smábýli risu hér upp æ fleiri og fleiri, — landið þá ólíku fegra, og hagsældin meiri. —

Þriðja aðaltillaga mín hnígur í þá átt, **að komið sé upp nægilega öflugri útlánsstofnun, er eingöngu hafi það hlutverk, að lána út fé gegn veði í jarðeignum.**

Það er skoðun mín, að til þess að flýta fyrir ræktun landsins, þurfi lánin að vera fáanleg til mun lengri tíma en nú — ekki til skemmri tíma en til 60 ára, og jafnvel til 120 ára, og yrðu þá árlegu afborganirnar algerlega hverfandi, en lánin þó alveg hættulaus, þar sem landið er sjálft að veði.

En til þess að flýta fyrir ræktun landsins og framkvæmdum öllum að öðru leyti, þyrfti lán að fást, er nemur alt að $^{3}/_{4}$ virðingarverðsins, ef ekki jafnvel $^{7}/_{8}$

Eg skal svo ekki fjölyrða meira um þessa till. mína, eg legg það til, að umræðum sé sé frestað, og till. vísað til landbúnaðarnefndarinnar. Og hvort sem nefndin hallast að tillögum mínum eða ekki, þá er eg sannfærður um það, að stefna sú, sem þær hafa að geyma, mun ryðja sér til rúms og flýta þá fyrir ræktun landsins og fegrun þess.

ATKV.GR.:

Umræðum frestað og till. vísað til landbúnaðarnefndar með 19 : 2 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, sökum óljósrar atkvæðagr., og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Jón Jónsson | Jón Magnússon |
| Bened. Sveinsson | Kristján Jónssson |
| Bjarni Jónsson | |
| Björn Kristjánsson | |

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Guðmundur Eggerz | |
| Halldór Steinsson | |
| Kristinn Daníelss. | |
| L. H. Bjarnason | |
| Magnús Kristjánss. | |
| Matthías Ólafsson | |
| Ólafur Briem | |
| Pétur Jónsson | |
| Skúli Thoroddsen | |
| Stefán Stefánsson | |
| Tryggvi Bjarnason | |
| Valtýr Guðmundss. | |
| Þorleifur Jónsson | |

Atkvæði greiddu ekki og voru taldir til meira hlutans: Eggert Pálsson og Sig. Sigurðsson.

Fjarstaddir voru: Einar Jónsson, Hannes Hafstein, Jóh. Jóhannesson, Jón Ólafsson.

Fundi slitið.

## 12. fundur.

Miðvikudag 16. Júlí 1913, kl. 12 á hád.

Dagskrá:

1. Frv. til laga um breyting á 1. gr. laga um vitagjald frá 11. Júlí 1911 (stj.frv., nr. 61); 2. umr.
2. Frv. til laga um breyting á tolllögum fyrir Ísland nr. 54, 11. Júlí 1911, 1. gr. 15 (stj.frv., nr. 67); 2. umr.
3. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 60, 30. Júlí 1909 (62); 1. umr.

Allir á fundi, nema þm. Vestm. (J. M.) og 2. þm. G.-K. (K. D.), er tilkynt höfðu forföll.

Fundargerð síðasta fundar lesin upp, samþ. og staðfest.

Forseti tilkynti, að frá efri deild hefði komið:

1. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 32, 20. Okt. 1901, um málaflutningsmenn við landsyfirdóminn í Reykjavík (þgskj. 78).
2. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 30, 16. Nóv. 1901, um lán úr landssjóði til byggingar ábúðarhúsa á prestsetrum landsins (þgskj. 79),

ásamt tilmælum um að þau yrðu lögð fyrir neðri deild.

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið í deildinni:

1. Frv. til laga um hvalveiðamenn. Flutnm. Guðmundur Eggerz og Jón Ólafsson (77).
2. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 32, 20. Okt. 1905, um málaflutningsmenn við landsyfirdóminn í Reykjavík. (Eftir 3. umr. í Ed.) þgskj. 78.
3. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 30, 16. Nóv. 1907, um lán úr landssjóði til byggingar íbúðarhúsa á prestsetrum landsins. Eftir 3. umr. í Ed. (79).
4. Frv. til laga um viðauka við lög nr. 80, 22. Nóv. 1907, um breyting á lögum um prentsmiðjur 4. Des. 1886. Flutnm. Tryggvi Bjarnason (81).
5. Tillaga til þingsályktunar um skoðun vitastæðis á straumnesi í Norður-Ísafjarðarsýslu. Flutnm. Skúli Thoroddsen (80).
6. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 25, frá 22. Okt. 1912, um ritsíma og talsímakerfi Íslands. Flutnm.: Skúli Thoroddsen, Pétur Jónsson, Matth. Ólafsson (82).

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið á lestrarsal:

1. Erindi frá inu íslenzka kennarafélagi um styrktarsjóð handa barnakennurum.

2. Erindi frá Júlíönu Sveinsdóttur um 500—800 kr. styrk til að stunda málaralist við listaháskólans í Kaupmannahöfn (4 flgskj.).
3. Bréf frá þingm. Mýr. (M. A.) ásamt beiðni frá Davíð bónda Stefánssyni í Fornahvammi um styrk til húsabyggingar.
4. Erindi frá Fiskifélagi Íslands um 12.500 kr. styrk á ári 1914 og 1915.
5. Ritgerð eftir Magnús Júlíusson lækni um ljóslækningastofnun á Íslandi.
6. Erindi frá Íþróttasambandi Íslands um 500 kr. ársstyrk, 300 kr. endurgjald á ferðakostnaði til Stokkhólmsfararinnar og 600 kr. utanfararstyrk handa Erlingi Pálssyni sundmanni (2 prentuð flgskj.).

FRUMVARP til laga um breyting á 1. gr. laga um vitagjald frá 11. Júlí 1911 (stj.frv., nr. 61); 2. umr.

**Framsögum. (Bjarni Jónsson):** Eg hirði ekki að hafa það upp aftur, sem nefndin hefir skrifað um þetta mál. Eg býst við að háttv. þingmenn hafi lesið nefndarálitið og kynt sér málið þar. Eg get því látið mér nægja, að drepa lauslega á ýmis atriði, sem við höfum lagt til að samþykt yrðu.

Eins og háttv. þingmenn sjá á nefndarálitinu, leggjum við það til, að frv. stjórnarinnar verði samþykt með nokkrum breytingum. En með því að breytingartillögurnar við þessa einu grein voru svo margvíslegar, kusum við heldur að búa til alveg nýja grein, en það ætti ekki að standa í vegi fyrir því, að hæstv. forseti geti skift henni í sundur við atkvæðagreiðsluna, svo að menn geti felt það burt, sem þeir vilja og greinin verði svo samin upp samkvæmt atkvæðagreiðslunni.

Svo sem kunnugt er, hefir stjórninni borist málaleitun þess efnis að skemtiferðaskip, sem kæmu hingað til landsins, væru undanþegin vitagjaldi. Stjórninni skildist þessi málaleitun svo, og sama hefir ræðismaður Þjóðverja skýrt frá, að þessi skip, sem munu hafa gefið aðaltilefnið til þessarar málaleitunar. — þýzku skemtiferðaskipin sem koma hingað á hverju sumri — mundu ekki sjá sér fært að halda þessum ferðum áfram, nema þau yrðu undanþegin vitgjaldinu. Nefndin tók þetta ekki sem neina ógnun, sem við yrðum að láta undan, heldur leizt henni sem hér væri að eins um fjárspursmál að ræða. Stjórnin hefir lagt það til, að þessi skip yrðu að öllu undanþegin vitagjaldi, en því sá nefndin sér ekki fært að fylgja. Enda væri það óhæfilegt, einkum þegar þess er gætt, að slík undanþága mun ekki eiga sér stað nema í einstaka löndum öðrum. Hinu vildi nefndi ganga að, að þau skip, sem kæmu hingað á þeim tímum, sem ekki væri kveikt á neinum vita, væru undanþegin gjaldinu. Það er ekki nema sanngirni. Og svo mun einnig vera, að skemtiferðaskip koma aðallega hingað til lands á sumrum, þegar engir vitar brenna. Eg vil taka það fram sérstaklega, að nefndin leggur þann skilning í orðið skemtiferðaskip, að það séu skip, sem gerð eru út í þeim einum tilgangi, að flytja ferðamenn hingað, en ekki hin, sem eru notuð til annars aðallega, þótt þau kunni að flytja ferðamenn með sér jafnframt, svo sem t. d. skip Sameinaða félagsins. Það er áreiðanlegt, að þessi skip flytja landinu meiri arð en vitagjaldinu nemur. Það sem farþegar þeirra hafa keypt af póststjórninni,nemur jafnmiklu og vitagjaldið. Fram yfir höfum við þá allan þann arð, sem Íslendingar hafa af því að leigja þeim hesta, selja mat, kaffi og ýmsa muni, sem þeir kaupa af kaupmönnum, á Thorvaldsens bazarnum o. s. frv. Persónulega er mér þetta ekkert kappsmál, en nefndin áleit rétt, að taka það tillit til málaleitunarinnar

að hún vill ganga að því, að slík skip, sem koma hingað á tímabilinu 14. Maí —15. Ágúst séu undanþegin vitagjaldi. Álít eg svo ónauðsynlegt að eyða frekari orðum að þessu atriði. Hv. þm. munu sjá auðsæjar ástæður bæði með og móti.

Þá er annað atriði, nfl. það, hvort beri að undanþiggja vitagjaldi skip, sem leita hafna annaðhvort til viðgerða eða úr hrakningi.

Eg skal játa það, að sjálfum mér liggur það næst hjarta að undanþiggja þau ekki, vegna þess, að aldrei munu skipin njóta meira gagns af vitum eða annari leiðsögu, heldur en þegar þau eru í nauðum stödd. Svo er það líka annað atriði, sem ber að líta á, og það er það, að við undanþiggjum ekki okkar eigin fiskiskip vitagjaldi, sem allar aðrar þjóðir gera. Englendingar undanþiggja jafnvel öll fiskiskip, hverrar þjóðar sem þau eru. Það virðist því harla ósanngjarnt að lækka byrðarnar á þessum skipum, sem hér er um að ræða, en standa einir uppi með það að heimta vitagjald af fiskiskipum okkar. En meiri hluti nefndar var því fylgjandi, að rétt væri að undanþiggja þessi skip. Ekki svo mjög vegna þess, að sanngirni mælti með því, heldur vegna, hins að það væri regla allra nágranna-þjóðanna og bæri því fremur að skoða þetta sem hæversku og vinsemd við þær. Einnig lítum við svo á, að þetta mundi aldrei geta bakað landssjóði verulegt fjártjón, vegna þess að flest af þeim skipum, sem hér leituðu hafnar í nauð, mundu samt sem áður fara inn á einhverja aðra höfn og borga vitagjald þar. Auðvitað gæti þetta komið nokkrum skipum undan vitagjaldi, en þau yrðu tiltölulega mjög fá, vegna þess að við liggjum ekki í neinni þjóðleið, svo að lítið sem ekkert fjártjón gæti orðið að. Einu skipin, sem slíkt gæti hugsast um, væru t. d. hvalveiðamenn og selaveiðarar í Norðurhöfum, sem kæmu hér inn á neyðarhöfn, en ætluðu annars alls ekki að koma hér við — sem og Grænlandsför ástvina okkar. Væri það hart að fara að taka gjald af þeim, þegar þau kæmu hingað, án þess að hafa ætlað sér það og þess utan úr hrakningum. En þann varnagla vildi þó nefndin setja, að ómögulegt væri að nota þessa undanþágu sem skálkaskjól til þess að komast undan lögmæltum gjöldum. Til þess að koma í veg fyrir það, stingur nefndin upp á því, að þau skip ein komist undir þessi lög, sem geti sýnt fram á það við sjópróf, eða með annari lögfullri sönnun, að þau hafi verið í nauðum stödd. En hvenær skip séu í nauð, telur nefndin upp að sé, þegar þau hafa orðið fyrir árekstri af öðrum skipum eða rekist á sker, þegar þau hafa orðið fyrir skemdum af sjávargangi, þegar veikindi eru á skipinu eða það flýr undan voða, t. d. herskipi eða ræningjum.

Með nefndarálitinu fylgja prentaðar skýrslur um það, hver sé venja annara þjóða í þessum efnum. Því miður hefir þar fallið undan skýrsla um lagareglur Þjóðverja, en væntanlega hagar þar líkt til og hjá Englendingum, því að þeir eru fyrirmynd flestra annara þjóða í þessum efnum, bæði að frjálslyndi og að heppilegu fyrirkomulagi. Raunar er dálítið öðru máli að gegna um þessi lönd, sem liggja á þjóðleið, eins og t. d. England. Þar fara öll skip fram hjá, sem halda úr Eystrasalti eða norðlægari löndunum vestur eða suður og getur því verið ástæða fyrir þá að laða þessi skip til sín til kolakaupa með frjálslegri löggjöf. Um okkur er öðru máli að gegna. Við liggjum ekki í þjóðleið og þau skip, sem hingað koma, eru mest skip sjósóknara, sem ekki er ástæða til að hlífa við réttmætum gjöldum. Niðurstaða nefndarinnar varð því, eins og eg

hefi sagt, að þetta skyldi einungis gert af hæversku og í vinfanga skyni.

Þá er þriðja breytingin, sem eg og margir aðrir leggja mesta áherzlu á. Það er viðvíkjandi vitagjaldi af íslenzkum fiskiskipum. Í gildandi lögum er svo ákveðið, að þau íslenzku fiskiskip, er aldrei fari utan, skuli að eins gjalda vitagjafd einu sinni á ári. Nefndin leggur til, að þessi orð »aldrei fari utan« verði feld burtu, vegna þess að með því ákvæði er íslenzkum botnvörpungum gert að skyldu að greiða vitagjald í hvert sinn og þau koma frá markaðinum í Englandi, er þau hafa selt afla sinn. Það er alveg óþolandi, að nokkur hluti af skipastól okkar verði harðara úti en annar. Sama reglan á auðvitað að gilda um öll íslenzk fiskiskip. Það er meira en nóg, að við undanþiggjum þau ekki þeim gjöldum, sem allar aðrar þjóðir leysa þau undan. Mér virðist satt að segja, að alveg sama máli eigi að gegna um vitagerð sem um vegabætur á landi. Mönnum er ekki gert að skyldu að borga sérstakt gjald í hvert skifti og þeir fara um einhvern veg, eða gjalda brúartoll eða þ. u. l., en sjómennirnir verða að borga sérstaklega fyrir hvern leiðarvísi. Þetta er misrétti, því að sjórinn er sannarlega ekki svo glögg gata, að síður sé ástæða til að varða hann en t. d. sandana. Nefndin lét þetta samt standa óbreytt. Hitt vildi hún ekki, að gert væri upp á milli einstakra skipa í skipastól okkar. Því að hvað er það sem vér gerum gagnvart botnvörpungunum með þessu ákvæði? Það er ekki annað en það, að við leggjum á þá fjársekt, jafnháa og vitagjaldinu nemur, í hvert skifti sem þeir flytja fisk sinn til Englands, og það einmitt þegar þeir eru að framkvæma þá hugsjón, sem lengi hefir fyrir okkur vakað og vakir enn, að flytja sjálfir okkar eigin vörur á heimsmarkaðinn. Þeir fá ekki verðlaun fyrir það, eins og þeir ættu skilið, heldur eru lögð á þá aukin gjöld. Og það er ekki af því að þeir slíti vitunum meira en önnur skip, sem kyr liggja, þegar þeir eru að gera gagn. Eg get ekki séð, að nokkur sannsýni né vit sé í þessu og vil mæla fastlega með því að þetta ákvæði laganna frá 1911 sé felt burtu.

Aðrar br.till., sem nefndin hefir komið fram með, eru ekki annað en orðabreytingar. T. d. viljum við heldur að standi í frumvarpinu orðin: »sem *landsmenn* halda úti«, en orðin: »haldið út *hér við land*«, því að það er tvírætt og gæti valdið því, að fleiri kæmu undir þessa grein, en tilætlunin er.

Skal eg svo ekki orðlengja þetta meira, en leyfi mér að benda til nefndarálitsins og þeirra ástæðna, sem þar eru leiddar.

**Björn Kristjánsson:** Eg álít br.t. nefndarinnar vera frumv. til bóta, en vil þó ekki ganga svo langt, að afnema með öllu vitagjald af skemtiferðaskipum. Eg vil gera greinarmun á »skemtiferðaskipum« og »skemtiskipum«. Flutningaskipum, sem höfð eru í förum í ágóðaskyni, má skifta í þrjá flokka aðallega: 1. Skip, sem flytja vörur eingöngu. 2. Skip, sem flytja vörur og farþega. 3. Skip, sem flytja farþega eingöngu. Fjórði flokkurinn er svo það sem eg kalla skemtiskip, þ. e. a. s. skip, sem eru eign einstakra manna og einstakra manna og einungis eru notuð til skemtiferða fyrir þá sjálfa. Eg skoða þessi tvö þýzku skip, sem hér voru nýlega, ekki sem skemtiskip. Þau eru gerð út af félögum að eins í hagnaðar-skyni. Munurinn á slíkum skipum og öðrum mannflutningaskipum er að eins sá, að lestin er tóm. Þess vegna finst mér ekki ástæða til að undanskilja þessi skip

öllu vitagjaldi, heldur ættum við, ef við vildum vera kurteisir við útgerðafélögin, að færa gjaldið niður, t. d. um helming. Eg er alveg viss um, að félög, sem hafa byrjað ferðir hingað til lands, mundu verða harð-ánægð með þá tilslökun.

Eg vildi leyfa mér að skjóta því til nefndarinnar, hvort hún vildi ekki taka upp þessi orð aftan við orðið »skemtiferðaskip« í 2. málsgr.: »sem ekki taka borgun fyrir farþega«, en bæta aftan við málsgreinina: »Skemtiferðaskip, sem taka borgun fyrir farþega, greiði hálft vitagjald«. Mér finst, að þetta ætti að geta orðið að samkomulagi, en lengra finst mér að deildin geti ekki farið. Eg tel enga hættu á því, að þetta verði til þess að skipin hætti að koma hingað. Þau hafa komið undanfarin ár þrátt fyrir ið háa vitagjald. Og það eru ekki útgerðarmennirnir, sem ráða því, hvert skipin fara, heldur eru það farþegarnir.

Eg skal svo ekki fjölyrða um þetta, en vænti að þessar athugasemdir mínar verði teknar til greina.

**Þorleifur Jónsson:** Það er að eins örstutt athugasemd til að skýra afstöðu mína til þessa máls.

Eins og sjá má á nefndarálitinu, voru ekki allir nefndarmennirnir fullkomlega sammála. Eg er ekki ánægður með, að skip, sem oft fara til útlanda, t. d. botnvörpungar, greiði ekki vitagjald nema einu sinni á ári. Botnvörpungarnir hafa ekki kvartað undan þessu gjaldi hingað til, en eg býst við, að þeir hefðu gert það, ef þeim þætti gjaldið óréttlátt. Eg lít svo á, að botnvörpungarnir þurfi meira á vitum að halda, heldur en önnur skip, og er því ekki ósanngjarnt að þeir greiði meira vitagjald.

Háttv. framsögum. (B. J.) bar vitana saman við vegi landsins, og tók til dæmis, að vegfarendur þyrftu ekki að greiða neitt gjald fyrir notkun vega. Það er að vísu satt, en einu sinni var þó goldinn brúartollur, þó hannn sé nú afnuminn. En það mætti engu síður bera vitana saman við símann, og sjálfsagt þykir, eins og líka rétt er, að borga fyrir notkun hans. Mér getur ekki fundist það ósanngjarnt, að menn borgi fyrir notkun þeirra tækja, sem menn nota, hvort sem er á sjó eða landi. Nú er verið að kappkosta að koma upp nýjum vitum með ærnum tilkostnaði, en landssjóður hefir, svo sem kunnugt er, ekki mikið gjaldþol, og finst mér því ekki rétt að rýra vitagjaldið að mun. Þetta er hvort sem er ekki svo mikið gjald fyrir þá sem það greiða, en getur munað landssjóð töluverðu samlagt.

Eg vildi að eins skýra háttv. deild frá þessu áliti mínu, ef menn vildu koma fram með br.till. til 3. umr., og færa gjaldið í ið gamla horf. Þá myndi eg verða með. Annars vil eg ekki leggja neitt sérstakt kapp á þetta. Og þó eg hefði sérstöðu í nefndinni að þessu leyti, þá geri eg það ekki að beinum ágreiningi, því í öðrum atriðum var eg meðnefndarmönnum mínum sammála.

**Matthías Ólafsson:** Það er ekki að undra að þetta frumv. hefir komið fram. Menn vissu það hér í fyrra, að ýmsir Reykvíkingar voru að fara fram á það við þingmenn, að létta vitagjaldinu af skemtiferðaskipunum. Eg veit nú ekki, hverju aðrir þingmenn hafa svarað til þess, eg eg sagði, þegar þetta var nefnt við mig, að eg myndi verða á móti því, og eins er eg enn. Þessi skemtiferðaskip eru ekkert annað en farmskip, sem flytja lifandi kjöt, gamalt eða nýtt; þó er það mest gamalt, að minsta kosti seinustu farmarnir. Eg sé því ekki ástæðu til að skoða þessi skip öðruvísi en farmskip. — Því hefir verið haldið fram, að þessi skip myndu hætta að koma hingað, ef vitagjaldið héldist

eins og nú er. En eg fæ ekki betur séð en að þetta sé að eins einfeldnisleg hótun, því að þótt fargjald hækkaði eitthvað lítilsháttar, sem ekki getur orðið meira en svo sem 6 kr. á mann, þá myndu víst engir láta þessa lítilfjörlegu hækkun aftra sér frá slíku ferðalagi. Þar sem talað er um, að undanþiggja þessi skip vitagjaldi á tímabilinu frá 14. Maí til 15. Agúst, þá er það sama sem að undanþiggja þau alt árið. Þeir menn, sem með þessum skipum ferðast, koma hingað aðallega eða eingöngu til þess að sjá miðnætursólina, og er þeirra því ekki von á öðrum tímum árs. Og þó að skipin hafi engin not af vitunum, þar sem þeir loga ekki um þennan árstíma, þá þurfum við þó að borga vitavörðunum og sjá um viðhald á vitunum alveg eins fyrir því. Vitaskuld er vitagjald mun hærra hjá okkur en í öðrum löndum, en því veldur löng og víða hættuleg strandlengja. Og betra er okkur að heimta hátt vitagjald af útlendum og innlendum skipum, heldur en að þurfa að búa við slæma og ófullnægjandi vita.

Mér finst fremur vera ástæða til að athuga, hvort ekki sé rétt að gera undantekningu með íslenzka botnvörpunga, sem oft fara milli landa. Það er satt, að útgerðarmenn þeirra hafa ekki kvartað enn þá, en þeir eru ekki svo skapi farnir, að þeir kveini og kvarti þó ekki gangi alt að óskum, og segi eg þetta þeim til lofs, enda er ekki síður ástæða til að sýna þeim sanngirni og réttlæti, þó þeir séu ekki sí-kveinandi. Eg er viss um að þeir myndu ekki kvarta þó við legðum á þá óréttlátt gjald.

Eg vil ekki að þessum útlendu mannflutningaskipum sé gefin nokkur ívilnun. Ef þau flyttu eitthvað í lestinni, hvað lítið sem væri, og flytti það hér á land, þá væru þau skyldug til að borga. Hitt er annað mál, að stjórninni sé gefin heimild til að gera undantekningu með skemtiskip, sem engan farm flytja og ekkert fargjald taka fyrir farþega. Þetta þyrfti ekki að vera föst regla, og eg álít að naumast sé gerandi ráð fyrir að slík heimild yrði misbrúkuð af stjórninni.

**Jón Jónsson:** Það hafa komið fram mótmæli gegn því að undanþiggja skemtiferðaskipin vitagjaldi, og borið við aðallega, að þau muni halda áfram að koma eins og áður. En við verðum fyrst og fremst að gæta þess, að þessi breyting á vitagjaldslögunum er ung, frá 1911, og þetta háa gjald í fyrsta skifti lagt á í fyrra. Þá sögðu forráðamenn skipanna, að þau myndu ekki koma aftur einmitt og eingöngu vegna vitagjaldsins. Nefndin hefir átt tal við ræðismann Þjóðverja, og mun það vera honum að þakka að skipin komu í sumar. Hann mun hafa gefið útgerðarfélögunum í skyn, að vitagjaldið yrði ef til vill lækkað á þessu þingi.

Því hefir frá upphafi verið svo háttað með þessi þýzku skemtiferðaskip, að þeim hefir ekki verið ætlað að koma til Reykjavíkur, heldur hefir þeim aðallega verið ætlað að sigla norður um höf, til Nordkap eða Spitzbergen, til þess að sjá miðnætursólina. En þýzki ræðismaðurinn hér hefir komið því til vegar, að skipin kæmu hingað, og eg álít það mjög illa farið ef þau hættu að koma. Við það misti bærinn mikið, bæði kaupmenn og ýmsir aðrir, því að engir ferðamenn verzla hér eins mikið og þeir, sem með þessum skipum koma. Þeir kaupa einmitt sérstaklega íslenzkan iðnað, svo sem ullarvöru, silfursmíði, skinn, útskorna muni o. fl., svo að hagnaðurinn er tvöfaldur. Auk þess leigja þeir mikið vagna og hesta, og eg álít að það sé ekki eigandi á hættu að missa af verzlun þeirra fyrir þetta vitagjald.

Háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) mótmælti

því að vitagjald yrði afnumið fyrir þessi skip, en það mátti skilja á ræðu hans, að hann væri fús til að veita einhverja tilslökun, ef þau kæmu með yngri fram og þá líklega laglegri.

Það hefir verið gerður munur á skemtiferðaskipum og skemtiskipum. Skemtiskipin eru eign einstakra manna, og með þeim ferðast að eins auðmenn, sem hafa efni á að taka skipin á leigu eða gera þau út til skemtiferða fyrir sjálfa sig. En það er langt frá að farþegar á skemtiferðskipunum þýzku séu allir auðmenn. Þeir eru flestir menn, sem eiga við lík kjör að búa í sínu landi eins og við eigum í okkar landi, og munu ekki geta varið miklu fé til ferðalaga. Það er því ekki ólíklegt að þeir myndu hætta að koma ef fargjald yrði hækkað að mun, og verð eg því að halda því fram, að réttara sé að létta vitagjaldinu algerlega af skemtiferðaskipunum, þangað til eg sannfærist um að þau haldi áfram að koma þrátt fyrir gjaldið. Ræðismaður þjóðverja hefir sagt mér, að þýzk skemtiferðaskip hafi algerlega hætt að koma til Svíþjóðar eftir að vitagjald var hækkað þar, án þess að skemtiferðaskipin væru undanþegin, eins og þó er víða annarsstaðar.

**Eggert Pálsson:** Eftir því sem þetta mál liggur fyrir í nefndarálitinu, verður ekki annað séð, en að nefndin í heild sinni vilji fallast á frumvarpið. En hins vegar hafa nú komið fram raddir frá nefndarmönnunum sjálfum, sem lýsa óánægju með ýmis atriði frv. Eg var á móti þessu frv. eins og það kom fram í fyrstu, og eg er enn meira á móti því nú, eins og það lítur út með br.till. nefndarinnar. Við erum eins og kunnugt er altaf árlega að bæta við fleiri og fleiri vitum og auka þar með kostnað landsins í þeim efnum og það er því ekki rétt að vera að veita nýjar og nýjar undanþágur frá vitagjaldi einmitt nú, þegar vitum er verið að fjölga og notin af þeim verða meiri fyrir skipin.

Það er um þrenns konar undanþágur að ræða í þessu frumv. Í fyrsta lagi undanþágu fyrir skemtiskip á tímabilinu frá 14. Maí til 15. Ágúst. Mér skilst, þó að þetta tímatakmark sé sett, að það hafi ekkert að þýða, heldur sé hér um fullkomna undanþágu að ræða, því að skemtiferðaskip koma ekki hingað á öðrum tíma en einmitt þessum, sem hér er nefndur. Eg tel það því með öllu frágangssök að fallast á þenna lið. Eg þykist skilja það rétt, að þeir sem gera út skipin, láti kostnaðinn við útgerðina koma niður á fargjöldunum, sem þeir heimta af auðmönnum þeim, er með skipunum ferðast — því að vitanlega ferðast ekki aðrir en vel efnum búnir menn með slíkum skipum — og þeir munu ekki setja svo mjög fyrir sig lítilfjörlega hækkun á fargjaldi, að hún hefti för þeirra. Og þetta vitagjald getur ekki munað miklu fyrir skipin eða ferðamennina hvern um sig, þótt það hins vegar geti munað miklu fyrir landssjóðinn að öllu samlögðu að missa það. Eg get nú að vísu trúað því, að útgerðarmönnum skipanna hafi brugðið í brún í fyrstu, er þetta gjald var af þeim heimtað, sérstaklega vegna þess, að þeir hafa ekki vitað af þessari vitagjaldshækkun þegar þeir ákváðu fargjöldin. En nú vita þeir um lögin og geta haft vaðið fyrir neðan sig og hækkað fargjöldin með tilliti til þeirra. En þótt svo ólíklega færi, að vitagjaldið hefði þau áhrif, að skemtiskipin hættu að koma hingað, þá vildi eg samt ekki láta afnema gjaldið. Eg veit það að vísu, að ferðamennirnir borga töluverða peninga inn í landið á með þeir dvelja hér, en hins vegar dylst mér ekki, að þeir gera líka tjón að ýmsu leyti. Eg er sannfærður um að margur maðurinn slepp-

ir niður nytsamri vinnu á meðan þessi vaður stendur hér yfir.

Að því er snertir undanþáguna, sem frumvarp þetta hefir í sér fólgna, undanþáguna fyrir skip, sem leita hafnar í nauðum, þá get eg heldur ekki séð neina ástæðu til hennar, af þeirri einföldu orsök, eins og háttv. frams.m. tók fram, að slík skip hafa mesta þörf allra skipa fyrir vitana.

Þá er í þriðja lagi í br.till. nefndarinnar farið fram á undanþágu fyrir íslenzka botnvörpunga. En fyrst er að líta á það, að þessi útvegur er í alla staði fær um að bera gjaldið, og svo er það heldur ekki nefnt í nefndarálitinu, að ein einasta rödd hafi komið fram frá útgerðarmönnunum sjálfum um að létta þessu gjaldi af þeim. Þeir hafa því sýnilega sjálfir ekki talið gjaldið eftir, eða þótt það ósanngjarnt. Og fyrst þeir sjálfir hafa ekki leitað undanþágunnar, virðist óþarfi fyrir Alþingi að vera að veta hana óbeðið.

Ef frumvarpið nær fram að ganga, mun eg fyrir mitt leyti styðja þá till., sem háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) gerði ráð fyrir að koma með til 3. umr. um að afnema ekki með öllu vitagjald af skemtferðaskipunum, heldur lækka það, því betri er hálfur skaði en allur. En að svo komnu máli mun eg greiða atkvæði á móti frv. í held sinni.

**Magnús Kristjánsson:** Það lítur svo út, sem tillögur nefndarinnar ætli að fá lítinn byr í háttv. deild, og fara þær þó skemmra, en títt er að fara að þessu leyti í allflestum nágrannalöndum vorum. Það sem mér gengur til þess, að styðja það, að þessar undanþágur verði veittar, er það, að eg lít svo á, að þetta gjald hljóti að skoðast sem nokkurs konar okurgjald, þar sem vér nú göngum svo miklu lengra en grannaþjóðirnar í því, að íþyngja á þann hátt bæði vorum eigin skipum og annara þjóða, er hafa vilja samneyti og viðskifti við oss. Þess vegna álít eg mótbárur, þær sem fram hafa komið gegn tillögum þessum, fremur veigalitlar, ef eigi alveg óþarfar. Og eg hygg að þeir sem mest hafa haft á móti þeim, hafi litla grein gert sér fyrir því, hverjar fjárhagsafleiðingarnar yrðu fyrir oss í raun og veru.

Fyrst er að minnast á skemtiferðaskipin, og mundi ef til vill mega reikna sér svo sem 3 þús. kr. af þeim. En þar sem það er nú nokkurn veginn fullvíst, að þau muni hætta að koma hingað, nema þessum skatti verði af þeim létt, þá fer að verða til lítils að gera ráð fyrir þeim tekjum. Bezta sönnunin fyrir því, að þetta sé rétt, er sú, að þau skip slík, er áður sigldu til Svíþjóðar, eru nú hætt að koma þar, einmitt af sömu ástæðu, svo að vér erum ekki vissir um að fá þessa peninga í landssjóð, þótt ráð sé gert fyrir þeim.

Um gjaldið af nauðstöddum skipum — sem mér annars skilst að svo mikil mótspyrna sé á móti að af sé létt — skal eg taka það fram, að það mundi ekki nema meiru en svo sem 100—200 kr. á ári, svo að slíkt munar engu. Og um botnvörpungana er það að segja, að það hefir ekki einu sinni verið farið fram á það, að létta gjaldinu alveg af þessum íslenzku skipum, sem fara utan til að salja afla sinn, en það er satt, að það hefði einmitt átt að vera gert Það væri varla ívilnun um skör fram, jafn margvísleg önnur gjöld sem hvíla á útveginum til landssjóðs, einkum þar sem þetta mundi ekki fara fram úr svona 1000 kr. á ári. Það eru ekki stórvægilegar upphæðir, sem hér er um að ræða, og því ekki tilvinnandi fyrir þær að leggja á svo ósanngjarnt gjald, sem vitagjald er um þann tíma árs, þegar alls ekki er kveikt á vitum, eins og á sér stað um skemtiferðaskipin, sem varla

koma hingað nema um hásumarið þegar þau hafa ekkert gagn af vitunum. Annað mál er um þau skip, sem nota vitana þegar þeirra er mest þörf.

Eg vona nú að jafnvel þessir háttv. þingmenn, sem eindregnast hafa mótmælt, muni, við nánari íhugun, sjá það, að hér er ekki svo miklu tapað, að þeir sjái sér ekki fært að samþykkja breytingartillögur nefndarinnar, eins og þær eru.

**Matthías Ólafsson:** Eg hélt naumast að háttv. þm. Ak. (M. Kr.) mundi einmitt fara að minnast á fjárhagshliðina á þessu máli, því að það liggur þó opið fyrir, að hún er veikasta hliðin á því. Því að ef þessar till. verða samþyktar, þá er það auðvitað, að landssjóður hlýtur að tapa við það að minsta kosti hátt á 4. þús. kr. Og í aðra hönd er hér lítið sem ekkert, því að þetta fólk verzlar ekki annað hér í Rvík, en hvað það kann að kaupa eitthvað á Thorvaldsens-Bazarnum, og svo frímerki og póstkort, en þau eru ekki einu sinni búin til hér, svo að hagurinn verður lítill af þessari sölu, þótt hún kynni að nema svo sem 7—8 þús. kr. á ári, samtals. *(Jón Jónsson:* Segjum heldur alt að 20 þúsund) Eg hefi mínar upplýsingar m. a. frá konum þeim, sem standa fyrir »Bazarnum«, og ef hagurinn af þessari verzlun útlendinganna hér ætti að vega upp tapið, sem landssjóður biði við það, að sleppa þeim við vitagjald, þá mætti hann vera ótrúlega mikill.

Það hefir verið sagt að þetta gjald mundi verða til þess, að þessi skip hættu að koma hingað, og rökstutt með því, að þannig hafi farið í Svíþjóð, vegna sams konar ákvæða þar.

Eg skal nú ekki rengja þetta, en sé svo, þá hafa þau hætt að koma til Svíþjóðar af því, að gjaldið hefir þar verið lagt á eftir að þau fóru að sigla þangað. En hér var vitagjald komið á löngu áður en þau komu hér fyrst. Og það, að þeim »hnykti við«, hefir eingöngu stafað af því, að þau hafa ekki verið búin að átta sig á hækkuninni í lögum frá 1911. Annars verð eg að rengja það, að skipin muni að hætta að koma þessa vegna. Eg get ekki trúað því, að þeir menn, sem ferðast að gamni sínu sunnan úr Þýzkalandi og norður til Spitzbergen, séu svo sára-bláfátækir, sem háttv. 2. þm. Rvk. (J. J.) gaf í skyn, þótt honum kunni að vera betur kunnugt um heimilisástæður þeirra en mér. Að minsta kosti er það ekki að sjá á búnaði þeirra öllum, að svo sé.

Það hefir aldrei verið staðhæft heldur, að þessi ákvæði skuli gilda svo og svo lengi. Við gætum séð að okkur og gert þesar undantekningar, ef það sæist að þess þyrfti, en eg held að útgerðarfélögin færu aldrei að sjá eftir svo sem 5—6 kr. hækkun á hvert fargjald.

Því hefir verið haldið fram, að Íslendingar hafi atvinnu mikla af komu þessa fólks, en þar er eg samdóa hv. 2. þm. Rangv. (E. P.), að þeir menn, sem hennar njóta, hafi fyrir það drepið niður einhverjum öðrum störfum, sem hefðu komið alt eins að gagni þeim og landinu. Og sömuleiðis efast eg um, að komur þessar auki oss nokkurn sóma út í frá, meðan við getum ekki sýnt annað, en nú er: göturnar hérna, eins og þær eru, og svo einhvers konar trúðleika og vixlaðar bykkjur með vondum reiðtygjum.

**Framsögum. (Bjarni Jónsson):** »Mikils hefir þeim nú þótt við þurfa« — Eg skal leiða minn hest frá því, að halda út í kappræður um þetta mál. Mér það ekki svo mikið áhugamál um þessi skemtiferðaskip. En þess skal eg geta, að háttv. þm. hafa misskilið hvað nefndin lagði í þau orð. Með því á hún við ekkert annað, en fólksflutningaskip, hvort sem þau eru nú eign ein-

stakra manna, eða félaga —, skip, sem eingöngu eru ætluð til slíkra ferða sem þessi, er flytja ferðamenn að sunnan til Íslands, Noregs og Svalbarða. Og með till. okkar um þau höfðum við einungis hagsmuni Islendinga fyrir augum, en alls enga vorkunnsemi. Nefndin leit svo á, að það væri landinu meiri skaði, ef af legðust komur þessara útlendinga hingað, en hitt, þótt landssj. misti vitagjaldsins af skipum þeirra. Og ef nokkur gæti sannað mér það, að þeir hættu ekki að koma hér, þrátt fyrir vitagjaldið, þá skyldi eg vera því meðmæltur, að það yrði á lagt. En líkurnar eru allar til ins gagnstæða, því að ekki þurfa þessi skip að leita hér hafna til þess, að farþegjar fái að sjá það, sem fegurst er af því, sem þeir geta séð af landi þessu. Þau geta siglt hér með ströndum fram í sumarblíðunni og notið þess sem bezt er af fjallasýninni, og útbúnað hafa þau svo góðan, að einskis er að sakna, sem vér getum veitt þeim hér á þurru landi.

Út af því að þessar umræður hafa orðið hér, ætla eg þó að minnast á nokkur atriði enn. Eins og menn vita eru það einkum bæirnir, Rvík og Akureyri, sem hafa hag af þessum skipakomum. Og það liggur í augum uppi, að sá hagur er miklu meiri, en tekjur landssjóðs af vitagjaldinu yrði. Það er algerlega villandi, að reika þann hag ekki annan, en þann sem af þeim fæst í tollum, því að það er hagur *landssjóðs* eins, en ekki *landsins* alls. Og eg yrði feginn, ef eg heyrði því einhvern tíma hætt hér í deildinni, þar sem eiga þó að vera fullorðnir menn, að rugla þessu tvennu saman, — hætta að heimta 500 kr. í landssjóðinn með 5000 kr skaða fyr landsmenn. Eg verð sem sé að álíta — þó að eg þyki nú ef til vill ekki svo mikill fjármálamaður fyrir sjálfan mig, að mér farist um að tala — að það séu *þeir*, sem eiga *hann*, en hann ekki þá, og þegar öllu er á botninn hvolft, geri það í rauninni ekki svo mikið til, hvernig hann stendur sig, *ef þeir að eins standa sig nógu vel*, því að sé þjóðin rík, þá má efla hann. Og síðastur allra ætti sjóður þjóðarinnar að verða til þess, að sjúga hana sjálfa um of.

Eg trúi því vel, sem háttv. 2. þm. Rvk. (J. J.) sagði áðan, að tekjur af þessum skipum muni nema alt að 20 þús. kr. Eins og sagt hefir verið, hafa tekjur póstsjóðs af þeim verið meiri, en vitagjaldinu nemur. Þar með eru þó ekki talin 8 þús. af póstkortum, og mörg af þeim eru gerð hér á Íslandi, svo að hagurinn sá rennur beint í vasa landsmanna, og sömuleiðis verzlunarhagurinn af hinum. Svo er öll borgun fyrir fylgdarmenn, vagna og hesta. Ekki eru þeir aðfluttir, og ekki er það rétt, að þeir hefðu átt annarar jafngóðrar atvinnu kost ella. Það leiðir af fjölmenninu á þessum stöðum, að ætíð er margt af mönnum, og þá ekki síður farkosti, sem ekkert væri við að gera ella, svo að mikið af þessu fé er því hreinn gróði.

Það hafa sumir sagt, að ferðamenn þessa muni ekki um hækkun á fargjaldi, af því að þeir séu auðmenn. Þetta er rangt. Langflestir af þeim eru verzlunarmenn og kennarar o. s. frv., sem ferðast þetta í sumarleyfi sínu, en ekki auðmenn. En eins og eg sagði áðan, var það samt ekki af neinum brjóstgæðum, að nefndin lagði þetta til, heldur landinu í hag, og þeir sem eru sannfærðir um að skipin komi eftir sem áður, bera ábyrgðina á því, ef sá hagur tapast.

Eins og háttv. 2. þm. Rvk. (J. J.) sagði, er það ekki tilætlun nefndarinnar að þetta taki til lystiskipa einstakra auðmanna, enda væri ástæðulaust að undanþiggja þau neinu slíku gjaldi.

Til þess að undanþiggja skip, sem

leita hafnar í neyð, hafði nefndin að eins eina ástæðu, og hún er sú, að fylgja þar sömu reglu sem nágranna-þjóðirnar. Mér er alveg sama hvað gert verður í því, og nefndin leggur víst enga áherzlu á það, en réttara taldi hún það þó.

Þótt eg leggi enga áherzlu á það, hvort skemtiferðaskipin flytja hingað mikið eða lítið af gömlu og nýju kjöti, þá verð eg hins vegar að leggja mikla áherzlu á það, að Íslendingar komi afurðum sínum sem greiðlegast á markað. Enda voru fáir ræðumenn því mótfallnir, að botnvörpuskipin íslenzku, sem sigla með afla sinn, fái þessa undanþágu. Meira að segja var með því einn háttv. þm., sem annars er á móti þessum till. hinum. Þar sem sagt er að þessi skip eigi að borga mikið, af því að þau komi á flest fiskimið, þá er það ekki rétt, því að miðin eru ekki fremur þar sem vitarnir eru. Annars virðist sanngjarnt að öll skip, sem yfirleitt nota vitana jafnmikið, greiði jafnhátt gjald, nema hvað þau sem stærri eru eiga auðvitað að borga meira. Það er nægur greinarmunur, og rétt er líka að gera mun á innlendum og útlendum, en hitt er rangt, að gera innlendum atvinnurekendum mishátt undir höfði, og það þeim, er reka sams konar atvinnu. Að líkja þessu við símana er eigi rétt. Það er alt annað. *(Þorleifur Jónsson:* En brúartollarnir?) Þeir eru nú af teknir, og það var líka misrétti að þurfa fremur að borga fyrir umferð um býr, en t. d. dýra vegi, er landið hefir látið gera hvorttveggja. Þá er eg hissa á þeim, sem leggja áherzlu á það, að engar umkvartanir hafi heyrst frá útgerðarmönnum um þetta gjald Nefndinni datt ekki í hug að ekki mætti koma fram með sanngjarnar breytingar án þess. Eða erum vér þá stigamenn, sem tökum það af hverjum, sem vér náum? Á enginn gjaldstofn að vera miðaður við skynsemi, heldur við hitt eitt, hvað unt er að skrúfa út? Eg þekki marga, sem sætta sig við rangláta niðurjöfnun t. d., en rangt er alt af rangt samt. Það er auðvitað, að tekjur landssjóðs minka, þegar eitthvert gjald hverfur til einstaklinga, en ekki lengur til hans. En þjóðareignin þarf ekki að minka við það. Þær tekjur hverfa ekki, heldur getur verið að þær margfaldist einmitt betur á því, að vera í veltunni utan landssjóðs, og þá er það skarð í hann skaðlaust. Eg hefi nú lýst því, hvernig nefndin litur á þetta, og hygg að því verði ekki með rökum mótmælt, að þetta sé sanngjörn og sjálfsögð breyting. Hitt, að undanþiggja nauðleitaskipin, er ekkert annað en kurteisi við aðrar þjóðir, sem þann sið hafa

**Björn Kristjánsson:** Af því sem háttv. nefndarmenn hafa sagt, má ráða, að þeir hafa ekki orðið á eitt sáttir um breytingartill., þær er eg sting upp á. *(Bjarni Jónsson:* Má eg gera stutta athugasemd? Eg hefi ekki leyfi til að svara fyrir nefndarinnar hönd, en það er mér ekkert kappsmál, á hvern hátt dregið verður úr vitagjaldinu). Eg þakka upplýsingarnar. Mér hefir skilizt svo, að menn vilji undanskilja þessi svonefndu skemtiferðaskip vitagjaldi, af ótta fyrir því, að þau mundu að öðrum kosti hætta að koma hingað, og landsmenn mundu þá verða af þeim gróða, er þeir hafa af viðskiftunum við ferðamenn, þá sem með skipunum eru. En þessi ótti er með öllu ástæðulaus, eins og þegar hefir sýnt sig, því að skipin hafa komið tvisvar sinnum síðan árið 1911 að vitagjaldið var lagt á þau. Farþegar hafa keypt sér far með þeim eins eftir sem áður og það munu þeir gera framvegis, ekki sízt ef þingið sýnir þá velvild, að lækka gjaldið eitthvað dálítið. En meðan nógu margir farþegar fást, er ekki hætt við öðru en að

félögin, sem skipin gera út, sjái sér hag í því að senda þau hingað.

Eg hefi skrifað breytingartillögu í þá átt, að gjaldið sé einungis lækkað og mun eg koma fram með hana við 3. umr., ef nefndin tekur hana ekki að sér sjálf, og þegar hún kemur fram eins og hún er klædd, vona eg að háttv. nefnd geti fallist á hana. Mér er þetta ekkert kappsmál, en eg tel það ópraktiskt að undanskilja þessi skip vitagjaldinu að öllu leyti, þar sem það er hreinn og beinn óþarfi. Skipin munu koma hér alveg eins eftir sem áður. Ef eg væri hræddur um að þau legðu niður komur sínar, mundi eg ekki koma fram með neina breytingartillögu.

Háttv. 2. þm. Rangv. (E. P.) sagði, að ekki væri rétt að ívilna botnvörpungunum, meðan sífelt væri verið að fjölga vitunum. Þetta væri rétt, ef tekjur vitanna yxu ekki, en háttv. þm. verður að gæta að því, að jafnframt því sem vitunum fjölgar, fjölgar siglingunum til landsins og tekjurnar aukast jafnframt því. Það helzt hvorttveggja nokkurn veginn í hendur. Á þessu er því ekkert byggjandi.

Skýring háttv. frsm. (B. J.) á skemtiskipi og skemtiferðaskipi er alveg ný, að því er eg held. Eg er ekki í efa um, að dómstólarnir mundu skilja það sama við þessi tvö orð, ef til þeirra kæmi. Ef nefndin meinar með skemtiskipum þau skip, sem eru eign einstakra manna og ekki eru gerð út í gróðaskyni, er þörf á frekari skýringu en nafnið eitt gefur. Annars skal eg taka það fram, að slík skip hafa alt af verið gjaldfrjáls hér á þessu landi fram að 1911, og þess vegna er óviðkunnanlegt að leggja nú gjald á þau. Þess háttar skip eiga líka eftir eðli sínu að vera undanskilin gjaldi. Skattur er venjulega reiknaður *af tekjum*. En þessi skip hafa útgjöld, en engar tekjur.

Það er auðvitað alveg rétt, sem hv. þingm. hafa haldið fram, að þessi ferðamannaskip geta siglt í kringum landið án þess að koma inn á nokkra höfn. En það er engin hætta á því að farþegar uni við slíkt, sérstaklega að ekki verði komið við hér í Reykjavík, höfuðstað landsins. Hann vilja allir sjá, sem til landsins ferðast. Það er sömuleiðis alveg rétt, eins og háttv. framsm. tók fram, að það á ekki að spara landssjóði 500 kr. ef það verður til þess að landsmenn tapi 5000 kr. En eg er, sem sagt, alls ekki hræddur um að slíkt komi fyrir, þó að skemtiferðaskipin verði ekki að öllu leyti undanskilin vitagjaldinu.

**Framsögumaður (Bjarni Jónsson):** Það er að eins örstutt athugasemd. Eg held að mér sé óhætt að halda því fram í nafni nefndarinnar, að tilætlunin hafi verið sú, að að eins skemtiferðaskip, skip sem flytja stóra flokka ferðamanna, skuli vera undanskilin vitagjaldi, en ekki skemtiskip eða lystiskútur einstakra manna. Mig varðar ekkert um, hvort þeir hafa ábata af þeim eða ekki. Við förum með þau eins og brennivín, tóbak og aðra munaðarvöru. Það eru engin gróðakaup að afla sér hennar. En það er vegna hóglífis og fagurlífis, sem tollurinn er greiddur. Og þeir menn, sem hafa ráð á að lifa því lífi, ættu að geta greitt lítilsháttar toll af því.

Grundvallarstefnuna ætla eg mér ekki að verja, en hún er sú sama sem nefndin ætlar að fylgja, og er hún í samræmi við það sem tíðkast hjá Englendingum. En þeir eru allra manna frjálslyndastir í þessum efnum. Englendingar undanskilja engin skemtiskip nema þau, sem minni

eru en 5 lestir. Öll önnur gjalda vitagjald. En þeir undanskilja öll fiskiskip sín og annara þjóða. Að þeirra dæmi vil eg að við förum, að öll skip séu látin greiða vitagjald, nema þau sem okkur er hagur í að greiði það ekki. Eg get auðvitað ekki sannað, að skemtiferðaskipin, sem hér hafa komið, hætti ferðum sínum hingað ef þau verða ekki undanskilin gjaldinu. En nefndin hefir farið að dæmi margra hygginna manna og fylgt reglunni: »peccare in cautiorem partem«.

Mér skilst eftir umræðunum og undirtektum manna, að hyggilegast sé að hleypa öllu til 3. umræðu og að menn kæmu þá með breytingartill., bæði hv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) og aðrir.

Áður en eg sezt niður í síðasta sinn, skal eg lýsa yfir því, að þetta er hvorki nefndinni né mér neitt kappsmál, nema ef vera skyldi það, að réttlátlegar væri farið með íslenzku fiskimennina, sem flytja vöru sína sjálfir á erlendan markað.

**Eggert Pálsson:** Eg get tekið í sama strenginn og háttv. framsm. (B. J.) um það, að þetta sé ekkert stórmál, sem hér er verið að ræða um, eftir því sem venjulega skilst við það orð. En þótt það skifti ekki miklu fyrir ina einstöku gjaldendur, hvort undanþágurnar eru veittar eða ekki, að því er skemtiferðaskipin snertir, þá skiftir það aftur á móti talsvert meiru, þegar litið er til landssjóðsins. Það er ekki svo býsna lítið fé, sem hér er farið fram á að svifta hann. Eftir því sem mér er kunnugt, hafa þessi tvö þýzku ferðamannaskip, er hér voru fyrir skemstu, greitt 4000 kr. í vitagjald. Og ef um mörg slík skip yrði að ræða í framtíðinni og þau yrðu leyst frá öllu gjaldi, þá mundi það verða ekki svo lítill tekjumissir fyrir landssjóðinn, enda þótt gjaldið muni mjög litlu fyrir þá, er það gjald eiga að inna af hendi. Því eftir því sem mér skilst, mun það seinast koma niður á farþegunum sjálfum, og verður það þá ekki mikið í hvern stað.

Háttv. framsm. (B. J.) hélt því fram, að það væri til mikils hagnaðar fyrir landsmenn að fá þessi skip hingað. Það er mikið álitamál um slíkt. Eg fyrir mitt leyti verð að halda við fyrri skoðun mína á því, og hygg að hún hafi við jafnmikil rök að styðjast, að tjónið geti að miklu leyti í þessu efni vegið upp á móti gróðanum, allra helzt ef skipin eru leyst frá þeirri skyldu, að greiða vitagjaldið. Eftir upplýsingum háttv. frsm. er fátt auðmanna með þessum skipum, en meiri hlutinn fátækir menn eða lítt efnum búnir. Og sé svo, þá verður því síður séð, að landsmenn geti grætt mikið á verzlunarviðskiftum við þá. En hins vegar get eg ekki annað en gjört lítið úr skemtunum, þeim er þeir veita Reykjavíkurbúum með dansleikum og átveizlum og öðru slíku

Hvað hinn liðinn snertir, að ívilna botnvörpungunum, þá hafa, eins og eg sagði, engar kvartanir komið fram frá þeim. Og þótt vitanlega nefndin hafi heimild til að taka sér fram um það, að veita þeim fyrir sitt leyti slíka ívilnun, sem hér um ræðir, þá sýnir það, að engar kvartanir hafa komið fram frá sjálfum útgerðarmönnum botnvörpunganna, að þeir eru ekki mjög óánægðir með vitagjaldið eins og það er. Ef þeim fyndist það ósanngjarnt, væri þeim sjálfum treystandi til að bera sig upp undan því við Alþingi. En sannleikurinn mun vera sá, að útgerðarmönnum mun þykja tilvinnandi að borga riflegt vitagjald, ef það gæti orðið til þess, að vitunum yrði því fremur fjölgað og þeir bættir, heldur en að sú braut, sem Alþingi hefir gengið inn á í vitamálunum, yrði á nokkurn hátt heft eða stöðvuð.

Háttv. þm. Ak. (M. Kr.) taldi það ósanngjarnt, að heimta vitagjald af

skemtiferðaskipunum, af því að þau kæmu á þeim tímum, sem vitar eru ekki kveiktir. En ef þau væru leyst undan gjaldskyldunni vegna þess, er hætt við að sama sanngirniskrafan gæti komið frá öðrum skipum, sem ilt yrði að spyrna á móti, og mundi þá koma séði mikið skarð í vitagjaldið, ef eigi skyldi greiða það af neinu skipi nema þegar nótt væri dimm.

Háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) tók það fram, að að sama skapi sem vitunum fjölgaði, mundu og siglingarnar til landsins vaxa. Eg get ekki að öllu leyti fallist á það. Eg býst við að það fari allmikið eftir öðru, verzlunarmagni, fólksfjölgun og öðru slíku, að minsta kosti jafnframt.

Hvað það snertir, sem í nefndarálitinu er haldið fram, að eðlilegast væri að notendur vitanna þyrftu ekki að kosta þá, og að því væri hagað eins og um vegabætur á landi, þá er það algerlega rangt. Stefna þingsins hefir verið sú, að koma viðhaldsgjaldi veganna sem mest á notendurna sjálfa. Sýslunum hafa verið afhentir vegir til viðhalds, þar sem því hefir orðið viðkomið, og kostnaðinum, sem af því leiðir, er að síðustu jafnað niður sem aukaútsvörum á gjaldendurna í hverjum hreppi. Eg er í engum vafa um, að svo framarlega sem hægt hefði verið að leggja viðhaldskostnaðinn beinlínis á þá menn, er um vegina fara, þá hefði það verið gert. En það er eins og allir skilja ómögulegt og óframkvæmanlegt og þess vegna ekki verið gert. Hér er það aftur á móti hægt, að leggja vitagjaldið á þá, sem um sjóinn fara og sigla að eða frá landi, og því er rétt og sanngjarnt að gera það.

**Framsögumaður (Bjarni Jónsson):** Þrátt fyrir röksemdirnar, sem fram hafa komið, get eg ekki skilið annað en að eg hafi rétt fyrir mér. Eg á botnvörpung og hefi hann alt af hér við land og nota vita landsins. Fiskinn flyt eg til Reykjavíkur og sel hann þar dönskum eða enskum fiskikaupmanni. Annar maður á botnvörpung. Hann flytur fisk sinn á erlendan markað 10 sinnum á ári. Eg borga einu sinni 37 kr., hann borgar 10 sinnum 37 kr. í vitagjald. Það er ekki annað en sekt fyrir það að flytja sjálfur vöru sína á markað erlendis.

Þetta síðasta um stefnu Alþingis í vegamálunum kemur ekki í bága við það, að vitar ættu helzt að vera endurgjaldslausir af notendunum. Því að fyrst og fremst hefi eg aldrei kannast við, að sú stefna Alþingis væri rétt, og svo er það alt annað að hreppssjóðir kosti viðhald veganna eða þeir sem um vegina fara.

ATKV.GR.:

Breyt.till. (61) við 1. gr.:

1. liður sþ. með 11 : 5 atkv.

2. liður feldur með 12 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Jón Jónsson | Eggert Pálsson |
| Benedikt Sveinsson | Guðmundur Eggerz |
| Bjarni Jónsson | Halldór Steinsson |
| Björn Kristjánsson | Jón Ólafsson |
| Einar Jónsson | Lárus H. Bjarnason |
| Jóhannes Jóhanness. | Matthías Ólafsson |
| Jón Magnússon | Ólafur Briem |
| Kristján Jónsson | Sigurður Sigurðsson |
| Magnús Kristjánss. | Skúli Thoroddsen |
| Þorleifur Jónsson | Stefán Stefánsson |
| | Tryggvi Bjarnason |
| | Valtýr Guðmundss. |

3. liður (1. hl.) sþ. með 17 : 1 atkv.

3. liður (2. hl.) sþ. með 13 : 9 atkv.

4. liður sþ. með 14 : 2 atkv.

Það með var 1. gr. frv. fallin.

2. gr. sþ. frv. sþ. með 12 : 3 atkv.

Fyrirsögnin sþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 13 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Jón Jónsson: | Eggert Pálsson |
| Benedikt Sveinsson | Guðmundur Eggerz |
| Bjarni Jónsson | Halldór Steinsson |
| Björn Kristjánsson | Matthías Ólafsson |
| Einar Jónsson | Ólafur Briem |
| JóhannesJóhanness. | Pétur Jónsson |
| Jón Magnússon | SigurðurSigurðsson |
| Jón Ólafsson | Stefán Stefánsson |
| Kristján Jónsson | Tryggvi Bjarnason |
| Lárus H. Bjarnason | Valtýr Guðmundss. |
| Magnús Kristjánss. | |
| Skúli Thoroddsen | |

Þorleifur Jónsson greiddi ekki atkv. og var því talinn með meirihlutanum.

---

FRUMVARP til laga um breyting á tolllögum fyrir Ísland nr. 54, 11. Júlí 1911, 1. gr. 15 (stj.frv., n. 67); 2. umr.

**Bjarni Jónsson:** Eg sé eigi að þörf sé að ræða þetta mál. Menn geta víst greitt atkv. um það án umræðu.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Það sem kemur mér til að standa upp, er breyt.till. nefndarinnar, er hún lætur »sykraða ávexti« koma í stað »sykurgervingar af ávöxtum«.

Eg vildi gjarna forðast, að það þurfi að semja nýtt »karamellu«-frumvarp á næsta þingi. Vil eg því skjóta til nefndarinnar, hvort hún vilji ekki lofa báðum orðunum að standa.

Hér í verzlunum fást ýmis konar sætindi, sem kölluð eru »sykraðir ávextir«, en það fást líka aðrar tegundir sætinda, sem að réttu lagi eru kallaðar »sykurgervingar af ávöxtum«.

Vil eg því leggja til, að *báðum* orðunum verði haldið, til þess að allur misskilningur sé útilokaður.

ATKV.GR.:

Breyt.till. (67) sþ. með 11 : 3 atkv.

Vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

---

FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr. 60, 30. Júlí 1909 (62); 1. umr.

**Flutnm. (Skúli Thoroddsen):** Eins og mönnum er kunnugt, var landinu með lögunum frá 16. Nóv. 1907 skift í alls 43 læknishéruð, og ákveðið að að aðstoðarlæknar skyldu og vera á Ísafirði og Akureyri.

En þrátt fyrir það þótt læknisembættum væri þannig fjölgað að mun frá því sem áður hafði verið, heyrast þó enn sí-umkvartanir frá landsbúum, eins og greinilega hefir komið í ljós á síðustu þingum, þar sem ávalt hafa komið fram ný og ný frumv. um stofnun nýs læknishéraðs, ýmist hér eða þar.

Frumv., sem hér liggur fyrir, er nú gamall kunningi, bæði frá þinginu 1911 og 1912, og fer í þá átt, að Ísafjarðarlæknishéraði verði skift í tvö læknishéruð, þannig, að Hólshreppur, ásamt Bolungarvíkurverzlunarstað, verði gert að sérstöku læknishéraði. Þeir sem hlut eiga að máli, menn í mínu kjördæmi, hafa — þarfarinnar vegna — fundið sig knúða til að óska þess, að mál þetta væri borið fram aftur og aftur. Að vísu er vegalengdin milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur ekki mikil, en á vetrum getur sjóleiðin oft verið tept, jafnvel eigi í viku, en lengur; en á landi er ókleift að fara að vetrinum, og þá einatt fótgangandi, og — yfir torfærur að sækja að sækja, »Pollinn« og »Ófærurnar«, þar sem neyta verður kaðla o. fl., til að komast þar yfir. — Hætta og einatt af ofanfalli, og »hlíðin«, þ. e. Óshlíðin, því stundum alófær.

Auk þess getur oft staðið svo á, þótt

komist verði til Ísafjarðar, að læknirinn treysti sér eigi til að fara, eða sjái sér það ekki fært vegna annara anna.

Kostnaðurinn, er af því stafar að sækja lækni til Ísafjarðar, er einatt mjög tilfinnanlegur, segjum 20—30 kr., og þó enn meiri ef flutningsmönnunum legast, svo að fátæklingum verður vitjun læknis oft algerlega ókleif.

Mannfjöldinn í Bolungarvíkurkaupstað fer og sívaxandi, og munu nú vera þar heimilisföst 11—12 hundruð manna, þ. e. í verzlunarstaðnum sjálfum. — En þar við bætist svo hreppurinn, að meðtalinni Skálavík ytri.

En skipun læknis í Bolungarvíkurverzlunarstað er ekki einungis nauðsyn vegna þeirra sem þar eiga heima og þegar voru nefndir, heldur sækir og þangað árlega, frá nýári og til vorvertíðarloka — og allra helzt þó yfir vorvertíðina, þ. e. frá páskum til Jónsmessu (þ. e. 24. Júní), eða þar um — fjöldi aðkomumanna til sjóróðra, bæði frá hreppunum við Djúpið, frá Ísafirði, Vestur-Ísafjarðarsýslu, Húnaflóa, úr Strandasýslu, og jafnvel úr Dala- og Barðastrandar-sýslum. Vona eg því að háttv. þingmenn téðra kjördæma geri og sitt ýtrasta til að styðja framgang þessa máls.

Mótorbátaútvegurinn gerir líka þörfina enn meiri, vegna slysa, sem af upp- og ofansetningu bátanna hefir leitt.

Vegna þess, hve mikill fólksfjöldi er á þessu svæði, tel eg víst, að staða læknis myndi verða þar all-lífvænleg.

Vil eg og að endingu benda á, að eg hefi bætt inn í frumvarpið, að lögin skuli ekki koma til framkvæmda fyr en sérstakur læknir er skipaður í Hólshérað, svo að fyr bakar frumvarpið því landssjóðnum alls engan kostnað.

Vil eg svo mæla með því, að frumvarpið gangi til 2. umr. og álít að vísu óþarft að setja það í nefnd. En ef menn vilja vísa því til læknanefndarinnar, mun eg þó ekki verða á móti því. —

**Lárus H. Bjarnason:** Eg vil að eins leggja það til, að frumvarpinu verði vísað til læknaskipunarnefndarinnar.

ATKV.GR.:

Vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

Vísað til læknaskipunarnefndarinnar með 19 shlj. atkv.

Fundi slitið.

---

## 13. fundur.

Fimtudag 17. Júlí 1913, kl. 12 á hád.

Dagskrá:

1. Frv. til laga um samþyktir um eftirlit úr landi með fiskiveiðum í landhelgi (37, n. 70); 2. umr.
2. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 18, 9. Júli 1909, um styrktarsjóð handa barnakennurum (48); 2. umr.
3. Frv. til laga um girðingar (71); 1. umr.
4. Tillaga til þingsályktunar um skoðun vitastæðis á Straumnesi í Norður-Ísafjarðarsýslu (80); hvernig ræða skuli.

---

Allir á fundi, nema ráðherra og forseti, er tilkynt höfðu fjarveru sína; 1. varaforseti stýrði fundi.

Fundargerð síðasta fundar lesin upp, samþ. og og staðfest.

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið í deildinni:

1. Frv. til laga um rafveitu fyrir Seyðisfjarðarkaupstað. — Flutnm.: Valtýr Guðmundsson og Jóh. Jóhannesson (85).

2. Frv. til laga um breyting á 1. gr. laga um vitagjald frá 11. Júlí 1911. (Eftir 2. umr. í Nd.) (þgskj. 86).
3. Frv. til laga um breyting á tolllögum fyrir Ísland nr. 54, 11. Júlí 1911, 1. gr. 15. (Eftir 2. umr. í Nd.) (87)
4. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. Nóv. 1907, um skipun læknahéraða o. fl. Flutnm. Halld. Steinssou (93).
5. Breytingartillaga við frv. til laga um breyting á 1. gr. laga um vitagjald frá 11. Júlí 1911. Frá Bjarna Jónssyni (92).

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið frá Ed.

1. Breytingartill. við frv. til laga um ábyrgðarfélög á þgskj. 63. Frá G. Björnssyni, Eiríki Briem og Birni Þorlákssyni (89).
2. Nefndarálit í málinu frv. til laga um vatnsveitingar (84).
3. Nefndarálit í málinu frv. til laga um breyting á viðaukalögum frá 22. Marz 1890 við tilskipun um veiði á Íslandi 20. Júní 1849 (83).
4. Frv. til laga um friðun æðarfugls. Frá sömu nefnd (88).
5. Frv. til laga um hagstofu Íslands. (Eftir 2. umr. í Ed.) (þskj. 90).
6. Frv. til laga um eignarnámsheimild fyrir bæjarstjórn Ísafjarðar á lóð og mannvirkjum undir hafnarbryggju. Flutnm. Sig. Stefánsson (94).

Forseti skýrði frá, að lagt hefði verið fram á lestrarsal:

1. Erindi frá inu íslenzka heimilisiðnaðarfélagi, um 5000 kr. styrk á næsta fjárhagstímabili (1 flgskj.)
2. Erindi frá Hólmfríði Árnadóttur um 1400 kr. styrk til kenslu á næsta fjárhagstímabili.
3. Hjálpræðisherinn sækir um 2000 kr. styrk til að koma upp gistihæli og og sjómannahæli (1 flgskj.).
4. Erindi frá Ásgeiri Torfasyni um launahækkun.
5. Frindi frá sama um að veittar verði 1000 kr. til áhaldakaupa handa rannsóknarstofunni.
6. Erindi frá Jóni prófasti Sveinssyni og 6 mönnum öðrum, um að séra Arnóri Þorlákssyni verði veitt viður kenning fyrir jarða- og húsabætur sínar á Hesti.
7. Erindi frá Ásgeiri Eyþórssyni, um að Ragnari syni hans verði veittur styrkur í næstu fjárlögum (300 kr. hvort árið) til garðyrkjunáms (3 flgskj.).
8. Erindi frá Einari Helgasyni, um að Sigmari Guttormssyni verði veittur styrkur til garðyrkjunáms (5 flgskj.).
9. Erindi frá Ásgeiri Torfasyni viðvíkjandi styrk til Iðnskólans í Reykjvvík (með 2 skýrslum).
10. Erindi frá Hólmgeiri Jenssyni um styrk til að halda áfram dýralækningum (1 flgskj.).
11. Erindi frá sýslumanninum í Árnessýslu (fyrir hönd sýslunefndar) um að landsstjórninni veitist heimild til að fá lánaðar 50.000 kr. úr landssjóði til lýðháskólastofnunar (1 flgskj.).
12. Þingmálafundargerð fyrir Ísafjarðarkaupstað.
13. Erindi frá bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar um heimildarlög til eignarnáms undir hafnarbryggju og lánsheimild úr landssjóði til bryggjunnar.
14. Erindi frá Olafi Gunnarssyni, þar sem hann býður landinu þjónustu sína til starfrækslu Röntgensstofnunar.

FRUMVARP til laga um samþyktir um eftirlit úr landi með fiskiveiðum í landhelgi (37, n. 70); 2. umr.

**Framsögum. (Matthías Ólafsson):** Þegar það var til umr. í fyrra

hér í deildinni, að auka eftirlit úr landi með fiskiveiðum í landhelgi, hafði eg ekki mikla trú á, að slíkt gæti að haldi komið.

Nú hefir þetta verið reynt og gefist vel. Verða menn því að beygja sig fyrir staðreyndinni. Þetta hefir verið reynt á Suðurnesjum, en við sem þekkjum til á Vestfjörðum álítum að þar mætti koma við vörnum á líkan hátt, eins og líka víðast hvar annarstaðar á landinu.

Að vísu mun ekki geta verið eins mikið gagn að þessum vörnum þegar nóttina tekur að dimma, en þá er líka víðast hvar fiskiminna og sjávarsókn sjaldgæfari.

Eg er því ekki í nokkurum vafa um, að ekki einungis fyrir Faxaflóa, heldur og fyrir Vestfirði og aðra staði á landinu, *gæti leitt stórmikið gagn af* þessum vörnum.

Nefndin hefir orðið sammála um að leggja til, að frumvarp þetta verði að lögum. Sú eina breyting hefir verið gerð á því, að leyft væri að leggja alt að tveggja króna gjald á hvern hlut, í stað einnar kr. Virðist svo sem gjaldið geti tæplega minna verið og ætti engum að vera ofvaxið að gjalda það.

Það þarf ekki að fjölyrða um, hversu mikil blessun það yrði fyrir landið, ef hægt væri að ráða bót á landhelgisvörninni. Öllum er vitanlegt, að útlendir lögbrjótar hafa stórspilt veiðinni fyrir landsmönnum. Hafa menn aldrei getað verið óhultir um veiðarfæri sín fyrir botnvörpungum útlendinga.

Eg hefi svo ekki miklu við að bæta, hygg að allir muni á eitt sáttir um, að ekki verði með öðru einfaldara móti bætt landhelgisvörnin, landinu að kostnaðarlitlu.

ATKV.GR.:

1. gr. sþ. með 18 shlj. atkv.

2. gr. sþ. með 18 shlj. atkv.

3. gr. sþ. með 18 shlj. atkv.

4. gr. sþ. með 18 shlj. atkv.

Breytingartill. við 5. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

5. gr. svo breytt samþ. með 19 samhlj. atkv.

6. gr. sþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögnin samþykt án atkvæðagreiðslu.

Frumvarpið í heild sinni samþ. með 17 shlj. atkv.

Vísað til 3. umræðu með 18 samhlj. atkvæðum.

---

FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr. 18, 9. Júlí 1909, um styrktarsjóð handa barnakennurum (48); 2. umr.

**Framsögum. (Jón Jónsson):** Eg gerði grein fyrir því við 1. umr., að þetta frv. væri flutt inn á þingið samkvæmt beinni ósk Kennarafélagsins. Á síðasta þingi sætti frv. andmælum af hálfu eins háttv. þm. hér í deildinni, aðallega þeim, að stjórn Kennafélagsins hefði ekki borið fram þetta mál.

Frumv. leggur til breytinga á þrem atriðum í núgildandi lögum, nr. 18, 9. Júlí 1909. Í fyrsta lagi að landssjóðstillagið sé fært úr 1000 kr. upp í 2500 kr. Í öðru lagi að Kennarafélagið kjósi hér eftir þann mann í stjórn sjóðsins, sem stjórnaðarráðið hefir valið hingað til. Í þriðja lagi að ekkjur og börn kennara geti orðið aðnjótandi styrks, þegar sérstaklega stendur á. Þessi ósk er svo réttmæt og sanngjörn, að eg vona, að deildin fallist á hana, en hún verður því að eins tekin til greina, að tillagið til sjóðsins sé hækkað á þann hátt, sem segir í 1. gr. Annars vona eg að frv. fái ekki lakari byr hér í deildinni nú en í fyrra.

**Jón Magnússon:** Það er rétt hjá

háttv. 2. þm. Rvk. (J. J.) að eg andmælti þessu frv. í fyrra sökum undirbúnings, og greiddi eg þá atkv. móti öllum greinum þess Um afstöðu mína til frv. nú er það að segja, að eg sé enga ástæðu til þess að svifta stjórnarráðið því valdi, að tilnefna einn mann í stjórn sjóðsins, og greiði því atkv. gegn 2. gr. Að öðru leyti mun eg greiða atkvæði með frv.

**Lárus H. Bjarnason:** Eg er þakklátur háttv. þm. Vestm. (J. M.) fyrir liðlegar undirtektir undir þetta frv. Út af ummælum háttv. þm. um 2. gr. frv., vil eg benda nonum á það, að eins og nú er, skipar stjórnarráðið óbeinlínis 2 menn og beinlínis 1 mann í stjórn sjóðsins. Óbeinlínis með skipun umsjónarmanns fræðslumálanna og forstöðumanns kennaraskólans. Hefir því stjórnarráðið full tök á sjóðnum, þótt Kennarafélagið fái að velja einn mann í stjórnina.

Frekara þarf eg ekki að taka fram um þetta mál; skírskota til ins ítarlega nefndarálits á síðasta þingi.

ATKV.GR.:

1. gr. frv. samþykt með 15 samhlj. atkvæðum.

2. gr. frv. samþykt með 11 : 2 atkv.

3. gr. frv. samþykt með 15 samhlj. atkvæðum.

Fyrirsögnin talin samþ. án atkv.gr.

Frv. í heild sinni samþ. með 15 samhlj. atkvæðum.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 samhlj. atkvæðum.

---

FRUMVARP til laga um girðingar (71); 1. umr.

**Flutningsm. (Sigurður Sigurðsson):** Um þetta frv. er það að segja í styztu máli, að það fer fram á endurskoðun á núgildandi lögum um girðingar frá 1909. Alt er á fleygiferð í heiminum, og það jafnvel hér á landi, og breytingum undirorpið. Svo er það um búnaðinn og aðrar verklegar framkvæmdir, að þær taka breytingum árlega. Fyrir því verður löggjafarvaldið að taka tillit til breytinganna. Og af þeirri ástæðu er það ekki tiltökumál, þótt farið sé fram á breytingar á tiltölulega ungum lögum. Í þessu frumv. hefi eg reynt að taka tillit til þeirra umkvartana, sem komið hafa fram um núgildandi lög; hins vegar hefi eg og litið til þeirra breytinga, sem orðið hafa á síðari árum, og reynslunnar, sem hefir sýnt, að lögunum er að sumu leyti ábótavant. Af þessu vona eg, að það hneyksli engan, þótt farið sé fram á breytingar á lögum, sem ekki eru eldri en 4 ára.

Að svo miklu leyti sem ekki er um sjálfsagðar breytingar að ræða, eins og t. d. um metramálið o. s. frv., þá hefi eg aðallega stuðzt við reynslu manna, sem við mig hafa talað um málið, og raddir, þær sem komið hafa fram í þingmálafundargerðunum, er eg hefi reynt að kynna mér. Annars er fátt nýtt í frv., nema ákvæðin um landamerkjagirðingar og skyldu manna til að girða á móti. Skoðanir manna hafa verið skiftar um þetta mál. Sumir hafa haldið því fram, að ákvæði Jónsbókar um merkjagarða væru enn í gildi. En hins vegar veit eg þó ekki til þess, að nokkur hafi árætt að höfða mál, ef nágranni hans hefir synjað að taka þátt í merkjagirðingu á móti honum, líklega og meðfram af þeirri ástæðu, að álitið mun vera, að ákvæði Jónsbókar nái ekki til gaddavirsgirðinga. En hvað sem þessu líður, hefir það sýnt sig á síðustu árum, að nauðsynlegt er að fá ákvæði um þetta efni, vegna þess meðal annars, hve girðingum hefir fjölgað, sérstaklega landamerkjagirðingum. Eg kannast við það, að ákvæði um þetta efni eru mjög var-

hugaverð, og eg er þakklátur hverjum þeim sem kemur fram með góðar bendingar í þessu efni. Þó að nú einhver bóndi vilji koma upp girðingu, telji sér hag af því og krefjist þess, að nágranni hans taki þátt í girðingunni að sínu leyti, þá getur oft staðið svo á, að nágranninn hafi ekki sömu not girðingarinnar, að land hans verði ekki þannig girt nema frá einni eða tveim hliðum, og sé því í rauninni jafnógirt eftir sem áður. En hins vegar verður þó að taka tillit til þess, að sanngjarnt er, að sá sem land á á móti, taki þátt í kostnaðinum að eiahverju leyti. Svo getur farið, að sá er land á á móti þeim er vill girða á merkjum, og neitar að taka þátt í girðingarkostnaðinum, fái land sitt girt án þess að hafa kostað nokkuð til girðingar um það. Þess vegna er þetta landmerkjagirðingamál þess vert, að það sé athugað.

Eg hefi leyft mér að geta um þetta ákvæði, án þess þó að fara út í einstök atriði frv., sem mér gefst væntanlega kostur á við 2. umr.

Áður en eg sezt niður, vil eg geta þess, að í frv. eru leiðar prentvillur. Enga sök á eg þó í þeim. Eg hefi ekki lesið prófarkir. Hafði eg fengið góðan skrifara úr stjórnarráðinu til þess að hreinrita frumv. undir prentun, því að skrifstofan hefir jafnan kent því um, þegar eg hefi kvartað undan prentvillum á þingskjölum frá mér, að handritin væru ill aflestrar. Í þetta sinn vildi eg sjá við lekanum og setja undir hann, en samt sem áður hafa slæðst inn 5—6 prentvillur, ef ekki fleiri.

**Bjarni Jónsson:** Eg stend upp til þess að andmæla refsiræðu hv. þm. (Sig. Sig.) yfir skrifstofunni. Eg hefi aldrei rekið mig á það, að skifstofan ynni illa, og er nær að halda, að allar þær hugsunarvillur og prentvillur, sem í frv. eru, sé hv. flutnm. um að kenna.

**Lárus H. Bjarnason:** Eg legg til, að frumv. sé vísað til landbúnaðarnefndarinnar.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til landbúnaðarnefndarinnar með 19. samhlj. atkv.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 samhlj. atkvæðum.

---

TILLAGA til þingsál. um skoðun vitastæðis á Straumnesi í Norður-Ísafjarðarsýslu (80); hvernig ræða skuli.

Uppástungu forseta um eina umræðu látið ómótmælt.

Fundi slitið.

---

## 14. fundur.

Laugard. 19. Júlí 1913, kl. 12 á hád.

Dagskrá:

1. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 32, 20. Okt. 1905, um málaflutningsmenn við landsyfirdóminn í Reykjavík (78); 1. umr.
2. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 30, 16. Nóv. 1907, um lán úr landssjóði til byggingar íbúðarhúsa á prestssetrum landsins (79); 1. umr.
3. Frv. til laga um viðauka við lög nr. 80, 22. Nóv. 1907, um breyting á lögum um prentsmiðjur 4. Des. 1886 (81); 1. umr.
4. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 25, frá 22. Okt. 1912, um rit-

síma og talsímakerfi Íslands (82); 1. umr.

---

Allir á fundi, nema 2. þm. Eyf. (H. H.).

Fundarbók síðasta fundar lesin upp, samþykt og staðfest.

Forseti las upp bréf frá stjórnarráði Íslands, um að landritari mundi fyrst um sinn mæta á fundum deildarinnar fyrir hönd ráðherra.

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið í deildinni:

1. Frv. til laga um breyting á sveitastjórnarlögum 10. Nóv. 1905. Fltm. Stefán Stefánsson (98).
2. Frv. til laga um samþyktir um eftirlit úr landi með fiskiveiðum í landhelgi. Eftir 2. umr. í Nd. (99).
3. Frv. til laga um líftrygging sjómanna. Flutn.m. Matth. Ólafsson o. fl. (103).
4. Frv. til laga um viðauka og breyting á lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða frá 12. Janúar 1884. Flutn.m. Sigurður Sigurðsson. (106).
5. Br.till. við frv. til laga um breyting á 1. gr. laga um vitagjald frá 11. Júlí 1911. Frá nefndinni. (105).
6. Br.till. við frv. til laga um samþ. um eftirlit úr landi með fiskiveiðum í landhelgi. Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi. (100).
7. Tillaga til þingsályktunar um skipun sjávarútvegsnefndar. Flutn.m.: G. Eggerz, Halldór Steinsson, L. H. Bjarnason, Jón Ólafsson, Jón Jónsson.
8. Nefndarálit um frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1912 og 1913. (91).
9. Skýrsla til stjórnarráðs Íslands um rannsókn járnbrautarstæðis frá Rvík austur í Rangárvallasýslu.

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið frá Ed.

1. Br.till. við frv. til laga um ábyrgðarfélög. (104).
2. Br.till. við frumv. til laga um hagstofu Íslands. Flutn.m.: Björn Þorláksson, Jósef Björnsson, Þórarinn Jónsson, Guðjón Guðlaugsson. (97).
3. Br.till. við frv. til laga um ábyrgðarfélög. Frá nefndinni. (107).
4. Br.till. við br.till. á þgskj. 97 (við frv. til laga um hagstofu Íslands). Frá Birni Þorlákssyni. (109).
5. Br.till. við br.till. nefndarinnar í málinu um nöfn manna og ættarnöfn á þgskj. 69. Frá Einari Jónssyni 2. þm. N.-Múl. (108).
6. Br.till. við frv. til laga um ábyrgðarfélög. Frá nefndinni. (110).
7. Frv. til laga um heiðursgjöf handa skáldinu Steingrími Thorsteinsson. Frá nefndinni í málinu: Frumv. til laga um sérstök eftirlaun handa skáldinu Steingrími Thorsteinsson rektor. (96).
8. Frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar í Karlseyjarvík við Reykhóla og Hagabót í Barðastrandasýslu. Flutn.m. Hákon Kristófersson. (111).
9. Frv. til landaskiftalaga. Flutn.m. Jón Jónatansson, Guðjón Guðlaugsson, Jósef Björnsson. (101).
10. Nefndarálit um frumv. til laga um sérstök eftirlaun handa skáldinu Steingrími Thorsteinsson rektor. (95).

Forseti skýrði frá, að lagt hefði verið fram á lestrarsal:

1. Erindi frá dr. Jóni Þorkelssyni um launahækkun starfsmanna við landsskjalasafnið.
2. Erindi frá 27 mönnum í Norður-Ísafjarðarsýslu um breyting á símalögum frá 1912.
3. Ýmsar málaleitanir frá sýslunefnd Vestmanneyja.

4. Erindi frá 3 mönnum í Selvogshrepp, ásamt áskorun til Alþingis um að veita fé til rannsóknar á járnbrautarstæði yfir Hafnarfjörð, Krisuvík og Selvog, austur í Ölfus.
5. Áskorun frá Bæjarstjórn Hafnarfjarðar um sama efni.
6. Erindi frá Jónatan Jónssyni vitaverði í Vestmanneyjum, um 200 kr. árlega launaviðbót.
7. Erindi frá 53 kjósendum í Rauðasandshreppi um styrk til vélarbátsferða.

---

FRUMARP til laga um breyting á lögum nr. 32, 20. Okt. 1905 um málaflutningsmenn við landsyfirdóminn í Reykjavík; 1. u m r.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Þetta er ósköp einfalt mál og varla þörf á að kjósa nefnd í það. Að eins skal eg geta þess, að mig furðar á því — þar sem þetta er stjórnarfrumv. — hve vondur frágangurinn á því er. Það er hálf-undarlegt að sjá sumstaðar í frumvarpinu »málaflutningur« og »málaflutningsmenn«, sem er alveg rétt mál, en svo á öðrum stöðum »að færa mál« og »málfærslumenn«, sem er ekkert mál, nema það eigi að heita danska. Þetta er að færa til verri vegar, að hafa þessi orð öll í graut. Eg vona að þetta verði lagfært við aðra umræðu og komið því samræmi á, að rétta orðið verði notað alstaðar.

**Skúli Thoroddsen:** Eg vil leyfa mér að stinga upp á því, að 5 manna nefnd verði kosin til að athuga þetta mál.

**Lárus H. Bjarnason:** Eg styð till. háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) um að nefnd verði kosin í málið — ekki að eins til að lagfæra agnúana, sem háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ó.) talaði um, heldur og vegna 1. liðs, sem er mjög klaufalegur, ef ekki ranglega orðaður, sérstaklega lagatilvitnunin.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. í einu hlj.

Samþykt að kjósa 5 manna nefnd til að athuga það, í einu hljóði.

Kosningu hlutu, að viðhafðri hlutfallskosningu:

Valtýr Guðmundsson
Guðmundur Eggerz
Kristján Jónsson
Skúli Thoroddsen
Þorleifur Jónsson.

---

FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr. 30, 16. Nóv. 1907, um lán úr landssjóði til byggingar íbúðarhúsa á prestssetrum landsins (79); 1. u m r.

**Lárus H. Bjarnason:** Eg leyfi mér að stinga upp á, að þessu máli verði vísað til 5 manna nefndar, sem kosin verði að umræðum loknum.

Eg skal leyfa mér að benda á, að 2. gr. frumvarpsins er talsvert varhugaverð og jafnvel 2. málsgrein 4. gr. og 7. gr.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. í einu hlj.

Samþykt að kjósa 5 manna nefnd til að thuga það, með 17. atkv.

Kosningu hlutu, að viðhafðri hlutfallskosningu:

Ólafur Briem
Lárus H. Bjarnason
Matthías Ólafsson
Benedikt Sveinsson
Einar Jónsson.

---

FRUMVARP til laga um viðauka við lög nr. 80, 22. Nóv. 1907, um breyting á lögum um prentsmiðjur 4. Des. 1886 (81); 1. umr.

**Flutningsm. (Tryggvi Bjarnason):** Með þessu frumv. er farið fram á lítilsháttar breytingu á gildandi lögum um prentsmiðjur hér á landi. Þeim er nú skylt að láta landsbókasafninu, amtbókasöfnum og bókasafninu á Ísafirði o. s. frv. ókeypis í té eitt eintak af öllum bókum og blöðum, sem þær prenta. Hér er farið fram á að leggja ofurlítið meiri kvöð á prentsmiðjurnar, þannig, að þær láti einnig sýslubókasöfnum, einu í hverri sýslu, ókeypis í té það er þær prenta, þó með þeirri takmörkun, að landssjóður leggi til pappírinn. Það er nú kominn upp vísir til bókasafna í flestum sýslufélögum landsins og hefir þeim og lestrarfélögum í kauptúnum að undanförnu verið veittar 1500 kr. styrkur úr landssjóði. Um þennan styrk munaði mikið í fyrstu, meðan bókasöfnin voru fá, en síðan þeim fjölgaði, hefir styrkurinn til hvers einstaks bókasafns minkað að mun, og þó bætti stjórnarráðið við styrkinn 530 kr. árið 1910 og 300 kr. 1911. Þessi bókasöfn eiga erfitt uppdráttar vegna fátæktar, og þó að sýslusjóðir leggi þeim nokkurn styrk, þá hafa þeir svo mikið á sínu baki og styrkurinn því mjög takmarkaður, að söfnin munar ekki mikið um tillag þeirra. Þau hafa ekki nema 200—250 kr. til umráða á ári. Nú mun það vera viðurkent yfirleitt, að sýslubókasöfnin séu góð og nauðsynleg fyrir landsbúa og vona eg því að þetta frv. fái góðan byr hér í háttv. deild. Eg gat búist við, að sumum þætti ef til vill lögð nokkuð þung kvöð á prentsmiðjurnar með því að láta þær kosta ókeypis eintök til sýslubókasafnanna að öllu leyti, og hefi eg þess vegna lagt til, að landssjóður borgi pappírinn. Með þessu verður kvöðin ekki þung, því að það vita allir, að þegar einu sinni er búið að setja, þá munar minstu á verkinu, hvort prentað er nokkrum eintökum fleira eða færra. Það er því aðallega svertan, sem prentsmiðjurnar þurfa til að kosta. Svo er einnig sama ákvæði um afhendingu sem gilt hefir til þessa um afhendingu ókeypis eintaka til annara bókasafna.

Eg vona að frumvarpinu verði vel tekið og að það fái að ganga til 2. umr.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Eg held, að háttv. flutningsm. þessa frumv. hafi hugsað málið fremur lítið, áður en hann kom fram með frumvarpið. Hann talaði um, að með þessu frumvarpi væri lagður skattur á prentsmiðjurnar. En á þær er alls enginn skattur lagður með þessu. Það eru bókaúkaútgefendurnir, sem verða fyrir skellinum; á þá legst þungur skattur; því að prentsmiðjurnar láta þá auðvitað borga.

Það munu vera 24 sýslufélög á landinu. Ef þetta frumvarp yrði að lögum, má gera ráð fyrir að í hverju þeirra seldist í allra minsta lagi að meðaltali 10 eintökum minna af hverri bók, sem út kemur, en ella. Það verða þá 240 eint., sem útgefendurnir verða sviftir sölu á.

Nú er það vitanlegt, að það eru fáar bækur, sem bera sig. Af sárfáum bókum selst meira en 6—8 hundruð eintök, og ef þetta frumv. verður að lögum, þá er það til að gera bókaútgáfu alveg ókleifa á *þessu* landi. Það myndi þá borga sig að senda bækur til prentunar til Kaupmannahafnar, — því fremur, sem þegar er aflutningstollur á óprentuðum pappír, en prentaðar bækur aðfluttar frá útlöndum eru ótollaðar. Frumvarpið miðar að því, að eyðileggja bókagerð hér á landi og um leið að hlynna að prentsmiðjum í Danmörku. Ef háttv.

flutningsm. hefir ekki efni á að kaupa bækur, væri miklu nær, að landssjóður styrkti hann til þess, heldur en að skylda einstaka menn til að láta fé sitt til þess.

Eg vona, að það reynist sannmæli, sem stendur í »Ísaf.« í dag um þetta mál:

»Þeir þingmenn, sem vilja koma, allri bókaútgáfu hér á landi fyrir kattarnef, greiða þessu fráleita nýmæli atkvæði, en aðrir ekki«.

**Umboðsm. ráðherra (Kl. J.):** Það var oft sagt hér á þingi í gamla daga um frv., sem þótti lítils nýt, að þau væru bæði meinlaus og gagnslaus. En það er ekki hægt að segja um þetta frumv. Gagnslaust er það ekki, þar sem það miðar til þess að útvega fjölda mörgum bókasöfnum ókeypis bækur; en það er líka langt frá því að vera meinlaust, því að ef það yrði að lögum, myndi það, eins og háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) sýndi fram á, stefna að því að eyðileggja alla bókagerð hér á landi.

Eg hefi fengið skjal frá bóksölum og prentsmiðjueigendum hér í bænum, þar sem þeir bera sig upp undan frv. Það er undirskrifað af formanni Bóksalafélagsins, stjórn Gutenbergs-prentsmiðju og forstöðumanni Félagsprentsmiðjunnar. Þeir taka það fram, eins og háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) hefir gert hér í deildinni, að ef þetta frumv. yrði að lögum, þá myndi það verða til þess, að megnið af þeim bókum, sem gefnar eru út á Íslandi, yrðu prentaðar erlendis, og færa þeir góð rök fyrir þessu Í fyrsta lagi er prentun á íslenzku máli lítið dýrari erlendis heldur en hér. Í öðru lagi er bókband talsvert ódýrara þar heldur en hér. Í þriðja lagi myndi sparast vörugjald á þeim pappír, sem notaður er í bækurnar, því enginn tollur er á prentuðu máli. Í fjórða lagi myndu bókasafnaeintök sparast, því að það er ekki skylt að láta af hendi ókeypis eintök til bókasafna af því, sem prentað er erlendis. Og í fimta lagi myndu bókasöfnin verða að kaupa bækurnar á bókamarkaðinum.

Af öllu þessu telja þeir, að frv. miði til þess að flytja alla prentun og bókagerð til útlanda. Þetta frv. virðist því vera fremur illa fallið til að efla bókasöfnin. Eg hygg, að hátv. flutnm. (Tr. B.) gangi gott eitt til, en hann hefir valið ranga leið. Réttara hefði verið, að reyna að fá hækkaðan styrkinn til sýslubókasafnanna. Þau fá nú, eins og tekið hefir verið fram, 1500 kr. á ári, sem skift hefir verið milli 14 sýslubókasafna og nokkurra lestrarfélaga. Það hefir því ekki verið mikið, sem hvert einstakt bókasafn hefir fengið, og þyrfti að vera töluvert meira. Og eg get ekki ímyndað mér, að þingið yrði mikið á móti því að fara þessa leið, að auka tillagið til bókasafnanna. Það er nú svo lítið fé, sem stjórnin hefir til umráða handa sýslubókasöfnunum, að það eru hreinustu vandræði að útbýta því. Það hafa komið fram skýrslur frá bókasöfnum og svo margar styrkbeiðnir, að ómögulegt hefir verið að búta svo niður landssjóðsstyrkinn, að öll fengju eitthvað. Stjórnin hefir því tekið til þess, að skoða styrkinn ekki beint sem fasta fjárveitingu og veitt þeim söfnum, sem annars hefðu orðið útundan, nokkurn styrk af landssjóði. Að þessu hafa svo háttv. endurskoðunarmenn landsreikninganna fundið. En væri landssjóðsstyrkurinn rýmkaður, myndi bókasöfnunum fjölga, og hvert þeirra gæti þá fengið riflegri styrk heldur en nú. Eg vildi leyfa mér að skjóta því til háttv. flutnm. (Tr. B.), hvort honum þætti ekki viðkunnanlegra, eftir að hafa fengið þessar skýringar, að taka frv. aftur, en fara í þess stað fram á að fá aukinn styrk til sýslubókasafnanna úr landssjóði.

**Flutningsm. (Tryggvi Bjarnason):** Jæja, það hefir mætt nokkrum andmælum þetta frv. mitt, bæði frá háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) og frá háttv. umboðsm. ráðherra (Kl. J.).

Eg get ekki fallist á það, þó að þetta frv. yrði að lögum, að það yrði til þess, að fæla menn út úr landinu með bókaútgáfu. Eg get ekki séð að það gæti munað svo miklu á sölunni eins og hv. 1. þm. S.-Múl. lét í veðri vaka. Því ákvæði sem nú er í lögum um afhendingu ókeypis eintaka til bókasafna, er haldið óbreyttu. Þau á að afhenda hlutaðeigandi bæjarfógeta eða lögreglustjóra í lok þess árs, er bækurnar koma út. Hann á að varðveita þær í heilt ár, og eftir þann tíma á hann fyrst að afhenda þær bókasöfnunum.

Væri svo innan þess tíma spurt eftir einhverri bók á sýslubókasafni, sem út hefði komið á því ári eða næstliðnu ári, þá er hún þar ekki til, svo að ef einhver vill lesa hana, þá er ekki um annað að gera en kaupa hana.

Færi svo, að frumvarpið yrði ekki að lögum, þá mundi þingið að líkindum sjá sér fært að auka styrkinn til sýslubókasafnanna, og þá kæmu bækurnar fyr inn á söfnin. En ef frumv. verður ekki samþykt, þá koma bækurnar ekki á söfnin fyr en 2 árum eftir útkomu þeirra. Við skulum taka til dæmis bók, sem kemur út snemma á árinu 1914. Prentsmiðjan afhendir hana lögreglustjóra fyrir árslok sama ár. Lögreglustjóri geymis bókina í eitt ár og afhendir hana þá fyrst söfnunum. Þá er eftir að binda bókina, og getur gengið talsverður tími til þess. Það má því gera ráð fyrir, að það líði um eða yfir 2 ár frá því að bækurnar koma út og til þess að þær koma á sýslubókasöfnin. En á þeim tíma er allur fjöldi manna búinn að lesa þær bækur, sem þeim þykir þess verðar að vera lesnar.

Eg get ekki orðið við þeim tilmælum að taka frumvarpið aftur. Eg læt það ráðast, hvernig því reiðir af, og eg býst við, ef að það verður felt, að sýslubókasöfnunum verði séð fyrir auknum styrk úr landssjóði.

**Bjarni Jónsson:** Eg hefi í rauninni litlu við að bæta, það sem þegar hefir verið tekið fram, en vil þó leyfa mér, eins og góðum ræðumönnum er títt, að endurtaka nokkuð af því, sem sagt hefir verið.

Sumir þeirra manna, sem fengist hafa við útgáfu bóka, mættu þakka þinginu fyrir, ef það samþykti þetta frumvarp, því að þeir myndu þá ekki fást við slíkt framar. Eg hugsa að menn hafi í sambandi við þetta frumvarp tekið eftir því, að vörutollurinn hefir þegar lagst nógu þungt á móti bókaútgefendum, þar sem við verðum að borga skatt af pappír í okkar eigin bækur, svo að það er vafasamt, hvort þeim væri ekki ódýrara að láta prenta erlendir, t. d. í Noregi, heldur en hér heima. En ef þessi kvöð væri þar að auki lögð á bókaútgefendur, þá yrði þeim áreiðanlega miklu hagkvæmara að láta prenta erlendis, eins og þegar hefir verið sýnt fram á. Það er langt frá að þetta frv. komi við prentsmiðjurnar, það eru ekki þær, sem gefa út bækur, heldur eru það bóksalarnir, eða þegar öllu er á botninn hvolft, eru það eiginlega höfundarnir, sem verða fyrir skaðanum. Þetta er því ágætt ráð til að ná aftur skáldastyrknum, sem sumir sjá svo blóðugt eftir. En það er nokkuð harðneskjulegt við þá, sem engan styrk hafa, en eru þó að fást við bókagerð. Ef háttv. flutningsmaður þessa frumvarps telur það svo áríðandi að sýslubókasöfnin fái ókeypis bækur, því kemur hann þá ekki beint með frumvarp um að landssjóður skuli leggja sýslufélögum til ókeypis bækur, eða jarnvel hreppafé-

lögum og einstökum mönnum. Ef annars hver maður á landinu fengi bækur ókeypis, þá mætti kannske búast við, að menn færu að lesa.

Ef svo færi, að innlend prentun legðist niður, mætti þó segja, að síður væri hætt við, að menn gintust til að leggja út í fyrirtæki, sem yrðu þeim að handbendi á eftir.

Mér virðist þessi gripur vera vel fallinn til slátrunar og vel við eigandi að hann verði sá fyrsti, sem slátrað verður hér í deildinni.

**Flutningsm. (Tryggvi Bjarnason):** Af því að þetta frumvarp hefir mætt töluverðum andróðri hér í deildinni, hygg eg að rétt væri að skipa nefnd í málið. Það kynni að mega laga frumvarpið eitthvað í nefnd, mætti t. d. sleppa þessari kvöð að því er snertir mánaðarit, og ef til vill lagfæra það að öðru leyti líka, ef það kynni að geta leitt til þess, að það nái fremur fram að ganga.

Eg vil þess vegna leyfa mér að stinga upp á, að kosin verði 5 manna nefnd að þessari umræðu lokinni.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti: Eg sagði í fyrri ræðu minni, að þetta frv. væri vanhugsað, og eg held því fram enn. Eg skal benda á eitt því til sönnunar. Það er ein skýrsla, sem háttv. flutningsm. (T. B.) hefði átt að afla sér áður en hann kom fram með frumv., og það er skýrsla um bókaútgáfu á Íslandi. Það má sýna það nákvæmlega, hve mikils virði það er, sem gefið er út af íslenzkum bókum árlega, og það er hlægilega lítið. Það er svo lítið, að það er óþarfi að styrkja nokkurt sýslufélag til bókakaupa, þau gætu hvert um sig keypt allar þær íslenzkar bækur, sem gefnar eru út. Þessi undirbúningur hefði verið nauðsynlegur fyrir háttv. flutningsm., og eg hygg, að ef hann hefði haft þennan undirbúning, þá hefði hann ekki farið lengra. En ef heilt sýslufélag er ekki megnugt um að borga svo sem 60—80 kr. á ári, þá væri réttlátara að *landssjóður* veitti þeim þessa upphæð árlega, en að reyna að *fyrirbyggja* bókagerð í landinu.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 11 : 10 atkv.

5 manna nefnd samþ. með 14 : 4 atkv. og hlutu kosningu:

Tryggvi Bjarnason
Jón Ólafsson
Jón Magnússon
Bjarni Jónsson
Valtýr Guðmundsson.

---

FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr. 25, frá 22. Okt. 1912, um ritsíma og talsímakerfi Íslands (82); 1. umr.

**Framsögum. (Skúli Thoroddsen):** Frumv. þetta fer að eins fram á afarlítilfjörlega breytingu á lögunum frá 22. Okt. 1912, um ritsíma og talsímakerfi Íslands, og breytingin er í því fólgin, að í stað þess er nú er í lögunum ákveðið, að sími skuli lagður frá Hesteyri að Stað í Aðalvík, þá skuli síminn, er til kemur, verða lagður um Hesteyri að Látrum í Sléttuhreppi.

Ástæðan til þessa er sú, að Staður í Aðalvík er ekki nema eins og hvert annað býli eða prestssetur í sveit, en Látrar eru verzlunarstaður, þar sem fjölmennið því er fremur, og það spratt að eins af athugaleysi mínu og annara á síðasta þingi, að ákveðið var, að endastöð símans skyldi vera Staður í Aðalvík, — lítið þá í snatri að eins á það, að þar hafði æ endastöð póstferðanna verið.

Á Látrum er og ágætt skipalægi, og þangað kemur því árlega mesti fjöldi

fiskiskipa, innlendra og útlendra, er hafa myndi símans mjög not, ef hann lægi að Látrum, og landssjóðnum því og þaðan öll hagnaðarvonin.

Eins og háttv. þingm. er kunnugt, liggja hér frammi á lestrarsalnum 2 bænarskrár í þessa átt. Önnur er frá 153 mönnum, skipstjórum og skipamönnum o. fl. víðs vegar að, þar á meðal norðan af Akureyri og hér úr Reykjavík, og sýnir þetta, hvílík nauðsyn það er fiskiflotanum að fá þessa breytingu á lögunum, svo að þeim veiti hægra að koma boðum frá sér og að fá fregnir annarstaðar að. Hin bænarskráin er frá 27 búendum í Sléttuhreppi sama efnis.

Hér ræðir því um mjög einfalt mál, sem og varla bakar kostnaðarauka að mun, enda sízt í horfandi hvort sem væri.

Eg tel því ekki þörf á því að stinga upp á nefnd í málið, heldur vona eg, að það fái að ganga til 2. umr. mótmælalaust.

**Umboðsm. ráðherra (Kl. J.):** Eins og kunnugt er, hefir stjórnin ætíð verið því hlynt, að talsímar yrðu hér sem útbreiddastir, og að sem flestum gæfist kostur á að nota þá. Eg hefi því ekkert við þetta frumv. athuga í sjálfu sér, nema hvað mér þykir frumv. koma nokkuð kynlega fram hér nú. Fyrst er nú það, að lögin, sem breyta á, eru ekki nema eins árs gömul, og virðist það því æði snemt að fara nú að breyta þeim, og í öðru lagi hefir þetta mál alls ekki verið borið undir þann mann, sem fyrst er til þess kjörinn að undirbúa slík mál, sem sé landsímastjórann. Þetta hugnast honum ekki. Hann er því vanur annarstaðar frá, að farin sé hin eðlilegasta leið með slíkt, og það er undarlegt, að koma með svona frumvarp að honum fornspurðum.

Eg er ekki kunnugur þar vestur frá, en heyrt hefi eg, að þar á milli sé mjög örðugur fjallvegur. Ef þetta er ekki rétt, þá verður það leiðrétt, en sé svo, sem eg hefi ástæðu til að ætla, þá kemur það undarlega fyrir að ákveða þar símaleið, sem enginn hefir hugmynd um, hvort hægt er að leggja síma. Að minsta kosta álítur landsímastjóri hreint óvit að samþykkja þetta án þess að rannsaka fyrst leiðina. Það eru mörg fjöll á Vesturlandi svo brött og erfið, að ókleift er að leggja síma yfir þau, og þessi fjallgarður kvað vera einn af hinum erfiðari. Enn fremur sýnist svo sem ekki hafi legið mikið á með þetta mál nú, þar sem þessi sími á að vera 4. flokks sími, og því sitja á hakanum fyrir svo mörgum, svo að þótt farið verði að semja lög um þetta nú, þá líður ef til vill langur tími, mörg ár eða áratugir, þangað til þau koma til framkvæmda. Það má rannsaka málið, en hitt er óþarfi, að fara svona flýtt að semja lög um það.

Svo er eitt enn. Frumv. sýnist koma undarlega við gagnvart 7. gr. símalaganna. Þar stendur sem sé, að þegar lokið er lagningu og kaupum á 1. og 2. flokks símum samkv. 5. gr. og tekið til að leggja 3. flokks síma, þá skuli fé til þessara framkvæmda að jafnaði veitt í fjárlögunum, en þar er engin heimild ennþá fyrir fjárveitingu til þessa. Það á með öðrum orðum að undirbúa það fyrirfram, eftir fjárhagsástæðum í hvert sinn, hvaða símalínur skuli lagðar á fjárhagstímabilinu, og í hverri röð þær skuli lagðar, og þetta er mjög eðlilegt. Bæði eg og landsímastjórinn getum því ekki litið öðruvís á, en að hér sé í raun og veru farið fram á að breyta ekki einungis 4. gr., heldur og óbeinlínis 7. gr., þar sem verið er að draga þetta út úr sérstaklega; annars virðist lítil meining vera í því, að koma með þetta

frumv. nú. Háttv. flutningsm. (Sk. Th.) sagði, að við þetta mundi ekki verða neinn aukinn kostnaður, með því að vegalengdin væri in sama sama. Um það getur hann ekki sagt. Hún hefir ekki verið mæld, og málið er, sem sagt, alveg óundirbúið, sérstaklega af þeim er helzt hefði átt að gera það sérþekkingar sinnar vegna.

Eg vil þess vegna mælast til þess, ef nefnd verður kosin, að hún athugi vel, hvað hún leggur til að samþykt verði um þetta mál.

**Pétur Jónsson:** Eg vildi að eins gera grein fyrir afstöðu minni til þessa frumvarps.

Í fyrsta lagi hefi eg léð nafn mitt sem flutningsmaður þess, að eins með þeirri forsendu, að til stendur að stj.frv. um breytingar á þessum sömu lögum komi frá háttv. Ed. Því að þá finst mér ekki saka, þótt þetta komi með, þó að mér sé það annars á móti skapi, að fara að breyta svo ungum lögum fyrir smámuni, og hefði því ekki viljað gera það fyrir þetta eina atriði, því liggur ekki á hvort sem er. Eg býst við að einhverjum þyki undarlegt, ef eg er með þessari breyting, af því að eg var á móti símalínu þessari á þingi 1912; þá lá sem sé ekki fyrir nein ágizkun um það, hvort kleift væri að leggja síma þarna. En úr því að hann er nú kominn inn í lögin á annað borð, þá álít eg réttara að leggja hann að Látrum, en að Stað. Þess vegna hefi eg ekki skorast undan að vera með þessu. Í rauninni býst eg við að verða litill stuðningsmaður frumvarps þessa, en álit hins vegar að það saki ekki, ef á að breyta lögunum á annað borð.

**Flutningsm. (Skúli Thoroddsen):** Eg er hissa á mótspyrnu þeirri, sem þetta frumv. hefir mætt frá inum háttv. umboðsm. ráðherra (Kl. J.). Hún getur ekki stafað af neinu öðru en algerri vanþekkingu hans á málinu.

Hann gat þess, að hér lægi ekki fyrir álit landsímastjóra eða rannsóknir til undirbúnings. En mér er nú ekki kunnugt um, að lögin frá 22. Okt. 1912 hafi bygst á neinni slíkri rannsókn, enda gat það ekki verið, af því að það verður fyrst rannsakað smátt og smátt, hvað sá og sá síminn muni kosta. Ekki vissi almenningur heldur neitt um það, fyrir aukaþingið 1912, að þá myndu verða samin lög um ritsíma og talsíma, og þess vegna lá þá og ekki fyrir þinginu nein beiðni um síma til norðurhreppanna í Norður-Ísafjarðarsýslu. En eg tók það þá upp hjá sjálfum mér, af því að eg þekti þörfina, eigi síður þar en annarstaðar.

Þá gat hann þess og, að yrði síminn lagður til Látra, mundi yfir fjallveg að fara. — Mér er ekki kunnugt um að nokkur fjallgarður sé á milli Hesteyrar og Látra, nema sami fjallgarðurinn sem í leið verður, ef síminn er lagður frá Hesteyri að Stað í Aðalvík á annað borð, því að Látrar eru líka í Aðalvíkinni. Fjallgarðurinn, sem umboðsmaður ráðherra getur um, yrði þá að vera til orðinn alveg nýskeð.

7. gr. laganna frá 1912 sé eg ekki að komi þessu máli neitt við. Það er enginn að tala um að veita fé til þessa, eða framkvæma það nú þegar. Línan verður eftir sem áður 3. flokks lína, og það sem hér er farið fram á, er ekkert annað en lítilfjörleg lagfæring, sem nauðsynlegt er að gerð verði á lögunum frá 1912, vegna athugaleysisins er þá varð, eins og eg benti á í fyrri ræðu minni, enda hefði aldrei komið annað til orða en að láta símann liggja að Látrum, hefði eg náð að ráðfæra mig við kjósendur mína í Sléttuhreppi, áður en lögin voru samþykt til fullnaðar á auka-

þinginu í fyrra. — En mönnum þykir nú viðkunnanlegra að fá að vita það strax, að þegar að því kemur, að síminn verði lagður, þá verði stöðin höfð þar sem hennar er mest þörf, bæði fyrir þá sem búa þar og einnig vegna annara héraða, því að þegar skip úr öllum áttum eru að fiskiveiðum við norðvesturkjálkann á sumrum og vorum, sem og eigi hvað sízt um svartasta skammdegi ársins, þá eru Látrar langhentugasti staðurinn, sem skotist verður inn á, og fæ eg því ekki öðru trúað, en að frumvarpið verði samþykt, því það, að lögin eru ný, má ekki hafa nein áhrif í gagnstæða átt, sízt þegar þinginu er nú kunnugt orðið, hvað því olli að lögin urðu svo óheppilega úr garði gerð í þessu efni, sem að hefir verið vikið.

**Matthías Ólafsson:** Eg sé ekki að það þurfi að áfellast háttv. flutnm. (Sk. Th.) fyrir það, þótt ekki hafi verið farið fyrst með þetta mál til landsímastjóra. Hann mun ekki vera það fróðari um það síðan í fyrra. Mér er nú að vísu kunnugt um það, að það er talsvert örðugt, að leggja síma til Látra, en eg er því meðmæltur engu að síður, með því að ella yrði ekki hálft gagn að honum. Þeir sem þurfa að spyrjast fyrir um afla og beitu, verða að fá hann þangað, því að þarna er kauptún og margt fólk.

Eg þykist vita, að það yrði dýrara að leggja hann þangað en að Stað, en það borgar sig alt af betur, en að gera sér þótt ekki sé nema spannar krók að óþörfu. Eg veit sömuleiðis, að ekki kemur til þess í næstu framtíð, að þessi sími verði lagður, en það er rétt, að fólkið kann því betur, að ákvæðinu sé breytt strax, en að það standi áfram svona, eins og það á ekki að vera.

Eg álít ekki að þörf sé á sérstakri nefnd í þetta mál, annari en þeirri sem fær til meðferðar aðrar breytingar á lögum þessum, sem nú eru á ferðinni.

**Lárus H. Bjarnason:** Eg hefi ekki heyrt beina tillögu um kosning nefndar í málið. Eg er því samþykkur, að rétt hefði verið að bera þetta frumv. undir sérfræðing. Það hefir ekki verið gert og þarf þess vegna því fremur að athuga málið í nefnd. Auk þess liggja önnur símamál fyrir Ed. Tel eg því rétt að kjósa nú þegar nefnd, sem þá gæti lagað það sem ábótavant kann að vera við undirbúning frumvarpsins, og síðan gæti tekið við öðrum símamálum þegar þar að kemur.

Eg leyfi mér því að stinga upp á 5 manna nefnd að lokinni umr.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. í einu hlj.

5 manna nefnd samþyk í einu hljóði, og í hana kosnir með hlutfallskosningu:

Stefán Stefánsson
Jón Jónsson
Jóhannes Jóhannesson
Skúli Thoroddsen
Þorleifur Jónsson

Fundi slitið.

---

## 15. fundur.

Mánudag 21. Júlí 1913, kl. 12 á hád.

Dagskrá:

1. Frv. til laga um breyting á tollögum fyrir Ísland nr. 54, 11. Júlí 1911, 1. gr. 15. (87); 3. umr.
2. Frv. til laga um breyting á 1. gr. laga um vitagjald frá 11. Júlí 1911 (86, 92, 105); 3. umr.
3. Frv. til laga um samþyktir um eftirlit með fiskiveiðum í landhelgi (99, 100); 3. umr.

4. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 18, 9. Júlí 1909 um styrktarsjóð handa barnakennurum (48); 3. umr.
5. Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1912 og 1913 (stj.frv., n. 91); framh. 1. umr.
6. Leitað yfirlýsingar deildarinnar um stjórn minningarsjóðs Jóns ferseta Sigurðssonar frá Gautlöndum.
7. Frv. til laga um rafveitu fyrir Seyðisfjarðarkaupstað (85); 1. umr.
8. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. Nóv. 1907, um skipun læknishéraða o. fl. (93); 1. umr.
9. Frv. til laga um hvalveiðamenn (77); 1. umr.
10. Tillaga til þingsályktunar um skoðun vitastæðis á Straumnesi í Norður-Ísafjarðarsýslu (80); ein umr.
11. Tillaga til þingsályktunar um skipun sjávarútvegsnefndar (102); hvernig ræða skuli.

---

Allir á fundi, nema 2. þm. Eyf. (H. Hafstein).

Fundargerð síðasta fundar lesin upp, samþykt og staðfest.

Forseti skýrði frá, að frá efri deild hefði borist:

Frumv. til laga um sölu á þjóðjörðinni Reykjum í Hrútafirði á þgskj. 117, ásamt tilmælum um að það yrði lagt fyrir Nd.

Forseti tilkynti, *að* nefnd sú, sem kosin var til að íhuga frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 30, 20. Okt. 1905, um málaflutningsmenn við landsyfirdóminn í Reykjavík hefði kosið sér formann Valtý Guðmundsson og skrifara Kristján Jónsson; *að* nefnd sú, sem kosin var til að íhuga frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 30, 16. Nóv. 1907 um lán úr landssjóði til bygginga íbúðarhúsa á prestssetrum landsins, hefði kjörið sér formann Lárus H. Bjarnason og skrifara Benedikt Sveinsson, og *að* nefndin, sem skyldi íhuga frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 25, frá 22. Okt. 1912, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands, hefði kosið sér formann Jóhannes Jóhannesson og skrifara Skúla Thoroddsen.

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið í deildinni:

1. Frv. til laga um sölu á þjóðjörðinni Reykjum í Hrútafirði. Eftir 3. umr. í Ed. (117).
2. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 26, 11. Júlí 1911 um skoðun á síld. Flutn.m.: Magnús Kristjánsson og Matthías Ólafsson.
3. Frv. til laga um járnbrautarlagning. Flutn.m.: Jón Magnússon, Eggert Pálsson, Einar Jónsson, Sig. Sigurðsson (113).
4. Frv. til laga um að landssjóður leggi Landsbankanum til 100 þús. kr. á ári í næstu 20 ár. Frá Landsbankamálanefndinni (123).
5. Frv. til laga um landssjóðsábyrgð á sparisjóðsfé og innlánsfé Landsbankans og útbúa hans og meðferð á varasjóð bankans. Frá nefndinni landsbankamálinu (124).
6. Breytingartillaga við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1912 og 1913. Frá fjárlaganefndinni.

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið frá Ed.:

1. Frv. til laga um stofnun Landhelgissjóðs Íslands. Eftir 2. umr. í Ed. (116).
2. Frv. til laga um mannanöfn. Eftir 2. umr. í Ed. (114).
3. Frv. til laga um nafnabreytingar og ný nöfn á býlum. Eftir 2. umr. í Ed. (118).
4. Viðaukatill. við breytingartillögu á á þgskj. 107 við frumvarp til laga

um ábbyrgðarfélög. Frá nefndinni (120).

5. Breytingartillögur við frumvarp til laga um hagstofu Íslands. Frá nefndinni (119).
6. Tillaga til þingsályktunar um skipun nefndar til að íhuga samgöngumál á sjó. Flutningsm.: Sigurður Eggerz, Jón Jónatansson, Sigurður Stefánsson (112).

Forseti skýrði frá, að lagt hefði verið fram á lestrarsal:

1. Erindi frá Magnúsi Guðmundssyni um styrk til að fullkomna sig í skipasmíði.
2. Þingmálafundargerð fyrir Reykjavík.
3. Áskorun frá 13 skipstjórum, um að næsti viti verði reistur á Straumnesi á Ströndum, ásamt umsögn Fiskifélags Ísland.
4. Erindi frá þingmönnum Rangárvallasýslu um brú á Eystri-Rangá.

---

FRUMVARP til laga um breyting á tolllögum fyrir Ísland nr. 54, 11. Júlí 1911, 1. gr. 15.; 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKV.GR.:

Frumvarpið samþykt í einu hljóði og afgreitt til Ed.

---

FRUMVARP til laga um breyting á 1. gr. laga um vitagjald frá 11. Júlí 1911; 3. umr.

**Framsögum. (Bjarni Jónsson):** Það tókst svo til við atkvæðagreiðsluna við 2. umr. þessa máls, að það var felt að herskip skyldu vera undanþegin vitagjaldi. Eg hygg, að þetta hafi einungis verið af vangá, því að menn munu hafa talið það sjálfsagt að þeirri alþjóðareglu væri fylgt, að undanþiggja þessi skip gjaldinu. Því var það, að eg kom fram með breyt.till. á þgskj. 92. En síðan hefir nefndin átt tal við háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.), sem gat þess við 2. umr., að hann mundi annaðhvort koma fram með breytingartill. eða reyna að koma sér saman við nefndina. Nú hefir hann og nefndin komið sér saman um breytingartill. þær, sem prentaðar eru á þgskj. 105. En með því að þar er farið fram á að undanþiggja herskip vitagjaldi, er minni breytingartill. ofaukið, og tek eg hana þess vegna aftur.

Úr því að aðrar breytingartill. hafa ekki komið fram frá nefndinni og þeim hv. þm., sem eg nefndi, er ekki ástæða til að tala um þetta frekara. Eg skal að eins geta þess, að nefndinni skildist svo, að það hefði alment fylgi, að skip, sem leituðu hafnar í nauð, skyldi undanþegin vitagjaldi og að það hefði verið móti vilja manna að það var felt við 2. umræðu. Þess vegna hefir nefndin tekið það ákvæði upp aftur.

Eg skal taka það fram, nú sem fyr, að mér er þetta ekkert kappsmál, og eg held engum í nefndinni. En eftir því sem málið liggur nú fyrir og eftir öllum ástæðum, sem fram hafa komið, tel eg rétt að samþykkja breytingartill. á þgskj. 105.

**Tryggvi Bjarnason:** Eg get ekki annað en verið á móti breyt.till. nefnd. um að vitagjaldið verði lækkað fyrir skemtiferðaskipin. Það eru fleiri en ein ástæða, sem borin hefir verið fram til þess að réttlæta það. En aðalástæðan mun hafa verið sú, að skipin mundu hætta að koma hér við, ef ekki yrði dregið úr gjaldinu. Koma beggja þýzku skemtiferðaskipanna, er síðast komu hér, sýnir, að á því er ekki mikil hætta. Það er er aðallega tvent, sem eg vil benda á.

Fyrst er það, að farþegarnir munu leggja mikla áherzlu á, að koma hér við, til þess að geta sent skeyti heim

til vina og kunningja til að láta þá vita um líðan sína. Seinast þegar skipin komu, sendu farþegarnir 8500 bréfspjöld og 875 bréf héðan með pósti.

Annað er það, að menn þeir sem ferðast með þessum skipum, munu ekki vera í mikilli fjárþröng, eftir þeim sögum að dæma, sem ganga um verzlun þeirra hér þenna stutta tíma, sem þeir stóðu við. Það fer reyndar tvennum sögum um hana. Sumir segja að þeir hafi verzlað fyrir 7 þúsund kr., aðrir segja að það hafi verið 20 þúsund kr. En ef millivegurinn er farinn og gert ráð fyrir 14 þús. kr., verða það 18 kr. á hvern farþega, og er það ekkert smáræði þegar tillit er tekið til þess, að þeir stóðu hér við í eina tvo daga, og annar sá dagur var Sunnudagur, svo verzlunarbúðir voru lokaðar. Aðallega munu þeir hafa keypt sér sitthvað til gamans, því að geta má nærri, að slík útgerð sem þessi mun sjá farþegum sínum fyrir öllum nauðsynjum. Enn fremur keypti fjöldi þeirra sér vagna og hesta inn að Elliðaám og kostaði þá vagnsætið 5 kr., að mér er sagt.

Af þessu má sjá, að hér er ekki um neina fátæklinga að ræða, sem láta sig muna, hvort fargjaldið er 5—6 kr. hærra eða lægra. Og meira er það ekki, sem kemur niður á hvern farþega, þó að vitagjaldið sé látið haldast óbreytt og hækkað fargjaldið sem því svarar. Eg get reyndar ekki fullyrt, að fargjaldið verði hækkað af þessum ástæðum. En þó að svo verði ekki, getur þetta vitagjald ekki verið annað en smáræði fyrir stórgróðafélag, sem hefir 12—14 miljóna kr. höfuðstól í útgerð skipsins.

Eg sé því enga ástæðu til, að draga nokkuð úr vitagjaldinu, og legg eindregið á móti því, að br.till. nefndarinnar verði samþyktar.

ATKV.GR.:

Breytingartill. á þgskj. 92 tekin aftur.

Breytingartill. á þgskj. 105 1. liður samþykt með 18:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Jón Jónsson | Eggert Pálsson |
| Benedikt Sveinsson | Matthías Ólafsson |
| Bjarni Jónsson | Ólafur Briem |
| Björn Kristjánsson | Sig. Sigurðsson |
| Einar Jónsson | Stefán Stefánsson |
| Guðmundur Eggerz | Tryggvi Bjarnason |
| Halldór Steinsson | |
| Jóh. Jóhannesson | |
| Jón Magnússon | |
| Jón Ólafsson | |
| Kristinn Daníelsson | |
| Kristján Jónsson | |
| Lárus H. Bjarnason | |
| Magnús Kristjánss. | |
| Pétur Jónsson | |
| Skúli Thoroddsen | |
| Valtýr Guðmundss. | |
| Þorleifur Jónsson | |

2. liður 1. partur sþ. í einu hljóði.

2. liður 2. partur sþ. með 14:3 atkv.

Frv. í heild sinni sþ. með 15:6 atkv. og afgreitt til Ed.

---

FRUMVARP til laga um samþyktir um eftirlit með fiskiveiðum í landhelgi; 3. umr.

**Framsögum. (Matthías Ólafsson):** Það hefir komið fram breytingartill. á þgskj. 100 þess efnis, að allir þeir sem fiskiveiði stunda, skuli eiga atkvæði um þetta mál, en ekki að eins þeir sem kosningarétt hafa til Alþingis.

Nefndinni hefir ekki þótt ástæða til, að taka þessa br.till. til greina. Ef hún yrði samþykt, mundi alþingiskjörskráin ekki nægja, svo að semja þyrfti aðra kjörskrá yfir þá sem hér ættu hlut að máli. En hér er ekki um þá réttarbót að ræða, að þeir vafningar væru tilvinnandi.

Ef háttv. flutningsm. breytingartill.

(B. J.) á við útgerðarmenn, sem ekki hafa náð kosningarrétti, þá er það afarsjaldgæft að þeir menn hittist, ef það kemur nokkurn tíma fyrir. En ef hann á við alla unglinga, sem á sjó fara — en tillöguna má eins skilja svo —, getur það ekki talist hyggilegt að fara svo ósparlega með réttindi, hvorki í þessu máli né öðru.

Eg verð því að leggja til, bæði fyrir mína hönd og nefndarinnar, að frumvarpið verði samþykt eins og það liggur fyrir á þgskj. 99, án nokkurs tillits til breytingartillögunnar.

**Bjarni Jónsson:** Það getur verið að þetta hafi ekki mikla þýðingu í þessu tilfelli, en það hefir alt af mikla þýðingu að lögin séu réttlát. Þegar gera skal samþyktir um fiskiveiðar og alþingiskjósendur einir eiga þar atkvæði um, getur farið svo, að margir séu þar útilokaðir, sem eiga þar réttilega hlut að máli, og margfalt meira vit hafa á því sem verið er að gera, en margir alþingiskjósendur. Og þó að það kosti, að semja þurfi nýja skrá yfir þá menn, ætti það ekki að standa í vegi fyrir því, að réttlætinu yrði framgengt. Það er ekki rétt, að það fari alt af saman, að útgerðarmenn séu alþingiskjósendur. Það kemur þráfaldlega fyrir, að stórefnaðir útvegsbændur hafa ekki kosningarrétt, og geta átt mikið í húfi, ef óskynsamlegar ákvarðanir eru gerðar um atvinnuveg þeirra.

Mér er þetta ekkert kappsmál mín vegna. Þó að eg fari að gerast útvegsbóndi, hefi eg kosningarrétt. Það er ekki heldur vegna neins kunningja míns. En mér finst það hlægilegt, að alþingiskjósendur einir eigi atkvæði um þetta mál. Bóndi býr uppi í sveit, hefir aldrei á sjó komið og þekkir ekkert til sjávarútvegs. Hann hefir atkvæði um fiskiveiðasamþyktir, en stór-sjávarbóndi hefir ekkert atkvæði.

Það getur vel verið, að réttara hefði verið að tiltaka, að þeir einir ættu atkvæði um þetta, sem náð hefðu lögaldri. Eg skal gjarnan játa, að það var yfirsjón mín, að eg sló ekki þann varnagla á móti mótbárunum. Þó þykir mér sennilegt, að þetta hefði mátt skilja svo, að hér væri ekki verið að gera neinar undantekningar frá almennum ákvæðum. En ef mönnum er þetta þyrnir í auga, er ekki annað en að taka málið út af dagskrá, svo að eg geti lagfært breytingar.till. mína. Eg vil leyfa mér að skjóta því til hv. nefndar, hvort hún vill ekki unna mér og réttlætinu svo mikils, að hún sætti sig við að atkvæðagreiðslan bíði þangað til eg get komið með breytingartillöguna endurbætta.

**Umboðsm. ráðherra (Kl. J.):** Eg held að þessi breyt.till. háttv. þm. Dal. (B. J.) á þgskj. 100 sé ekki nægilega hugsuð.

Ef maður tekur orðin »stunda fiskiveiðar« bókstaflega, þá nær þetta ákvæði til allra þeirra, sem hafa fiskiveiðar fyrir atvinnuveg, og því einnig til drengja, sem stunda sjó á smábátum, en þetta er auðvitað alls ekki meiningin.

Aldurstakmörk þurfa að vera sett í lögunum sjálfum og öll nánari skilyrði, því þeir sem eiga að framkvæma lögin, geta ekki sett neitt aldurstakmark eða önnur skilyrði. En þó breyt.till. væri ákveðnari en hún er, t. d. atkvæðisréttur bundinn við ákveðinn aldur, hefði hún samt þurft að vera miklu yfirgripsmeiri. Það verður líka að breyta orðinu »kjörskrá« í enda 2. gr. Með því orði getur ekki verið átt við aðra kjörskrá en kjörskrá til Alþingis, og er það nægilegt, því ákveðnar reglur um samningu, kærur, fresti o. s. frv. er að finna í lögum, en ef aðrir en þeir, sem kosningarrétt hafa til Alþingis eiga að hafa atkvæðisrétt um samþyktir, t. d.

18—25 ára gamlir fiskimenn, þarf að koma fram með nákvæmar, ákveðnar og sérstakar reglur í þessu frumv. fyrir, hvernig ætti að semja þá kjörskrá, um framlagning hennar o. s. frv.

Ef háttv. þm. Dal. (B. J.) er áhugamál að veita fleirum mönnum atkvæðisrétt, er fiskiveiðasamþyktir eru settar, sem eg álít geti verið ástæða til, þarf hann að fá málið tekið af dagskrá og koma fram með nákvæar reglur fyrir því, hverjir skuli hafa atkvæðisrétt í þessum málum.

**Framsm. (Matthías Ólafsson):** Eg get orðið fáorður í þetta skifti, en mér virðist ástæða til að taka fram, að eigi bæri að veita börnum atkvæðisrétt í þeim málum, sem hér er um að ræða.

Ef breyt.till. næði fram að ganga, væri ekkert því til fyrirstöðu, að jafnvel smádrengir hefðu atkvæðisrétt um fiskimál. Eg er á móti því, eins og eg er mótfallinn tillögu, sem var rædd hér í deildinni um daginn, að opna hegningarhús landsins til að veita sakamönnum aðgang að kjörborðinu.

Það er mjög sjaldgæft, að menn innan 25 ára aldurs séu orðnir útgerðarmenn, og það óréttlæti, sem mundi stafa af því að miða atkvæðisrétt við kosningarrétt til Alþingis, mundi því verða hverfandi.

Mér finst óþarfi að taka málið út af dagskrá, get ekki séð að það sé til annars en lengja tíma þingsins.

**Kristinn Daníelsson:** Eg ætla að eins að lýsa því yfir, að mér þykir leitt að þurfa að vera á móti breytingartillögunni, því andanum í henni er eg algerlega samþykkur. Allir, sem sjávarútveg stunda, eiga að hafa atkvæðisrétt í þessum málum, þar á meðal þeir sem þegið hafa sveitarstyrk.

Eins og háttv. umboðsm. ráðh. (Kl. J.) tók fram, þyrfti að breyta fleiru ef nokkru er breytt, og þykir mér leitt að háttv. flutningsm. (B. J.) ekki bar sig saman við nefndina áður en hann kom fram með breyt.till. sína.

Þessi lög geta ekki haft áhrif á aðra en þá einstöku hreppa, þar sem fiskiveiðar eru aðalatvinnuvegurinn. Í þeim hreppum munu verða haldnir undirbúningsfundir, þar sem allir segi álit sitt um þessi mál og hafa atkvæðis- og tillögurétt um þau og á þann hátt áhrif á þau, svo að þetta mun ekki upp tekið, nema mjög almennur vilji sé fyrir því. Eg get skýrt frá, að þess konar fundir voru haldnir í þeim bygðarlögum, þar sem nú er haldið uppi slíku eftirliti úr landi.

Breyt till. er að mínu áliti í sjálfu sér alveg réttmæt, en gerir í þessu tilfelli ekki tilætlað gagn.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Eg er einn af þeim sem styðja, að málið sé tekið út af dagskrá, ekki að eins af þeim ástæðum, sem fram hafa verið færðar, heldur og af annari ástæðu, sem ekki hefir komið fram.

Í frumv. stendur:

»Þegar sýslunefnd þykir þörf á, eða fær óskir um það frá einni sveitarstjórn eða fleirum innan sýslu, að gera samþyktir fyrir sýsluna eða nokkurn hluta hennar, skal hún með nægum fyrirvara kveðja til fundar á svæði, sem ætlast er til að samþyktin nái yfir. Eiga atkvæðisrétt á þeim fundi allir, er á því svæði búa og kosningarrétt hafa til Alþingis«.

Eg skil ekki, hvaða ástæða er til að atkvæðisrétturinn sé bundinn við kosningarrétt til *Alþingis*, fremur en við kosningarrétt í *sveita*málum.

Gæti vel staðið svo á, að maður, sem ætti fulla heimtingu á að hafa atkvæðisrétt til fiskimála, væri ekki búinn að vera nægilega lengi á staðnum til að

öðlast kosningarrétt til Alþingis, og væri honum þá með þessu frumv. meinaður atkvæðisrétturinn.

Annars vildi eg vekja athygli manna á því, hvort takmörkin fyrir atkvæðisréttinum væru á hinn bóginn ekki of víð, þar sem landbændum er veittur atkvæðisréttur um þessi mál, sem ekki snerta þá íð minsta. Gæti farið svo, að samþykt yrði feld með litlum atkvæðamun þeirra manna, sem engan sjávarútveg stunda.

Finst mér, að útgerðarmenn einir eigi að hafa atkvæði um þau mál, sem koma þeim einum við.

**Bjarni Jónsson:** Það sem eg vildi sagt hafa, hefir að miklu leyti verið tekið fram. Þykir mér leiðinlegt, hve eg hefi flaustrað af breyt.till., sem eg gerði hér í sæti mínu; hefði eg þó mátt vita fyrir, að mótmæli mundu koma gegn henni.

Vil eg biðja háttv. forseta að taka málið út af dagskrá, svo eg geti komið fram með þær endurbætur á tillögunni, er þarf til þess að hún geti orðið samþykt.

Eg þakka þeim 2 háttv. þingm., sem lagt hafa breyt.till. liðsyrði og talað réttlátlega í þessu máli.

Háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ól.) talaði um að hleypa drengjum og óbótamönnum að kjörborðinu í sambandi við þetta. Þykir mér þessi ummæli næsta hlægileg. Eg býst við að miðað sé til greinar í stjórnarskrárfrumv., sem eg bar hér fram, en meðan þjóðin samanstendur ekki af tómum þjófum og bófum, mun ekki vera nein hætta á, að sú grein muni verða misbrúkuð.

Eg endurtek það, sem eg hefi áður sagt hér í öðru sambandi, að inir ómörkuðu þjófar munu vera hættulegri en þeir sem markaðir eru. Eg hugsa að menn geti sofnað rólegir vegna þess að þetta ákvæði muni ekki geta spilt heill þjóðarinnar. Aftur á móti væri mikið unnið, ef ef þjóðin hætti að rembast við að hefna sín á þessum vesalingum alla ævi þeirra.

Mér láðist að geta um það áðan, að með frumv. er alt kvenfólk útilokað frá atkvæðisrétti í þessum málum. Kæmi það sér mjög illa, því það er mjög algengt að konur haldi áfram útgerð eftir að menn þeirra eru látnir.

Úr því yrði bætt, ef miðað væri við kosningarrétt í sveitamálum, eins og háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) stakk upp á, enda væri sú tilhögun miklum mun réttlátari, en að miðað væri við kosningarrétt til Alþingis.

Að endingu vil eg biðja háttv. forseta að líkna mér og réttlætinu og taka málið út af dagskrá.

**Framsm. (Matthías Ólafsson):** Þegar frumvarp þetta var samið, vakti það fyrir flutningsm., að í öllum samþyktum hingað til hefir verið miðað við kosningarrétt til Alþingis.

En ef nú, eins og háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) stakk upp á, miðað er við atkvæðisrétt í sveitamálum, get eg ekki séð betur, en að af því geti risið ágreiningur.

Ef maður stundar sjó, ber þá að telja konu hans útgerðarmann líka? *(Jón Ólafsson:* Já, ef þau hafa félagsbú). Eg get ekki séð, hvaða ástæða er til að gera undantekningu með þessar samþyktir, láta langtum fleiri hafa atkvæðisrétt um þær, en allar aðrar.

Eg get ekki verið því samþykkur, að rétt sé að verða við beiðni háttv. Dal. (B. J.), sem hann segir vera sama sem bón réttlætisins. Mér finst það ekki vera til annars en að eyða tíma þingsins. Gagnið, sem af því gæti leitt, vegur tæplega á móti ógagni því sem leiðir af töfinni.

ATKV.GR.:

Felt með 12:8 atkv. að taka málið út af dagskrá.

Breytingartillaga á þgskj. 100 tekin aftur.

Frumvarpið samþykt með 18:1 atkv.

Málið afgreitt til Ed.

---

FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr. 18, 9. Júlí 1909, um styrktarsjóð handa barnakennurum (48); 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKV.GR.:

Frumvarpið samþykt með 18:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Einar Jónsson |
| Jón Jónsson | Ólafur Briem |
| Bened. Sveinsson | Sig. Sigurðsson |
| Bjarni Jónsson | Stefán Stefánsson |
| Björn Kristjánsson | Tryggvi Bjarnason |
| Guðmundur Eggerz | Þorleifur Jónsson. |
| Halldór Steinsson | |
| Jóh. Jóhannesson | |
| Jón Magnússon | |
| Jón Ólafsson | |
| Kristinn Daníelss. | |
| Kristján Jónssson | |
| L. H. Bjarnason | |
| Magnús Kristjánss. | |
| Matthías Ólafsson | |
| Pétur Jónsson | |
| Skúli Thoroddsen | |
| Valtýr Guðmundss. | |

Málið afgreitt til Ed.

---

FRUMVARP til fjáraukalaga fyrir árin 1912 og 1913 (stj.frv. n. 91); framh. 1. umr.

**Pétur Jónsson:** Eg ætla ekki að fara að halda neina ræðu í þessu máli, leyfi mér aðeins að skýrskota til nefndarálitsins.

Eg ætla að eins að geta þess, að þær fjárhæðir, sem nefndin leggur til að numdar séu úr frv., nema 72000 kr. alls, en á móti því koma 6000 krónur, sem nefndin leggur til að bætt sé við útgjöldin, svo að alls nemur lækkunin 66000 kr. Raunar hefir þetta eigi mikla fjárhagslega þýðingu, því aðalupphæðina, sem nefndin leggur til að dregin verði út úr þessu frumvarpi, tekur nefndin til íhugunar við fjárlagafrumvarpið sjálft. Henni virtist óheppilegt að hafa mjög há fjáraukalög, ef komist yrði hjá því.

ATKV.GR.:

Vísað til 2. umr. í einu hlj.

---

LEITAÐ yfirlýsingar nefndarinnar um stjórn minningarsjóðs Jóns forseta Sigurðssonar frá Gautlöndum.

**Forseti (M. A.):** Skipulagsskrá hefir legið frammi á lestrarsalnum síðastliðna viku, eins og eg hefi getið um áður, og skal eg leyfa mér að lesa hana upp fyrir deildinni:

»Skipulagsskrá
fyrir minningarsjóð Jóns alþingismanns Sigurðssonar frá Gautlöndum.

Inngangur.

Við undirritaðir, sem á sínum tíma gengumst fyrir að safna samskotum til minnisvarða yfir Jón sál. Sigurðsson frá Gautlöndum, er andaðist 26. Júní 1889, vörðum fé því, er þannig kom inn til okkar víðsvegar að, til að láta reisa minnisvarða úr steini með ígreiftri marmarplötu á leiði hans. En afganginn af samskotafénu settum

við þegar á vöxtu, og mun það verða á næsta ári með gjöfum, er síðar hafa bæzt við, 1500 kr.

Allmargir gefendanna tóku það fram, að þeir óskuðu að samskotafé gengi eigi einungis til minningar Jóns sál., þar sem hann hvílir, heldur einnig til minningar um hann í Reykjavík eða við Alþingi, þar sem hann hefði starfað mest að því að verða þjóðkunnur.

Í anda þessara gefenda, sem við erum fyllilega samdóma, gerum við eftirfarandi

Skipulagsskrá.

1. gr.

Sjóðurinn skal heita:

Minningarsjóður Jóns alþingismanns Sigurðssonar frá Gautlöndum.

2. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast í Söfnunarsjóði Íslands, og vera innborgaður í hann fyrir 26. Júním. 1914.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn: Forseti Neðri deildar Alþingis og 2 menn, er Neðri deild kýs til 6 ára í senn.

4. gr.

Sex tíundu hlutum af vöxtum sjóðsins skal varið til verðlauna fyrir inar beztu ritgerðir um búnaðarmál, samvinnumál, stjórnmál eða framfarir Íslands, sem fram koma í tímaritum eða beint til stjórnarnefndarinnar, og dæmi hún um það, hvaða ritgerðir eru verðlauna hæfar. Við verðlaunaveitinguna skulu menn af bændastétt sitja fyrir.

5. gr.

Verðlaun skulu veitt þá er stjórnarnefnd þykir ástæða til, þó eigi sjaldnar en tvisvar á hverjum 10 árum, og á því tímabili skal alls veita til verðlauna $^{6}/_{10}$ hluta vaxtanna, sem fallið hafa á þessum 10 árum. Hinir $^{4}/_{10}$ hlutar vaxtanna leggjast við höfuðstólinn.

6. gr.

Þegar stundir líða — þó eigi innan næstu 50 ára — má Neðri deild Alþingis breyta til um verðlaunaveitingar úr sjóðnum, eftir því sem kröfur tímans þá kunna að heimta Þó má aldrei skerða höfuðstólinn og eigi ganga nær vöxtunum á næstu 100 árum, en að $^{1}/_{10}$ þeirra leggist árlega við höfuðstólinn.

7. gr.

Reikningar sjóðsins skulu samdir fyrir 2 ár í senn, og birtir í B-deild Stjórnartíðindanna. Skulu þar nafngreindir þeir menn, sem fengið hafa verðlaun úr sjóðnum og fyrir hvað þau verðlaun hafa veitt verið.

Leita skal konungsstaðfestingar á Skipulagsskrá þessari.

Gert að Skútustöðum 8. Maím. 1913.

Árni Jónsson. Steinþór Björnsson«.

Þannig hljóðar skipulagsskráin, og vil eg nú skjóta því til atkvæða deildarinnar, hvort hún vill taka að sér stjórn sjóðsins.

**Jón Ólafsson:** Hr. forseti! Áður en til atkvæða er gengið, vildi eg gjarna fá yfirlýsingu þess af stofnendum sjóðsins, sem hér er viðstaddur, um, hvað meint er með orðunum í 4. gr.: »skulu höfundar af bændasétt sitja fyrir«. Á það ekki að skiljast »að öðru jöfnu?« Það getur varla verið til þess ætlast, að höfundar af bændastétt skuli skilyrðislaust teknir fram yfir aðra. En gott væri, ef öll tvímæli væru tekin af um þetta atriði, og mætti líklega nægja skýring háttv. þingmanns hér í deildinni um það.

**Pétur Jónsson:** Út af orðum hv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) skal eg geta þess, að eg var nærstaddur þegar Skipulagsskráin var samin, og vissi eg ekki betur en að meiningin væri sú, að bændur gengi fyrir að öðru jöfnu einungis, enda

virðist mér það hlutarins eðli, að hér gæti ekki verið um sönn verðlaun að ræða, ef skilyrðið væri skoðað frekara.

**Valtýr Guðmundsson:** Mér er ekki full-ljóst, hvort deildinni er ætlað að hafa áhrif á skipulagsskrána. (*Ýmsir:* Nei!) Þá skilst mér, að eingöngu sé um það að ræða, að deildin taki að sér stjórn sjóðsins.

ATKV.GR.:

Forseti leitaði atkvæða um það, hvort deildin vildi taka að sér stjórn sjóðsins, og var það samþykt í einu hljóði.

---

FRUMVARP til laga um rafveitu fyrir Seyðisfjarðarkaupstað (85); 1. umr.

**Flutn.m. (Valtýr Guðmundsson):** Eins og kunnugt er, hefir á síðari árum vaknað mikill áhugi hér á landi til þess að nota vatnsaflið meira en gert hefir verið, sérstaklega til lýsingar. Þetta verður að teljast mjög heillavænleg stefna. Mér er sagt, að raflýsing sé víða í aðsigi eða þegar komin á. Í Hafnarfirði og á Eskifirði er þegar komin á raflýsing. Í Vík og á Siglufirði er raflýsing ráðgerð. Á Seyðisfirði er hún svo langt komin, að raftaugar hafa þegar verið lagðar inn í húsin, og ráðgert, að verkið verði fullgert í miðjum September næstkomandi. Það er ljóst, að þegar um slík nývirki er að ræða, þarf lagaákvæði, almenn lög um land alt. En nú ber svo bráðan að fyrir Seyðisfjarðarkaupstað, að þetta má ekki dragast, en þingmenn hins vegar svo miklum störfum hlaðnir, að tæplega mundi vinnast tími til að semja almenn lög um þetta efni; fyrir því er nauðsynlegt, að sett séu bráðabirgðalög um þetta, líkt og gert var um vatnsveituna í Reykjavík; um hana voru sett bráðabirgðalög, en síðan almenn lög um vatnsveitur. Svipaða leið ætti að fara hér. Í lögunum þurfa að vera reglur um gjöld, innheimtu, lögtak og því um líkt. Enn fremur þarf að veita einkaréttindi, til þess að aðrir rísi ekki upp til þess að keppa við bæinn.

Um þetta frumv. er það að segja, að að það er samið samkvæmt tillögum raflýsingarnefndarinnar á Seyðisfirði; það er aðallega sniðið eftir vatnsveitulögunum, hefir verið leitað álits landsverkfræðingsins um það, og hann ekkert fundið við það að athuga.

Eg hefi heyrt utan að mér, að sumum þyki óviðkunnanlegt að brúka orðið »veita« í þessu sambandi. Það get eg ekki fallist á. Það ríður á því, að þegar ný orð eru tekin upp, þá séu orðin létt og lipur. Þetta orð »veita« er *causativum* til »vita« og þýðir að beina einhverju í vissa stefnu, og fellur því vel saman við dönsku orðin »Vandledning« = vatnsveita og »elektrisk Ledning« = rafveita. Um orðið »raf« í »rafveita« er það að segja, að það er stutt og lipurt og auk þess orðið títt í samsetningum, sbr. t. d. rafljós, raflýsing o. fl. Það fellur líka saman við uppruna ins evrópeiska orðs Electricitet, sem komið er af gríska orðinu »elektron«, sem þýðir raf; þar kemur ekkert »magn« inn í. Ef til vill færi betur á því að breyta orðunum »rafmagnslampar« og »rafmagnstæki« í 3. gr. frv. í »raflampar« og »raftæki«. Eg skal í þessu sambandi minna á orðið sími, sem þýðir strengur eða þráður; nú kemur víst engum í huga, að það þýði annað en fréttaþráður. — Þessa hefi eg getið vegna þess, að eg hefi heyrt, að sumum þættu orðatiltæki frvs. óviðkunnanleg.

Eg hefi heyrt, að von væri á líku frv. fyrir Eskifjörð, og verður þá ef til vill sett nefnd til að íhuga bæði þessi frumv.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Eg

skal ekki fara út í einstök atriði þessa frumvarps, eins og háttv. flutningsm. (V. G.), að eins vil eg benda honum á það, að ekki er vert að breyta »rafmagnslampi« í »raflampi«, því að »raflampi« þýðir lampi steyptur úr rafi.

Eg stóð upp til þess að leggja til, að nefnd sé kosin í málið; það þarf ekki mikla fyrirhöfn að kosta að laga svo frumvarpið, að það geti orðið að almennum lögum. En þeirra er nú þörf, því að víða er nú verið að koma upp raflýsingum, ekki að eins á Seyðisfirði, heldur og víðar, t. d. í Vík í Mýrdal o. fl. kauptúnum að sögn. Eg geri það að tillögu minni, að málið sé lagt í 5 manna nefnd.

ATKV.GR.:

Frumvarpinu vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Tillaga um 5 manna nefnd samþykt í einu hljóði.

Kosningu hlutu:

Jón Ólafsson
Valtýr Guðmundsson
Jóhannes Jóhannesson
Björn Kristjánsson
Ólafur Briem.

---

TILLAGA til þingsályktunar um skipun sjávarútvegsnefndar (102); hvernig ræða skuli.

ATKV.GR.:

Tillaga forseta um eina umr. samþ. í einu hljóði.

---

FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. Nóv. 1907, um skipun læknishéraða o. fl. (93); 1. u m r.

**Flutningsm. (Halldór Steinsson):** Eg þarf ekki að vera langorður um þetta frv. Það er sams konar frv., sem eg flutti hér á síðasta þingi og komið hefir inn á hvert þing frá og með þinginu 1909. Aðalástæðan fyrir þessu frv. er sú, að Hnappdælingar eru óánægðir yfir því, að í lögunum 1907 er lækni þeirra gert að skyldu að sitja í Borgarnesi, það er á héraðs enda. Ef þeim lækni væri gert að skyldu að sitja í miðju héraðinu, þá væri frumv. þetta ekki nauðsynlegt. En nú eru engi líkindi til að kostur sé að flytja lækninn úr Borgarnesi, því að bæði eykst þar fólksfjöldi og umferð ferðamanna. Þess vegna er þetta frv. nauðsynlegt, eins og nú stendur. Vænti eg, að háttv. deild taki frv. eins vel og á síðasta þingi. Með því að nefnd hefir verið skipuð í tvö sams konar mál hér í deildinni, þykir mér hlýða, að þessu frumv. sé vísað til þeirrar nefndar, og geri það að till. minni.

ATKV.GR.:

Frumvarpinu vísað til 2. umr. með 15 atkv. samhlj.

Frumvarpinu vísað til læknaskipunarnefndar með 16 atkv. samhlj.

---

FRUMVARP til laga um hvalveiðamenn (77); 1. u m r.

**Flutn.m. (Guðmundur Eggerz):** Eg fullyrði, að ekkert mál er Suður-Múlasýslu snertir, sé svo hjartfólgið sjómönnum sem þetta: *algerð friðun* hvalanna. Og eg get bætt því við, að bændur upp í Héraði hafa falið mér — eins og þingmálafundir þar bera með sér — að hreyfa þessu máli á Alþingi og óska að þess í einu hljóði að málið næði fram að ganga.

Á fundi, sem haldinn var í vor á Eskifirði var samþykt í einu hljóði að fá hvalinn friðaðan. Voru þar mættir

liðugt 200 manns, og þar á meðal sýslunefndarmenn úr flestum hreppum sýslunnar.

Eg veit vel, að landbændurnir hafa engan beinan hagnað af frumvarpi þessu, en þeim er kunnugt um, hve mikið áhugamál þetta er sjómönnunum, þeim er kunnugt um við hve mikla örðugleika fátækir sjómenn eiga að stríða, og þeir vilja styðja að því að bæta úr kjörum þeirra.

Vel má nú segja: engin ástæða til þess að samþykkja frumv. þetta, þótt allir kjósendur í Suður-Múlasýslu hafi fylkt sér á bak við það — þótt sjómannastéttin þar eystra telji það velferðarmál stéttarinnar — *ef* samþykt þess hefir í raun og veru enga þýðingu.

En eg þykist geta sýnt fram á, *að* hér sé um *afar*-þýðingarmikið mál að ræða, og það af fleiri en einni ástæðu.

Eg hefi raunar veitt því eftirtekt, að bæði þingmenn og aðrir hafa á *seinni* árum lagt litla rækt við þetta mál, hvalveiðamálið — og er það því einkennilegra, sem hér er um *feikna-mikinn* höfuðstól að ræða.

Skal eg leyfa mér að drepa í stuttum dráttum á helztu atriðin að því, er hvalaveiðar snertir hér á Íslandi.

Tilskipun 13. Júní 1787 leyfir hvalveiðamönnum að hafa hér vetrarlægi.

Með konungsúrskurði 29. Marz 1823 var kaupmönnum veittur 1000 ríkisdala styrkur til þess að kaupa hvalaveiðarfæri fyrir, og með konungsúrskurði 28. Marz 1829 var enn veittur 1600 ríxdala styrkur. Árið 1883 er lagt frumvarp fyrir þingið um friðun hvala frá 1. Marz til 1. Nóvember. Frumvarpið varð að lögum, en þeim var synjað konungsstaðfestingar.

Árið 1885 lá aftur frumvarp fyrir þinginu, sem leiddi til laganna 19. Febr. 1886.

Í nefndaráliti Neðri deildar — Tr. G., Ben. Sveinsson og Þ. Magnússon, 2. þm. Ísfirðinga — er staðhæft, að inni á fjörðum reki hvalirnir síldina í hnappa og komi yfirleitt hreyfingu á hana, og sama skoðun kemur fram í nefndaráliti Efri deildar. Enn er athugað í báðum deildum, að ágóðinn af hvalveiðunum muni renna í vasa útlendinga, þar eð Íslendingar séu of fátækir til að reka veiðina.

Með áminstum lögum 19. Febr. 1886 eru allir hvalir, að undanskildum tannhvölum og smáhvelum, friðhelgir fyrir skotum í landhelgi frá 1. Maí til 31. Okt., en með lögum 1. Janúar 1892 er friðunartíminn fluttur og settur frá 1. Apríl til 1. Okt.

Með frumvarpi, því er hér liggur fyrir, er í raun og veru farið fram á algerða friðun hvalanna. Augljóst, að enda þótt öllum sé heimilt að skjóta hval fyrir utan landhelgislínuna, svarar slíkt eigi kostnaði.

Það sem vakir fyrir mér með flutningi frumvarpsins, er meðal annars þetta:

1. Það er skoðun fiskifræðinga, að hvalirnir *geti* haft áhrif á fiski- og síldar-göngu.
2. Örugg reynsla er fengin fyrir því, að á fjörðum inni stekkur síldin frá djúpinu inn að landi þegar hvalur gengur inn firðina.
3. Útlendingar hafa grætt svo hundruð þúsundum króna skiftir á hvaladrápinu — en Íslendingar fengið sára lítið í aðra hönd.
4. Ef við eigi friðum hvalinn, hlýtur hann að upprætast eða hverfa frá ströndum landsins.

Að öllum þessum atriðum mun eg reyna að færa rök.

Fyrst vil eg þó benda á, að fyrir þinginu 1909 lá frumvarp í öllum aðalatriðum líkt þessu.

Eg hygg að tildrögin til þess, að það frumvarp var skorið niður, hafi aðallega verið þessi:

*að* hvalveiðamenn stórgræddu þá, og þótti því viðsjárvert — þótt útlendingar ættu í hlut — að svifta þá atvinnurekstrinum, þar sem þeir höfðu bygt dýrar byggingar, og lagt mikið fé í fyrirtækin,

*að* landssjóður hafði þá í tekjur af útflutningsgjaldi á hvalafurðum 65.921 krónu.

Nú eru hvalveiðamennirnir fluttir héðan allir, nema þrír, og þeir segjast stórtapa. En tekjur landssjóðs af hvalveiðunum voru að eins 14.000 krónur árið 1909, og munu fara minkandi. Enda hefir sjómannastétt þessa lands hingað til ekki verið gert svo hátt undir höfði, að telja þurfi eftir örfáar þúsundir kr.

Af þessum breyttu ástæðum þykir mér nú horfa miklu vænlegar fyrir frumvarpinu en árið 1909.

Skal eg svo aftur víkja að ástæðunum fyrir frumvarpi þessu, og þá að þeirri fyrstu.

*Áhrif hvala á fiski- og síldar-göngur.*

Ráðherra staðhæfði á þinginu 1909, að Dr. Hjort — aðal-umsjónarmaður fiskiveiða Norðmanna — segði, að ekki gæti verið neitt orsaka-samband milli hval- og fiski-veiða. Það er langt frá því, að Dr. Hjort segi þetta. Hann ritaði 1912 bók um fiskiveiðar og hvalaveiðar og voru tildrögin þessi: Árið 1865 fann Norðmaðurinn Svend Foyn upp nýja veiðiaðferð. Byrjaði í Varanger-firðinum, sem var afar fiskisæll fjörður, og fullur af síld og loðnu. Fyrstu 3 árin veiddi Svend Foyn illa, en úr því óx hvaladrápið óhemju mikið; þannig voru þar árið 1886 34 hvalveiðabátar. Hvarf þá bæði síld og fiskur, og kendu Norðmenn hvaladrápinu. Var nefnd sett til þess að rannsaka, hvort sjómenn mundu hafa rétt að mæla, og Dr. Hjort skrifaði umrædda bók. Enda þótt auðsætt sé, að Dr. Hjort er talsmaður hvalveiðamanna, sem bezt sést þar á, að hann rökstyður ýmsar staðhæfingar sínar með *skýrslum* hvalveiðamanna, þá verður hann þó að viðurkenna, að hvalir geri gagn fiskiveiðum og geti rekið síld og fisk að landi.

Enda virðist ekki ólíklegt, að hvalþvaga geti haft áhrif á fiski- og síldargöngur, þegar þess er gætt, að allir tannhvalir eru ránd*ýr*, sem éta fisk og síld, og síld éta einnig margar tegundir skíðishvala; étur geirhvalurinn (Finhvalen eða Sildehvalen) og Vaagehvalen, balaenoptera rostrata, þau feiknin af loðnu, að komið hefir fyrir, að loðna hefir oltið upp úr þessum hvalategundum þegar á land hefir verið dregið.

1901 veiddi Berg hvalveiðamaður 90 geirhvali, aðallega á tímabilinu frá Júní til September, og er það skoðun Dr. Hjort's, að hvalategund þessi sé mest við strendur Íslands í þessum mánuðum, Júní til Sept., fyrir þá sök, að um þetta leyti gangi síldin aðallega að ströndum landsins.

Yfirleitt kemst Dr. Hjort að þeirri niðurstöðu, að friða beri hvalinn, og að ekki beri að byggja nýjar hvalveiðastöðvar né taka upp gamlar, nema með leyfi stjórnarinnar.

En má geta þess, að fiskifræðingurinn norski, prófessor Sars, rannsakaði þetta atriði 1874 og 1879, og í bréfi, sem hann skrifaði norsku stjórninni 1879 um loðnuveiðina, kemst hann svo að orði, að varhugavert sé að eyðileggja hvalinn, og 1888 telur hana nauðsynlegt að friða hann. Loks hefi eg séð, að þýzkur vísindamaður, að nafni Carl Vogt, staðhæfir, að hvalirnir reki á undan sér síldina.

Á þinginu 1909 var því slegið fram, að æsing Austfirðinga gegn hvalveiðum væri sýking frá Noregi. En er nú sjó-

mönnum vorum ekki vorkunn, þar sem vísindamennirnir að nokkru leyti eru á þeirra bandi. Enn fremur er það athugavert, að síldin hverfur frá Austfjörðum um líkt leyti og hvaladrápið byrjar. Sama átti sér stað í Harðangerfirðinum.

Enn var því slegið fram á þinginu 1909, að ekki bæri að hrapa að algerðri friðun hvalanna fyr en reynsla væri fengin frá Noregi í þessu máli. En með lögum 7. Janúar 1904 eru hvalir friðaðir innan landhelgi í Norlands-, Tromsö- og Finnmarkens-ömtum.

Ræðismaður Norðmanna gerði mér þann greiða, að síma fyrir mig til Dr. Hjorts í Bergen, sem eins og áður er drepið á, er aðal-umsjónarmaður fiskiveiða Norðmanna, og leyfi eg mér með leyfi háttv. forseta að lesa upp á frummálinu bæði skeyti ræðismannsins og svar Dr. Hjorts.

Skeyti ræðismannsins hljóðar svo:

> Har hvalfredningsloven fra 1904 influeret fiskeriet?
> Svarið:
> Efter min mening skyldes sidste gode fiskeri en særlig rik aarsklasse av sild, torsk, hyse og sei.
> Fiskeridirektør Hjort.

Svarið minnir á köttinn og heita grautinn. Umsjónarmaður viðurkennir, að fiskur og síld sé nú að nýju komin á ið friðaða svæði. En auðsjáanlega vill hann ekki minnast á hvalina. Leiðir aðalspurninguna fram hjá sér.

Þá kem eg að því atriði, *að* örugg reynsla sé fengin fyrir því, að þegar síldin liggur inni í djúpum og þröngum fjörðum, hrekkur hún upp að landinu þegar hvalur syndir inn fjörðinn.

Eg veit dæmi þess, að á Reyðarfirði höfðu einu sinni 7 skipshafnir legið í viku með síldarveiðafæri sín, en fengu enga síld. Vissu þó að fjörðurinn — djúpið — var fult af síld. En einn dag kom hvalur inn á fjörðinn og þá fyltist alt óðar af síld.

Þriðja atriðið var þetta, að útlendingar hafa grætt stórfé á okkur. Það kannast víst allir við. Enn fremur hygg eg að flestir muni játa, að hvalveiðamennirnir hafa goldið alt of lítið í landssjóð, t. d. greiddu þeir 1909 kr. 65.921, 1910 kr. 44.076, 1911 kr. 32.097 og 1912 kr. 14.000.40. Auk þess lítilfjörlegan tekjuskatt. Þetta er hlægilega lítið gjald borið saman við veiðina. T. d. drápu hvalveiðamennirnir árið 1912 1305 hvali; höfðu 30 skip og í vinnu voru 864 manns.

Á þessu má sjá, hvílík feikna-gullnáma hvalirnir hafa verið útlendingum þau árin, sem vel fiskaðist, enda ekki furða það.

Dr. Hjort upplýsir, að árið 1897 hafi, eftir því verði, sem þá var á hvalafurðum, einn sléttbakur — Grænlandshvalur — lagt sig á 47.000 kr.

*Fjórðu ástæðuna:* að hvalirnir hverfi — þarf ekki að fjölyrða um.

Því var hreyft á þingi 1909, að hvalurinn þyti haf úr hafi og friðun því gagnslaus hér. Þetta er rangt. T. d. fara sléttbakurinn, náhvelið og hvítingurinn aldrei úr norðurhöfunum. Af hvölum, sem lifa í höfunum undir miðjarðarlínununni, slangrast að eins búrhvelið til norðurhafanna. Þannig var að eins einn skotinn hér við land 1895. Enn hefir verið tekið fram, að frumv. kæmi hart niður á Norðmönnum. Þetta er einkennileg mótbára, þegar þess er gætt, að Norðmenn hafa sjálfir, eins og áður er drepið á, með öllu friðað hvali á vissu svæði. Enda má benda á, að Blehr ráðgjafi norskur í ræðu í Stórþinginu 1903 lét í ljósi undrun á, hve greiðan aðgang Norðmenn hafa hér að hvalveiðum. Hann tók fram, að friðun hvalsins í Noregi væri ekkert rothögg á hvalveiðamennina þar, því þeir gætu

farið til Íslands, þar þyrftu þeir bara að láta einhvern kaupa »borgerbrev«.

Eg skal engu um það spá, hvort síldin og fiskurinn mundi aftur fylla Austfirði, ef hvalurinn yrði friðaður.

En hitt hugsa eg að enginn geti láð sjómönnum þar eystra, þó þeir hafi þá trú, að hvalamissirinn hafi að nokkru leyti orðið þeim líka fiski- og síldarmissir.

*En* setjum nú svo, að reynslan leiddi í ljós, ef frumvarp þetta yrði samþykt, að fiski- og síldargöngurnar breyttust ekki að neinu leyti til 1. Jan. 1925 og að heimilað yrði því aftur að skjóta hvali.

Mundi þá algerð friðun hvala til 1. Jan. 1925 ekki hafa neina þýðingu fyrir þetta land?

Jú — feykimikla, að minni ætlun.

Hvalirnir mundu á þessu tímabili aftur leggjast að ströndum landsins. Og eg er í engum vafa um, að þetta land á svo mikla framtíð, að Íslendingar munu árið 1925 *sjálfir* taka í sínar hendur hvalaveiðarnar.

Friðunarlögin mundu þannig geyma fyrir okkur og auka þennan feiknamikla höfuðstól: hvalina.

Því skyldu hvalirnir ekki geta orðið þessari þjóð gullnáma sem útlendingum?

Friðunarlögin stefna í þá áttina, er vér viljum allir halda:

*Ísland fyrir Íslendinga!*

ATKV.GR.:

Frumvarpinu vísað til 2. umr. með 16 : 2 atkv.

---

TILLAGA til þingsályktunar um skoðun vitastæðis á Straumnesi í Norður-Ísafjarðarsýslu (80); ein umr.

**Flutningsm. (Skúli Thoroddsen):** Um þetta málefni þarf í raun og veru engum orðum að eyða, þar sem öllum er væntanlega auðsæ nauðsyn þess, að skoðað sé vitastæði á Straumnesinu, og gerð kostnaðaráætlun um vitabyggingu þar.

Eg hefi komið fram með þessa þingsályktunartill. eftir ósk kjósenda minna, og fer hún því einu fram, að vitastæðið sé skoðað og gerð kostnaðaráætlun um byggingu vita, því að það er vitanlega það fyrsta, sem gera þarf. En auk þess hefir verið lögð fram á lestrarsalinn áskorun frá skipstjórum á botnvörpungum um nauðsyn þess, að reistur sé viti á Straumnesinu.

Í áskorun þessari, sem er undirskrifuð af 13 skipstjórum, er það tekið fram, að í svartasta skammdeginu, Nóvember, Desember, Janúar og Febrúarmánuðum, sé aðalveiðistöð þeirra fram undan Straumnesi, og fullyrða þeir, að meiri þörf sé á vita á Straumnesi, heldur en jafnvel á Ingólfshöfða.

Ennfremur hefir og verið lagt fram á lestrarsalinn bréf frá Fiskifélagi Íslands, sem er þessu máli mjög fylgjandi.

En auk botnvörpunga og þilskipa (innlendra og útlendra) stunda opnir bátar einnig að mun fiskiveiðar á þeim stövum, að viti á Straumnesinu myndi og verða þeim að liði, enda eigi ótítt, að vélarbátar úr Djúpinu verða að hleypa til Aðalvíkur, er veðurstöðu svo háttar.

En auk þess sem fiskiveiðaflotinn innlendi þarfnast þess mjög, að reistur sé viti á Straumnesi, þá er það og eigi síður nauðsyn vegna siglinganna, þ. e. nauðsyn fyrir strandferðaskipin, sem leið eiga þar framhjá, sem og allra annara skipa, er fara norður og vestur um land, eða koma norðan um Horn.

Eg vil því mæla sem bezt með tillögu þessari, og vona að hún nái samþykki deildarinnar.

ATKV.GR.:
Tillagan samþ. með 14 samhlj. atkv.

Fundi slitið.

## 16. fundur.

Þriðjudag 22. Júlí 1913, kl. 12 á hád.

Dagskrá:

1. Frv. til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum 10. Nóv. 1905 (98); 1. umr.
2. Frv. til laga um líftrygging sjómanna (103); 1. umr.
3. Frv. til laga um viðauka og breyting á lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða frá 12. Jan. 1884 (106); 1. umr.
4. Till. til þingsályktunar um skipun sjávarútvegsnefndar (102); ein umr.

---

Allir á fundi nema 2. þm. Eyf. (H. H.). og 1. þm. G.-K. (B. Kr.), er tilkynt hafði forföll.

Fundargerð síðasta fundar lesin upp, samþykt og staðfest.

Forseti tilkynti, að frá Ed. hefði borist:

1. Frv. til laga um ábyrgðarfélög (130).
2. Frv. til laga um hagstofu Íslands (134); — ásamt tilmælum um, að þau yrðu lögð fyrir Nd.

Forseti tilkynti, að nefnd, sú sem kosin var til að íhuga frv. til laga um hvalveiðamenn, hefði kosið sér formann Guðm. Eggerz og skrifara Benedikt Sveinsson, og nefnd til að íhuga frv. til laga um rafveitu fyrir Seyðisfjarðarkaupstað, hefði kosið sér formann Valtý Guðmundsson og skrifara Jón Ólafsson.

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið frá Ed.

1. Frv. til laga um breytingu á tollögum fyrir Ísland nr. 54, 11. Júlí 1911, 1. gr. 15. Eftir 3. umr. í Nd. (126).
2. Frv. til laga um breyting á 1. gr. laga um vitagjald frá 11. Júlí 1911. Eftir 3. umr. í Nd. (127).
3. Frv. til laga um samþyktir um eftirlit úr landi með fiskiveiðum í landhelgi. Eftir 3. umr. í Nd. (128).
4. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 18, 9. Júlí 1909, um styrktarsjóð handa barnakennurum. Eftir 3. umr. í Nd. (129).
5. Frv. til laga um vatnsveitingar. Eftir 2. umr. umr. í Ed. (133).
6. Breytingartill. við frumv. til laga um vatnsveitingar. Frá nefndinni. (135).
7. Breytingartill. við frv. til laga um stofnun landhelgissjóðs Íslands á þgskj. 116. Frá Stgr. Jónssyni og G. Björnssyni (137).

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið í deildinni:

1. Breytingartill. við frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1912 og 1913. Frá Kristni Daníelssyni (125).
2. Frumv. til laga um ábyrgðarfélög. Eftir 3. umr. í Ed. (130).
3. Frv. til laga um hagstofu Íslands. Eftir 3. umr. í Ed. (134).
4. Skipulagsskrá fyrir minningarsjóð Jóns alþingism. Sigurðssonar frá Gautlöndum (132).

Forseti skýrði frá, að lagt hefði verið fram á lestrarsal:

1. Þingmálafundargerð úr Borgarfjarðarsýslu.
2. Erindi frá cand. phil. Páli E. Ólasyni um 1800 kr. styrk á ári til þess að semja handritaskrá fyrir Landsbókasafnið (2 fígskj.).
3. Bréf stjórnarráðs Íslands ásamt béfi frá »Den Københavnske Sø-Assurance Forening« og 1 fígskj.

4. Erindi frá Reyni Gíslasyni um 800 kr. styrk árið 1914 til að nema hljómfræði og hljóðfæraslátt.

Þá var gengið til dagskrár og tekið fyrir:

FRUMVARP til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum 10. Nóv. 1905 (98); 1. umr.

**Flutningsm. (Stefán Stefánsson):** Það er svo ákveðið í 36. gr. sveitarstjórnarlaganna, að ekki sé heimilt að leggja aukaútsvar á verzlanir eða aðrar arðsamar stofnanir og fyrirtæki, sem ekki eru reknar fulla fjóra mánuði af gjaldárinu. Þetta hefir vakið óánægju í þeim sveitarfélögum, þar sem svo er ástatt, að verzlun er rekin um nokkurn tíma, þótt ekki sé í fulla fjóra mánuði.

Úr þessu vildi eg reyna að bæta með þessu frumvarpi, sem eg flyt eftir áskorun þingmálafundar í Svarfaðardal. En sérstaklega eru það þó íbúar Þóroddstaðahrepps í Ólafsfirði, sem kvartað hafa undan því misrétti, sem þetta fjögra mánaða ákvæði sveitarstjórnarlaganna veldur þráfaldlega. Þar hagar svo til, að helzti atvinnuvegur hreppsbúa eru fiskveiðar, og þangað safnast menn víðsvegar að, að vorinu, ekki einungis til að stunda fiskveiðar, heldur og til að að reka þar verzlun um 2—3 mánaða tíma. Þessir menn fara svo burt með verzlunararðinn án þess að hægt sé að leggja á hann aukaútsvar.

Líkt þessu hygg eg að hagi til víðar á landinu. En þetta er fullkomnasta ósamkvæmni, því að eftir sömu grein sveitarstjórnarlaganna má leggja aukaútsvar á kaupfélög og pöntunarfélög, sem hafa leyst borgarabréf, hversu stuttan tíma sem þau starfa, eða reka viðskifti innan sveitarfélagsins.

Ennn fremur er í næstu grein ákveðið, að ef aðkomumaður stundar bátfiski á annara útveg en þarsveitarmanna, þá sé heimilt að leggja á hann aukaútsvar ef hann stundar veiðina 4 vikur eða lengur. Eg hefi nú litið svo á, að þar sem kaupfélög og pöntunarfélög eru útsvariskyld, hafi þau leyst horgarabréf, þá sé ekki óréttlátt að lagt sé útsvar á verzlanir, sem reknar eru í 4 vikur eða lengur, og ið sama kemur fram, sé litið til útsvarsskyldu útvegsmannsins.

Það er vanalega í fátækum sveitum eða útkjálkahéruðum, sérstaklega, sem slíkar verzlanir eru reknar, og er það því tilfinnanlegra, að þetta misrétti skuli eiga sér stað.

Eg vona að deildin taki þessu máli vel, og vildi óska að skipuð yrði 5 manna nefnd til þess að athuga það að þessari umr. lokinni.

ATKV.GR.:

Frumvarpinu vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

5 manna nefnd samþ. í e. hlj.

Kosningu hlutu:

Stefán Stefánsson
Guðmundur Eggerz
Jón Magnússon
Kristinn Daníelsson
Tryggvi Bjarnason

---

FRMMVARP til laga um líftrygging sjómanna (103); 1. umr.

Tekið út af dagskrá.

---

FRUMVARP til laga um viðauka og breyting á lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða frá 12. Jan. 1884 (106); 1. umr.

**Flutningsm. (Sigurður Sigurðsson):** Landbúnaðarmilliþinganefndinni, sem skipuð var samkvæmt ályktun Alþingis 1903, var meðal annars ætlað það hlutverk, að endurskoða ábúðarlög-

gjöfina. Nefndin sá sér þó ekki fært að eiga við það mál. Hins vegar tók hún það ráð, að gera tillögur í frumvarpsformi um það, að sem flestir gætu orðið sjálfseignarbændur, búið á sínum eigin jörðum. Að þessu lutu frumv. nefndarinnar um sölu þjóðjarða og forkaupsrétt leiguliða.

Hér skal eigi farið út í það, hversu hagkvæm eða holl þjóðjarðasalan er þjóðinni í heild sinni. En hinu mun ekki hægt að neita, að sjálfsábúð hafi nokkuð aukist í landinu síðari árin, að minsta kosti að nafninu til. En sjálfseign og sjálfsábúð er vitanlega ekki nema á pappírnum hjá fjölda þeirra manna, er ráðist hafa í kaup á ábýlisjörðum sínum síðari árin. Hins vegar er það vitanlegt, að enn eru þeir margir, sem búa leiguliðaábúð. Og kjör þeirra manna eru mjög mismunundi og oft og einatt ekki góð.

Eg skal með ánægju kannast við það, að lögin um bygging, ábúð og úttekt jarða frá 1884 voru, og eru að ýmsu leyti enn, góð. En það hefir margt breyzt á þessum 30 árum, síðan lögin urðu til. Það er því afar-skiljanlegt, að þau lög séu nú orðin að ýmsu leyti úrelt og á eftir tímanum.

Fyrir því er ástæða til að endurskoða að minsta kosti einstöku atriði í þeim lögum, og koma þeim í meira samræmi en nú er við breyttan hag manna og mismunandi ástand lanbúnaðarins. Og frumv., það sem nú liggur fyrir og eg hefi leyft mér að flytja, miðar að því.

En frumv. þetta er í sjálfu sér enginn nýr gestur hér á þinginu. Það lá hér fyrir til umræðu og meðferðar á þingunum 1909 og 1911. Fór frv. þá í gegnum 3 umræður í báðum deildum, en var, með vilja flutningsm. og formælenda þess, á þinginu 1909 látið hjá líða að gera það að lögum. Málið þótti nýstárlegt og hafa í för með sér allverulegar breytingar á ábúðarlöggjöfinni, og það þótti því varhugavert að gera frumvarpið að lögum, áður en þjóðinni gæfist kostur á að athuga það.

Nefndin, sem fjallaði um þetta mál í Ed. Alþingis 1911, lagði það til, að leitað yrði álits allra hreppsnefnda í landinu um það fyrir Alþingi 1913. Búnaðarfélag Íslands tók sig fram um það, að skrifa stjórnarráðinu um haustið 1911 og ítreka þessa tillögu nefndarinnar í Ed. Stjórnarráðið leit svo á, að þessi leið eða aðferð — að leita álits hreppsnefnda — mundi eigi koma að notum eða ná tilgangi sínum. Hins vegar óskaði stjórnarráðið þess, að stjórn Búnaðarfélagsins léti uppi álit sitt um málið, og það gerði hún.

Nú er það um frumv. þetta að segja, að það er allmikið breytt frá eldri frumvörpum sama efnis. Og breytingarnar eru meðal annars fólgnar í því, að reynt hefir verið að taka tillit til þess, er stjórn Búnaðarfélagsins lagði til um þetta mál. Að öðru leyti hefi eg gert mér far um að taka til greina umkvartanir þeirra manna, er búa leiguliðaábúð og vita bezt, hvar skórinn kreppir.

Það er sérstaklega tvent, sem reynt er með þessu frumv. að ráða bót á, að því er leiguliðaábúðina snertir, og það er: að tryggja leiguliðum borgun fyrir unnar jarðabætur, og að gera ábúðartímann vissari en nú er. Þetta eru þau atriði í leiguliðaábúðinni, er einna mest hafa staðið í vegi fyrir jarðabótum á leigujörðum, og gera það enn.

Eg kannast við að það sé vandfarið með þetta mál, og að yfir höfuð sé erfitt að búa til lög um samband landsdrottins og leiguliða, svo að á hvorugan sé hallað. Og eg geri ráð fyrir að um þetta frumv. verði skoðanir manna mjög svo skiftar. En eg treysti því, að háttv.

deild taki vel í málið og greiði götu þess. Og þar sem þetta mál er svo stórt og yfirgripsmikið, leyfi eg mér að stinga upp á því, að það verði, að lokinni þessari umræðu, skipuð sérstök 5 manna nefnd í það.

**Skúli Thoroddsen:** Eg leyfi mér að leggja það til, að málinu verði þó fremur vísað til landbúnaðarnefndarinnar.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

5 manna nefnd samþ. með 18 : 3 atkv. og í hana kosnir með hlutfallskosn.:

Sigurður Sigurðsson
Eggert Pálsson
Kristján Jónsson
Bjarni Jónsson
Ólafur Briem.

**Forseti (M. A.):** Eg skal geta þess, að 4. málið á dagskránni er, samkvæmt ósk, tekið út af dagskrá.

Forseti gat þess, að á fundinum hefði verið útbýtt frá Ed. frumv. til laga um veiðiskatt. Flutningm. Guðm. Björnsson og Þórarinn Jónsson (136).

Fundi slitið.

## 17. fundur.

Miðvikudag 23. Júlí 1913, kl. 12 á hád.

Dagskrá:

1. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 26, 11. Júlí 1911 um skoðun á síld (115); 1. umr.
2. Frv. til laga um að landssjóður leggi Landsbankanum til 100 þúsund krónur á ári í næstu 20 ár (123); 1. umr.
3. Frv. til laga um landssjóðsábyrgð á sparisjóðsfé og innlánsfé Landsbankans og útbúa hans og um meðferð á varasjóði bankans (124); 1. umr.
4. Frv. til laga um sölu á þjóðjörðinni Reykjum í Hrútafirði (117); 1. umr.

---

Allir á fundi nema 2. þm. Eyf. (H. H.).

Fundarbók síðasta fundar lesin upp, samþykt og staðfest.

Forseti tilkynti, að frá Ed. hefði komið:

Frumv. til laga um stofnun Landhelgissjóðs Íslands (142) ásamt tilmælum um, að það yrði lagt fyrir Nd.

Forseti tilkynti, *að* nefnd sú, sem kosin var til að íhuga frumv. til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum 10. Nóv. 1905 hefði kosið sér formann Guðm. Eggerz og skrifara Stefán Stefánsson, og *að* nefnd sú, sem kosin var til að íhuga frumv. til laga um viðauka og breyting á lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða frá 12. Jan. 1884 hefði kosið sér formann Eggert Pálsson og skrifara Ólaf Briem.

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið frá Ed.:

1. Breyt.till. við frv. til laga um friðun æðarfugls. Frá Guðm. Björnssyni (141).
2. Breyt.till. við frv. til laga um mannanöfn. Frá nefndinni (145).
3. Breyt.till. við frv. til laga um nafnbreytingar og ný nöfn á býlum. Frá Jóni Jónatanssyni (147).
4. Breyt.till. við frv. til laga um nafnbreytingar og ný nöfn á býlum. Frá nefndinni (146).
5. Frv. til laga um friðun fugla og eggja. Frá nefndinni í málinu: Frv. til laga um viðauka við lög um friðun fugla frá 27. Nóv. 1903 (143).

6. Nefndarálit í málinu: Frv. til laga um um viðauka við lög um friðun fugla frá 27. Nóv. 1903 (144).

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið í deildinni:

1. Frv. til laga um umboð þjóðjarða. Flutningsm. Ólafur Briem (139).
2. Frv. til l. um stofnun Landhelgissjóðs Íslands. Eftir 3. umr. í Ed. (142).
3. Frv. til laga um Gjafasjóð Jóns Sigurðssonar handa fátækum í Eyjafjarðarsýslu. Flutningsm. Stefán Stefánsson (140).
4. Breyt.till. við till. þingsályktunar um skipun sjávarútvegsnefndar. Frá Guðm. Eggerz, Halldóri Steinssyni, Lárusi H. Bjarnason, Jóni Ólafssyni, Jóni Jónssyni (138).

Forseti skýrði frá, að lagt hefði verið fram á lestrarsal:

1. Erindi frá sambandsstjóra U. M. F. I. um, að styrkur, sá er ungmennafélögin hafa notið, verði hækkaður úr 1000 kr. upp í 3000 kr. á ári (2 flgskj.).
2. Settur borgarstjóri í Reykjavík sendir »Frumvarp til laga um að leggja jarðirnar Bústaði og Skildinganes undir lögsagnarumdæmi og bæjarfélag Reykjavíkur«, með tilmælum um, að þingmenn Reykjavíkur leggi það fyrir Alþingi (1 flgskj.).
3. Skýrsla um Iðnskóla Akureyrar 1912—1913.
4. Erindi frá Hafsteini Péturssyni um 500 kr. ferðastyrk til að leita sér atvinnu.
5. Erindi frá stud. polyt. Steingrími Jónssyni um 2000 kr. styrk til að ljúka námi við polytekniska skólann í Kaupmannahöfn (3 flgskj.).

Þá var gengið til dagskr. og tekið fyrir:

FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr. 26, 11. Júlí 1911 um skoðun á síld (115); 1. umr.

**Flutn.m. (Magnús Kristjánsson):** Það er óhætt að fullyrða, að þessi lög, sem frv. fer fram á að breyta, hafa gert mikið gagn. Samt er ekki hægt að segja, að þau hafi reynst alveg gallalaus, og það eru þeir gallar, sem hér á að reyna að bæta úr. Lögin um síldarskoðun hafa náð tilgangi sínum fram yfir allar vonir. Þessi vara, sem getur gefið, og hefir gefið, landsmönnum og landssjóði svo miklar tekjur, hefir alt af síðan lögin komu til framkvæmda verið að vinna sér meira og meira álit á útlendum markaði. Það hefir ekki komið fyrir á síðustu árum, að hún hafi verið dæmd óbrúkleg vara í útlöndum, elns og fyrir hefir komið áður, og má nærri geta, hvílíkt stjórtjón slíkt getur verið, þegar jafnvel um heila skipsfarma er að ræða. Nú gilda þessi lög ekki lengur en til ársloka, og þar sem þau eru góð og gagnleg, þá er óhjákvæmilegt að framlengja þau nú á þessu þingi. Um það hygg eg að ekki verði skiftar skoðanir. En svo er annað atriði, sem eg vildi mega minnast á, þó að þetta sé 1. umr., og það er, að þessi lög hafa aldrei verið gildandi nema fyrir svæðið milli Horns og Langaness — það er að segja fyrir Norðurlandi. Því er nú að vísu svo farið, að þessi veiðiskapur hefir verið mestur á því svæði, enn sem komið er, en það er þó ekki útilokað, að aðrir landsfjórðungar komi þar með. Þess vegna er það nauðsynlegt og eðlilegt, að lögin taki til alls landsins, enda kom það fram á fiskiþinginu, sem svo hefir verið kallað, og háð var hér í Rvík fyrir skemstu, að fulltrúarnir óskuðu breytinga í þessa átt. Það kann nú að vera, að einhver álíti að þetta muni hafa mikinn aukinn kostnað í för með sér, en eg mun síðar gera grein fyrir því, að svo muni ekki þurfa að vera, ef rétt er að farið.

Það er farið hér fram á fleiri breyt-

ingar, en eg finn ekki ástæðu til að fara frekar út í þær við þessa umr., og skal eg svo ekki fjölyrða meira um þetta mál að sinni. Eg vona að háttv. deild taki því vel, og álít að þótt það sé ekki stórt, muni samt vera réttara að íhuga það í nefnd, og vil eg því stinga upp á 5 manna nefnd, að lokinni þessari umr.

**Pétur Jónsson:** Mér finst, að úr því það er meiningin, að setja nefnd í sjávarútvegsmál yfirleitt, þá væri eðlilegast að vísa þessu máli til slíkrar nefndar. En úr því að þetta frv. er nú þannig orðið á undan, dettur mér í hug sú leið, að það sé látið ganga til 2. umr. og geymt nefndarlaust, þangað til búið er að kjósa þessa nefnd, sem eg gat um.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Með því að þetta mál er sérstaklegs eðlis, og ekki verður kosið í sjávarútvegsnefnd með tilliti til allra mála, virðist mér rétt að skipuð sé sérstök nefnd, og vil leyfa mér að styðja þá till. háttv. flutn.manns.

ATKV.GR.:

Vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

5 manna nefnd feld með 12 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Einar Jónsson |
| Jón Jónsson: | Guðmundur Eggerz |
| Bjarni Jónsson | Halldór Steinsson |
| Björn Kristjánsson | Kristján Jónsson |
| JóhannesJóhanness. | Lárus H. Bjarnason |
| Jón Magnússon | Ólafur Briem |
| Jón Ólafsson | Pétur Jónsson |
| Kristinn Daníelsson | Skúli Thoroddsen |
| Magnús Kristjánss. | Stefán Stefánsson |
| Matthías Ólafsson | Tryggvi Bjarnason |
| Sigurður Sigurðsson | Valtýr Guðmundss. |
| | Þorleifur Jónsson |

---

FRUMVARP til laga um að landssjóður leggi Landsbankanum til 100 þúsund krónur á ári í næstu 20 ár; 1. umr.

**Framsögum. (Björn Kristjánsson):** Nefndin, sem kosin var í Landsbankamálinu, hefir leyft sér að koma fram með frv. þetta á þgskj. 123.

Hún var á einu máli um, að það sem gera þyrfti til stuðnings bankanum, væri að auka veltufé hans. En eins og tekið er fram í nefndarálitinu, er peningamarkaðsástandið svo slæmt, að ekki virðist tiltök að fara fram á, að landssjóður taki lán *nú þegar* til þess að auka veltufé Landsbankans.

Í nefndarálitinu er hér um bil alt tekið fram, sem segja þarf. Eg ætla þó að leyfa mér, að bæta nokkrum orðum við, því að það er orðin venja að fylgja hverju máli af stað með ræðu, þó það liggi ljóst fyrir. *(Sigurður Sigurðsson:* Það er slæm venja).

Hér er ekki um mál að ræða, sem snertir að eins eitt kjördæmi. Það er *alment landsmál* sem snertir *alla* þjóðina í heil sinni. Eg vona því, að mér sé óhætt að gera ráð fyrir, að hér komi engin flokkaskipun til greina né neitt af því tæi, sem getur hindrað að jafnmikið velferðamál nái fram að ganga.

Eins og hv. þm. muna, var það samþykt á þinginu 1907 að taka 2 milióna króna lán til þess, að búa bankanum til veltufé. En slíkt lán, sem greiða þarf af rentur og tíðar afborganir, er engin veltufjáreign. Það eina veltufé, sem bankinn hefir, er lánstraust það sem honum var veitt árið 1885 og nokkru síðar þegar hann var stofnaður, með því að landssjóður gekk í ábyrgð fyrir $^1/_2$ millión króna seðlaútgáfu, sem síðar var færð upp í $^3/_4$ millión kr. Annað veltufé hefir bankinn ekki fengið. Og þessi ábyrgð landssjóðs, hún er hvorki annað né meira en þegar t. d. kaupfélag geng-

ur í ábyrgð fyrir vöruslatta, sem menn kaupa.

Það er hvorttveggja sami hugsanagangurinn. En hugsanagangurinn var annar 1885, en hann er nú. Nú eru menn farnir að sjá, að ábyrgð dugar skamt, en það er veltufjáreign, sem þarf. Menn voru farnir að sjá þetta strax á þinginu 1902; þá datt engum í hug að byrja Íslandsbanka nema með veltufjáreign — 3 miljónum króna. Landsbankinn á enga veltufjáreign, nema ef telja á þessa lánuðu seðla, sem að vísu verða ekki teknir af honum aftur. En annað er það ekki — ekki einn eyrir.

Tímarnir hafa breyzt mikið síðan 1885. Nú er miklu meiri þörf á peningum en þá var, þó að ekki væri nema viðvíkjandi verzluninni. Árið 1885 námu útfluttu vörurnar rúmum 4 milj. kr., en 1911 nærri því 16 milj. kr. Með öðrum orðum, útfluttu vörurnar eða afurðir landsins hafa ferfaldast á þessu tímabili. Þó að ekki væri til annars en að velta þessu hagkvæmlega, svo menn biðu ekki tjón við að selja vörurnar á óhentugum tíma, væri brýn þörf á, að veltufé væri aukið. Þess utan er fjöldi fyrirtækja, sem verið er að framkvæma, svo sem raflýsingar o. fl. og mörgum öðrum þörfum fyrirtækjum mundu sveita- og sýslufélög koma í verk, ef fé væri til þess.

Eins og nefndin hefir tekið fram í áliti sínu, væri full þörf á að tekið væri stórlán handa bankanum. En eins og eg drap á áðan, og líka er tekið fram í áliti nefndarinnar, er tíminn óhentugur til þess, peningaleigan er svo dýr í heiminum sem stendur. En úr því að ekki er hægt að fara beinu leiðina, verða menn að sætta sig við að fara óbeinu leiðina, sem er að vísu lengri, en miðar þó að sama marki, sem sé þá leið, að landssjóður taki að sér, að greiða þá skuld, sem stafar af 2 milj. kr. láninu sem tekið var samkvæmt lögum frá 1907. Með því móti mundi bankanum safnast á 20 árum 2 milj. króna eigið veltufé, auk seðlanna, $^3/_4$ milj. kr.

Fyrir þá sök, hvað veltufé er lítið, verða *búðirnar að halda áfram að vera bankar.* Það var ætlast til þess, þegar Landsbankinn var stofnaður, að svo skyldi ekki vera. En það sýnir sig, að víða er þessu hér um bil eins háttað enn í dag, eins og það var 1885. Það sýnir veltufjárleysi bankanna. Sjálfsagt kemur að því, að öll vöruskiftaverzlun verður afnumin með lögum. En það verður aldrei hægt fyr en bankinn hefir fengið nægilegt veltufé. Þá fyrst er engin þörf á henni.

Að vísu hefir bankinn safnað í sjóð, svo nefnan varasjóð, nálega eins miklu fé og upphaflega veltufé var, sem sé alt að $^3/_4$ milj. kr. En þetta fé getur bankinn ekki haft í veltu sökum banda, sem á því hvíla. Minnist eg síðar á það, þegar rætt verður um hitt frumvarpið, sem er samhliða þessu.

Hér er ekki um annað að ræða en að safna í dálítið forðabúr, sem landsmenn geta flúið til þegar nauðsyn krefur. Það er aðaltakmarkið, og það hefðu menn helzt átt að setja sér undir eins 1885 þegar bankinn var stofnaður. Einhvern tíma verður að byrja á þessu, og þar sem fjárhagurinn er nú yfirleitt mjög góður, virðist engin ástæða til að bíða lengur.

Eg hefi heyrt það hér, að það væri óviðeigandi að landssjóður legði bankanum til veltufé — skattlegði þjóðina til þess. En eg fæ ekki séð, að það sé annað, en það sem altaf hefir verið gert. Landssjóður hefir altaf lagt fé til þess að landsmenn gætu notið arðs af atvinnuvegunum, og í skólana leggur hann stórfé, til þess að þjóðin græði andlega. Hér er það fjárhagslegur gróði, sem farið er fram á að landssjóður styrki. Eg

get heldur ekki hugsað mér að bankinn geti fengið veltufé á annan hátt, en að landið leggi það til. Það væri öðru máli að gegna. ef hann væri hlutabanki, sem honum væri ef til vill hollara, því að þá mundi hann eiga fleiri stuðningsmenn. En meðan bankinn er *Lands*-banki, er það landið sem verður að styðja hann.

Um ástæðar bankans að öðru leyti, get eg vísað til skýrslu sem gefin var út í vetur. Má þar sjá ljóslega alt um hag bankans, og það sem gera þarf honum til eflingar.

Eg finn svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um málið, fyr en eg heyri undirtektir háttv. deildar. Vona eg, að hún verði nefndinni samdóma um, að þetta sé það allra minsta, sem hægt sé að gera bankanum til styrktar.

**Umboðsm. ráðherra (Kl. J.):** Bæði þetta frv. og það næsta á dagskránni miðar til þess að efla hag Landsbankans. Að því leyti má segja, að þau séu bæði þörf og góð. Því að vöxtur og viðgangur bankans miðar til þess, að efla hag landsmanna yfirleitt. En mér virðist, að háttv. nefnd hafi því nær að eins litið á aðra hlið málsins, þá hliðina, sem snýr að bankanum, en ekki eins á hina hliðina, þá sem að landsjóðnum veit. Háttv. nefnd ætlast til, að þessar miklu endurbætur á hag bankans gangi að öllu leyti út yfir landssjóðinn.

Næstu 20 árin á hann að greiða 100 þús. kr. á ári. Oft hafa verið heimtaðar úr landsjóði, með sérstökum lögum, stórar upphæðir, og er skemst á að minnast, að í háttv. Ed. var í gær afgreitt frumvarp, þar sem farið er fram á 5000 kr. árleg útgjöld, og fleiri frv. eru á leiðinni, sem ganga í líka átt. Þannig gengur það á hverju þingi. En svo stórtækir sem menn hafa verið áður, er þetta þó stórtækast. Mér verður því á að spyrja: Er landssjóður fær um að inna þetta af hendi? Háttv. nefnd segir svo vera, og byggir það á því, að fjárhagurinn sé góður, sem stendur. Það er satt; fjárhagurinn er mun betri, en hann hefir verið 2—3 undanfarin ár. En hann er langt frá því svo góður, að hann megi við jafn miklum útgjöldum árlega, og hér er farið fram á. Peningaforði landssjóðs er í dag þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Hjá stjórnarráðinu | 118—119 | þús kr. |
| Innieign í Landsbankanum | 152 | — — |
| Hjá landsféhirði | 100 | — — |
| Innieign erlendis (nú í svipinn) | 200 | — — |
| Samtals rúml. | 570 | þús. kr. |

Peningaforðinn er því í fremur góðu lagi, sérstaklega er innieign erlendis meiri en áður. En þess verður að gæta, að þetta er ekki nema rétt í svipinn, því von bráðar verður að gjalda af þessu fyrir póstávísanir, landsímaefni, sem keypt verður á árinu, styrk til gufuskipafélagsins o. fl. o. fl. Það er því ekki hægt að byggja á því, að þessi upphæð haldist framvegis. En þó að svo reyndist, er upphæðin ekki ýkjamikil ef rétt er athugað.

Eg man eftir því, að landfógetinn gamli, Árni heitinn Thorsteinsson, hélt því fram oftar en einu sinni við mig, að hagur landsins væri ekki góður, ef peningaforðinn, sem alt af væri hægt að grípa til, næði ekki $^1/_2$ miljón kr. Nú hafa öll viðskifti landssjóðs farið vaxandi síðan hann var landfógeti, svo upphæðin þyrfti að vera talsvert hærri. Þetta fé, sem nú er til taks, — og sumt þó að eins í svipinn — er ekki meira en rúmlega $^1/_2$ milj. kr., og mætti það eftir áliti landfógetans heitins ekki minna vera, Og þó er hagur landssjóðs nú með glæsilegasta móti.

Eg verð því að telja það í meira lagi varhugavert, að heimta jafn mikið af landssjóði og hér er gert. Það má bú-

ast við, að útgjöldin vaxi mikið á þessu sumri. Fjárlögin fara að öllum líkindum með meiri útgjöldum frá þinginu, en þau fóru með frá stjórninni. Svo hefir reynslan verið að minsta kosti á undanfarandi þingum, og það er ekki hægt að búast við, að þetta þing gerist nein undantekning.

Ennfremur segir í nefndarálitinu, að tekjurnar muni óðum fara vaxandi, og sérstaklega megi búast við því, að vörutollurinn verði hærri en áætlað er í fjárlagafrumvarpinu. Það er rétt, að vörutollurinn verður að öllum líkindum hærri en áætlað er, en að svo stöddu er ekki hægt að gera sér neina ábyggilega grein fyrir, hve miklu kann að muna. Þó að svo fari, að það munaði 100 þús. kr. á fjárhagstímabilinu, mundi ekki af því veita til þess að vega upp á móti þeim tekjuhalla, sem búast má við að fjárlögin fari með út úr þinginu. Ef háttv. deild hefir mikla von um, að vörutollurinn fari fram úr áætlun, er ekki hætt við öðru en að hún sjái fyrir þeim tekjuauka, ef að vanda lætur. — Sé það víst, að tekjur landssjóðsins fari vaxandi, þá er það og jafnvíst, að útgjöldin fara vaxandi. Og hvort vex hraðara? Eg held, að engum geti dulizt, að það eru útgjöldin. Það hefir reynslan sýnt alláþreifanlega nú undanfarið.

Eftir minni þekkingu á fjárhag landsins, verð eg sem sagt að telja það mjög erfitt fyrir landssjóð, að inna jafnmikla upphæð af hendi og hér er farið fram á, ef það ekki allsendis ómögulegt. Og þó að það sé gagnlegt að efla hag Landsbankans, dugir ekki að ganga of nærri landssjóði til þess. Eg trúi því heldur ekki, að landsmenn mundu taka því með þökkum.

Það mætti spyrja, hvort háttv. nefnd hafi ekki hugkvæmst önnur ráð en þessi bankanum til eflingar. Eg býst við, að háttv. framsm. (B. Kr.) muni svara því. Eg get reyndar fyrir mitt leyti svarað því fyrirfram. Eg tel aðrar leiðir einnig mjög erfiðar í svipinn. Ef landssj. væri fær um að standast útgjöldin, væri þetta auðveldasti og beinasti vegurinn. Eg þarf því ekki svar, en tel hins vegar rétt, að hv. nefnd geri kunnugt, hvað hún hefir hugsað sér í þessu efni, og hvort henni hafi ekki dottið í hug aðrir vegir.

Eg verð fyrir stjórnarinnar hönd að mæla á móti frumvarpinu, með því að eg tel það afarerfitt, ef ekki alveg ómögulegt, að landssjóður sé fær um að standast slík útgjöld, sem frumvarpið fer fram á. Nema það væri þá með því einu móti — og sem reynist líklega jafnerfitt, er til framkvæmdanna kemur — að Alþingi taki höndum saman við stjórnina og stjórnin taki höndum saman við Alþingi, að takmarka svo útgjöldin, að engin fjárlög fari út úr þinginu með tekjuhalla, eða að minsta kosti ekki með þeim tekjuhalla, sem tíðkast hefir hingað til.

**Pétur Jónsson:** Eg verð að játa, að þegar eg sá álit nefndarinnar í Landsbankamálinu, þótti mér tillögurnar bera vott um, að hagur Landsbankans væri verri en eg hafði gert mér í hugarlund, úr því nefndin gat ekki fundið aðra útvegi en þessi framkomnu frumvörp bera með sér. Þau tel eg örþrifaráð. En þar sem eg ekki er bankafróður maður, skal eg ekki fara langt út í málið.

Eg vildi að eins geta þess, að í frv., sem fyrir liggur, þar sem farið er fram á, að teknar séu 100 þúsund krónur úr landssjóði árlega til þess að auka veltufé bankans, þá finst mér það að taka úr öðrum vasanum og setja í hinn. En það er þó ekki þetta, sem mér finst athugaverðast, heldur hitt, eins og háttv.

umboðsm. ráðherra (Kl. J.) tók fram, að landssjóður hefir ekki efni á að leggja út þetta fé.

Vildi eg víkja því til nefndarinnar, að hún athugaði, hvort ekki væri hægt að fara einhvern meðalveg í þessu máli.

Í öðru lagi vildi eg gjarnan fá vitneskju um, hvernig nefndin hefir hugsað sér að þessu fé yrði varið. Eg býst ekki við, að því sé ætlað að vera eyðslufé bankans, en ef svo er ekki, verður einhver að eiga þessa innstæðu. Máske á hún að renna í varasjóð Landsbankans, eða máske á landssjóður að eiga hana í bankanum. En hvaða vexti á hann þá að fá af henni? Þetta finst mér hefði átt að vera tekið skýrt og glögt fram í frumvarpinu.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Það hefir verið sagt, að lands*sjóður* muni illa hafa efni á því, að leggja til Landsbankans 100 þús. krónur á ári í 20 ár.

Eg ætla að leyfa mér að setja fram þá spurningu, hvort lands*menn* hafi efni á því, að Landsbankinn neyðist til að takmarka mikið eða jafnvel hætta alveg útlánum. Það mun bankinn neyðast til að gera að tilfinnanlegu leyti, ef hann ekki fær þennan styrk úr landssjóði. Menn segja, að landssjóður hafi ekki efni á þessum fjárútlátum, en eg álít, að landið hafi enn síður efni á að bankinn hætti útlánunum. Bankinn hefir ekki annað rekstrarsfé en sparisjóðspeninga, og verður að fara varlega með þá eins og gefur að skilja.

Efni landssjóðs virðast leyfa, að hann hlaupi undir bagga, en ef ekki eru nægileg efni fyrir hendi, verður landssjóður að útvega þau.

Menn krauma alment undan nýjum sköttum og álögum, en enn þá meir munu menn krauma, ef ekki verður hægt að fá peninga að láni í bankanum.

Þá er ástæða til að líta á, að ef frv. þau, sem skattanefndin hefir meðferðis, ná fram að ganga, munu tekjurnar aukast um sem næst 65 þús. kr. á ári, og ef frumv. um stimpilgjald skyldi verða tekið upp aftur af nefndinni, gæti landssjóður grætt þar um 30 þús. kr. Þá er þessi upphæð, sem farið er fram á að landssjóður láni bankanum, komin, eða því sem næst.

Háttv. síðasti ræðum. (P. J.) spurði, hvort ekki væri hægt að fara neinn *meðalveg* í þessu máli; en það er algerlega ómögulegt, því þetta er hið *allra minsta*, sem bankinn getur komist af með, ef hann á að geta haldið áfram starfsemi sinni á sama hátt og hingað til.

Þá spurði hv. síðasti ræðum. (P. J.), til hvers ætti að verja þessu fé, hvort ætti að leggja það við varasjóð. Því er fljótsvarað. Féð er ætlað til þess að borga með því skuld, sem Landsbankinn er í. Féð (2 miliónir), sem Landsbankinn hefir fengið að láni, er nú í veltu. Spurningin er því, hvort beri að taka féð úr veltunni til að greiða skuldina, eða hvort landssjóður eigi að verja bankann því, að hann þurfi að hætta að munum lánum og verja landsmenn því, að þeir séu krafðir óþyrmilega um þegar fengin lán.

Væri hér um nýtt fé að ræða, væri það að nokkru leyti ekki annað en forms sök, hvort það væri lagt við viðlagasjóð eða ekki, þar eð nú má hafa nokkurn hluta viðlagasjóðs í veltu.

Þótt örðugt þyki fyrir landssjóð að leggja út þetta fé, sem eg reyndar ekki get séð að þurfi að vera (og að því vil eg stýðja að létta honum það), þá vil eg samt biðja menn að spyrja sjálfa sig og vega á metunum, hvort ekki sé enn örðugra fyrir landsmenn, að geta ekki fengið lán í bankanum.

**Pétur Jónsson:** Svarið, sem eg fékk frá háttv. 1. þm S.-Múl. (S.-Múl.), nægði ekki fyllilega. Getur verið af

því, að eg hafi ekki spurt nógu ljóst. Eg meinti, að eg vildi fá vitneskju um, hvernig ætti að færa þessa upphæð úr landssjóði til reiknings. Á einhverja »kontó« verður að færa fé, annaðhvort á »kontó« varasjóðs eða á kostnaðarreikning Landsbankans, ellegar þá í þriðja lagi á reikning landssjóðs, sem innstæðufé. Ef svo er, með hvaða kjörum á sú innstæða landssjóðs að vera í bankanum? Á hún að vera vaxtalaust lán? *(Jón Ólafsson:* Tillag, auðvitað).

**Framsögum. (Björn Kristjánsson):** Það eru að eins fáein orð, sem eg ætlaði að segja út af ræðu háttv. umboðsm. ráðherra (Kl. J.) og út af fyrspurn háttv. þm. S.-Þing. (P. J.).

Mér fanst mundu verða erfiðleikar á því, eftir því sem háttv. umboðsm. ráðherra sagði frá, að stjórnin mundi verða þessu frumv. sinnandi. Þykir mér það illa farið, því mér finst engum ætti að vera annara um að það næði fram að ganga, en einmitt stjórninni. Menn verða að gæta að því, að í rauninni er ekki verið að biðja um að styrkja *Landsbankann* með þessu frumv., heldur *almenning* á Íslandi. Hagur bankans er hagur almennings.

Háttv. umboðsm. ráðherra (Kl. J.) leit svo á, að hagur bankans væri allgóður; enn fremur áleit hann að útgjöld landssjóðs myndu alt af vaxa meira en tekjurnar. Þegar útgjöldin séu sköpuð smátt og smátt, þá væri gripið til þess að auka tekjurnar. En ef útgjöldin vaxa um 100 þús. kr. á þessu ári, því má þá ekki auka tekjurnar á venjulegan hátt? Svo framarlega sem menn ekki halda, að þessi útgjöld séu *óþarfari* en önnur, sem standa í fjárlögunum, held eg að ekki sé neinn vafi á, að það sé ið eina, sem ber að gera. Þetta er ekki eins mikið stórvirki og margt annað, sem ráðist hefir verið í, síðan eg kom á þing.

Eg held að eg óhræddur megi fullyrða, að þótt þjóðin kvarti undan mörgum af útgjöldum landssjóðs, muni hún ekki kvarta undan þessum.

Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) spurði, til hvers ætti að nota fé og á hvaða konto það ætti að skrifast.

Það yrði sett á konto Landsbankans sem veltufé og því yrði varið til útlána. Það yrði látið standa á reikningunum gjaldamegin eins og seðlarnir og skoðað sem veltufé í peningum, sem seðlarnir ekki eru, heldur eru þeir nokkurs konar ábyrgð landssjóðs, því seðlar eru ekki peningar.

Það gefur að skilja, þegar talað er um að útvega bankanum veltufé, að það er gert fyrir landsmenn. Þeir eiga að njóta alls arðsins af því. Það er gert til að fullnægja aukinni lánsþörf í landinu. Geri eg því ekki ráð fyrir, að bankanum sé ætlað að borga vexti af þessu veltufé, heldur safnist arðurinn upp sem veltufé til að standast vaxandi lánsþörf með vexti atvinnuveganna.

**Umboðsm. ráðherra (Kl. J.):** Háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) lagði fyrir þá spurningu, hvort landið hefði efni á, að bankinn hætti að lána út fé. Nei, auðvitað ekki. En er nú ástandið eins slæmt og hv. þm. vill gera það? Eg efast stórlega um það. Eftir því sem eg hefi heyrt, hefir bankinn staðið sig vel með útlán nú, að minsta kosti á inum síðustu tímum. Það mætti líka spyrjast fyrir um, hvernig hagur hans er nú gagnvart Landmandsbanken. Landsbankinn hefir oft verið þar í mikilli skuld og þá notað það fé, sem hann hefir fengið þar, til útlána eða annara viðskifta. En eftir því sem eg hefi heyrt, kvað skuldin nú ekki vera ýkja mikil, og mætti þá eitthvað auka hana. Bendir það ekki á það, sem háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) sagði, að bankinn hlyti nú að hætta.

Eg ætla svo að minnast á það, sem háttv. frams.m. (B. Kr.) sagði, að stjórninni bæri að styrkja Landsbankann. Það er öldungis rétt, og það hefir hún gert og gerir, en um leið verður hún að líta á ástæður landssjóðs. Það má eigi styrkja svo Landsbankann, að landssjóður fari á hausinn.

Að vísu er, eins og eg gat um áðan, hagur landssjóðs ekki nú sem allra verstur; eg býst við að vörutollurinn verði talsvert hærri, en ráð er gert fyrir í fjárlagafrumvarpinu, þó eigi sé hægt að segja um það með vissu, því upplýsingar um hann eru enn ekki komnar alstaðar frá, en samt sem áður er hagur landsjóðs áreiðanlega ekki sá, að hann þoli þessa blóðtöku.

Háttv. framsögum. sagði, að það þyrfti að auka tekjur, ef útgjöldin væru aukin. Á síðasta þingi komu fram margar tillögur í þá átt, en sú sem loks var tekin, var alls ekki heppileg, sízt til frambúðar. En það er ein leið til, og ef hún er farin er auðgert að auka tekjurnar að miklum mun. Það er að afnema aðflutningsbannslögin, en hvort háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) vill beitast sérstaklega fyrir því, veit eg ekki, og enn síður, hvort Alþingi vill samþykkja það.

Þetta er 1. umr.málsins og á það því eftir að verða rætt ýtarlega ekki einungis hér í deildinni, heldur og í Efri deild. Vona eg, að frumv. fái þær undirtektir hér á þinginu, að það ekki leggi landssjóði of þungar byrðar á herðar.

**Valtýr Guðmundsson:** Eg ætla að eins að gera fáeinar athugasemdir. Háttv. umboðsm. ráðherra (Kl. J.) tók það fram, að ekki væri nægilega athuguð hlið landssjóðs í n.ál. Við því er það að segja, að nefndin gat ekki athugað þá hlið sem skyldi, svona á miðjum þingtímanum, áður en búið er að athuga fjárlögin. Nefndin hefir að eins getað stuðst við líkur, sem virðast benda á, að landssjóður muni hafa ráð á þessum fjárútlátum, en þó þær líkur hefðu ekki verið fyrir hendi, er þörfin samt svo knýjandi, að landssjóður verður undir öllum kringumstæðum að leggja Landsbankanum fé.

Ástandið er þannig, að ef bankinn á að snara út þessum 100 þús kr. á ári, verður hann að brúka til þess hér um bil alt fé, sem inn kemur úr lánum, og getur ekki lánað neitt út. Verður bankinn þá alveg að hætta útlánum og þá býst eg við að komi kurr. Það er nokkuð dýrt að halda bankalið upp á 62 þús. kr. á ári til þess að stýra banka, sem ekki getur lánað neinum neitt.

Ef Landsbankinn hættir útlánum, yrði það auk þess til að skapa bankaeinokun í landinu, þar sem Íslandsbanki yrði þá algerlega einvaldur. Að hinu leytinu hafa menn reynsluna fyrir því, að Ís landsbanki snýr sér aðallega að stórlánum, en lánar helzt ekki út á fasteignarveð.

Nauðsynin er svo knýjandi, að einhver ráð verður að finna. Hugsanlegt er að hægt sé að fara aðra leið, en eg held að sú leið, sem hefir verið bent á, sé þægilegust fyrir landssjóð.

Út af fyrirspurn háttv. 1. þm. S.-Þing. (P. J.) vildi eg geta þess, að eg skoða að þetta lán sé veitt Landsbankanum, sem eins konar veltufé. Raunar er sanngjarnt, að bankinn borgi vexti af því, en í næstu 20 árin mætti þó máske láta hann sleppa við það, meðan hann verður að greiða vexti til lánveitenda í útlöndum. Mér finst eðlilegast að landssjóður láti bankann hafa þetta fé vaxtalaust í 20 ár, en að þeim tíma liðnum svari bankinn landssjóði vöxtum.

Það er að líta á hag landssjóðs, að koma í veg fyrir bankaeinokun í landinu og að koma í veg fyrir að Landsbankinn hætti störfum sínum og að koma

í veg fyrir að þróun, sú sem er á góðri braut nú, stöðvist.

»Statsøkonomiskt« séð hefir landssjóður töluverðan hag af því að bankinn haldi áfram og geti stutt framfarir í landinu.

Eg geri ráð fyrir að auknar tekjur landssjóðs af þróun atvinnuveganna geti með tímanum vel numið eins miklu og það fé er, sem hér er um að ræða.

Umboðsm. hv. ráðh. (Kl. J.) nélt því fram, að ef um hættu væri að ræða fyrir Landsbankann, gæti hann tekið lán. En það er einmitt þetta, að á næsta ári á bankinn að byrja að greiða afborganir af 2 milióna króna láninu, sem tekið var 1909, og þaðan stafar hættan. Bankinn fær ekki öllu meiri innborganir en þetta. Ef ekki er að gert, þykir mér betra að leggja bankann alveg niður, svo mikill sem reksturskostnaður hans er. En eins og fjárhag landsins er nú háttað, sýnist ekki vera nein hætta fyrir landssjóð að hlaupa undir bagga með bankanum. Eins og háttv. umboðsmaður ráðherra (Kl. J.) tók fram, gefur vörutollurinn landssjóði líklega meiri tekjur en áætlað er í fjárlagafrv. Auk þess mætti líka afla landssjóði meiri tekna með stimpillögum eða t. d. með því að afnema bannlögin, eins og háttv. umboðsmaður ráðherra (Kl. J.) líka tók fram.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Hv. þm. Sfjk. (V. G.) sagði, að bankinn fengi ekki meira inn á ári, en þessar 100,000 kr. + vöxtum, sem hann á að svara út. Það er ekki rétt, en frá næsta ári, þegar bankinn byrjar að borga af láninu, verður auðvitað að takmarka lánin um jafn-háa upphæð á ári. Og hvernig fer þá?

Eins og hv. umboðsm. ráðh. benti á, er mest-alt veltufé bankans sparifé, en reynslan sýnir, að þegar útlán eru takmörkuð, þá verða þeir fleiri af sparibókaeigendum, sem taka út peninga sína, ekki af því að þeir séu ekki öruggir um eða óttist um fé sitt, heldur knýja aðrir menn þá til þess að lána sér fé til fyrirtækja, þegar ekki verður lengur fengið fé hjá bönkunum.

Það er einkum þetta, sem á verður að líta, að mest veltufé bankans er sparisjóðsfé; að sparisjóðsfé verður því meira tekið út, ef bankinn takmarkar lánin, og í þriðja lagi, ef mikið kveður að því, að sparisjóðsfé verði tekið út, verður bankinn að segja upp lánunum að sama skapi, og þá fer nú kúturinn að leka um báða botna, og um sponsgatið líka; og er þá öllum ljóst, hvílíkt óverjanda tjón landsmönnum er þar með gert, er heft eru fyrirtæki landsmanna, þau sem nú eru á þroskastigi.

Það hefir verið stungið upp á því, að landssjóður tæki lán til þess að standa straum af Landsbankanum. Þeir sem það segja, gá þess ekki, hversu farið hefir verið með lánstraust landssjóðs, og að nú er tæplega unt að fá lán handa landssjóði. Mundi það ekki líka vera hollara, ef vér gætum greitt þetta af árstekjum og sparað oss að taka lán erlendis?

ATKV.GR.:

Frumvarpinu vísað til 2. umr. með 15 samhlj. atkv.

---

FRUMVARP til laga um landssjóðsábyrgð á sparisjóðsfé og innlánsfé Landsbankans og útbúa hans og um meðferð á varasjóði bankans (124); 1. umr.

**Framsögum. (Björn Kristjánsson):** Nefnd, sú sem skipuð var til að athuga, hvað gera megi til að efla hag Landsbankans, hefir einnig leyft sér að koma fram með þetta frv. Það hefir ekki eins mikil útgjöld í för með sér

fyrir landssjóð og frumvarpið, sem á dagskrá var næst á undan (frv. um 100 þús. kr. árstillag landssjóðs til Landsbankans). Frv. þetta fer fram á það, að Landsbankanum sé heimilað að hafa það fé í veltunni, sem honum er nú skylt að hafa í verðbréfum í varasjóði til tryggingar sparisjóðnum. Þetta veð fyrir sparisjóðnum nemur nú meira en $^1/_2$ milión kr, og geta allir séð, hve mikið tjón það er fyrir Landsbakann að fá ekki að nota það í veltunni, til almennra viðskifta.

Í öðru lagi fer frumvarpið fram á það, að landssjóður taki að sér ábyrgð á sparisjóðsfé og innlánsfé Landsbankans og útbúa hans. Þótt landssjóður í orði kveðnu taki að sér þessa ábyrgð, þá er það eingöngu nafnið eitt og landssjóði hættulaust, en Landbankanum er það góður styrkur til aukningar veltufénu.

Eg geri ekki ráð fyrir, að menn rísi upp til þess að andmæla þessu frumv., og og orðlengi því ekki meira um það.

**Umboðsm. ráðherra (Kl. J.):** Þetta frv. stendur í nánu sambandi við frumvarpið næst á undan (um 100 þús. kr. árstillag landsssjóðs til Landsbankans) og gildir nokkuð af því sem eg hefi áður tekið fram um það, einnig um þetta. Annars bið eg menn að athuga það, að alt, sem eg segi í þessum málum, segi eg fyrir minn eiginn reikning; eg hefi ekki átt kost á að bera mig saman við hæstv. ráðherra (H. H.) um þessi mál.

Eg fyrir mitt leyti verð að álíta þetta frumv. talsvert viðsjárverðara en frumvarpið næst á undan; það gæti verið landssjóði kleift, en þetta álít eg að geti orðið landssjóði stór-hættulegt. Það gefur að skilja, að ef landssjóður tekur á sig ábyrgð á sparisjóðsfé Landsbankans, þá verður landssjóður að liggja með jafn mikla fúlgu í lítt seljanlegum verðbréfum, sem bankanum er ætlað að hafa í varasjóði. Ella er ábyrgðin á pappírnum og sparisjóðseigendum engin trygging gefin fyrir innieign sinni. En eg get ekki séð, að landssjóði sé fært að leggja fram þá $^1/_2$—$^3/_4$ miljón kr., sem til þess þyrfti; nefndin hefði þá átt að koma fram með lánsheimild til handa landssjóði. Hugsum oss nú, að einhverjar þær byltingar yrðu, að sparisjóðseigendur tækju fé sitt úr sparisjóði; það mundi verka á landssjóð. Ef lán væri ekki tekið, — en lánstraust landssjóðs er lélegt nú, eins og háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ó.) tók fram áðan, — og ef landssjóður hefir ekki handbært fé, þegar bankann þryti, hvernig færi þá? Mér virðist sem sparisjóðseigendum sé miklu minni trygging að ábyrgð landssjóðs en því fyrirkomulagi, sem nú er lögskipað, nema því að eins að landssjóður hafi fyrirliggjandi létt seljanleg verðbréf til trygingar.

Viðvíkjandi því atriði, að Landsbankinn fái að hafa varasjóðinn í veltu, þá hefi eg ekki haft tíma til að rannsaka það mál. Mig minnir, að eg hafi heyrt, að gamla Glückstad hafi farist svo orð út úr Landsbankamálinu um árið, að ekkert væri á móti því, að bankar hefðu varasjóð sinn í veltunni, svo framarlega sem þeim væri stjórnað vel og gætilega, og það hugsa eg að háttv. þm. G.-K. (B. Kr.) álíti að eigi sér stað með Landsbankann. Því er líka hvískrað mér, að allir bankar hafi varasjóði sína að veltufé. Ef þetta er rétt, hví hefir þá ekki sú leið verið farin að útvega bankanum heimild til að brúka varasjóð sinn sem veltufé? Það gæti þó komið til álita að veita heimild til þess.

**Framsögum. (Björn Kristjánsson):** Háttv. umboðsm. ráðh. (Kl. J.) telur frumvarp þetta varhugavert. Það þykir mér óviðfeldið. Eins og eg tók

fram áðan, er landssjóðnum meinfangalaust að ganga í ábyrgðina, en Landsbankanum er það mikilsvert. Ef landssjóður tekur á sig ábyrgðina, þá þarf aldrei að óttast *sparisjóðsuppþot*, og hefir það mikla þýðing fyrir bankann, því að eg get ekki undirskrifað þá kenning háttv. umboðsm. ráðh., að landsmenn beri ekki traust til *landssjóðsins;* eg veit, að þeir bera traust til sparisjóðsins, en það mundu þeir gera enn meir, ef landssjóður stæði að baki sparisjóðsins. Þessa viðbáru er því ekki hægt að meta að neinu. Eftir allar sínar hörmungar í 27 ár hefir bankinn eignast í varasjóð sinn nálega $^{3}/_{4}$ mill. kr., eða jafnmikið fé næstum sem bankinn hafði upphaflega að veltufé. Það sýnir, að bankanum er ekki hætta búin, og að mönnum er óhætt að treysta honum, eins og menn líka gera.

Hitt þótti mér einkennilegt að heyra, hve góðgjörn landstjórnin er, þar sem hún vill, að bankinn hafi varasjóð í veltunni. En raunar er það ekki svo mikil velvild til bankans, þótt það væri leyft; það væri miklu fremur til að veikja bankann en styrkja, nema því að eins að í staðinn kæmi trygging, sem alment væri gild, en það er landssjóðsábyrgðin.

**Umboðsm. ráðherra (Kl. J.):** Að eins stutt athugasemd. Það var rangfærsla hjá háttv. framsögum. (B. Kr.), að eg hefði sagt, að landsmenn bæru ekki traust til landssjóðs. Eg sagði, að innlánseigendur væru ekki nægilega trygðir, þótt landssjóður tæki að sér ábyrgð fyrir sparisjóðinn, því að landssjóður væri ekki fær um það nú. Það gæti alt af komið fyrir, ef ekki af manna völdum, þá af náttúrunnar, að sparisjóðseigendur taki út sparisjóðsfé, og kynni þá að því að reka, að bankinn yrði að nota ábyrgð landssjóðs, sem þá yrði að hafa á takteinum annaðhvort reiðu fé, sem hann sjaldan hefir mikið af, eða þá létt seljanleg verðbréf. *(Björn Kristjánsson:* Engin ástæða til þess!). Það eru undarleg ummæli frá bankamanni.

Háttv. framsögum. (B. Kr.) þótti undarleg velvild, að bankanum væri heimilað að hafa varasjóð sinn í veltunni. Hér var um engi veldvildarorð að ræða frá minni hálfu, því að orð mín um þetta voru að eins »citat« eftir einn hinn bankafróðasta mann.

**Valtýr Guðmundsson:** Eg get ekki skilið háttv. umboðsm. ráðh. (Kl. J.). Mér skildist hann ekkert hafa á móti því frá landstjórnarinnar hálfu, að bankinn hefði varasjóð í veltunni, og vitnaði í orð Glückstads um það, sem eg hefi einnig heyrt, eins og háttv. umboðsm. ráðherra líka sagði, að títt væri um alla aðra banka, sem mun vera rétt. Hins vegar þótti háttv. umboðsm. ráðh. lítil trygging fólgin í ábyrgð landssjóðs, nema því að eins að landssjóður lægi með svo og svo mikla fúlgu í verðbréfum. Eg skil ekki, hvern veg þetta fær samrýmst. Hvernig fer háttv. umboðsm. ráðherra að ganga inn á það, að bankinn fái varasjóðinn í veltufé án nokkurrar tryggingar, en halda því fram hins vegar, að ábyrgð landssjóðs sé ónóg trygging. Það er einmitt öfugt, að fólk mundi verða hrætt, ef tryggingunni yrði alveg kipt í burtu, en á landssjóðs ábyrgð mundu allir treysta.

Eg minnist þess í bankahruninu í Kaupmannahöfn 1908, þegar hræðslan var sem mest, þá tók ríkið að sér ábyrgðina, og urðu þá allir rólegir.

Með þessum hætti, ábyrgð landssjóðs, kæmi alls ekki til neins efa eða ótta, því að áhættan yrði engin, nema því að eins að stjórnin sýndi vanrækslu í eftirlitinu.

Ef svo færi, að stjórnin þættist ekki geta haft nægilegt eftirlit með sparisjóðnum, sem raunar engin hætta er á,

þar sem annar af »revisorunum« er útnefndur af ráðherra og starfandi maður í stjórnarráðinu, þá er hægurinn hjá að búa til ný lög og koma sparisjóð Landsbankans undir sams konar eftirlit og er með hinum almennu sparisjóðum út um land.

Eins og eg hefi tekið fram, álít eg þetta tryggingar-ákvæði bráðnauðsynlegt, þegar bankinn hefir varasjóð sinn í veltu. Landssjóði er engin hætta búin með því, en hitt vinst, sem mikils er um vert, að menn verða rólegri og óhræddari um fé sitt, þegar landssjóður stendur á bak við. —

ATKV.GR.:
Málinu vísað til 2. umræðu í einu hljóði.

---

FRUMVARP til laga um sölu á þjóðjörðinni Reykjum í Hrútafirði (117); 1. umr.

**Flutningsm. (Tryggvi Bjarnason):** Þetta mál mun hafa gengið greiðlega í gegn um háttv. Ed. og vona eg, að svo verði einnig hér. Ástæðan til þess, að þetta mál kemur fram sem frv. hér á Alþingi, er sú, að fyrir nokkrum árum var löggilt höfn á þessum stað, er hér ræðir um. Ábúandi bað um kaup á jörðunni og er kaupbeiðnin dagsett í Febrúar 1912. Sýslunefndin, sem hafði þetta mál til umsagnar, áleit ekkert athugavert við það, að jörðin yrði seld, en áleit þó rétt að undanskilja kaupunum dálitið svæði, ofanvert við Reykjalaugu, eins og kaupbeiðandi gerir ráð fyrir í beiðni sinni, ef svo ólíklega kynni að ske, að verzlun myndaðist þar. En til þess eru lítil eða engin líkindi nú. Það gat fremur hugsast áður, vegna þess, að allstórt svæði þurfti að sækja til Borðeyrar bæði úr Dölum og Húnavatnssýlu. Var það talsverðum erviðleikum bundið fyrir menn úr allmiklum hluta þess verzlunarsvæðis, sem sótti þá til Borðeyrar, það er austan Hrútafjarðar, að verða að fara yfir fjörðinn, og því var á þinginu 1893 flutt frumv. um, að Reykjatangi, sem liggur austan Hrútafjarðar, skyldi verða löggilt höfn.

En tveim árum síðar 1895 var löggilt höfn á Hvammstanga og 1897 í Búðardal. Síðan hefir engum dottið í hug, að verzlun risi nokkurn tíma upp á Reykjatanga. En stjórnin leit svo á, að ekki væri heimilt án sérstakra laga að selja þessa jörð vegna ákvæða 2. gr. laga um sölu þjóðjarða, en hins vegar hefir háttv. umboðsmaður ráðh. (Kl. J.) lýst yfir því í háttv. Ed., að stjórnin sjái í sjálfu sér ekkert á móti því að jörðin verði seld.

Eg vænti því, að háttv. Nd. taki vel í frumvarpið og það nái fram að ganga. Nefnd álít eg óþarfa. Öll skjöl hér að lútandi liggja frammi á lestrarsalnum, og geta háttv. þingmenn kynt sér málið af þeim.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Eg leyfi mér að stinga upp á að þessu máli verði vísað til landbúnaðarnefndarinnar.

**Björn Kristjánsson:** Eg vil leyfa mér að stinga upp á, að sérstök 5 manna nefnd verði kosin til að athuga þetta frv., því að eg veit af fleiri svipuðum frumvörpum á leiðinni, sem mætti þá líka vísa til sömu nefndar.

ATKV.GR.:
Málinu vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Samþ. að kjósa 5 manna nefnd í það með 11 : 5 atkv.

Kosningu hlutu:
Tryggvi Bjarnason
Eggert Pálsson
Sigurður Sigurðsson

Jón Magnússon
Kristinn Daníelsson

Fundi slitið.

## 18. fundur.

Fimtudag 24. Júlí 1913, kl. 12 á hád.

Dagskrá:

1. Till. til þingsál. um skipun sjávarútvegsnefndar (102, 138); ein umr.
2. Frv. til laga um líftrygging sjómanna (103); 1. umr.
3. Frv. til laga um gjafasjóð Jóns Sigurðssonar handa fátækum í Eyjafjarðarsýslu (140); 1. umr.
4. Frv. til laga um ábyrgðarfélög (130); 1. umr.
5. Frv. til laga um hagstofu Íslands (134); 1. umr.
6. Kosning tveggja manna í stjórn minningarsjóðs Jóns alþingismanns Sigurðssonar frá Gautlöndum (132).

---

Allir á fundi, nema hv. 2. þm. Eyf. (H. H.).

Fundarbók síðasta fundar lesin upp, samþ. og staðfest.

Forseti tilkynti, að nefnd, sú sem kosin var til að íhuga frv. til laga um sölu á þjóðjörðinni Reykjum í Hrútafirði, hefði kosið sér formann Jón Magnússon og skrifara Tryggva Bjarnason.

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið í deildinni:

1. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 86, 22. Nóv. 1907. Flutnm. L. H. Bjarnason, Ben. Sveinsson og Matth. Ólafsson (150).

Og að útbýtt hefði verið kvöldið áður aftur á fundinum:

1. Nefndaráliti um frv. til laga um breyting á lögum 15. Okt. 1875, um laun íslenzkra embættismanna. Frá meiri hluta nefndarinnar (148).
2. Nefndaráliti um sama frv. Frá minni hlutanum (154).
3. Nefndaráliti um frv. til laga um verkfræðing landsins (151).
4. Nefndaráliti um frv. til laga um breyting á 33. gr. í lögum nr. 59, 22. Nóv. 1907, um fræðslu barna (152).
5. Nefndaráliti um frv. til laga um breyting á lögum nr. 55, 22. Nóv. 1907, um stjórn Landsbókasafnsins (153).

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið frá Ed.

1. Breytingartillögu við breytingartill. 7, á þgskj. 145. Frá Eiríki Breim, Birni Þorlákssyni, Hákoni Kristóferssyni (155).
2. Breytingartillögu við breytingartill. á þgskj. 146 (við frv. til laga um nafnabreytingar og ný nöfn á býlum Frá nefndinni (149).

Forseti skýrði frá, að lagt hefði verið fram á lestrarsal:

1. Erindi frá 4 varpeigendum austan Eyjafjarðar, er skora á Alþingi að hlutast til um, að lög um friðun æðarfugla verði ekki brotin eftirleiðis svo mjög sem gert hefir verið til þessa.
2. Erindi frá Bandalagi tóbaksbindisfélaga Íslands um 300 kr. styrk á ári næsta fjárhagstímabil (1 fgskj.).
3. Erindi frá Sigríði Sigurðardóttir um 400 kr. utanfararstyrk til að læra hjúkrunarfræði (2 fgskj.).
4. Sophia Bertelsen sækir um 800 kr. utanfararstyrk til að fullkomna sig í yfirsetukvennafræði (1 fgskj.).
5. Erindi frá Bjarna Jónssyni frá Vogi um, að Alþingi veiti alt að 4000 kr.

styrk til þess að gefa út á þýzku bók Einars háskólakennara Arnórssonar, er hann kallar «Réttarstöðu Íslands« (2 figskj.).

6. Skýrsla um húsmæðraskólann á Ísafirði.

Þá var gengið til dagskrár og tekið fyrir:

TILLAGA til þingsál. um skipun sjávarútvegsnefndar (102, 138); ein umr.

**Flutn.m. Guðmundur Eggerz:** Við flutningsmenn þessarar till. förum fram á það, að skipuð verði sérstök nefnd til þess að íhuga sjávarútveg landsins, þessa atvinnugrein, sem framleiðir mest allra og leggur drýgstan skerf í landssjóð, en samt sem áður hefir verið höfð á hakanum alt til þessa dags. Það er sannarlega ekki vanþörf á því að löggjafarvaldið beini athygli sinni að þessum aðal-atvinnuvegi okkar, einkum þegar þess er gætt, við hve mikla örðugleika hann á að stríða að mörgu leyti. Eg skal að eins leyfa mér að drepa á einstök atriði. Kemur mér þá fyrst til hugar hættan, sem þessum atvinnuvegi fylgir. Raunar vofir hún yfir sjómönnum allra landa, en þó sérstaklega yfir sjómönnum Íslands. Eg hefi lesið skýrslu, sem landlæknir hefir skrifað hér að lútandi. Getur hann þess þar, að á árunum 1881—1910 hafi druknað hér á landi 1991 karlmaður og 101 kona. Þetta er hlutfallslega miklu meira en í öllum öðrum löndum. Það er ferfalt meira en í Noregi og kveður þó meira að sjóðdauða þar en í öðrum nágrannalöndum. Þetta atriði eitt ætti að vera ærin nóg ástæða til þess að nefnd yrði skipuð til að athuga hvort ekki yrði bót hér ráðin á. Eg skal ekkert fullyrða um það, hvort fleiri druknanir hér á landi en annarstaðar eiga rót sína að rekja til náttúrunnar, eða verri útbúnaðar. Eg gæti hugsað, að þetta hvorttveggja eigi sök hér á. Erfiðleikar af náttúrunnar völdum hljóta að vera hér miklu meiri, vegna veðurlagsins og hafnleysis. Líka get eg trúað því, að útbúnaður íslenzkra skipa sé ekki eins góður og annara þjóða, enda er það ofur eðlilegt. Við erum miklu fátækari en nágranna þjóðir okkar og því ekki ólíklegt, að ýmislegt sé hér frekar af vanefnum búið.

Eg hefi veitt því eftirtekt, og það gladdi mig, að Fiskifélag Íslands hefir tekið til meðferðar eitt atriði, sem hér að lýtur, hirðing og viðhald á vélabátum. Það er eitt skilyrði til þess að sjómaðurinn geti verið nokkurn veginn öruggir á hafinu, að vélin sé í lagi, og er því gott og rétt, að sjómenn fái tilsögn í meðferð véla. Þetta er líka fjárhagslegt atriði, því að ef vél er illa hirt, þá eyðilegst hún fyr.

Sjávarútvegurinn er miklu stopulli en landbúnaðurinn. Bóndinn veit, að túnið og engjarnar grænka, og þó að töluverður mismunur geti orðið á afurðum landsins eftir árferði, þá getur landbúnaðurinn þó aldrei brugðist með öllu. En sjávarútvegurinn getur alveg brugðist. Og enn má benda á eitt, sem hnekkir sjómanninum mjög mikið. Hann hefir enga atvinnu marga mánuði ársins. Frá því seint í Nóvember til þess seint í Febrúar getur hann ekki stundað atvinnu sína sökum illviðra, og þó að einstöku sinnum gefi á sjó, þá er engan fisk að fá á þessum tíma. Fátækir menn verða þannig að eyða því að vetrinum, sem þeir hafa aflað að sumrinu. Þetta er mikilsvert atriði, sem þyrfti að bæta úr á einhvern hátt, ef annars nokkur ráð eru til.

Þá er sjávarútvegurinn mjög margbrotinn. Hér er sjór stundaður bæði á opnum bátum og mótorbátum, seglskipum og gufuskipum, og veiðiaðferðirnar margvíslegar.

Nú er svo komið með landbúnaðinn, eins og við vitum og betur fer, að hann fær árlegan, fastan styrk. Það er öflugt og gamalt félag, sem styrkir landbúnaðinn. Þessu er öðruvís farið um sjávarútveginn; þar er alt í molum enn þá. Úr þessu verður að bæta. Landssjóður hefir miklar tekjur af sjávarútveginum, og er því sjálfsagt, að eitthvað sé gert til stuðnings þessari atvinnugrein.

Eg skal svo ekki orðlengja þetta meira. Eg býst við að hv. deild verði á einu máli um að skipa 7 manna nefnd, eins og farið er fram á hér í brt. Eg býst ekki við að nefndin geti tekið alt til athugunar eða kipt öllu í lag, sem lagfæra þarf, en eg ætlast til að meira samræmi verði komið á, ef öllum málum, sem koma fram í deildinni viðvíkjandi sjávarútveginum, verður vísað til þessarar nefndar.

ATKV.GR.:

Brt. á þgskj. 138 sþ. með 17 : 2 atkv.

Till. þannig breytt sþ. í einu hljóði.

Í nefndina kosnir með hlutf.konsn.:

Stefán Stefánsson
Halldór Steinsson
Matthías Ólafsson
Kristinn Daníelsson
Valtýr Guðmundsson
Guðmundur Eggerz
Magnús Kristjánsson.

---

FRUMVARP til laga um líftrygging sjómanna (103); 1. umr.

**Flutningsm. (Matthías Ólafsson):** Eins og háttv. deildarmönnum er kunnugt, voru hér í fyrra tvö frumv. um líftrygging sjómanna. Þeim var báðum skotið til sömu nefndar, en nefndin gat ekki komið sér saman um, vegna naumleika tímans, hvort frumv. skyldi taka, og ekki var hægt að gera eitt frumv. úr báðum, vegna þess hve þau voru sundurleit. Nefndin tók þá þann kostinn, að skora með þingsál.tillögu á landsstjórnina, að semja og leggja fyrir næsta Alþingi frumv. til laga um líftrygging sjómanna. Þessi þingsál.till. var samþykt, og skal eg með leyfi hæstv. forseta lesa þingsályktunina upp í heild sinni. Hún hljóðar svo:

»Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina, að semja og leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi frumv. til laga um líftrygging sjómanna, og að hún við samning slíks frumvarps taki til íhugunar:

1. hvort eigi sé unt að gera líftryggingarskylduna víðtækari en hún er nú;
2. hvort eigi sé tiltækilegt, að hækka iðgjöldin og þar af leiðandi útborgun úr sjóðnum að mun frá því sem nú er;
3. hvort eigi sé unt að taka upp í slíka löggjöf ákvæði um slysaábyrgð og uppbót fyrir atvinnutjón;
4. hvort eigi mundi réttara að ákveða að útborgun úr sjóðnum félli til þeirra einna, er hinum líftrygða var skylt að annast að lögum, þar með talin óskilgetin börn á ómagaaldri, en systkyni alls ekki;
5. hvort eigi væri tiltækilegt, að landssjóður styrkti sjóðinn með árlegu fjárframlagi, og
6. hvort eigi væri ástæða til að hafa sérstaka líftrygging handa þeim er stunda sjó eingöngu á róðrarbátum«.

Þegar eg kom hingað suður í sumar, brá mér í brún, þegar eg sá, að þetta frumv. var ekki meðal stjórnarfrumvarpanna. En eg komst brátt að því, að stjórnin hafði þó gert nokkuð í þessu

máli. Hún hafði leitað álits stjórnar vátryggingarsjóðsins, og fengið það svar, að engin ástæða væri til að flýta þessu máli. Mér kom þetta svar ekki á óvart, því að málið hafði áður mætt andmælum úr þeirri átt. Eg tel samt ver farið, að ekki hefir verið gert meira í þessu, því að nú hefir því aukist fylgi út um landið. Það var nýstárlegt í fyrra, en það sýndi sig þegar fiskiþingið kom saman, að það hafði vakið eftirtekt. Og það er mikið fyrir tilstilli fiskiþingsins, að þetta frumv. kemur nú fram í breyttri mynd. Eg skal ekki fara út í einstök atriði þess, en að eins leyfa mér að minna á, í hverju aðalbreytingarnar eru fólgnar.

Í stærra frumv. í fyrra var ætlast til að sjómenn væru trygðir fyrir alt árið. Þetta þótti ekki aðgengilegt fyrir þá, sem ekki stunda sjó nema nokkurn tíma árs. Eg hafði lagt til, að líftryggingartímabilið væri einn ársfjórðungur, en það þótti nokkuð stutt, og var svo ákveðið að hafa þrjú líftryggingartímabil á árinu.

Eg þarf ekki að taka það fram nú, hver nauðsyn er að breyta sem fyrst þeirri löggjöf, sem við eigum við að búa í þessu efni. Eins og allir vita, fá námenni þeirra manna, sem trygðir eru eftir núgildandi lögum og drukna í sjó, 400 kr., sem borgast með 100 kr. á ári í 4 ár. Í fyrra ætlaðist eg til að líftryggingarupphæðin yrði 1000 kr., sem borgaðist með 200 kr. á ári í 5 ár. Nefndin var á sömu skoðun, en fiskiþingið færði upphæðina niður í 800 kr. Eg get nú felt mig við það, en eg held að við flutningsmennirnir séum allir á einu máli um það, að lengra megi ekki fara. Það er öllum kunnugt, að þetta gjald, sem eftirlifandi námenni drukknaðra manna fá, dregur þau sáralítið, og sjómennirnir vilja gjarnan leggja meira á sig til þess að tryggja betur hag eftirlifandi námenna sinna. Það er fögur dygð að vilja sjá sínum sem bezt borgið eftir sinn dag. Vitanlega hafa sjómennirnir okkar ekki svo góðar tekjur, að þeir geti trygt framtíð námenna sinna á annan hátt. Þeir geta ekki lagt neitt upp af tekjum sínum.

Það eru fleiri hliðar á þessu máli og er ein þeirra fjárhagshliðin. Menn þurfa að vita, hve margir stunda sjó árlega og um hve langan tíma. En skýrslur um þetta eru ekki til. Það þarf að gera líftryggingarskylduna sem víðtækasta, svo að allir þeir sem sjó stunda um lengri eða skemri tíma, styrki sjóðinn með tillögum sínum. Í Ísafjarðarsýslu fá menn sig ekki trygða fyrir skemri tíma en 10 vikur. En þrátt fyrir það þó fjöldi manna hafi gengið undan og ekki borgað í sjóðinn, hefir hann þó staðið í skilum til þessa. Það virðist því séð fyrir, að sjóðurinn geti ekki þrotið. En ef það kæmi fyrir, þá er hér gert ráð fyrir, að landssjóður standi á bak við, enda er honum álitið það skyldast.

Eg álít svo ekki þörf að fara frekara orðum um málið í þetta sinn. Eg býst við að háttv. deildarmönnum þyki full ástæða til að það verði rækilega athugað í nefnd, og leyfi eg mér að stinga upp á 7 manna nefnd að þessari umræðu lokinni.

**Halldór Steinsson:** Eg vil taka undir það með háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ól.), að mér brá í brún þegar eg kom suður og sá, að ekkert frumv. um líftrygging sjómanna lá fyrir frá stjórninni. Eg get ekki annað sagt, en að stjórnin hafi gengið slælega fram í þessu máli. Mér virtist háttv. seinasti ræðumaður vilja telja stjórninni það til afsökunar, að málið hefði komið of seint frá Fiskifélaginu. En það er engin afsökun fyrir stjórnina, og eg get ekki séð, að Fiskifélagið sé æðsti dómstóll í þessu máli. Það var búist við því af

sjómannastéttinni, að málið yrði afgreitt á þessu þingi.

Þetta frumv., sem nú er hér fram komið, bætir að vísu talsvert úr ástandinu, sem nú er, en eg þori að fullyrða, að það bætir hvergi nærri til fullnustu úr þeim göllum, sem mest er um vert. En eg vona, ef það verður sett í nefnd, að að það verði lagað svo, að það geti fullnægt jafnt sjómönnum á opnum bátum eins og á þilskipum. En eins og það er nú, snertir það miklu minna hag sjómanna á opnum bátum. Eg vil leyfa mér að styðja uppástungu háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ól.) um 7 manna nefnd.

**Flusningsm. (Matthías Ólafsson):** Eg vildi að eins leiðrétta þann misskilning hjá háttv. þm. Snæf. (H. St.), að eg hafi sagt, að þetta mál hefði komið of seint til Fiskifélagsins frá stjórninni. Eg sagði ekkert um það. Og eg veit ekkert um, hvenær Fiskifélagið hefir fengið málið frá stjórninni. En eg held að stjórnin hafi leitað sér svo góðra upplýsinga, að hún sitji nú inni með allgóða þekkingu á málinu.

**Umboðsm. ráðherra (Kl. J.):** Eg þarf í rauninni ekki að svara neinu sérstöku, því að háttv. flutningsmaður (M. Ól.) hefir upplýst nægilega, hvernig á því stóð, að stjórnin kom ekki með frumv. um líftrygging sjómanna. Að vísu lá fyrir stjórninni þingsályktun um þetta efni, og stjórnin hefir gert sér að reglu, að taka til greina þær þingsályktanir, sem til hennar er beint. Það er engin skylda stjórnarinnar að taka til greina allar þingsályktanir, sem ef til vill eru samþyktar með eins eða tveggja atkvæða meirihluta í annarri hvorri deildinni, og álíti hún þingsályktunina ástæðulausa eða ótímabæra, þá er engin von að hún fari að sinna henni.

Nú stendur svo á, að hér er um ung lög að ræða og að engin reynsla er fengin fyrir því, hvort þau séu heppileg eða ekki. Þar að auki eru skiftar skoðanir hjá sjómönnunum sjálfum um það, hvort heppilegt sé að breyta til nú þegar. Háttv. þm. Snæf. (H. St.) sagði að vísu, að það væri eindregin ósk sjómanna; það getur verið að svo sé í hans kjördæmi, en annararstaðar er það ekki.

Af þessum ástæðum, sem nú voru taldar, fann stjórnin ekki ástæðu til að koma fram með frumvarp, en nú er það komið fram, og mun það þá koma í ljós, hvort þörfin hefir verið svo brýn, sem háttv. þm. Snæf. hélt fram.

**Flutningsm. (Matthías Ólafsson):** Eg skal ekki deila við háttv. umboðsm. ráðherra (Kl. J.) um lagaskyldu stjórnarinnar til þess að taka til greina þingsályktunartill., sem ekki eru samþyktar nema með 1—2 atkv. mun. Þessi þingsályktunartill., sem hér er um að ræða, var nú líka samþ. með miklum meiri hluta. En það hygg eg að sé þó siðferðisleg skylda stjórnar, að setja sig að minsta kosti svo vel inn í slík mál sem þetta, að hún geti á sínum tíma lagt eitthvað til þeirra. Hann sagði, að reynsluna skorti, en eg get ekki fallist á það. Það eina, sem ekki er reynt, er það, hvað vátryggingarsjóður mundi stoða, ef *því meiri* slys bæri að höndum. En vonandi er, að slíkt komi ekki fyrir, þar sem allur útbúnaður á þó fyrir sér að batna, — að minsta kosti ekki meiri slys, en á þessum síðustu tímum, sem einmitt hafa verið inir verstu slysatímar. Nú vilja sjómenn fá að borga hærra, en verið hefir, og þá líka að fá meira en þeir hafa fengið, því að þeir vilja, að eftirlifandi vandamönnum sínum geti liðið betur, en nú á sér stað, ef þeirra missir við. Og eg verð að efast um það, og jafn vel mótmæla því, að háttv. nmboðsm. ráðherra (Kl. J.) sé því kunnugri en eg, hverju sjómenn landsins fylgja í þessu máli, enda kemur hvatningin til þessa ekki frá mér, held-

ur einmitt úr annari átt. Og þeir sem talað hafa hér í dag, hafa sýnt það, að þeir eru málinu hlyntir.

Eg get búist við því, að gerðar verði breytingar við frumvarpið, en hinu treysti eg, að eigi verði raskað aðalgrundvelli þess. Vænti eg svo að það verði látið ganga til 2. umr.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umræðu í einu hljóði.

Málinu vísað til sjávarútvegsnefndar í einu hljóði.

---

FRUMVARP til laga um gjafasjóð Jóns Sigurðssonar handa fátækum í Eyjafjarðarsýslu; 1. umr.

**Forseti (M. A.):** Samkvæmt ósk háttv. flutningsm. (St. St.) er þetta mál tekið út af dagskrá.

---

FRUMVARP til laga um ábyrgðarfélög; 1. umr.

**Lárus H. Bjarnason:** Eg sting upp á 5 manna nefnd í málið.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umræðu í einu hljóði.

5 manna nefnd samþykt í einu hlj., og í hana kosnir með hlutfallskosningu:

Olafur Briem
Jón Ólafsson
Jóh. Jóhannesson
Bjarni Jónsson
Tryggvi Bjarnason.

---

FRUMVARP til laga um hagstofu Íslands; 1. umr.

**Skúli Thoroddsen:** Eg sting upp á 5 manna nefnd, að lokinni umr.

**Einar Jónsson:** Það er að vísu orðin regla hér í þinginu, að setja nefnd í hvert einasta smámál, og má vera að hún sé góð að sumu leyti, en takmörk verða að vera fyrir öllu, og enginn efi er á því, að þessi regla er stundum til tafar, en ekki flýtis; að minsta kosti í þeim tveim tilfellum: að málin séu svo smá og liggi svo ljós fyrir, að þingmönnum sé engin vorkunn að mynda sér skoðun um þau strax, eða hitt, að málið hafi ekkert fylgi í neinum kringumstæðum. Og þegar litið er á öll þessi frv., sem nú liggja fyrir um launahækkanir og ný embætti, þá óska eg fyrir mitt leyti, að þeim yrði ekki einu sinni sá sómi sýndur, að komast í nefnd.

Það þykir nú ef til vill ekki hlýða, að eg dæmi um þetta, til þess séu aðrir færari en eg. En þegar talað er um að stofna ný embætti, og stórkostlega hækkun á launum fjölda beztlaunaðra embættismanna í landinu, þá langar mig til að um leið sé sagt, hvar á að taka gjaldþolið til að bera þetta. Það vita allir, hve margt og mikið þarf að borga, og að altaf er verið að bæta á nýjum og nýjum sköttum og tollum,en ef á að leggja þá á til þess að stofna ný embætti, sem mörgum virðast óþörf, þá er eg ekki samferða lengur.

Mér sýnist svo, að með þessu frumv. eigi að létta allmiklum störfum af stjórnarráðinu, sem það hefir með höndum nú. En þar sem mér er sagt, að margir starfsmenn þess vinni ekki nema stutta stund á dag, þá ætti þeim ekki að vera ofvaxið að vinna að þessu áfram. Og laun hafa þeir mikið sæmileg, það vita menn, og verður þó betur, ef launahækkanirnar ná fram að ganga. Mér virðist því ekkert viðlit að samþ. þetta frumv., nema þá því að eins, að strykað verði út um leið eitthvað af öðrum embættum í stjórnarráðinu, og skal eg þá ekki draga dul á það, hvað eg álít að fyrst ætti fyrir að verða. Það

er landritaraembættið sjálft. Það er varlega í það farandi, að fjölga embættum, meðan ekki er sannað, að við rísum undir kostnaðinum við þau. Á *það* legg eg mesta áherzluna. Því að það má reiða sig á það, að landsmenn lifa fremur fyrir því, þótt slept sé að bæta við þá einhverju nýju embætti, en ef þeir eiga að búa við hungur og fátækt. Og það er engin þörf á að ganga út frá því, hvað embættismennirnir sjálfir telja sjálfsagt að til þeirra sé kostað. Þeir eru t. d. ekki ánægðir, þegar þeir byggja sér hús hér í bænum og víðar, nema þau kosti þetta 20—30 þús. kr. En aftur á móti byggja bændur góð hús fyrir 5—10 þús. kr. langt upp í sveit. Það má nú nærri geta, hve nauðsynlegir þessir stóru salir eru fyrir fámennar fjölskyldur, og eg vil ekki láta taka tillit til þess, hvað slíkir menn kunna að heimta eða kvarta um.

Eg sé, að í nefndarálitinu er sagt, að kostnaðurinn við hagstofuna verði að eins 4 þús. kr., sem er bygt á skyrslu stjórnarráðsins, og eins hitt, að hingað til hafi störfin, sem hún á að taka við, mest verið unnin sem aukavinna í stjórnarráðinu. En hvers vegna geta þeir ekki það, eins og aðrir menn, sem heilbrigðir eru, haft dálítið lengri skylduvinnutíma og unnið þá þetta sem hér ræðir um. Dagurinn ætti þó að vera jafn langur hjá þeim og öðrum, sem verða að sætta sig við að vinna 12 stundir og þar yfir. Og þeir ættu að gera sig ánægða með það, þegar þeir eru komnir inn í embættin, þó að þeir þyrftu að vinna lengur en svo sem 2—4 stundir á dag. Eg veit ekki, hvort þeir gera það, og bið afsökunar, ef ekki er rétt með farið, en þetta heyri eg sagt.

Eg skal svo ekki þreyta menn með lengri ræðu, en eg mun hvorki ljá þessu frumvarp mitt atkv. til nefndar né 2. umr.

ATKV.GR.:

Vísað til 2. umr. með 17 : 1 atkv.

5 manna nefnd sþ. með 18 samhlj. atkv. og í hana kosnir með hlutfallskosningu:

Valtýr Guðmundsson
Jón Jónsson
Björn Kristjánsson
Jón Magnússon
Einar Jónsson.

---

KOSNING tveggja manna í stjórn minningarsjóðs Jóns alþingismanns Sigurðssonar frá Gautlöndum.

ATKV.GR.:

Í stjórnina voru kosnir með hlutfallskosningu:

Pétur Jónsson alþm.
Eiríkur Briem prófessor, alþm.

Fundi slitið.

---

## 19. fundur.

Föstudag 25. Júlí 1913, kl. 12 á hád.

Dagskrá:

1. Frv. til laga um breyting á lögum 15. Okt. 1875, um laun íslenzkra embættismanna (stj.frv., n. 148 og 154); 2. umr.
2. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 56, 22. Nóv. 1907, um stjórn Landsbókasafnsins (stj.frv., n. 153); 2. umr.
3. Frv. til laga um breyting á 33. gr. í lögum nr. 59, 22. Nóv. 1907, um

fræðslu barna (stj.frv., n. 152); 2. umr.
4. Frv. til laga um verkfræðing landsins (stj.frv., n. 151); 2. umr.
5. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 26, 11. Júlí 1911, um skoðun á síld (115); 2. umr.
6. Frv. til laga um umboð þjóðjarða (139); 1. umr.
7. Frv. til laga nm Landhelgissjóð Íslands (142); 1. umr.

---

Allir á fundi, nema 2. þingm. Eyf. (H. H.).

Fundarbók síðasta fundar lesin upp, samþykt og staðfest.

Forseti skýrði frá, að frá Ed. hefði borist:

1. frv. til laga um vatnsveitingar (163)
2. frv. til laga um mannanöfn (165)
3. frv. til laga um bæjarnöfn (166)

ásamt tilmælum um, að þau yrðu lögð fyrir Nd.

Enn fremur tilkynti forseti, að:

Frumv. til laga um sérstök eftirlaun handa skáldinu Steingrími Thorsteinsson rektor, hefði verið samþykt í Ed. og afgreitt til ráðherra, sem lög frá alþingi.

Forseti skýrði frá, *að* nefnd, sú sem kosin var til þess að íhuga frumv. til laga um hagstofu Íslands, hefði kosið sér formann Jón Magnússon og skrifara Valtý Guðmundsson, og *að* sjávarútvegsnefndin hefði kosið sér formann Valtý Guðmundsson og skrifara Kristinn Daníelsson.

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið í deildinni:

1. Frv. til laga um mannanöfn. Eftir 3. umr. í Ed. (165).
2. Frumv. til laga um vatnsveitingar. Eftir 3. umr. í Ed. (163).
3. Frv. til laga um bæjanöfn. Eftir 3. umr. í Ed. (166).
4. Nefndarálit um frumv. til laga um breyting á lögum um vörutoll 22. Okt. 1912 (164).
5. Nefndarálit um frumv. til laga um breyting á lögum nr. 36, 16. Nóv. 1907, um lán úr landssjóði til byggingar íbúðarhúsa á prestsetrum landsins (162).
6. Skýrsla yfir störf landsímans 1912.
7. Alþingistíðindi 1913 A., 2. hefti.

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið frá Ed.:

1. Nefndaráliti um frumv. til sigingarlaga (161).
2. Nefndaráliti um frumv. til laga um breyting á lögum nr. 39, 1. Nóv. 1903, um leynilegar kosningar og hlutfallskosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum (157).
3. Breytingartill. við frv. til laga um breyting á lögum nr. 39, 10. Nóv. 1903, um leynilegar kosningar og hlutfallskosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum (156).

Forseti skýrði frá, að lagt hefði verið fram á lestrarsal:

Erindi frá bráðabirgðastjórn hlutafélagsins »Eimskipafélag Íslands« um:

1. að landstjórninni veitist heimild til fyrir landssjóðs hönd, að kaupa hluti í h/f. »Eimskipafélag Íslands« fyrir alt að 100.000 kr. og
2. að landstjórninni verði heimilað að veita sama félagi 65.000 kr. styrk árið 1915 til að halda uppi með tveimur skipum líkum ferðum og gert er ráð fyrir í meðfylgjandi hlutaútboðsbréfi.

---

FRUMVARP til laga um breyting á lögum 15. Okt. 1875, um laun íslenzkra embættismanna; 2. umr.

**Framsm. meiri hl. (Sigurður Sigurðsson):** Mér hefir borist til eyrna sá kvittur, að framsögum. eða jafnvel nefndin ætli sér að vekja úlfa-

þyt út af þessu máli nú við þessa umræðu. Eg get lýst yfir því, að það er síður en svo. Við teljum þvert á móti æskilegt, að sem minst verði um málið rætt, en væntum hins vegar, að tillögur okkar verði teknar til greina.

Nefndin hefir rætt þetta mál með sér og að því er snertir niðurstöðu hennar og ástæðurnar fyrir þeirri niðurstöðu nægir að vísa til nefndarálita meiri og minni hlutans, sem prentuð eru á þskj. 148 og 154.

Meiri hlutinn hefir komist að þeirri niðurstöðu, að ráða háttv. deild til að fella frumvarpið eins og það liggur fyrir. Ástæðurnar eru tilfærðar í nefndarálitinu, þó að stutt sé. Meiri hlutinn leit svo á, að ekki væri brýn þörf að breyta launalöggjöfinni að svo stöddu, sízt í þá átt, að hækka laun einstakra manna, sem áður eru sæmilega launaðir. Þá má og benda á það, að úr því að farið var að hrófla við launalöggjöfinni, var eins mikil ástæða til að taka tillit til ýmissa manna, sem hér er slept, svo sem aðstoðarmannanna í stjórnarráðinu. Það er engu minni ástæða til að hækka laun þeirra en t. d. landritara og skrifstofustjóranna, nema fremur sé.

Í athugasemdunum við frumvarpið farast stjórninni svo orð, að innan fárra ára geti það komið til greina, að endurskoða alla launalöggjöfina.

Nefndin er stjórninni sammála um, að þetta beri að gera, þegar tími og tækifæri er til, en meiri hlutinn vill að þessar breytingar, sem hér er farið fram á, bíði þess tíma. En um leið og launalöggjöfin verður endurskoðuð, ætti að að yfirvega það, hvort ekki væri auðið að fækka embættunum og í sambandi við það gæti komið til greina að lækka eða helst afnema eftirlaun embættismanna.

Á hverju þingi síðan 1903 hefir embættum og opinberum sýslunum verið fjölgað meir og meir. Eg segi ekki að það hafi verið óþarft með öllu, en víst er um það, að þjóðin lítur misjöfnum augum á þessar embætta-fjölganir, og eg verð að telja það mikið vafamál, hvort þær hafa verið eins nauðsynlegar og af hefir verið látið.

Á Alþingi 1807, ef eg man rétt, voru stofnuð, sumpart með sérstökum lögum, og sumpart á fjárlögunum, 16—18 embætti og opinberar sýslanir, og á Alþingi 1909, háskólaþinginu, var 8—10 nýjum embættum bætt við. Þegar að því er gætt, að alt af er verið að fjölga embættunum, bæði að þörfu og óþörfu, er ástæða til að fara varlega í það, að hækka laun þeirra embættismanna, sem viðunandi laun hafa.

Þegar litið er á fjárlagafrumvarpið sem liggur fyrir þinginu, og það athugað, hvílíkt feikna fé fer til þess að launa embættism. og öðrum opinberum starfsmönnum, þá getur engum manni dulist, að það er miklu meira en góðu hófi gegnir, þegar fátæk þjóð á í hlut, sem í mörg horn hefir að líta.

Eg hefi gert hér dálítið yfirlit, eftir fjárlagafrumvarpinu, yfir það sem greitt er úr landssjóði á ári í laun og eftirlaun. Eg hefi ekki gert það nákvæmlega, alt af tekið lægri upphæðina, til þess að mér skyldu ekki vera bornar á brýn ýkjur, og auk þess hefi eg látið hlaupa á þúsundum.

Yfirlitið er þannig:

| | |
|---|---|
| Til fastra starfsmanna stjórnarinnar . . . . . | 36 þús. |
| Til dómgæzlu og lögreglustjórnar, þar með taldir allir sýslumenn . . . . . | 75 — |
| Til læknastéttarinnar, þar með taldir sérfræðingarnir. . . | 92 — |
| Til póstafgreiðslunnar . . . | 35 — |
| Flyt kr. | 238 þús. |

| | | |
|---|---|---|
| Fluttar kr. | 238 | þús. |
| Til verkfræðings landsins og aðstoðarmanna hans . . . | 10 | — |
| Til landsímans . . . . . | 20 | — |
| Til prestastéttarinnar . . . | 60 | — |
| Til kennara við æðri skóla . | 80 | — |
| Til safnanna . . . . . | 12 | — |
| Samtals á ári kr. | 420 | þús. |

eða á fjárhagstímabilinu 840 þús. Þar við bætist eftirlaunafúlgan og styrkur til einstakra manna, sem er nálega 60 þús. kr. á ári eða 120 þús. á fjárhagstímabilinu. Þessi upphæð gengur til 90 heimilisfeðra. Enn má nefna fjárveitingar til einstakra manna, sem venjulega er kallað »bitlingar«. Sú upphæð er 30 þús. kr. á ári eða 60 þús. kr. á fjárhagstímabili. Samkvæmt þessu verða laun embættismanna, eftirlaunin og bitlingarnir meir en 500 þús. kr. á ári eða rúmlega 1 miljón kr. á fjárhagstímabili, eða með öðrum orðum $^1/_8$ af öllum útgjöldum landsins. Þó hefi eg slept hér mörgu, sem réttilega mátti telja með; þetta eru einungis aðalpóstarnir.

Þegar á þetta er litið, er engin furða þó að þjóðin kveinki sér undan því, að embættum sé fjölgað og embættismannalaunin aukin. Meiri hluti nefndarinnar lítur því svo á, að ekki beri að taka til slíkra breytinga fyr en brýn nauðsyn krefur, og að því er þetta frv. snertir, er það samhuga álit hans að það beri að fella. Minni hluti nefndarinnar mun gera grein fyrir ágreiningsatkvæði sínu, og mun eg ekki fara út í það, að minsta kosti ekki fyr en eg hefi heyrt, hvað hann hefir um það að segja.

Það segir svo á einum stað í nefndarliti meiri hlutans, að margir embættismenn hafi góðar aukatekjur, sumir jafnvel svo miklar, að margir embættislausir menn mundu telja sig fullhaldna af þeim einum. Í nefndarálitinu er engin nánari grein gerð fyrir þessu. Eg ætla heldur ekki að fara út í það atriði, að svo stöddu. En ef til þess kemur, að ummælin verði vefengd, mun meiri hlutinn leitast við að færa sönnur á sitt mál.

Því hefir verið haldið fram, að hér í Reykjavík væri svo sérstaklega dýrt að lifa, og að því meiri ástæða væri til að bæta við laun þeirra embættismanna, sem hér eru. Nefndin kannast fúslega við það, enda er það kunnara en frá þurfi að segja, hversu það er orðið dýrt að lifa hér í Reykjavík. En þess ber að gæta, að það kemur ekki þyngra niður á embættismönnunum en öllum almenningi. Þess vegna gat meiri hl. nefndarinnar ekki séð, að það mælti með launahækkuninni, og einkum þegar þess er gætt, að þegar svo stendur á, að embætti losnar hér í Reykjavík, þá eru margir fyrir einn, sem vilja komast í það, og þar á meðal jafnvel sæmilega launaðir menn utan af landi. Það lítur því svo út, að embættin hér í Reykjavík séu alment talin sæmilega launuð. Ennfremur má benda á það, að þegar menn út um land leggja niður embætti — hvort sem þeir fá nú lausn í náð, eða stjórnin losast við þá á annan hátt — þá sækja þeir allir hingað. Það bendir ekki á, að menn telji með öllu ólífvænlegt að vera hér.

Þá er ein hliðin enn á þessu launamáli, og sem ekki er vikið að í nefndarálitinu. Með því að hækka sífelt laun sæmilega launaðra embættismanna, er mönnum gefið undir fótinn, að þyrpast í æðri skólana og ganga embættismannaveginn.

Eg fyrir mttt leyti álít, að aðsókn að skólunum sé meir en nægileg og að hún sé í raun og veru svo mikil, að ekki sé á það bætandi. Það er því sízt ástæða til að bæta launakjör embættismanna af þeirri ástæðu, að ekki sé nóg til af embættismannaefnum. Þau eru jafn vel fleiri en góðu hófi gegnir. Á hverju ári

útskrifast fleiri menn en geta fengið stöðu hér á landi. Nú er til stór hópur manna, sem tekið hafa embættispróf, en ekki geta komist að neinni stöðu.

Eins og eg þegar hefi getið um, er aðsóknin að skólunum orðin alt of mikil og þjóðinni til skaða, en sízt mun hún minka við, að aukin séu laun embættismannanna.

Eg gat áðan um það, að ef embætti losnaði hér í bænum, væri altaf fjöldi manna utan af landi reiðubúinn til að sækja um það. En það er alveg eins ástatt út um land. Það má segja um hverja opinbera stöðu, sem losnar, að það eru 10 fyrir 1, sem sækja um hana, enda er það eðlilegt, því borgunin er trygg meðan landssjóður er fær um að borga.

Af þeim ástæðum, sem eg hefi tekið hér fram og enn fleiri, verð eg að leggja til, að frumvarpið verði felt.

**Magnús Kristjánsson:** Það mun hafa þótt fyrirsjáanlegt þegar við 1. umr., hver afdrif þessa frv. yrðu, eftir þeim vígahug, sem þá virtist í mönnum. Það hefir líka komið fram meðan nefndin hafði málið til meðferðar og eins í ræðu háttv. framsögum. meiri hlutans (S. S.), að ekki hefði hefir verið skipt um skoðun í þessu máli, heldur beri að skera það sem skjótast niður.

Eg get ekki verið því samþykktur og finst mér það öfgakent.

Það sem fyrir mér vakir, er, hve mikill munur er á hæstu og lægstu launum embættismanna þjóðarinnar. Mér finst því eiga að bæta úr kjörum þeirra sem um langan aldur hafa átt við lág laun að búa. Þar á eg við kennarana.

Ástæður meiri hluta nefndarinnar eru aðallega, að þótt hún að vísu viðurkenni, að það þurfi að breyta launakjörum kennaranna, beri ekki að gera það nema að launalöggjöfin sé öll í heild sinni gagngert endurskoðuð. Þetta hefir að vísu við allmikil rök að styðjast, en eg held að því verði ekki komið við í allra nánustu framtíð.

Það er ýmislegt, sem taka þarf til athugunar áður en slík gerbreyting á launalögunum getur farið fram, t. d. afnám eftirlauna o. fl., sömuleiðis þyrfti stjórnarskrárbreyting að vera á undan gengin.

Eg held, að það sé að ætla stjórninni of mikið verk, að láta hana semja frv. um gagngerða breytingu á launalögum milli þinga, enda mundi það koma fram sem oftar, hver sem stjórnin yrði, að það yrði höfð sama aðferð og á sér stað nú á þinginu, menn mundu ekki aðhyllast tillögur stjórnarinnar.

Ef ætti að taka málið fyrir á þennan hátt, yrði því óhjákvæmilegt að skipa milliþingauefnd, en málið hlyti þá að taka all-langan tíma, því að ekki er nóg með að nefndin þarf langan tíma til að starfa, heldur þyrfti að birta álit hennar, svo að þjóðinni gæfist kostur á að segja álit sitt um það.

Eg verð að halda því fram að ekki sé rétt að álíta, að þjóðin vilji enga launahækkun. Eg álít, að þjóðin vilji einmitt launa embættismönnum sínum sæmilega, til þess að þeir þurfi ekki að gefa sig að aukastörfum til að auka tekjur sínar. Eg álít, að ekki sé heppilegt að embættismennirnir þurfi að hafa fjárhagslegar áhyggjur. Þeir þurfa að vera fjárhagslega óháðir, svo að þeir geti komið fram án manngreinarálits, hver sem í hlut á.

Þess vegna álít eg það, sem eg hefi farið fram á, alveg bráðnauðsynlegt, því allir verða að játa, að laun kennara eru óhæfilega lítil, ef ætlast er til að fengnir séu í embættin allir inir beztu menn, sem völ er á í hverri grein.

Flestir verða að játa, að hér sé um

þýðingarmikil störf að ræða. Þykist eg vita, að allir foreldrar, sem senda börn sín í Mentaskólann, hafi áhyggjur út af því, hvernig ráðast muni um framtíð þeirra, og vilji, að kennarastöðurnar séu sæmilega launaðar. Enda er það stórkostlegur ábyrgðarhluti, ef miður tekst til en æskilegt væri. Á þessum síðustu árum hefir árangurinn verið mjög góður, og sá mikli munur á að svo sé, og að hann sé miður góður, ætti að gera það að verkum, að menn ekki horfðu í að hækka laun kennaranna um þessa lítilfjörlegu upphæð

Eg vona, að háttv. þingm. hafi kynt sér breytingartillögur, þær sem eg hefi komið fram með. Þær eru eigi svo margbrotnar, að það þurfi að gera nákvæma grein fyrir þeim.

1. breytingartillagan er miðlunartillaga, sem eg vona að margir háttv. þingmenn muni aðhyllast. Hinar eru ekki annað en afleiðingar af 1. breytingartillögunni, og þurfa engrar skýringar við.

Finn eg svo ekki ástæðu til að fjölyrða meir um þetta. Vona eg að það verði að minsta kosti nokkrir þingmenn í deildinni, sem finni, að breytingartillögurnar hafi mikið til síns mál.

**Umboðsm. ráðherra (Kl. J.):** Eg get verið samþykkur háttv. framsögumanni meiri hluta nefndarinnar (S. S.) um, að það sé óþarfi að hafa mörg orð um þetta mál.

Forlög Kartagóborgar eru sem sé fyrirsjáanleg. Það er auðséð, hver muni verða afdrif þessa frumvarps, bæði eftir undirtektunum við 1. umræðu og eftir nefndarálitinu að dæma, og virðist því óþarft að fara ýtarlega út í málið.

Það hefir verið tekið fram nú eins og við 1. umræðu, að málið væri ekki nægilega undirbúið. En hvað er nægur undirbúningur? Einn kallar það nægan undirbúning, sem annar kallar alveg ónógan.

Eg hefi sérstaklega heyrt að háttv. þingm. Seyðf. (V. G.) hafi við 1. umr. kvartað undan því, að það vantaði samanburð við launakjör embættismanna í nágrannalöndunum, Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Þetta er öldungis rétt, þessu frumvarpi fylgir engin skýrsla um þau, en það vita allir, að laun tilsvarandi embættismanna í þessum löndum, einkum í Svíþjóð, eru langtum hærri en hér er farið fram á. Auk þess, hvað hefði það þýtt, þótt skýrsla hefði fylgt um þetta, þegar alt af er viðkvæðið, að við getum ekki farið eftir því, hvernig til hagur hjá öðrum þjóðum, við verðum að sníða okkur stakk eftir vexti?

Það er heldur ekki hægt að færa fram þessa ástæðu gegn tveim af frumvörpum stjórnarinnar, frumvarpinu um verkfræðing landsins og frumvarpinu um landsbókavörð. Í athugasemdunum við þau frumvörp er tekið greinilega fram, hversu mikil laun tilsvarandi embættismenn fái í þeim löndum, sem nefnd voru, en það virðist engin áhrif hafa haft á nefndina.

Þá hefir nefndin fært það fram, að ekki hafi verið gefnar upplýsingar um, hversu miklar aukatekjur þeir embættismenn hafi, sem ætlast var til í frumvarpinu að fengju launaviðbót. En mér heyrðist á framsögumanni meiri hluta nefndarinnar (S. S.), enda skýrt tekið fram í nefndarálitinu, að nefndarmenn þættust vita, að embættismenn, sem hér eiga hlut að máli, hefðu margir einhverjar aukatekjur og þá hve miklar. Úr því að nefndinni var svona vel kunnugt um það, virðist hafa verið algerður óþarfi af stjórninni að vera að skýra sérstaklega frá því.

Háttv. framsögumaður meiri hluta nefndarinnar sagði, að sér fyndist ekki

meiri ástæða til að hækka laun landritara og skrifstofustjóranna heldur en aðstoðarmannanna í stjórnarráðinu. Þetta er alveg rétt, en laun þeirra hafa einmitt verið hækkuð. (*Lárus H. Bjarnason:* Hefir þeim ekki verið fjölgað?). Þeim hefir bæði verið fjölgað og laun þeirra bætt. Aðstoðarmaður einn, sem byrjaði með 1500 kr. launum, hefir nú 2000 kr., hinir tveir 1800 kr. og 1650 kr. Þeir hafa því allir fengið launaviðbót. Skrifararnir, sem höfðu 1000 kr. í byrjunarlaun, hafa nú 1200 kr. Það er því ekki rétt, að það hafi ekki verið tekið tillit til þeirra. Og mér er óhætt að fullyrða, að stjórnin hefir eigi síður borið hag aðstoðarmannanna fyrir brjósti en hinna. Stjórnin fer í hverju fjárlagafrumvarpi fram á hækkaðan skrifstofustyrk, aðallega til þess að geta bætt kjör aðstoðarmannanna.

Það er auðséð, að þetta frumv. verður felt, en þó að það verði felt að þessu sinni, geta menn verið vissir um, að það kemur bráðlega aftur. Það er blátt áfram réttlætiskrafa, að menn fái svo góð laun, að hægt sé að lifa af þeim.

Ef allar lífsnauðsynjar stíga, er það sjálfgefið, að hækka verður laun embættismanna, einkum þeirra lægst launuðu, það er jafn-sjálfgefið sem að iðnaðarmaðurinn hækkar smíðakaup sitt, og verkamaðurinn dagkaup sitt.

Við 1. umr. hafa komið fram ýmsar athugasemdir, sem gefa mér ástæðu til að segja nokkur orð. Ymsir embættismenn kváðu þá hafa orðið fyrir aðdróttunum, ef ekki á að kalla það verra nafni, af því þeir hafi farið fram á launaviðbót. Eg get ekki skilið, hversvegna menn eiga að fá skammir, þó þeir hafi beðið um launahækkun, þegar sannanlegt er, að alt, sem til lífsviðurværis þarf, hefir stígið um 30—40 % in síðustu ár, og enn meira, sé miðað við þann tíma, er launalögin voru samin. Mér finst það vera ærleg sök, þó menn fari fram á launaviðbót. Það er heldur ekki eingöngu embættismenn í Reykjavík, sem farið hafa fram á launahækkun, heldur fjöldi annara manna. Get eg tilnefnt t. d. mjög marga póstafgreiðslumenn út um land, sem hafa sagt sér ómögulegt að halda áfram störfum sín um, ef þeir ekki fengju launaviðbót. Þessar kröfur hafa verið svo vel rökstaddar, að ekki hefir verið hægt að ganga fram hjá þeim, og laun þessara manna hafa venjulega verið hækkuð með samþykki þingsins, og hjá sumum oftar en einu sinni.

Eg sé því ekki, að það sé neitt óheiðarlegt þó embættismenn fari fram á, að hækkuð séu laun þeirra, og finst mér ekki að Alþingismönnum beri að lá þeim það svo mjög, þar sem þeir sjálfir hækkuðu laun sín afarmikið í fyrra. Var mér þá ekki kunnugt um, að lægi fyrir neinn ákveðinn vilji þjóðarinn um, að fá því framgengt, eða neinir útreikningar eða áætlanir um, hve mikinn aukinn kostnað það hefði í för með sér, yfir höfuð engar þær upplýsingar, sem nú þykja nauðsynlegar. Sérstaklega virðist mér þó óhæfa að veitast að þeim mönnum, sem *alls ekki* hafa sótt um launahækkun. Það stendur í athugasemdum við frumvarpið, hverjir hafa gert það. Aðrir en þeir, sem þar standa, hafa ekki mér vitanlega sótt um launahækkun.

Það ræður að líkindum, að þótt mér stöðu minnar vegna hafi verið kunnugt um frumvarpið, hafi eg eigi verið neitt sérlega hrifinn af því hvað *sjálfan* mig snertir, þar sem virðist vera rýrt gildi og álit embættis míns, er byrjunarlaunin eru færð niður, enda er mitt embætti það eina, sem eftir frumv. á að launa ver en áður, og eg er sá einasti embættismaður, sem eftir því fær enga launahækkun næsta fjárhagstímabil, þar sem aðrir fá mörg hundruð. Það ræður því

að líkindum, segi eg, að eg geti rólegur séð þetta frumv. bíða eitt fjárhagstímabil enn.

Mér finst ósanngjarnt og ómaklegt að beina ónotum og aðfinningum til mín út af þessu frumv.

Eg hefi heyrt sagt, að eg eigi að vera upphafsmaður að þessu frv., en þó eg mundi alls ekki skammast mín fyrir það, þá verð eg sannleikans vegna að lýsa yfir því, að svo er ekki, enda ber frumvarpið það ljóslega með sér, hverjir eru upphafsmenn að því.

Úr því að eg fyrir ið sorglega atvik, sem er öllum kunnugt, á sem stendur sæti í þinginu, ætla eg að nota tækifærið til að svara með nokkrum orðum þeim árásum, sem á mig hafa verið gerðar. Mun eg reyna að gera það án alls hita og skal reyna að forðast óþingleg orð, sem alt af eiga illa við, en sérstaklega sætu illa á mér, þar sem eg sit hér hér í sæti annars manns og er á hans ábyrgð.

Eg hefi eigi lesið ræðu háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) í Alþingistíðindunum, en eg hefi hér fyrir mér blaðið »Ingólf«, sem »refererar« hana, og þar sem það blað ber hans nafn sem ritstjóra, má telja það víst, að blaðið hafi hermt rétt ræðu hans.

Það fyrsta, sem mér er þar fundið til foráttu, er, að eg vinni ekki nema 2 tíma á dag í stjórnarráðinu.

Eg ímynda mér, að flestir bæjarbúar viti, að þetta er fjarri öllum sanni. Eg get vitnað um það til samverkamanna minna, að eg er engan virkan dag skemur en 6—7 kl.st. í stjórnarráðinu. Þar fyrir utan hefi eg oft heimavinnu. Það sama á sér stað um aðra starfsmenn á 1. og 2. skrifstofu, en á 3. skrifstofu er vinnan jafnari, og því ekki oft þörf á síðdegisvinnu.

Hvað heimavinnu snertir, skal eg sem dæmis geta þess, að eg hefi alt af samið fyrsta uppkastið af fjárlagafrumvarpinu með athugasemdum; er þetta mikið verk, og hefir mest alt jafnan verið unnið heima á kvöldin.

Í öðru lagi stendur — og þykir mér það þyngri ásökun* —, að þær stundir, sem eg sé í stjórnarráðinu, væri eg að vinna fyrir sjálfan mig. Þetta verð eg að lýsa rakalaus ósannindi. Auðvitað hefir það komið fyrir, að eg hefi lesið bréf eða blöð þar, en að eg vinni þar fyrir sjálfan mig er blátt áfram ósatt. Er mér óhætt að segja, að á dauða mínum átti eg von, en ekki á slíkri ákæru.

Þá hefir verið minst á stjórnarráðsfrímerkin og gerður mikill þytur og hvellur út af þeim. Það er ekki í fyrsta sinn, sem hefir verið minst á þau, en það ætti vissulega að verða í síðasta skiftið.

Það er rétt, að fjöldi bréfa kemur stýluð til stjórnarráðsins, en eg hefi aldrei heyrt annað, en að frímerkin væru eign þeirra, sem bréfin eru stíluð til, og því þau frímerki, sem koma á bréfum til stjórnarráðsins, eign þess, alveg á sama hátt sem frímerkin af bréfum þeim, sem áður komu til landshöfðingja, voru hans eign, án þess eg viti til að nokkur hafi véfengt það. Það sama má segja um póstmeistara og sýslumenn og yfirleitt alla embættismenn í landinu, að þeir skoða frímerkin, sem til þeirra koma á þjónustusendingum, sem sína eign.

Eg get því ekki séð, að nokkrum komi það við, hvernig embættismenn hagnýta sér frímerkin af bréfum þeim, sem til þeirra eru stíluð, meðan ekki eru til sérstök lög um þau, og er það því bæði einstökum þingmönnum sem þinginu í heild sinni alveg *óviðkomandi*, hvernig stjórnarráðið ver andvirðinu af frímerkjum sínum. Þetta er svo blátt áfram og einfalt, að það er ekki frekari orðum að því eyðandi.

Það var sérstaklega upphæðin, sem

þessi frímerki kváðu eiga að nema, sem eg ætlaði að geta um. Hún er nefnilega svo ósæmilega uppskrúfuð í umtali manna, sem auðvitað stafar frá »Ingólfi«, að hún er hvorki meira né minna en tífölduð. Sérstaklega á þetta sér þó stað við frímerki, þau sem inn áttu að hafa komið til stjórnarráðsins út af manntalinu 1910, því að eg hefi heyrt því haldið fram, að stjórnarráðið hafi fengið 3000 krónur fyrir þau, þar sem sannleikurinn er sá, að þau seldust fyrir 300 kr.

Það vill nú svo vel til, að þetta er hægt að sanna, hvenær sem er. Það hittist svo á, að skýrslurnar eða eyðublöðin urðu síðbúin af því, að prentsmiðjan hafði verið svikin um pappír, og þess vegna voru skýrslurnar sendar út að mestu með landpóstum, og varð því burðareyririnn um 700 kr. Þetta hefi eg eftir Indriða Einarssyni skrifstofustjóra, og sannanir fyrir því er að finna í póstkvittanabókum stjórnarráðsins. Þá sést nú strax, að ekki muni hafa kostað *meira* undir þær til baka aftur. En auk þess ber að gæta: 1. að skýrslurnar voru frá stjórnarráðinu sendar til *allra* presta á landinu, en þeir sendu frá sér til prófasta og *þeir* aftur til stjórnarráðsins í miklu stærri sendingum, og þess vegna með *lægra* burðargjaldi. 2. að skýrslurnar komu til baka aðallega með skipum í febr. 1911, því að þá var skipaferð vegna Alþingis, sem þá hófst í miðjum Febrúar, eins og menn muna, og varð það ódýrari flutningur en á landi. Í þriðja lagi var meira sent út af eyðublöðunum en brúka þurfti, og kom því færra aftur af útfyltum eyðublöðum en send höfðu verið út auð. Af öllu þessu er það ljóst, að burðargjaldið til baka hlaut að verða miklu minna en út um landið. Þessi frímerki að viðbættum öðrum, sem komið höfðu á bréfum frá áramótum voru seld í Apríl eða Maí 1911 og seldust á *300 krónur*. Það var Aasberg skipstjóri á Botniu, sem seldi þau, og getur hann vitnað um, að þetta er rétt. Núna síðasta árið hafa frímerkin verið með mesta móti, en þó hefir andvirði þeirra ekki náð 300 kr., en þangað til árið 1911 voru þau alt af innan við 200 kr. á ári. —

Eg hefi álitið það rétt að skýra frá þessu, af því að þetta frímerkjamál hefir svo oft verið notað til þess að ófrægja mig, til þess að menn fái einu sinni að vita ið rétta, og þar við legg eg drengskap minn, að þetta sé rétt, svo verði þessum ófrægingum og ósannindum hér eftir haldið á lofti, þá verður það gert *vissvitandi*.

Það hefir verið minst á það, að eg hafi fengist við ritstörf utan embættis. Eg þykist eiga nóttina sjálfur og aðrar fristundir, sem kunna að verða frá embættisstörfum mínum, og vera sjálfráður um, hvernig eg ver þeim. Það hefir oft verið látið klingja, að embættismenn ynnu ekkert í fristundum sínum; hér sýnist því skjóta skökku við, að mér sé ámælt fyrir það, að nota fristundir mínar, enda skoða eg þetta ámæli fremur til lofs en hitt.

Enn fremur hefir það verið notað til að sýna, hve gjarn eg sé í bitlinga, að bera mér á brýn, að eg hafi seilst eftir endurskoðun við Íslandsbanka. Sannleikurinn er sá, að eg hafði ekki hugmynd um, að stungið mundi verða upp á því, að kjósa mig fyrir endurskoðanda, og ef eg hefði vitað það, mundi eg að sjálfsögðu hafa aftrað því, því að það gat ómögulega sameinast stöðu minni sem varaformaður í bankaráðinu. Mér þykir það æði hart, að mér sé borið það á brýn, sem eg hefi enga sök á né hugmynd um.

Háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) og fleiri, þar á meðal hv. 1. þm. Rang. (E. J.) í gær,

hafa sagt, að landritaraembættið væri óþarft; hafa þeir sérstaklega tekið það fram sem ástæðu, að eg var 2 mánuði burtu frá embættinu í vor og það að eg var 2 mánuði burtu, en þess er ekki getið um leið, að 7 ár eru síðan eg hefi haft nokkurt frí. Annarstaðar er það alsiða, að embættismenn fái 1—2 mánaða sumarfrí á ári. En hér er þetta talið eftir, og svo er kallað, að eg hafi verið burtu mánuðum *saman*, og við báðir samtímis, ráðherra og eg, þótt sannleikurinn sé sá, að við vorum að eins burtu 1 mánuð samtímis. Ef þeir sem telja landritaraembættið óþarft, vildu sýna alvöru í því máli, þá ættu þeir að beita sér fyrir stjórnarskrárbreytingu, til að afnema það embætti, og mundi fáum vera það kærara en mér, ef þeir vildu losa mig við það vanþakkláta og umsvifamikla embætti. Eg get nú samt ekki verið þeim samdóma, sem telja það embætti þýðingarlaust. Annað mál er það, að spursmál væri, hvort ekki ætti að breyta því. Þetta embætti hefir frá öndverðu verið hvorki fugl né fiskur. Eftir *óskrifuðum* lögum hefir það verið samróma álit allra, að landritararinn ætti ekki að vera við stjórnmál riðinn. Þannig var það, er eg tók við því embætti; þá sagði eg af mér þingmensku. Sumir hafa jafnvel gengið svo langt, að þeir hafa ekki viljað einu sinni, að landritari sinti borgaralegum skyldum, eins og kom fram, er eg var kosinn hér í bæjarnstjórn um árið. Þessi óskrifuðu lög um það, að landritari sé afskiftalaus um stjórnmál, virðast mér ekki samþýðast stjórnarskránni, sem gerir ráð fyrir því, að landritari gegni ráðherraembætti, og það *á sína ábyrgð*, ef ráðherra deyr, og verður þá sem slíkur að undirbúa frumv. og mæta á þingi, eða með öðrum orðum einmitt að fást við stjórnmál. Auk þess er ráðgert í stjórnarskránni, að ráðherra geti notað umboðsmann til að mæta fyrir sig á þinginu, og er þá sjálfsagt talið, að landritarinn sé þessi umboðsmaður, enda hefir líka alt af svo verið, þegar ráðherra hefir ekki getað mætt. Þessi óskrifuðu lög um afskiftaleysi landritara af stjórnmálum eru því brotin að þessu leyti. Oft er það einnig, þegar ráðherra er fjarverandi, að landritari verður að framkvæma ýmis mikilvæg embættisverk á ábyrgð ráðherra. Þetta hefi eg oft hugsað um, og hefir mér virst sem heppilegast mundi, að veita landritara víðtækara vald og láta hann þá bera sjálfan ábyrgð á embættisverkum sínum. Ef þessi breyting kæmist á, yrði afleiðingin líka eðlilega sú, að landritari færi frá, þegar ráðherraskifti verða, að minsta kosti ef viðtakandi ráðh. óskar þess.

Þetta, sem nú hefi eg sagt, hefir mér fundist eg vera neyddur til, til þess að bera hönd fyrir höfuð mér. Eg hirði ekki að endurtaka orð mín í blöðunum, því menn, sem verða þar fyrir aðkasti, geta aldrei haft þar síðasta orðið. Það nægir, að orð mín komi fram í þingtíðindunum, og álít eg þar með fullkomlega hnekt þeim áburði, sem eg hefi orðið fyrir.

Eg hefi ekki ástæðu til að fara nánara út í frumv., þau að sem nú liggja fyrir, enda munu afdrif þeirra ráðin. En samt vil eg biðja menn að athuga vel sína eigin samvizku áður þeir greiða atkvæði til slátrunar þessum frumv., hvort þeir eigi gangi of nærri réttlætis- og sanngirniskröfum, ef þeir greiða atkvæði gegn þeim öllum. Það er að vissu leyti rétt, að þeir, sem lægra eru launaðir, eiga erfiðara en hinir, og á það einmitt við um þá sem sent hafa beiðni um launahækkun, dómendurna við landsyfirdóminn og kennarana við mentaskólann. Laun þessara manna eru ekki boðleg, og með öllu ófullnægjandi fyrir fjölskyldumenn. Mér er kunnugt um

það, að sumir sýslunarmenn landsins, þar á meðal einn nýr frá 1909, hafa meiri tekjur og þó minna að gera en þessir embættismenn, að minsta kosti kennararnir við mentaskólann. Það er hart að þurfa að sitja árum saman í embætti við að eins 2000 kr. laun, eins og lægsti kennarinn við mentaskólann hefir orðið að gera. Mig furðar loks á því, að nefndin skuli ekki hafa tekið meira tillit til þess að launin séu látin fara hækkandi stig af stigi.

Þótt eg búist við, að orð mín hafi ekki mikið að þýða, þá vil eg samt biðja menn að athuga, að þótt þessi frumvörp verði nú feld, þá munu þau rísa upp aftur.

**Einar Jónsson:** Eg stend að eins upp til þess að stinga upp á því, að umræðurnar um þetta mál verði sem styztar. Það var fyrirsjáanlegt strax, og allir voru samdóma um það, að öll þessi launahækkunarfrumvörp ættu að steindrepast; það var að eins af kurteisi við stjórnina, að þeim var vísað til nefndar. Það er því gagnslaust að verja að eyða tíma og peningum í umræður; það má vera nóg, að þessir embættismenn fái *nei*, þótt ekki séu þeir krufðir til mergjar með gerðir sínar og kröfur. Ef í hita slægi, kynnu ef til vill einhver ófögur orð að hrjóta, sem ekki væri viðurkvæmilegt, þar sem enginn þessara manna er viðstaddur til að bera hönd fyrir höfuð sér, nema landritari einn. Alt skraf um þetta er þýðingarlaust, því að eg skil ekki, að menn hafi látið svo hræra í sér, að þeir ljái frumv. atkvæði, þeir sem í þingbyrjun voru ráðnir í að stytta þeim aldur.

**Benedikt Sveinsson:** Eg hafði ekki ætlað mér að taka til máls nú, en orð háttv. umboðsmanns ráðherra neyða mig til að standa upp. Mér virðist hann, eins og aðrir, þeir sem lið hafa lagt þessum launahækkunarfrv., helzt færa það til síns máls, hve mjög nauðsynjar allar hafi hækkað í verði in síðari ár. Mér finst ekki alls kostar rétt að miða launahækkun embættismanna við þetta, því að þess ber að gæta, að það er ekki eingöngu fyrir embættismenn, sem nauðsynjar hafa hækkað í verði, heldur kemur það niður á öllum landsmönnum; verða því embættismenn að sæta sömu kjörum sem aðrir í þessu. Ef sú regla ætti að takast upp, að miða launin við það, hve lífsnauðsynjar væri í háu verði í þann og þann svipinn, þá er eg hræddur um, að mörgum þætti slíkt nokkuð hvikull grundvöllur. Lægi þá einna næst að taka forna verðgjaldið og reikna launin samkvæt verðlagsskrá, t. d. í svo og svo mörgum hveitisekkjum, sykurkössum, rúsínukössum, vættum af harðfiski o. s. frv. og tala þessara gæða væri ávalt in sama, hvort sem þær kostuðu mikið eða lítið, en þó býst eg við, að flestir yrðu óánægðir með þess konar greiðslu og þætti hún flókin og ótilhlýðileg.

Hv. umboðsm. ráðh. (Kl. J.) kveinkaði sér undan einhverjum brigzlyrðum, sem á honum hefðu dunið úr ýmsum áttum, þar á meðal frá þm. N.-Þing. (B. Sv.). Fórust honum svo orð, sem eg hefði sagt, að það væri óheiðarlegt að biðja um launahækkun. Það hefi eg aldrei sagt, en við 1. umr. þessa máls fórust mér svo orð, að það væri *óþarft* að hækka laun embættismanna, einkanlega þeirra hálaunuðu, sem stjórnin hafði þó borið mest fyrir brjósti. Hann fór og mikillega að afsaka sig fyrir því, að hann hefði beðið um nokkra launahækkun sér til handa. En þetta var reyndar óþarfi, því að eg sagði aldrei að landritari hefði farið fram á launahækkun. Hitt er satt, að varla var hægt að skilja orð ráðherra öðruvísi en svo, að allir

embættismenn, sem frumvarpið telur upp, hefði sótt um launahækkun, nema biskup einn, því að hann tók það sérstaklega fram um *hann einan*, að *hann* hefði ekki sjálfur óskað launahækkunar, heldur verið tekinn með fyrir samræmis sakir. Í þessu virtist það felast, að hinir allir hefði einmitt sótt um launahækkun, úr því þessi einn var tekinn undan.

Um vinnutíma landritara hafði eg ekkert fullyrt. En þess hafði eg getið, að landritari auglýsti í blöðunum tveggja stunda viðtalstíma á dag í stjórnarráðinu. Það er skiljanlegt, þótt slíkt kveiki þá hugmynd manna á meðal, að landritari sé ekki í stjórnarráðinu lengri tíma, því að menn eiga bágt með að skilja, að hann sé svo heilagur, að ekki megi hitta hann til viðtals þegar hann er á annað borð viðstaddur í stjórnarráðinu og gegnir þar opinberum störfum á landsins kostnað.

Sjálfsagt má heldur ekki skilja það alt of bókstaflega, að landritari vinni ekkert annað en embættisverk, þegar hann er í stjórnarráðinu, því að kunnugt er t. d., að hann stefnir *þangað* til sín þeim mönnum, er skuldagreiðslur hafa með höndum eða önnur viðskifti við félög, þau sem hann er gjaldkeri fyrir.

Háttv. umboðsm. ráðherra gerði lítið úr verði frímerkjanna og eftir því sem hann sagði, virðist hann hafa verið furðu óheppinn með markað fyrir þau síðustu árin. Hann sagði, að burðareyrir undir manntalsskýrslurnar hefði að eins orðið 700 kr., er þær voru sendar út um landið og hefði þær þó að mestu eða öllu leyti verið sendar út með *landpóstum*, en aftur *komið* með *skipum*, og þá hefði burðargjaldið undir þær verið miklu minna. — En þetta hlýtur að vera sprottið af misminni háttv. landritara, því að það er áreiðanlegt, að megnið af manntalsskýrslunum fór einmitt út með skipum, sem og er og auðséð af því, að ekki kostaði undir þær héðan nema 700 krónur samkvæmt játning landritara, en hefði ella átt að kosta um 3000 krónur eða meira, því að nálægt 3000 pundum var sent út. Aftur kom megnið af skýrslunum til baka landveg og því með hærra burðargjaldi, því að menn voru ekki að eltast við skipið, sem flutti þingmennina um veturinn og að eins kom á örfáar hafnir. Þetta hefir alt ruglast í höfði háttv. landritara. Skýrslurnar voru um 3000 pund, er þær voru sendar héðan, og ætti þá burðareyririnn ekki að skeika miklu frá því sem eg hafði sagt. Hér er um dýr frímerki að ræða, þjónustufrímerki, sem ættu að seljast nálega við frumverði; er því harla ótrúlegt, að andvirði þeirra skuli að eins hafa orðið 300 kr.

Háttv. umboðsmaður ráðherra þóttist hafa orðið fyrir aðkasti sakir þess, að hann hefði ætlað að krækja sér í atvinnu sem endurskoðandi Íslandsbanka. En þetta er miskilningur. Eg hafði alls ekki veitzt að honum persónulega, heldur lutu orð mín að því að sýna, hversu vel landritarinn situr fyrir hlunnindum, þar sem þau ber jafn-vel upp á reka hans, án þess hann geri nokkuð til þess sjálfur.

Eitt, sem flýtur af stöðu landritara sem slíks, eru skipanir hans í milliþinganefndir. *(Umboðsm. ráðh.:* Nei!). Landritari neitar þessu, og er reyndar óhægt að greina hann svo sundur, að ákveðið verði með vissu, hvort hann er í nefndunum »sem slíkur« eða sem »privatmaður«. Eg held þó fremur að það sé hlunnindi af stöðu hans að eiga sæti i milliþinganefndum, eins og t. d. kolanefndinni, sem sat afarlengi, með 8 kr. dagkaupi. Eg nenni ekki að fara að telja upp önnur störf landritara, t. d.

aukaskriftir hans, svo sem embættismannatalið. Meira er varið í tekjurnar af formensku hans í bankaráðinu í forföllum ráðherra, sem veittu honum 500 kr. aukatekjur á ári, þegar Björn Jónsson var ráðherra, og 250 kr. í tíð Kristjáns Jónssonar; nú er mér sagt að þetta sé aftekið; núverandi ráðherra vildi ekki greiða honum þetta gjald, taldi starfið við bankann eitt af skyldustörfum, þeim er landritaraembættinu fylgdu. En nú hefir háttv. landritari leitað í aðra átt og fengið því framgengt í utanför sinni við hluthafana erlendis, að bankinn sjálfur greiðir honum framvegis 200 krónur á ári fyrir þann tíma, sem hann kann að gegna störfum ráðherra í bankaráðinu. Til allra slíkra hlunnina verður að líta, þegar verið er að meta nauðsynina á launahækkun.

Mér fanst landritari hneykslast á því, að talað var um afnám landritaraembættisins; þó skildist mér sem ekki væri langt í milli skoðana okkar um það embætti; á það benda þau ummæli hans, að þetta embætti *væri hvorki fugl né fiskur.*

Eg get alls ekki fallist á, að viðurkvæmilegt sé, að landritari eigi sæti í bæjarstjórn, því að hún getur iðulega átt talsvert undir stjórnarráðinu; það verður oft að fella úrskurði um gerðir hennar, og fer það þá ekki vel saman, að stjórnarráðið sitji í bæjarstjórn.

**Kristinn Daníelsson:** Eg stend að eins upp til þess að gera stutta grein fyrir atkvæði mínu. Eg býst við, að það falli svo, að menn kynnu af því að ráða, að eg hafi aðrar skoðanir um þetta mál heldur en eg hefi í raun og veru. Mér skilst, sem aðalástæða nefndarinnar fyrir því að leggja á móti þessu frumv. sé sú, að bezt fari á því, að öll launalöggjöfin sé endurskoðuð í einu, jafnframt því að eftirlaunin séu afnumin. Þótt það sé sennilega vilji manna alment, að eftirlaun séu afnumin, og oft hafi um það heyrst háværar kröfur, þá getur þó orðið talsverður dráttur á því. Eg veit ekki betur en að 4. gr. stjórnarskrárinnar, um eftirlaun embættismanna, sé, eins og 2. gr., um eftirlaun ráðherra, skilin svo, að stjórnarskrárbreyting þurfi til þess að breyta eða afnema eftirlaunin.

Ekki er það skoðun mín, að á meðan sé rétt að halda í svelti mönnum, sem allir játa að vanlaunað sé, eða stuðla að því, að nýtir menn missist frá störfum sínum, vegna þess að þeir eiga örðugt með að draga fram lífið með þeim kjörum, sem þeir eiga nú við að búa. Það er nú ef til vill ekki hætta á því, vegna þess að þeir munu ekki hafa í önnur hús að venda, og betra að veifa röngu tré en öngu.

En þegar eg kem að þessu frumvarpi, þá finst mér nauðsynin misjöfn á því að breyta launakjörum þeirra manna, sem þar eru tilnefndir. Þetta játar líka háttv. nefnd. Í nefndarálitinu stendur, að ástæða sé til að bæta kjör sumra þeirra embættismanna, sem getur í frumv., og þá með persónulegri launaviðbót í fjárlögunum. Raunar hefði átt betur við, að nefndin hefði sjálf komið með beinar tillögur í þá átt, en það hefir hún ekki gert.

Eg get verið háttv. nefnd samdóma í því, að ekki sé rétt að stofna nú ný eftirlaunaembætti, að minsta kosti rétt, að láta þau bíða þangað til séð verður hvernig fer um eftirlaunalöggjöfina, hvort eftirlaun embættismanna verða afnumin eða ekki.

Þá er eg líka samdóma háttv. nefnd í því, að þetta frumv. hafi að ýmsu leyti verið ónærgætnislega eða illa undirbúið. Og þótt mikil sanngirni mæli með því að bæta kjör sumra þeirra

manna, sem farið er fram á í frumv., þá býst eg ekki við að geta greitt frumv. í heild sinni atkvæði mitt. Eg er mótfallinn sumu af efnisástæðum, og sumu af beinlínis formlegum ástæðum. T. d. þykir mér það ekki rétt að samþykkja stighækkun í launum einstakra embættismanna fyr en sama reglan er látin gilda um alla. Heldur ekki býst eg við að mitt atkvæði mundi bjarga málinu. Af sömu ástæðu get eg ekki greitt atkvæði með breyt.till. minnihlutans, þó að þær láti ekki illa í augum. En verði komið með tillögur í þá átt, að bæta kjör einstakra embættismanna, sem allir verða að játa að sé vanlaunað, með persónulegri launauppbót á fjárlögunum, þá mun eg verða því fylgjandi.

ATKV.GR.:

1. gr. frumv. feld með 23 : 1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, er óskað var um þessa og aðrar greinar frumv. af Benedikt Sveinssyni, Þorleifi Jónssyni, Einari Jónssyni, Sigurði Sigurðssyni, Skúla Thoroddsen og Bjarna Jónssyni, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Kristján Jónsson | Eggert Pálsson |
| | Jón Jónsson |
| | Benedikt Sveinsson, |
| | Bjarni Jónsson |
| | Björn Kristjánsson |
| | Einar Jónsson |
| | Guðmundur Eggerz |
| | Halldór Steinsson |
| | Jóh. Jóhannesson |
| | Jón Magnússon |
| | Jón Ólafsson |
| | Kristinn Daníelss. |
| | Lárus H. Bjarnason |
| | Magnús Kristjánss |
| | Matthías Ólafsson |
| | Ólafur Briem |
| | Sig. Sigurðsson |
| | Skúli Thoroddsen |
| | Stefán Stefánsson |
| | Tryggvi Bjarnason |
| | Valtýr Guðmundss. |
| | Þorleifur Jónsson |

Pétur Jónsson greiddi ekki atkvæði og var talinn með meirihlutanum. — Hannes Hafstein var fjarverandi.

2. gr. frumv. feld með 24 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| | Eggert Pálsson |
| | Jón Jónsson |
| | Benedikt Sveinsson |
| | Bjarni Jónsson |
| | Björn Kristjánsson |
| | Einar Jónsson |
| | Guðmundur Eggerz |
| | Halldór Steinsson |
| | Jóh. Jóhannesson |
| | Jón Magnússon |
| | Jón Ólafsson |
| | Kristinn Daníelss. |
| | Lárus H. Bjarnason |
| | Magnús Kristjánss. |
| | Matthías Ólafsson |
| | Ólafur Briem |
| | Pétur Jónsson |
| | Sig. Sigurðsson |
| | Skúli Thoroddsen |
| | Stefán Stefánsson |
| | Tryggvi Bjarnason |
| | Valtýr Guðmundss. |
| | Þorleifur Jónsson |

Kristján Jónsson greiddi eigi atkvæði og var talinn með meirihlutanum.

3. gr. frv. var feld með 19 : 2 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Jóh. Jóhannesson | Eggert Pálsson |
| Jón Magnússon | Jón Jónsson |
| | Bened. Sveinsson |
| | Bjarni Jónsson |
| | Björn Kristjánsson |
| | Einar Jónsson |
| | Guðmundur Eggerz |
| | Halldór Steinsson |

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| | Jón Ólafsson |
| | L. H. Bjarnason |
| | Magnús Kristjánss. |
| | Matthías Ólafsson |
| | Ólafur Briem |
| | Sig. Sigurðsson |
| | Skúli Thoroddsen |
| | Stefán Stefánsson |
| | Tryggvi Bjarnason |
| | Valtýr Guðmundss. |
| | Þorleifur Jónsson. |

**Kristinn Daníelsson**, Kristján Jónsson og **Pétur Jónsson** greiddu ekki atkvæði og **voru ástæður** þeirra teknar gildar.

4. gr. frv. var feld með 24 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| | Eggert Pálsson |
| | Jón Jónsson |
| | Benedikt Sveinsson |
| | Bjarni Jónsson |
| | Björn Kristjánsson |
| | Einar Jónsson |
| | Guðmundur Eggerz |
| | Halldór Steinsson |
| | Jóh. Jóhannesson |
| | Jón Magnússon |
| | Jón Ólafsson |
| | Kristinn Daníelsson |
| | Lárus H. Bjarnason |
| | Magnús Kristjánss. |
| | Matthías Ólafsson |
| | Ólafur Briem |
| | Pétur Jónsson |
| | Sig. Sigurðsson |
| | Skúli Thoroddsen |
| | Stefán Stefánsson |
| | Tryggvi Bjarnason |
| | Valtýr Guðmundss. |
| | Þorleifur Jónsson |

**Kristján Jónsson** greiddi ekki atkvæði og taldist með meiri hlutanum.

5. gr. frv. var feld með 16 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Jón Jónsson | Benedikt Sveinsson |
| Jóh. Jóhannesson | Bjarni Jónsson |
| Jón Magnússon | Björn Kristjánsson |
| Kristján Jónsson | Einar Jónsson |
| Magnús Kristjánss. | Guðmundur Eggerz |
| Matthías Ólafsson | Halldór Steinsson |
| Pétur Jónsson | Jón Ólafsson |
| | Ólafur Briem |
| | Sigurður Sigurðsson |
| | Skúli Thoroddsen |
| | Stefán Stefánsson |
| | Tryggvi Bjarnason |
| | Valtýr Guðmundss. |
| | Þorleifur Jónsson |

Eggert Pálsson, Kristinn Daníelsson Lárus H. Bjarnason greiddu ekki atkvæði og voru tveir inir fyrsttöldu taldir með meiri hlutanum.

Frumvarpið þar með talið fallið.

---

FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr. 56, 22. Nóv. 1907 um stjórn Landsbókasafnsins (stj frv., nr. 153); 2. umr.

**Frams.m. (Sigurður Sigurðsson):** Um þetta frv. hefi eg lítið að segja. Get eg látið mér nægja að vísa til nefndarálitsins og inna almennu athugasemda minna við frumvarpið sáluga, sem fyrst var á dagskrá. Þó vil eg nota tækifærið til að geta þess, að nefndin álítur það rétta stefnu hjá stjórninni, að setja byrjunarlaunin lægri í fyrstu og láta þau fara hækkandi. Vonar nefndin að þeirri reglu verði fylgt þegar stjórnin leggur næst fyrir Alþingi frumv. um breytingu á launalöggjöfinni. Það er margt, er mælir með því og gerir það sanngjart að launin fari hækkandi með aldrinum.

Sé eg svo ekki ástæðu til að fara frekari orðum um þetta frv. — Vona að afdrif þess verði söm og ins fyrra.

ATKV.GR.:

Nafnakalls óskuðu um þetta frv. og tvö in næstu á dagskránni: Benedikt Sveinsson, Þorleifur Jónsson, Einar Jónsson, Sig. Sigurðsson, Skúli Thoroddsen og Bjarni Jónsson.

1. gr. frv. var feld með 22 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| | Eggert Pálsson |
| | Jón Jónsson |
| | Benedikt Sveinsson |
| | Bjarni Jónsson |
| | Björn Kristjánsson |
| | Einar Jónsson |
| | Guðmundur Eggerz |
| | Halldór Steinsson |
| | Jóh. Jóhannesson |
| | Jón Ólafsson |
| | Kristinn Daníelsson |
| | Lárus H. Bjarnason |
| | Ólafur Briem |
| | Sigurður Sigurðsson |
| | Skúli Thoroddsen |
| | Stefán Stefánsson |
| | Tryggvi Bjarnason |
| | Valtýr Guðmundss. |

Jón Magnússon, Kr. Jónsson, Magnús Kristjánsson og Pétur Jónsson greiddu ekki atkvæði og töldust með meiri hlutanum. Tveir þingmenn voru ekki viðstaddir.

Frumvarpið þar með fallið.

---

FRUMVARP til laga um breyting á 33. gr. í lögum nr. 59, 22. Nóv. 1907, um fræðslu barna (stj.frv., nr. 152); 2. umr.

Frvs.gr. feld umræðulaust með 20 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Jón Magnússon | Eggert Pálsson |
| Jón Ólafsson | Jón Jónsson |
| Kristján Jónsson | Benedikt Sveinsson |
| | Bjarni Jónsson |
| | Björn Kristjánsson |
| | Einar Jónsson |
| | Guðmundur Eggerz |
| | Halldór Steinsson |
| | Kristinn Daníelss. |
| | Lárus H. Bjarnason |
| | Ólafur Briem |
| | Sig. Sigurðsson |
| | Skúli Thoroddsen |
| | Stefán Stefánsson |
| | Tryggvi Bjarnason |
| | Valtýr Guðmundss. |
| | Þorleifur Jónsson |

Magnús Kristjánsson, Matthías Ólafsson, Pétur Jónsson, greiddu ekki atkv. og töldust með meiri hlutanum. Einn þingmaður ekki við.

---

FRUMVARP til laga um verkfræðing landsins (stj.frv., n. 151); 2. umr.

**Frams.m. (Sigurður Sigurðsson):** Þetta frv. um verkfræðing landsfer fram á það að eins, að gera verkfræðingsstöðuna að konunglegu embætti með eftirlaunarétti. Nefndin var á þeirri skoðun, að ekki gæti komið til mála að aðhyllast þetta frumv., og það af þeim ástæðum, sem teknar eru fram í nefndarálitinu. Nú er krafa þjóðarinnar sú, að minka beri eftirlaunin, eða að minsta kosti að koma þeim í annað horf en nú er. Hún er því á móti þeirri stefnu að bæta við nýjum konunglegum embættum með eftirlaunarétti.

Eg hefi svo ekki meira að segja um frumvarpið; eg býst við að það fari sömu leiðina og hin frumvörpin. Eg geri ráð fyrir að einn háttv. nefndarmaður, sem skrifað hefir undir nefndarálitið með fyrirvara, geri grein fyrir sinni skoðun á málinu, ef hún er frábrugðin skoðun meiri hlutans.

ATKV.GR.:

1. gr. frv.s. feld með 22:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Jón Magnússon | Eggert Pálsson |
| Kristján Jónsson | Jón Jónsson |
| | Benedikt Sveinsson |
| | Bjarni Jónsson |
| | Björn Kristjánsson |
| | Einar Jónsson |
| | Guðmundur Eggerz |
| | Halldór Steinsson |
| | Jóh. Jóhannesson |
| | Jón Ólafsson |
| | Kristinn Daníelss. |
| | Lárus H. Bjarnason |
| | Matthías Ólafsson |
| | Ólafur Briem |
| | Pétur Jónsson |
| | Sig. Sigurðsson |
| | Skúli Thoroddsen |
| | Stefán Stefánsson |
| | Tryggvi Bjarnason |
| | Valtýr Guðmundss. |
| | Þorleifur Jónsson |

Magnús Kristjánsson greiddi ekki atkvæði og var talinn til meiri hlutans.

Frumvarpið í heild sinni þar með fallið.

---

FRUMVARP til laga um breyting á lögnr. 26, 11. Júlí 1911, um skoðun á síld (115); 2. umr.

**Flutn.m. (Magnús Kristjánsson):** Eg sé ekki ástæðu til að tala mikið um þetta mál að þessu sinni, vegna þess að eg býst við að mönnum komi saman um, þótt það væri felt frá nefnd við 1. umr., að rétt sé að vísa því til nefndar, þeirrar sem kosin var í gær til að athuga ýmis málefni, sem snerta sjávarútveginn. Eg leyfi mér því að stinga upp á, að frumvarpinu verði vísað til sjávarútvegsnefndar og þessari 2. umr. verði frestað.

ATKV.GR.:

Samþ. að fresta 2. umræðu og málinu vísað til sjávarútvegsnefndar með 16 samhlj. atkvæðum.

---

FRUMVARP til laga um umboð þjóðjarða (139); 1. umr.

**Futningsm. (Ólafur Briem):** Þetta frumv. fer að nokkru leyti í öfuga átt við ýmis frumvarp, sem oft eru á gangi hér í þinginu, að því leyti sem það miðar til að fækka launuðum starfsmönnum og þar með spara útgjöldin. Það er kunnugt, að meiri hluti þjóðjarða í landinu liggur undir umsjón umboðsmanna, sem hafa $^1/_6$ part afgjaldsins í umboðslaun. Sú upphæð nemur samkvæmt landsleikningnum fyrir árið 1911 4300 kr. En sparnaðurinn, sem af því verður ef hreppstjórum er falin innheimtan með 6% innheimtulaunum, eins og hér er gert ráð fyrir, nemur 2752 krónum. Þessi upphæð er að vísu ekki ekki mjög mikil, en munar þó landssjóðinn dálitlu, af því að það er þó óþörf eyðsla.

Á fyrsta þinginu 1845 kom fram uppástunga frá þingmanni Skaftfellinga um að taka innheimtuna af umboðsmönnum og láta sýslumenn hafa hana á hendi, og var ætlast til að sýslumenn hefðu enga sérstaka þóknun fyrir það starf. En þessi uppástunga náði ekki fram að ganga. Næst var málinu hreyft á þingi 1877 af þingm. Skaftfellinga, en komst þá ekki lengra áleiðis. Og enn kom málið fyrir þingið 1879. Var þá skipuð nefnd til að athuga bygging og ábúð jarða, og varð niðurstaða hennar sú, að umboð þjóðjarða skyldi falið sýslumönnum með 2% innheimtulaunum. Loks kom fram frumv. á þingi 1901 frá þáverandi 2. þingm. G.-K. og núverandi 1. þm. Eyf., um að fela sýslumönnum

umboð þjóðjarða með 4% af afgjaldiuu í innheimtulaun. Skyldu þeir njóta aðstoðar hreppstjóra um bygging jarðanna, en þeir hafa 2% af jafnaðargjöldunum í ómakslaun.

Í öllum þessum uppástungum hefir það aðallega vakað fyrir mönnum, að spara kostnaðinn. En hér er það aukaatriði. Aðalatriðið í frumvarpinu er að koma hagkvæmara skipulagi á umboð þjóðjarða. Fyrirkomulagið nú er sérstaklega óhentugt, af því að þjóðjörðum hefir fækkað mjög fyrir sölu á seinni árum og þær hafa því orðið strjálli. Við það hefir fyrirhöfn umboðsmanna aukist. Þeir hafa þurft að hafa eftirlit með fjarliggjandi jörðum, og getur verið að eftirlitið hafi orðið lakara fyrir það. Hér er farið fram á að hreppstjórum sé falið eftirlitið, og ætti það að koma tiltölulega hægt niður á þeim, þar sem hver hreppstjóri hefði að eins sinn eigin hrepp til eftirlits og þyrfti því sjaldan að takast á hendur ferðir til að skoða jarðirnar.

Þetta fyrirkomulag, sem hér er farið fram á, er sniðið eftir því skipulagi, sem komið er á fyrir nokkurum árum viðvíkjandi umsjón á kirkjueignum samkvæmt lögum 16. Nóv. 1907. Þar eru það hreppstjórar, sem hafa eftirlitið. Reynslan hefir sýnt, að það fyrirkomulag er heppilegt, og virðist mér vera rétt, að láta sömu reglu gilda um allar opinberar jarðeignir, hvort sem jarðirnar eru kallaðar þjóðjarðir eða kirkjujarðir.

Þó að þetta sé ekki neitt stórmál, býst eg við að réttara þyki að setja nefnd í það, og leyfi eg mér að gera það að tillögu minni, að kosin verði 5 manna nefnd að þessari umræðu lokinni.

ATKV.GR:
Vísað til 2. umr. í einu hlj.
5 manna nefnd sþ. í einu hlj.

Kosnir í nefndina með hlutfallskosningu:

Ólafur Briem
Eggert Pálsson
Benedikt Sveinsson
Jóhannes Jóhannesson
Pétur Jónsson

---

FRUMVARP til laga um landhelgissjóð Íslands (142); 1. umr.

**Flutnm. (Kristinn Daníelsson):** Með því að þetta mál er skylt máli, sem hér hefir verið fyrir deildinni, nefnilega frumv. til laga um stofnun fiskiveiðasjóðs Íslands, þá vil eg leyfa mér að stinga upp á, að því verði að lokinni umræðunni vísað til sömu nefndar, sem það mál hefir með höndum.

**Umboðsm. ráðherra (Kl. J.):** Það er að eins örstutt athugasemd til nefndarinnar, sem tekur við þessu máli. Eg vildi leyfa mér að skjóta því til nefndarinnar, hvort ekki væri rétt að breyta orðinu »Alþingi« í 4. gr. í »löggjafarvaldið«.

ATKV.GR.:
Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Vísað í e. hlj. til nefndarinnar í málinu um frumv. til laga um samþyktir um eftirlit úr landi með fiskiveiðum í landhelgi.

---

Útbýtt var í deildinni meðan á fundinum stóð:

1. Nefndaráliti um frumv. til laga um breyting á lögum um vegi 22. Nóv. 1907. Frá meiri og minni hluta (169).

Fundi slitið.

## 20. fundur.

Mánudag 28. Júlí 1913, kl. 12 á hád.

Dagskrá:

1. Ráðherra svarar fyrirspurn (53).
2. Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1912 og 1913 (stj.frv., n. 91, 122, 125, 172); 2. umr.
3. Frv. til laga um mannanöfn (165); 1. umr.
4. Frumv. til laga um vatnsveitingar (163); 1. umr.
5. Frv. til laga um bæjanöfn (166); 1. umr.

---

Allir á fundi.

Fundarbók síðasta fundar lesin upp, samþ. og staðfest.

Forseti tilkynti, að nefnd, sú sem kosin var til þess að íhuga frv. til laga um umboð þjóðjarða, hefði kosið sér formann Jóhannes Jóhannesson og skrifara Ólaf Briem.

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið í deildinni:

1. Frv. til laga um heimild til að selja hjáleiguna Mosfellsbringur í Mosfellssveit. Flutnm. Björn Kristjánsson (173).
2. Frv. til laga um síldarleifar. Flm. Pétur Jónsson, Stefán Stefánsson (175).
3. Frv. til laga um stimpilgjald. Frá skattamálanefndinni (168).
4. Frv. til laga um lögreglusamþykt og byggingarsamþykt fyrir Vestmannaeyjasýslu. Flm. Jón Magnússon (179).
5. Frv. til laga um viðauka og breyting á lögum um aðflutningsbann á áfengi nr. 44, 30. Júlí 1909. Flm. L. H. Bjarnason og Eggert Pálsson (177).
6. Frv. til laga um verðhækkunargjald út af járnbrautarlagningu. Flm. Jón Magnússon, Eggert Pálsson, Einar Jónsson, Sig. Sigurðsson (187).
7. Frv. til laga um lögskipaða endurskoðendur. Flm. Bjarni Jónsson (193).
8. Frv. til laga um heimild fyrir stjórnarráðið til þess að veita mönnum rétt til þess að vera dómtúlkar og skjalþýðendur. Flm. Bjarni Jónsson (194).
9. Frv. til hafnarlaga fyrir Vestmannaeyjar. Flm. Jón Magnússon (176).
10. Frv. til viðaukalaga við lög nr. 24, 9. Júlí 1909, um samþyktir um kornforðabúr til skepnufóðurs. Flm. Pétur Jónsson, Einar Jónsson, Sigurður Sigurðsson (190).
11. Viðaukatill. við frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1912 og 1913. Frá fjárlaganefndinni (172).
12. Viðaukatill. við frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1912 og 1913. Frá ráðherra (197).
13. Nefndaráliti um frv. til laga um verðlag (186).
14. Nefndaráliti um frv. til laga um laun hreppstjóra (184).
15. Nefndaráliti um frv. til laga um jarðmat (183).
16. Nefndaráliti um frv. til laga um skattanefndir (182).
17. Nefndaráliti um frv. til laga um fasteignaskatt (180).
18. Nefndaráliti um frv. til laga um tekjuskatt (181).
19. Nefndaráliti um frv. til laga um breyting á þeim tíma, er manntalsþing skuli háð (185).
20. Nefndaráliti um frv. til laga um fasteignaskatt. Frá minni hlutanum (195).
21. Tillögum yfirskoðunarmanna Alþingis um landsreikninginn fyrir árið 1911.
22. Skólaskýrslu Kvennaskólans í Rvík 1912—1913.

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið frá Ed.:

1. Frv. til laga um sauðfjárbaðanir. Flm. Þórarinn Jónsson, Guðjón Guðlaugsson, Hákon Kristófersson (188).
2. Frv. til laga um hallærisvarnir. Flm. Guðjón Guðlaugsson, Jósef Björnsson, Hákon Kristófersson (191).
3. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 18, 13. Okt. 1903, um kosningar til Alþingis. Flm. Hákon Kristófersson, Björn Þorláksson (189).
4. Breytingartill. við frv. til laga um friðun æðarfugls. Frá nefndinni (174).
5. Breytingartill. við frv. til siglingarlaga. Frá nefndinni (170).
6. Breytingartill. við frv. til laga um friðun fugla og eggja. Frá Júl. Havsteen og Eiríki Briem (178).
7. Breytingartill. við frv. til laga um breyting á lögum nr. 39, 10. Nóv. 1903, um leynilegar kosningar og hlutfallskosningar til bæjarstjórna í kauptúnum. Frá Einari Jónssyni (192).
8. Breytingartill. við frv. til laga um friðun æðarfugls. Frá Steingr. Jónssyni (196).
9. Nefndaráliti um frv. til laga um sölu í þjóðjörðinni Fossi Suðurfjarðarhreppi (171).

Forseti skýrði frá, að lagt hefði verið fram á lestrarsal:

1. Erindi frá 1. þm. G.-K. (Br. K.), þar sem hann kveðst leggja frv. til laga um sölu á Mosfellsbringum fyrir Alþingi, og sendir ýms (9) skjöl, er það snerta.
2. Andmæli og áskorun til Alþingis gegn frv. til laga um að leggja jarðirnar Bústaði og Skildinganes undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Frá alþingiskjósendum í Seltjarnarneshreppi o. fl.

Þá var gengið til dagskrár og tekið fyrir:

FYRIRSPURN svarað af ráðherra (53).

**Flutningsmaður (L. H. Bjarnason):** Hæstv. ráðherra hefir kosið að svara í dag lotterífyrirspurn minni á þingskj. 53, útbýttri 12. og leyfðri 14. þ. m. Ráðherra einn ræður því, samkv. 31. gr. þingskapanna, sbr. 37. gr. stj.-skrárinnar, hvort og *hvenær* hann svarar leyfðum fyrirspurnum þingmanna. Eg verð því að rökstyðja fyrirspurnina í dag, hvort sem mér þykir það leitt eða ljúft, og hv. deild verður að taka afstöðu til fyrirspurnarinnar, eftir að deildin hefir heyrt svar hæstv. ráðherra við henni.

Eins og hv. deildarmönnum er kunnugt, var með lotterífrumvapi Alþingis 1912, þingskj. 326, stofnað til *stórtekna* fyrir landssjóð í *30 ár*.

Lotteríið átti að gjalda landssjóði 4% af andvirði seldra seðla, 1. gr. f. Það mátti selja 50,000 seðla á misseri eða 100,000 seðla á ári hverju, 1. gr. a, og mátti selja hvern seðil við 150 franka verði+2%, eða hvern seðil fyrir samtals 110 kr. 16 au. í hérlendri mynt. Hefði lotteríið selt alla seðla sína, hefðu árstekjur landssjóðs af því numið 440,-640 kr., auk helmings þeirra vinninga, sem ekki kynni að hafa verið vitjað, 1. gr. c, 4. málsgr. Svo mikilla tekna hefði nú landssjóður tæpast mátt vænta, sízt í upphafi. En honum voru samt trygðar mjög miklar tekjur af lotteríinu, hvort sem það hefði selt mikið eða lítið af seðlum sínum. Það átti sem sé að greiða landssjóði tiltekinn lágmarks-skatt á misseri hverju, 138,000 franka, eða árlega 276,000 franka, eða *198,720 kr. á ári* í hér gjaldgengum peningum, eða sem næst 200,000 kr. á ári, eða um 400,000 kr. um fjárhagstímabil hvert.

Og þessi mikla upphæð hefði verið sama sem *fundið fé* fyrir landssjóð, því að hann átti ekkert í móti að láta.

Þessu mikla gróðafrumvarpi byrjaði svo vel á Alþingi, að *einir 3 alþingismenn greiddu atkvæði á móti því í báðum deildum*, 2 í hv. Neðri deild, Alþt. 1912, B II, bls. 541, og 1 í hv. Efri deild, Alþt. 1912, B I, bls. 187. *Sjálfur ráðherrann mælti eindregið með því.* Hæstv. ráðherra mælti meðal annars við 3. umr. um frumvarpið hér í deildinni 9. Ágúst í fryra á þessa leið:

»Eg stend að eins upp til að lýsa ánægju minni yfir því, hvað þetta mál er vel á veg komið . . . . Með þessum hætti nást dágóðar tekjur í landssjóð, án þess að leggja nokkurn skatt á almenning. . . . Mótbárurnar, sem komið hafa fram gegn þessu frumv. . . virðast koma meira frá einhverju öðru líffæri en höfðinu, vera bygðar meira á tilfinningum en á skynsamlegri hugsun«. (Alþt. B II, bls. 537—538).

*Nú er þessum stórgróða landssjóðs kastað á glæ.*

Það er ein af aðal-ástæðum minum til fyrirspurnarinnar og jafnframt ein afleiðing þess að frumvarpið féll niður.

Samkv. *1. gr. stjórnarskipunarlaganna 1903 á* ráðherra, að »*bera upp fyrir konungi í ríkisráðinu lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir*«.

Ráðherraábyrgðarlögin 4. Marz 1904 leggja ábyrgð við uppburðarleysi mála af hendi ráðherra, 2. gr. a: »Það varðar ráðherra ábyrgð eftir lögum þessum, ef *hann lætur farast fyrir að bera upp fyrir konungi lög*, tilskipanir eða aðrar ályktanir, *er konugs undirskift útheimtist til*, eftir stjórnarskipunarlögunum«. Við urlögunum við broti þessu geta menn kynst í 5. gr. ráðherraábyrgðarlaganna.

Hér liggur þannig fyrir *brot á stjórnarskránni og ráðherraábyrgðarlögunum.*

Það er önnur ástæðan til fyrirspurnar minnar og jafnframt önnur afleiðingin af uppburðarleysi ráðherra.

En svo er ótalið þriðja atriðið, og ekki ómerkilegasta. *Hver verður afleiðingin*, haldist ráðherra uppi átölulaust að stinga undir stól alþingisfrumvörpum, jafnvel þeim sem hann hefir mælt sterklega með? *Sú, að úti væri um þingræðið*, áhrifum Alþingis á lagasetningu landsins væri spilt. Hyrningarsteinninn undir þjóðfélagsskipuninni væri brotinn.

Það er þriðja ástæðan til fyrirspurnar minnar, og um leið þriðja afleiðingin af uppburðarleysi ráðherra.

Þegar litið er til nefndra þriggja afleiðinga: *tjóns* landssjóðs, *stjórnarskrárbrotsins* og *þingræðis-skemdarinnar*, og svo til þess, að slík hegðun er *eins dæmi* í þingfrjálsu landi alt til þessa dags, þá er fyrirspurnin væntanlega ekki ófyrirsynju, enda hefir háttv. deild í einu hljóði talið fyrirspurnina sjálfsagða, þrátt fyrir skýrslu ráðherra í sameinuðu þingi 14. þ. m.

Að svo mæltu vænti eg skýrslu hæstv. ráðherra um það, hví hann greip til þess *óyndisúrræðis* að bera ekki lotterífrumvarp síðasta Alþingis upp fyrir konungi til staðfestingar.

**Ráðherrann (H. H.):** Þótt það standi á dagskránni í dag, að ráðherra svari fyrirspurn, þá hefði hitt í raun inni verið réttara að þar hefði staðið, að hann mundi *hlýða á* fyrirspurn, því að eg hefi þegar gefið skýrslu mína um þetta mál og hefi litlu við hana að bæta. Fyrirspurnin, sem hér er um að ræða, hljóðar svo:

»Hvernig stendur á því, að frumvarp Alþingis 1912 til laga um stofnun peningalotteris fyrir Ísland, var ekki staðfest af konungi?«.

Þessu er fullsvarað með því einu, að frá því er þetta frumv. var samþykt

hér á þinginu og þangað til það varð borið upp fyrir konungi, höfðu verið samin og staðfest lög í Danmörku, sem blátt áfram bönnuðu það, sem lagafrumvarpið hafði gert ráð fyrir að væri leyfilegt í Danmörku. Þessum breyttu kringumstæðum hefir konungur falið mér að skýra þinginu frá. Það hefi eg gert. Þessi ástæða er öllum opinber og einhlít. En um aðrar ástæður hefi eg þegar gefið skýrslu í sameinuðu þingi, meðal annars um það, hvers vegna eg áleit nauðsynlegt að fresta uppburði þessa frumvarps í fyrra haust, þegar in önnur frumv. frá þinginu 1912 voru upp borin. Og eg álít enga ástæðu til þess að endurtaka það alt hér, það er nóg að það standi á einum stað í þingtíðindunum. Eg skal því ekki fara um málið nema fám orðum að þessu sinni.

Háttv. fyrirspyrjandi (L. H. B.) hélt því fram, að eg hafi alls ekki borið þetta frumvarp upp fyrir konungi, og bygði svo á því allar sínar þungu ákærur. En þetta er *ekki rétt*. Eg *hefi* borið frumv. upp um leið og eg sigldi með þau stjórnarfrumv., sem nú liggja fyrir Alþingi. En auðvitað *gat* eg þá ekki, þar sem þessi lög voru komin á í Danmörk, ráðið Hans hátign til þess að staðfesta frumvarpið, þvert ofan í lög, sem hann var sjálfur nýbúinn að staðfesta. Eg áleit heldur ekki ástæðu til beinnar lagasynjanar, og ið eina sem eg gat ráðið Hans hátign til að gera við frumv., var þá að fresta ákvörðun um málið og fela mér að gefa Alþingi skýrslu um þessar breyttu kringumstæður, til þess að það gæti eftir því hagað frekari aðgerðum, ef það vildi hafa íslenzkt lotterí.

Þá virtist mér háttv. fyrirspyrjandi ganga út frá því, að ráðherra sé það skylt, samkvæmt stjórnarskránni, að bera hvert frumv. upp fyrir konungi *þegar í stað*, er hann nær til hans. Þetta nær ekki nokkurri átt, eins og allir geta séð, er stjórnarskrána þekkja. Sú stjórnarskrárgrein, sem hér er um að ræða, mælir einungis svo fyrir, að ráðherra skuli fara »svo oft sem nauðsyn er á til Kaupmannahafnar til þess að bera upp fyrir konungi í ríkisráðinu lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir«. Hér stendur ekki eitt orð um það, að hann sé skyldugur til þess að bera öll frumv. þingsins upp fyrir konungi undir eins, heldur er hann einmitt frjáls og sjálfráður að því, að gera það þegar honum sýnist það heppilegast. Það er meira að segja gert ráð fyrir því í stjórnarskránni sjálfri, að það geti dregist, og jafnvel að frumvörp kunni enn að vera óstaðfest þegar næsta reglulegt Alþingi kemur saman. Þá fyrst er það fallið niður, en fyr ekki, og sést á því, að alt þangað til, allan þann tíma, frá því eitthvert lagafrumv. er afgreitt sem lög frá Alþingi, og þangað til næsta reglulegt Alþingi kemur saman, er ráðherra frjálst og rétt að að bera það upp fyrir konungi, hvenær sem hann vill. Þar getur verið um alt að því $1^{3}/_{4}$ árs svigrúm að ræða. Hér liðu ekki nema rúmlega 8 mánuðir frá samþykt þingsins þangað til málið var upp borið.

Þá skírskotaði háttv. fyrirspyrjandi til ráðherraábyrgðarlaganna, og bygði þar á inu sama, sem sé, að eg hafi eigi borið frumv. upp, sem er ekki rétt. En annars hygg eg að sú grein, sem hann þar átti við, geti eins vel skilist á nokkuð annan hátt en hann vildi skilja hana. Þar stendur svo, að það varði ráðherra ábyrgð, ef hann láti farast fyrir að bera upp fyrir konungi *lög, tilskipanir eða aðrar ályktanir, er konungsundirskrift útheimtist til*. Háttv. fyrirspyrjandi vildi fá það út úr þessu, að hér í lægi bein skipun til ráðherra um, að bera upp fyrir konungi til staðfestingar öll lög, sem Alþingi hefir sam-

þykt, að viðlagðri hegningu laganna. En eg hygg, að beinna liggi við að skilja þennan lagastað á annan hátt. Væri ekki um annað að ræða en »lög« í þessari tilvitnuðu setningu, þá gæti skilningur fyrirspyrjanda ef til vill legið nærri. En jafnhliða »lögum« eru nefndar »tilskipanir, og aðrar ályktanir«, sem Alþingi kemur ekki nærri, en *ráðherra sjálfur* á frumkvæði til. Hið eina sameiginlega sem þessar »tilskipanir og ályktanir« hafa við »lög« er það, að *konungsundirskrift* útheimtist til þeirra. Eg hygg það sé alveg ómótmælanlegt, að það væri meiningarleysa einber, að leggja þunga hegning á ráðherra fyrir það, að hann beri ekki upp fyrir konungi tilskipanir og ályktanir, er hann sjálfur á frumkvæði að, nema því að eins að hann setji þær í gildi og framkvæmi þær *án konungsstaðfestingar*. Í inum tilvitnaða lagastað í ráðherraábyrgðarlögunum er ið sama sagt um »lög« eins og »tilskipanir«, og meiningin *getur* naumast verið önnur en sú, að varna misbeitingu valds af ráðherra hálfu, koma í veg fyrir, að hann hrifsi til sín vald, sem konungi er áskilið, tryggja konungsvaldinu sína stjórnskipulegu hluttöku og vald yfir mikilvægustu stjórnarathöfnunum. En á hvern hátt skyldi eg hafa brotið á móti þessu með því að fresta, eftir því sem atvik lágu til, uppburði eins frumvarps, sem á meðan lá í þagnargildi og ekki var beitt?

Hvernig svo sem þetta verður skilið, þá á það ekki við það tilfelli, sem hér liggur fyrir. Eg *hefi* borið málið upp fyrir konungi *í ríkisráði* og skýrt honum frá öllum málavöxtum, þeim mótbárum, sem fram höfðu komið gegn frumvarpinu, og þeim breyttu kringumstæðum, sem gerðu það að verkum, að eg gat ekki ráðið honum til að undirskrifa það. Eg verð því að mótmæla því, að hér sé að ræða um nokkurt brot á stjórnarskránni eða nokkuð það sem hægt sé að festa hendur á eftir ráðherraábyrgðarlögunum.

Ástæðan fyrir því, að eg frestaði því að bera frumv. upp fyrir konungi, var sú, að eg varð að telja það fullkomna pólitiska nauðsyn. Af skýrslu minni í sameinuðu þingi geta menn séð, hver rök til lágu. Það er þýðingarlaust að endurtaka það hér. Eg er sannfærður um, að ef eg hefði lagt kapp á að fá úrskurð og ákvörðun konungs viðvíkjandi staðfesting frumvarpsins, mundi mér eftir á hafa verið legið á hálsi fyrir það, að eg hefði með því eyðilagt önnlagt önnur mál, sem voru margfalt mikilsverðari, og það með miklu meira rétti en aðfinslurnar nú byggjast á. Eg er sannfærður um, að eg hefi gert það eitt, sem skyldan bauð mér að gera, það eitt, sem rétt var. Með annari aðferð hefði eg gert rangt.

Háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) lagði mikla áherzlu á það, hvað landssjóður hefði mist mikið fé við það að lögin náðu ekki staðfestingu. Það sem hann sagði um það, kann að »taka sig vel út« í augum alþýðu. En þar er eg hræddur um, að bæði hann og aðrir hafi gert sér of miklar vonir. Þó að lögin hefðu verið staðfest, var engin trygging fyrir því, að leyfisbeiðendurnir hefðu nokkurn tíma tekið leyfisbréf fyrir lotteríinu. Í frumvarpinu var að eins áskilið, að þeir settu trygging fyrir $^1/_2$ árs afgjaldi, svo framarlega sem þeir á annað borð tækju leyfisbréf samkvæmt lögunum, og byrjuðu starfræksluna. Eg er því ekki viss um, að neins sé að sakna í peningalegu tilliti. Það var reyndar von að þinginu í fyrra þætti glæsilegt að taka það fé á þurru landi, ef það gæti fengist, en þá vissi það ekki þau atvik, sem annars liggja að málinu. Það vissi ekki betur en að það væri með sannindum sagt hjá flutningsmann-

inum og nefndinni, að lögin væru svo undirbúin í Danmörku, að þau gætu komist í framkvæmd, ef þingið samþykti þau, og það vissi ekki, til hvers var stofnað með því að koma á fót lotterii, sem lifa átti á leynisölu og lagasmýgli í öðrum ríkjum, þar sem sala útlendra lotteríseðla er bönnuð. Þingið gerði sér vissulega ekki ljóst, að með því að banna sölu hér á landi nema að örlitlu broti, og banna sölu algerlega í Danmörku, var óbeinlínis lögákveðið, að leita sér tekna í öðrum ríkjum, þar sem slíkt víða er óleyfilegt og alstaðar afarilla séð.

En jafnvel þótt lotterlið hefði komist á, er eg hræddur um að það hefði aldrei staðið lengi. Eg er sannfærður um, að fljótt hefði rekið að því, að leyfishafarnir hefðu orðið að hætta vegna þess, að þeir hefðu rekið sig á tálmanir fyrir sölu utanlands. Auk þess sem Dönum stóð jafnan opið fyrir að stansa og lama athafnir félagsins í Danmörku, eins og gert er í lögum frá 1. April þ. á. Og þá hefði landssjóður ekkert haft nema tryggingu fyrir hálfs árs gjaldi. Það er ekki svo mikið, að tilvinnandi hefði verið að spilla fyrir ýmsum nauðsynjamálum og eyðileggja sæmd og lánstraust vort út á við fyrir það.

Eg finn svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar. Háttv. 1. þm. Rvk. (L. H: B.) telur framkomu mína í þessu máli einsdæmi í þingfrjálsu landi. Þau ummæli verða að standa og falla með hinu, hvort hér sé um stjórnarskrárbrot að ræða eða ekki, og væri þó fullsterkt að orði kveðið hjá honum.

Það sem hér er að orðið og ekki hefði átt að vera, stafar af því, hvernig þessu máli var troðið hér inn á þingið. Það er yfir höfuð mein að því, hversu þingmenn nota alt of mikið og misbrúa þá heimild, sem þeir hafa til að leggja privatfrumvörp fyrir þingið. Vandasömum frumvörpum er dembt inn alt í einu á laun við stjórnina, ef einhverjum þingmanni dettur í hug að slá sér upp á því að teljast frumkvöðull að einhverjum lagasmíðum eða faðir að þeim, eða fær einhverja hugsjón, sem tekin er að láni frá öðrum. Mér er það óskiljanlegt, að með annað eins frumv. eins og lotterifrumvarpið, sem stafar frá Kaupmannahöfn, skyldi vera farið á bak við ráðherrann, sem um þær mundir er það var í bígerð um vorið 1912, einmitt var staddur í Kaupmannahöfn.

Það er farið með þetta eins og manns morð og enginn veit neitt fyr en háttv. 1. þm. Rvk. alt í einu kemur með það inn á þingið, með þeim fagnaðarboðskap, að hann ætli að sjá landssjóði fyrir tekjum á þenna hátt. »Geri aðrir betur«, segir hann í niðurlagi flutningsræðu sinnar við 1. umr. (Alþ.tíð. 1912 B II, bls. 488). Hvernig stendur á öðru eins og þessu? Ef frumvarpið hefði fyrst verið lagt fyrir stjórnina, hefði þeim vandræðum verið afstýrt, er síðar komu fram.

Tíminn hér á þinginu er svo stuttur og aðstaðan að öðru leyti þannig, að engin tiltök eru að rannsaka hér til hlítar vandasöm mál, sízt þau er út á við horfa. Og hvernig er hægt að heimta það af einum manni í ráðherrasessi, að hann geti á þeim stutta tíma, sem þingið stendur, hlaðinn annríki, sett sig inn í hvert einstakt atriði í hverju einstöku máli? Það væri sannarlega bráðum tími til kominn að háttv. þingm. færu að takmarka sig dálitið í notun frumkvæðisréttarins, og þingið að bera ögn minna ört á því að hrinda öllum þessum frumvarpagrúa fram.

Eg held að það sé nú ekki meira, sem eg þarf að svara í svipinn. Eg skal að eins geta þess, út af því sem hv. fyrirspyrjandi (L. H. B.) byrjaði á, að það var rétt, að eg hefi látið hæstv. forseta

vita, að eg gæti tekið við þessari fyrirspurn í dag. Eg vildi sem skemst láta á mér standa, því að eg þóttist nokkurn veginn viss um, að háttv. þingm. fyndist hann vera búinn að bíða nógu lengi. Eg vildi ekki draga hann lengur á tækifærinu til þess að koma fram því sem honum er svo ríkt í brjósti.

**Flutningsmaður (L. H. Bjarnason):** Ræða hv. ráðherra (H. H.) var bæði lengri og öðruvís en eg gat búist við eftir samtali, sem eg átti við hann rétt fyrir fundinn. Fyrir því neyðist eg til að tala lengra mál en eg hafði ætlað mér.

Eg verð því að rekja skýrslu, þá sem hv. ráðherra gaf í sameinuðu þingi þ. 14. þ. mán. og birzt hefir á prenti í blaðinu Lögréttu. Ein af aðalmálsbótunum, sem hv. ráðherra hefir fært fyrir því, að hann hafi ekki borið lotterifrumvarpið upp fyrir konung til staðfestingar, er sú, að það hafi frá upphafi komið í bága við dönsk lög, 2. gr. 6. marz 1869 um Klasselotteríið. »Austri« flutti í fyrra eftir hv. ráðherra — og síðar hefir »Lögrétta« staglast á inu sama — að það, að frumvarpið væri svo úr garði gert, væri sérstaklega mér að kenna, og ferst hv. ráðherra þar ekki karlmannlegar en eftirmanni hans, sem kendi »unga fautanum« um sumar gerðir sínar. En eg skal ekki skjóta mér undir fast fylgi ráðherra við lotterimálið.

Eg skal fúslga játa, að ef nokkur ljóður væri á frumvarpinu í þessu efni, þá væri það mín sök fremur en annara, því að bæði var eg aðalflutningsmaður frumvarpsins og svo hefði eg átt, vegna stöðu minnar, að vera fróðari um það en margir aðrir, hvað við mættum bjóða okkur í þessu efni. Eg tek því fúslega að mér ábyrgðina, ef nokkur er, enda þó að eg sé svo heppinn að vera ekki einn um hituna.

Fyrst og fremst get eg borið fyrir mig orð hv. ráðherra í Alþ.tíð. 1912, sem eg las upp áðan og enn fremur ummæli hanns í sameinuðu þingi, því að þar gerir hann lítið eða ekkert úr lögskýringu dómsmálaráðherrans (Bülows).

En eg get borið fyrir mig enn þá sterkari stoðir, sem sé fleiri *hæstaréttardóma*. Fyrsti dómurinn er frá 2. Jan. 1871, sama degi og stöðulögin. Maður í Kaupmannahöfn var kærður fyrir að hafa rekið í leyfisleysi vörulotterí. Hann var fyrst sýknaður í »Kriminal- og Politiréttinum« og síðan í hæstarétti með *þeim* ástæðum í dómnum, að *þar sem allir seðlarnir hefðu átt að seljast til útlanda*, gæti lotteríið *ekki* talist koma í bága við nefnd dönsk lotterílög. Þetta má lesa í Hæstaréttartíðindum 1870, bls. 649—650. Þetta var enginn »goluþytur« í hæstarétti, því að 16. Okt., 17. Okt. og 29. Nóv. 1912 voru kveðnir upp dómar í hæstarétti ekki ólíkir fyrstnefnda dóminum, aðaldóminum. Sbr. Hæstaréttartíðindin 1912, bls. 553—555 og 695. Það er því staðfest með órækum hæstaréttardómum, að það var löglheimilt verk í Danmörku að setja á stofn lotterí og reka það þar, *ef* seðlarnir væru seldir til útlanda, og þá ætti það engu síður að vera frjást, þó að lotterihaldið styddist við íslenzk lög og landssjóður ætti að hafa tekjur af því.

Auk þess sem eg hefi nú talið, get eg borið fyrir mig sjálfan *dómsmálaráðherra* Dana, sem 31. Janúar 1913 lagði fram frumvarp til laga, þeirra er staðfest voru 1. Apríl 1913 og banna öll lotterí í Danmörku nema Klasse- og Koloniallotteríið. Það mundi hann sannarlega ekki hafa gert, ef hann hefði álitið þá gildandi dönsk lög ósamrýmanleg íslenzka lotteríinu. Með öðrum orðum, íslenzka lotteríið var al-heimilt að dönskum lögum þangað til frv. dómsmálaráðherrans var staðfest.

Þá ber háttv. ráðherra (H. H.) það fram í skýrslu sinni, að frumvarpið hefði dregið dönsk dómsmál undan dönskum dómstólum. Það er satt, að eftir 1. gr. d. átti stjórnarnefndin að leggja »fullnaðarúrskurð á allan ágreining um lögmæti eða gildi dráttanna«. En eg fullyrði, að þetta hefði lotteríinu verið leyfilegt án nokkurrar lagaheimildar, hvort heldur í dönskum eða íslenzkum lögum. Hér er ekki um annað að ræða en *gerðar*dómstól milli tveggja aðila, lotterísins annarsvegar og viðskiftamanna þess hins vegar. Eftir allra landa lögum, þeim er eg þekki til, er mönnum heimilt að undanskilja einkamál sín undan meðferð dómstóla. En *þó að* lotterífrumvarpið hefði að þessu leyti »legið nærri« danska löggjafarvaldinu, þá fer því fjarri, að það hefði orðið eins dæmi í íslenzkri löggjöf. Það hefir komið oft fyrir, jafnvel í tíð Nellemanns sál., að sett hafa verið íslenzk lög um svokölluð sammál, sem ekki er heimilt eftir bókstaf 2. málsgr. 1. gr. stjórnarskrárinnar. Eg get nefnt hér nokkur dæmi: 14 gr. laga nr. 3, 14. Jan. 1876 um skipströnd; 35. og 39. gr. laga nr. 13, 22. Marz 1890, farmannalögin; 13. gr. laga nr. 31, 13. Des. 1895 um skrásetning skipa; 1. gr. stjórnarskrárlaganna frá 3. Okt. 1903; og lög nr. 17, 3. Okt. 1903, sbr. 6. gr. stöðulaganna svokölluðu. Enn má nefna lög nr. 15, 20. Okt. 1905, um málskotsfrest til hæstaréttar, og lög nr. 17, 11. Júlí 1911, sbr. lög 10. Okt. 1879, vitalögin, þar sem ráðherra er falið »utanríkismál«, sem sé, að semja við stjórnir annara ríkja um vitagjald fiskiskipa. Það er því alveg ugglaust, að þessi mótbára er á engum rökum bygð. En þetta hefir hæstv. ráðherra ekki athugað, enda gaf hann sér alt of nauman tíma til að athuga »mótmælabréfið« frá Bülow. Það er dagsett 21. Okt., en ríkisráðsfundurinn sem frumvarpið átti að leggjast fram á, var haldinn daginn eftir.

En *þó að* frumvarpið hefði þótt koma í bága við dönsk lög, þá *getur* enginn vafi leikið á um það, hvað hæstv. ráðherra hefði *átt* að gera. *Hann hefði átt að heimta staðfestingu* og hefði fengið hana, ef hann hefði gengið eftir henni, en ekki strax látið að stýrinu hjá Bülow. Jafnvel löggjafarvaldið hefir hvað eftir annað beygt sig fyrir hæstarétti, og vafalaust, að Bülow hefði líka gert það, ef veitt hefði verið *minsta* viðnám, enda honum nóg að hafa frjálsar hendur til málshöfðunar, ef lotteríið hefði komist á laggirnar. Auk þess hefði ráðherra ekki *þurft* að nota lögin, þó að staðfest hefðu verið. Hér var að eins um *heimildar*lög honum til handa að ræða en ekki um nauðungarlög. Og loks hefði hann getað gefið leyfisbréfið út *með fyrirvara* um ábyrgðarleysi sér og landssjóði til handa, ef danskir dómstólar kynnu að amast við lotteríinu. Með því að taka líkt í strenginn og hér er lýst, hefði ráðherra *vissulega* fengið staðfestingu konungs og hvernig sem farið hefði, hann altént bjargað *stjórnarskrá*, ráðherraábyrgðarlögum og *þingræði* frá *augljósu* broti.

Þá hefir hæstv. ráðherra (H. H.) það eftir fjármálaráðherranum danska, að lögin mundu koma í bág við danska *hagsmuni*. Það er ekki ný bóla, að heyra Dani veifa *dönskum* hagsmunum gegn *íslenzkri* framfaraviðleitni. Það kemur t. d. í bág við danska hagsmuni, að millilandaskipin hafi viðkomustaði í Hamborg, og af sömu ástæðu er farmgjaldið frá Leith sett hærra en frá Kaupmannahöfn. Þetta er gamla danska viðkvæðið, en hingað til hafa Íslendingar ekki samsint því. Eg geri því ekki mikið úr þeirri ástæðu, enda sett undir þann leka í 3. gr. frumvarpsins, því að samkepni við »Klasse- og Koloniallotteríið«

var útilokuð í Danmörku með því að banna að selja þar seðlana. Og það gátu naumast verið aukin óþægindi fyrir Danmörku gagnvart öðrum ríkjum, þó að eitt lotteríið bættist við þau tvö, sem þeir hafa fyrir. Annað þeirra »Koloniallotteríið« er fyrir svertingja í Vesturálfu og hefði því mátt búast við því, að óánægja annara ríkja hefði ekki aukist, þó að hvítum Íslendingum yrði ekki gert lægra undir höfði. Það kemur heldur aldrei fyrir að nokkurt framandi land amist við löglegri lagasetningu annars lands, en eg veit ekki til, að þjóðaréttur banni nokkru ríki að hafa hjá sér lotterí. Eða getur hæstv. ráðherra bent mér á nokkurt ákvæði í þjóðaréttinum, sem banni slíkt? Lotterí eru til víða um lönd og víða verið að reisa ný. Allir vita að England og Sviss hafa um langan aldur verið hæli sérstaklega fyrir politiska strokumenn annara ríkja, og veit eg ekki til að þau lönd hafi nokkurntíma ratað í nokkurn vanda út af því, og er þó ólíku saman að jafna. Það hefði því ekki þurft að óttast, að það hefði leitt til nokkurra óþæginda fyrir Dani, þó að þriðja lotteríinu hefi verið bætt við.

Enn segir hæstv. ráðherra, að nefnd, sú er skipuð var í lotterímálinu hér í Nd. í fyrra, hafi ekki búist við miklum tekjum af lotteríinu. Þetta er algerlega rangur skilningur, og leyfi eg mér að vísa til alþingistíðindanna frá í fyrra. Þar stendur í áliti nefndarinnar á þgskj. 144:

> »Valt væri að byggja á mjög miklum tekjum af lotteríinu til frambúðar, sem *föstum* tekjum á *fjár*lögunum, enda vel til fallið, að eitthvað yrði látið ganga til fastra landsstofnana, svo sem til Landsbankans eða byggingarsjóðs«.

Það stendur svo á þessum ummælum nefndarinnar, að einn nefndarmaðurinn, háttv þm. S.-Þing. (P. J.), vildi ekki gera tekjurnar af lotteríinu að eyðslufé, heldur nota þær til þess að hlynna að einhverjum opinberum stofnunum, t. d. Landsbankanum. Vegna hans var tekið þannig til orða í nefndarálitinu. Eg veit að hann man eftir því og kannast eflaust fúslega við það. Þetta er því engin vottur um það, að nefndin hafi ekki búist við tekjum af lotteríinu.

Þá var það og heldur ekki rétt hermt, að landssjóður hefði enga tryggingu haft hvorki fyrir því að leyfishafar hefðu tekið leyfisbréf, né fyrir því að landssjóður hefði fengið sitt. Ráðherra mátti veita öðrum leyfisbréf samkvæmt e-lið 1. gr. og samkvæmt f- og g-lið sömu gr. áttu leyfishafar bæði að setja sérstakan tryggingarsjóð fyrir vinningunum og þar að auki tryggingu fyrir missirisgjaldi hverju, enda leyfið tapað ef út af bæri.

Hæstv. ráðherra segir, að sér hafi verið heimilt að draga uppburð lotterifrumvarpsins til næsta reglulegs Alþingis. Samkvæmt 10 gr. stjórnarskrárinnar, er alþingisfrumvarp ekki niðurfallið fyr en við setningu reglulegs Alþingis. Það er rétt. En þetta ákvæði í stjórnarskránni er engan veginn leyfisbréf til handa ráðherra til að draga uppburð mála von úr viti, og setja sig með því úr færi að fá þeim framgengt. Nei, þetta ákvæði er til vegna konungs. Stjórnarskrárgjafinn hefir búist við því, að svo gæti staðið á, að konungur þyrfti umhugsunarfrest og heimilað *honum* hann til næsta alþingis, en engan veginn ætlast til þess, að ráðherra mætti draga uppburð mála og allra síst spilla framgangi mála með uppburðarleysi fyrir konungi, enda virðist slíkt háttalag af hendi ráðherra fullkomlega í bág við niðurlag 4. gr. ráðherraábyrgðarlaganna

frá 4. Marz 1904, sem leggur hegningu við því, að ráðherra »lætur farast fyrir að framkvæma nokkuð það er fyrirsjáanlega geti forðað almenningi eða einstaklingi við tjóni«. Enda verður svo að vera, því að annars væri lagasynjunarvaldið í rauninni tekið af konungi og fengið ráðherra. Það var afar-óheppilegt og meira að segja vítavert, að hv. ráðherra leitaði ekki staðfestingarinnar á lotterifrumvarpinu áður en hann fór heim í fyrrahaust, því að þá hefði hann fengið henni framgengt. En að vitni margra manna var hann hættur við að bera frumvarpið upp um mánaðamótin Október og Nóvember. Um það bil *sagði hann frá því, að Bülow væri að búa út frv. á móti lotteríinu* og því væri ekki hugsanlegt að staðfesting fengist á frumvarpinu. Hann gat þess við *þrjá* menn, og er einn af þeim hér nærstaddur alþingismaður. En þingmaðurinn hefir beðið mig að nefna ekki nafn sitt. Hina get eg nefnt *(Ráðherrann:* Það er bezt að nefna þá). Það voru þeir Philipsen og Magnús Stephensen yngri. Hinsvegar sagði hv. ráðherra einum leyfishafanum hér, herra Sighvati Bjarnasyni bankastjóra, alla leið fram á síðastliðið vor, að *hann ætlaði sér að bera frumvarpið upp í vorferðinni.* Við hina sagði hann hitt. Eg sagði hr. S. B., að eg tryði því ekki að ráðherra mundi bera frumvarpið upp, úr því sem komið var, því að Bülow hefði lagt fram frv. sitt 31. Jan. í vetur og vitanlegt að það mundi ganga fram. Það átti að hamra járnið meðan það var heitt, þá hefði staðfestingin fengist, en allra sízt mátti hv. ráðherra aðhafast nokkuð það, *er líkst gat* **samtökum** *við réttargæzlumann Dana* **gegn** *hagsmunum Íslendinga*, en það hefir hv. ráðherra gert, hann hefir komið svo fram í málinu, að grunur *hlýtur* að liggja á honum um miður hreinar og hollar hvatir. Hann getur því ekki með nokkru móti borið fyrir sig, að komin hafi verið út ný lög í Danmörku, þegar hann loks orðaði lotterifrumvarpið við konung síðastlið vor.

Hv. ráðherra segist hafa »borið frumvarpið upp fyrir konungi« í ríkisráðinu í utanför sinni í vor, en játar þó, að hann hafi hvorki gert það til *staðfestingar* né til *synjunar*, heldur hafi þeir að eins skeggrætt málið, segist að eins hafa beðið um leyfi konungs til að skýra Alþingi frá breyttum kringumstæðum og hafi konungur fallist á það form og lýst ánægju sinni yfir. Hvorki stjórnarskráin né nokkur önnur lög þekkja slíkan »uppburð«, enda hlýtur hver maður með heilbrigðri skynsemi að sjá, að þannig löguð reyfing alþingisfrumvarps er algerlega ónóg. Þetta, sem hv. ráðherra segir, að hann hafi rætt málið við konung og að konungur hafi látið í ljósi ánægju sína yfir gjörðum sínum og falið sér að skýra Alþingi frá breyttum kringumstæðum, er ekki annað en lélegur kisuþvottur, enda öldungis óþarft að skýra oss frá dönsku lotterilögunum, því að þau voru komin í dönsku stjórnartíðindin áður en þeir konungur töluðu saman.

»Uppburður« íslenzkra mála fyrir konungi er *annaðhvort* ráðlegging til staðfestingar *eða* synjunar. Tertium non datur (þriðji kostur ekki til); sbr. Ráðherraábyrgðarlögin 3. gr. a, er lýsir því greinilega, að það er öldungis sama að leggja ekki mál fyrir konung »til undirskriftar» og enginn uppburður. Séu frv. eigi *þannig* borin upp fyrir konungi, væri lagasynjunarvaldið tekið af konungi og ólöglega fengið ráðherra í hendur, sbr. og ummæli ráðherra sjálfs á Alþingi 1911 (Alþt. I. 1911 B. 1617). Ráðherra hefir því ugglaust brotið bæði stjórnarskrána og ráðherraábyrgðarlögin. Hitt er annað mál, að lengi má teygja og toga jafnvel in skýrustu lög. Ein

togunartilraunin er það, að ráðherraábyrgðarlögin geti ekki átt við hér, af því að 3. gr. a nefnir »tilskipanir«, eða veit hv. ráðherra ekki, að flestar tilskipanir eru settar samkvæmt lögum, hinum og þessum lögum til nánari útfyllingar.

Eftir því sem hv. ráðherra skýrði frá, var það umhyggjan fyrir góðum horfum í sambandsmálinu, sem latti hann til að fylgja lotterímálinu fram. En þær horfur gátu naumast verið til annarstaðar en í augum hyllingasýnna manna. Eg hefi aldrei haft vonir um betri kosti hjá Dönum, en látnir voru falir í millilandafrumvarpinu 1908. Eg greiddi minni hluta breytingunum 1909 að vísu atkvæði, en einungis í trausti þess, að þær væru fáanlegar, en eftir að það kom í ljós árið 1910, að *þær höfðu aldrei verið fáanlegar*, hefi eg aldrei haft von um betri kosti en þá sem buðust í frumvarpinu frá 1908. *Eg* vildi það frumv. óbreytt 1912, en fékk ekki nægilegt fylgi með því og gekk þá í sambandsflokkinn, þó með fyrirvara. Eg heimtaði bókað í sambandsflokksbókina 18. Ágúst 1912:

»Samþykki tillögurnar með þessum fyrirvara:

1. Greiði þeim atkvæði, sem lausum samningatilraunum, en í fullu vonleysi um framgang þeirra.

2. Tek frumv. frá 1908 óbreytt, hvenær sem fæst.

3. Tek ekki lakari kostum óneyddur«.

Þetta álit bygði eg annarsvegar á því, að af *Dönum* væri ekki *meira* heimtandi, en gert var 1908, og að *Íslendingum* væri á hina hliðina ekki *minna* bjóðandi. Eg hafði enga trú á skirskotun hæstv. ráðherra til bréfs frá einum af dönsku ráðherrunum, enda fékst bréfið aldrei fram í dagsljósið.

En hvað sem sambandsmálsvonunum frá 1912 líður, sem eg raunar aldrei hefi haft neina trú á, þá er það nú komið á daginn, að þær voru ekki þess virði, að 400 þús. kr. á fjárhagtímabilinu væri kastað á glæ fyrir þær, og því síður þess verðar, að stjórnarskrá og þingræði væri brotið þeirra vegna. Býst eg við, að öllum þorra þjóðarinnar muni finnast það og að minsta kosti þeim mönnum, sem finst Desemberboðskapurinn fullborgaður með 754 kr. 80 a. í ferðakostnað nokkurra þingmanna, og er eg einn þeirra, sem þá skoðun hafa. Hér má eg geta þess, að *nægur tími var til að leita konungsstaðfestingar á frumvarpinu milli Desemberboðskaparins og útkomu dönsku laganna* í April, enda ráðherra aðvaraður um það.

Þá sagði hv. ráðherra, að ekki hefði mátt stofna til ráðherraskifta út af lotterímálinu, en þar til liggja þau svör, að oft hafa orðið ráðherraskifti um minni mál en nokkur hundruð þús. kr. fjárhagsspursmál, og um annað eins principspursmál og það, hvort skuli meta meira þing eða stjórn, enda hefðu ráðherraskifti ekki heldur verið óhjákvæmileg. Það hefði nægt, að háttv. ráðherra hefði skotið því til úrlausnar þingsins, hvort ráðherraskifti skyldu verða fyrir það, að hann hefði ekki fengið konungsstaðfestingu. Annars er það álitamál, hvort land og ráðherra hefði tapað nokkru við stjórnarskifti, enda þó að landið hefði þá líklega orðið bæði af Desemberkostunum og gufuskipasamningunum. Þau mál hafa tæpast bætt fyrir ráðherra innanlands og viðskilnaðurinn við Desembersboðskapinn tæplega aukið áhrif hans erlendis.

Þá sagði ráðherra það vel farið í skýrslu sinni, að lotterífrumvarpið væri úr sögunni án þess að viðurkenning lægi fyrir af hendi Íslendinga um, að farið hefði verið út fyrir valdsvið Al-

þingis í því. En eg þykist hafa sýnt skýlaust fram á, að Alþingi hefir alls ekki farið út fyrir valdsvið sitt. Hæstiréttur hefir kannast við það með fyr nefndum dómum, og Bülow hefir játað það óbeinlínis, en skýrt, með tilstofnuninni til nýju lotterílaganna. Hins vegar hefir hv. ráðherra játað óbeinlínis, en skýlaust, með því að bera málið ekki upp fyrir konung til staðfestingar, að hann áliti að Alþingi hafi farið of langt, enda hefir hann lýst yfir því í skýrslu sinni 14. þ. m., að mótbárurnar gegn dómsvaldi lotteristjórnarnefndarinnar séu óhraktar og sömuleiðis fjárhagslegar mótbárur Neergaards. Hann hefir því einmitt gert það sem hann hrósar happi yfir að hafa ekki gert.

Þá lauk hæstv. ráðherra máli sínu með því að segja, að óheppilegt væri, hve prívatfrumvörp væru mikið notuð hér á þingi, því að af því leiddi oft, að lög kæmu í bága hver við önnur. En eg get hér þegar úr sæti mínu bent á, að sum stjórnarfrumvörp, jafnvel á þessu þingi, koma beint í bága við gildandi meginreglur laga. Læt eg mér nægja að benda til frv., sem er til umr. í dag, um mannanöfn. Þar stendur að foreldrar hafi »foreldravald« yfir börnum sínum til 18 ára aldurs, en eg hygg að allir löglærðir menn og mjög margir ólærðir á þessu landi, nema ef til vill hv. ráðherra, verði mér samdóma um, að foreldrar hafi ekki vald yfir börnum sínum nema til 16 ára aldurs. Eg býst við að þessi villa sé ekki runnin frá honum sjálfum, heldur aðstoðarmönnum hans, en eg nefni þetta til að sýna, að stjórnarfrumv. eru eigi alt af betur úr garði gerð en frumv. þingmanna.

Eg var beðinn um að verða flytjandi lotterímálsins þegar í þingbyrjun í fyrra. Er mér engin launung á, að sá sem fyrst bað mig um það, var Sighvatur Bjarnason bankastjóri. Eg dró lengi að flytja frumvarpið, áskildi mér tíma til að rannsaka, hvort það kæmi eigi bága við dönsk lög, og vísaði auk þess beiðanda til ráðherra til þess að heyra álit hans. Og þá fyrst, er bæði mér og ráðherra, að sögn, sýndist það ónætt, tók eg við málinu til flutnings, enda orðaði enginn lagamaður innan eða utan þings nein vandkvæði á frumvarpinu að þessu leyti.

Háttv. þingm. Dal. (B. J.) sagði að vísu meðal margs annars, að frumv. kæmi í bág við dönsk lög, og sagði hæstv. ráðherra þá, að það liti út fyrir, að orð kæmu frá einhverjum öðrum stað en höfðinu. Síðar var mér skrifað frá Kaupmannahöfn í Nóvember, að vafi væri á því vegna danskra laga, hvort við gætum fengið þessi lög staðfest. Fór eg þá og leitaði í hæstaréttartíðindum og fann fyrnefnda dóma. Þótti mér vænt um að sjá, að álit mitt á frv. var á sama veg og álit hæstaréttar.

Fyrir mitt leyti álít eg ekki svar hæstv. ráðherra fullnægjandi. Eg mun því bera fram rökstudda dagskrá, og get eg gjarnan, með leyfi forseta, lesið hana upp strax. Hún hljóðar svo:

»*Deildin telur frammistöðu ráðherra í lotterímálinu mjög aðfinsluverða; en tekur þó fyrir næsta mál á dagskrá í því trausti, að slíkt komi eigi fyrir aftur*«

Þegar umræðum er lokið, vil eg biðja háttv. forseta að láta ganga til atkvæða um dagskrána með nafnakalli.

**Jóhannes Jóhannesson:** Eg verð að segja það, að eg varð töluvert hissa þegar fyrirspurn háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) kom fram.

Háttv. ráðherra hafði þegar í þingbyrjun lýst yfir því á prívatfundi þingmanna, að hann ætlaði að gefa skýrslu um afdrif lotterímálsins o. fl. í sameinuðu þingi, og ins sama hafði hann

getið hér í deildinni, að minsta kosti er hann lagði fjárlagafrumv. fyrir næsta fjárhagstímabil fyrir hana. Svo varð eg aftur hissa þegar fyrirspurnin var ekki tekin aftur, er dagskránni fyrir fundinn í samein. þingi 14. þ. m. var úttbýtt, því á henni stóð, að ráðherrann ætlaði að gefa skýrslu, og öllum var það ljóst, að það var um lotterímálið o. fl. Eg skal taka það fram, að dagskránni var útbýtt eftir að fyrirspurnin var prentuð, svo að það er eigi víst, að háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) hafi þá vitað, hvenær hæstv. ráðherra ætlaði að gefa skýrsluna, en mér er það persónulega kunnugt, að dagurinn var ákveðinn áður en fyrirspurnin var prentuð og henni útbýtt, og vænti eg að því verði trúað.

Mest var eg þó hissa, þegar fundurinn í Sameinuðu þingi kom og háttv. 9 þingmenn úr þessari deild gripu — algerlega að nauðsynja- og ástæðulausu — til þess óyndisúrræðis að hlaupa af fundi til þess að gera fundinn óályktunarfæran.

Eg sagði: að nauðsynja- og ástæðulausu, af því að þeim var það vel kunnugt, að enga ályktun átti að taka á fundinum um lotterímálið, eða in önnur mál, sem hæstv. ráðherra ætlaði að gefa skýrslu um. Gátu því þeir háttv. deildarmenn, er sökótt þykjast eiga við hæstv. ráðherra, alveg eins notað lotterímálið gegn honum síðar, t. a. m. eldhúsdaginn eða við annað tækifæri, ef þeir héldu sig hafa þar höggstað á honum. Lotterífrumvarpið var eins og öll önnur lagafrumv. samþykt af báðum deildum Alþingis og áttu því báðar deildirnar jafnan rétt á að fá skýrslu um málið. Hins vegar virtist það hagkvæmt að gefa skýrsluna í sameinuðu þingi í stað þess að gefa sams konar skýrslu í báðum deildum. Það sparaði tíma þingsins og stytti þingtíðindin.

Þá var það og ekkert annað en fyrirsláttur hjá inum háttv. þingmönnum, er þeir kváðust ekki vilja hlýða skýrslu um lotterímálið, er væri fjármál, í sameinuðu þingi, því að hana ætti að gefa fyrst í þessari deild. Það eru, eins og kunnugt er, að eins fjárlagafrumv. og fjáraukalagafrumv., sem eftir stjórnarskránni á að leggja fyrst fyrir í neðri deild, en ekki önnur lagafrumv., þótt venjan sé sú, að frumvörp um tekjur landsins séu fyrst lögð fyrir hana — og alls ekki skýrslur.

Þótt fundurinn í sameinuðu þingi yrði óályktunarfær, gaf hæstv. ráðherra þó að sjálfsögðu skýrslu sína; hefir ræða hans síðar verið prentuð í blaðinu »Lögréttu« og eg efast ekki um, að allir hv. deildarmenn hafi lesið hana.

*Fyrirspurnin getur því nú alls ekki ekki verið borin fram til þess að fá upplýsingar um lotterímálið, heldur til þess að fá tækifæri til þess að gera einhverja deildarályktun út af afdrifum þess eða meðferðinni á því*, enda sýnir dagskrá, sú sem fram er komin, að háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B) að minsta kosti ætlast til þess, að deildin vegi að ráðherra — þótt reyndar eigi nema með títuprjóni sé.

Eg vænti þess nú samt og treysti því, að þótt svo ólíklega kynni að fara, að meiri hluti deildarinnar vildi stinga ráðherra með títuprjóni með því að samþykkja þessa dagskrá, að hann muni ekki virða tilræðið meira en um er vert og íhuga það, að meiri hluti, sá er um það kann að safnast, er næsta sundurleitur og að einingin nær ekki lengra en til þess að stinga hann, og að hver sá af þessum væntanlega meiri hluta, er kynni að verða eftirmaður hans í ráðherrasætinu, ef honum kynni að detta í hug að víkja, má búast við því — já getur verið viss um, — að verða stunginn, ekki með títuprjónum, heldur lagður sveðju af miklum meiri hluta

þessa væntanlega meiri hluta óðar en færi gæfist.

Hæstv. ráðherra verður að gæta þess, að þetta þing er svo margklofið, að til einskis flokks í því telst þriðjungur þingmanna, og eg að minsta kosti þykist ekki geta bent á þann mann, er líklegur væri til, hvað þá heldur vissa væri um, að gæti safnað um sig nokkrum ábyggilegum meiri hluta.

Ráðherraskifti nú mundu því tefja störf þingsins að mjög miklum mun og kosta landið ærið fé, og ættu sparnaðarmenn þingsins, er með miklum fjálgleik hafa talað um stórar álögur á þjóðina, sízt að stuðla að því, að þau yrðu.

Um lotterímálið sjálft, og meðferð hæstv. ráðherra á því, skal eg vera stuttorður. Það er enginn vafi á því, að þingið hefir gengið feti framar en góðu hófi gegndi, er það fór að setja ákvæði um athafnir, sem fara áttu fram í Danmörku, og setja á stofn nefnd manna þar til að skera úr málum, sem heyra undir dómstólana. En þetta kom til af því, að menn trúðu því, að málið hefði verið borið undir þá fjármálamenn, sem mestu réðu í Danmörku, og þeir ekkert fundið við það að athuga. Það var því ekki búist við því hér á þinginu í fyrra, að málið mundi mæta nokkurri mótspyrnu þar, en er það kom á daginn, að ekki var hægt að fá konungsstaðfestingu á lögin, skilst mér að ráðherra hafi haft ástæðu til þess að ætla, að það væri í samræmi við meiri hluta þingsins, að hann setti ekki málið á odd og beiddist lausnar, heldur léti málið bíða og gæfi sig að málaleitun, þeirri sem mikill meiri hluti þingmanna hafði falið honum sérstaklega.

Eg fæ því ekki séð, að hér sé ástæða til aðfinslu og tel það með öllu óforsvararlegt að nota þetta mál til þess að reyna að bola hæstv. ráðherra frá, eins og sakir standa nú.

**Einar Jónsson:** Eg vona að allir háttv. meðbræður mínir beri mér það vitni, að eg sé ekki gjarn á að endurtaka það, sem sagt hefir verið. En þegar eg bað um orðið, vakti ið sama fyrir mér sem háttv. 1. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.), að því viðbættu, að mér finst hæstv. ráðherra hafa verið sýnd stök ókurteisi í þessu máli. Eg hefi aldrei séð eins mikla ókurteisi hafða í frammi — og það af sæmilega mentuðum mönnum, eins og þingmenn eiga að minsta kosti að vera, eins og þegar þeir um daginn eigi vildu hlusta á skýrslu hæstv. ráðherra og gengu af fundi. Þeir vildu ekki hlusta á skýrsluna, heldur að eins æsa þá upp, sem fáfróðir eru og ekkert vita um málið.

Reksudda dagskráin fær því ekki mitt samþykki, þótt eg á hinn bóginn sé ekki ánægður með alt sem hæstv. ráðherra hefir hepnast að gera nú í síðustu tíð. En eg er í svo mikilli óvissu um að við fáum betri mann, þó við hrindum honum úr stóli, auk þess, sem það mundi tefja þingið að miklum mun. Eg vil því ekki samþykkja neitt, sem getur talist sama og vantraustsyfirlýsing á ráðherrann.

Það þarf enginn að ímynda sér, að við fáum mann í ráðherrasessinn, sem öllum líki. Að mínu áliti er mikið í það varið að maðurinn sé góður drengur og vilji Íslandi alt það til hags og heilla, sem í hans valdi stendur að framkvæma, og hér höfum vér þann mann. En mótspyrnu geta hans tilraunir auðvitað mætt eins og hvers annars — og því farið á annan veg en æskilegt þætti í sumum atriðum.

Að öðru leyti skal eg spara langa ræðu. Eg skil ekki, vegna hvers verið er að eyða fé til að ræða þetta mál nú í dag eftir að sá 14. þ. er liðinn — þá var þetta sama til umræðu og þessum degi því eytt til óþarfa, eða réttara

sagt vegna ókurteisi þeirra 13 manna sem engar skýringar vildu hlusta á þann dag.

Þetta er því endurtekning á sem því áður er búið líka og óþarft að leika sér svo með fé landsins.

**Ráðherrann (H. H.):** Mér finst alveg þýðingarlaust að fara að svara lið fyrir lið ræðu háttv. fyrirspyrjanda (L. H. B.), sem átti að vera svar upp á skýrslu, þá er eg gaf í Sameinuðu þingi.

Aðallega hnigu orð hans að því, að Alþingi hefði ekki farið út fyrir valdsvið sitt. En eg hefi alls ekki skelt skuldinni á þingið né lagt áherzlu á, að Alþingi hafi farið út fyrir valdsvið sitt, svo að þessi röksemdatilraun hans er óþörf gagnvart mér. Þvert á móti hefi eg reynt að draga fjöður yfir það atriði, og leiða á allan hátt athygli frá því, er ábótavant kann að hafa verið í því efni. Eg hefi einmitt bæði utanlands og innan talið þá ástæðu *eina* fyrir afdrifum frumvarpsins, *að* kringumstæðurnar voru breyttar áður málið kom fram fyrir konung.

Eg hefi sýnt í skýrslu minni, að eg hafði fulla ástæðu til þess að fresta því að bera málið upp fyrir konungi í fyrra haust, og að eg hafði fullan rétt samkvæmt stjórnarskránni til að bíða með að koma fram með frumvarpið og nota ekki þann tíma, sem eg áleit óhentugan.

Þessar eru varnir mínar, hitt læt eg liggja milli hluta.

Eg vil að eins stuttlega minnast á það, sem háttv. fyrirspyrjandi (L. H. B.) gaf í skyn, að það væri mér að kenna, að ástæðurnar breyttust, eg hafi fyrirfram vitað, að dómsmálaráðherrann hafi ætlað sér að breyta dönsku lögunum um lotteri, og þessu til sönnunar segir hann, að eg hafi átt að segja 2 eða 3 mönnum frá því einhvern tíma í Kaupmannahöfn í fyrra haust, að Bülow væri að búa til frumvarp, sem kæmi í bág við lotterifrumvarpið.

Þetta er það, sem á íslenzku er kallað *lygi*. Eg hefi ekki talað þetta við neinn mann, og gat það ekki af þeirri einföldu ástæðu, að eg hafði ekki hugmynd um að dómsmálaráðherra Bülow ætlaði sér að búa til nokkurt frumvarp í þessa átt. Mér datt möguleikinn í hug, og þess vegna spurði eg dómsmálaráðherrann um leið og eg kvaddi hann í lok Nóvembermánaðar í fyrra, hvort von væri á nokkrum lagabreytingum út af hæstaréttardómum þeim í sænska lotteríhlutamálunum, er þá voru nýfallnir, og að vísu snertu ekki beint þá spurningu, sem okkur greindi á um, en kemur þó við skylt efni; en hann kvað nei við því, að nokkuð hefði verið um það talað eða nokkur líkindi til þess. Bæði þá og síðar fullyrti hann við mig, að hann væri alveg hárviss um, að hæstiréttur mundi nú skilja in gildandi lotterilög á sama hátt og hann hélt fram að rétt væri. Eftir því var ekki líklegt, að hann þættist þurfa lagabreyting okkar vegna, enda bera lögin frá 1. Apríl það með sér, að það er ekki tilefni laganna, þó að það slæðist með.

Háttv. flutningsmaður (L. H. B.) var að tala um, að eg hefði fengið áskoranir í vetur um að flýta því, að frumvarpið næði staðfestingu. Eg kannast við það, að eg fekk bréf í þessa átt frá herra Philipsen einhvern tíma í vetur, þar sem hann sagði mér frá því, að frumvarp væri fram komið í landsþinginu, og bað mig að reyna að stoppa það. En það var hvorttveggja, að eg gat ekki fengið lotterifrumvarpið staðfest fremur þá en í haust, og í annan stað þótti mér ekki hlýða, að eg færi að sletta mér fram í innanríkismál Dana; það hefði ekki verið gott fyrirdæmi né oss sjálfum hentugt, enda sjálfsagt lítils árangurs að vænta.

Viðvíkjandi tillögu þeirri til rökstuddrar dagskrár, sem fram er komin, skal eg taka það fram, að þó að eg eftir öllum undirbúningnum geti rent grun í, hvað flutningsmaður ætlast til að hún merki og hverju hann vonast eftir að ná með henni, þá er hún hins vegar svo tvíræð, að eg get ekki gert honum né öðrum það til geðs að taka þetta sem vantraustsyfirlýsing. Tillagan kemur mér svo fyrir sjónir sem höfundur hennar vilji halda sér opnum bakdyrum til þess að geta skotið því við eftir á, ef hún yrði samþykt og eg færi frá vegna hennar, að það hefði aldrei verið meiningin. Það er eins og það hafi átt að hafa vaðið fyrir neðan sig til þess að geta sagt, ef kjósendum út um landið ekki líkaði þetta eins vel og þeir nú vona: »Hann þurfti alls ekki að fara frá vegna tillögunnar, það var traustsyfirlýsing«! Það er einkennilegt, hve vel orðalag þessarar tillögu fellur við lygasögu, þá sem borin hefir verið út um alt land í vor, að eg ætlaði að nota *»þetta ómerkilega lotterímál«* til að fá átyllu til að leggja niður embættið og taka við náðugri stöðu í Íslandsbanka með afar-háum launum. Þetta hefir verið rækilega innrætt fólkinu viðsvegar. Eg hefi fengið að minsta kosti 10—20 bréf með fyrirspurnum um, hvort þetta væri satt. Það er alveg eins og sagan hafi verið útbreidd í því skyni að undirbúa svona lagaða grímuklædda og tvíræða vanþóknunarlýsing. En ósönn er sagan, bæði um fyrirætlan mína og þessi sældarkjör, sem eigi að bíða mín í háum launum í Íslandsbanka. Eg hefi ekki ætlað mér og ætla mér ekki að hörfa af hólmi um sinn, meðan meiri hluti þingsins óskar ekki stjórnarskifta, og eg vík ekki nú, nema að meiri hluti þjóðkjörinna þingmanna að minsta kosti lýsi yfir ósk um að eg fari frá. Eg veit það vel, að svo framarlega sem meiri hluti í þessari deildinni, þó ekki sé nema 1 manns munur, getur gert mér lífið súrt með því að drepa mál, sem miklu varða eða samþykkja hin og þessi frumvörp, sem ekki væri unt að fá staðfest, eins og t. d. þetta lotterimál, sem ef til vill hefir líka verið samþykt í þeim tilgangi, en eg á eftir að sjá, hve margir af mínum gömlu vinum og samherjum, sem nú hafa skipast í andþófsflokk, vilja ljá sig til þess konar stjórnmálareksturs. Mér er að vísu konnugt um það, að sumir minir gömlu vinir segja mig nú öllum heillum horfinn, telja mér hafa mislánast alt nú á síðari tímum og því ekki bindandi trúss við mig lengur. Eg skal ekkert á móti þessu bera. Það er satt, að margt hefir blásið á móti, og óðruvís farið, en ætlað var. En þrátt fyrir alt þá er eg samt þeirrar skoðunar, að eg standi enn svo á fornum merg, að til séu nokkur þau mál, sem eg enn þá ef til vill geti gert eins mikið gagn í eins og flestir heiðraðir mótstöðumenn minir eða keppinautar, og að eg geri því ekki rétt í að leggja strax árar í bát út af því, þótt nokkrir þingmenn hér í deildinni, sem ekki eru meira en þriðjungur þingsins að höfðatölu, séu eitthvað óánægðir með mig. Og eins og þessi óákveðna tillaga er orðuð, lýsi eg yfir því, að eg tek hana ekki sem vantraustsyfirlýsingu eða ósk um stjórnarskifti, og þar af leiðir, að þó að hún væri samþykt í einu hljóði, þá mundi eg ekki segja af mér hennar vegna.

**Flutningsmaður (L. H. Bjarnason):** Eg get verið fáorður og byrjað líkt og hv. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.). Eg var hissa á ræðu hans, hissa á því, að hann skyldi nenna að segja svo oft »hissa«. Hinsvegar var eg ekki hissa á því, að *hann* heldur dauðahaldi í ráðherra, og heldur ekki á því, að það sem hann sagði, var nálega alt endurtekning

af því sem ráðherra hafði áður sagt, og vitanlega ekki betur sagt. Það er skiljanlegt, að háttv. þingm. komi illa, að samein. Alþingi varð ekki ályktunarfært, því að meiningin var, þrátt fyrir allar yfirlýsingar, að reyna að fá *ályktun* um málið *þar*, enda hefði þm. ekki ella borið sig svo illa út af því, að þingið var gert óályktunarfært, eins og hann gerði í nýlesinni ræðu sinni. Annars ætti löglærðum manni ekki að þykja það undarlegt, þó að haft sé móti því, að sakborinn maður skjóti sér undan réttu varnarþingi og þangað sem hann telur sér vísa eða líklega sýknun.

Háttv. 1. þm. Rang. (E. J.) skal eg ekki svara öðru en því, að það situr sannarlega ekki á honum að gera sig að dómara um það, hvað fer vel og hvað fer miður.

Háttv. ráðherra er óþarfi að svara mörgu. Hann kom ekki fram með neitt nýtt annað en það, að hann hefði ekkert vitað um tilgang Bülows, og því væri það »lygi«, að hann hefði sagt nokkrum, að Bülow ætlaði að leggja fram frumv. í ríkisþinginu, er ónýtti íslenzka lotterifrumvarpið. Eg veit ekki, hvaða áhrif þetta sterka orð hefir á aðra, á mig bitur það ekki. Eg veit annars vegar, að ráðherra er oft mjög ómiunugur á orð sín og hefi hins vegar fyrir mér sögusögn *þriggja* manna um, að ráðherra hafi sagt þeim þetta í fyrra haust, og voru 2 *menn* heyrnarvottar að því í annað skiftið, en þriðji maðurinn situr hér á þingmannabekkjunum, enda er innan handar að fá *lögfulla sönnun* fyrir þessu í rétti, vilji ráðherra að eins endurtaka »lyga«-ásökun sína þar sem ná má til hans. Hinu í ræðu háttv. ráðherra er fullhnekt, að hann hafi »borið frumv. upp« fyrir konungi *og haft rétt til* að fresta uppburði þess til vors.

Það er viðurkenningarvert, að hæstv. ráðherra skuli kannast við, að hann hafi verið »óheppinn« um margt á síðari göngu sinni, en hitt er lakara, »óhepnin« hefir verið honum *sjálfráð*. Hann er ekki sami maður nú og áður.

Hæstv. ráðherra þóttist ekki skilja dagskrána, þótti hún loðin; en ræða hans og fylgdarmanna hans lýsti þó inu gagnstæða, enda vona eg að hún sé nógu skýr til að fá nógu marga fylgismenn hér í deildinni. Eg vona að háttv. meirihluta deildarmanna skiljist það, að ráðherra hefir gert þrent í einu, brotið stjórnarskrá, ráðherralög og þingræði, auk þess sem hann hefir spilt stórri tekjuvon landssjóði til handa.

**Ráðherrann (H. H.):** Háttv. flutningsmaður (L. H. B.) hefir tvisvar minst á samtal, sem hann hafi átt við mig fyrir þenna fund, og sem hann hafi bygt það á, að eg mundi svo sem ekkert segja í dag. Það er rétt, að við töluðum saman örstutta stund fyrir fund og kvaðst hann mundu verða mjög mildur í framsögu sinni og ekki gefa tilefni til neinnar kappræðu. Eg lét í ljós, að eg hefði alls ekki búið mig undir neina ræðu, og að eg mundi þá að mestu geta látið mér nægja að skírskota til fyrri ræðu minnar. Háttv. flutningsmaður hefir nú verið svo mildur, að bera mér á brýn þrjú smáatriði: *að* eg hafi kastað á glæ stórgróða, hundruðum þúsunda króna, sem landssjóði hefði verið innan handar að fá árlega, ef eg hefði ekki vanrækt skyldu mína; *að* eg hafi brotið stjórnarskrána, og unnið til ábyrgðar eftir ráðherraábyrgðarlögunum, og loks, *að* eg hafi kipt hyrningarsteininum undan þjóðfélagsskipuninni með því að eyðileggja þingræðið. Þessi smáatriði, tjón landssjóðs, stjórnarskrárbrot og þingræðisskemdir, bar hann upp á mig, auðvitað

með þeim milda málrómi, sem honum er tamur, en efnið fanst mér raunar ekki fult eins milt, eins og hann hafði gefið mér í skyn fyrir þingfund. Mér fanst eg ekki getað þagað algerlega við öllu þessu. »Argur er sá, sem engu verst«, og er þó synd að segja, að eg hafi svarað honum eins og vert var. Eg hefi að eins mótmælt örfáum atriðum, en slept miklu, sem segja hefði mátt, enda býst eg við, að atkvæðin séu ráðin fyrirfram, svo að varnir stoði hér lítið, og enga tilhneiging hefi eg til þess að halda hér uppi leikspili fyrir fólkið.

**Jón Magnússon:** Eg er samdóma háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) um það, að ráðherraábyrgðarlögin fyrirskipi beinum orðum, að ráðherra skuli leita konungsstaðfestingar á lögum, þeim er Alþingi samþykkir, og ráðherraábyrgðarlögin nefna enga undantekning frá þeirri reglu. En mundi nú þessi regla vera undantekningarlaus, þannig að ráðherra ætti að sjálfsögðu að teljast sekur, ef út af brygði. Eg held ekki, og skal eg að þessu leyti skírskota til stjórnlagakennarans við háskólann, prófessors Lárusar H. Bjarnason. Hann telur það í nýútkominni stjórnlagafræði sinni, góðri bók, ekki vítalaust ráðherra, að útvega konungsundirskrift undir alþingisfrumvarp, er færi í bága við stjórnarskrána. Eg er samdóma þessu. En mundu undantekningarnar þar með tæmdar? Eg held varla. Ef ráðherra kæmist að þeirri niðurstöðu, að alþingisfrumvarp væri hættulegt að einhverju leyti fyrir frelsi eða sjálfstæði landsins, þótt ekki kæmi það í bága við stjórnarskrána, þá væri honum eflaust ekki vítalaust að útvega konungsstaðfestingu á frumvarpið. Hitt er annað mál, að vilji Alþingi halda máli því til streitu, þá verður ráðherra að fara. Og eg held að undantekningarnar séu fleiri. Ef ráðherra kemst að þeirri niðurstöðu, meðan Alþingi ekki er saman, að alþingisfrumvarp komi í bága við rétt annarar þjóðar, einkum ef mótmæli koma fram af hálfu þeirrar þjóðar, þá hygg eg að honum sé ekki vítalaust að leita konungsstaðfestingar á frumvarpinu, að minsta kosti ekki fyr en hann hefir borið málið aftur fyrir þing. Nú er eg þeirrar skoðunar, eins og hátt. þm. Dal. (B. J.), að eitt atriði, og það aðalatriði, hafi verið sett í lotterílögin, er önnur þjóð átti fullan rétt á að mótmæla, nefnilega að starfsemi lotterísins, stjórn, dráttur o. s. frv. skuli vera í Khöfn. Með leyfi hæstv. forseta skal eg lesa upp álit háttv. þm. Dal. um þetta atriði í fyrra. Hann segir svo í minnihlutanefndaráliti sínu um málið:

»Alþingi hefir ekki vald til þess, að setja lög um að slíkt fyrirtæki sem þetta skuli eiga heima í Khöfn, því að vér höfum engin yfirráð yfir Dönum. Gætum vér eins vel sett í lögin, að drættir skyldu fram fara í Hamborg eða París. Væntanlegum leyfishöfum yrði slíkt lagaákvæði ónýtt, ef þeir fengi ekki góðfúslega leyfi hjá stjórn þess lands, eða væri það heimilt eftir þess lögum. Hins vegar getur oss enginn hagur verið í því, að binda þá við Kaupmannahöfn, fremur en einhvern annan stórbæ, einkum þar sem á öðrum stað í lögunum er bannað að selja happdrættismiða í Danmörku. Mundu og flestir hyggja, að hér væri um nýtt nýlendu happdrætti (Koloniallotteri) að ræða, enda mundu Danir leyfa slíkt einmitt í þeirri veru (sbr. orðin utan *ríkis* í 4. gr.)«.

Að ekki var gefinn gaumur að þessum viturlegu ummælum háttv. þm. Dal., kom af því, að í nefndaráliti meirihl. er gefið í skyn, að Danir muni góðfúslega leyfa þetta. Þar segir svo, að

leyfishafar þykist hafa vissu fyrir að mega reka lotteríið í Khöfn, »fái þeir leyfi löggjafarvaldsins, konungs og Alþingis, til lotteríhaldsins. Þeir fara þannig í rauninni að eins fram því, að mega kenna lotteríið við Ísland«. Nú er sagt að vísu, að engin dönsk lög hafi bannað þetta, að lotterídráttur íslenzks lotteris færi þar fram. Hvort svo hafi verið eða eigi, um það skal eg ekkert segja, hvorki til né frá. En engin íslenzk lög gátu hindrað það, að Danir bönnuðu þetta. Eg býst við, að allir séu samdóma um það, að hér sé um tvö algerlega aðskilin löggjafarsvæði að ræða, þar er hvor þjóðin hafi ein ráð á sínu löggjafarsvæði, þannig að hvor um sig eigi rétt á að mótmæla, ef hin fer inn á löggjafarsvæði hennar.

Mín skoðun er sú, að ekki hafi verið unt annað en taka til greina mótmæli frá Dönum gegn því að rekstur lotterísins færi fram í Danmörku, ekki af því að eg viðurkenni neina yfirdrotnun í því efni, heldur af því, að við höfum sett lög um atriði, sem hliðstætt löggjafarvald þeirra á yfir að ráða, en ekki vér.

Þá er það fundið ráðherra að sök, að hann hafi ekki borið málið undir konung í haust, heldur látið það dragast þangað til lög voru komin í Danmörku, sem ónýttu alt málið. Eg skal nú ekki orðlengja um það sem er vitanlegt, að þessi lög gátu Danir eins sett fyrir sig, þótt konungur hefði undirritað íslenzku lotterílögin. En ráðherra hefir ekki brotið á móti ráðherraábyrgðarlögunum, þótt þessi dráttur yrði á því að leitað væri konungsstaðfestingar. Að minsta kosti segir stjórnlagakennarinn við háskólann svo í stjórnlagafræði sinni:

»Sé um framkvæmdaleysi að ræða eða það, að ráðherra hafi látið óheimila framkvæmd viðgangast eftir b-lið 2. gr., verður ekki leyst úr því með almennum orðum, hvenær brotið er. Sé að ræða um vanrækslu á að leita undirskriftar konungs undir lagaboð, liggur vanrækslan fyrir, sé ekki undirskriftar konungs leitað áður næsta reglulegt Alþingi kemur saman, því að eftir þann tíma ber, samkv. 10. gr. stj.skr., að álíta Alþingisfrumv. fallin niður. Að öðru leyti er það álitamál, sem leysa verður úr eftir atvikum, í hverju einstöku falli, hvort vítavert framkvæmdaleysi hafi átt sér stað«.

Samt er því ekki að neita, og eg býst við að hæstv. ráðherra viðurkenni það sjálfur, að honum hefir yfirsést í þessu máli. Hann hefir verið of auðtrúa á það í þinginu í fyrra, að Danir mundu ekki hafa á móti því, að lotterírekstur-inn færi fram í Khöfn, treyst of vel ummælum nefndarinnar hér í málinu. En í þessu er þingið honum samsekt, og sérstaklega á nefndin í lotterímálinu í Nd. sök á þessu. Margt kemur fyrir, sem ólíklegt þykir, en bágt á eg með að trúa því, fyr en eg tek á því, að deildin gefi honum sök á þessu, eða að nokkrir þeir þingmenn telji hann ámælisverðan fyrir þetta, sem lotterífrumvarpið samþyktu í fyrra, og þannig eru samsekir, ef ráðherra er sekur. Eg vil að minsta kosti ekki vera í þeirra tölu.

**Flutningsmaður (L. H. Bjarnason):** Eg þakka háttv. þm. Vestm. (J. M.), góðum lagamanni, enda prófdómara við lagadeild háskólans, fyrir þau lofsamlegu ummæli, sem hann hafði um viðleitni mína til að semja stjórnlagafræði Íslands.

Háttv. þm. Vestm. játaði það, að ráðherra eigi að leita undirskriftar konungs undir lagafrumv. Alþingis, og þar með óbeinlínis, að ráðherra hefði yfirsést. *(Jón Magnússon:* Þetta er ekki rétt

hermt). Ráðherra hefir ekki borið lotterifrumvarpið upp fyrir konungi og því yfirsést. Hann hefir að eins gefið konungi skýrslu um málið og þann veg brotið skýlaus lagafyrirmæli. En slík aðferð er ekki annað en leikur, því að uppburður fyrir konungi þekkist ekki, nema annaðhvort til synjunar eða staðfestingar.

Háttv. þingmaður sagði, að það stæði í stjórnlagafræði minni, að svo gæti staðið á, að ráðherra þyrfti ekki að bera upp til staðfestingar samþykt lagafrumvörp frá Alþingi, eða bæri jafnvel skylda til að gera það ekki. Þetta er alveg rétt. Ef t. d. Alþingi samþykkir eitthvað, sem kemur í bága við stjórnarskipunarlög landsins, þá er það gefið, að ráðherra á ekki að bera slíkt frumv. upp til staðfestingar. Háttv. þm. nefndi og það tilfelli, að Alþingi samþykti eitthvað, sem skerti frelsi og sjálfstæði landsins. Þetta er einnig rétt. En eg sé ekki að þetta komi þessu máli við. Eða komu lotterílögin í bága við stjórnarskrá landsins, eða skertu þau frelsi þess og sjálfstæði, eða voru þau að öðru leyti þess eðlis, að þau gætu heimilað ráðherra eða gert honum að skyldu að fara ekki fram á staðfestingu við konung? Eg fullyrði að svo hafi ekki verið. Háttv. þm. sagði að vísu, að þau kæmu í bága við rétt Dana, en það er ekki rétt. Háttv. þm. verður að virða mér það til vorkunnar, þó að eg, með allri virðingu fyrir lögvísi hans og — sjálfstæði, marki meira hæstarétt, sbr. dóminn frá 2. Jan. 1871, en varnartilraun hv. þm. fyrir ráðherra hans.

Háttv. þingmaður játaði, að einhverstaðar yrði að draga mörkin. En hver á að gera það? Er það sá sem borinn er sök, eða er það Alþingi? Auðvitað á Alþingi að skera úr því, því að það er Alþingi, sem samkvæmt stjórnarskrá ráðherra-ábyrgðarlögunum og landsdómslögunum á að dæma um það, hvort ráðherra skuli sóttur til ábyrgðar fyrir að hafa farið út fyrir embættistakmörk sín eða farið ranglega með vald sitt. Eg segi þetta ekki af því, að mér detti í hug að þetta mál komi undir landsdóm. Því fer fjærri. En jafnhættulegu fordæmi og hér er um að ræða, verður að mótmæla kröftuglega. Og þau mótmæli *verða að koma frá Alþingi.*

Háttv. þingmaður las langan kafla upp úr nefndaráliti háttv. þm. Dal. (B. J.) frá því í fyrra til sönnunar því, að frv. hefði gengið á rétt Dana. Eg samgleðst háttv. þm. Dal. í því, að hafa nú fengið »notarial-vottorð« fyrir þekkingu og skilning á lögum. En því sagði hv. þm. Vestm. þetta ekki í fyrra? Þá hefði verið meiri ástæða til þess. Og því segir hann yfirleitt annað í dag en í gær? Því segir hann annað utan þingsins en inni í deildinni? Honum hafa sannanlega farist alt öðruvís orð um þetta mál, en hann las nú upp hér að ráðherra viðstöddum.

Það er jafngott, að háttv. þingm. fái að heyra sannleikann einu sinni um hreinskilni sína og festu.

Þá er það fullkomlega rakalaust, að nefndinni verði hér kent um nokkuð. Hún segir að eins, að »leyfishafar þykjast hafa vissu fyrir að mega reka lotteríið í Kaupmannahöfn«, ef frumvarpið verði samþykt og staðfest, en víkur ekki einu orði að því, hvort það hald sé á rökum bygt eða ekki. Hér var því um enga samsekt að ræða, hvorki af hendi nefndar eða þings. Ráðherra á einn sökina.

Það er hverjum manni ljóst, að jafnvel þótt hæstv. ráðherra hefði, vegna samningaumleitana við Dani um sambandsmálið, mátt líta svo á sem rétt væri að fresta uppburði þessa lagafrv. um hríð, þá hefði hann átt að leita konungsstaðfestingar fyrir 1. Apríl, enda

var nægur tími fyrir hann til þess að bera lögin upp á tímabilinu frá því að sambands-samningarnir strönduðu og þangað til Bülow fékk staðfestingu konungs fyrir frumvarpi sínu.

Eg veit, að útveguð hefir verið konungsstaðfesting á lagafrumv. gegnum símann. Þessa hefir ráðherra ekki freistað. Og býst eg við, að það sé af því, að hann hafi aldrei frá því hann kom til Khafnar með frumvarpið ætlað sér að bera það upp til staðfestingar, enda harla ósennilegt, að 3 menn, sem ráðherra hefir átt tal við í Október, hafi farið að skrökva því upp þá, að hann hafi sagt þeim, að hann væri orðinn afhuga að bera lotterifrumvarpið nokkurn tíma upp, vegna þess að frumv. væri á leiðinni frá Bülow, sem hindraði framkvæmd laganna. Eg sagði og segi enn, að hefði ráðherra borið upp lögin áður en danska frumvarpið kom fram, þá mundi staðfesting hafa fengist. Þar með er ekki sagt, að lögin hefði orðið notuð. Þetta voru að eins heimildarlög. Ráðherra þurfti ekki að nota heimildina. Og þótt hann hefði notað hana, gat hann gert það með þeim fyrirvara, að það væri ekki á hans ábyrgð, hvort lögin kæmu í bága við danska hagsmuni eða dönsk lög.

Það má vera, að tekjunum hefði verið spilt með þessu móti, en stjórnarskránni og þingræðinu hefði verið borgið.

Það sem háttv. þm. Vestm. (J. M.) var að fara með úr stjórnlagafræðinni um framkvæmdarleysi, á ekki við hér. Það er til sérstök grein í ábyrgðarlögunum, sem ætti við uppburðarleysi ráðherra, *þó að* það kæmi ekki í bága við gildandi lög, svo sem það vafalaust gerir. Eg á við 4. gr. ábyrgðarlaganna, sem leggur ábyrgð við svokölluðum »Konduite«-brotum, eða brotum á góðri ráðsmensku.

Það verður að heimta af ráðherra, að hann velji heppilegasta tíma til þess að vinna þau verk, sem honum eru falin á hendur. Tækifærið var nóg fyrir hv. ráðherra. Honum stóð alt opið fram að 1. Apríl, en hann kom ekki með frumvarpið fyr en það var orðið of seint. Jafnvel þótt honum væri kunnugt um frumvarp Bülows, þá bar honum bein lagaskylda til þess að bera frumvarpið upp til staðfestingar. Hann gat ekki gert að því þótt konungur segði »nei«. Og eg hygg, að það hefði verið hollara fyrir hæstv. ráðherra og þann flokk, sem hann styðst við, að einu sinni hefði verið teflt hreint.

Ef ráðherra á að vera einráður dómari um það, hvað framgengilegt sé eða ekki, þá gæti afleiðingin af því orðið sú, að önnur lög frá Alþingi yrðu ekki borin upp fyrir konungi, en þau sem danskir valdhafar hefðu fyrirfram samþykt. Og hvað væri þá orðið af löggjafarvaldi Alþingis? Hér er stofnað stórhættulegs fordæmis, sem ekki má með nokkru móti láta óátalið.

Alt talið um ósamræmi frumvarpsins við dönsk lög er næsta einkennilegt, þegar litið er til þess, að enginn af lagamönnum þessum, hvorki hæstv. ráðh. (H. H.) né háttv. þm. Vestm. (J. M.), skyldu anda í þá átt í fyrra, enda þó efasemdum væri hreyft um það af hv. þm. Dal. (B. J.), heldur þvert á móti kveða þær efasemdir niður, svo sem ráðherra gerði mjög rækilega. Eg gat ekki gert betur en vísa þeim leyfisbeiðendum, sem til mín komu, til hæstv. ráðherra til þess að leita álits hans einmitt um þetta atriði. Þeir segjast hafa átt tal við hann og hann hafi ekkert séð athugavert við frumvarpið, enda tók hæstv. ráðherra af skarið um það, svo sem greinilega sést á margnefndu svari hans þá til hv. þm. Dal. (B. J.).

Hæstv. ráðherra hermdi samtal okkar fyrir fund í dag rétt að nokkru leyti.

Hann kvaðst mundi láta sér nægja að vísa til skýrslu sinnar í Sameinuðu þingi — og kvaðst eg þá mundi verða stuttorður. En hæstv. ráðherra gerði dálítið meira. Hann kom með ekki alveg meinlausar tilgátur til okkar flutningsmanna og varð eg þess vegna að verða langorðari en eg ætlaði mér, varð að rökstyðja fyrirspurn mína, enda vona eg að mér hafi tekist það. Eg ætlaði mér sannarlega ekki að kappræða dagskrána, enda hafa umræður allra verið hóflegar og hitalausar, líklega meðfram af því, að ráðherra svaraði fyrirspurninni áður en búist var við, af hvaða ástæðu sem það kann að hafa verið.

**Jón Magnússon:** Það er að eins örstutt athugasemd viðvíkjandi ræðu hv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.). Hann hermdi ekki rétt orð mín, þegar hann sagði, að eg hefði álitið það yfirsjón hjá hæstv. ráðherra að bera lögin ekki upp til staðfestu. Eg sagði einmitt, að hann hefði *ekki* átt að gera að, þar sem þeim var mótmælt af Dönum og gripu inn á löggjafarsvið þeirra.

**Ráðherrann (H. H.):** Það er eitt atriði, sem háttv. 1. þm. Rvk (L. H. B) er altaf að endurtaka, nefnilega það, að staðfesting hefði verið auðfengin ef eg hefði sagt konungi, að leyfið skyldi alls ekki verða notað og lögin ekki framkvæmd. Og ekki veit eg, hvaðan honum kemur sú vitneskja, að eg hefði komist hænufeti lengra, þótt eg hefði beitt slíkum klókindum. Sömu ástæðurnar hefðu verið á móti frv., þótt eg fyrir mitt leyti hefði viljað gefa einhver loforð um að lögin yrðu ekki notuð. Hvernig hefði eg átt að ábyrgjast slíkt? Hvernig átti eg að verja slík undirmál? Hverja heimild hafði eg til þess að leika svo? Hver var meining Alþingis með lögunum önnur en sú, að þau yrðu framkvæmd, ef þau yrðu staðfest? Hvert gagn hefði landssjóðurinn haft af lotteríinu, ef það hefði aldrei komist í framkvæmd? Hvað varð þá um öll hundrað þúsundin, sem háttv. fyrirspyrjandi (L. H. B.) segir, að eg hafi kastað á glæ? Nei, slíkt yfirskot hefði engum að liði komi. Eg *veit* að lögunum hefði jafnt verið synjað staðfestingar fyrir því, þótt eg hefði borið þau upp með slíkum brellu-tilboðum, en háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) veit ekki neitt um það sem hann er að fullyrða um og getur ekkert um það dæmt. Eg hefi aftur á móti persónulega vitneskju um það, hvernig á stóð, og eg er sannfærður um, að ið eina rétta var það sem eg gerði, að fresta málinu og sjá, hvort ekki gæfist tækifæri til að fá því framgengt seinna. Að það mistækist, gat hvorki eg né annar séð fyrirfram.

Háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) heldur því fram, að hér sé nauðsynlegt að »statuera exemplum«, annars geti ráðherra einn ráðið því, hvernig eigi að fara með málin og uppburð þeirra. En mér er spurn: Hverjir *aðrir* eiga að taka ákvörðun um það, hvað gera beri í einstöku tilfelli eins og þessu? Hverir hafa tækifæri til þess? Undir hvers dóm átti eg að skjóta þeirri spurningu, hvort eg ætti að fresta málinu eða ekki, þegar sú spurning lá fyrir og krafðist svars? Átti eg kannske að »telegrapha til háttv. 1. þm. Rvk (L. H. B.) og spyrja hann til ráða? Eg efast ekki um, að svarið hefði verið velviljað og vísdómsfullt. En samt efast eg um, að eg hefði verið nokkru nær um það, hvað rétt væri og forsvaranlegt. Það liggur í hlutarins eðli, að ráðherra verður einn að afráða um það, hvernig á að fara með málin og uppburð þeirra í gefnu tilfelli. Svo getur þingið komið *eftir á* og dæmt um, hvort hann hefir gert rétt eða rangt. Og eg á eftir að heyra réttar forsendur fyrir þeim dómi, að eg hafi gert rangt, þó að síðar hafi

komið fram nýjar ástæður, sem gerðu framgang málsins ómögulegan, og þótt þær málaleitanir, er fóru fram í sambandsmálinu, hefði ekki fyllilega þann árangur, sem meiri hluti þingsins hafði óskað eftir. Eg gat ekki miðað við annað en kringumstæðurnar eins og þær voru þá, þegar eg varð að taka ákvörðunina. Eg vissi ekki óorðna hluti. Spurningin er að eins þessi: Var það rétt, eftir því sem á stóð, að setja lotterífrumvarpið á odd þá, þegar ríkisráðsfundurinn 22. Október kallaði að, eða var hitt forsvaranlegt, að bíða átekta. Eg varð að álíta, að með því að bera málið þá upp, væri það alveg úr sögunni. Aftur á móti gat eg ekki vitað nema málinu kynni að fást framgengt seinna, ef eg frestaði uppburði þess að sinni. Það hefir margt breyst á skömmum tíma. Það var t. d. ekki útilokað að ný stjórn kæmist til valda í vor, sem kynni að verða liðlegri í samningum um þetta mál. Um það var ekkert hægt að fortaka. Enda kom það á daginn, að stjórnarskifti urðu, en þá voru in nýju lög Dana frá 1. April í gildi gengin.

Eg vil svo loks reka til baka þau ummæli háttv. 1. þm. Rvk (L. H. B.) um að leyfisbeiðendurnir hafi komið til *mín* í fyrra og spurt mig, hvort nokkuð myndi þessu máli til fyrirstöðu í Danmörku. Þetta er hreinn tilbúningur. Þeir hafa aldrei beint til mín neinni slíkri spurningu. Eg hefi aldrei átt tal við herra landshöfðingja M. Stephensen um þetta mál og aldrei talað um það við hr. Philipsen hér á landi. Hinn eini af leyfisbeiðendunum, sem minst hefir á þeita mál við mig hér á landi, er herra bankastjóri Sighvatur Bjarnason. Hann mintist eitthvað á þetta mál við mig niðri í Íslandsbanka, en alls ekki til þess að segja um það, hvernig *Danir* mundu líta á málið, heldur var það að eins kunningjasamtal við mig um það, hvernig mér litist á fyrirtækið eða hvort eg mundi vera málinu meðmæltur eða ekki. Þessar sögur, sem háttv. 1. þm. Rvk (L. H. B) er að dylgja með eða slá um sig með, eiga sér því engan stað.

Eg bygði það á staðhæfingu þessa háttv. þm. sjálfs í fyrra, sem kvaðst hafa kynt sér málið svo vel og rækilega, að búið væri að ganga úr skugga um, að dönsk stjórnarvöld hefðu ekkert á móti því að lotteríið yrði rekið á þann hátt, sem frumvarpið greindi. Satt að segja finst mér það því koma úr hörðustu átt, þegar þessi sami maður, sem eg treysti í þessu efni, og hefði átt að mega treysta sem flutningsmanni og framsögumanni eftir ýtarlega nefndaríhugun, er að bregða mér um það og brigzla mér fyrir, að eg hafi sagt það sem hann staðhæfði.

**Eggert Pálsson:** Það eru aðallega lögfræðingar, sem tekið hafa til máls um þessa fyrirspurn, sem hér er fram komin. En þó gildir hér sem oftast endranær sannmælið: »Engin regla er án undantekningar«. Það er sem sé háttv. samþingismaður minn, sem ekki getur talist í flokki lögfræðinganna, sem hefir látið til sín heyra viðvíkjandi þessu máli. Og þess vegna finst mér að eg þurfi ekki að fyrirverða mig fyrir, þótt eg láti mína »skoðun á því ljósi« þótt ekki sé eg löglærður maður fremur en hann.

Hvað þessa fyrirspurn snertir, þá get eg ekki álitið, að það sé ófyrirsynju, að hún er fram komin. Mér finst ákvæði stjórnarskrárinnar hér að lútandi vera svo skýr, að engin tvímæli geti á því legið, að hv. ráðherra hafi ekki í þessu tilfelli fullnægt þeim. Þar stendur fullum stöfum, að ráðherra skuli bera upp lög og mikilsvarðandi sjórntráðstafanir fyrir konungi. Og vitanlega er þar átt

við uppburð mála, annað hvort til staðfestingar eða til synjunar. Annað er ekki og getur ekki talist neinn uppburður. Það vita og skilja allir, hvort sem þeir eru löglærðir eða ekki. Hins vegar get eg skilið það, að hæstv. ráðh. væri það vorkunnarmál, þó hann bæri ekki frumvarpið strax upp fyrir konungi jafnhliða hinum öðrum frumvörpum, vegna þess, að þá var hann að leita samkomulags við Dani um sambandsmálið og alls ekki fjarri sanni að líta svo á, að uppburður frv. um það leyti gæti orðið samkomulagstilraunum til fyrirstöðu. En þessi afsökun kemur ekki til greina nema á meðan verið var að leita samkomulags um sambandsmálið eða fram í Desembermánuð. Þegar búið var að halda Desemberfundinn marg-umrædda, þá vissi hv. ráðh. það mjög vel á undirtektum, þeim sem málið fékk á þeim fundi, að ekki var tiltækilegt að halda samningstilraunum lengur áfram í þetta skifti. Það var því nægur tími til stefnu eftir þau málalok fyrir hæstv. ráðherra til þess að bera lotterílögin upp fyrir konungi, án þess að sambandsmálið riði í nokkurn bága við það, þar sem það þá var sama sem fallið úr sögunni. En til þess hefði hæstv. ráðherra vitanlega þurft að sigla aftur svo að segja um hæl. En þótt hann hefði þurft þess, þá hefði það vissulega getað talist tilvinnandi, þar sem um svo mikið var að tefla. — Eg fyrir mitt leyti get ekki annað en séð eftir þeim tekjum, sem landssjóður, að því er virðist, hefir farið á mis við, vegna þess að lögin voru ekki borin upp fyrir konungi. En þó er það ekki aðalatriðið fyrir mér, heldur hitt, hve hættulegt fordæmi þetta getur skapað í framtíðinni. Því að ef rh. á nú að haldast uppi átölulaust að fara svona með lög frá Alþingi, þá er enginn vafi á því, að sama má einnig gera seinna, þótt um enn þýðingarfyllra mál kynni að vera að ræða. Eg verð því að líta svo á, að hér sé um vanrækslu af hálfu hæstv. ráðherra að ræða, sem ekki má standa óátalin. Eg lít einnig svo á, að bæði eg og aðrir hafi rétt til að finna að því sem aðfinsluvert er, jafnvel þótt hæstv. ráðherra eigi í hlut. Að minsta kosti bind eg mig ekki við nein nöfn. Eins og eg hiklaust hefi fylgt og mun fylgja ráðherra Hannesi Hafstein, þegar eg tel hann gera það sem rétt er, eins hiklaust er eg á móti honum, þegar eg álít hann gera það sem rangt er. Mannaþræll hefi eg aldrei verið og mun aldrei verða, að minsta kosti ekki meðan lífskringumstæður mínar neyða mig ekki á neinn hátt til þess.

**Kristján Jónsson:** Þar sem eg, eins og kunnugt er, stend fyrir utan flokkana, hefi eg engan þátt átt í afskiftum þeirra af þessu máli hingað til, en nú þykir mér rétt að láta í ljósi álit mitt um og lýsa afstöðu minni til fyrirspurnar þessarar, og þeirrar rökstuddu dagskrár, sem komin er fram hér í deildinni. Það er um það spurt, hvernig á því standi, að lotterílögin hafi ekki verið staðfest af konungi. Mér finst satt að segja fyrirspurn þessi nokkuð undarleg, bæði vegna þess að mönnum var þegar fyrir þing kunnugt um afdrif lotterímálsins og hvernig á þeim stóð og líka vegna hins, að hæstv. ráðherra hafði þegar í þingbyrjun lýst yfir því, að hann mundi gefa þinginu skýrslu um lotterímálið í sameinuðu þingi við fyrsta tækifæri. Þá skýrslu hefir hann nú gefið, og höfðu allir þm. kost á að vera þar viðstaddir og hlýða á hana. — Öllum athugulunum mönnum hlaut að vera orðið það kunnugt, sem um er spurt.

Hver er þá kjarninn í málinu? Hann er sá, að Alþingi hefir sþ. lög, sem ekki gátu orðið staðfest eða framkvæmd vegna þess, að talið er að þau komi í bága við lög og hagsmuni annarar þjóð-

ar. Þetta er sannleikurinn. Og það er ekki ástæða til þess fyrir Alþingi að kasta ábyrgðinni fyrir lagasmíð þessa, sem á því hvílir, yfir á aðra. Hún hlýtur að lenda á Alþingi sjálfu, sem hefir samþykt lög, sem Danir álíta að komi í bága við dönsk lög og danska hagsmuni. Og þegar valdhafarnir í Danmörku líta svo á og beita því valdi, sem þeir hafa, þá er það vissulega ekki auðvelt fyrir ráðherra að koma málinu fram. Eg er ekki í neinum vafa um það, að honum er ekki gefandi sök á þessu. Það er sama, hvaða mann við hefðum sent út til Danmerkur með lögin, og jafnvel þótt við hefðum sent heila »Deputation« — það hefði alt farið á einn veg. Það var vikið að því í fyrra af hv. þm. Dal. (B. J.), að lög þessi gætu ekki orðið samþykt vegna þess að þau kæmu í bága við dönsk lög, eða öllu heldur fyrir þá sök, að Alþingi færi út fyrir verkahring sinn og valdsvið, er það samþykti lög um lotteridrátt í Danmörku. Sjálfur bar eg kvíðbeyg fyrir þessu, en eg taldi mig ekki þá hafa rannsakað þessa hlið málsins nægilega ítarlega, og kom því eigi fram með ákveðin mótmæli, er lotterifrumvarpið var fyrir þinginu, enda treysti eg flutningsmönnum frv. til þess að hafa athugað þetta efni sem skyldi. En hins vegar lét eg þessar efasemdir mínar í ljósi við nefndina, sem hafði málið til meðferðar, og benti henni á ákvæði, þau sem mér þóttu varhugaverð. Nú er það á daginn komið, að lögin gátu eigi orðið staðfest fyrir galla, sem taldir voru vera á þeim.

Eg hygg nú, að hæstv. ráðherra hafi í þessu máli fullnægt skyldu sinni, eins og af honum mátti heimta, og tel skýrslu hans fullkomlega ábyggilega í þessu atriði. Það hefir verið erfitt fyrir ráðherra að eiga við þetta, þegar það kom á daginn erlendis að lögin fóru í bága við dönsk lög eða danska hagsmuni. Þá hefir vakað fyrir honum sú spurning: »Hvað á eg að gera? Á eg að setja málið á oddinn, sem kallað er? Á eg að fara með málið í ríkisráðið og bera það þar upp, vitandi fyrirfram, að því muni verða synjað staðfestingar?« Eg býst við, að eg hefði farið eins að, ef eg hefði verið ráðherra, og kosið að taka ekki á móti synjun konungs í ríkisráðinu. Eða hvað var unnið við að sækja synjunina í ríkisráðið? Eg hygg, eftir atvikum, að ráðh. hafi í þessu erfiða máli ekki gert annað en það, sem eðlilegast og réttast hafi verið. Með öðrum orðum, eg skil ekki, að hægt sé að gera ábyrgð gildandi gagnvart honum í þessu. En það mætti ef til vill segja annað, sem sé að ráðherra hefði á þinginu í fyrra átt að vara Alþingi við að samþykkja þessi lög og benda því á agnúana, sem það hefði í för með sér. En þetta er eigi gert. En hitt er víst, að það er Alþingi, sem ber ábyrgðina fyrir að hafa samþykt lögin.

Nú liggur hér fyrir ályktun í dagskrárformi út af þessu máli, og er mjög óvíst, hvernig atkv. greiðast um hana. En menn verða að gera sér það ljóst, hverjar afleiðingar það getur haft, að samþykkja þessa dagskrá. Þeir sem líta svo á, að ráðherra hafi ekkert afbrotið í þessu máli, greiða sjálfsagt atkvæði á móti henni. En þeir þar á móti, sem álíta að hann hafi ekki farið að sem skyldi, verða að spyrja sjálfa sig: »Á eg að greiða atkv. með eða móti? Og hver er meiningin með þessari ályktun?«. Eg hygg fyrir mitt leyti, að tilgangurinn sé sá, að leitast við að hrinda ráðherra af stóli með samþykt dagskrárinnar. Og held eg eigi að um það þurfi að efast, að til þessa sé stofnað. En hvað tæki þá við? Hefir nokkur gert sér ljóst, hvernig þá muni standa

mál vor, ef þeir, sem bera fram þessa ályktun, fá vilja sínum framgengt? Það er enginn vafi á því, að bak við þessa ályktun standa tvö flokksbrot hér í deildinni, sem hafa runnið saman til þess eins, að bera hana fram, og að þau munu óðara renna sundur aftur, þegar er þessi dagskrá er búin að ná tilgangi sínum — hefir unnið það sem hún á að vinna, því að þessi flokksbrot eiga eigi betur saman en eldur og vatn. Það er því engin von um það, að þessi flokksbrota-sambræðingur geti bygt upp og sett á laggirnar stöðuga stjórn; til þess eru þau of sundurleit. Áður en núverandi ráðherra er hrundið, verður að leysa úr þeirri spurningu, hver taka skuli við ráðherraembættinu; að minsta kosti verður að vera völ á einhverjum manni, er meiri hluti þings geti sameinað sig um. Meðan sú spurning er ekki útkljáð, má segja, að stefnt sé í beina óvissu, og eg vil segja fullkomið myrkur. Eg held að við eigum ekki að tefla á neina óvissu í því efni, heldur vera vissir um, hvað við hreppum, þegar við höfum hrundið núverandi stjórn. Eg fyrir mitt leyti vil ekki hrinda núverandi ráðherra úr sæti, ef eg veit ekki, hver verði ráðherra á eftir honum.

Á hinn bóginn má vel segja, að skilja megi þessa ályktun á annan hátt, en eg hefi bent til nú nýlega, því að hún er svo loðin, að ekkert ákveðið er sagt með henni, en í því liggur einmitt, hve varhugaverð hún er. Skeð getur, og er eigi ótrúlegt, að menn hafi verið fengnir til að lofa þessari rökstuddu dagskrá fylgi sínu með því, að telja þeim trú um að hún væri alveg meinlaus, og væri þá æskilegt að þeir inir sömu vildu láta í ljós skoðun sína í þá átt. Og verði þá dagskráin samþ. hér í deildinni í dag, má óhikað líta svo á, að deildin vilji *ekki* láta skilja það svo sem kröfu eða bending um, að ráðherra skuli fara frá.

**Flutningsmaður (L. H. Bjarnason):** Hæstv. ráðherra taldi það fullvíst, að staðfesting hefði ekki fengist. Það hefir verið sagt um mig, að eg væri stundum óspar á fullyrðingar. Eg skal ekki dæma um það, en það finst mér, að ekki sé háttv. ráðherra sparari á þær, hvorki nú né fyr. Þegar bræðingurinn sæli var á ferðinni, taldi hæstv. ráðherra t. d. fullvíst, að hann gengi fram. Það hefir nú sést, hvað varð af því. Mundi ekki áviðlíka hafa farið geta um synjunarfullyrðinguna, ef hann hefði gert skyldu sína í tíma.

Enginn sakar nokkurn ráðherra fyrir það, þótt hann komi ekki fram öllum málum hjá konungi. En ráðherra verður að *leita* staðfestingar á öllum þingfrumvörpum. Og hvað sem staðfestingu þessara umræddu laga leið, þá átti hæstv. ráðherra að gera hreint fyrir sínum dyrum. En það hefir hann ekki gert. Hann kannast við, að hann hafi ekki borið frumvarpið upp við konung til staðfestingar. Háttv. ráðherra kvaðst hafa orðið að taka ályktun um meðferð lotterífrumv. upp á eindæmi sitt, en það er ekki rétt. Hann gat leitað ráða hjá stjórnum þeirra flokka, sem hann studdist við, og átti að gera það. Og hann gat ennfremur og átti sérstaklega að leita ráða hjá Desemberþinginu svokallaða. Fundurinn stóð í 2 daga og því nægur tími og ærin hvöt til að leita álits hans um jafnþýðingarmikið mál. Vegna þessa einræðis ráðherra verður deildin nú að taka fram í, enda var háttv. ráðherra svo ljúfur að játa því, að þingið »mætti« dæma þessar gjörðir sínar sem aðrar »eftir á«. Sliks dóms er nú óskað og einskis annars. Það var því minni ástæða til að heykjast strax fyrir bréfi Bülows, sem það hótar engri staðfestingarsynjun, segir að eins

að lögin komi í bága við dönsk lög. Það því síður sem hæstv. ráðherra hafði fyrir sér prentaða dóma hæstaréttar, sem studdu málstað vorn kröftuglega.

Hæstv. ráðherra heldur því enn fram, að hann hann hafi frestað uppburði frumv. til vors vegna vonar um, að úr rættist um málið, en þessu getur enginn trúað, sem trúir því ekki, að 3 menn hafi tekið sig saman um að skrökva upp á ráðherra, enda kemur þetta beint í bág við margendurtekna fullyrðingu ráðherra um staðfestingar-vonleysi.

Hæstv. ráðherra neitaði því líka, að leyfisbeiðendur hafi leitað álits síns 1912, nema Sighvatur Bjarnason bankastjóri. Sé það satt, hefir verið skrökvað að mér, en því á eg bágt með að trúa, enda nægði að einn leitaði hans. Annars sannfærðist eg af sögusögn þeirra 3 manna, er höfðu tal af ráðherra í Khöfn, og svo af gagnstæðri sögusögn S. B. um það, að ráðherra hefði hér ekki »hreint mjöl í pokanum«.

Háttv. þm. Borgf. (Kr. J.) hóf mál sitt með því að þykjast standa utan flokka. En hvað er að vera utan flokka? Mér er sagt, að hann *mæti á stjórnarflokksfundum* og greiði þar atkvæði. Hann sagði, að þessi rökstudda dagskrá myndi eiga að koma ráðherranum frá völdum, og óttaðist mjög eftirköstin, hvort sem það nú hefir verið af persónulegum ástæðum eða ekki; en hann getur nú verið öldungis rólegur, því að hæstv. ráðherra er búinn að lýsa yfir því, að hann fari ekki. Háttv. þm. spyr, hver sé meiningin með dagskránni, og svaraði þó spurningunni sjálfur með því að segja, að hún væri í rauninni *vantraustsyfirlýsing*, sem hún og vitanlega er, enda þó að meiningin með henni sé aðallega sú, að verja þingið fyrir hættulegu fordæmi. Eg skal ekki blanda öðrum málum inn í umræðurnar um dagskrána, en geta verður þó þess, að meðferð deildarinnar á nokkrum mikilvægum stjórnarfrumv. bendir á, að hæstv. ráðherra hafi ekki það fylgi, sem þingræðisráðherra ætti að hafa og verður að hafa. Aðalmeining mín með dagskránni var þó sem sagt sú, að verja þingið þeirri hættu og þjóðina því slysi, að ráðherra gerðist eftirleiðis svo ráðríkur, að ráða því sjálfur, hver mál hann ber upp fyrir konung og hver ekki.

Þá gat háttv. þm. þess, að hann hefði þegar í fyrra óttast, að frumv. mundi stranda, og bætti því við, að hann hefði aðvarað nefndina. Seinni hluti þessarar setningar er *tilhæfulaus*, eins og öll nefndin veit. Um sálarbeig hans veit eg aftur á móti ekki, en hitt veit eg, að hann greiddi því atkvæði *fyrirvaralaust*.

**Pétur Jónsson:** Eg tala hér ekki fyrir hönd míns flokks, en þó að eg tali ekki fyrir hönd bændaflokksins á þingi, sem eg er í, þá vona eg að eg tali máli fjölda bænda víðsvegar um land.

Það er upplýst af skýrslu hæstv. ráðherra (H. H.), að ef hann hefði framfylgt lotterimálinu til streitu, þá hefði það spilt fyrir tilraunum hans við Dani viðvíkjandi sambandsmálinu, ef ekki eytt þeim með öllu. Þetta er það helzta, sem eg hefi getað dregið út úr þessum umræðum, og því hefir ekki verið mótmælt. Það sem við því höfum hér helzt að gera, er að dæma um, hvort réttara hefði verið af ráðherra að láta lotterimálið niður falla eða að fyrirgera þeim vonum, er menn höfðu gert sér í sambandsmálinu, sem í raun réttri er mál málanna, falið núverandi ráðherra af meira en $^3/_4$ þingmanna á síðasta þingi. Mér er óhætt að fullyrða, að lotterimálið var alls eigi borið fram á þingi í fyrra með þeirri hugsun, að af því hlytist

nokkuð það, að til mála gæti komið að ráðherra yrði hrundið vegna þess, og því síður að það gæti orðið skaðlegt fyrir sambandsmálið. Málið var borið fram og flutt undirhyggjulaust með öllu. Af þessari ástæðu er eg fullviss um það, og eg hygg allir að kalla, sem sambandsmálinu unna, að það var samvizkusamlega gert af hæstv. ráðherra, að láta undan síga í lotterímálinu, heldur en að skaða þær vonir, sem menn gátu gert sért sér í sambandsmálinu. Það er því að minni hyggju ekkert að því að finna, sem bæstv. ráðherra gerði í þessu máli í fyrra haust. En svo er það, að þótt lotterílögin hefðu hlotið staðfestingu, þá hefðu þau orðið gagnslaus lög fyrir okkur alveg eins fyrir því. Það er augljóst, að úr því að Danir gátu með lögum komið í veg fyrir að við hefðum nokkuð gagn af lotterílögunum, þá hefði leyfið orðið alveg gagnslaust fyrir leyfishafa.

Eg ætla mér svo ekki að fara fleiri orðum um þetta mál, en skal að eins lýsa því yfir að endingu, að eg mun greiða atkvæði á móti öllum yfirlýsingum út af því.

ATKV.GR.:

In rökstudda dagskrá var samþykt með 13:11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Einar Jónsson |
| Jón Jónsson | Jóh. Jóhannesson |
| Benedikt Sveinsson | Jón Magnússon |
| Bjarni Jónsson | Kristján Jónsson |
| Björn Kristjánsson | Magnús Kristjánss. |
| Guðmundur Eggerz | Matthías Ólafsson |
| Halldór Steinsson | Ólafur Briem |
| Jón Ólafsson | Pétur Jónsson |
| Kristinn Daníelsson | Sigurður Sigurðsson |
| Lárus H. Bjarnason | Stefán Stefánsson |
| Skúli Thoroddsen | Tryggvi Bjarnason |
| Valtýr Guðmundss. | |
| Þorleifur Jónsson | |

Hannes Hafstein greiddi ekki atkv.

---

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið á fundinum frá Ed.:

Viðaukatillögu við breytingartillögu á þingskjali 196 við frumvarp til laga um friðun æðarfugls. Frá Einari Jónssyni N.-Múl. (198).

Fundurinn hafði þá staðið í 3 stundir og frestaði forseti fundi til kl. 5 síðd.

---

Fundur hófst aftur kl. 5 síðdegis og var þá haldið áfram dagskránni og tekið fyrir:

FRUMVARP til fjáraukalaga fyrir árin 1912 og 1913 (stj.frv., n. 91, 122, 125, 172, 197); 2. umr.

**Framsögum. (Pétur Jónsson):** Þótt nefndarálitið sé stutt, skal eg leyfa mér að skírskota til þess um tillögur nefndarinnar, því að það er verkdrýgra að eg biði átekta og tali ekki mikið um málið að svo stöddu, áður en háttv. þingdeildarmenn hafa látið í ljósi álit sitt. Eg ætla að eins örlítið að drepa á fáeinar br.till.

5. br.till. viðvíkjandi gagnfræðaskólanum á Akureyri er bygð á því, að búið er að brúka hátt á 4. þús. krónur af þessari upphæð sem á frumv. stendur, en aftur á móti ekki útlit fyrir að gert verði neitt verulegt við skólahúsið í haust; til þess vantar bæði tæki og efni. Nefndinni virtist því ekki ástæða til að veita meira fé á fjáraukalögum, en þegar er búið að brúka, og hefir hún því eftir samráði við skólameistarann, sem hér er staddur eins og menn vita, lagt til að fjárveitingin verði mink-

uð um kr. 4188.00. Það er ekki meiningin að minka tillagið til að gera við skólahúsin, heldur að eins færa það til fjárlaganna fyrir 1914—1915.

Þá er 8. br.till. Jakob Björnsson síldarmatsmaður á Siglufirði hefir kvartað til þingsins um, að hann hafi verið vanhaldinn af styrk, þeim sem veittur var 1910 til utanfarar tveggja síldarmatsmanna. Hann segir svo frá, að það hafi verið samkomnlag milli sín og þáverandi ráðherra, að hann fengi ekki nema 200 kr. í svipinn, en kveðst hafa búist við að sér yrði bætt það upp seinna með 400 kr. viðbót, svo að hann yrði jafn hinum síldarmatsmanninum, sem fekk 600 kr. Það hefir nú farist fyrir að kippa þessu í lag á þinginu 1911, að líkindum vegna veikinda fyrv. ráðherra (B. J.). Nefndin álítur rétt að leiðrétta þetta og veita honum 200 kr. viðbót, svo að hann fái helming þeirrar fjárveitingar, sem upphaflega var ætluð síldarmatsmönnunum báðum.

Þá er 12. br.till. nefndarinnar við 9. gr., sú, að 3. liður — söluheimildin á prestaskólahúsinu — falli burt. Það er ekki svo að skilja, að nfnd. sé ekki stjórninni sammála um það, að rétt sé að selja þetta hús. Það er einmitt ekki ástæða til þess, að nota lóð á þessum stað í bænum undir opinberar byggingar, en hins vegar álítur nefndin, að heppilegra muni vera að draga að selja húsið, því að eftir því sem hafnargerðinni miðar áfram, eru líkur til að verð á lóðum muni hækka í miðbænum. Þess vegna vildi nefndin fella þessa athugasemd burt úr frumvarpi stjórnarinnar í þetta skifti.

Loks er breytingartillagan um að fella niður fjárveitinguna til viðbótarbyggingar við pósthúsið. Hún er ekki til orðin af því, að nefndin hafi á móti því, að það þurfi að bæta við pósthúsið, en nefndinni þótti ekki ástæða til þess, að setja þann kostnað á fjáraukalögin, með því að ekki eru líkur til þess, að teljandi verði unnið að því verki fyr en eftir næsta nýár. Þó er nefndinni þetta ekkert kappsmál, og skal eg því ekki fjölyrða um það.

**Ráðherrann (H. H.):** Eg skal vera stuttorður, eins og hv. framsögum. (P. J.). Yfirleitt getur stjórnin verið ánægð með undirtektir hv. fjárl.nefndar undir þetta frv., og er sérstaklega að athuga það, að þótt hún leggi til að kippa burtu einstökum liðum, þá er það ekki til þess að fella þær fjárveitingar, heldur að eins að færa þær til. En um inn helzta af þeim liðum, pósthúsviðbótina, er það að segja, að eg get ekki séð að það sé rétt að færa þá upphæð aftur í fjárlögin fyrir 1914—1915, og þess vegna gladdi það mig að heyra, að háttv. fjárlaganefnd er ekki sú tillaga föst í hendi. Eg er alveg sannfærður um það, að það verður meira en nóg við peningana að gera á næsta fjárhagstímabili, þótt ekki séu allar stóruppliæðir látnar bíða þangað til. Hins vegar höfðum við nú nóg fé til þess á yfirstandandi fjárhagstímabili, og ef þessi liður kemst á fjáraukal, þá ætti enginn vafi að vera á því, að byrjað verður á byggingunni þegar fyrir nýár. Ella er ekki hægt að byrja fyr en eftir nýár, og það tefur fyrir verkinu, sem er bráðnauðsynlegt, og fjárhæðin sú sama, hvort sem er. Þar sem ekki verður unnið að steinsteypu aðal-vetrarmánuðina, nema í alveg óvenjulegu árferði, og verkið því sennilega mundi tefjast til næsta vors, ef ekki verður byrjað á því bráðlega, þá vil eg fyrir mitt leyti mikillega mælast til þess, ef nefndin sér sér fært, að hún haldi ekki fram þessari br.till. sinni, heldur verði þessi liður látinn halda sér í fjáraukalögunum. Sama er að segja um fjárveitinguna til gagnfræðaskólans á Akureyri; samkv.

upplýsingum, sem stjórnarráðið hefir fengið, er óhjákvæmilegt að gert verði við húsið, og það sem fyrst.

Þá er einn liðurinn, sem háttv. fjárlaganefnd vill stryka út, styrkurinn til Vífilsstaðahælisins til þess að eignast Röntgens-áhöld. Mér þykir illa farið, að háttv. nefnd skuli leggja þetta til. Það er alt af að verða meira og meira viðurkent, að þessi áhöld séu alveg bráðnauðsynleg fyrir hvert brjóstveikrahæli, ef vel á að vera. *(Lárus H. Bjarnason:* Verða sett inn í fjárl með samþykki læknisins). Jæja, gott er það, en eg vil geta þess, að þótt keypt verði Röntgens-áhöld handa háskólanum, þá hefir heilsuhælið þeirra ekki not. Það er ekki hægt að flytja menn þaðan hingað dauðveika, þegar kann að þurfa að skoða þá. Verkfærin verða að vera á staðnum þar sem á að nota þau.

Viðvíkjandi öðrum br.till. skal eg geta þess, að mér þykir vænt um að sjá að hér hefir verið bætt inn endurgreiðslu til Rangárvallasýslu fyrir framlag til Garðsaukasímans. Það er eins ástatt með hann og 2 aðra símaspotta, sem standa í frv. stjórnarinnar. Auðvitað hefir þingið gengið út frá því í fyrra, að Rangárvallasýsla fengi þessa upphæð, en legði aftur fram tillag til Víkursímans að sínum hluta, og Vestmannaeyjar sömuleiðis. Mundi stjórnin hafa komið fram með viðaukatill. um endurgreiðsluna, ef hv. nefnd hefði eigi gert það.

Um þá till. að fresta heimild stjórnarinnar til þess að selja prestaskólahúsið, skal eg ekki fara mörgum orðum, en þó finst mér sú br.till. óþörf. Sjórninni ætti að vera trúandi til þess, að selja ekki húsið, nema fyrir viðunanlegt verð.

Þá á eg hér eina viðaukatill. á þgskj. 197, þess efnis, að bætt verði við 200 kr. styrk til dýralækninganáms. Háttv. deild er ef til vill kunnugt um það, hvílík vanhöld hingað til hafa orðið á þeim mönnum, sem landið hefir styrkt til þessa náms. Þeir hafa helzt úr lestinni, hver eftir annan, svo að enn eru ekki nema 2 dýralæknar á öllu landinu, og svo er einn við nám, sem allar líkur eru til að taki próf næsta sumar. Hinn, sem styrkinn hafði í fyrra, hefir nýlega gefist upp. Það er því laust annað nemendapláss það, sem styrkurinn er veittur til í fjárlögum, en hitt losnar væntanlega um Júlí byrjun næsta ár. Nú hafa boðist til þessa náms 2 ungir og efnilegir menn, sem báðir hafa gengið í mentaskólann — annar hefir 4., en hinn 5. bekkjar próf —, og hafa sýnt vottorð sín, og eru miklar líkur til að þeir muni lúka náminu. Auk þess hafa aðstandendur þeirra beggja, sem eru áreiðanlegir og efnaðir menn, undirgengist það, að endurgreiða alt það, sem þeim kynni að verða veitt í þessu skyni, ef þeir skyldu hætta við nám af ástæðum, sem þeim eru ekki ósjálfráðar. Það skilyrði fann stjórnarráðið sig knúð til að setja, sökum inna sífeldu vanhalda, sem átt hafa sér stað í þessu. En nú er ekki hægt að veita nema öðrum þeirra styrk þegar í stað, nema viðbót fáist fyrir tímann frá því í haust, til Júníloka næsta ár. Þess vegna hefi eg komið fram með þessa viðaukatillögu. Sá af umsækjendum, sem eldri er og meira hefir numið, hefir þegar fengið loforð fyrir styrkupphæð, þeirri sem til er. En hinn, sem líka er efnilegur piltur, hefir óskað að fá styrkinn nú þegar, því að annars missir hann eitt ár frá námi. Þetta yrði ekki til þess, að auka útgjöldin, heldur að eins flýta þeim, og það flýtti um leið fyrir námi þessa manns, svo að hann ætti að geta komið ári fyr að gagni, ef hann gæti byrjað nám strax 1. Sept. í haust. Hér er ekki um neinar stórupphæðir að ræða, en hins vegar samkvæmt vilja þingsins

hingað til, að styðja að því að dýralæknum geti fjölgað. Eg hefi að vísu heyrt sagt, að okkur ætti að nægja 4, einn í hvern landsfjórðung, en það liggur í augum uppi, að ekki veitir af að hafa að minsta einn til vara, ef einhver hinna félli frá. Eg vil því mæla ið bezta með þessari till. Um aðrar br.till. skal eg ekki tala, eg er þeim fyllilega samþykkur.

**Valtýr Guðmundsson:** Mér virðist háttv. fjárlaganefnd ekki hafa athugað frumvarp þetta að öllu leyti svo vel sem skyldi. Þar eru ýmsir póstar, sem eg hefði gjarna viljað að hún hefði minst á, og einkum sakna eg þó athugasemda um það, hversu ákaflega fjáraukalaga-upphæðin hefir farið vaxandi, ár frá ári npp á síðkastið. Það er ekki útlit fyrir annað, en að þau fari bráðum að jafnast við fjárl. sjálf. Það er beinlinis orðinn siður, að þegar stjórnin fær ekki fé til einhvers, þá er því bara dembt á fjáraukalög.; þá er alt samþykt.

Eg hefi nú litið yfir fjáraukalög frá síðustu 20 árum. Þau hafa alt af verið tvenn fyrir hvort fjárhagstímabil og það er fljótséð, að þau hafa mjög farið hækkandi. Sérstaklega hattar alveg fyrir þegar við fengum innlenda stjórn. Áður, í landshöfðingjatíðinni, var farið miklu varlegar í þær sakir.

Eg ætla nú að leyfa mér að gefa yfirlit yfir fjáraukal. frá þessum árum. Eg hefi tekið þau eins og þau voru lögð fyrir þingið, öll nema ein, því að eg fann ekki það bindi af Alþ.tíð. og varð því að fylgja sjálfum lögunum í Stjórnartíðindunum. Upphæð þess fjár, sem farið var fram á á fjáraukalögum, var árin:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1892—3 | kr. | 5.331 | | |
| — | — | 8.064 | samt. | 13.395 |
| 1894—5 | — | 3.851 | | |
| — | — | 2.100 | — | 5.951 |
| 1896—7 | kr. | 18.051 | | |
| — | — | 16.132 | samt. | 34.183 |
| 1898—9 | — | 32.283 | | |
| — | — | 17.721 | — | 50.004 |
| 1900—01 | — | 24.300 | | |
| — | — | 18.906 | — | 43.206 |
| 1902—3 | — | 46.130 | | |
| — | — | 25.044 | | |
| — | — | 38.225 | — | 109.399 |
| 1904—5 | — | 65.683 | | |
| — | — | 12.050 | — | 77.733 |
| 1906—7 | — | 143.062 | | |
| — | — | 278.655 | — | 421.717 |
| 1908—9 | — | 133.936 | | |
| — | — | 91.077 | — | 225.013 |
| 1910—11 | — | 112.951 | | |
| — | — | 120.664 | — | 233.615 |
| 1912—13 | — | 135.891 | | |
| — | — | ? | | |

Hver kann um það að segja, hve há verða síðari fjáraukalögin fyrir þetta fjárhagstímabil? En eftir því sem á undan er farið, megum við eiga von á góðu! Þetta álít eg að sé svo athugavert mál, að full ástæða hafi verið fyrir nefndina að taka það til rækilegrar íhugunar, hvort ekki mætti komast hjá því, að veita svona mikið fé utan fjárlaga. Að eins á einum stað hefir verið gerð athugasemd, enda hafði þá skörin farið að færast upp í bekkinu, þegar Hvanneyrarskólinn byggir helmingi dýrara hús en ráð var fyrir gert, án þess að talað væri við nokkurn mann, eða gerð nokkur grein fyrir þessu. Þetta dæmi sýnir einmitt, hvernig á er litið út í frá. Það er álitið óhætt að gera alt mögulegt í leyfisleysi, og því að eins eru skólar og aðrir svona frekir, að stjórnarráðið hefir verið of vægt. Viðgerðir geta verið dýrar, en varla svo, að ekki sé hægt að sjá þær betur fyrir en þetta. Annað er, þegar aðsóknin er svo mikil að skólum, að skifta þarf bekkjum og auka kenslukrafta. Við því verður eigi séð.

Þá ætla eg líka að líta á nokkra einstaka liði. T. d. annan af inum nýju liðum í 6. gr. Þar eru tveir styrkir, og hefi eg ekkert að athuga við inn fyrri, styrkinn til Olympiufaranna, og eg hefi eigi heldur neitt á móti næsta styrkinum — 1000 kr. handa konu til að fara til Búda-Pest — í »*principinu*«. Það getur verið, að stjórnln verði að grípa til fjáraukalaga í svona tilfelli, þar sem hún er svona herfilega stödd, að hafa ekkert fé til frjálsra umráða milli þinga, sem eg einmitt vildi að hún hefði. En mér þykir þessi styrkur, sem eg var að tala um, helzt til ríflegur, sérstaklega í samanburði við hinn styrkinn, sem eg nefndi. Hann var til 7 eða 8 manna, sem þurftu að vera töluvert lengi í ferðinni, og fengu þeir þó ekki nema 2.500 kr., en hér eru einum veittar 1000 kr. (*Jón Ólafsson:* En það þurfti túlk!). Jú, en við það verður ekki miðað. Í bæði skiftin er farið fyrst til Khafnar, og ferðin er ekkert lengri þaðan til Búda-Pest, en til Stokkhólms.

Eg verð enn að geta þess í sambandi við þetta, að það er ekki farið jafnvarlega nú og áður var. Eg man það, þegar farið var fram á fjárveitingu hérna á árunum í nokkuð svipuðu skyni, og var þó nokkuð meira máli að gegna. Það var þegar til stóð að banna flutning á lifandi sauðfé héðan til Englands, og það var stórt fjárhagsatriði fyrir Ísland. Þá var stungið upp á því, að senda mann, Schierbeck, sem hér var einu sinni landlæknir, til Englands, til þess að sannfæra Bretann um, að hér væri engin hættuleg sýki, og fá hann ofan af þessu. En þá þorði ekki Nellemann gamli, sem ekki lét sér þó ævinlega alt fyrir brjósti brenna, að veita féð. Svona var hann strangur. Og endirinn varð sá, að Vídalín og Zöllner urðu að leggja fram peningana úr eigin vasa og eiga á hættu að fá þá ekki endurgoldna, ef Alþingi neitaði að veita þá. —

Í 8. gr. frumvarpsins fer stjórnin fram á styrk eða eftirlaun til ekkjufrúar Valgerðar Jónsdóttur frá Múla, 360 kr. á ári. Stjórninni finst þetta *sjálfsagt* og nefndin hefir ekkert við það að athuga. Þetta er sjálfsagt sæmdarkona og ekkja eftir sæmdarmann. En þó er þetta talsvert athugavert, ekki svo mjög fyrir það að upphæðin sé í sjálfu sér mikil, heldur er það »principið«, sem er varhugavert. Þetta er þingmanns ekkja. Á þá að innleiða þá reglu, að allar þingmanna ekkjur skuli hafa eftirlaun? Og þegar það fer saman, að embættismenn eru þingmenn, á þá að bæta við eftirlaun ekkna þeirra?

Það er tekið fram í athugasemdinni við greinina, að styrkurinn virðist ekki geta verið lægri. Eiga þá þingmanna ekkjur að hafa hærri eftirlaun en t. d. prestsekkjur? Þær hafa alment 100 kr., eða svo var það að minsta kosti. Læknisekkjur hafa, eftir skránni sem prentuð er aftan við fjárlagafrumvarpið, 187.50 kr., ein jafnvel ekki nema 81.25 kr. og ein sýslumannsekkjan 100 kr. Mér er spurn, við hvað er miðað þegar sagt er, að styrkurinn megi ekki vera lægri?

Eitt er enn þessu viðvíkjandi, sem nefndin hefir ekki athugað. Það er alls ekki upplýst, hvort viðkomandi ekkja hefir sótt um nokkurn styrk. Eg hefi heyrt, að hún hafi alls ekki sótt. Og það hefi eg heyrt fullyrt, að hún hafi 1500 kr. frá Zöllner, svo að þörfin virðist ekki hafa verið sérstaklega mikil, að minsta kosti ekki svo mikil, að hún hafi þurft hærri eftirlaun en prestsekkjur og aðrar embættismannaekkjur. Eins og eg tók fram áðan, er það aðallega »principið«, sem eg tel varhugavert, og að svo er tekið til orða, að þetta sé »sjálfsagt«.

Þá er enn ein grein, 9. gr. frv. Þar er farið fram á, að greiddur sé ferða-

kostnaður nokkurra þingmanna á fund í Reykjavík í Desember 1912. Við þetta gerir nefndin engar aðrar athugasemdir en þær, að hún leggur til »eftir atvikum« að greinin verði samþykt með 100 kr. hækkun, og að tekið sé fram, að fæðispeningar þingmanna séu fólgnir í kostnaðarupphæðinni.

Þessi fjárveiting er stórkostlega athugaverð, ekki fyrir það, að hún sé svo há, heldur frá »principelu« sjónarmiði. Á þenna fund voru boðaðir margir þingmenn utan af landi, en gengið fram hjá öðrum, sem engan ferðakostnað hefði þurft að greiða, af því að þeir áttu heima hér í Reykjavík. Og fram hjá þeim var gengið fyrir þá sök, að þeir vildu ekki sinna þeim málaleitunum, er til meðferðar voru á fundinum. Um það var ekkert hugsað, að í jafnþýðingarmiklu máli var það afar-mikils vert að heyra »oppositionina« — andþófsskoðanirnar. En hér er það sérstaklega athugavert, að fé er veitt til þess að kalla menn saman á pólitíska flokksfund. Það var stjórnarflokkurinn, sem hélt fundinn, og þeim er fundinn sátu eru greiddir ferðapeningar og dagpeningar. Eg hefi heyrt, að einum fundarmanninum hafi líkað þetta svo illa, að hann hafi ekki þegið féð, en sætt sig loksins við, að taka við því nú, og það séu þessar 100 kr., sem nefndin leggur til að bætt sé við. Eg veit ekki fullar sönnur á þessu atriði, en háttv. framsögumaður upplýsir það væntanlega. En þetta er ekki öll upphæðin. Síminn var óspart notaður, en það kann að vera, að hann hafi fengist fyrir ekki neitt. En það er líka minst vert um upphæðina. Það er »principið« — fordæmið, sem gefið er, sem er athugavert.

Ef þetta verður samþykt, er því slegið föstu, og eg slæ því hér með föstu, að hver stjórn hefir leyfi til að vaða í landssjóðinn og ausa úr honum peningum handa flokksmönnum sínum. (*Lárus H. Bjarnason:* Það er gróflega þægilegt). Það kann að vera. En hvernig ætli færi í Englandi, þar sem engin skrifuð stjórnarskrárlög eru, en alt fólgið í fordæmum, ef slíkt kæmi fyrir þar? Fjárlaganefndin gerir enga athugasemd við þetta. (*Lárus H. Bjarnason:* Eftir atvikum). Já, »eftir atvikum«, en út úr því er ekkert hægt að fá. Þetta er svo varhugavert, að það er alveg óskiljanlegt, að nefndin skuli ekki hafa tekið eftir því. Það kann að hafa verið erfitt fyrir hana að gera athugasemdir við þetta, þar sem í henni sitja sumir þeir menn, er á fundinum voru, og tekið hafa á móti peningunum fyrir það. Þeir hafa væntanlega ekki greitt atkvæði. Hinir hafa svo hikað við að koma með aðfinningar. Ef svo færi að flokksráðherrar héldu áfram sama stryki, gengju í landssjóðinn eftir fé handa þeim mönnum, er þeirra flokk fylla, þá væri sannarleg siðspilling — »corruption« komin í stjórnmálin.

Eg er sammála Konungsskuggsjá, að það er versta óáranin þegar óáran kemur í mannfólkið. Mér er það óskiljanlegt, að fjárlaganefndin skuli hafa hlaupið slíkum hérafótum yfir frumvarpið. Það hefði strax verið munur, ef hún hefði sagt um þenna lið, að það yrði að vera svo í þetta eina skifti, en slíkt mætti ekki koma fyrir oftar. Eg fyrir mitt leyti get ekki greitt atkvæði með honum eins og hann er.

**Ráðherrann (H. H.):** Eg skildi ekki, hvað hv. þm, Sfjk. (V. G.) meinti með öllum þessum lestri um fjáraukalögin. Það er fyllilega leyfilegt samkvæmt stjórnarskránni, 24. gr., að gefa út fjáraukalög. Auðvitað getur það verið óheppilegt að veita fé á fjáraukalögum þegar ekkert fé er fyrir hendi. En þeg-

ar fé er til er ekkert á móti því, hvorki frá fjárhagslegu sjónarmiði eða öðru. Heldur ekki er það neinn háski, þótt stjórnin, þegar svo ber undir, veiti dálítið fé upp á væntanlega fjárveitingu eftir á. Það er meira að segja, eins og hér hagar til, þar sem fjárhagstímabilið er tvö ár, ómögulegt að komast hjá því. Og því meiri áhuga sem stjórnin hefir á öllum framkvæmdum, því meira sem hún lætur alla hagi landsins til sín taka, því fremur getur til slíks komið.

Þetta sem háttv. þingmaður sagði um gömlu dönsku stjórnina, það sýnir ekkert annað en áhugaleysi hennar, t. d. dæmið, sem hann tók um Nellemann. Ef stjórnin á að leitast við að gera alt sem hún getur landinu til þrifa, þá verður hún að hafa hugrekki til, ef svo ber undir, að verja nauðsynlegu fé, jafnvel þótt svo kunni til að bera, að nauðsynina beri að höndum milli þinga.

Viðvíkjandi fjárveitingunni til ekkjufrúar Valgerðar Jónsdóttur frá Múla, skal eg geta þess, að stjórnarráðinu var flutt beiðni þess efnis, raunar ekki skrifleg frá henni sjálfri, heldur var sótt fyrif hennar hönd. Beiðnin kom rétt í því að verið var að senda frumvarpið í prentsmiðjuna, og þar sem hér var að ræða um þekta konu, ekkju eftir þjóðkunnan merkismann, þá hikaði stjórnin sér ekki við, að taka beiðnina til greina.

Háttv. fjárlaganefnd hefir gert þá breytingu, að styrkurinn veitist að eins eitt skifti fyrir öll. Sú breyting er víst vegna nýrra upplýsinga um styrk annarstaðar frá, sem ekkjan hefir síðan fengið.

Þá skal eg segja nokkur orð um fundarhaldið í vetur. Það er rangt, að fundurinn hafi verið flokksfundur, og allar ályktanir út frá því, og alt sem háttv. þmingm. (V. G.) sló föstu, er þess vegna á engum rökum bygt. Fundurinn var haldinn vegna þess, að þingið hafði falið stjórninni, með þingsályktun, erindi, sem hún varð að vinda bráðan bug að ákvörðun um. En það vildi hún ekki gera og gat, eftir því sem fastmælum hafði bundið verið, ekki gert upp á sitt eindæmi, án þess að heyra vilja sem flestra þingmanna. Þeir voru allir kallaðir, sem hægt var að ná í, nema einir þrír menn, sem ótvírætt höfðu látið í ljós, að þeir vildu ekki ganga að þeim tillögum um málið, sem menn höfðu áður komið sér saman um, og þá auðvitað ekki að tillögum um tilslakanir frá því. Því fór þó fjarri að fram hjá þeim ætti að ganga með öllu, því að þeim var skrifað, að svo framarlega sem eitthvað yrði úr þessum málaleitunum í þá átt, að menn vildu að frumvarpið væri upp tekið og lagt fyrir þjóðina, mundi þeim þegar verða boðið á fundinn til þess að taka þátt í ákvæðum um, hvenær og á hvern hátt málið skyldi borið undir þjóðina. En af því að það varð ofan á, hjá þeim sem fyrst voru boðaðir, að málið skyldi bíða, kom aldrei til þeirra hluta.

Það er engin hæfa fyrir því, að á fundinum hafi einungis verið menn úr sambandsflokknum. Eg get nefnt ýmsa háttv. þingmenn, sem á fundinn voru kvaddir, en ekki voru í sambandsflokknum og ekki hafa gengið í hann enn. T. d. háttv. þm. Borgf. (Kr. J.), háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) og háttv. 1. konungkj. (J. H.).

Þó að 9. gr. fjáraukalagafrumvarpsins verði samþykt, er þess vegna engu slegið föstu um það, að ráðherranum veitist heimild til að kalla saman *flokksfundi* á landssjóðs kostnað. Eg áleit þetta skyldu mína, og allir þeir þingmenn sem eg bar það undir, töldu það sjálfsagt og í samræmi við vilja meirihluta þingsins, að kostnaður við slíkan fund greiddist af landssjóði.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Það er út af því sem háttv. þm. Sfjk. (V. G.) sagði *um tillögu til fjárveitingar til* ekkjufrúar Valgerðar Jónsdóttur frá Múla, að eg ætla að segja fáein orð. Hann spurði, hvort með þessu ætti að gefa það fordæmi, að öllum þingmannaekkjum skyldi veita eftirlaun. Því er til þess að svara, að slíkt sem hér er farið fram á, hefir verið gert og er gert til þess, að sýna sóma látnum merkismönnum, sem þjóðfélagið á mikið og gott upp að inna, hvort heldur þeir hafa verið þingmenn eða ekki. Hitt dettur engum í hug að mynda fordæmi, sem nái til *allra* þingmanna. En það get eg sagt háttv. þm. Sfjk. (V. G.), að ef hann gæti gert alla þingmenn að jafnokum Jóns heitins í Múla, þá mundi landið stórgræða á því, þó að veita þyrfti ekkjum þeirra ríflegri eftirlaun en hér um ræðir. Að því er snertir eftirlaun úr annari átt, þá *held eg* að mér sé óhætt að fullyrða, að það sé eingöngu þjóðsaga *(Valtýr Guðmundsson:* Það er engin þjóðsaga.) og er illa gert að hlaupa með slíkar kviksögur inn á þing, ef maður veit ekki neinn sann á þeim. — Að öðru leyti vil eg ekki fjölyrða um þetta mál.

Úr því að eg stóð upp, ætla eg að minnast á annað atriði. Stjórnin hefir farið fram á að henni veitist heimild til að selja gamla prestaskólahúsið. Þetta er arðlaus eigign, og sé eg því ekki annað en að full ástæða sé til að stjórninni veitist þessi heimild. Háttv. nefnd hefir felt þetta niður, en tilfærir enga ástæðu. Ef hún hefði ætlast til að hagstofan hefði hæli þar, þá væri það skiljanlegt, en ef hún hefir ekki hugsað sér neina nytsama hagnýtingu hússins, verð eg að álíta rétt, að fallast á till. stjórnarinnar.

**Lárus H. Bjarnason:** Hv. ráðherra fann að því, að fjárlaganefndin hefir dregið út af fjáraukalögunum 60 þús. kr. til pósthússgerðar, og fært þá fjárveiting yfir á fjárlögin.

Nefndinni skildist svo, að húsið ætti að vísu að byggja sem fyrst, en þó ekki svo bráðlega, að verulega yrði unnið að byggingunni á þessu ári, enda var naumast hægt að gera ráð fyrir því eftir tillögunni, sem fyrir lá. Henni fylgdi t. d. engin kostnaðaráætlun. Nefndin hefir átt tal við póstmeistarann og símastjórann. Póstmeistarinn hafði ekki aðrar skýrslur að þessu lútandi, en það sem komst fyrir á dálitlum pappírslappa. Teikningin var mjög ófullkomin, vantaði t. d. alveg gegnumskurð. Báðir, póstmeistarinn og símastjórinn, telja heppilegast, að hvor búi að sínu, að fullur aðskilnaður sé gerður á pósthúsinu og símastöðinni. Annar vill jafnvel að húsin standi *sitt á hvorum* stað.

Þetta, í sambandi við það, að ólíklegt er að hægt verði að vinna að byggingunnni á þessu ári, vegna þess að haust er í nánd, hefir valdið því að fjárlaganefndin leggur til að fjárveitingin verði dregin út við þessa umræðu. Það er ekki sagt, að svo verði gert við 3. umræðu, heldur má fremur búast við því, að hún verði þá tekin upp aftur að einhverju leyti eftir frekari samfundi við póstmeistara og símastjóra. Þessu vænti eg að hæstv. ráðherra uni.

Við víkjandi Vífilsstaðahælinu skal eg taka það fram, að nefndin dró fjárveitinguna út, vegna þess að hún hélt, að það gæti yfirleitt notað sama verkfærið og háskólinn. Röntgensáhaldið mun vera notað til tvenns, til skoðunar og til lækninga. Háskólaáhaldið ætti hælið að geta notað til skoðunar, því að flestir sjúklingar, sem á hælið fara, eiga leið um Reykjavík. Hitt er auðvitað ekki kleift, að flytja sjúkling-

ana hingað til lækninga. Þetta lá ekki ljóst fyrir nefndinni fyrst, en síðan hefir henni komið saman um að leggja til, að tilsvarandi upphæð verði veitt hælinu á fjárlögunum, án þess þó að binda fjárhæðina við kaupin á þessu áhaldi. Og það er meðfram af því, að nefndin vill halda fram, að Vífilsstaðahælið sé landsstjórninni óviðkomandi, enda má hælinu á sama standa, með hvaða orðum féð er veitt.

Um prestaskólahúsið er það að segja, að nefndin var á þeirri skoðun, að miklu meira væri hægt að fá fyrir húsið, þegar hafnargerðinni væri lokið. Það má telja vafalaust, að húsið, sem stendur á jafngóðum stað, muni þá hækka mikið í verði. Auk þess er skólinn notaður nú í landsstjórnarinar þjónustu, bæði fyrir póst og annað. Ef bygt væri sæmilega yfir annaðhvort, mætti eflaust koma prestaskólanum í sæmilegt verð.

Viðvíkjandi því, sem háttv. þm. Sfjk. (V. G.) sagði um frú Valgerði, skal eg geta þess, að mér er að vísu ekkert kappsmál um þessa litlu fjárhæð, en álít þó rétt að hún fái að standa *eitt skifti fyrir öll*, með því líka að nefnd ekkja mun eigi hafa notið styrks annarstaðar að fyr en nú upp á síðkastið, enda ekkja þjóðnýts manns. Háttv. þm. þarf þá ekki að óttast neitt ilt fordæmi í þessu efni.

Viðvíkjandi því sem sami þm. sagði um kostnaðinn við Desemberfundinn, vil eg fyrst geta þess, að eg bjóst satt að segja við, að hann mundi tala betur um jafn útásetningavert fjárframlag, og þar næst vísa þeirri ásökun á bug að fjárlaganefndin hafi ekki fundið að þessu.

Nefndin segir um 6. gr.:

»Nefndinni þykir ástæða til að brýna það fyrir stjórninni, út af 49. lið og *fleirum* atriðum, að fara mjög varlega í greiðslur úr landssjóði, sem eigi er fyrirfram gefin heimild fyrir«. Þessi athugasemd á sérstaklega við Desemberfundinn. Hún var orðuð við 49. lið af því að hann varð fyr fyrir nefndinni í frumvarpinu.

Við endurskoðunarmenn landsreikninganna höfum rækilega brýnt það fyrir stjórninni, að hún væri mjög varkár í þessu efni og legði ekki í útgjöld nema að bráðnauðsynleg væri, enda getur hún útvegað sér lögformlega heimild til að taka fé utan fjárlaga, beri brýna nauðsyn óvænt að, sem sé með bráðabirgðafjáraukalögum. Ef sá síður kæmist á, mundi stjórnin verða varkárari í að leggja út óveitt fé úr landssjóðnum. En það sem fyrir mér vakti aðallega um Desemberfundarkostnaðinn, var það sem hæstv. ráðherra (H. H.) sagði, að ef fjárframlagið yrði strykað út af fjáraukalögunum, þá yrði það að takast úr hans eigin vasa. Eg vildi ekki verða til þess, alveg fyrirvaralaust, úr því að þingið hefir liðið fyrverandi stjórnendum hingað til að taka óveittar fjárhæðir úr landssjóði átölulaust eða átölulítið. Eg verð eftir atvikum að álíta það nauðsynlegt að stjórnin sé alvarlega ámint, áður en til þess konar ráðstafana væri gripið. Nú er slík áminning gefin, svo að hér eftir getur þingið tekið harðara á óveittum, algerlega nauðsynjalausum greiðslum.

**Guðmundur Eggerz:** Yfirleitt get eg fyrir mitt leyti skrifað undir nefndarálitið. En það er einn liður, sem reyndar er ekki mjög stór, sem eg ætla að leyfa mér að drepa á, því hann er með öllu óþarfur, 1440 kr. til Courmont í viðurkenningarskyni fyrir að hafa kent frönsku hér í bænum undanfarin tvö ár.

Hingað til hefir skáldarófan í fjárlögunum verið alíslenzk, en nú virðist mér sem farið sé að slá á hana frönskum blæ, því eg get ekki séð annað en að þetta sé nokkurs konar skáldastyrkur.

Verð eg að segja, að mér þykir með öllu óþarft að leggja þessum franska manni í fjárlögunum, og vil eg fyrir mitt leyti ekki stuðla að því. Eg vil leggja sem minst fé í óarðberandi fyrirtæki, og við getum þó allir orðið sammála um, að ekki muni vera mikill hagnaður að þessari frönskukenslu. Franska er að vísu fínt mál, en vér lærum líka frönsku austur á fjörðunum. Lízt mér ekki á, ef vér eigum að fara að fá t. d. styrkbeiðnir frá öllum frönskum skipstjórum á Fáskrúðsfirði, sem kent hafa mönnum þar eystra þetta mál.

Eg er þannig á móti því, að Courmont verði veittur þessi styrkur.

**Kristinn Daníelsson:** Eg stend upp að eins vegna breyt.till. á þgskj. 125. Hefði eg máske getað sparað mér ómakið, því eg er svo heppinn, að framsögumaður nefndarinnar staðfestir orð mín, er eg ber fram, að það er með samþykki háttv. fjárlaganefndar, að till. mín er fram komin. Samt álít eg rétt að minna á það, sem eg hefi áður skýrt frá, að þannig löguðu eftirliti hefir verið haldið uppi í Garðssjó í sumar með ágætum árangri. En mótorbát til eftirlitsins var ekki hægt að fá fyrir minna en 4 þús. kr., þar af þurfti að fá helminginn úr landssjóði, en þó að stjórnin hafi ekki séð fært að veita meira en 1500 kr., var þó ráðist í fyrirtækið í trausti til þess, að Alþingi veitti síðar það sem á vantaði, og þess vegna er beiðnin og breyt.till. þessi fram komin.

Eg býst við að háttv. þingm. sé málið svo kunnugt, að óþarfi sé að hafa um það fleiri orð.

**Framsm. (Pétur Jónsson):** Eg dró áðan að nefna breyt.till., þær sem hafa komið fram frá öðrum en nefndinni, enda er ekki mikið um þær að segja.

Eg kannast við að fjárlaganefndin er hlynt fjárveitingunni til að auka eftirlit með fiskiveiðum í Garðsjó.

Viðvíkjandi tillögu á þgskj. 197 frá hæstv. ráðherra, þá hefir nefndin ekki haft tækifæri til að ræða um hana, en eg skil ekki að nefndin verði henni mótfallin; finst mér hún vera eðlileg og í samræmi við vilja þingsins undanfarin ár, því heldur sem reynt er nú að gera tryggara, að styrkur til dýralæknisnema verði að notum.

Það eru sérstaklega till. á þgskj. 122 og 172 frá nefndinni, sem eg vildi minnast á. Þær hafa fallið úr, eða ekki verið athugaðar, þegar nefndin samdi álit sitt.

Sú fyrri er um fjárveitingu til Ásólfsskálakirkju, að söfnuðurinn taki að sér kirkjuna. Það er mikil viðleitni og hefir verið af hendi byskups að koma því til leiðar, að söfnuðirnir taki að sér kirkjur, þær sem hafa verið landssjóðs eða lénskirkjur. En nú er komið svo með lénskirkjur, að þær eru komnar undir umsjá landssjóðs. Álítur nefndin að heppilegt sé, að söfnuðirnir taki að sér þessar kirkjur. Það er áreiðanleg reynsla fengin fyrir því, að í fjárhagslegu tilliti farnast þeim kirkjum, er landssjóður annast um, langtum ver en þeim, sem söfnuðirnir hafa umsjón með.

Fjárlaganefndin vill því verða við óskum þeim, sem fram komið hafa frá byskupi í þessu efni. Nú sem stendur eru lénskirkjur, sem ekki eru komnar í hendur söfnuðum, rúmar 40, en þeim fækkar til muna árlega.

Þá er á þgskj. 172 viðaukatillaga um fjárveitingu til að styrkja símalínurnar á Fjarðarheiði, Fljótsheiði og víðar. Hefir landsímastjórinn sýnt fram á, að þessi fjárveiting sé alveg nauðsynleg til að varna bilunum á þessum símalínum að vetrarlagi. Það er nauðsynlegt að þessi fjárveiting komi í fjár-

aukalögunum til þess að hægt sé að gera við símalínurnar í sumar.

Viðvíkjandi ræðu hæstv. ráðherra, hefir háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) tekið það fram, sem athugavert var. Skal eg að eins bæta því við og taka skýrt fram, að nefndin tekur aftur í þetta sinn breytingartillöguna um pósthúsið; vill fresta því máli til 3. umr., án þess þó að nefndin sé fallin frá áliti sínu í þessu máli.

Háttv. þm. Sfjk. (V. G.) hafði ýmislegt að athuga við nefndarálitið, en mér fanst verða minna úr því þegar til kom, heldur en eg hafði búist við. Hann kom með skýrslu um það, hve fjárveitingar á aukafjárlögum hefði farið hækkandi þing eftir þing.

Eg skal skýra frá því, að nefndin leit svo á, að á aukafjárlögum ætti menn að vera sparir og ekki setja þar nema það sem brýn þörf væri til að flýta. Hefir hún látið þetta álit í ljós með því að vilja nema fjárveitinguna til pósthússins út úr frumv. Í 6. gr. nefndarálitsins er stjórninni auk þess bent á að fara sem varlegast í fjárgreiðslur úr landssjóði, sem eigi væru lög fyrir. Hins vegar er engin gefin regla fyrir því, hve mörgum hundruðum eða þúsundum aukafjárlög megi nema. Þar verður nauðsynin í hvert sinn að ráða. Við verðum líka að gæta þess, að lífið er farið að ganga örara í öllu en áður, en reglulegt þing ekki nema annaðhvert ár. Þannig var á aukaþingi 1902 ráðið af það stórvirki, að útrýma fjárkláðanum um alt land og veitt stórfé til þess á aukafjárlögum.

Ef framkvæmdarsöm og snarráð stjórn vill ráðast í eitthvert nýmæli, sem þarfnast samþykkis þingsins, ber henni að búa málið vel undir þingið. Með því móti getur svo þingið með fjárveiting á aukafjárlögum látið byrja á því fyrirtæki í tækan tíma. Eg held því að skýrsla um, hversu mikið hafi verið veitt á aukafjárlögunum þetta eða hitt árið, hafi ekki svo mikið að þýða, heldur hversu áríðandi málefni það hafa verið, sem fénu hefir verið varið til í hvert sinn.

Því sem rætt hefir verið um þingmannafundinn, hafa þeir svarað hæstv. ráðherra og háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B). Auðvitað áleit nefndin, að ekki bæri að gefa fordæmi til þess, að stjórnin gæti tekið fé úr landssjóði til þess að halda flokksfundi. En nefndin leit svo á, að hér væri ekki um flokksfund að ræða, því eins og hæstv. ráðherra tók fram, sátu fundinn fleiri en flokksmenn.

Aðalatriðið fyrir nefndinni var, eins og hæstv. ráðherra skýrði, að þessi fjárveiting er afleiðing af ályktun síðasta Alþingis viðvíkjandi sambandsmálinu.

Það er eitt atriði enn í tillögum nefndarinnar, sem eg vildi minnast á; það er viðvíkjandi smíðakenslunni á Hólum í Hjaltadal. Stjórnin hefir lagt það til, að veitt væri í aukafjárlögunum 500 kr. til trésmíðakenslu á Hólum. En þegar nefndin sá, að það átti að kaupa járnsmíðaáhöld handa Hólaskóla, þótti nauðsynlegt að breyta til um fyrirsögnina á þessum lið eins og gert hefir verið í nefndarálitinu.

Það er óþarfi að tveir menn hafi smíðakensluna á hendi og að verja til þeirra tvennum 5 hundruð krónum, því nefndinni er kunnugt um, að sá maður, sem hefir haft trésmíðakensluna á hendi, er fær um að kenna járnsmíði. Mundi hann því geta tekið að sér hvoratveggju kensluna.

Eg hefi svo ekki fleira að segja að sinni.

**Bjarni Jónsson:** Það hefir nú borið við, sem sjaldan verður, að eg er ósammála háttv. þingm. Sfjk. (V. G.). Lagði hann áherzlu á það, sem og var rétt, að stjórninni bæri *ekki* að veita fé á fjáraukalögunum, sem ekki hefir

verið heimilað í sjálfum fjárlögunum. En stjórninni kemur ekki við, hvað þingið vill veita.

Það er líka sitt hvað, að stjórnin leggi til, að veitt sé fé úr landssjóði, og að hún borgi það sjálf út áður en samþykki Alþingis er fengið.

Fyrir mitt leyti verð eg að játa, að að mín reysla er sú, að stjórnir, þær sem eg hefi þekt, hafa verið sparar á að veita fé úr landssjóði án þess að leyfi Alþingis væri fengið.

Stjórnir, þær sem eg hefi unnið undir, hafa ekki viljað samþykkja að veita lítilfjörlegar upphæðir til að senda sýnishorn af íslenzkum afurðum á útlendan markað. Það er fyrst stjórn, sú sem nú situr að völdum, sem hefir ráðist í að greiða kostnaðinn við að senda sýnishorn af kjöti til Þýzkalands upp á væntanlegt samþykki Alþingis. Hér er þó um atriði að ræða, sem beinlínis snertir hag landsins. Það sýnist því ekki ástæða til að telja það veitt að óþörfu.

Það var líka háttv. sami þm, sem vildi gera svo mikið upp á milli ferðarinnar til ólympisku leikanna í Stokkhólm og ferðarinnar til kvennamótsins í Buda-Pest. Finst mér það algerlega rangt, því að stjórnin gat alls eigi litið öðrum augum á íþróttamótið, en kvennasamkomuna. Að vísu mun íþróttamótið vekja meiri athygli manna út um heim, en hins vegar var þetta alþjóðafundur kvenna og hefir oss eigi fyr gefist kostur á að senda fulltrúa til slíks fundar.

Eg er einn þeirra manna, sem halda því fram, að kvenfólkið eigi að hafa fult jafnrétti við karlmenn. Tel eg því fjárveitinguna, sem hér er um að ræða, sjálfsagða, einkum af því, að hún var sérstaklega veitt konum og miðaði í þá átt að gera þeim eigi lægra undir höfði en karlmönnum.

Í sambandi við þetta vil eg minnast á, að eg álit rétt að veita stúdentafélaginu styrk til þess að geta sent mann til fundar, sem boðaður hefir verið í Osló í haust. Nefndin hefir af misskilningi ekki tekið fjárveitinguna upp í fjáraukalögin, áleit að það heyrði undir fjárlögin. En það er augljóst, að svo er ekki, því fundurinn á að haldast í haust. Tel eg vel farið, að varið sé fé til þess að Ísland komi fram út á við. Höfuð-óvinur okkar í allri framsóknarbaráttunni hefir verið, hvað aðrar þjóðir hafa lítil kynni af okkur. Erlendar þjóðir þekkja oss alls ekki, ef eg undantek nokkra kaupmenn í Kaupmannahöfn, sem lært hafa lagið á því, hvernig þeir eigi að komast með sem hægustu móti í vasa okkar. Annars er svarta myrkur.

Fjögur atriði þykjast þó allir vita um Ísland: að þar er Hekla, að þar er Geysir, að þar búa Eskimóar og að Danir eigi landið.

Því fé er jafnan vel varið, sem veitt er til þess að auka þekkingu annara þjóða á landinu, og þori eg að fullyrða, að það borgast með um umbótum á verzlun og viðskiftum. Mun eg enn endurtaka það, sem eg hefi eitt sinn áður sagt, að verð á dönsku smjöri megi vel þakka Alberti Þorvaldssyni, er bar nafn Danmerkur um allan heim. En þótt hann væri Íslendingur, höfum vér enga hlutdeild haft í þeim gæðum, sem frægð hans hefði mátt leiða yfir þetta land. Verðum vér því að vera ljúfir á að styrkja til slíks verks þá krafta, sem vér eigum nú völ á. Um þetta atriði get eg því ekki verið samþykkur hv. þm. Seyðf. (V. G.). Aftur á móti um greiðslu á kostnaði við þingmannafund í vetur verð eg það að segja, að ef sá fundur hefir verið flokksfundur, fæ eg ekki skilið, þótt eg hafi hlotið lof fyrir lögspeki í [1]dag, hvaðan heimild kæmi til þeirrar fjárveitingar.

Eg veit ekki, hvort eg hefi skilið nefndina rétt í því, er hún leggur til um Röntgens-áhöld til Vífilsstaðahælisins. Eg verð að telja þess fulla nauðsyn, að hælið fái áhöldin fyrr í dag en á morgun. Hitt játa eg, að ef hælið getur fengið áhöldin til láns þangað til fjárlögin eru komin á, þá má á sama standa.

Þá sný eg mér að Sunnmýlingunum. Þeir eru sjálfum sér sundurþykkir. Annar vill veita í notum þess, að maðurinn var nýtur, en hinn er reiður því, að veitt sé, af því maðurinn er nýtur. Þetta er erfitt. En það játa eg, að dæmalaus hæverska var það hjá háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.), að blanda stúlkum sínum þar eystra inn í þetta mál, og vart mun hann hafa ætlað sér annað að launum en hýrlegt bros, er austur kæmi. En gamanlaust þykir mér það eiga illa við að amast við lítilli fjárveitingu handa vorri helztu stofnun, háskólanum, til að launa manni, sem jafndyggilega hefir staðið í stöðu sinni sem þessi maður.

Loks læt eg þess getið, að eg er samþykkur 200 kr. fjárveitingu til dýralæknisnáms. Það hefir sýnt sig, að dýralæknar eru hér alt of fáir, og mun eg því vera með fjárveitingum til þess náms, þar til er bætt er úr þeirri þörf.

**Ráðherrann (H. H.):** Viðvíkjandi fjárveitingunni til Courmonts vil eg láta þess getið, að það er misskilningur hjá háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.), að líkja þeim styrk við skáldastyrk. Þegar háskóli vor var settur á stofn gerðu Frakkar það kurteisisbragð að bjóðast til að eenda þenna mann til að kenna frakknesku við háskólann. Var það boð þegið með þökkum, og þótti bæði til sæmdar og gagns. Þessi maður hefir nú kent hér í 2 ár, og komist svo vel niður í íslenzku, að fádæmum sætir. Þegar fjárlagafrumvarpið var í smíðum í vetur, spurðist franska stjónin fyrir um það, hvort vér vildum, að hingað væri sendur nýr maður í stað Courmonts, sem nú er kvaddur heim til þess að inna af höndum herþjónustukvöð. En jafnframt óskaði stjórnin þess, að vér sýndum ofurlítinn vott, að oss væri þægð í sendingu þessa manns, með því að veita svo sem 1000 fr. á ári til hans. Þetta var tekið upp í fjárlagafrumvarpið, en í samræmi við það þótti hlýða að veita sömu upphæð til Courmonts, sem nú er farinn héðan, fyrir vel unnið starf. Það er að vísu engin réttarkrafa. En hins vegar virðist mér það sjálfsögð kurteisi við góðan mann, sem vafalaust mun verða landi voru að gagni í framtíðinni.

ATKV.GR.:

1. br.till. nefndarinnar (91,1) við 2. gr. talin sþ. án atkv.gr.

Br.till. á þgskj. 125 við 2. gr. samþ. í einu hljóði.

2. gr. þannig breytt sþ. í e. hlj.

2. br.till. n. (91, 2) við 3. gr. sþ. með 13 : 7 atkv.

3. gr. þannig breytt sþ. með 19 shlj. atkv.

3. br.till. n. (91, 3) við 4. gr. tekin aftur.

4. br.till. n. (91, 4) við 4. gr. sþ. með 24 shlj. atkv.

Br.till. á þgskj. 172 við 4. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

4. gr. þannig breytt sþ. með 20 shlj. atkv.

Br.till. 122, a, við 5. gr. talin sþ. án atkv.gr.

Br.till. n. 91, 5, b, við 5. gr. sþ. með 18 shlj. atkv.

5. br.till. n. 91, 5, c, við 5. gr. sþ. með 19 shlj. atkv.

5. gr. þannig breytt sþ. með 20 shlj. atkv.

6. gr. frv. (óbreytt) sþ. með 21 shlj. atkv.

6. br.till. n. (91, 6) við 7. gr. talin sþ. án atkv.gr.

Br.till. á þgskj. 197 við 7. gr. sþ. með 19:1 atkv.

7. br.till. n. (91,7) við 7. gr. sþ. með 22 shlj. atkv.

8.a br.till. n. (91,8) við 7. gr. sþ. með 21 shlj. atkv.

8.b br.till. n. (91,8) við 7. gr. sþ. með 20 shlj. atkv.

9. br.till. n. (91,9) við 7. gr. talin sþ. án atkv.gr.

7. gr. þannig breytt sþ. með 24 shlj. atkv.

10. br.till. n. (91,10) við 8. gr. sþ. með 18 shlj. atkv.

8. gr. þannig breytt sþ. með 17 shlj. atkv.

11. a br.till. n. við 9. gr. aftur að »og fyrir« sþ. með 18 shlj. atkv.

11. b br.till. n. (91,11) við 9. gr. »og fyrir« o. s. frv. sþ. með 17:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli sakir óljósrar atkvæðagreiðslu, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Benedikt Sveinsson |
| Jón Jónsson | Bjarni Jónsson |
| Einar Jónsson | Jón Ólafsson |
| Guðmundur Eggerz | Ólafur Briem |
| Halldór Steinsson | Skúli Thoroddsen |
| Hannes Hafsein | Tryggvi Bjarnason |
| Jóh. Jóhannesson | Valtýr Guðmundss. |
| Jón Magnússon | Þorleifur Jónsson |
| Kristinn Daníelsson | |
| Kristján Jónsson | |
| Magnús Kristjánss. | |
| Matthías Ólafsson | |
| Pétur Jónsson | |
| Stefán Stefánsson | |

Björn Kristjánsson, Lárus H. Bjarnason og Sig. Sigurðsson greiddu ekki atkvæði og töldust með meiri hlutanum.

12. br.till. n. (91,12) við 9. gr. sþ. með 13 shlj. atkv.

13. br.till. n. (91,13) við 9. gr. sþ. með 20 shlj. atkv.

9. gr. þannig breytt sþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögnin sþ. án atkv.gr.

Frumvarpinu vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Síðustu málin 3 voru tekin út af dagskrá.

---

Forseti skýrði frá, að frá Ed. hefði borist:

1. Frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar á Karlseyjarvík við Reykhóla og Hagabót í Barðastrandasýslu (þgskj. 202).
2. Frv. til laga um eignarnámsheimild fyrir bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar á lóð og mannvirkjum undir hafnarbryggju (þgskj. 203), ásamt tilmælum um að þau yrðu lögð fyrir Nd.

Ennfremur tilkynti forseti, að frumv. til laga um breyting á tollögum fyrir Ísland nr. 54, 11. Júlí 1911, 1. gr. 15, hefði verið samþykt óbreytt í Ed. og afgreidd til ráðherra sem lög frá Alþingi.

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið á fundinum í deildinni:

1. Frv. til laga um löggilding verzlunarstaða í Karlseyjavík við Reykhóla og í Hagabót í Barðastrandarsýslu. Eftir 3. umr. í Ed. (202).
2. Frv. til laga um eignarnámsheimild fyrir bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar á lóð og mannvirkjum undir hafnarbryggju. Eftir 3. umr. í Ed. (208).
3. Frv. til laga um málskostnað. Fltm. Jón Ólafsson (200).
4. Frv. til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbankans til að láta skoða veð á kostnað lántakanda. Flutn.m. Björn Kristjánsson (199).

Frá sameinuðu þingi var útbýtt:

Skýrslu frá verðlaunanefnd »Gjafasjóðs Jóns Sigurðssonar« (201).

Fundi slitið.

## 21. fundur.

Þriðjudag 29. Júlí 1913, kl. 12 á hád.

Dagskrá:

1. Frv. til laga um landssjóðsábyrgð á sparisjóðsfé og innlánsfé Landsbankans og útbúa hans og um meðferð á varasjóði bankans (124); 2. umr.
2. Kosning yfirskoðunarmanns landsreikningsins fyrir árin 1912 og 1913.
3. Frv. til laga um að landssjóður leggi Landsbankanum til 100 þúsund krónur á ári í 20 ár (123); 2. umr.
4. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 30, 16. Nóv. 1907, um lán úr landssjóði til byggingar íbúðarhúsa á prestssetrum landsins (79, n. 162); 2. umr.
5. Frv. til laga um breyting á lögum um vegi 22. Nóv. 1907 (55, n. 169); 2. umr.
6. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 26, 11. Júlí 1911, um skoðun á síld (115); 2. umr.
7. Frv. til laga um járnbrautarlagning (113); 1. umr.
8. Frv. til laga um mannanöfn (165); 1. umr.
9. Frv. til laga um vatnsveitingar (163); 1. umr.
10. Frv. til laga um bæjanöfn (166); 1. umr.

Allir á fundi.

Fundarbók síðasta fundar lesin upp, samþykt og staðfest.

Forseti tilkynti, að nefnd, sú sem kosin var til þess að íhuga frumv. til laga um ábyrgðarfélög, hefði kosið sér formann Jóhannes Jóhannesson og skrifara Ólaf Briem.

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið frá Ed.:

1. Nefndaráliti um frv. til laga um sparisjóði (205).
2. Breyt.till. við frv. til laga um friðun fugla og eggja. Frá nefndinni (206).

Forseti skýrði frá, að lagt hefði verið fram á lestrarsal:

1. Erindi frá dr. Guðm. Finnbogasyni þess efnis, að Alþingi veiti fé til að launa kennara við kennaraskólann í stað dr. Björns Bjarnasonar.
2. Guðm. Jakobsson sækir um 2000 kr. styrk handa sonum sínum, Eggert og Þórarni, til þess að þeir geti fullkomnað sig frekar í sönglist.

FRUMVARP til laga um landssjóðsábyrgð á sparisjóðsfé og innlánsfé Landsbankans og útibúa hans og um meðferð á varasjóði bankans; 2. umr.

**Framsögum. (Björn Kristjánsson):** Þó að svo líti út, sem hér sé um nýmæli að ræða, þá er því ei svo farið í raun og veru. Því að það er vitanlegt, að landssjóður ber nú óbeinlínis alla ábyrgð á sparisjóðsfé og öllu öðru fé, sem inn í bankann kemur. En svo sérstaklega stendur á hér, að ofan á landssjóðsábyrgðina, sem vitanleg er, liggur sú kvöð á bankanum, að hann verður að binda 20% af því fé, sem lagt er inn í sparisj., í verðbréfum, sem standi til tryggingar frá bankans hálfu. Þetta hindrar bankann frá því að geta notað allmikla peningafúlgu til eflingar og stuðnings almennra viðskifta og fyrir-

tækja. Þó að eg segi, að vitanlega beri landssjóður ábyrgðina nú, þá er svo ekki í meðvitund fólksins. Með þessu frumv. er því ekki farið fram á annað en það, að þau lög, sem hingað til hafa verið óskrifuð, verði skráð lög. Við 1. umr. málsins hreyfði háttv. umboðsm. ráðherra (Kl. J.) mótmælum gegn frv., en eg hygg að hann eins og fleiri hafi ekki gætt þess, að ábyrgðin hvílir að mínu áliti á landssjóði nú. Hann sagði, að ef þetta frumv. yrði að lögum, þá neyddist landssjóður til þess að kaupa mikið af obligationum til þess að hafa alt af til taks. En hér er ekki farið fram á það, að landssjóður greiði upphæðina strax út, ef bankinn getur ekki borgað — það er alls ekki meiningin —, heldur hitt, að því sé slegið föstu, svo að fólk viti það, að það getur ekki *tapað* sínum peningum. Það er svipuð ábyrgð og ríkissjóður Dana, ásamt 5 bönkum, tók á sig með lögum 15. Febr. 1908, til þess að hlaupa undir bagga með tveim bönkum, sem þá voru illa staddir. Það er því misskilningur, að landssjóður þurfi að hafa tilbúið fé, ef inneigendur kalla eftir því, það er að eins um öldungis almenna ábyrgð að ræða.

Það er ekki langt síðan að rífa átti alt út úr sparisjóði bankans í þeim tilgangi, að neyða hann til að hætta störfum. Það er því full ástæða til að gera lög um þetta til að fyrirbyggja uppþot, og þetta frumv. miðar að eins til þess, að bankinn geti starfað örugt. Það liggur í augum uppi, að við verðum að styrkja bankann, þar sem hann er alþjóðareign. Og það er fyrir þá sök sérstaklega, sem þarf að tryggja það, að bankinn geti starfað hindrunarlaust og sé ekki nokkurs konar bolti milli flokka. Við höfum átt því óláni að fagna á síðari árum, að landstjórnin hefir ekki veitt þessum banka þann stuðning, sem hún hefði átt að gera. En það verður alt af svo, að stjórnin verður ýmist hlynt eða ekki hlynt bankanum, þrátt fyrir það þótt bankinn sé þjóðareign. Og það er líka af þessari ástæðu brýn þörf á að sjá bankanum fullkomlega borgið. Svo skal eg líka benda á það, að þó að þetta frumvarp verði samþykt, verður bankinn að hafa alt það veltufé, sem honum var lagt upphaflega, að veði fyrir veðdeildum. Hann þarf nú að hafa yfir 700 þús. kr. standandi í verðbréfum fyrir veðdeildum, sem ekki losna að öllu úr veði fyr en eftir 40 ár, og þar að auki 200 þús. kr. í konunglegum ríkisskuldabréfum, sem ekki verða seld vegna markaðsástandsins, og eru afleiðing af þessu veði.

Eg vona að háttv. þingm. skiljist, hvað hér er á seiði. Það er ekki um neina nýja ábyrgð að ræða, heldur að eins að létta af bankanum kvöð, sem stjórnin hefir lagt á hann.

**Ráðherrann (H. H.):** Eg hefi ekki haft tækifæri til að setja mig inn í þetta mál til hlítar. Eg gat ekki verið við 1. umr. þess, og hefi því ekki heyrt inar almennu ástæður, er fyrir því hafa verið færðar. En eg hefi þó athugað það nægilega til þess að skilja aðalatriðin í því, og vil eg segja, að ef þetta frumv. hefði ekki komið frá nefnd, hefði vissulega verið vel til fallið að vísa því til nefndar áður lengra er farið, því það er alveg efalaust, að þetta mál þarfnast enn þá rækilegrar íhugunar áður en það verði að lögum.

Hér er alt annað á seiði en það, sem háttv. seinasti ræðumaður, bankastjórinn (B. Kr.), gaf í skyn. Hér er að ræða um stórvægilega breyting á fyrirkomulagi bankans og allri afstöðu hans gagnvart viðskiftamönnum og gagnvart

landssjóðnum. Væri svo, að landssjóður bæri nú þegar ábyrgð á innlánsfé bankans, hvers vegna á þá að búa til þessi lög? Sé þetta gildandi lög, hvers vegna á þá að endurtaka það? Nei, hér er að ræða um alveg nýja og nýstárlega samblöndun á landssjóði og bankanum, sem gæti orðið mjög óviðfeldin og varhugaverð. Það væri máske hægi að koma slíkri samsteypu fyrir, svo að viðunandi væri; en þá þarf að breyta öllu fyrirkomulagi bankans einnig að öðru leyti, gera hann að útlánsdeild af landssjóði, og gera eftirlitið af hálfu landssjóðs með útlánum og öðrum fjárráðstöfunum miklu víðtækara en nú er. (*Sigurður Sigurðsson:* Heyr!). En að landssjóðurinn alveg skilmálalaust ábyrgist allar fjárráðstafanir stofnunar, sem er eins sjálfstæð og sérskilin að stjórn og öllu fyrirkomulagi, eins og landsbankinn er nú, það væri ekki tryggilegt. Landssjóður er þá alveg berskjaldaður ef illa tekst til, eða ef bankanum er illa stjórnað. Meðan alt gengur vel, þá ber ekki á hættunni. En menn vita ekki, hvað fyrir kann að koma.

Ef hallæri kæmi, svo þeir sem fé eiga í bönkunum, þyrftu snögglega til fjár síns að taka, eða ef megnt vantraust kæmi upp á stjórn og starfrækslu bankans, svo að menn yrðu hræddir við að eiga þar fé sitt og heimtuðu það út, þá kæmi að því að landssjóður þyrfti að borga. Bankinn verður altaf að hafa fé til fyrirliggjandi. Eg álít, að ef að þessi lög yrði samþykt, þá væri allsendis ómögulegt fyrir landsstjórnina að komast hjá því að gera eitt af tvennu: annaðhvort hleypa landinu í skuld til þess að hafa altaf fé fyrirliggjandi, eða heimta blátt áfram af bankanum, að hann hafi alt af fyrirliggjandi nægt fé til að mæta því sem fyrir kynni að koma.

Eg hygg, að það sé nauðsynlegt áður en ráðist er í þetta, sem getur haft mjög viðtækar afleiðingar, þar á meðal ískyggileg áhrif á lánstraust landsins út á við, að málið sé nákvæmlega íhugað og öðruvís undirbúið en hér hefir verið gert. Eg hygg, að það væri réttast, að skipa sérstaka nefnd til að íhuga gagngerða breytingu á öllu fyrirkomulagi Landsbankans, þar sem þetta þá yrði eitt atriðið. En það eru fleiri atriði, sem þá kæmu til íhugunar; t. d. eru seðlar bankans, eins og allir vita, ekki venjulegir bankaseðlar, heldur að eins pappírspeningar, sem ekki eru neins virði í sjálfu sér, heldur fá alt verð sitt af lánstrausti landssjóðs, sem hefir gefið þá út »upp á eilífar kringumstæður«, og væri ef til vill tími kominn til að breyta þessu. Eg get ekki að svostöddu, af þessum ástæðum, sem eg tók fram, og mörgum öðrum, verið með málinu eins það liggur fyrir, og vildi eg helzt óska að því yrði frestað. — Eg vil svo lúka þessum fáu orðum mínum með því að mótmæla þeim ummælum seinasta hv. ræðum. (B. Kr.), sem hann beindi til stjórnarinnar, að hún hefði verið Landsbankanum óvinveitt að einhverju leyti. Eg vísa þessum ummælum til baka sem algerlega ósönnum og óverðskulduðum hvað mig snertir. Eg hefi þvert á móti gert það lítið, sem í mínu valdi hefir staðið, til að styðja bankann og verða við óskum bankastjórnarinnar. Eg hefi meðal annars útvegað honum $^1/_4$ milión kr. lán með góðum kjörum, og skil eg ekki, að háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) geti neitað því, að einnig að öðru leyti, t. d. að því er snertir veðdeildarveðið, hafi eg viljað verða við óskum bankastjórnarinnar eftir því sem unt hefir verið. Eg gat því ekki búist við þessum ákúrum úr þeirri átt.

**Jón Ólafsson:** Hr. forseti! Hæstv. ráðherra fann það meðal annars þessu

frv. til forátttu, að ef það yrði samþykt, þyrfti að auka eftirlit með Landsbankanum að miklum mun. Mér er ekki annað kunnugt, en að landsstjórnin geti haft alt það eftirlit, sem henni þóknast, með bankanum. Og mér er það kunnugt, að hún lætur skoða gerðabækur bankans vikulega og getur kynt sér eftir vild alt, sem gerist í bankanum. Auk þess veit eg ekki betur en að landsstjórnin geti, ef henni þykir bankanum illa stjórnað, sett bankastjórana frá. Hún hefir ekki haft ástæðu til að nota þetta vald hingað til, en þegar landsstjórnin sjálf skipar bankastjórana, ætti hún að geta valið góða menn í stöðuna. Eg sé því ekki betur en að landsstjórnin hafi alla þá tryggingu, sem hún þarf að hafa og getur haft, fyrir því, að eftirlitið með bankanum geti verið nægt. Auk þess skipar stjórnin annan endurskoðunarmann bankans. Hitt vildi eg taka fram, að þó að frumvarpið verði samþykt, þá mundi bankastjórninni ekki detta í hug að selja verðbréfin, heldur er ætlunin að fá þau þannig losuð, að hægt sé fá lán út á þau nokkurn tíma árs. Það er eins og allir vita, að eftirspurnin eftir peningum eykst að áliðnum vetri og vorinu og heldst fram eftir sumri; þannig er t. d. um lán til útgerðar og til fiskkaupa; en lánin eru svo aftur borguð inn að haustinu, þegar útgerðarmenn fara að fá inn peninga fyrir seldan fisk. Bankastjórnin vill fá verðbréfin losuð til þess, að hún geti fengið lán út á þau yfir sumarið, svo að hún geti fullnægt þörfum viðskiftavina bankans. En að losa þau til að selja þau, dettur bankastjórninni ekki í hug. — Eg sé ekki, að það standi nokkuð í sambandi við þetta mál, að seðlar bankans eru ekki innleysanlegir. Í þau 26—27 ár, sem bankinn hefir staðið, hefir hann *ávalt* innleyst seðla sína, þegar um hefir verið beðið. Eg ímynda mér að hæstv. ráðherra hafi gert sér óþarfar grýlur út af afleiðingum þessa frumvarps. Neinar slæmar afleiðingar af því held eg að geti ekki átt sér stað í raun og veru.

**Framsögum. (Björn Kristjánsson):** Háttv. 1. þingm. S.-Múl. (J. Ól.) hefir í rauninni að mestu svarað því sem þurfti. Eg vil að eins benda á það enn sterkara en áður, að í raun og veru er það landssjóður, sem ber alla ábyrgð nú á því fé, sem lagt er inn í sparisjóð bankans. *(Ráðherrann:* Eftir hvaða lögum?) Eftir lögunum um stofnun Landsbankans frá 1885. *(Ráðherrann:* Það er misskilningur). Hvað sem um það er, þá býst eg við að menn muni alment skilja þessi orð í 32. gr. laganna: ». . . skal fyrst greiða öllum lánsölum bankans allar skuldakröfur þeirra . . .«. En eg vil benda mönnum á eitt. Hvernig mundi þingið haga sér, hvað sem skilningi á þessari grein líður, ef bankinn yrði gjaldþrota? Mundi það ekki álíta það skylt, að landssjóður borgaði þeim landsmönnum, sem eiga sparifé inni, að fullu innieign þeirra? Eg er þess fullviss, og lögin eru þá til, þó að óskrifuð séu. Það sem hér er farið fram á, er því í rauninni ekkert annað en að setja óskrifuð lög á pappírinn. — Eg get ekki fallist á, að þörf sé á að setja þetta mál í nýja nefnd, eins og hæstv. ráðherra talaði um.

Viðvíkjandi því, að honum þótti það hart, að eg sagði, að stjórnin hefði ekki verið bankanum eins hlynt og skyldi, skal eg taka það fram, að eg áfellist hann ekki sérstaklega (enda sagði eg, að stjórnin *síðari árin* hefði eigi verið bankanum hlynt) fyrir afskiftaleysi af Landsbankanum. Eg hefi þvert á móti orðið var við, að hæstv. ráðherra er betri í bankans garð, heldur en fyrirrennari hans var. En þó er mikil vönt-

un á því að núverandi stjórn beri eins mikla umhyggju fyrir hag Landsbankans eins og ætti að vera.

**Lárus H. Bjarnason:** Það var aðallega út af fullyrðingum háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) um, að landssjóði bæri að lögum ábyrgð á sparifé og innlánsfé Landsbankans, að eg bað mér hljóðs. Landssjóði ber ekki nein slík ábyrgð, ekki einu sinni á seðlunum umfram það, að hann á seðla sína í hættu reynist bankinn ekki gjaldfær. En eg er sammála háttv. framsögum. (B. Kr.) um það, að ef svo færi, að Landsbankinn yrði ekki fær um að standa í skilum upp á eigin spýtur, þá myndi landssjóður telja sér skylt að hlaupa undir bagga með bankanum, sérstaklega gagnvart fátækum sparisjóðs-inneigendum, jafnvel þó honum bæri ekki lagaskylda til þess. Að minsta kosti myndi eg, ef slíkt kæmi fyrir meðan eg sit á þingi, stuðla að því. Og að því leyti er hér raunar um bókstafs-breytingu að ræða.

Eg er sammála hæstv. ráðherra um það, að því meiri völd sem Landsbankanum væru fengin, því eðlilegra væri að auka meira eftirlit landsstjórnar með bankanum. Að vísu hefir stjórnin mikil tök á bankanum nú, þó að þau hafi verið skert nokkuð með lögunum frá 1909. Hún skipar bankastjórana og getur vikið þeim frá um stundarsakir og jafnvel sett þá af alveg, ef þörf gerist. Annað hitt, að landsstjórnin hefir hönd í bagga, þar sem hún ræður öðrum endurskoðunarmanninum, enda hefir sá endurskoðandinn lengi verið handgenginn maður stjórninni. Það er því engan veginn hægt að segja, að landssjóður stæði berskjaldaður gagnvart bankanum, þótt frv. þetta yrði að lögum. En það mætti vafalaust finna leiðir til að auka það nokkuð, án þess að nauðsynlegt sjálfstæði bankans minkaði að mun, ef landssjóður hlúði nógu vel að bankanum.

Út af því sem sagt var, að stjórnin hefði ekki verið bankanum svo hlynt, sem æskilegt væri, þá má segja, að það geti til sanns vegar færst. Eg á hér ekki við núverandi stjórn fremur en stjórnina næst á undan.

Okkur endurskoðunarmönnum landsreikninganna þótti leitt að verða þess varir, að stjórnin hafði ekki brúkað bankann til að ávaxta þar fé sitt árið 1911. Eg verð þó að telja stjórninni skylt að brúka þann bankann fremur hinum, að öðru jöfnu.

Eg hygg að frumv. þetta sé ekki svo varhugavert sem landritari lét í veðri vaka við 1. umr., því að í rauninni ber landssjóði að hjálpa bankanum, enda mundi hann gera það, ef í nauðir ræki, hvað sem lagaskyldu hans líður, enda mun eg styrkja það með atkv. mínu til 3. umræðu.

Mér finst ekki nægileg ástæða til að setja frumvarpið í nefnd, þar sem það er komið frá nefnd, enda eru nú allir þingm. uppteknir í nefndum.

**Kristján Jónsson:** Það hefir verið borið á einhverja fyrverandi landstjórn, að hún hafi reynst bankanum óhliðholl og sýnt sig óvinveitta honum. Að því er til mín kemur, neita eg því algerlega, að það eigi við nokkur rök að styðjast, enda væri slíkt ólíklegt um mig, sem hefi starfað við nefndan banka í 12 ár og varið kröftum mínum í þarfir hans með fullri alúð. Eg býst við að þessi aðdróttun eigi við það eitt að styðjast, að eg tók ekki lán, það sem heimilað var með lögum 1909 eða eftirstöðvar þess, 500.000 kr. til handa Landsbankanum. Mér tókst ekki að fá þetta lán þann tíma sem eg var ráðherra, vegna þess að þá var yfirleitt mjög erfitt að útvega lánsfé erlendis, og svo

einnig fyrir þá sök, að eg hafði þá með höndum aðra stóra lántöku, nefnilega lán til hafnargerðar Reykjavíkur. Að öðru leyti hefi eg vissulega ekki brugðist Landsbankanum né vonum þeim, sem forstjórar hans með sanngirni gátu gert sér.

Hvað það snertir, að stjórnin hafi ekki haft neitt fé á vöxtum í Landsbankanum árið 1912, þá mun það hafa komið af því, að féð hafi jafnótt verið brúkað upp og eigi verið handbært, svo að það yrði lagt í sparisjóð eða banka. *(Lárus H. Bjarnason:* Stjórnin ávaxtaði þó fé í Íslandsbanka). Það hefir sjálfsagt verið póstávísanafé. Landstjórnin hefir aldrei á nokkurn hátt sýnt Íslandsbanka nein vilkjör fremur en Landsbankanum. Sem sagt kannast eg alls ekki við að eg hafi sýnt bankanum nokkra fæð, ef svo mætti segja.

Úr því að eg stóð upp, vil eg segja álit mitt á frumvarpinu, sem hér liggur fyrir. Eg vil þá fyrst minna á, að það eru engin lög til, sem knýja landssjóð til að borga fyrir bankann; engin lög, er geri landssjóði að skyldu að ábyrgjast innlánsfé bankans eða aðrar skuldbindingar hans.

Um það er ekkert ákveðið með lögum. En annað mál er það, ef sú ógæfa kæmi fyrir Landsbankann, að honum væri þannig stjórnað, að hann hætti að geta staðið í skilum, hvort þá væri ekki rétt og sæmilegt að landssjóður hlypi undir bagga og borgaði það sem bankinn gæti ekki greitt, af innlánsfénu að minsta kosti. Eg tel það jafnvel líklegt, að svo færi, *ef* slík vandræði skyldi koma fyrir, sem ekki er ráð fyrir gerandi. En nú er farið fram á að leggja þessa ábyrgð með lögum á landssjóðinn. Og þá verð eg að segja það, að árið 1886—87, þegar sparisjóður Reykjavíkur rann inn í Landsbankann, mundi þetta hafa þótt ólíkleg fyrirsögn; þá datt engum manni annað í hug, en að bankinn gæti sjálfur ábyrgst og ætti sjálfur að ábyrgjast sinn sparisjóð og innlán þau sem hann tók á móti. Og eg get ekki skilið þetta, sem hér er farið fram á, öðruvís en sem fullkomna þrotabússyfirlýsingu af bankans hálfu.

Eg hygg að þessi og þvílík ráðstöfun muni hafa ískyggileg áhrif út á við fyrir lánstraust landsins, eigi landssjóður að ábyrgjast alt innlánsfé bankans, hve mikið sem það kann að vera. Og án tillits til þess, að af hans hálfu er eigi hægt að hafa nægilegt eftirlit með meðferð á því, þá leggur það sig sjálft, að þetta hlýtur að verða til þess að veikja mjög lánstraust landsins út á við. Eg er hræddur um að það yrði sagt eitthvað þessu líkt: Þarna hvílir á landinu, landssjóði, svo og svo mikil ábyrgð, sem enginn getur dæmt um, hvaða afleiðingar kunni að hafa, eða hve mikil sé í raun og veru. Og þessu verður ekki mótmælt. Ef þetta frumvarp verður að lögum, þá getur það orðið til þess að gereyðileggja lánstraust landsins, og þess vegna verð eg að samsinna hæstv. ráðherra (H. H.) um það, að ef aðalákvæði frumvarpsins á að fá framgang, þá verði landssjóður um leið að tryggja sig með því móti, að bankanum sé fyrirlagt að hafa að minsta kosti 20% af geymslufé sínu í tryggum og fljótseljanlegum verðbréfum, og er þá alt aftur komið í sama farið og nú er. Það má vitanlega búa svo um, að ekki standi verulegur háski af því að samþykkja þetta frumvarp, en þá sé eg ekki að þörf sé fyrir það, né heldur að það geri neitt gagn. Og bankastjórninni á að vera vorkunnarlaust að stýra bankanum án þessara úrræða, sem hér er farið fram á.

**Ráðherrann (H. H.):** Háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) sagði, að stjórnin gæti haft nóg eftirlit með Landsbankan-

um eins og er. Það getur nú verið að svo megi segja eftir núverandi fyrirkomulagi, en ef gera ætti þessa breytingu, að landssjóður hefði beinlínis alla ábyrgð á því, hvernig innlánsfé væri ráðstafað, og að engin hætta gæti stafað af útlánum, þá þyrfti eftirlitið að vera alt öðruvís en nú er ráð fyrir gert.

Þetta, að stjórnin getur vikið bankastjórunum frá eins og öðrum opinberum starfsmönnum, er lítil trygging. Bæði er seint að grípa til þess, ef illa fer, og svo er það óyndisúrræði, sem gera má ráð fyrir að sjaldan yrði notað, enda ekki heppilegt fyrir lánstraustið út á við, að grípa til slíks að óþörfu. Nú er ekki hægt að segja þeim upp lengur án þess að gefa ástæðu. Það var afnumið 1909, að þeir væru ráðnir upp á venjulega uppsögn. Nú verður beinlínis að setja þá af, og til þess verða að vera sakir, lagabrot af þeirra hendi eða megn vanræksla á skyldum þeirra, og má fyr vera ólag en svo sé.

Eg álít því alveg víst, að ef kasta á þannig allri ábyrgð á landssjóð, þá yrði fyrirkomulagið að vera alt annað, eins og eg áður hefi tekið fram. Samband landssjóðs og bankans yrði þá að verða svo, að bankinn væri ekki annað en sérstök deild af landssjóði, útlánsdeild. Í Svíþjóð er það svo, að allar tekjur ríkisbankans eru taldar ríkinu til tekna og öll gjöld hans því til gjalda. En munurinn er sá, að þar græðir ríkið árlega margar miliónir króna á bankanum, en hér á hann að kosta landið svo og svo mikið fé árlega, eftir inum nýjustu tillögum.

Eg hygg að það hafi þegar verið nægilega tekið fram og sýnt, að það er ekki rétt að landssjóður beri þessa ábyrgð á innlánsfénu nú sem stendur. Um hitt, að hann beri þó siðferðislega ábyrgð á Landsbankanum, svo að hann myndi borga fyrir hann ef illa færi, er það að segja, að til slíkrar greiðslu mundi þó ekki geta komið nema eftir heimild í fjárlögum eða sérstökum lögum í hvert skifti. Það er afar-mikill munur á því, hvort sú skylda er lögð á landið að vera varasjóður fyrir bankann í öllum tilfellum, svo að hann verði jafnan að vera til taks að snara út svo og svo miklu fé, hvenær sem vera skal, og hinu, þótt það kynni í einhverju tilfelli að þurfa að taka að sér, einhvern skaða eftir á. Þá hefir landsstjórnin svigrúm til þess að leita fyrir sér um fé, áður landssjóður tekur greiðslur að sér. En ef þetta ætti að verða að lögum, sem hér er farið fram á, þá þarf ætíð að hafa peninga fyrirliggjandi, til þess að geta gripið til þeirra hvenær sem er, — annað hvort í landssjóði sjálfum, eða í peningaforða í bankanum.

Háttv. framsögum. (B. Kr.) skildi það ekki rétt, að eg vildi leggja það til að láta málið ganga til sérstakrar nefndar. Hitt sagði eg, að ef málið væri ekki einmitt að koma úr nefnd, þá hefði eg stungið upp á nefnd í það, til þess að laga það. Til þess væri nóg verkefni. Eg hefði jafn-vel getað stutt tillögu um að setja milliþinganefnd til þess að athuga það, hvort ekki væri ástæða til að gerbreyta fyrirkomulagi Landsbankans og veðdeildar hans, til þess að koma honum í sem bezt horf. Mótbárur mínar gegn því, að gera bankann að landsómaga, eru eingöngu sprottnar af því, að eg álít slíkt óheppilegt bæði fyrir bankann og landssjóðin. Eg vil beggja hag.

Mig furðar satt að segja á því, að háttv. framsögum. (B. Kr.) skuli dirfast að segja það, að framkoma mín beri vott um það, að mig skorti umhyggju fyrir bankanum, þó að eg vilji ekki tefla landinu og lánstrausti þess í fjárhagslega hættu til þess að halda honum uppi í því formi, að hann beri sig ekki

sjálfur. Bankinn getur ekki átt meiri rétt á sér en landið sjálft, sem á hann. Allir hljóta að sjá það, að bankinn stendur og fellur með landinu, að landsins hagur er líka bankans hagur, eins og bankans hagur á að vera landsins hagur. Það verður að reyna að sjá svo um, að velja ekki þau úrræði bankanum til stuðnings, sem geti snúist honum til tjóns og foráttu. Og það er ekki ósennilegt, að það megi takast að finna eitthvert annað fyrirkomulag, en þetta, sem nefndin hefir komið fram með, eitthvert fyrirkomulag, sem komið geti bankanum í gott horf, án þess að hann verði landinu til þyngsla. En leiðin til þess er áreiðanlega ekki sú, að bankastjórnin þurfi ekki annað en koma til þings og stjórnar og heimta peninga í sífellu, er hún svo geti dreift út eftir eigin geðþótta á ábyrgð landssjóðs og landsstjórnar. Það er varhugaverð pólitik, að leggja skattgjöld á gjaldendur landsins til þess að útvega útlánsfé handa hverjum er hafa vill, hvort heldur er til eyðslufjár eða fjárafla fyrir einstaka menn.

**Skúli Thoroddsen:** Eg hafði ekki ætlað mér að tala í þetta sinn, en tel þó réttara — vegna umræðnanna, sem orðnar eru —, að gera dálitla athugasemd.

Eg get ekki litið svo á, sem nokkur hætta væri á ferðum, þótt frumv. þetta yrði samþykt.

Eg verð að álíta það rétt, sem háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) benti á, að landsstjórnin hafi það nú í hendi sér, að hafa eftirlit eftir þörfum, að því er til Landsbankans kemur. Og, eins og bent hefir verið á, verður líka að líta á það, að enginn er að líkindum í efa um það, að þótt landssjóður ekki beri lagalega ábyrgð á sparisjóðsfénu í Landsbankanum, þá gæti hann þó aldrei verið þekktur að því, að láta sparisjóðsinnieigendur bíða tjón. Hann hlýtur með öðrum orðum ætíð að bera ábyrgðina í raun og veru, ef á reynir. Og hvað er þá athugavert við frumvarpið?

Frumvarpið bakar landssjóði því ekki neina ábyrgð, sem ekki hvílir nú þegar á honum, en á hinn bóginn veitir frumvarpið bankastofnun landsins þó ný hlunnindi, sem yrðu þá og landinu í hag, þar sem hver eyririnn, sem Landsbankinn græðir, er og gróði landssjóðsins, eiganda bankans.

En verði mönnum sýnt það svart á hvítu, að landssjóður ábyrgist hvern eyri, sem í sparisjóð Landsbankans er lagður, þá væru menn æ öruggir, að því er sparisjóðsinneignir í Landsbankanum snertir, og mundu því keppast um, að eiga fé sitt þar, fremur en annarstaðar.

En sparisjóðsféð er það sem bankinn hefir einatt töluverðan gróða á, og það er þá landinu einnig gróði.

Það er og aðgætandi, að sé það lögákveðið, að landið ábyrgist sparisjóðsfé manna, sem í Landsbankanum er, þá er þar með fyrirbygt, að nokkurn tíma geti orðið hræðslu-aðsúgur, að því er Landsbankann snertir, þar sem menn vissu þá, að hvaða tjón sem Landsbankinn biði, færi þó aldrei svo, að fé þeirra væri ekki óhætt.

Af framan greindum rökum, þá er það og *fjarstæða*, að hafa þyrfti þá tryggingarfé fyrirliggjandi í bankanum, eða í landssjóði. — Kæmi óhapp fyrir, væri landssjóði og einatt mun hægra, að fá lán í svipinn en bankanum, og varla að óttast, að eigi yrðu þá einhver tök á að klóra fram úr því.

Annars lít eg svo á, sem búskap landssjóðs þyrfti og ætti æ að vera svo háttað, að til væri »**fastur viðlagasjóður**« sem aukinn væri árlega með einhver-

jum **lögákveðnum** hluta af tekjum landsins, er í hannn rynnu, — auk aukningarinnar af vöxtunum, sem æ ættu að bætast við hann óskiftir, eða þá að minsta kosti unz einhverri ákveðinni upphæð væri náð.

Nokkuð af honum mætti þó nota til útlána, atvinnuvegum landsins til styrktar, en þó aldrei allan, þar sem fé þyrfti einatt að geta verið til handbært, sem til yrði gripið, ef að höndum bæri hallæri af eldi eða ísi o. s. frv.

Háttv. þm. Borgf. (Kr. J.) kallaði frv. þetta þrotabúsyfirlýsingu af bankans hálfu. En eg get ekki séð, að hér sé um neitt slíkt að ræða. Frumvarpið er ekkert annað en »spekulation«, þ. e. tilgangurinn sá einn, að gera Landsbankanum, sem unt er, auðið að draga sem mest sparisjóðsfé að sér — enn meira en áður og það í þágu landsins, þar sem gróðinn er eign þess, sem og þágu landsmanna, þar sem bankinn verður þess þá enn megnugri, að veita þeim lán.

Sú viðbára sama háttv. þm. o. fl., að drægi úr lánstrausti landssjóðs, takist hann á hendur ábyrgð á sparisjóðsfénu, get eg heldur ekki álitið, að við rök eigi að styðjast, þar sem ábyrgð landssjóðs verður í raun veru — eins og fyr var bent á — engu meiri en hún er nú. Munurinn sá einn, að hér er verið að »legalisera« það ástand, sem í raun og veru myndi talið sjálfsagt, eins og stendur, þótt beina lagaheimild bresti.

Þeir sem viðskifti eiga við landssjóðinn, vita og, hvert eftirlit landstjórnin hefir eða getur haft, að því er allan hag Landsbankans snertir, — geta og vænst þess, að það verði þá eigi minna en verið hefir, en miklu fremur í enn ríkari mæli, og þeir vita þá og enn fremur, að eigi er aðsúg að bankanum að óttast — þ. e. engar líkur til þess, að menn komi hrönnum saman, til þess að heimta fé, það er þeir eiga þar á vöxtum — þar allir vita landssjóðinn vera ábyrgðarmanninn, ef bankann bæri — af einhverjum ástæðum — upp á sker. Engin hætta því á því, að til ábyrgðar landssjóðs þurfi að grípa. Sparisjóðsféð verður æ látið una sér í bankanum, unz menn þarfnast þess til nauðsynja sinna.

Eg vil svo ekki fara fleiri orðum um málið, en leyfa mér að eins að mæla sem bezt með frumvarpinu. Það gefur almenningi, er fé á í sparisjóðsdeild Landsbankans, enn meira öryggi, en nú er, og myndi auk þess verða til sívaxandi gróða fyrir landið sjálft, eins og eg hefi í ræðu minni sýnt fram á.

**Kristinn Daníelsson:** Það virðast allir vera samdóma um það, að landið beri ekki ábyrgð á innstæðu Landsbankans, lagalega, en hinu hefir enginn mælt á móti, að hann beri á henni siðferðislega ábyrgð. En eg er því ekki samþykkur, að landið beri ekki ábyrgð — og hana jafnvel lagalega — á seðlum bankans. Ef hann yrði að hætta, þá væri fyrst að borga öllum innieigendum, nema landssjóði, sem er lánveitandi sjálfur, og þar næst yrði landið að innleysa seðlana. Það væri því alveg óhætt, meðan verið væri að gera upp »þrotabúið«, að borga alt út í seðlum og fyrir skuldheimtumenn bankans að taka við þeim, því að landssjóður yrði að innleysa þá. En þó að engin lagaleg ábyrgð væri til, hvorki á seðlum bankans eða innieign manna í honum, þá dregur það sízt úr nauðsyninni á þessu frumvarpi. Mér skildist svo sem háttv. samþingismaður minn vildi styrkja frumvarpið með því að halda fram, að ábyrgðin væri til nú þegar, svo að hér væri í rauninni ekki um verulega breyting að ræða. En nauðsynin verður einmitt enn þá meiri á því að fá ábyrgðina, ef hún er ekki til enn. Það væri mikill styrkur fyrir bankann, ef hann

mætti hafa varasjóð sinn í veltu, og öðruvís verður erfitt að hjálpa honum. Hér var síðast enginn á móti því, að bankinn fengi leyfi til þessa. Mér skildist svo, sem umboðsmaður hæstv. ráðh. (Kl. J.) væri því meðmæltur viðstöðulaust, og það jafnvel án þess að tryggingarnar væru auknar.

Eg fyrir mitt leyti teldi það nú varhugavert, ef það væri ekki gert sem gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi, að landssjóðsábyrgðin komi til. Hitt þarf ekki að taka fram, sem oft hefir verið sagt, að þetta er bezta ráðið og tryggasta til þess að fyrirbyggja aðsúg að bankanum.

Eg mun því óhikað greiða atkvæði með frumvarpinu. Það verður aldrei hættulegt fyrir landssjóð.

**Pétur Jónsson:** Eg vil leyfa mér að benda á frumv., sem frám hefir komið frá stjórninni um sparisjóði. Í því frumv. er eitt ákvæði, er miðar að því tryggja sparisjóðseigendur, um að ekki skuli mega lána út sparifé gegn víxlum eða sjálfskuldarábyrgðum, nema að nokkrum hluta, $^1/_3$ innlagsfjárins, heldur skulu hinir $^2/_3$ vera fastir í veðlánum og handveðslánum. Það væri nú dálitið undarlegt ósamræmi, ef bankinn væri alveg leystur undan öllum svipuðum ákvæðum. Hingað til hafa þó víxlar og sjálfskuldarábyrgðarlán ekki verið álitin jafn vel trygð og hin, sem fastaveð er fyrir, og á því er bygt í þessu stjórnarfrumvarpi, sem sniðið er eftir erlendum lögum. Nú er því svo farið, að þar sem veðdeildin hefir að mestu tekið að sér veðlánin, þá eru in önnur lán bankans mestmegnis sjálfskuldarábyrgðarlán, víxlar og reikningslán. Þetta er nú að vísu ekki nema eðlilegt, en mér skilst svo, að þar sem svo er ástatt um fé bankans, þá muni hann þurfa barlest, og hana töluverða. Og þá virðist mér það ósamrýmanlegt, um leið og verið er að setja sparisjóðum út um land skilyrði um slíka barlest, þá að losa bankann einmitt við hana. Þess vegna yrði niðurstaðan sú, ef þetta frv. yrði að lögum, að þá yrði landssjóður að standa straum af tryggingunum. Til þess yrði hann jafnan að hafa tiltekna fúlgu á takteinum af auðseldum veðbréfum, á sinn kostnað, og það er ekki annað en að landssjóður beri þann kostnað, sem bankinn á að bera, því hann hefir ágóðann af sparisjóðsfénu. Þetta þykir mér verst við tillögu nefndarinnar, að ætla að hjálpa bankanum með því að gera hann ósjálfstæðan og upp á landssjóðinn kominn, í stað þess að vera sjálfstæð stofnun við hlið hans.

Það er alt annað mál og alveg sjálfsagt, að bæði löggjafarvaldið og stjórnin styðji bankann sem sjálfstæða stofnun, en það á ekki að leggja honum eins og ómaga, það mundi skaða báða parta í augum manna út á við og bankann ekki síst. Það er ánægjulegt að heyra það flutt hér af mönnum, sem bezt þekkja til, að þeir séu ekki hræddir um ástæður Landsbankans, hvorki um ábyrgðarlán hans né víxillán. Það er ekki langt síðan að því var haldið fram, að miliónir væru í gífurlegri hættu, mörg hundruð skuldunautar bankans ættu ekkert til, og gætu meira að segja aldrei átt neitt iil. Það er ánægjulegt að fá nú staðfestingu kunnugra manna fyrir því, að þetta hefir verið, til allrar guðs lukku, tómur hugarburður.

Á hinn bóginn þykir mér það leiðinlegt að háttv. nefnd hefir ekki getað fundið upp neitt annað ráð en að gera bankann að ósjálfbjarga aumingja. Það skil eg ekki að geti verið rétt. Eg vildi því styðja það sem hv. ráðherra tók fram, að ekki mundi veita af sérstakri milliþinganefnd til þess, að athuga

hag bankans og koma fram með tillögur um þær umbætur á honum, sem hægt væri að gera og væri til frambúðar. Þetta hlýtur að vera hreint og beint kák. En þegar litið er á efnahagsreikning bankans, er auðsætt, að eitthvað þarf að gera. Og þegar litið er á kostnaðarreikninginn við rekstur bankans, gæti manni virst að þar mætti t. d. einhverju kippa í lag. Rekstrarkostnaðurinn var á árunum fram að 1909 eitthvað á milli 30 og 40 þús. kr. árlega, 36 þús. kr. ef mig minnir rétt. En eftir síðasta reikningi er hann orðinn 62 þús. kr. Í þessari upphæð eru að vísu innifalin eftirlaun fyrv. bankastjóra Tr. Gunnarssonar, en þau gera minstan mismuninn. Mér er ekki ljóst að störf bankans séu það meiri nú en þau voru fram að árinu 1909, að það gefi ástæðu til jafnmikils kostnaðarauka. Það kann að muna einhverju, en ekki svona miklu. Eg skil ekki í öðru en að það gæti verið álitamál, að minsta kosti, að draga dálítið úr þessum kostnaði. Eg man eftir því, að þegar talað var um það á þinginu 1909, að bæta hag Landsbankans og frv. um breyting bankalaganna lá fyrir, þá benti eg á, að það væri leiðinlegt að ekki væri hægt að komast að annari niðurstöðu en að auka stórlega árskostnað við rekstur bankans, ef ekki væri hægt, jafnframt, að auka efni hans og árleg störf. Eg gæti vel hugsað, að ef nefnd manna gæfist kostur á, með nægilegum tíma, að velta fyrir sér hag bankans og skoða hann í krók og kring, þá gæti hún fundið einhverja úrlausn, sem heppilegri væri en þetta sem nú er farið fram, bæði í þessu frumv. og frumv. um 100 þús. kr. tillagið úr landssjóði, og meira til frambúðar.

**Lárus H. Bjarnason:** Hv. þm. Borgf. (Kr. J.) kvartaði undan því, að á hann hefði verið borin sú sök að ófyrirsynju, að hann hefði ekki svo sem skyldi borið hag Landsbankans fyrir brjósti, meðan hann var ráðherra. Þó að hann nefndi ekki nafn mitt, þá skildist mér hann þó beina orðum sínum að mér. Eg sagði ekki annað, en að stjórnin hefði ekki virst hliðholl bankanum, þar sem hún árið 1911 notaði hann þá ekki til þess, að ávaxta fé landssjóðs. Þetta ætla eg að reyna að standa við. Skal eg með leyfi forseta lesa upp athugasemd yfirskoðunarmanna landsreikningsins 1911 við þetta atriði, svo og svar landstjórnarinnar. Athugasemdin er þannig:

»Samkvæmt svari Landsstjórnarinnar við 56. aths. við landsreikninginn 1910 hafði Landsbankinn það ár verið notaður allra banka mest til geymslu fjár landssjóðs. 1911 hefir Landsbankinn aftur á móti ekki verið notaður. Með því að eðlilegast er, að landstjórnin noti banka landsins um fram aðra banka að öðru jöfnu, er spurst fyrir um, hví Landsbankinn hefir alls eigi verið notaður 1911«.

Svar landstjórnarinnar er ekki með öllu óloðið. Það hljóðar svo:

»Árið 1911 var *sjaldnast* nokkurt fé fyrir hendi í landssjóði, sem látið yrði á vöxtu, og síðast á árinu varð landssjóður að taka lán, sem var að minsta kosti þrisvar sinnum hærra en tekjueftirstöðvarnar í landsreikningnum. Og þetta var ekki ófyrirsynju, því að í Janúar 1912 var víxilskuldin orðin 5 sinnum eins há og eftirstöðvarnar á tekjunum voru í árslok«.

Þó að svar landstjórnarinnar sé ekki skýrara en þetta, þá er það ljóst, að Landsbankinn var ekki notaður 1911. Eg þykist viss um, að það hefir ekki verið af því, að hv. þáverandi ráðherra hafi borið óvild til Landsbankans, enda sagðist hann bera hag bankans mjög fyrir brjósti og hafa varið beztu kröft

um sínum honum til eflingar. Á þetta skal eg ekki bera neinar brigður, þó að eg geti, hins vegar, ekki búist við því *nú*, að honum renni jafn-heitt blóðið til skyldunnar um Landsbankann sem um hinn bankann.

Viðvíkjandi því sem þeir sögðu, hv. þm. S.-Þing. (P. J.) og hv. ráðherra (H. H.), að landssjóður þyrfti að hafa fé á reiðum höndum til tryggingar sparisjóðseigninni, ef frv. þetta yrði að lögum, þá skal eg játa, að einhver trygging verður að vera fyrir sparisjóðs-innstæðu manna, verði varasjóðsfé Landsbankans slept við hann sem veltufé. En mundi ekki ábyrgð landssjóðs nægileg trygging? Hún mundi nægileg trygging fyrir aðal-hættu allra banka, sem sé aðsúgi að bankanum út af hræðslu við stjórn hans, en hins vegar hrekkur engin trygging gagnvart hættu, sem stafar af óviðráðanlegum atburðum, svo sem af eldgosum, jarðskjálftum og öðru þess háttar.

Eg tók eftir því í landsbankareikningnum, að rekstrarkostnaðurinn er orðinn nokkuð hár, talsvert hærri en áður. Að vísu liggja vafalaust eðlileg rök til þessa, því að auk þess sem háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) mintist á — eftirlaunanna til fyrv. bankastjóra Tryggva Gunnarssonar, sem eg verð að telja makleg — hefir Landsbankinn orðið að bæta á sig ýmsum öðrum kostnaði, svo sem meira en tvöfalt hærri launum til bankastjórnar og tvöfaldri upphæð til landsféhirðis. *(Ráðherrann:* Það er á fjárlögunum). En þótt svo sé, þá er hækkunin nokkur fyrir því, og þar sem bankanum hefir verið legið á hálsi fyrir þetta, þá væri æskilegt að heyra gerða grein fyrir hækkuninni. Vænti eg að bankastjórinn, háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) telji sér skylt að gera það.

Út af því sem háttv. 2. þingm. G.-K. (Kr. Dan.) beindi til mín — eg skildi hann svo, þó að hann nefndi ekki nafn mitt — þá var það aldrei meining mín, að landssjóður ætti ekki að ábyrgjast seðlana ef bankinn færi um koll. Eg átti við lifandi banka en ekki látinn, átti við það, að utan skifta á búi bankans, hefir landssjóður, að lögum, enga ábyrgð á veltufé bankans, ekki heldur á seðlum hans umfram það, að hann verður að taka við þeim í opinber gjöld.

Að svo mæltu vona eg að frv. fái að ganga til 3. umræðu, svo að málið verði sem bezt rannsakað og rætt. Eftir niðurlagsorðum í ræðu hæst. ráðherra: »bankans hagur er landsins hagur«, ættu allir að telja sér skylt að klifa þrítugan hamarinn til þess að bæta hag bankans svo sem kostur væri á. Að minsta kosti er vonandi, að háttv. stjórnarflokksmenn minnist orða hv. ráðherra við atkvæðagreiðsluna.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Það hefir verið sagt, að ef frumv. gengi fram, þá gæti stjórnin haft löghald á öllum verðbréfunum, sem þar með losnuðu úr böndum, og þá væri munurinn enginn. Jú, munurinn er sá, að stjórnin getur leyft bankanum að setja þau sem tryggingu fyrir skyndilánum, sem hann kynni að þurfa að taka meðan á sumarviðskiftunum stendur. Þetta er aðalatriðið.

Eg skil ekki, hvernig háttv. þm. Borgf. (Kr. J.) fer að kalla þetta þrotabúsyfirlýsingu frá bankanum. Mér sýnist það miklu fremur búmannleg yfirlýsing. Hún sýnir, að bankinn getur borgað út alt sparisjóðsféð án þess að þurfa að hafa lögbundin verðbréf til þess. Íslandsbanki, sem er privatbanki, sótti um að fá að hafa sparisjóð. Honum var synjað um leyfið. Hann setti samt á stofn sparisjóðinn, einungis undir öðru nafni. Sparisjóðsbækurnar eru þar kallaðar innlánsbækur. Þar hvílir engin lögkvöð á. Það er einungis Landsbankinn, sem þó er eins öruggur banki, sem

fyrir því verður. Það er því alveg ástæðulaust, sem háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) sagði, að bankinn yrði gerður að ósjálfbjarga aumingja, ef frumv. yrði að lögum. Það er þvert á móti. Bankinn býst við að greiða út sparisjóðsféð sjálfur, en ábyrgð landssjóðs á einungis að varna því, að hræðsla geti gripið almenning, svo hann taki fé sitt út úr bankanum. Eg get *skilið*, að bankastjórar Íslandsbanka séu þessu ekki hlyntir, en, að því leyti sem þeir eru þingmenn, ættu þeir að vera það.

Háttv. þm. S.-Þing. (B. J.) sagði, að kostnaðurinn við rekstur bankans hefði aukist síðan 1909, en hitt var honum ekki kunnugt, að störf hans hefðu aukist síðan. Þetta lýsir engu öðgu en því, að háttv. þm. veit ekkert um það, hvað bankinn hefir að starfa. Hann ætti að verja einum 3—4 dögum eftir þingið til þess að kynna sér það, og þá mundi hann komast að raun um, að jafnmikið verk er naumast leyst af hendi í nokkurri annari stofnun á þessu landi, nema ef vera skyldi í Íslandsbanka, því að þar er líka mikið að gera.

Eg sé ekki annað en að frumv. miði til þess að efla traust manna á bankanum, svo þeir vildu heldur eiga fé sitt í honum, en nokkurs staðar annarstaðar.

Ef menn vilja ekki styðja frumv. fyrir það, að þeir beri svo mikla umhyggju fyrir því, að innieign manna i sparisjóðnum séu trygð, því er þá ekki sama trygging heimtuð af Íslandsbanka? En það er ekkert annað en gryla, að Landsbankinn sé á nokkurn hátt að barma sér. Eins og eg tók fram áðan, er það ekki tilgangurinn að selja verðbréfin, heldur að eins að hafa leyfi til að taka lán út á þau um sumartímann, þegar mest þörf er á peningum. Lánin yrðu svo leyst inn aftur að haustinu.

**Framsögum. (Björn Kristjánsson):** Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) og háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) hafa beint þeirri spurningu til mín, hvernig stæði á því, að kostnaðurinn við rekstur bankans hefði hækkað úr 36 þús. kr. upp í 60 þús. kr. síðan árið 1909.

Fyrst ætla eg að upplýsa það, að þegar við komum að bankanum, var kostnaðurinn ekki 36 þús. kr. heldur 49.996 kr., eða sem næst 50 þús. kr. Sbr. Stjórnartíðindin 1910, bls. 155. Þar við bættust að sjálfsögðu laun eins bankastjóra, 6 þús. kr., og eftirlaun fráfarna bankastjórans, 4 þús. kr. Það eru 10 þús. kr. Og þá geta menn skilið, hvernig stendur á því, að rekstrarkostnaðurinn er nú 60 þús. kr., og séð um leið, að í raun og veru hefir hann ekkert hækkað síðan 1909. En til þess hefði þó verið fylsta ástæða, því að á þessum tíma hefir verið tekið 2 milíóna kr. lán til þess að ávaxta, sparisjóðsfé aukist, störf við innheimtu á útlendum víxlum orðið meiri og þriðju veðdeildinni verði bætt við. Það væri því aldrei nema eðlilegt, að rekstrarkostnaðurinn væri langtum hærri en 60 þús. kr. Það er sízt ástæða til að kvarta um óstjórn og eyðslu í bankanum, því að svo sparlega er á öllu haldið sem framast má verða. Vinnutíminn er 8 tímar á dag, og ekki fleira fólk, en það sem bráðnauðsynlegt er.

**Pétur Jónsson:** Hvað því viðvíkur, sem eg sagði áðan um rekstrarkostnað Landsbankans, þá fullyrti eg ekki, að hækkunin væri ófyrirsynju. Eg gerði einungis samanburð á kostnaðinum eins og hann er nú og kostnaðinum eins og hann var fram að árinu 1909. Það ár tók eg ekki með, því að þá bættist við aukakostnaður við rannsóknarnefndargauraganginn, og eg gat ekki dregið þann sérstaka kostnað frá. Það má líka vel vera, að hann hafi

eitthvað aukist að öðru leyti á því ári, og hefir máske verið helzt til naumt til starfrækslunnar lagt áður.

Eg skal játa, að eg er ekki eins kunnugur Landsbankanum og sjálfur gæzlustjórinn, háttv. þm. S.-Múl. (J. Ól.), en eg er honum þó svo kunnugur, að eg veit, að engum nýjum starfsgreinum hefir verið bætt við. Hitt má vel vera, að störfin hafi aukist eitthvað í hverri grein. En það veit eg, að umsetningin hefir ekki aukist til muna. Rekstrarkostnaðurinn við Íslandsbanka er minni, og þó er umsetningin þar mikið meiri. En starfsgreinarnar eru auðvitað færri þar. Mér dettur þess vegna í hug, að fyrirkomulagið á Landsbankanum geri það að verkum, að kostnaðurinn við rekstur hans sé óþarflega hár. Eg nefni þetta til þess að benda á, að á þetta mætti ef til vill hafa einhver áhrif bankanum til hagsmuna, meiri hagsmuna ef til vill, en þó að hann losnaði við þá kvöð, að hafa standandi verðbréf til tryggingar fyrir sparisjóðnum. Eg hefði alls ekki verið á móti því, að þessi verðbréf væru leyst úr hafti, ef fé bankans hefði staðið í tryggilegri lánum, tryggilegri en ábyrgðarlán og víxillán geta verið yfirleitt. Undir þeim kringumstæðum hefði eg ekkert haft á móti að losa bankann að einhverju leyti undan verðbréfakvöðinni. En bankinn hefir aftur á móti nokkurn ágóða af því, að ávaxta töluverða fjárupphæð, mig minnir hátt upp í hálfa milíón.

Annars skal eg ekki fara fleiri orðum um þetta mál að þessu sinni.

**Framsögum. (Björn Kristjánsson):** Þrátt fyrir að umsetning bankans hefir aukist mjög mikið, að tekið hefir verið handa honum tveggja millj. króna lán og 3. veðdeild stofnuð, hefir samt rekstrarkostnaðurinn við hann minkað, ef miðað er við Íslandsbanka. Samt sem áður finst háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) kostnaðurinn við bankann óhæfilega mikill. Eg vil benda á, að Íslands banki hefir samt eigi hálft verk á við Landsbankann. Hann hefir t. d ekki mörg þúsund sparisjóðsinnlög eins og landsbankinn, sem hefir á hendi sparisjóðsinnlög frá 10—11 þús. mönnum.

Háttv. síðasti ræðumaður getur sannfærst um, ef hann vill líta inn í báða bankana, hvor þeirra hafi meira að gera. Í Íslandsbanka sést sjaldan maður, en í Landsbankanum er vanalegast fult af fólki. Þetta kemur til af því, að Íslandsbanki gefur sig ekki að öðrum viðskiftum en þeim sem hagnaður er að, en Landsbankinn tekur öllum viðskiftum, hvort sem hagnaður er að þeim eða ekki. Ef við hættum að lána út á fasteignir, gætum við staðið eins vel að vígi og Íslandsbanki, og neitað flestum ábyrgðarlánum og smærri víxlum almennings. Eg skil ekki sljóskygni hv. síðasta ræðumanns, að sjá ekki, að umsetningin hefir vaxið. Hvað um tvær miljónirnar? Auk þeirra er margt annað, sem við hefir bæzt, t. d. hefir innheimtufé margfaldast á þessum tveim árum — fimmfaldast.

Það er auðséð að háttv. síðasti ræðumaður hefir ekki sett sig inn í málið, hann ruglaði saman veðdeildinni og bankanum, en þar eð háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) hefir svarað því, skal ekki farið út í það, en hvergi annarstaðar í heiminum mun nokkrum manni hafa dottið í hug að blanda þessu tvennu saman.

Það var eitt, sem háttv. síðasti ræðumaður benti á um kostnaðinn við bankann 1909, að hann yrði hærri vegna rannsóknarnefndarinnar í bankamálinu. Viðvíkjandi því skal eg geta þess, að sáralítið af þeim kostnaði kom á reikning þá þegar. 5 þús. kr. af þeim kostnaði var demt á reikninginn síðast á árinu 1912. Sýnir þetta enn þá betur, hve

öllum kostnaði við Landsbankann hefir verið haldið niðri, því þetta getur ekki talist með *rekstrarkostnaðinum* við bankann.

Niðurstaðan verður því sú, að kostnaðurinn hefir ekki aukist síðan 1909, þrátt fyrir að 3. veðdeild hefir verið bætt við, innheimtan hefir aukist og 2 miliónum hafi verið bætt við veltuféð.

ATKV.GR.:

1. gr. sþ. með 15 : 1 atkv.

2. gr. sþ. með 17 shlj. atkv.

Vísað til 3. umræðu með 18 samhlj. atkv.

---

KOSNING yfirskoðunarmanns landsreikningsins fyrir árin 1912 og 1913.

ATKV.GR.:

Kosinn var Skúli Thoroddsen þingm. N.-Ísf. með 17 atkv. 6 seðlar voru auðir.

---

FRUMVARP til laga um að landssjóður leggi Landsbankanum til 100.000 kr. á ári í 20 ár (123); 2. u m r.

Málið var tekið út af dagskrá.

---

FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr. 30, 16. Nóv. 1907 um lán úr landssjóði til byggingar íbúðarhúsa á prestssetrum landsins (79, n. 162); 2. u m r.

**Framsögum. (Benedikt Sveinsson):** Þetta frv. er stjórnarfrumv. og hefir gengið í gegn um Ed., sbr. nefndarálit á þgskj. 51. Nd. kaus nefnd í málið (nefndarálit á þgskj. 162) og hefir hún leyft sér að gera við það nokkrar breytingar.

Nefndin álítur að hámark lána til húsabygginga á prestssetrum beri að fara upp í 5 þús. kr. Virðist upphæðin ekki mega vera minni vegna þess að ætlast er til að húsin séu úr steinsteypu. Eins vildi nefndin stuðla að því að húsin yrðu að öðru leyti sem bezt úr garði gerð.

Nefndin vill leggja til að 2. gr. falli burt, þar sem hún virðist vera alveg óþörf. Það virðist hverjum manni augljóst, að presti, sem tekur sér aðstoðarprest, mundi alls ekki meinað að flytja sjálfum á aðra jörð, ef inn starfandi prestur byggi á prestssetrinu, svo það er óþarfi að gera lagabreyting vegna þess. Auk þess er stjórninni fengið of mikið vald í hendur með þeim ákvæðum, sem nú standa í þessari grein.

Þá virðist nefndinni réttast að stryka út niðurlagsorð 4. gr.: »og líklegt til sæmilegrar endingar«. Orðin eru óþörf, en virðast heldur draga úr því sem felst í orðinu »vandað«.

En leggur nefndin til að feld sé 7. gr. Eftir greininni á landssjóður að leggja til alt efni og smíði til endurbyggingar á húsi, er ónýtist af náttúrunnar völdum, en prestinum ætlað að bera »annan kostnað«. Þegar um er að ræða steinhús eða timburhús, þá verður það óverulegt, sem lagt er á prestinn. Leiguliðar eiga að leggja til veggi og þök í torfhús og er það ólíku meira, því að þar leggja þeir fram bæði efni (annað en timbur, járn og gler) og vinnu við húsagerðina um alt það er að torfverkinu lýtur. Þessi »annar kostnaður«, sem talað er um, getur ekki verið annað en aðflutningur efnisins, en það virðiss engum manni ætti að vera ofætlun að sjá um smíðið á húsinu, er hann fær efnið ókeypis.

Nefndin leggur svo til að frumvarpið verði samþyt með þessum breytingum.

ATKV.GR.:

Br.till. á þgskj. 162 við 1. gr. sþ. með 14:2 atkv.

1. gr. svo breytt sþ. með 13 samhlj. atkv.

Br.till. á þgskj. 162, að 2. gr. falli burt, sþ. með 13:1 atkv.

3. gr., sem verður 2 gr., sþ. með 15 shlj. atkv.

Br.till. á þgskj. 162 við 4. gr. sþ. með 13:1 atkv.

4. gr., sem verður 3. gr., svo breytt, sþ. með 16 shlj. atkv.

5. gr. sþ. með 15 shlj. atkv.

6. gr. sþ. með 16 shlj. atkv.

Br.till. á þgskj. 162, að 7. gr, falli burt, sþ. með 13:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Bjarni Jónsson |
| Jón Jónsson | Jóh. Jóhannesson |
| Benedikt Sveinsson | Jón Magnússon |
| Björn Kristjánsson | Jón Ólafsson |
| Einar Jónsson | Kristján Jónsson |
| Guðmundur Eggerz | Magnús Kristjánss. |
| Halldór Steinsson | Tryggvi Bjarnason |
| Kristinn Daníelss. | Valtýr Guðmundss. |
| Lárus H. Bjarnason | Þorleifur Jónsson |
| Ólafur Briem | |
| Skúli Thoroddsen | |

Sig. Sigurðsson og Stefán Stefánsson greiddu ekki atkv. og töldust til meiri hlutans.

Hannes Hafstein, Matthías Ólafsson, og Pétur Jónsson voru ekki viðstaddir.

8. gr. sþ. með 13 shlj. atkv.

9. gr. sþ. með 15 shlj. atkv.

10. gr. sþ. með 16:1 atkv.

Fyrirsögn sþ. án atkv.gr.

Vísað til 3. umr. með 19:1 atkv.

---

5., 6., og 7. mál tekið út af dagskrá.

---

FRUMARP til laga um mannanöfn (165); 1. umr.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Eg leyfi mér að leggja til, að 5 manna nefnd sé kosin í málið.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

5 manna nefnd sþ. með 16 samhlj. atkv.

Kosnir voru með hlutfallskosningu:

Þorleifur Jónsson
Jón Ólafsson
Bjarni Jónsson
Matthías Ólafsson
Valtýr Guðmundsson.

---

FRUMVARP til laga um vatnsveitingar (163); 1. umr.

**Framsögum. (Pétur Jónsson):** Eg býst við, að háttv. þingdeildarmenn hafi lesið þetta frv. Er það upphaflega komið frá stjórninni, hefir legið fyrir háttv. Ed. og þar verið gerðar á því ýmsar breytingar. Þetta mál er talsvert þýðingarmikið fyrir landbúnaðinn, vegna þess að lagaákvæði vantar um þetta efni. Það er því þörf að athuga það ítarlega, og mun rétt að kjósa í það 5 manna nefnd.

**Bjarni Jónsson:** Eg vil gera það að tillögu minni, að þessu máli sé vísað til landbúnaðarnefndarinnar. Fyrst til þess hefir verið kosin sérstök nefnd, þykir mér það vera að gera nefndarmennina að fíflum, er kosnar eru sérstakar nefndir í mál, sem beint heyra undir þá nefnd.

ATKV.GR.:

Frumv vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. vísað til landbúnaðarnefndar með 21:1 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Pétur Jónsson |
| Jón Jónsson | |
| Bjarni Jónsson | |
| Björn Kristjánsson | |
| Guðmundur Eggerz | |
| Halldór Steinsson | |
| Jóh. Jóhannesson | |
| Jón Ólafsson | |
| Kristinn Daníelss. | |
| L. H. Bjarnason | |
| Magnús Kristjánss. | |
| Ólafur Briem | |
| Skúli Thoroddsen | |
| Stefán Stefánsson | |
| Tryggvi Bjarnason | |
| Valtýr Guðmundss. | |

Þessir greiddu ekki atkv. og voru taldir með meiri hlutanum: Jón Magnússon, Kristján Jónsson, Matthías Ólafsson, Sig. Sigurðsson, Þorleifur Jónsson.

Fjarstaddir voru: Bened. Sveinsson, Einar Jónsson, Hannes Hafstein.

---

FRUMVARP til laga um bæjanöfn (166); 1. umr.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Eg leyfi mér að leggja það til, að þessu frumv. sé vísað til mannanafnanefndarinnar, sem áðan var kosin.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. vísað til mannanafnanefndar í e. hlj.

---

Á fundinum var útbýtt í deildinni:

1. Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1912 og 1913. Eftir 2. umr. í Nd. (208).
2. Viðaukatill. við frv. til laga um breyting á lögum um vegi 22. Nóv. 1907. Frá Bjarna Jónssyni (209).

Fundi slitið.

---

## 22. fundur.

Miðvikudag 30. Júlí 1913, kl. 12 á hád.

Dagskrá:

1. Frv. til laga um fasteignaskatt (stj.frv., 180 og 195); 2. umr.
2. Frv. til laga um tekjuskatt (stj.frv. n. 181); 2. umr.
3. Frv. til laga um skattanefndir (stj. frv., n. 182); 2. umr.
4. Frv. til laga um jarðamat (stj.frv., n. 183); 2. umr.
5. Frv. til laga um laun hreppstjóra (stj.frv., n. 184); 2. umr.
6. Frv. til laga um verðlag (stj.frv., n. 186); 2. umr.
7. Frv. til laga um breyting á þeim tíma, er manntalsþing skulu háð (stj.frv., n. 185); 2. umr.
8. Frv. til laga um breyting á lögum um vörutoll 22. Okt. 1912 (stj.frv., n. 164); 2. umr.

---

Allir á fundi, nema 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.), sem var sjúkur.

Fundargjörð síðasta fundar lesin upp, samþykt og staðfest.

Forseti tilkynti, að nefnd, sú sem kosin var til að íhuga frv. til laga um mannanöfn, hefði kosið sér formann Þorleif Jóasson og skrifara Jón Ólafsson.

Forseti skýrði frá að útbýtt hefði verið í deildinni:

1. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 30, 16. Nóv. 1907. um lán úr landssjóði til byggingar íbúðarhúsa. á prestssetrum landsins. Eftir 2. umr. í Nd. (213).
2. Breytingartillögu við frumv. til laga um að landssjóður leggi Landsbankanum til 100 þúsund kr. á ári í næstu 20 ár. Frá Sig. Sig. og Pétri Jónssyni. (211).
3. Breytingartillögu við frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1912 og 1913. Frá Benedikt Sveinssyn, Skúla Thor-

oddsen og Valtý Guðmundssyni (210).

4. Nefndaráliti um frumv. til laga um breyting á lögum nr. 26, 11. Júlí 1911, um skoðun á síld (216).

Forseti skýrði frá að útbýtt hefði verið frá Ed.:

1. Nefndaráliti um frv. til laga um eftirlit úr landi með fiskiveiðum í landhelgi (214).
2. Frumv. til laga um friðun fugla og eggja. Eftir 2. umr. í Ed. (212).

Forseti skýrði frá að lagt hefði verið fram á lestrarsal:

1. Erindi frá 20 kaupfélagsmönnum í Húnavatnssýslu, er sækja um fjárveitingu til aðgerðar á Blönduósbryggju (2 fig.skj.)
2. Þingmálafundargerð úr Dalasýslu.
3. Erindi frá Taflfélagi Reykjavíkur um 4—500 kr. styrk til þess að senda mann á skákþing Norðurlanda 1914.
4. Erindi frá formanni Taflfélags Reykjavíkur, þar sem hann fer fram á, að Landsbókasafninu verði veittar 200 kr. hvort ár næsta fjárhagstímabils til skákbókakaupa.

---

FRUMVARP til laga um fasteignaskatt (stj.frv., 180 og 195); 2. umr.

**Framsögumaður meiri hl. (Ólafur Briem):** Eins og sést á nefndarálitunum, hefir nefndin klofnað, en þótt svo sé, þá hefir þó nefndin öll tekið þátt í athugun þessa frumv. og annara, sem hún hefir átt um að fjalla.

Eg býst nú við, að á þg.skj. 195 séu tekin fram aðalatriðin í ágreiningsatriðum minni hlutans og þar sé að leita aðal kjarnans í þeim andmælum, sem búast má við gegn frv., og því er það að eg fyrir hönd meiri hlutans vil leyfa mér mér að taka fram nokkur atriði, sem mestu máli þykja skifta í áliti minni hlutans.

Frumvarpinu er þar fundið ýmislegt til foráttu, þó með hógværum orðum sé, og svo virðist sem ekki sé málið gert að kappsmáli, heldur vilji minni hlutinn hafa vaðið fyrir neðan sig.

Í áliti minnihlutans er komist svo að orði, að landsmenn líti svo á, að verið sé að elta þá með öllu móti til að auka þeim byrðar. Þetta út af fyrir sig er ekkert sérstakt fyrir þetta frumv. fremur en önnur skattalaga nýmæli, og það er ekki eingöngu aðal-markmið þessa frumvarps, að auka tekjur landssjóðs, heldur er og hitt aðalatriðið að bæta fyrirkomulag skattanna. Það er handhægt að slá því fram, að landsmenn séu eltir með aukningu skatta, en hvað er það annað en afleiðing af þeirri stefnu, sem ríkt hefir síðan landið fekk fjárforræði — þeirri stefnu, að fjárveitingarvaldið eigi að hlynna að nytsemdarfyrirtækjum, er miða til almennra þjóðþrifa, en eru of vaxin kröftum einstakra manna. En eins og þessi hefir verið stefna þingsins, þannig hefir það og verið stefna þjóðarinnar. Þarf ekki annað en að benda á þingmálafundi, sem haldnir eru jafnaðarlega til undirbúnings undir þing og síðast nú í vor, til þess að menn gangi úr skugga um það. Þar var mjög víða æskt fjárveitinga og skorað á þingið að styrkja fyrirtæki, sem hafa mikinn kostnað í för með sér; skal eg nefna t. d. innlenda eimskipaútgerð, efling landsbankans, og svo mætti fleira telja.

Þá er annað atriði í nefndaráliti minnihlutans, að þessi skattur muni leggjast all þungt á marga. Vitaskuld má segja svo, enda hlýtur það að leiða af öllum skattabreytingum, er miða til tekjuaukningar, að þær koma þungt niður á einstaka menn, einkum ef þær

miða í þá átt, — eins og þessi lög stefna að, — að koma meiri jöfnuði á skattabyrðarnar en áður. Þá hljóta inar nýju skattaálögur að koma þyngra niður á einstaka mönnum en áður um leið og þær leggjast léttara á aðra. En að þessi skattur komi þyngst niður á þeim sem minst gjalþol hafa, er sagt en ekki sýnt. Nægir í því efni að benda á frv. um tekjuskatt, þar sem leyft er að draga frá skattskyldum tekjum vexti af skuldum gjaldenda og allhátt meðlag með ómögum, þeim er hann hefir fram að færa. Þetta þýðir, að einmitt er létt á þeim sem minst gjaldþolið hafa. Hvorugt þessara ákvæða er í núgildandi lögum. Þau verða mikið ranglátari í mörgum tilfellum. T. d. maður, sem býr á jörð, sem vegna úrelts jarðamats getur verið hátt metin að hundraðatali, verður, jafnvel þótt hann hafi ekki meiri áhöfn á jörðina en svo, að hann að eins með herkjum getur fleytt fram lífinu, að borga ábúðarskatt, sem miðaður er við hundraðatal jarðarinnar. Sama máli gegnir um lausafjárskattinn. Strax og maður á eina kú, verður hann að borga skatt í landssjóð og það jafnvel þó kýrin sé í skuld og hann hafi mörg börn í ómegð. Borið saman við það sem nú er, stefnir þetta frv., að þessu leyti, til mikilla bóta.

Þá segir háttv. minni hluti, að afrakstur inn verði samkvæmt þessu frv. mjög lítill. Það er satt, tekjuauki er enn ekki áætlaður nema 50—60 þús. kr. En það er ekki aðalatriðið, hvað upphæðin er há í svipinn. Heldur er hitt aðalatriðið, að skattstofninum sé svo fyrir komið, að alt af aukist við tekjurnar eftir því sem gjaldþol landsmanna eykst. Með auknum framförum komi auknar tekjur í landssjóð, án þess að hlutfallstalan milli teknanna og skattanna aukist. Þetta verður ekki með ábúðarskattinn, sem bundinn er við úrelt jarðamat — tekjurnar vaxa ekki með auknum framförum.

Þá segir háttv. minni hluti, að ef nauðsyn krefði, mætti koma undirbúningi skattheimtunnar fyrir með minni fyrirhöfn. Það er satt, fyrirhöfnin verður talsverð, bæði hvað snertir jarðamatið og útbúning skattskránna. En það er ekki hægt að segja, að hér sé unnið fyrir gýg, því að auk þess að þetta hefir þá þýðingu, að réttlátara jarðamat fæst og landssjóður fær drýgri tekjur, getur það og haft mikla þýðingu fyrir álagningu og útreikning annara opinberra gjalda svo sem sveitagjalda. Hitt er rétt, að búast má við að tekjuframtal verði nokkuð örðugt í fyrstu, sérstaklega með tilliti til landsbúnaðarins, vegna þess að fæstir bændur hafa vanist við að halda nákvæma búreikninga. En nú er einmitt mikil hreyfing í þá átt að hvetja menn til þess að halda nákvæmt yfirlit yfir afrakstur búa sinna. Þetta hefir verið brýnt fyrir bændum á búnaðarnámsskeiðinu. Það hefir ekki að eins þýðingu fyrir skattaniðurjöfnunina, heldur og fyrir afkomu og gjöld að öðru leyti og er mikið menningaratriði. Betra jarðamat og tekjuframtal hefir því mikla þýðingu í margar áttir, meðal annars léttir það fyrir hreppsnefndum við álagningu aukaútsvara og þótt það kunni að þykja erfitt í fyrstu, þá læra menn það smám saman og erfiðleikarnir minka.

Eitt atriði er það enn, sem minnihlutinn gerir talsvert úr. Það er að mönnum muni koma það á óvart, ef þetta frv. verður að lögum. Það getur nú verið með suma, en að minsta kosti ekki þá sem fregnir höfðu af stjórnarfrumvarpinu áður en þingmálafundir voru haldnir í vor. Þeir hefðu þá haft ástæðu til að mótmæla slíkum lögum, ef þeir hefðu verið þeim andstæðir. En svo hefir ekki verið. Eg hefi fyrir mér

margar þingmálafundagerðir, • þar á meðal þann allsherjar þingmálafund fyrir Gullbringu og Kjósarsýslu, sem haldinn var í Hafnarfirði 29. Júní síðastl. Þar er ekki vikið einu orði að því að andmæla þessu frv. Fyrir Borgarfjarðarsýslu var haldinn þingmálafundur á Akranesi 21. Júní síðast. Þar eru taldar sem réttarbætur bæði skattafrv. stjórnarinnar og frv. um breyting á vörutollslögunum. Í Suður-Þingeyjarsýslu voru skattamál landsins og rædd á þingmálafundi og samþykt þar með 25 atkv. tillaga, sem fór í þá átt, að mönnum þættu óbeinu skattarnir varhugaverðir, en beinir skattar réttlátari og að mörgu leyti heppilegri. Í Mýrasýsln var á þingmálafundi, er haldinn var í Svignaskarði 3. Júní þ. á. samþykt tillaga, sem var meðmælt skattafrv. Hún hljóðaði svo, ef eg má lesa hana upp, með leyfi forseta:

»Fundurinn er því meðmæltur, að skattur sé lagður á lóðir í kauptúnum og aðrar landsnytjar og ítök, sem nú eru skattfríar; enn fremur á ágóða af sölu eigna, sem vaxið hafa í verði án tilkostnaðar af hálfu eiganda«.

Þetta, sem er eitt atriði í skattafrumvörpum, þeim sem fyrir liggja, var á áðurnefndum fundi samþykt með öllum greiddum atkvæðum.

Yfirleitt minnist eg þess ekki að hafa séð í nokkurri þingmálafundargerð, eftir að frv. stjórnarinnar var orðið mönnum kunnugt — og hefi eg þó kynt mér flestar þeirra — hreyft neinum mótmælum gegn skattafrv. stjórnarinnar. En svo hefði þó átt að vera, ef mönnum hefði verið ant um að málið fengi ekki framgang.

Eitt atriði er það, sem gæti orkað dálitlum tvímælum. Það er viðvíkjandi fasteignaskattinum, hvort rétt sé að leggja hann á, án þess að veðskuld, sú sem á eigninni hvílir, sé dregin frá. Í þessu sambandi má geta þess, að inn í þetta skattakerfi, sem hér er haldið fram, heyrir að réttu lagi eignarskattur af skuldlausri eign, og að honum er slept, gerir það að verkum, að einn hlekk vantar í þá keðju. En þó að honum sé slept, þá get eg ekki séð, að það sé að nokkru leyti varhugaverðara að leggja skatt á fasteign án tillits til veðskuldar, heldur en það ástand, sem við eigum nú við að búa, þar sem heimtaður er skattur af jörð eftir hundraðatali og lausafé án þess að neitt sé linað í skattinum fyrir ómegð gjaldanda eða skuldir séu dregnar frá. En að leggja til grundvallar fasteignina án veðskuldar, er gert af »praktiskum« ástæðum. Reynslan með húsaskattinn hefir líka sýnt það, að það er segin saga, að það er veðskuldin, með þeirri upphæð, sem hún var upphaflega stofnuð með, sem hefir verið dregin frá, jafnvel þótt mikið af henni hafi verið afborgað. Og það er af þeirri einföldu ástæðu, að veðskuldabréfinu er aldrei afl ýst fyr en skuldin er borguð að fullu. Enginn getur vitað um, hvað mikið er borgað af. Og jafnvel þótt skuldin sé tilfærð, sem hvílandi á fasteigninni, þá þarf það ekki svo að vera, að skuldin í raun og veru hvili á eiganda fasteignarinnar, með því að svo getur staðið á, að fasteignin hafi verið lánuð öðrum til veðsetningar. Um þetta er ómögulegt að vita, og því er þetta ákvæði haft, eingöngu af »praktiskum« ástæðum. Minni hlutinn telur þetta ófæru. Þó má benda á það, að aðrar nágrannaþjóðir hafa sama fyrirkomulag, bæði Danir og sérstaklega Norðmenn, sem eru taldir vera komnir mjög langt í skattamálum sínum. Hjá þeim var fyrir fám árum sett fjölmenn nefnd, skipuð færustu lögfræðingum og fjármálamönnum til þess að semja ný skattalög. Þeim skattalögum þykir svo vel fyrir

komið, að þau hafa í mörgum löndum verið tekin til fyrirmyndar, enda eru þessi skattafrumvörp, sem nú liggja hér fyrir, að ýmsu leyti sniðin eftir áminstum lögum Norðmanna.

Þá finst minni hlutanum það uthugavert, að leiguliðar skuli vera skyldaðir til að gjalda nokkurn hluta skattsins, og segir að með því sé lagður beinn skattur á atvinnu leiguliða. Hér við er það að athuga, að ekki er ætlast til að þar að lútandi ákvæði frumvarpsins gildi lengur en þangað til nýr leigusamningur er gerður. Og þá fer þetta eftir því sem um semur milli hlutaðeigenda. Eg get ekki séð, hvað sé á móti því, að eigandi og leiguliði hagi þessu eftir samkomulagi. Hvað er það verra en nú, þegar beinlínis er lagður skattur á leiguliðann? Aðstaðan verður einmitt þægilegri en nú fyrir leiguliðann, þar sem hægt er að haga þessu eftir frjálsum samningi, alveg eins og með eftirgjaldið af jörðinni og í sambandi við það.

Þá er seinasta atriðið, að þessi lög muni hafa rýrandi áhrif á veðgildi eigna, þeirra sem fasteignaskattur er lagður á. Þetta virðist að eins vera framflutt til þess að ekkert verði eftir skilið, sem fundist gæti lögunum til foráttu. Eg skal með einföldu dæmi sýna, hve lítils virði þessi mótbára er. Sé t. d. eign 12 þús. kr. virði, svarar til þess 24 kr. skattur. Jafnvel þótt eignin sé húseign, sem minna fæst vanalega út á, má gera ráð fyrir að út á hana fáist að minsta kosti alt að þriðjungi eða 4000 kr. Hvernig er nú hægt að hugsa sér, að 24 kr. skattur, sem hefir forgangsrétt í eitt ár, geti haft áhrif á veðgildi slíkrar eignar sem er 12000 kr. virði. Það er ekki nema $^1/_{500}$ af verðupphæðinni. Þessi mótbára er því harla lítils virði. Meiri hlutinn getur búist við, að þetta frv. fái ef til vill misjafnar undirtektir í þetta sinn eins og oft á sér stað um djúptæk nýmæli, þó góð séu, enda er það út af fyrir sig ekki svo mikið kappsmál, heldur hitt, að málið fái sæmilega meðferð og verði ekki vísað frá af einhverjum annarlegum ástæðum, eða athugaleysi, og þótt það nái ekki fram að ganga á þessu þingi, þá skoðum við það geymt, en ekki gleymt og líklegt að það eigi fyrir sér að koma bráðlega inn í þingið aftur.

**Framsögum. minni hl. (Kristinn Daníelsson):** Þegar eg stend upp, sem framsögumaður minni hlutans í þessu máli, þá verð eg að láta þá athugasemd ganga á undan, áður en eg hef mál mitt um sjálft frumvarpið, að við, sem undir minni hluta nefndarálitið höfum skrifað, lítum sínum augum hver á einstök atriði, og verð eg því að áskilja þeim rétt til þess að geta sérstakrar aðstöðu þeirra til þessara atriða. Þó snerta þau aðallega önnur frumv., sem hér eru á dagskrá í sambandi við þetta mál. En allir komumst við að einni aðalniðurstöðu, sem sé þeirri, að hvorki væri þjóðin enn þá nógu þroskuð né tíminn hentugur til þess, að slík frumvörp sem þessi yrðu að lögum nú.

Háttv. framsögumaður meiri hlutans sagði, að nefndarálit okkar væri mjög hógvært og vildi leiða út af því, að okkur væri það ekkert sérstakt kappsmál, að tillögur okkar í þessu máli næðu fram að ganga. Eg skal nú þegar geta þess, fyrir mitt leyti, og svo held eg og að megi segja um hina nefndarmennina, að jafnvel þótt eg geti skrifað undir stillilegt og hógvært nefndarálit, þá er mér það fullkomið kappsmál og hefir verið það síðan 1905, að tillögur skattanefndarinnar birtust fyrst, að sérstakt frumvarp um fasta skatta yrði ekki lagt fyrir alþingi og samþykt í nánustu framtíð. Eg held eg geti skírskotað til nefndarálits okkar, jafnvel

þótt háttv. framsögum. meiri hl. hafi reynt að veikja ástæður okkar. Og skal eg ekki neita því, að hann gerði það eins vel og hægt var, eins og hans var von og vísa. Þó að margt væri vel sagt hjá honum og sumt alveg rétt í ræðu hans, þá eru það ekki annað en ástæður á móti ástæðum, sem verður að meta, og eg hygg að okkar ástæður verði, að vel yfirveguðu máli, fult eins þungar á metunum. Eg endurtek það, að eg er þess fullviss, að þjóðinni muni þykja þykja það nokkuð aðgöngufrekt, ef á nú strax að fara að leggja á hana nýja skatta, sem hún hefir ekki búist við. Það er ekki nema eitt ár síðan samþykt voru hér á þinginu lögin um vörutoll, sem eg veit að mörgum hefir sviðið sárt undan. Enda var það ekkert tiltökumál. Það er því að bæta gráu ofan á svart að vera að koma með þessi nýju lög nú, jafnvel þó svo kunni að vera, að hér sé farið fram á að koma skattamálunum í það horf, sem *einhverntíma* kunni að vera heppilegt. Hv. framsögum. meiri hl. (Ól. Br.) gat þess, að þetta þyrfti ekki að koma mönnum svo mjög á óvart, þar sem þeir hefðu sjálfir á þingmálafundum farið fram á allríflega fjárframlög úr landssjóði, sem hlyti þá að þurfa að bæta honum upp með auknum tekjum. En eg vil benda háttv. þm. á það, að þótt þingmálafundir fari fram á aukin fjárframlög, þá mun sjaldnast standa þar á baki sú meining, að byrðarnar á þjóðina séu auknar, heldur ber að líta svo á, að héruðin vilja á þingmálafundunum benda á sínar helztu þarfir og halda sínu sem helzt fram. Öðruvísi verður ekki á þessar tillögur litið. Eg veit það líka með vissu, að þegar árið 1908 var litið mjög illa til þessara laga, þegar allt skattamálanefndarinnar kom, og það hafa mjög margir bæði þá og nú seinna beðið mig að sporna á móti framgangi þeirra.

Háttv. framsögum. meiri hl. (Ól. Br.) gat þess, að á þingmálafundum í kjördæmi mínu hefði ekki verið minst á þetta mál. Þingmálafundirnir voru flestir um garð gengnir, þegar það varð kunnugt að þetta mál kæmi fyrir þingið. Eg skal reyndar játa það, að á fundinum í Hafnarfirði var ekki minst á þetta. Hann var haldinn í hálfgerðu tímaleysi rétt fyrir þingbyrjun og við bárum málið ekki undir fundinn vegna þess, að við vorum þá ekki búnir að athuga það nógu ýtarlega.

Á öðrum fundi uppi í Kjós beiddu bændur okkur um að reyna að sporna við því að fasteignaskattslög gengju í gildi á þessu þingi. Það er að vísu mjög algengt að hugsa ilt til nýrra skatta, og það er sízt að furða, því að fjöldi landsmanna á erfitt uppdráttar og margir eiga bágt með að afla sér skildinga í opinbera skatta. En hvað sem sagt kann að vera á þingmálafundum, þá er það einusinni svo, að beinu skattarnir eru óvinsælli en óbeinu skattarnir. Háttv. framsögumaður meiri hl. sagðist hvergi hafa séð þessu máli andæft í þingmálafundargjörðum, en það er vafalaust af því að fundirnir hafa verið haldnir áður en það var kunnugt að það kæmi fram á þessu þingi. Það gæti verið rétt að leggja á nýja skatta, ef samfara væri lagað fyrirkomulag skattanna. En það ætti aldrei að leggja á skatta, nema þess sé brýn þörf og þjóðinni sé gerð ljós þörfin, svo að henni verði ljúft að ganga undir þá, og jafnframt séð um að skattarnir leggist ekki ósanngjarnlega þungt á einstaka menn. Þegar spurt er um, hvort slík skilyrði séu fyrir hendi, svo að skella beri skolleyrum við mögli og kröfum landsmanna, þá hygg eg að tilefnið sé ekki nægilegt til að leggja á nýja skatta. Að því er snertir að laga fyrirkomulagið, þá skal eg ekki neita því, að það getur verið rétt

á sínum tíma. Það er þó játað, að núverandi skattafyrirkomulag sé gott og allvinsælt, svo að ekki ríður enn á að hverfa frá því, fyrri en brýn þörf er fyrir hendi og þjóðin skilur þörfina og óskar breytingarinnar. Slík brýn þörf er nú ekki fyrir hendi, þar sem fjárlögin liggja nú fyrir með 75,000 króna tekjuafgangi, sem að vísu er þannig undir kominn, að reikna mætti 40,000 kr. tekjuhalla; en alt um það er sá tekjuhalli óverulegur og ekki næg ástæða til að auka skattana. Sjálfsagt hækka reyndar gjöldin við meðferð þingsins á fjárlögunum, en að sjálfsögðu fara tekjurnar líka fram úr áætlun. Hingað til hefir það verið svo, þó að $^1/_2$ milj. kr. tekjuhalli hafi verið áætlaður í fjárlögunum, þá hefir hann reynst enginn. Það er heldur ekki bein nauðsyn að viðlagasjóður vaxi og haldi áfram að vera nokuurs konar lánsstofnun, heldur ætti að gera lánsstofnun landsins færa um að fullnægja þörfum landsmanna. En þegar við það, að lögin koma mönnum óvörum og þeirra er ekki brýn þörf, bætist, að þau koma þungt niður á einstaka menn, þá finst mér niðurstaðan auðgefin. Og það mundu fasteignaskattslögin gera, þau mundu koma þungt niður á einstaka menn, einkum fyrir það, að veðskuldir ekki dragast frá, og verð eg að telja það al-ófært.

Það kann að vera, að sé ekki skattur látinn hvíla á öllum fasteignum án tillits til veðskulda, þá sé það ekki hreinn og beinn fasteignaskattur, en það yrði þá heldur að vera svo. Eg verð að telja þennan tíma sérstaklega óheppilegan til að leggja slíka kvöð á. Menn eru nú mikið að reyna til að eignast jarðir sínar og eru hvattir til þess með því að þjóðjarðir eru hafðar meira á boðstólum en áður hefir verið. Vana leiðin til að eignast jarðirnar er að setja þær í veðdeild, svo að þegar hvílir nú á þeim skattur, sem yrði tvöfaldur ef þetta kæmist á, og þrefaldur ef þar við bættist, að sami maðurinn yrði líka að borga tekjuskatt af afnotum jarðarinnar. Sama er að segja, þegar til húsanna kemur. Kaupstaðirnir stækka alstaðar og eru í þeim árlega meiri og minni húsabyggingar. Á fjölda þessara húsa hvíla þegar þungar byrðar. Þau eru veðsett kaupmönnum, bönkum og sparisjóðum, og þar við á svo að bætast þessi skattur, sem eg hygg að leggist nokkuð þungt á húseigendur í kaupstöðum. Og hér eiga ekki að eins hlut að máli efnaðir menn, sem munar lítið um, hvort þeir borga einni krónunni meiri skatt eða minni. Sumir þeirra, sem hafa bygt stærri hús í skuld, hafa máske eitthvað handa í milli, en meiri hlutinn eru fátækir þurrabúðarmenn. Þetta er því verra fyrir það, að samkvæmt 4. brt. nefndarinnar á þgskj. 180 er ekki ætlast til að 300 kr. virði sé undanskilið því að greiða skatt. Eg verð að telja það ótækt að ekkert lágmark sé sett fyrir skattgreiðslunni. — Hér skal eg leyfa mér að draga enn fram eitt atriði, þótt ekki sé það alment, og snerti mig og mína stétt. Það er þar sem prestar taka svokallaðar heimatekjur af prestssetri og hjáleigum. Þessar eignir eru oft virtar nokkuð hátt og því talsvert hár skattur á þeim. Eg skal taka til dæmis það sem næst mér er, eg verð að greiða 40—50 kr. skatt af þeim. Eg verð að segja, þó að eg og mínir stéttarbræður eigi í hlut, að þetta er engin sanngirni. Úr þessu vildi nefndin bæta með því í 2. gr. tekjuskattslaganna að sleppa úr skattskyldu á tekjum af landsskuld af leigujörð. En sú lækkun á tekjuskatti vegur ekki móti fasteignarskatti af virðingarupphæðinni. Eg bið afsökunar á að eg tala um þetta, sem kemur við mín eigin kaun.

Þá kem eg að því atriði, sem

eg skal vera stuttorður um, og leyfi mér að vísa til nefndarálitsins, þótt það sé líka sutt. Það eru erfiðleikarnir á skipun inna nýju skattanefnda og á starfi þeirra. Við það verður mikið umstang og erfiði Menn mundu verða misjafnlega hæfir í nefndunum og af því gæti aftur leitt töluvert misrétti. Háttv. framsögum. meiri hlutans (Ól. Br.) vildi mæla þessu bót með því, að menn yrðu að gera áætlanir af búum sínum. Menn eru fremur skamt á veg komnir í því og þyrftu fyrst að læra betur að gera búreikninga, og eg vildi spyrja, hvort ekki væri betra að æfing í því gengi á undan? Eg á hér einkum við starfið eftir tekjuskattslögunum, þótt ekki séu þau sérstaklega til umræðu. Sumstaðar, t. d. í Reykjavík, þar sem völ er á hæfari mönnum, mundi tekjuframtalið verða nákvæmara, tíndur til hver eyrir, sem greiða ætti skatt af, en víða annarstaðar er hætt við að á því yrði undandráttur. Mér finst þurfa að líta á alt þetta og bera saman við árangurinn, hvort hann sé fyrirhöfninni tilsvarandi. Og þegar hann er ekki meiri en svo, að hann getur tæpast bætt úr neinni brýnni þörf, og hægt væri að afla álíkra tekna með aðgengilegra og auðveldara fyrirkomulagi, þá liggur ályktun af því beint fyrir.

Eg skal svo fara að enda mál mitt að sinni. Eg sé að menn eru farnir að þreytast. Eg verð þó að minna á eitt, sem háttv. framsm. (Ól. Br.) sagði, þó að það sé út úr sambandinu, þar sem hann gat um viðvíkjandi fasteignarskattinum, að menn þyrftu að borga ábúðarskatt eftir hundraðaframtali, sem nú á að falla burt. En þess ber að gæta, að ábúðarskatturinn núgildandi er í rauninni ekkert annað en tekjuskattur á afnotum jarðarinnar.

Um einstök atriði eða greinar frumvarpsins hefi eg ekkert að segja. Eg vil að eins lýsa yfir því, að eg mun greiða atkvæði móti 4. breyt.till. nefndarinnar, að burt falli úr undantekningum 300 kr. eign. Og fyrir hönd minni hlutans skal eg lýsa yfir því, að við munum að öðru leyti greiða atkv. með breyt.till. nefndarinnar, en móti eintökum greinum frumvarpsins og að frumvarpið fari lengra. Hyggjumst vér með því ekki vinna fjárhag landsins skaða, en gera mest að vilja landsmanna.

**Matthías Ólafsson:** Það er ánægjulegt að heyra, að háttv. minni hluti er að flestu leyti sammála meiri hlutanum. Háttv framsögumaður (Kr. D.) sagði, að minni hlutinn myndi greiða atkvæði með breyt.till. meiri hlutans. En þá nær heldur ekki samþykkið lengra, því að hann leggur til að alls ekki verði fallist á frumvarpið, og ber því helzt við, að skatturinn sé óvinsæll. En hvenær eru skattar ekki óvinsælir? Það er vitanlegt, að allar nýjar skattaálögur eru óvinsælar, en þingið á að hugsa um að álögurnar séu réttmætar og sanngjarnar, en ekki um það, hvort fólkið tekur þeim vel eða illa. Mér virðist því þessi mótbára háttv. minnihluta vera næsta veigalítil eins og allar mótbárur hans eru léttvægar. Það er verið að halda því fram, að skatturinn komi hart niður á einstökum mönnum, en engir skattar koma þó harðara niður á einstökum mönnum heldur en óbeinu skattarnir. Og það verður aldrei hrakið, að beinir skattar eru réttlátari heldur en óbeinir skattar. Beinu skattarnir eru lagðir á eignir manna og miðaðar við verðmæti þeirra, en óbeinu skattana verða menn að borga. hvort sem menn eiga nokkuð eða ekki. Þetta út af fyrir sig er næg ástæða til þess að frumv. gangi fram. Eg efa það reyndar ekki, að skatturinn geti komið hart niður á einstökum ráð-

lausum mönnum, sem hafa hagað sér óhyggilega, ráðist í fyrirtæki, húsabyggingar eða jarðakaup, sem hafa verið þeim ofvaxin, og hleypt sér með því í skuldir. En skatturinn getur þá orðið til þess að kenna mönnum og draga úr slíku vanhyggju-háttalagi, ef menn vita að menn eiga að greiða skatt af eignum sínum, hvort sem skuld hvílir á þeim eða ekki. Og það er engin ástæða til að undanskilja veðskuldir frá skattgreiðslu. Það gæti hugsast að maður léti veðskuld hvíla á eign sinni, að eins til þess að losna við skattinn, og eignin gæti því verið hans sanna eign fyrir því. Auðvitað getur verið að veðsetningin sé rétt og sönn og maðurinn sé í þessari skuld, en það getur líka verið það gagnstæða. Eg vil sérstaklega taka það fram, að með þessu frv. standa eða falla öll skattafrumvörpin. Það er því þetta frv., sem alt veltur á að samþykt verði. Eg veit ekki, hvaðan framsögum. minni hlutans (Kr. D.) kom sá grunur, að frumv. næði ekki fram að ganga. Eg fyrir mitt leyti hefi alt af alið þá von, að frumvarpið gengi fram, og eg vona það ennþá.

Eg sé það, að sá maður í meiri hluta nefndarinnar, sem ákveðnastur var með frumvarpinu, er hér ekki viðstaddur. Hann hefir líklega veikst snögglega, því að hann var hér í morgun, eða að minsta kosti var hatturinn hans hérna frammi í ganginum, en í fundarbyrjun var hatturinn farinn. *(Bjarni Jónsson:* Það hefir kannske einhver falið hattinn). Eg vona að hér sé ekki að ræða um samsæri móti frumvarpinu vegna þess, hvaðan það er komið. En það lítur þó nærri því út fyrir, að menn ætli að gera sér það að leik að fella frumvarpið, bara af því að það er komið frá stjórninni. Það er grár leikur, og eg skal ekki trúa því fyrri en eg verð til þess neyddur. Háttv. minni hluti segir í nefndáliti sínu, að þrátt fyrir alla gallana, væri ekki horfandi í að samþykkja frumvarpið, ef það að eins hinsvegar aflaði landssjóði tekna svo um munaði. Aðalgalli frumvarpsins, eða eini galli þess er einmitt sá, að það gerir svo lítið gagn. En nefndin sá sér ekki fært að hafa skattinn hærri, en sú er bót í máli að hann á að vera tilfæranlegur og má hækka hann hvenær sem vill og þörf krefur. Þó að fjárlagafrv. sé ekki komið frá nefndinni enn þá, þá er það nú þegar fyrirsjáanlegt, að ómögulegt er annað en að fjárlögin fari með stórkostlegum tekjuhalla út úr þinginu í þetta skifti. Það er því full þörf á álitlegri fjáruppháeð til að jafna þann halla. Auk þess ætti að létta af vörugjaldinu sem fyrst, því að það er sá þyngsti og óréttlátasti skattur, sem lagður hefir verið á þjóðina, og þyrfti þá eitthvað að koma í staðinn.

Eg hefi ekki heyrt eina einustu gilda mótbáru gegn frumvarpinu, frá minni hlutanum, enda hefir háttv. framsögum. meiri hlutans (Ól. Br.) sýnt fram á, að ástæður minni hlutans séu mjög ómerkilegar og lítilfjörlegar.

Eg skal svo ekki fjölyrða um þetta meira að sinni, en leyfi mér að eins að endurtaka þá ósk mína, að þetta frumvarp nái fram að ganga með þeim breytingum, sem nefndin leggur til að á því séu gerðar.

**Guðmundur Eggerz:** Eg verð þegar að játa, að eg skildi ekki sumt af því, sem háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ól.) sagði. Hann var að tala um þingmannslausan hatt, og tel eg slíkt hjal benda til höfuðlítis þingmanns. Eg var hissa á að heyra inn háttv. þm. tala um, að eini galli frumvarpsins væri sá, að það legði ekki nógu þungan skatt á þjóðina. Eg verð að segja, að mér virðist, eins og hagur þjóðarinnar er nú, að það geti ekki verið gallalaus þingmaður, sem talar þannig. Eg veit það reyndar að

inn háttv. þm. er kaupmaður, og eg skil það að *hann* munar ekki mikið um að snara út nokkrum krónum. En fátæklingana, sem þurfa að fá peninga hjá kaupmönnum til að geta borgað þennan skatt, þá munar sannarlega um það. Til dæmis um það að þjóðin þolir ekki aukna skatta — í líkingu við nágranna-þjóðirnar, má benda á það, að samkvæmt skýrslu milliþinganefndarinnar 1908, er þjóðareignin talin 650 kr. á hvern mann á Íslandi. En í Danmörku er þjóðareignin 4140 kr. á mann. Eg skal svo snúa máli mínu frá þessum háttv. þm., en leyfa mér að víkja nokkrum orðum að háttv. frams.m. meiri hl. (Ól. Br.). Í sjálfu sér sagði hann ekkert nýtt, ekkert sem ekki er áður tekið fram í nefndarálitinu. En hann vísaði máli sínu til stuðnings til ýmsra þingmálafunda. Mér þykir það undarlegt, að vísa til þingmálafunda um þetta mál, sem alls ekki hefir legið fyrir fundunum. *(Pétur Jónsson:* Það hefir legið fyrir í mörg ár.). Hann var að vitna í þingmálafund í Suður-Þingeyjarsýslu. Mér er sagt að umboðsmaður Pétur Jónsson hafi gylt frumvarpið mjög fyrir sýslubúum, og eg ímynda mér að það hafi hjálpað því til að ná samþykki á fundunum þar í sýslunni.

Mér virðist það vera nokkurn veginn ljóst, að einn aðaltilgangur þessa frumvarps er sá, að auka tekjur landssjóðs. Það er ekkert nýtt hjá stjórninni, og eg skal ekki álasa henni fyrir það í sjálfu sér. Þingmenn hafa líka oft og einatt farið fram á það, og sú hefir lengst af verið stefnan. En eg hygg að réttara væri að hugsa öllu fremur um það, hvort ekki væri hægt að spara eitthvað af útgjöldunum. Því ef alt af á að auka útgjöldin, og streitast við að útvega til þess meiri og meiri tekjur, hvar lendir þá, nema í enn þá meiri skuldasúpu, en vér erum þegar komnir í? Nú er ekki heldur jafnmikil nauðsyn fyrir tekjuauka, eins og oft áður, það játar bæði meiri og minni hl. nefndarinnar. Þá vildi eg og líka mega benda á það, að þessi tekjuauki er ekki áætlaður nema einar 50—60 þús. kr., og það er ekki svo ýkja mikið fyrir landssjóð.

Þá er líka annar tilgangur með þessu frumvarpi, sem sé sá, að breyta til í skattalöggjöfinni í áttina til fastra skatta og munu ýmsir telja þá stefnu heppilega ef skatturinn kemur sanngjarnlega niður. En allir hygg eg þó að verði á einu máli um það, að betri sé engin breyting, en sú sem ekki bætir, heldur skemmir. Eg endurtek það, að það er marg-fengin reynsla fyrir því, að þjóðin er mjög óánægð með þessi frv. milliþinganefndarinnar frá 1907, og hví á þá að óþörfu að demba öllum þessum skattalögum á okkur?

Í tilefni af því, að hv. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.) virðist vera á þeirri skoðun að bændum mundi þægilegra að fá þenna nýja skatt, heldur en búa við ábúðarskattinn, vil eg geta þess, að ábúðarskatturinn er lítill skattur saman borið við þann sem hér er um að ræða. Gerum t. d. ráð fyrir 50 hndr. jörð, sem virt væri með húsum á 10 þús. kr. Ef alinin væri 60 aurar, þá væri nú ábúðarskatturinn af henni 12 kr. En þessi nýi skattur, 2 pró mille virðingarverðs, yrði af sömu jörð 20 kr. Bóndann munar um 8 kr. skatthækkun, ef til vill ekki á Norðurlandi, en í þeim héruðum sem eg þekki til. Eins vildi eg taka fram, að ekki mundi húsaskatturinn koma létt niður í kauptúnum. Þar sem nú eru borgaðar kr. 2,50 af húsi, mundi skatturinn verða 6 kr. eftir þessu frv.

Eg er samdóma háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ól.) um það, að þessi frv. standa öll í svo nánu sambandi innbyrðis, að ef ið

fyrsta fellur, þá hljóta hin að falla, og það þegar af því, að tekjuskatturinn, ef frumvarpið um fasteignaskattinn félli, mundi gefa 11 þús. kr. minna í landssjóð, en nú fæst af tilsvarandi gjaldstofnum.

Þá skal eg drepa á það, að hingað til hafa þessir föstu skattar lítið breyzt árlega. En nú er hér gerð byrjun til þess. Það liggur í loftinu að þeir eigi fyrir sér að hækka, og það fljótt, sbr. ákvæðið í 7. gr. um að hækka megi og lækka skattinn með fjárlagaákvæði í hvert sinn. Þetta ákvæði er óhafandi í skattalöggjöf. Það er alt af nokkuð fyrirhafnarmeira að breyta skattinum, ef til þess þarf venjulega lagabreytingu. Því vil eg ekki gefa heimild til að hækka og lækka skatta með fjárlagaákvæðum.

**Tryggvi Bjarnason:** Eg hefi ekki að öllu leyti getað fylgst, hvorki með meiri né minni hl. nefndarinnar, en gat ekki verið að skrifa þriðja nefndarálitið, þar sem eg var í flestum atriðum sammála minni hl., og skifaði því undir nefndarál. hans með fyrirvara. En eg er honum þó ósammála fyrst og fremst í því, að þessi skattur rýri veðgildi fasteigna. Það gerir hann alls ekki. Í öðru lagi er því haldið fram í nefndaráliti minni hl., að ef auka þyrfti tekjur landssjóðs, þá ætti heldur að auka vörutollinn. Þetta get eg ekki felt mig við. Ef það lægi fyrir að afla landssjóði tekna með skattaálögum, þá teldi eg þó réttara að breyta eldri sköttum, eða afnema þá, og setja nýja í staðinn í líkingu við þetta. En hitt er það, að eg get ekki felt mig við þenna skatt, af því, að mér þykir hann koma illa niður.

Það fyrsta, sem hafa verður fyrir augum, er leggja skal á nýjan skatt, er gjaldþolið. Því er nú haldið fram af mörgum, að þetta frv. geri það og háttv. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.) sagði að það væri sagt, en ekki sýnt, að svo væri ekki. En það álít eg ekki að það geri. Eg hefi reynt að gera mér nokkra grein fyrir þessu, og skal leyfa mér að taka dæmi, af tveim mönnum, sem hafa svipað handa á milli. Annar á fasteign, sem virt er á 10 þús. kr. og í lausafé 5 þús. kr., og er skuldlaus. Nú á hann að greiða, samkv. þessu frv. í fasteignaskatt 20 kr. og tekjuskatt 1,50 kr., samtals kr. 21,50. Hinn maðurinn á líka 10 þús. kr. fasteign og 5 þús. kr. í lausafé. Á þeirri eign hvíla 10 þús. kr. skuldir. Það mun nú þykja hátt, en þá á hann 5 þús. kr. skuldlaust. Og hann á að borga alveg eins, kr. 21,50. Þessi hlutföll breytast að vísu dálítið, ef mennirnir hafa líka tekjur af atvinnu. Ef hvor um sig hefir í tekjur af eign og atvinnu eftir löglegan frádrátt, að undanskildum vöxtum af skuldum, kr. 2000,00, þá er tekjuskattur af þeirri upphæð 15 kr., og greiðir þá inn fyrri, sem skuldlaus er, 20 kr. í fasteignaskatt og 15 kr. í tekjuskatt, samtals 35 kr., en inn síðari borgar í fasteignaskatt 20 kr. og tekjuskatt af kr. 2000,00 ÷ 600, sem hann greiðir í vexti af 10 þús. kr. skuld. Það er að segja að hann greiðir tekjuskatt af 1400 kr., sem er 9 kr., og greiðir þá samtals 29 kr. í skatt.

Eg sé nú ekki að hér sé lagt á eftir gjaldþoli, þar sem annar maðurinn á 15 þús. kr. skuldlausar, en hinn ekki nema 5, og þó er munurinn ekki nema 6 kr., eða rúmlega $^1/_7$. Hér þarf eitthvað til að jafna, og milliþinganefndin ætlaðist til að eignaskatturinn jafnaði þær misfellur, sem fasteignaskatturinn út af fyrir sig veldur, lagður jafnt á allar fasteignir, hvort á þeim hvílir skuld eða ekki. En það frumv. hefir stjórnin ekki lagt fyrir þingið nú, heldur að eins þessi tvö. Eg hefði heldur kosið að öll frumvörpin þrjú hefðu mátt fylgjast að, þó að tekjurnar hefðu ekki

orðið hærri en ætlast er til með þessum 2 frumvörpum. Fasteignaskatturinn og eignaskatturinn hefði mátt vera þeim mun lægri, það hefði komið jafnara niður.

Þegar um það er að ræða, hve miklar tekjur þessir skattar mundu gefa af sér, þá hefir stjórnin áætlað það um 56 þús. kr., og mun það láta nærri. En að því er að hyggja, að þar frá dragast innheimtulaun, og starfslaun skattanefndarmanna, sem er óhætt að áætla full 7 þús. kr. og held eg að það sé ekkert of mikið. Eg hygg að starf skattanefnda verði ekki svo lítið, að af því muni veita.

Annað, sem veldur því, að eg get ekki aðhylst frumvarpið, er það, að eg get ekki séð það, að brýn nauðsyn sé á því nú, að hækka skattana eða leggja á nýja. Og ekki er vafi á því, að ekki býst þjóðin við þessum sköttum nú, þar sem vörutollurinn var samþyktur í fyrra. Reyndar væri það nú ekki mikil ástæða gegn frv., ef það væri annars gott og nauðsynlegt, en líta má þó á þetta, og víst er um það, að ekki átti þjóðin von á þessum frumvörpum á þing nú. Það barst í tal á þingmálafundi í Húnavatnssýslu, hvort við þingmennirnir vissum nokkuð til þess, að þau væru á leiðinni. Það vissum við ekki, og því voru þau alls ekki rædd. Og jafnframt skal eg geta þess, að þegar þau voru rædd þar 1909 og málið var yfirleitt til umræðu, þá voru að vísu skiftar skoðanir um þau, en yfirleitt held eg að þau hafi þótt fremur óaðgengileg. Það er eins og kunnugt er, að þjóðin kveinkar sér ætíð við nýjum sköttum. og þá einkum beinu sköttunum. En úr því að farið er nú að hugsa um þetta að breyta gömlum föstum sköttum, þá álít eg rétt og sjálfsagt að skjóta þessu máli enn einu sinni til þjóðarinnar og gefa henni kost á að láta uppi álit sitt um það. Eg hefi, eins og háttv. framsögum. minni hl. (Kr. D.) tók fram, fylgst með í störfum nefndarinnar, og mun greiða breyt.till. hennar atkvæði, ef frumvarpið á að ganga í gegn, en álít hins vegar ekki rétt að það gangi fram á þessu þingi. Eg geri því ekki ráð fyrir að greiða atkvæði um 1. gr. þessa frumvarps nú við 2. umr., því að með henni standa og falla öll þessi frumvörp, en það er ekki víst, að eg greiði henni akvæði út úr deildinni. Eg vil að þessi frv. geti tekið bótum, því að eg geri ráð fyrir að breytt verði fyrirkomulagi inna föstu skatta, áður en langt um líður, og þess vegna er rétt að málin fái nú sem rækilegasta meðferð hér, til undirbúnings fyrir seinni tíma.

Eg hefi reynt að athuga þetta mál hlutdrægnislaust, og vísa því fyrir mitt leyti á bug aðdróttunum háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ól.) um það að hér sé verið að gera samsæri gegn þessum frumvörpum af því einu, að þau eru frá stjórninni. Þær aðdróttanir ná ekki til mín.

**Ráðherrann (H. H.):** Eg skal ekki halda langa ræðu. Eg hefi þegar skýrt afstöðu mína við 1 umr., og mótbárur þær sem fram hafa komið gegn frumvarpinu, hefir háttv. framsögum. meiri hl. (Ól. Br.) flestar hrakið með sinni ítarlegu ræðu, og get eg skírskotað til hennar að mestu leyti.

Eg vil enn og aftur minna á það, að þegar þingið skipaði milliþinganefndina 1907, til þess að koma fram með tillögur um skattamálin, þá var það *ekki* til þess að auka tekjur landssjóðs að neinum mun með auknum föstum sköttum. En að því er föstu skattana snertir, voru flestir sammála um það, að brýna nauðsyn bæri til að breyta núverandi löggjöf um þá, af því að þau lög væri úrelt og skattarnir kæmi ekki rétt niður. Sérstaklega töldu menn tekjuskatt-

inn koma ójafnt niður, lenda aðallega á mönnum, sem hafa föst laun, en sleppa mörgum, þótt þeir hafi í raun og veru miklu meiri tekjur. Húsaskatt sleppa og margir við, af því að allar veðskuldir eru dregnar frá, en þær eru oft og tíðum ekki nema á pappírnum. Sömuleiðis hefir verið óánægja með ábúðar- og lausafjárskattinn, og sí og æ hefir hefir það heyrst hér á þingi, að öllu þessu þyrfti að hrinda í lag. Annað mál er það, á hvern hátt það verði bezt gert. Það er alt af álitamál. Þjóðinni hefir gefist kostur á að átta sig á þeirri spurningu. Árið 1909 voru frv. milliþinganefndarinnar lögð fyrir þingið til athugunar og voru birt í blöðunum. Aftur voru þau til athugunar á þingi 1911, því að þá voru ýmis af frumvörpum nefndarinnar gerð að lögum. Nú virðist svo, að árið 1913 ætti þjóðin að vera búin að fá nógan tíma til þess að íhuga þessar tillögur, sem svo lengi hafa legið tilbúnar, og að það hafi verið skylda stjórnarinnar, að láta nú ekki dragast lengur að gefa þinginu kost á því, að greiða atkv. um málin. Þess vegna tel eg það með öllu ástæðulausar mótbárur hjá andmælendum þessa máls að segja nú, að verið sé að lauma þessu yfir þjóðina að henni fornspurðri og demba á hana óvæntum sköttum.

Þessi frumvörp eru engin ókunn nýsmíði. Meginatriði þeirra eru eða ættu að vera öllum kunn, sem yfirleitt hugsa um slík mál, og breytingar, þær sem stjórnin hefir gert á frumvörpunum, eru ekki svo gagngerðar, að þær geri frumvörpin nýstárleg. Hitt er og rangt, að hér sé verið að bæta við nýjum skattabyrðum. Hér er að eins að ræða um breyting á núverandi föstum sköttum, tvo nýja skatta í stað fjögra gamalla, án þess að svifta með því landssjóð neinum tekjum, en einnig án verulegrar aukningar á skattbyrðinni, sem aðallega er reynt að láta skiftast réttlátar niður.

Þar sem háttv. framsögum. minni hl. (Kr. D.) sagði, að fasteignaskatturinn komi sérstaklega þungt niður á einstökum mönnum, þá er það misskilningur. Auðvitað má segja um alla skatta, að þeir komi þungt niður á þeim, sem mikið eiga að gjalda, en þessi skattur gerir það ekkert frekar en aðrir. Hann mintist á, hve þungt skatturinn kæmi niður á sinni eigin stétt, og var að tala um 50 kr., sem hann yrði að greiða. En þetta er misskilningur, því að það eru *eigendurnir*, sem greiða skattinn, og yfir á núverandi leiguliða verður ekki velt nema $^1/_8$ skattsins eftir þessu frv. Háttv. þm. er ekki eigandi prestssetursins, heldur er það ið opinbera, sem teljast verður eigandi; hann er að eins nothafi.

Í frumv. skattamálanefndarinnar var gert ráð fyrir, að öllum skattinum yrði velt yfir á leiguliðana. Ef það hefði verið tekið upp óbreytt, þá hefði mótbára háttv. 2. þm. G.-K. (Kr. D.) við nokkur rök að styðjast. En nú var það ekki gert, og því fellur mótbáran um sjálfa sig.

Háttv. sami þm. (Kr. D.) lagði áherzlu á það, að ranglátt sé að heimta skatt af öllum fasteignum án tillits til veðskulda, sem á þeim hvíla. Hann hefir ekki tekið eftir því, að í tekjuskattsfrumv., sem flutt er í sambandi við þetta, er mælt svo fyrir, að allar rentur af skuldum gjaldanda skuli dregnar frá tekjunum áður en skattur er lagður á þær. Þetta jafnar hallann, þegar um nokkurar verulegar upphæðir er að gera. Þegar um lága tekjuupphæð er að ræða, er skattprósentan auðvitað svo lág, að ekki munar verulega um það í skattsupphæðinni, þó að vextir komi til frádráttar frá inni skattskyldu upphæð. En þá er venjulega heldur ekki um stórar fasteignir að ræða, sem svo

miklar veðskuldir hvíli á, að fasteignaskatturinn af þeim nemi verulegri upphæð, þar sem hann að eins er 2 af þúsundi virðingarverðs. Stórar fasteignir, með háum veðskuldum, er nokkuð veruleg fasteignarskattsupphæð kæmi á, eru venjulega að eins í höndum þeirra manna, sem mikið hafa umleikis og háar bruttótekjur hafa, en þá hækkar líka skattprósentan, svo að miklu meira munar um frádráttinn þegar vaxtaupphæðin dregst frá inni skattskyldu upphæð.

Eins og eg gat um, sá eg ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta. Háttv. framsögum. meiri hl. nefndarinnar (Ól. Br.) hefir rækilega tekið til íhugunar mótbárur, þær sem eru í nefndaráliti minnihlutans og komið hafa frá öðrum háttv. þingmönnum. Eg skal að eins geta þess, að eg skildi ekki dæmið, sem hv. 2. þm. Húnv. (Tr. B.) tók. Það getur vel verið mér að kenna, því eg heyrði ekki glögt til hans. En eg er hræddur um að honum hafi verið óljós grundvöllurinn fyrir útreikningi tekjuskattsins. Það er ómögulegt að bera það saman, hvernig skatturinn kemur niður á tveimur mönnum, nema menn viti tekjur þeirra beggja.

Þetta er svo merkilegt mál, að það væri æskilegt að öllum þingmönnum gæfist kostur á að greiða atkvæði um það. En nú er einn nefndarmannanna, sem mikið hefir athugað þetta mál, og mikinn áhuga hefir á því, forfallaður, og er ekki hér í salnum. Eg vil þess vegna skjóta því til háttv. forseta, hvort hann vill ekki taka málið út af dagskrá, og þá um leið málin nr. 2—7 á dagskránni og fresta umræðunni þangað til þessi háttv. nefndarmaður getur verið viðstaddur. Það getur farið svo, að atkvæði hans ráði því, hver úrslitin verða.

**Magnús Kristjánsson:** Það eru að eins örfá orð, sem eg hefi að segja. Eg lofa því fyrirfram að vera stuttorður. Mér sýnist ekki veita af, því að svo langt hefir lopinn verið teygður. Eg sé ekki mikla ástæðu til að fara út í einstök atriði, enda skal eg ekki gera það. Eg hefi ekki orðið var við, að nokkurt atriði í áliti meiri hluta nefndarinnar né í ræðu háttv. framsögumanns meiri hlutans (Ól. Br.) hafi verið hrakið. Svo veigalitlar og þýðingarlausar virðast mér mótbárur, þær sem fram hafa komið. Eg hygg að sízt verði sagt að þetta frumv., sem hér liggur fyrir, sé til sérstakra hagsmuna fyrir mitt kjördæmi, því að eftir mínum skilningi kemur fasteignaskatturinn þyngst niður á húseignum í kaupstöðum, vegna þess að það eru þær eignir, sem minstan arð gefa. En þrátt fyrir það finst mér að eg geti ekki forsvarað að leggja á móti frumvarpinu.

Hér eru nú á ferðinni ýmsar uppástungur um fjárframlög til ýmis konar nauðsynlegra fyrirtækja og stofana, sem ilt er að þurfa að hliðra sér hjá að sinna. Nú er t. d. farið fram á að bæta hag Landsbankans, með ríflegu fjárframlagi, og nú í fyrsta sinni, svo nokkru nemi, er sótt um styrk til sjávarútvegsins, sem ekki verður sagt annað um, en réttmætt sé að sinna, ef hægt væri. Þannig mætti halda áfram að telja. En eg fæ ekki séð, hvernig hægt er að verða við þessum kröfum, ef ekkert er gert til þess að útvega tekjur í skarðið. Og eg er sannfærður um, að þetta er heppilegasti vegurinn til þess. Það hefir víðtækari áhrif, en menn hafa gert sér grein fyrir, ef frumvarp þetta nær ekki fram að ganga. Afleiðingin yrði sú, að annað hvort yrðu fjöldamörg nauðsynjamál að sitja á hakanum, eða fjárlögin að fara út úr þinginu með stórkostlegum tekjuhalla. Þetta eru ástæð-

ur, sem mér virðast svo mikilsverðar, að ekki sé horfandi í það þó að þessi fasteignaskattur kæmist á.

Að öðru leyti skal eg ekki fjölyrða um þetta, eg lofaði því í upphafi að vera stuttorður, og eg ætla að efna það.

**Matthías Ólafsson:** Það eru að eins örfá orð viðvíkjandi því sem háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) beindi til mín. Hann sagði, að það sem eg tók fram um þetta mál, hefði ekki verið óskiljanlegt frá mér sem kaupmanni. Það er langt frá því, að mér sárni þetta, eg tek það miklu fremur mér til inntektar, og ekki einu sinni mér, heldur allri kaupmannastéttinni. Það ætti að vera fyrsta boðorð þeirrar stéttar, að gera sér far um að láta tekjuendann og útgjaldaendann standast á; helzt, ef unt væri, að gera tekjuendann dálítið lengri. Og þess vegna er eg með frumvarpinu að eg vil ekki að tekjuendinn hjá landssjóði verði styttri en útgjaldaendinn. Það hefir verið sýnt með rökum að mikil þörf er á tekjuauka, og það hefir líka verið sýnt með rökum að þetta er beinasti og sanngjarnasti vegurinn til þess. Skattur, sem lagður er á eign, er réttlátastur allra skatta. Eg skal bæta því við, að eg tel það mjög stóran kost að skatturinn er tilfærilegur, að hægt er að hækka hann þegar brýn þörf er á peningum í landssjóð. Þá þarf aldrei að grípa til annars eins óyndisúrræðis eins og vörutollslögin voru í fyrra, því að það var sannkallað óyndisúrræði. Mótbárur, þær sem fram hafa komið, get eg ekki séð að hafi verið nokkurs virði. Það hefir verið sagt, að þetta kæmi hart niður á þjóðinni. Það er vana-viðkvæðið um alla skatta. Þjóðin heimtar aukin útgjöld og þá verður hún að skilja og sætta sig við, að eitthvað hljóti að koma í staðinn. Og hún gerir það líka. Eða hefir háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) eitthvert umboð til þess að auka útgjöldin án þess að auka tekjurnar. Eg hygg ekki. En ef hann kemur fram með frumvarp, sem gefur landssjóði tekjur án þess að nokkur borgi þær, þá skal eg fúslega greiða því atkvæði mitt og það munu fleiri gera.

**Eggert Pálsson:** Það er að vísu samkvæmt þingsköpunum að umræðurnar við 2. uræðu skuli snúast meira um einstakar greinar en málið í heild sinni. Í þetta skifti hefir þó ekki verið farið eftir þessari reglu, heldur hafa menn aðallega rætt stefnu málsins yfirleitt fremur en um einstakar greinar. Þetta er eðlilegt, þegar á það er litið, að við 1. umræðu mun harla lítið hafa verið rætt um málið, en því vísað undir eins til nefndar. Af því leiðir að nú verður ekki hjá því komist að umræðurnar snúist eins mikið eða jafnvel meira um stefnu málsins, heldur en um einstakar greinar frumvarpsins. Býst eg því við að svo hljóti einnig að fara fyrir mér.

Hér er farið fram á með þessu frumvarpi að auka tekjur landssjóðs, að vísu ekki um mjög háa upphæð, en þó talsverða. Mér dylst nú að vísu ekki, að fyrir slíka tekjuaukningu hefir landssjóður jafnan fulla þörf, ef hann á að geta orðið við öllum eða flestum þeim kröfum, sem til hans eru gerðar. Eins og bent hefir verið á, liggja fyrir þinginu miklar kröfur um aukin útgjöld nú. Það hefir verið bent á styrkinn til Landsbankans og enn má nefna tillöguna um að landssjóður kaupi hluti í eimskipafélaginu, sem verið er að stofna og öllum þorra landsmanna virðist mjög hughaldið um. En eg get ekki með nokkru móti skilið að hægt sé að verða við þessum kröfum öllum, þótt tekjur landssjóðs væru auknar með þessum skatti eða sköttum einum saman. Til þess held eg að yrði að finna út einhverjar aðrar nýjar og meiri tekjur handa landssjóðnum. En það er hægra sagt en gert.

Það er vitanlega alt af óvinsælt mál, þegar á að auka tekjur landssjóðsins. Almenningi er illa við öll gjöld, þó að það sé misjafnt hversu illa þokkað gjaldið er. Og mér virðist svo, að allur þorri manna sé því yfir höfuð hlyntari að greiða gjöld sín í óbeinum sköttum eða tollum, heldur en í beinum sköttum, með öðrum orðum, að tollastefnan sé að skömminni til skárri og vinsælli hjá almenningi heldur en sú stefna, sem hallast að beinu sköttunum. Þetta er ekki nema eðlilegt, sérstaklega vegna breyttra kringumstæðna í þjóðfélagi voru. Beinu skattarnir voru miklu heppilegri áður, þegar meiri festa var í þjóðfélaginu en nú á sér stað. Nú þegar svo mikið los er komið á alt, að meir en annarhver maður hringlar fram og aftur landshornanna á milli, er ekki nema eðlilegt að hugir þeirra manna, sem fast aðsetur hafa, hneigist fremur að tollaprincipinu heldur en að beinu sköttunum, með það fyrir augum, að tollarnir komi þó jafnara niður. Ef meiri hluti skattanna væru beinir, mundi svo fara, að mikill hluti landsmanna kæmist hjá því, að greiða nokkuð verulegt til landsþarfa. En aðalþungi gjaldanna hvíldi á einstökum mönnum. Þannig lít eg á þetta mál. Og það er ekki að eins mín sérstaka skoðun, heldur má segja að það sé almenn skoðun allra landsbúa.

Eg man eftir því á þingmálafundi í Rangárvallasýslu fyrir mörgum árum, þegar þetta frumv. og önnur frumvörp skattamálanefndarinnar voru þar til umræðu, að þá voru allar hendur uppi með því, að hallast heldur að tollunum heldur en beinu sköttunum. En hvernig menn þar líta nú á þetta mál, get eg vitanlega ekki með neinni vissu sagt, með því að það hefir alls ekki komið til tals í kjördæmi mínu nú. Mönnum var ekki kunnugt og bjuggust víst ekki við áður og um það leyti að þingmálafundir voru haldnir, að þetta frumvarp eða annað slíkt yrði lagt fyrir þingið, og svo mun víðar hafa verið. En þó að eg geti ekki sagt með vissu, hvernig kjósendur mínir líta á þetta mál nú, þá tel eg ólíklegt að hugir þeirra hafi breyzt í þessu efni, enda munu menn hafa búist við því alment, að ekki væri þörf á að auka skattana fram úr því sem gert var með vörutollslögunum í fyrra, nema þá því að eins að þeim yrði breytt til muna eða jafnvel afnumin.

En jafnvel þó að eg hallist fremur að því, að ná tekjum handa landssjóði með óbeinum sköttum heldur en með beinum sköttum, vil eg þó ekki, að svo vöxnu máli, setja mig beint á móti frumvarpi þessu. Veldur því þá einkum það að mér dylst ekki, að ef út á þessa braut er gengið, gæti það orðið til þess, að útvega hreppa- og sýslusjóðum tekjur á líkan hátt. Eins og öllum er ljóst, er hagur þeirra sjóða mjög bágborinn og illur með því fyrirkomulagi, sem nú er, þar sem þeir hafa engar fastar tekjur, sem hægt er að byggja á, heldur verður að afla þeirra því nær allra með eintómri handahófs-niðurjöfnun. Ef gengið er út á þessa braut á annað borð, sem felst í þessu frumvarpi, þá mætti ekki með neinu móti sleppa að útvega sýslu- og hreppasjóðunum tekjur á sama hátt. Það má nú máske segja, að þetta sé óbeinlínis spor í áttina og að frumv. eða lög, sem útvega hreppa- og sýslusjóðum tekjur á sama hátt, mundu fylgja bráðlega á eftir. Eg skal nú ekki neita því, en þó hefði það óneitanlega verið viðkunnanlegra og tryggara að slíkt frv. hefði verið samferða þessu. — Eg mun nú samt sem áður greiða atkvæði með frumvarpi þessu nú við þessa umræðu. En þó að eg greiði atkvæði með frumvarpinu nú, vil eg ekki að það sé skoðað

svo, að eg með því hafi bundið atkvæði mitt við 3. umr. Eg greiði atkvæði með því nú einungis til þess, að bæði mér og öðrum gefist kostur á að hugsa málið betur, menn hafa haft nóg að gera í nefndum, og ekki haft tíma til að setja sig inn í jafnflókið mál og þetta er, ásamt öðrum nefndarstörfum.

Svo að eg gangi ekki alveg fram hjá að minnast á einstakar greinar frumvarpsins, skal eg leyfa mér að vekja athygli á 2. málsgr. 1. gr. Mér duldist ekki að háttv. frs.m. minni hl. nefndarinnar (Kr. D.) leit svo á að prestum, sem hafa margar kirkjujarðir undir höndum, bæri að greiða skatt af þeim öllum, og ekki einungis að hálfu leyti, heldur að öllu. Því að þó að það standi í frumvarpinu að svo skuli ekki vera, nema þar til nýr samnigur er gerður, þá skilst mér að það geti dregist nokkuð. Eg skil ekki að hægt sé að neyða leiguliða til þess að gera nýjan samning og þá yrði umráðandi jarðarinnar að greiða allan skattinn, sem yrði óhæfilega hátt einstaklingsgjald. Aftur á móti heyrði eg að hæstv. ráðherra sagði, að þessi skilningur gæti ekki komið til nokkurra mála. Landssjóður eða kirkjujarðasjóður yrði að sjálfsögðu sem eigandi kirkjujarðanna að greiða slíkt gjald, en ekki prestarnir. En þessi mismunandi skilningur háttv. frs.m. minni hl. (Kr. D.) og hæstv. ráðh. sýnir að minsta kosti, að greinin er óljóst orðuð, og væri því vel til fallið, að nefndin kæmi með breytingartill. við hana til 3. umr.

Eg skal svo ekki fjölyrða frekar um málið að sinni. Eg greiði atkv. með frumvarpinu til 3. umr., hvað sem þá í skerst. Það læt eg að svo stöddu ósagt.

**Bjarni Jónsson:** Eg hafði hugsað mér að gera nokkrar fyrirspurnir til nefndarinnar, og verður töluvert undir svari hennar komið hvort eg fylgi frumvarpinu eða ekki. Eg ætla raunar áður með örfáum orðum að segja lítils háttar minn hug um skattamálastefnurnar yfirleitt og víkja að öðrum atriðum, sem kastað hefir verið fram.

Eg hefi orðið var við að menn eru reiðir út af ímynduðum samtökum um að fella þetta frv. til þess að gera sjórninni ilt. Ef menn halda að eg eigi þátt í þeim samtökum, þá skjátlast þeim algerlega. Annað eins mál og þetta er ekki til þess fallið að fella stjórnina á því, því að frumvarpið er ekki einu sinni frá henni, hún hefir einungis sýnt gömlu skattamálanefndinni þá kurteisi að taka frumv. hennar upp. Þetta er því tómur hugarburður, enda getur það ekki komið til greina að nokkur þingmaður greiði atkvæði á móti sannfæringu sinni til þess eins að stríða stjórninni. Þetta eru svo móðgandi ummæli, að mér er óskiljanlegt að nokkur þingmaður skuli geta látið sér þau um munn fara. Það mællir líka á móti því, að eg geti lagst á móti frumv. til stríðs við nokkurn sérstakan mann, að eg er að grundvellinum til stjórninni og meiri hluta nefndarinnar sammála um það, að mestur skattur ætti að hvíla á þeim mönnum sem hafa landið sjálft til umráða. Eg skal játa, að það verður erfitt að koma því fyrir meðan einstakir menn eiga eða hafa umráð yfir mörgum jörðum. Og um það fyrirkomulag mundi að sjálfsögðu verða ágreiningur milli mín og nefndarinnar. Réttast væri að landið ætti sig sjálft og leigði sig sjálft gegn afborgunum með sérstökum reglum sem settar yrðu. Með því móti mætti fá nokkurn veginn réttlátt gjald á landeigendur, eða þá menn, sem njóta jarðar. Væri þetta hægt, vildi eg það helzt, en í rauninni álít eg tolla ekki annað en lögleyfðan vasaþjófnað. Það er blint farið í vasa manna og ekki tekið eftir hvert gjaldþol menn hafa.

En það er svo lítill hluti af þeirri skekkju og þeim þjóðfélagsránum, sem framin eru, sem þetta frv. fer fram á að leiðrétta, að eg get ekki lagt mikla áherzlu á, hvort það nær fram að ganga.

Það eru ýmis atriði, er eg vildi spyrja nefndina að, hvort hún vilji breyta. Vilji hún gera það, mun eg máske verða frv. samþykkur. En áður en eg ber fram spurningarnar, vil eg geta þess, að það er rétt, sem hæstv. ráðherra (H. H.) sagði, að þetta er ekki gert til að auka tekjur landssjóðs, heldur til að leiðrétta skekkju og koma skatta-fyrirkomulaginu í betra horf. Búskapur landssjóðs kemur því þessu máli alls ekkert við.

Eg ætlaði að spyrja nefndina, hvort hún ekki vildi taka 2. lið 1. greinar og breyta. Þar stendur: »En á jörðum, sem eru í leiguábúð, þegar lög þessi koma til framkvæmda, getur eigandi krafist endurgjalds á $^1/_3$ hluta skattsins af leigjanda þar til nýr samningur er gerður«. Vildi eg í stað þess setja: »En hann má aldrei krefjast þessa gjalds af leiguliða«. Maður sér í hendi sér, að þótt þingið ekki sé að benda jarðeigendum á að taka þetta gjald af leiguliðum, mundi það samt falla á þá; og þá er það ekki lengur landeigandi, heldur leiguliði, sem greiðir skattinn.

Það er bein mótsögn, að leggja eiganda skatt á herðar, en taka hann svo af honum aftur og láta leiguliða greiða hann. Þetta yrði eigi annað en ábúðarskattur með nýju sniði, en það felst meira misrétti í honum en þeim ábúðarskatti, sem nú gildir.

Get eg tekið til dæmis mismuninn á skattgjaldi þess manns, sem býr sjálfur á jörð sinni og þess sem leigir hana út. Búi maðurinn sjálfur á jörð sinni, verður hann að gjalda skatt af henni, en ef hann leigir hana út, getur hann látið skattinn bitna á leiguliðanum.

Eg hefi litið í tekjuskattalögin um skattgjald af jörðum og húsum. Ber það alt að sama brunni. Sá sem býr á eign sinni, borgar báða skattana, en sá sem leigir hana út, borgar ekki nema annan.

Þetta finst mér eigi vera í anda þingsins, að auka sjálfsábúð, því það miðar til ins gagnstæða, þar eð maður á að losna við að borga skatt af jörðum sínum ef maður leigi þær út.

Þetta er fyrsta og aðal-spurningin.

Í öðru lagi vildi eg spyrja nefndina, hvort hún ekki vildi fella burt 7. gr. frv. Eg get eigi gengið inn á að skattalögin megi vera svo hreyfanleg, að hvert fjárlagaþing geti fært skattana til.

Í þriðja lagi vildi eg spyrja nefndina, hvort hún ekki vildi breyta orðalaginu hingað og þangað. Menn munu reyndar segja, að það sé ekki svo mikils vert, og eg vil heldur ekki halda því fram, að það ráði lífi og dauða frumvarpsins.

Í þriðju grein stendur: »Ef fasteign, sem metin hefir verið í einu lagi, skiftist í fleiri parta«. Þetta er slæm íslenzka og færi betur á að segja: »Ef fasteign hefir verið metin í einu lagi, en verður síðan skift milli fleiri manna«.

Í sömu grein stendur: »Skulu þeir *bera sig upp* um það við lögreglustjóra«. Ætti slíkt eigi að standa í íslenzkum lögum: »Skulu þeir snúa sér til lögreglustjóra«, skilst eins vel.

Bíð eg svo svars nefndarinnar upp á þessar spurningar og vænti að það verði játandi.

**Framsögum. meiri hl. (Ólafur Briem):** Eg ætla fyrir nefndarinnar hönd að svara nokkrum athugasemdum, sem gerðar hafa verið við frumvarpið.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) bar fram nokkrar spurningar fyrir nefndina. Var

fyrsta atriðið, hvort nefndin vildi ekki fella burt síðari málsgrein 1. greinar, sem lýtur að því, að á jörðum, sem eru í leiguábúð, þegar lögin koma til framkvæmda, geti eigandi krafist endurgjalds á nokkrum hluta skattsins af leigjanda, þar til er nýr leigusamningur er gerður. Skal eg taka það fram, að þetta atriði, er alls ekki neitt grundvallaratriði, heldur að eins bráðabirgðarákvæði, sem styðst við það, að nokkrir skattar eiga að falla niður, en fasteignaskatturinn að koma í stað þeirra. Má þar til nefna ábúðarskattinn og lausafjárskattinn, sem báðir eru atvinnuskattar á leiguliða. Nefndin hefir látið þessa grein í stjórnarfrv. halda sér með þeirri einu breytingu, að landeigandi gæti heimtað endurgjald á helmingi skattsins af leiguliða í stað $^1/_3$ hluta. Þetta miðast aðallega við, að þessi nýju lög geri sem minsta röskun á því fyrirkomulagi, sem nú er. Það er vitanlegt, að allar skattabreytingar, hversu réttmætar sem eru, valda nokkru misrétti og ef til vill ójöfnuði í bili, meðan þær eru að komast á. Fyrir því er nauðsynlegt að fara mjög varlega, þegar af numdir eru skattar, sem menn eru orðnir vanir við, en aðrir, sem menn ekki eru vanir, teknir upp í staðinn.

Skattar, sem lagðir eru beint á fasteign, hvíla auðvitað á eigandanum, en þegar eigandaskifti verða, skiftist skattkvöðin milli kaupanda og seljanda. Hver, sem kaupir fasteign með áhvílandi skattkvöð getur því við kaupin tekið tillit til þess, að kvöðin hvílir á eigninni, og haft hliðsjón af þar af leiðandi verðrýrnun eignarinnar við samninginn um kaupverðið. Jafn vel þó þetta sé ekki grundvallaratriði, get eg ekki gengið inn á það með háttv. þm. Dal. (B. J.), að það sé rétt, að leggja bann við því, að landsdrottinn heimti nokkurn hluta skattsins af leiguliða.

Annað atriðið í ræðu háttv. þm. Dal. (B. J.) var, að feld yrði úr frumvarpinu 7. gr.: »Heimilt er með ákvæði í fjárlögunum að hækka eða lækka fasteignarskatt fyrir eitt fjárhagstímabil í senn«.

Þetta er heldur ekkert grundvallaratriði og kemur ekki við því sem er aðalatriðið í þessu frv. Þetta ákvæði er tekið úr enskri löggjöf, og hvort sem það þykir heppilegt eða ekki, þótti nefndinni mikið tillit takandi til fyrirkomulags, sem er ráðandi hjá þeirri þjóð, sem um langan aldur hefir verið til fyrirmyndar í fjármálum. Það er líka vafasamt, hvort þetta atriði verkar til skaða, hvort það ekki einmitt verður aðhald fyrir þingmenn gagnvart kjósendum, að hækka ekki útgjöldin meira en tekjurnar leyfa. Þetta er einnig samkomulagsatriði, sem snertir ekki kerfi, það sem skattarnir eru bygðir á. Mætti því breyta þessu ákvæði, ef menn álíta að það væri til spillis, og mun nefndin ekki gera það að kappsmáli.

Það eru fleiri þingmenn, sem hafa tekið í sama strenginn, þar á meðal háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.). Lítur út fyrir að fleiri hafi ótrú á þessu.

Viðvíkjandi orðabreytingum, þeim er háttv. þm. Dal. (B. J.) æskti eftir, skal eg geta þess, að nefndin tekur þakklátlega við bendingum um, hvað betur má fara að því er snertir orðfæri, sérstaklega frá svo góðum íslenzkumanni, sem háttv. þm. Dal.

Út af ræðu háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.), þar sem hann ber saman beina og óbeina skatta, skal eg geta þess, að þótt eg fallist á, að beinu skattarnir séu í eðli sínu réttlátari en hinir, er samt í framkvæmdinni gersamlega ómögulegt að afnema óbeinu skattana með öllu. Annað mál er, að reynt sé að jafna það hlutfall, sem nú er, þar sem beinu

skattarnir eru ekki nema $^1/_{10}$ hluti af tekjum landssjóðs.

Hitt atriðið sem hann talaði um, réttarstöðu presta gagnvart skattinum, hefir háttv. framsögum. minni hl. (Kr. D.) einnig minst á. Hann spurði, hvort til þess væri ætlast, að prestar gyldu skatt af fasteignum, þeim sem þeir búa á eða hafa til afnota. Skal eg viðurkenna, að þótt þetta atriði kæmi til orða í nefndinni, þá komst hún ekki að neinni fastri niðurstöðu, og eini lögfræðingurinn í henni, háttv. þm. Vestm. (J. M.) lét ekki í ljós neina skoðun á því.

Viðvíkjandi ummælum háttv. framsögum. minni hl. (Kr. D.) skal eg taka það fram, að eg get ekki betur séð, en að margt af því sem hann sagði, væri skýringar á nefndaráliti minni hlutans. Get eg því slept að fara nákvæmlega út í það. Það er að eins eitt atriði í ræðu hans, sem eg vildi athuga. Það er það sem hann sagði, að nú væri kominn upp mikill áhugi hjá mönnum að kaupa landssjóðsjarðir, og að fasteignaskatturinn kæmi sérstaklega þungt niður á þeim mönnum, er legðu út í að kaupa land.

Eg get ekki verið sammála háttv. framsögum. minni hl. (Kr. D.) um þetta atriði, því að menn fá þessar jarðir keyptar með slíkum kostakjörum, að þau mega teljast betri en alment gerist í jarðakaupum. Sá sem vill kaupa landssjóðsjörð, þarf að eins að borga $^1/_{10}$ hluta af kaupverði hennar um leið og kaupin gerast, en afganginn skal hann greiða á 28 árum með 6% í vexti og afborgun. Að þeim tíma liðnum er jörðin orðin eign hans. Bæði rentur og afborgun af eftirstöðvum jarðarverðsins eru því ekki hærri en almennir bankavextir.

Þá kem eg að ræðu háttv. 2. þm. Húnv. (Tr. B.). Það sem hann aðallega setti fyrir sig, var, að ekki skyldi vera neitt ákvæði um, að sá sem ætti eign sína skuldlausa, skyldi borga meiri skatt en sá sem ætti skuldum hlaðna fasteign. Eins og áður hefir verið tekið fram, er þetta afleiðing af því, að stjórnin hefir ekki tekið upp frumvarp um eignaskatt af skuldlausri eign, og nefndin hefir ekki séð sér fært að hreyfa við þessu atriði. En í notum þess er í frumvarpinu um tekjuskatt svo fyrir skipað, að ekki sé borgaður skattur af þeim tekjum, sem ætlaðar eru til þess að borga vexti af skuldum. Það er vitaskuld, að afleiðingin af því ákvæði er sú, að skatturinn kemur meir niður á þá sönnu eign, þannig að sá sem á eignina skuldlausa, borgar meira en sá sem á hana með áhvílandi skuld. Annars átti eg sízt von á þessari mótbáru frá háttv. 2. þm. Húnv. (Tr. B.), með því að hann hreyfði þessu ekki meðan nefndin starfaði, jafnvel þó hann ætti sæti í nefndinni. Var þá sannarlega tími og tækifæri til að hreyfa þessu atriði.

Þar sem hann var að lýsa undirtektum, þeim sem frumv. hefði fengið á þingmálafundum í kjördæmi sínu, Húnavatnssýslu, þá verð eg að leiðrétta það að nokkru leyti. Það var alment álitið, að þetta frumv. mundi koma fyrir þingið 1911; var málið því tekið til athugunar víða út um land. Aðallega voru það tvær sýslur, sem athuguðu málið vandlega, Árnessýsla, þar sem skipuð var sérstök nefnd til að íhuga málið, og Húnavatnssýsla. Ekkert kjördæmi á landinu mun hafa athugað þetta mál eins vandlega og hún. Var haldinn sameiginlegur fundur fyrir alla sýsluna á Hnausum í Janúar 1911 og mættu þar 18 fulltrúar úr 10 hreppum kjördæmisins auk þingmannanna. Þar var skipuð aukanefnd í málið, og var eftir til-

lögum hennar samþykt fundarályktun með miklum meiri hluta atkvæða þannig orðuð:

»Fundurinn aðhyllist stefnu skattamálanefndarinnar að því er beina skatta snertir«.

Skýrsla 2. þm. Húnv. (Tr. B.), þar sem hann segir að skiftar hafi verið skoðanir um málið, er því töluvert villandi.

Þá kemur þessi aukanefnd á Hnausafundinum með nokkrar breyt.till. við frumv., sem að ýmsu leyti hafa verið teknar til greina við meðferð málsins. Yfir höfuð get eg ekki orðið var við annað en að þeir hafi minst á móti þessu máli, sem mest hafa um það hugsað.

**Þorleifur Jónsson:** Þetta mál er í raun og veru ekki nýr gestur hjá þjóðinni, þótt nýr sé á þinginu. En þó að þjóðin hafi haft góðan tíma til að athuga þetta mál, skattamálið, þá er hún þó ekki fylgjandi frumv. þessum, og hygg eg, að meiri hluti landsmanna álíti þetta kerfi ekki heppilegra en það gamla. Eg hefi reynt að gera mér grein fyrir málinu, og eftir rækilega íhugun hefi eg komist að þeirri niðurstöðu, að þetta kerfi standi ekki framar því gamla. Þó kemur mér ekki til hugar að lá stjórninni það, að hún ber þessi skattalög fram, en hins vegar álít eg það ósæmilegt, að bera andstæðingum hennar á brýn, að þeir rísi á móti þeim af því að þeir vilji fella stjórnina og gera henni óleik, því að þetta mál ætti sízt að vera hita- eða tilfinningamál.

Milliþinganefnd sú í skattamálum, sem skipuð var 1907, hafði upphaflega ætlast til, að skatturinn ykist frá því sem var eftir gamla kerfinu, yrði þrefaldur, sem sé fasteigna-, eigna- og tekju skattur. Það var vorkunn þótt nefndin fyndi ekki annað ráð þá til þess að afla landssjóði tekna heldur en þetta. Lengi höfðu verið skiftar skoðanir um það, hvora leiðina ætti að velja, beinu skattana eða óbeinu, og nefndin tók þann kostinn að leggja til, að skattarnir yrðu fyrst og fremst beinir. Nú er þetta breytt; nú hefir landssjóði verið séð borgið með vörutollslögunum, enda hefir og landsstjórnin slept einum lið úr kerfi skattanefndarinnar, eignaskattinum, auðvitað vegna þess, að hún hefir ekki álitið þess eins mikla þörf að auka skattana og þegar skattanefndin sat á rökstólum.

Eg álít að það sé til bóta, að skatturinn sé að eins tvöfaldur, en það veit eg, að sú stefna, að hrúga skatti á skatt ofan, verður óvinsæl og leiðir til undanbragða, auk þess sem það veitir mönnum litla hvöt til að afla eigna. Gjaldþoli almennings er líka alveg nóg boðið með þeim sköttum og tollum, sem fyrir eru, þótt ekki sé enn bætt á byrðina.

Mín skoðun er sú, að ekki sé nauðsyn á að afla landssjóði nýrra tekna í bráð. Vörutollurinn, sem nú er kominn á, veitir landssjóði 300 þús. kr. tekjur á ári. En eftir þá hækkun lífsnauðsynja búast landsmenn ekki við nýjum álögum bráðlega. Það eru einkum beinu skattarnir, manntalsþingagjöldin til landssjóðs og sveitarútsvörin, sem menn kveina undan, eins og Ameríkufarar oftast og mest taka sér í munn. Undan tollunum kveina menn síður. En því fremur er óforsvaranlegt að hækka að óþörfu þá skatta, sem mönnum er verst við og tilfinnanlegastir eru. Og þar sem fjárhagur landsins virðist nú bærilegur, sé eg enga knýjandi nauðsyn til að auka tekjur landssjóðs.

En auk þess sem nú var talið, er eg á móti þessu skattakerfi, af því að eg álít það fyrirkomulag engu betra en það gamla. Ábúðarskatturinn er grundvallaður á jarðamati, sem ef til vill má

nú finna einhverja annmarka á, en var þó á sínum tíma vandlega samið. Lausafjártíundin grundvallast á framtali fjáreigenda. Þó að þetta hafi nú sína annmarka, þá efast eg fyrir mitt leyti stórlega um, að grundvöllur þessara nýju skatta verði nokkuð öruggari.

Nú er ætlast til, að skattanefndir verði skipaðar í hverjum hreppi, er meti eignir til skatts, og skapi mönnum tekjur. Eg get nú ekki búist við, að mat þeirra nefnda yrði betra en t. d. jarðamatið gamla. Að því leyti mundi eg miklu betur fella mig við það, að ein nefnd í hverri sýslu væri látin meta allar jarðir innan sýslunnar. Verksvið þessara skattanefnda á að vera, að skapa skatt. Það er kunnugt, að ofan úr fornöld hafa tollheimtumenn verið síður en ekki vinsælir, en það er trúa mín, að þessir skattskapendur yrði álitnir algerlega úalandi og úferjandi, ef þeir ræktu starf sitt með þeirri trúmensku, og eg vil segja með þeirri harðneskju, sem trúmenska í þeirri stöðu útheimtir. Það hefir stundum heyrst, að virðingamönnum hafi verið mislagðar hendur í mati eigna, ef t. d. svo hefir staðið á, að æskt hefir verið láns úr bönkunum út á fasteignir. Þess hefir líka sést getið í blöðunum, að einstöku maktarmenn hafi fengið sér seldar við ótrúlega góðu verði opinberar eignir eða parta úr þeim eftir mati tveggja eða fleiri manna. Þetta geta verið góðir menn, þótt verða kunni fyrir áhrifum, er vinir eða nákomnir menn eiga í hlut, svo að matið fari í handaskolum. Þess vegna verð eg að vera á móti því, að ið opinhera eigi það undir 3 manna nefnd í hverjum hreppi, hverjar tekjur landssjóður fái. Mér skilst ekki, að það fyrirkomulag reynist ábyggilegra en það fyrirkomulag sem nú er. Það er sjálfsagt, að þessar skattanefndir hljóta að kosta mikið, þótt óvíst sé hversu mikið þær eti upp.

Þá hefir það líka verið tekið fram, og undir það tek eg, að óviðkunnanlegt er að heimta skatt af veðsettri eign jafnt og óveðsettri.

Um tekjuskattinn af búskap vil eg taka það fram, að það hlýtur að vera afar-erfitt bæði fyrir skattanefndir og og framteljendur að gera sér grein fyrir því, hve miklar tekjur hvert bú eða framteljandi hefir. Það er öllum kunnugt, að þeir menn eru örfáir á þessu landi, sem halda svo nákvæma búreikninga. að þeir viti t. d. hve mikið hver skepnutegund gefur af sér, þegar allur tilkostnaður er dreginn frá. Í þessu efni mundu skattanefndarmenn líklega ekki standa framar öðrum yfirleittt, fyr en þá eftir mörg ár Og þótt skattanefndarmenn væru betri í búreikningum en framteljendur, mundi þá þó kosta langan tíma að reikna út tekjur og gjöld hvers einstaks framteljanda og mundi það tefja þá ekki all-lítið, og þar með auka að mun kostnaðinn við þessar nefndir.

Allur þessi tekjureikningur landssjóðs álít eg því að sé í lausu lofti bygður. Yfirleitt þykja mér agnúarnir svo miklir á þessu skattakerfi, að eg álít ekki rétt að lögleiða það.

**Pétur Jónsson:** Mig langaði til að segja nokkur orð, af því að eg var fyrir eina tíð riðinn við þessi frumvörp. Eg er stjórninni þakklátur fyrir að hún hefir nú tekið upp þessi frumvörp til umbóta á inum beinu sköttum landsins. Eg vona, að þessari stjórn auðnist nú eða síðar að koma þessu máli til lykta á farsællegan hátt, ekki af því að eg álíti svo mikið unnið með þeim fyrir fjárhag landsins í bráð, heldur fyrir skattamál landsins. Mér þótti mikið fyrir því, að eitt af frumv. milliþinganefndarinnar í þessu kerfi vantaði, frumvarpið um eignarskattinn; með því frv. var reynt að endurreisa þann fræga

skatt, sem settur var með Gizurar-statútu 1096. Helztu mótbárurnar, sem fram hafa komið hér gegn fasteignaskattinum og takandi eru til greina, eru sprottnar af því, að frumvarpið um eignarskatt fylgdi ekki með. Það hefir verið veigamesta ástæða þeirra, sem talað hafa á móti fasteignaskattinum, að hann væri ekki lagður á eignirnar skuldlausar, aftur á móti átti eignaskatturinn að eins að leggjast á skuldlausar eignir. Enda var svo upphaflega til ætlast í milliþinganefndinni, að fasteignaskatturinn yrði 3 af þúsundi, en eignaskatturinn einn af þúsundi; en svo varð ofan á að þeir urðu gerðir jafnir, 2 pro mille hvor um sig, til þess að gera skuldlausa eign þeim mun skatthærri. En þótt stjórnin hafi ekki lagt þetta frumv. um eignaskatt fram nú, þá vona eg að það sé geymt, en ekki gleymt, og komi síðar. Eg sakna þess líka, að frumvarpið um sveitargjald hefir ekki verið lagt fyrir þingið. Það er áríðandi fyrir sveitirnar að fá betri gjaldstofn en nú er, einkanlega ef breytt verður landssjóðsgjöldunum, t. d. ábúðarskattinum og lausafjártíundinni.

Eg skal nú ekki fara lengra út í þetta mál alment, en skal snúa mér að þessu frumvarpi.

Eg vil biðja menn að gæta vel að því, eins og bæstv. ráðh. (H. H.) hefir líka tekið fram, að hér er ekki að ræða um önnur gjöld en þau sem annað hvort yrði létt af mönnum, eða yrðu borguð hvort sem er á annan hátt. Hér er ekki um það að ræða að auka tekjur landssjóðs, heldur er hér að ræða um breyttan skattstofn. Það er hugsanaruglingur að hafa það á móti þessu frumv., að það miði að því að auka tekjur landssjóðs að nauðsynjalausu. Það má nú ef til vill færa góð rök að því, að auka þurfi tekjur landssjóðs. En um það er alls ekki að ræða hér. Hér er eingöngu á það að líta, hver skattur sé sanngjarn, og það eiga menn að íhuga rólega og blátt áfram. Eg verð þá fyrir mitt leyti að segja það, að eg álít engan skatt eðlilegra eða sanngjarnara en fasteignaskatt, því að þar er um skatt að ræða, sem hvílir á uppsprettu framleiðslunnar. Um það mun enginn ágreiningur vera milli skattfróðra manna, þó að ágreiningur sé hér í deildinni. Og ef það er rétt, að þessi skattur sé sanngjarn, þá skil eg ekki hvílíkum mótmælum hann sætir hér.

Að því leyti sem lagt er út í að breyta eldra fyrirkomulagi, þá er sjálfsagt að breyta í betra horf, enda er það meiningin með þessu frv. Þetta held eg ekki að verið hafi ljóst fyrir þeim sem talað hafa á móti frumv., þegar þeir hafa sagt, að frumvarpið væri ósanngjarnt. Eg veit ekki, við hvað þeir miða, er þeir segja svo, en mér skilst þeir miða við núverandi fyrirkomulag, en ekki við það, sem eg bjóst aðallega við að menn mundu hnjóta um; eg á við húsaskatt í kaupstöðum; þar er breytingin að líkindum sumum tilfinnanleg. Á það hefir enginn drepið, nema lítillega einn af meðmælendum frv. Þessum skatti er ætlað koma fyrir tvo skatta, fyrst og fremst ábúðarskattinn, sem nema mun 30—35 þús. kr.; raunar verður ekki um það sagt nákvæmlega, því að lausafjárskattinum er slengt saman við. Hinn skatturinn, sem hverfur, er húsaskatturinn, sem nemur 13—14 þús. kr. Enn fremur er partur af núverandi tekjuskatti, skattinum af fasteignatekjum, sem hverfur eftir tillögu nefndarinnar í skattamálinu. Í stað þessara skatta kemur nú fasteignaskatturinn, sem áætlað er að nema muni 70 þús. kr., og samsvarar hinum fyllilega, en ekki stórum meira.

Þótt menn segi nú, að þessi frumv. komi mönnum á óvart inn á þingið, þá

er það hin mesta fjarstæða. Mönnum ætti ekki að koma það á óvart eftir að milliþinganefnd hefir haft skattamálin til meðferðar, tillögur hennar sendar út um land alt, auk þess sem menn hafa getað speglað sig í blöðunum í þessum tillögum. Hér við bætist það, að Alþingi hefir kipt út úr kerfi milliþinganefndarinnar tveim frumv. og gert að lögum, kirkjugjaldafrumv. og prestsgjaldafrumv., og hefir þar með verið létt af jörðunum kvöðum þ. e. tíundum prests og kirkju, sem eru eign ins opinbera. Þessum gjöldum hefir verið létt af einmitt í skjóli þessa máls í þeirri von, að fasteignaskattur kæmist á.

Menn verða jafnframt að gæta þess, hverju létt er af leiguliðunum. Eg skal með fám orðum benda á það, hvernig þessir skattar, sem létt er á leiguliðum, taka sig út. Eg geri ráð fyrir 20 hndr. jörð. Þá er létt á leiguliðanum í fyrsta lagi tíund til presta og kirkna, sem nemur 18 álnum á 20 hndr. jörð. Eg geri ráð fyrir að fátækratíundinni verði líka létt af þeim innan skamms. Ennfremur ábúðarskattinum, sem nemur 8 álnum. Þetta verða alls 26 álnir, eða — reikni maður alinina á 55 aura — kr. 14.30. Sé ábúandi jafnframt eigandi, er einnig létt af honum eignartekjuskatti, sem nemur 4% af tekjunum af þessari 20 hundraða jörð. Gerum ráð fyrir að eignin sé 150 kr. hundraðið = 3000 kr. með 5% afgjaldi, þá nemur eignaskatturinn 6 kr. Það sem á leiguliðanum er létt, nemur því alls kr. 20,30 á 20 hndr. jörð. Hvað er svo sett í staðinn? Jörðin metin á 3000 kr. Þá skattur þar af 6 kr. Þar við bætist gjald til prests og kyrkju fyrir eigandandann og konu hans kr. 4,50. Þetta verður samtals kr. 10.50. Munurinn á álögunum eftir frv. verður því kr. 20,30 ÷ kr. 10,80 eða kr. 9,80. Ekki er þetta að íþyngja. Ekki þurfum við bændurnir að kvarta.

Hvað hús snertir, þá ber þess að gæta, að nú er búið að létta af þeim kyrkjugjöldum. Eftir frumvarpinu er ætlast til að húsaskatturinn sé afnuminn. Þessi gjöld nema alls 2 kr. af 1000 krónum; með öðrum orðum, það er alveg jafn hátt og skatturinn samkvæmt frumvarpinu. Munurinn er að eins sá, að eftir núgildandi lögum er hægt að draga frá þinglesna skuld, sem á húsinu hvílir. Eg gizka á að þinglesnar skuldir nemi til jafnaðar $^1/_4$ af verði hússins. Bankar lána aldrei, að eg hygg, hærra en $^1/_3$ af verðinu og vanalega er búið að borga eitthvað af, svo að það er mikið í lagt, ef áætlað er að meira hvíli á því en $^1/_4$. Skatturinn hækkar því um gjald af þessum $^1/_4$, nema það komi í ljós, að þegar húsin með lóðum eru virt til skatts, að hærri upphæð komi til skattgjalda. Þá er það lóðin, sem kemur loks til skattgjalds. En það er líka aðalkosturinn við frv.ið, að skatturinn nær líka til lóðanna. Það eru verðmæti, sem bezt eru fallin til skattgjalds, framleidd að miklu leyti án tilverknaðar eða kostnaðar fyrir eiganda — verðmæti, sem þjóðfélagið hefir skapað að mestu.

Háttv. framsögum. minni hlutans (Kr. D.) sagði, að ekki ætti að vera að hækka skatta, nema brýn fjárþörf væri. Eg get nú ekki skrifað undir það að öllu leyti. En hvað sem því líður. Þessi háttv. þm. ruglaði hér dálítið saman. Hér er ekki fyrirliggjandi að ræða hækkun á skatti, eins og eg áður tók fram, heldur hitt, að koma á sanngjörnu skipulagi. Og það er ekki í ótíma upporið. Það er nauðsynlegt að koma þessu máli á framfæri sem fyrst, því að þetta er að eins fyrsta sporið. Skatturinn hefir þann kost að hann getur þróast áfram. Í öllum nærliggjandi löndum

hefir eins verið farið að í byrjun og nú er farið að byggja ofan á það. Í Englandi hefir fasteignaskatturinn verið eitt stærsta málið á dagskrá seinustu árin. En það er ekki verið að byrja að koma þar á fasteignarskatti nú, heldur verið að byggja ofan á hann; þ. e. koma á aukaskatti á þá verðhækkun fasteigna, sem er fram komin við tilverknað og kostnað eiganda, en aldrei er farið að leggja þess konar skatt á jarðeignir, nema einhver jarðskattur sé fyrir.

Sami háttv. þm. bar fyrir sig þjóðarviljann. Eg hygg nú að það sé þýðingarlítil mótbára. Í fyrsta lagi stöndum við þar, maður á móti manni og eg veit ekki til að hann hafi meiri kunnugleika á skoðunum manna í því efni en eg; hann ætti að öllum líkindum að hafa minni kunnugleika. Eg hefi haft meiri ástæður til að tala við menn um málið, vegna þess að eg hefi sjálfur tekið þátt í því að semja þessar tillögur. Og í öðru lagi, jafnvel þótt þjóðin væri mótfallin þessum tillögum, þá stafar það ekki af öðru en því, að hún er mótfallin öllum nýjum sköttum. Þótt menn vilji fá sem mest úr landssjóði, þá vilja menn leggja sem minst af mörkum í landssjóð. Þar um má með sanni segja: Sú hægri hönd veit ekki hvað in vinstri gerir. Eg segi það alls ekki til þess að lítilsvirða alþýðu manna, en eg álít þessi mál ekki alþýðu meðfæri. Það er ekki hvers manns meðfæri að dæma um, hvernig sanngjarnast verður farið að því að jafna gjöldunum á landsmenn. Þekkingin í þessum efnum kemur ekki af sjálfu sér, heldur verða menn að afla sér fróðleiks um þau og kynnast skoðunum hagfræðinga og annara vísindamanna áður en þeir geta dæmt. Og eg get borið marga þeirra fyrir mig í því, að þessir skattar eru bæði eðlilegir og réttlátir.

Háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) talaði í sömu átt. Satt að segja hefði eg getað búist við, að hann sem lögfræðingur hefði eitthvað fram að bera, sem fæli í sér dýpri hugsun en hjá alþýðu manna almennt. En mér hefir skjátlast í því. Hann gerði ekki annað en skírskota til þjóðarviljans. En þegar háttv. þm. var mintur á skoðanir kjósenda í Þingeyjarsýslu, vildi hann gera lítið úr þeim, og vegna þess að þeir mundu hafa verið undir áhrifum þingmannsins. En hvort þeir hafa frekar verið undir áhrifum en aðrir kjósendur er ekki ljóst, og heldur ekki líklegt. En segjum að þeir hafi orðið fyrir áhrifum eins og aðrir. Voru þá áhrif frá mér skaðlegri en öðrum af því eg frekar en flestir þingmenn hefi haft köllun og ástæðu til þess að hugsa þessi mál vandlega, rannsaka og bera saman ýmsar tillögur þar að lútandi? Nei. Þessa kjósendur ætti að vera meira að marka en þá kjósendur landsins, sem ekki hafa átt eins mikinn kost á leiðbeiningum og eg gat gefið mínum kjósendum.

Eg skal engu spá um þetta frumvarp á þingi nú. Hvernig sem það fer, þá veit eg að þetta er framtíðarmál, það er ótvírætt spor í menningaráttina. Og það er *bezt* að byrja að stíga það spor sem fyrst. *Allur drúttur* og *hik* þokar okkur meir og meir aftur úr öðrum.

**Halldór Steinsson:** Eg skal að eins leyfa mér að gera grein fyrir atkvæði mínu, sem er einn úr minni hl. nefndarinnar. Tveir meðnefndarmenn mínir, sem talað hafa, hafa látið í ljósi sína skoðun á málinu og get eg verið þeim samdóma í flestu, sem þeir hafa sagt, svo eg þarf ekki að vera langorður. Eg skal kannast við það, að eg er háttv. meiri hluta samdóma í því, að stefnan, sem farið er fram á í þessum frumvörpum sé eðlilegri stefna en sú, sem nú er farið eftir í skattamálum, og eg get að því leyti felt mig við þau

flest, nema frv. um fasteignaskatt. Mér virðist það gagnstætt allri réttsýni að leggja skatt á það, sem ekki er til. Það er alkunnugt að flestar, eða allar fasteignir eru svo veðbundnar, sem frekast er unt, en tilætlun frumvarpsins er þó sú að leggja skattinn á eftir virðingarverði, án þess að draga frá skuldirnar, og mætti því skatturinn með jafnmiklum rétti nefnast skuldaskattur sem fasteignaskattur. Tilætlunin er ef til vill sú, að menn verða þá eftirleiðis varkárari í því efni og safni minni skuldum, samt hefi eg litla trú á því. Önnur aðalástæðan, sem eg legg mikið upp úr að því er öll þessi frv. snertir, er sú, að á seinasta þingi var demt á þjóðina stórum sköttum með farmgjaldslögunum. Nýir skattar, nú þegar, mundu því koma mönnum mjög á óvart og óvænt, einkum þar sem ekki er knýjandi nauðsyn til þeirra.

Mig furðar á því, þegar verið er að leggja nýja skatta á, að þá er ekkert athugað gjaldþol þeirra manna, sem skattana eiga að greiða, heldur er þeim — þegar peninga þarf með — þegar demt á. Milliþinganefndin 1907 gerði sér far um að rannsaka þetta spursmál og var árangurinn af þeim rannsóknum sannarlega ekki glæsilegur. Niðurstaðan varð sú, að í samanburði við eignir einstaklinga í öðrum löndum, voru eignir okkar ferfalt, sumstaðar tífalt minni. Tekjurnar voru raunar dálítið hærri hlutfallslega, en þó ekki frekar en svo, að óhætt er að fullyrða, að hagur Íslendinga er miklu lakari en hagur manna í flestum löndum Norðurálfunnar. Þegar þessa er gætt, þá virðist ekki lítil ástæða til að fara varlega í sakirnar til þess að misbjóða ekki gjaldþoli manna. Það lægi nær að lofa mönnum að átta sig dálítið á málinu fyrst. Hæstv. ráðherra (H. H.) og 1. þm. Skagf. (Ól. Br.) hafa haldið því fram, að menn væru þegar búnir að átta sig fyrir löngu. Hv. 1. þm. Skagf. sagði, að málið hefði verið kunnugt flestum þingmálafundum í vor og þá hefðu menn getað tekið afstöðu til þess. Eg verð að mótmæla þessu, hvað flest héruð snertir. Það hefir áreiðanlega ekki verið kunnugt $^1/_3$ þingmálafunda í vor. Það kann að vera að fregnir hafi borist í einhverju blaði um það, að stjórnin ætlaði að leggja þessi frv. fyrir þingið — en þá er þess að gæta, að það eru ekki nærri allir sem lesa blöðin og þó þeir lesi þau, þá er því nú svo farið, að ekki er að byggja á öllu, sem þar stendur eins og heilögum sannleika. Það er ekki nóg að segja, að það »standi á prenti«. Hv. ráðherra sagði líka, að einmitt nú væri tíminn kominn til að bera þessi frv. upp, því að nú hefðu menn áttað sig á þeim. Eg verð að mótmæla þessu. Ef menn hafa athugað frumvarpið, þá hefði það helzt átt að vera á árunum 1908—10, eftir að álit skattanefndarinnar kom út. En þegar málunum var alls ekki hreyft á þingunum 1911 og 12 hafa flestir — með réttu — álitið að frumvörpin væru lögð á hilluna og yrðu aldrei borin fram — og hefi eg engan heyrt kvarta yfir því. Ef þjóðin hefði átt að fá að átta sig á málinu og láta álit sitt í ljósi, þá hefði stjórnin átt að sýna þá hugulsemi að birta frumvörpin í tæka tíð. En það hefir hún ekki gert, hvorki með þessi frv. né önnur og því er það, að mörg af þeim frv., sem koma fram á þinginu, eru í óþökk við þjóðarviljann, og gengið frá þeim í hugsunarleysi og flaustri, og verður því oft að breyta þeim eftir 1—2 ár.

Eg er þakklátur háttv. þm. Dal. (B. J.) og fleirum þm., sem vítt hafa umræli háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ól.), að hér væri um samsæri gegn stjórninni að ræða.

Slík ummæli eru óþingmannleg, og ættu ekki að heyrast hér.

**Tryggvi Bjarnason:** Hæstv. ráðherra sagðist ekki hafa skilið dæmið, sem eg tók, þegar eg var að bera saman skattgreiðslu og eign tveggja manna. Bygði hann það á því, að því er hann sagði, að eg hefði ekki tekið tillit til þeirrar vaxtagreiðslu, sem dragast ætti frá. En það gerði eg nú einmitt, og verð eg því að halda fast við, að dæmið hafi verið rétt tekið.

Háttv. framsögum. meiri hl. (Ól. Br.) sagði, að sér kæmi það á óvart, að eg hefði sagt, að einn lið vantaði í frumvarpið. En þó gat hann þess sjálfur í framsögu sinni, að þennan lið vantaði — skatt af skuldlausri eign. Hann sagði, að eg hefði átt að hreyfa því í nefndinni. Mér hefði þótt aðgengilegra að samþykkja frumvörpin, ef eignaskattsfrumvarpið hefði verið tekið með og fasteignaskattur lægri, en hér er ákveðið, t. d. 1 % og svo 1 % í eignaskatt. En mér fanst meiri hlutinn þegar slá því föstu, að fengi frumvarpið ekki að halda sér óbreytt, þá yrði skattaupphæðin alt of lág. Annars átti eg »privat«-samtal um þetta við hv. frams.m. meiri hl. (Ól. Br.) og furðar mig á því, að hann skyldi ekki hreyfa því í nefndinni að taka eignaskattsfrumvarpið með.

Hann furðaði sig einnig á andmælum mínum, þar sem Húnvetningar hefðu fyrir 1911 fallist á frv. þessi. Það er rétt, að þá var haldinn þingmálafundur í Hnausum með fulltrúum úr hverjum hreppi, og þó að tillögur skattanefndarinnar næðu meiri hl. á fundi, þá sannar það ekki að þeir sömu menn feldu sig við þessi frumvörp, eins og þau liggja fyrir nú, ofan á vörutollslögin, er samþykt voru í fyrra. Fulltrúar á Hnausafundinn voru ekki kosnir með tilliti til þessa máls eins, heldur margra annara. Það var reglulegur þingmálafundur. Líka ber þess að gæta, að bannlögin voru þá nýlega afgreidd og öllum ljóst, að eitthvað þurfti til að fylla það skarð, sem í tekjur landssjóðs kom við það. Og þótt það væri ekki meining skattanefndarinnar, að þessar tekjur kæmu upp í þann tekjumissi, þá er eg viss um að margir hafa á þeim tíma hugsað, að þetta gæti þó að einhverju leyti komið upp í það, og mun hafa verkað töluvert á menn, að falla ekki á móti þessum frumvörpum. Þá er eg viss um að margir hafa hugsað á þá leið, að þó að þessi tekjuauki hefði komið í staðinn, og þótt hann hefði ekki orðið nógur til að fullnægja þörfinni, þá væri þó með þessu fengnar talsverðar tekjur í það skarð, sem aðflutningsbannslögin gerðu í tekjur landssjóðs, og þar af leiðandi sáu menn sér ekki annað fært en að sinna þessu, heldur en að finna upp á einhverju nýju, sem kostaði mikla fyrirhöfn og ekki víst að yrði betra. Nú eru fegnar tekjur í þetta skarð og þær fullkomlega nógar, svo að sú ástæða er fallin.

Eg hefi svo ekki fleira að segja. Eg býst við að greiða ekki atkv. á móti frumvarpinu í þetta sinn, því að eg álít rétt að þetta mál fái sem mesta og bezta meðferð á þinginu til undirbúnings undir seinni tímann, því eg býst við að að því dragi, áður langir tímar líða, að föstu sköttunum verði breytt, ef til vill í líka átt og skattamálanefndin hefir lagt til, en eg greiði ekki atkv. með frumvarpinu við þessa umr.

**Framsögum. minni hl. (Kristinn Daníelsson):** Eg ætla ekki að tala langt mál, en vildi að eins leyfa mér að gera nokkrar athugasemdir við það sem sagt hefir verið.

Háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ól.) byrjaði ræðu sínu á þá leið, að hann undraðist það að við minnihlutamenn gætum verið samdóma meiri hlutanum um breytingar

á frumv., en vildum ekki fallast á aðalniðurstöðu málsins. Eg get ekki séð að það sé nokkurt ósamræmi í þessu. Eðlilegt, að geta verið samþykkur breytingum á frumv., ef það yrði að lögum, þótt eg óski ekki að það verði. Svo ætla eg að hlaupa yfir og koma að seinasta atriðinu í ræðu hans. Það var eitthvað á þá leið, að ástæður minni hlutans væru næsta lítilsverðar, og að ekkert hefði verið hrakið af ástæðum háttv. framsögum. meiri hl. (Ól. Br.). Á líka leið talaði háttv. þm. Ak. (M. Kr.). Eg vildi benda á, að slík »attest« eru engin rök í málinu sjálfu.

Þá kem eg að miðkafla ræðu hans, sem aðrir hafa nú þegar einnig minst á, aðdróttuninni um það, að mótstaðan gegn frumv. væri sprottin af því að það kæmi frá stjórninni. Hafi átt að beina þessu til mín — og það lítur út fyrir að svo sé, því að eg var einn búinn að tala þegar hann sagði þetta —, þá skal eg geta þess, að inn háttv. þingm. veit það vel, að eg hefi frá upphafi verið á móti því að þetta mál gengi fram. Eg skal leyfa mér að minna hann á það, að eg lét það beint uppi á 1. fundi skattanefndarinnar, og mun hann muna það, að þegar eg var spurður um, hvort eg ætlaði að kljúfa nefndina, svaraði eg, að eg ætlaðist ekki til að nefndin klofnaði þegar; óskaði að vinna með henni að breytingum á frv. Þetta er kannske af sama toga spunnið og það sem eg heyrði fleygt í gær, að »oppositionin« ætlaði að fella öll stjórnarfrumvörpin, til þess að stjórnin geti skilið, að hún ætti að fara frá. Eg skal lýsa yfir því, að eg vísa þessari aðdróttun frá mér sem gersamlega tilhæfulausri. Eins og eg mun hafa einurð á að greiða atkvæði á móti hverju máli eftir sannfæringu minni, þótt það sé komið frá stjórninni, eins mun eg fylgja hverju máli, sem frá henni kemur, þegar mér líkar það. Og þegar eg er ráðinn í að láta stjórnina skilja, að eg vildi að hún færi frá, þá mundi eg hafa einurð á að gera það á beinni veg án krókaleiða.

Svo vil eg leyfa mér að gera örstuttar athugasemdir við ræðu hæstv. ráðherra. Hann komst svo að orði, að eg hefði gefið í skyn, að stjórnin hefði laumast að þjóðinni með þetta frumv. Það hefir mér aldrei dottið í hug að segja, en það er ekki því til fyrirstöðu, að það kæmi þjóðinni óvænt og óvart. Þá sagði hæstv. ráðherra, að ummæli mín um það, að skatturinn legðist þungt á einstaka menn, sérstaklega presta, væru bygð á misskilningi. Eg átti alls ekki við að það væri aðalástæða mín, að hann legðist þungt á presta. Eg tók að eins dæmi, og bað jafnvel afsökunar á því, að eg mintist á það mál, sem snerti mig og stétt mína sérstaklega. En þrátt fyrir útskýringu hæstv. ráðherra, get eg ekki verið fyllilega sannfærður um, að skilningur hans á frumvarps-greininni sé réttur. Að minsta kosti var skilningi mínum ekki mótmælt í nefndinni, þar sem var góður lagamaður. Eg get ekki fundið annað en að það verði að breyta greininni, ef það á að vera meiningin, að prestssetrin og hjáleigur, sem prestar taka tekjur af upp í laun sín, séu undanþegin skattinum. En eg hafði í huga fleiri dæmi út af þessu. Mér datt í hug maður, sem eg þekki, og sem nú borgar engan fasteignaskatt af því eign hans er veðsett. Eg býst við að jörðin, sem hann býr, á yrði með húsi virt á 15—20 þús. kr., og yrði hann eftir þessu að borga 30—40 kr. fasteignaskatt, og er það ærið þungur skattur á mann, sem á ekkert.

Þá mintist hæstv. ráðherra á það sem bót á þessu frumv, að frá skattskyldum tekjum ætti að draga vexti af veð-

skuld og tekjuskatturinn minka við það. En eg held að það komi til að muna nauðalitlu. Segjum að maður skuldi 1000 kr., þá er rentan hér um bil 50 kr. og verða það því að eins 25 aurar, sem skatturinn minkar um. *(Ráðherrann:* Þetta er misskilningur). Nei, eg held að þetta sé réttur skilningur.

Eg er þakklátur háttv. framsögumeiri hlutans (Ól. Br.) fyrir undirtektir hans. Þær voru alt á annan veg en undirtektir hinna. Hann kannast við, að hér komi til greina ástæður með og móti, sem vega þurfi, svo að ofan á verði þær sem þyngri verða á metum. Hann mintist á það sem eg gat um, að menn væru að reyna að eignast ábúðarjarðir sínar, og skildi mig víst svo, að eg óttaðist að þeir mundu hætta því. En eg hugsa ekki að þetta myndi draga úr áhuga þeirra, svo að þeir vilji ekki kaupa jarðirnar, en þeim er þó íþyngt með þessu, því að þó að þeir njóti þessara góðu kjara, að borga 6% í 28 ár, þá hafa þeir þó meira að borga heldur en eftirgjald af jörðunum myndi vera í leiguábúð, og þar að auki þennan skatt.

Þá skal eg víkja nokkrum orðum að því sem háttv. þm. S.-Þing (P. J.) sagði, og skal eg viðurkenna, að hann talaði af þekkingu á málinu. Þó get eg ekki verið honum samdóma, þar sem hann sagðist sakna eignaskatts, því að þá hefði skatturinn orðið í sumum tilfellum þrefaldur. Enda hefir stjórnin kannast við, að hún hafi ekki séð sér fært að taka eignaskattinn með fyrir þá sök. Þá sagði hann og að það væri hugsanaruglingur að tala um, hvort þörf sé á nýjum sköttum; hér væri ekki um það að tala eða ekki aðalatriðið, að leggja á nýja skatta, heldur að bæta skattafyrirkomulagið. Eg held að það sé ekki hugsanaruglingur, að tala um að rétt sé að velja bentugri tíma til að bæta skattakerfið, og hygg eg að þjóðinni muni þykja það ófullnægjandi huggun, er hún finnur skatta þyngjast á sér, að það sé ekki annað en að verið sé að laga skattakerfið. Þá sagði hann enn, að það væri fjarstæða, að þetta kæmi þjóðinni óvart, og vildi sanna það með því, að sóknargjaldalögin hefðu verið tekin út úr frumv. skattanefndarinnar frá 1907. Mér virðist ekki heppilegt að vitna í sóknargjaldalögin, því að hvað sem annars er um þau að segja, þá er það víst, að þau hafa ekki unnið vinsældir þjóðarinnar, að minsta kosti ekki þar sem eg þekki til, svo að viðtökurnar, sem þau fengu, voru engin hvöt til að flýta sér að taka hin frumvörpin.

Þá kom sami háttv. þingm. með útreikning, sem átti að sýna mismuninn á sköttunum eftir núgildandi fyrirkomulagi og þessu, og fann hann það út, að þeir yrðu töluvert minni eftir frumv. Slík dæmi er hægt að setja upp á ýmsa vegu. Eg get bent á það, að fyrst var nú sú skekkja á útreikningi hans, að því er mér skildist, að fátækratíund, sem hann slepti, er enn ekki afnumin. Í annan stað taldi hann svokallaðan nefskatt, sem ekki kemur þessu við, kr. 4,50 á hjónum á 20 hndr. jörð. Eg hygg, að á 20 hndr. jörð hafi hjónin af fleirum að gjalda en sér einum. En þetta kemur auðvitað nokkuð misjafnt niður, sumstaðar verður það hærra og sumstaðar lægra.

Þá vildi hann, að því er húseignirnar snertir, gera lítið úr þeim skuldum, sem á þeim hvíla. Sagði hann fyrst og fremst, að ekki væri lánað út á þær nema $^1/_3$ verðs. Þetta er ekki rétt, heldur mun vera lánað út á 1. veðrétt $^2/_5$, og oft er 2. veðréttur notaður líka. Landshagsskýrslurnar sýna, að þinglýstar veðskuldir á húsum eru yfir 50% af virðingarverði allra húsa á landinu.

Þá hafði hann það eftir mér, að ekki

ætti að leggja nýja skatta á þjóðina nema brýn þörf væri til. Það er alveg rétt, og eg tók það líka fram, að þjóðinni þyrfti að vera þörfin ljós, til þess að henni gæti orðið ljúft að ganga undir skattana. Og eg stend við þetta. Eg kalla það ekki hentugan tíma, ef ekki er knýjandi ástæða til að hækka skattana.

Þá sagði haun að síðustu, að eg hefði borið fyrir mig þjóðarviljann, og það er satt. Hann sagði líka, að eg þekti ekki þjóðarviljann betur en hann, og það er líka satt. En þar sem eg þekki til þjóðarviljans, þá er hann á þann veg sem eg sagði, og hygg að háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) þekki ekki annað til hans; því ef svo væri, þá býst eg við, að hann hefði þá skýrt frá því, en það gerði hann ekki.

**Ráðherrann (H. H.):** Háttv. þm. Snæf. (H. St.) gaf það í skyn, að það sem hann hefði aðallega á móti frumv. væri það, að það gengi á móti allri sanngirni, að leggja skatt á það sem ekki væri til. En hér er alls ekki lagður skattur á veðskuldir, heldur á fasteignir, án tillitts til veðskulda, sem taldar eru á þeim hvíla. Þessu má ekki blanda saman. Þetta frv. er, eins og eg benti á áður, samið í sambandi við tekjuskattsfrumvarpið og þar er gert ráð fyrir að draga töluvert meira af tekjunum undan skattskyldu heldur en áður hefir verið gert og meira en skattamálanefndin hefir hugsað sér, til þess að gera skattinn léttbærari og jafna upp skatt af veðsettum fasteignum. Auk frádráttar á iðgjaldi af lífeyri, sem menn eru lögum samkvæmt skyldir tryggja sér, eru dregnir frá allir skattar og opinber gjöld, framfærslueyrir handa börnum o. fl. og auk þess vextir af öllum skuldum gjaldanda.

Þegar þessi hlunnindi koma í móti, er það bersýnilegt, að ekki er á neinn hátt hallað rétti manna, þó að veðskuldir, sem oft og einatt eru ekki til nema á pappírnum, sé ekki undanþegnar fasteignaskatti. Þetta er nauðsynlegt, til þess að menn geti ekki eftir vild skotist undan fasteignaskattinum. Þegar um litlar upphæðir er að ræða eða litlar fasteignir, nemur skatturinn einnig litlu. Það er fyrst þegar virðingarverðið fer að komast nokkuð hátt upp, upp í 10.000 kr. og þar yfir, sem fer að muna um skattinn. Og það er ekkert sem knýr þá menn, sem ekkert eiga umleikis, til að vera að burðast með stóreignir, allar í skuld.

Dæmi háttv. framsögum. minni hl. (Kr. D) um tekjulausan mann með 15.000 króna eign, alla í skuld, er því einskis virði. Það er engin ástæða til að gera ráð fyrir slíku. En þeir sem hafa mikið umleikis, geta fremur neyðst til að hafa fasteignir í skuld, til þess að reka atvinnu sína, auðvitað í því skyni að afla sér tekna.

Við skulum nú líta á, hvaða munur verður á skattgjöldum samantöldum af fasteignaskatti og tekjuskatti, ef veðskuldir væru undanskildar fasteignaskatti, en enginn frádráttur fyrir vöxtum né tekjuskattinum, samanbornum við gjöldin eftir þessum frumvörpum, sem nú liggja fyrir. Tökum dæmi: Maður með 4000 kr. tekjum á hús, sem kostað hefir 10.000 kr. og hvílir á því 6000 kr. veðskuld. Væri nú veðskuldin dregin frá, ætti hann að borga fasteignarskatt af 4000 kr. $2^0/_{00}$, og verða það 8 kr. Auk þess yrði hann að greiða 50 kr. tekjuskatt, ef ekki kæmi neitt til frádráttar. Það eru þá samtals 58 krónur. En eftir þessu frumvarpi þyrfti sami maður að borga fasteignarskatt af öllu húsverðinu, 10.000 kr., sem yrði 20 kr., en frá skattskyldri tekjuupphæð dregst renta af skuldinni — sem nú er $6^0/_0$ — þ. e. 360 krónur. Skattskyld tekjuupp-

hæð yrði þá, án tillits til annars frádráttar, 3640 kr. og tekjuskattur þar af 42 krónur. Það verður þannig í alt 62 kr. Munurinn er þá allur einar 4 kr., sem skatturinn er minni ef veðskuldin er dregin frá. Og þessi munur verður enn þá minni ef tekjurnar eru hærri. Hafi maðurinn í dæminu hér að ofan 5000 kr. tekjur, þarf hann að gjalda 83 kr., ef þessi 6000 kr. veðskuld er dregin frá til fasteignaskatts, en sé hún ekki dregin frá þar, heldur vaxtaupphæðin dregin frá skattskyldri tekjuupphæð, þá 85 kr. Munurinn er þá orðinn að ein-2 kr. Stígi nú tekjurnar enn þá hærra, svo að þær séu 6000 kr. eða þar yfir, þá græðir maðurinn á nýja fyrirkomulaginu; hann borgar lægri fasteignaskatt og tekjuskatt samtals, heldur en ef fylgt væri gömlu reglunni. Það nær því engri átt, að hér sé verið að leggja sérstakan skatt á veðskuldirnar eða beita neinu ranglæti við þá, er reka þurfa atvinnu sína með fasteignalánum, er nokkru nemur.

Þá sagði sami háttv. þingmaður, að alþjóð hefði búist við að málinu yrði ekki hreyft á þessu þingi. En eg vil, auk þess sem áður hefir verið sagt um þetta atriði, minna menn á, að skattanefndin frá 1911 benti á það í álitsskjali sínu, að hvað sem öðru liði, þá yrði að breyta tekjuskattslögunum sem allra fyrst. Það var öllum ljóst, sem um fjármál höfðu að fjalla, að það mátti ekki dragast lengur.

Þá gat hann þess, að hefði stjórnin verið svo hugulsöm, að skýra frá því fyrir þingmálafundina í vor, að þessi frumvörp ættu að leggja fyrir þingið, þá mundi málið horfa öðruvís við nú. Þessi ásökun kemur ekki frá honum einum. Eg hefi áður fengið að heyra það, að margir álíta, að stjórninni beri að senda þingmönnum stjórnarfrumvörpin löngu áður en hún leggur þau fyrir þingið. En þar til er því að svara, að slíkt er ekki siður í neinu landi, enda væri ómögulegt að koma því við, því að frumvörpin eru oftast alls ekki tilbúin fyrri en rétt áður en ráðherra siglir með þau á konungsfund, og eg efast um að það sé einu sinni stjórnskipulega rétt að birta frumvörpin áður en konungur er búinn að gefa samþykki sitt til að stjórnin leggi þau fyrir þingið úr því að slíkt er heimtað.

Það er annars merkilegt, að þessari kröfu skuli að eins vera haldið fram viðvíkjandi stjórnarfrumvörpum. Hvers vegna er henni ekki haldið fram gagnvart þingmönnum líka? Það er þó oftast tiltölulega fátt, sem stjórnin kemur með af frumvörpum móti þeim aragrúa af þingmannafrumvörpum, sem dembt er inn á þingið í tíma og ótíma. Ekki þurfa þingmenn að bíða eftir neinu konungssamþykki. Hvers vegna birta þeir ekki eitthvað af þessum nýmælum og réttarbótum, sem þeir eru að unga út og enginn veit af fyr en þeim einn önnum kafinn erfiðisdag er útbýtt hér í þingsalnum. Var kannske skýrt frá því fyrir fram í fyrra, að 1. þingm. Rvk. (L. H. B.) ætlaði sér að koma fram með lotterífrumvarpið til þess að bjarga landssjóðnum? Eg hefi ekki orðið var við það. Og eg hefi aldrei getað skilið ástæðuna til þess, að slík frumvörp eigi fremur að eiga rétt á að fara huldu höfði fram eftir öllu þingi, heldur en stjórnarfrumvörpin að bíða þingsetningar.

**Guðmundur Eggerz:** Eg vildi gera háttv. þingm. S.-Þing. (P. J.) það skiljanlegt, að eg skildi lítið af speki hans og röksemdafærslu. Verði þetta frumv. að lögum, mun það bæta lítið hag landsins og lítið áunnið fyrir landssjóð. *(Pétur Jónsson:* Að þessu sinni). Já, hvorki að þessu sinni eða framveg-

is. Og heldur er það dýrt »Princip«, sem kostar 60 þús. kr., og það gerir þetta. Vildi eg óska þess að háttv. þm. hafi ekki mörg þess háttar »Princip«, þau eru landinu of dýr. Furðaði mig líka á því, þegar háttv. þingmaður var með þessum líka spekingssvip að tala um húsaskattinn. Hélt hann því fram, að á húsum hvíldu vanalegast ekki meiri skuldir en svo sem svaraði $^1/_4$ af verði þeirra, og ástæðan fyrir því væri sú, að bankarnir veittu ekki meira lán. Eins og einu skuldirnar, sem hvíldu á húsum, væru bankaskuldir! Nei, því það eru líka til privatlán. Og venjulegast mun það nú vera, að hús séu veðsett fyrir því verði, sem þau eru metin, t. d. að hús, sem er virt á 10 þús. er líka veðsett fyrir 10 þús. kr. Þetta á sér að minsta kosti oft stað.

Tók eg það fram í ræðu minni í dag, að húsaskattur, sem áður næmi 2,25 kr. myndi með þessu frumvarpi nema 6 kr., en háttv. þingmaður hefir ekki veitt því athygli, og hefði hann þó hér getað lært af honum yngri þingmanni.

Annars gladdi það mig að háttv. þm. sló því föstu, að með þessu frumvarpi væri gerð að eins byrjunin ein til þess að hækka föstu skattana. Þessu hélt eg einmitt fram.

Háttv. þingmaður beindi því að mér, að það væri af því að eg væri ungur þingmaður, að eg vildi taka tillit til þjóðviljans. Skildist það á honum, að hann metti hann einskis. Ætla eg mér ekki að þrátta um það við háttv. þm., né heldur um það, sem hann sagði, að eg hefði ekkert um málið hugsað.

En út yfir tók þó, er háttv. þingmaður fór að rökstyðja sitt mál með því að kjósendur í Suður-Þingeyjarsýslu væru betur að sér og færari um að dæma landsmál en aðrir kjósendur. Er það víst af því að háttv. þingm. er búinn að vera kennari þeirra í stjórnmálum svo lengi!

**Framsögum. meiri hl. (Ólafur Briem):** Eg vildi að eins stuttlega leyfa mér að drepa á þær 6 breytingar, sem meiri hluti nefndarinnar fer fram á. Af þeim eru að eins 3 efnisbreytingar:

Fyrsta efnisbreytingin er við 1. gr. frumvarpsins, og fer fram á það, að í stað þess að eigandi samkvæmt frumvarpinu að eins getur krafist endurgjalds á $^1/_3$ skattsins af leigjanda þar til nýr samningur er gerður, þá skuli eigandi geta krafist endurgjalds á helmingi skattsins af leigjanda uns nýr samningur er gerður. Að vísu er þetta bráðabirgðaákvæði og mun nefndin íhuga það nánara síðar.

Önnur efnisbreytingin er við 2. gr. og fer fram á það, að orðin: »Enn fremur eru undanþegnar fasteignaskatti húseignir og lóðir, ítök og hlunnindi, ef þetta nemur eigi alls 300 kr. virði í eign sama manns«, falli burt.

Nefndinni fanst að það ætti að gilda ið sama bæði um hús og jarðir og því þyrfti ekki að vera að setja lágmarkið upp í 300 kr., að því er sérstaklega snertir húseignir, heldur væri rétt að miða þar við sama lágmark og við jarðeignirnar, sem sé 100 kr. Heildarinnar vegna er betra að miða við 100 kr. Taki maður t. d. fjölskyldu — mann með 4 börnum —, er á hús, sem er 1000 kr. virði, þannig að börnin eiga hvert um sig jafnan hlut í húsinu ásamt föður sínum og eign hvers barns um sig er þá 200 kr. Eftir frumvarpinu ættu þau þá ekki að greiða neinn fasteignaskatt af húsinu, en slík undanþága sýndist harla ástæðulaus og tilgangslítil.

Þriðja efnisbreytingin er við 5. gr. frumvarpsins. Í nefndri grein stendur, að fasteignaskattur skuli í tvö ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum veðkröfum

í eignum þeim, er hann hvílir á. Nefndinni finst hér helzt til langt farið og þykir nægilegt að skatturinn hafi slíkan forgangsrétt að eins í eitt ár frá gjalddaga. Annars tel eg ekki ástæðu til að fara frekar út í þetta mál að sinni.

**Bjarni Jónsson:** Svar nefndarinnar upp á spurningu mína í dag tel eg ekki fullnægt. Eg lagði þar til, að þessi ákvæði með $^1/_3$ skattsins yrði slept og í stað þess miðað við hundraðatölu. Af samtali við annan nefndarmann tel eg þetta ákvæði þarft vera, því annars verður hægt að fara í kring um lögin. Er eg því á móti 1. gr. frumvarpsins. Með því kemur fasteignaskatturinn niður á ábúendann, en yrði mín athugasemd tekin til greina, kæmi fasteignaskatturinn niður á eigandanum sjálfum. Vil eg svo ekki eyða fleiri orðum um þetta mál.

**Pétur Jónsson:** Það hefir komið fram ágreiningur út af því, hvort sá skattur, er frumvarpið ræðir um, eigi að hvíla á landsdrotni að öllu leyti eða á leiguliða að nokkru. En með þessu frv. er ekki farið fram á að lögð verði á landsmenn önnur gjöld en þau sem þeir hafa greitt áður á annan hátt. Og þau gjöld, sem létt er af jafnframt og þessi skattur kemst á, eru og hafa verið greidd af leiguliðum. Þau eru orðin hluti af jarða-afgjöldum þeirra, og hvíla því í raun réttri á jarðeignunum, eða sama sem eigandanum, þó af praktiskum ástæðum leiguliðarnir hafi greitt þau. Það er því sanngjarnt að leiguliðarnir greiði þau gjöld, sem nú koma í stað inna gömlu, eins og skattanefndin fyrverandi lagði til, á meðan þeir samningar standa, sem í gildi eru þegar breytingin kemst á. Og því síður er á þeirra hluta gert með því, að greiða helming nýja skattsins.

Vildi eg svo segja fáein orð út af ræðu háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.). Hann hefði ekki átt að tala svona hátt eins og hann gerði. Hann hefði einmitt átt að tala lágt í þessu máli. Hann vildi vefengja að áætlun mín um þinglýstar skuldir væri rétt. Eg kannast við, að sú áætlun var ekki nákvæm. En hv. 2. þm. G.-K. (Kr. D.) hefir nú upplýst, að þingl. skuldir á húsum nemi eftir skýrslunum rúml. 50 %. Nú er það marg-sagt, að þar sé alveg röng uppgjöf, því upphafleg lánsupphæð sé tekin til frádráttar. Það var því ekki fjarri sanni þó maður segði, að þær virkilegu skuldir næmu til jafnaðar $^1/_4$—$^1/_3$ af verði húsanna.

Háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) rangfærði orð mín um vilja kjósendanna. Sagði eg aldrei annað en það, að kjósendur í Suður-Þingeyjarsýslu megi takast til greina alveg eins og aðrir kjósendur. Já, og það heldur fremur í þessu máli, því þeir hafa áreiðanlega hugsað meir um það en aðrir kjósendur. Heima hefi eg annars bók eftir einn hinn mesta skattafræðing Dana, sem sannar mitt mál. Gæti eg lánað háttv. þm. hana. Sömuleiðis gæti eg lánað honum nefndarálit norskrar milliþinganefndar, þar sem beztu skattfræðingar Norðmanna sátu, sem sannar minn málstað. Fleiri bækur eftir merkustu menn í þessum efnum gæti eg vísað honum á. En reyni hann að útvega eina einustu eftir merkan mann í þessum fræðum, sem gangi í móti minni skoðun.

---

Forseti gat þess, að 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) hefði mælst til þess að atkvæðagreiðslunni um þetta mál yrði frestað til morguns, vegna þess að hann hefði ekki getað komið á fund í dag vegna lasleika. Áleit forseti, að hann gæti ekki tekið þessa beiðni til greina, vegna þess að þá yrði svo oft að draga atkvæðagreiðslur mála af sömu ástæðum.

Var því næst gengið til atkvæða.

ATKV.GR.:

Br.till. 180, 1 samþ. með 11 : 4 atkv.

Br.till. 180, 2 samþ. án atkv.gr.

1. gr. frv. þannig breytt samþ. með 13 : 11 atkv.. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Jón Jónsson |
| Einar Jónsson | Benedikt Sveinsson |
| Hannes Hafsein | Bjarni Jónsson |
| Jóh. Jóhannesson | Björn Kristjánsson |
| Jón Magnússon | Guðmundur Eggerz |
| Kristján Jónsson | Halldór Steinsson |
| Magnús Kristjánss. | Kristinn Daníelsson |
| Matthías Ólafsson | L. H. Bjarnason |
| Ólafur Briem | Skúli Thoroddsen |
| Pétur Jónsson | Valtýr Guðmundss. |
| Sigurður Sigurðsson | Þorleifur Jónsson |
| Stefán Stefánsson | |

Tryggvi Bjarnason greiddi eigi atkv., og taldist til meiri hlutans.

Br.till. 180, 3 samþ. án atkv.gr.

Br.till. 180, 4 feld með 16 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Jón Magnússon | Eggert Pálsson |
| Magnús Kristjánss. | Jón Jónsson |
| Matthías Ólafsson | Benedikt Sveinsson |
| Ólafur Briem | Bjarni Jónsson |
| Pétur Jónsson | Björn Kristjánsson |
| Sigurður Sigurðsson | Einar Jónsson |
| Stefán Stefánsson | Guðmundur Eggerz |
| Tryggvi Bjarnason | Halldór Steinsson |
| | Hannes Hafstein |
| | Jóh. Jóhannesson |
| | Kristinn Daníelsson |
| | Kristján Jónsson |
| | Lárus H. Bjarnason |
| | Skúli Thoroddsen |
| | Valtýr Guðmundss. |
| | Þorleifur Jónsson |

2. gr. frv. þannig breytt samþ. með 12 : 9 atkv.

Br.till. 180, 5 samþ. án atkv.gr.

3. gr. frv. þannig breytt samþ. með 12 : 9 atkv.

4. gr. frv. samþ. með 11 : 4 atkv.

Br.till. 180, 6 samþ. með 11 : 9 atkv.

5. gr. frv. þannig breytt samþ. með 11 : 7 atkv.

6. gr. frv. samþ. með 11 : 7 atkv.

7. gr. frumv. feld með 13 : 8 atkv.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkvæðagreiðslu.

Frumvarpinu vísað til 3. umr. með 12 : 9 atkvæðum.

---

FRUMVARP til laga um tekjuskatt (stj. frv., n. 181); 2. umr.

**Framsögum. meiri hl. (Ólafur Briem):** Það hefir verið talað um þetta mál jafnframt inu næsta á undan, svo að þess gerist líklega ekki þörf, að fara mikið út í það nú alment. Að eins vildi eg fyrir nefndarinnar hönd gera stuttlega grein fyrir br.till. á þgskj. 181. Þær eru 14 talsins, en af þeim eru 2.—6. og 11.—13. tillagan að eins orðabreytingar. Efnisbreyting er aftur á móti 1. tillagan við staflið c í 2. gr., þar sem lagt er til að slept sé undan skattskyldu landskuld af leigujörðum o. fl., svo og leigu eftir hús og lóðir. Þessi breyt.till. verður til þess að létta skattinn, og hefir nefndin orðið þess vör, að ýmsum hefir vaxið þetta í augum. En þar sem þessi skattur yrði tekinn af alveg sömu eigninni, sem annars er ætlast til að hvíli á sérstakur fasteignaskattur, þá væri þetta til þess að skatta þá sömu eign tvisvar sinnum, og þess vegna vill nefndin láta fella þetta burt úr tekjuskattslögunum.

Þá koma 2 aðrar br.till. í tölulið 7 og 8, sem báðar miða að því að auka frádrátt frá skattskyldum tekjum. Önnur

er sú, að færa upp í 100 kr. framfærslueyri fyrir heimilisómaga, en hin sú, að ekki megi einungis draga frá fyrir heimilisómaga, eins og nú er gert ráð fyrir í 3. gr. frumvarpsins, heldur og fyrir aðra skylduómaga, þótt utan heimilis séu. Þetta eykur nú talsvert frádráttinn, og í sambandi við það höfum við þess vegna lagt til að breyta 4. gr. þannig, að lágmark skattskyldra tekna sé fært úr 500 kr. niður í 300 kr. Það má vera því lægra, sem mönnum er vilnað meira í með hinum breytingunum, og það jafnar þær upp.

Önnur breyt.till. við 4. gr. fer fram á það, að tekjuframtal af landbúnaði sé miðað við almanaksár, eins og framtal á öllum öðrum tekjum samkvæmt þessu frumvarpi, en ekki við fardagaár. Það ættu ekki að verða vandkvæði á þessu, og það er meiri samkvæmni í því.

Loks er 6. efnisbreytingin, undir tölulið 14, við 11. gr. Sú grein skyldar heimilisráðendur til þess að greiða tekjuskatt fyrir heimilismenn sína gegn endurgjaldi frá þeim. Nefndin hyggur að þetta mundi geta bakað húsbændunum óþægindi, og einstöku mönnum jafnvel tilfinnanlegt fjártjón, og að óþarfi sé að leggja slíka kvöð á húsráðendur, í stað þess að láta hvern greiða skattinn fyrir sig. Hún leggur því til að 11. gr. falli burt.

Hefi eg svo ekki frekara um þetta að segja.

**Framsögum. minni hl. (Kristinn Daníelsson):** Eg skal tala örstutt. Eg vil að eins geta þess, að eins og eg hafði á móti fasteignaskattinum, eins hefi eg á móti þessu frumvarpi. Að vísu er hér nokkuð öðru máli að gegna, og ef við fáum fasteignaskattinn, þá er auðvitað sjálfsagt að samþ. þetta frumvarp.

Breyt.till. nefndarinnar eru flestar til bóta, en þó er það sannarlega of langt gengið, að teygja skattinn yfir hvern einasta atvinnurekanda, hve lítið sem hann hefir. Og hækkuniu frá því sem nú er, verður mest á þeim sem lítið eiga. Því að sá sem nú borgar ekki nema 5 kr., hækkar jafnmikið og hinn, sem borgar 175 kr.; báðir um 5 kr. Eg veit það, að hækkunin verður aftur meiri þegar komið er upp í stóru tekjurnar, yfir 8 þús. kr., en það eru fáir, sem þær hafa.

Eg mun greiða atkvæði með br.till. nefndarinnar, öllum nema einni, sem er undir 10. lið á þgskj. 181. Eg hefi mikið á móti því, að lækka lágmark skattskyldra tekna úr 500 kr. niður í 300 kr., og er þar með stjórnarfr.varpinu eins og það er.

Svo skal eg ekki orðlengja meira um þetta nú.

ATKV.GR.:

1. gr. frumvarpsins samþ. með 12 : 9 atkv.

Br.till. 181, 1 samþ. með 20 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Guðmundur Eggerz |
| Jón Jónsson | Skúli Thoroddsen |
| Benedikt Sveinsson | Valtýr Guðmundss. |
| Björn Kristjánsson | |
| Halldór Steinsson | |
| Hannes Hafstein | |
| Jóh. Jóhannesson | |
| Jón Magnússon | |
| Kristinn Daníelss. | |
| Kristján Jónsson | |
| Lárus H. Bjarnason | |
| Magnús Kristjánss. | |
| Matthías Ólafsson | |
| Ólafur Briem | |
| Pétur Jónsson | |
| Sig. Sigurðsson | |
| Stefán Stefánsson | |
| Tryggvi Bjarnason | |
| Þorleifur Jónsson | |

Einar Jónsson greiddi eigi atkvæði og

taldist til meiri hlutans. Einn þingm. ekki viðstaddur.

2. gr. frumv. þannig breytt sþ. með 11 : 7 atkv.

Breyt.till. 181, 2 samþ. með 14 shlj. atkv.

Breyt.till. 181, 3 samþ. án atkvæðagreiðslu.

Breyt.till. 181, 4 samþ. með 15 samhljóða atkv.

Breyt.till. 181, 5 samþ. án atkvæðagreiðslu.

Breyt.till. 181, 6 samþ. án atkvæðagreiðslu.

Breyt.till. 181, 7 samþ. með 19 samhljóða atkv.

Breyt.till. 181, 8 samþ. með 17 samhljóða atkv.

3. gr. frumv. þannig breytt sþ. með 12 : 7 atkv.

Breyt.till. 181, 9 samþ. með 13 samhljóða atkv.

Breyt.till. 181, 10 feld með 9 : 9 atkv.

4. gr. frumv. þannig breytt sþ. með 11 : 6 atkv.

Breyt.till. 181, 11 samþ. án atkvæðagreiðslu.

5. gr. frumv. þannig breytt sþ. með 12 : 7 atkv.

Breyt.till. 181 12 samþ. með 13 samhljóða atkv.

6. gr. frumv. þannig breytt samþ. með 12 : 7 atkv.

7. gr. samþ. með 12 : 7 atkv.

8. gr. frumv. samþ. með 11 : 4 atkv.

Breyt.till. 181, 13 samþ. án atkvæðagreiðslu.

9. gr. frumv. þannig breytt sþ. með 11 : 7 atkv.

10. gr. frumv. samþ. með 12 : 3 atkv.

Breyt.till. 181, 14, um að 11. gr. falli burt, samþ. með 14 shlj. atkv.

12. gr., sem verður 11. gr., samþ. með 12 : 6 atkv.

13. gr. feld með 12 : 8 atkv.

14. gr. sem verður 12 gr. samþ. með 12 : 5 atkv.

Fyrirsögnin samþykt án atkvæðagreiðslu.

Frumv. vísað til 3. umræðu með 12 : 7 atkvæðum.

---

FRUMVARP til laga um skattanefndir (stj.frv., n. 182); 2. umr.

**Framsögum. meiri hl. (Ólafur Briem):** Þetta frumv. er að miklu leyti samhljóða gildandi lögum, verksvið skattanefndanna er einungis gert víðtækara, þar sem þeim er falið á hendur jarðamatsstarf og virðingar á öðrum fasteignum. Að öðru leyti get eg skírskotað til nefndarálitsins.

Af þeim 23 breyt.till., sem nefndin hefir leyft sér að koma fram með, eru einar þrjár efnisbreytingar, það eru 1., 4. og 5. breyt.till. Hitt eru einungis smávægilegar orðabreytingar.

Fyrsta efnisbreytingin er sú, að yfirskattanefndir skuli ekki skipaðar ævilangt, eins og frumv. ætlast til, heldur að sama regla gildi um starfstíma þeirra og undirskattanefndanna. Að þessu þarf ekki að eyða neinum orðum.

Önnur efnisbreytingin er við 5. gr. Svo hljóðandi málsgrein er feld burtu: »Skattanefnd getur kvatt sérfróðan mann sér til aðstoðar við virðingargerðir ef þörf krefur«.

Nefndin leit svo á, að það mundi leiða af sjálfu sér, að skattanefndirnar leituðu sér nauðsynlegra upplýsinga til þess að geta leyst verk sitt sem bezt af hendi, og það gætu þær gert án þess að kveðja sérstaka menn sér til hjálpar. En ef þessi heimild stæði í lögunum, gæti það leitt til þess, að skattanefndirnar freistuðust til að yfirláta starfið öðrum, og

það mundi hafa aukakostnað í för með sér.

Þriðja efnisbreytingin er við 6. gr. og lýtur að því, að yfirskattanefndir leiti álits skattanefndar áður en þær fella úrskurð um kærur, sem kunna að koma fram út út af virðingargerðum. Frumvarpið tekur ekkert fram um þetta. Stjórnin hefir líklega litið svo á, að yfirskattanefndir mundu alt af, svo framarlega sem málið væri þeim ljóst, leita álits hlutaðeigandi skattanefndar um það, þó að það væri ekki beinlínis lagaskylda. Nefndinni fanst þó vissara að taka þetta upp í frumvarpið.

Sem sagt, þá eru efnisbreytingarnar ekki fleiri. Um orðabreytingarnar þarf eg ekki að tala.

ATKV.GR.:

1. gr. frumvarpsins sþ. með 12 : 2 atkv.

2. gr. frv. sþ. með 12 : 5 atkv.

Breyt till. 182, 1 samþ. með 12 : 2 atkv.

3. gr. frv. þannig breytt sþ. með 11 : 5 atkv.

4. gr. frv. sþ. með 11 : 3 atkv.

Breyt.till. 182, 2 samþ. án atkvæðagreiðslu.

Breyt.till. 182, 3 samþ. án atkvæðagreiðslu.

Breyt till. 182, 4 samþ. með 12 : 4 atkv.

5 gr. frv. þannig breytt sþ. með 11 : 4 atkv.

Breyt.till. 182, 5 samþ. með 14 shlj. atkv.

6. gr. frv. þannig breytt samþ. með 12 : 5 atkv.

Breyt.till. 182, 6 samþ. án atkvæðagreiðslu.

Breyt.till. 182, 7 samþ. án atkvæðagreiðslu.

Breyt.till. 182, 8 samþ. án atkvæðagreiðslu.

7. gr. frv. þannig breytt samþ. með 11 : 4 atkv.

Breyt.till. 182, 9 samþ. án atkvæðagreiðslu.

Breyt.till. 182, 10 samþ. án atkvæðagreiðslu.

8. gr. frv. þannig breytt samþ. með 11 : 4 atkv.

Breyt.till. 182, 11 samþ. án atkvæðagreiðslu.

9. gr. frv. þannig breytt samþ. með 11 : 4 atkv.

Breyt.till. 182, 12 samþ. án atkvæðagreiðslu.

Breyt.till. 182, 13 samþ. án atkvæðagreiðslu.

10. gr. frv. þannig breytt samþ. með 11 : 4 atkv.

Breyt.till. 182, 14 samþ. án atkvæðagreiðslu.

11. gr. frv. þannig breytt samþ. með 11 : 4 atkv.

12. gr. frv. samþ. með 11 : 5 atkv.

Breyt.till. 182, 15 samþ. án atkvæðagreiðslu.

Breyt.till. 182, 16 samþ. án atkvæðagreiðslu.

13. gr. frv. þannig breytt samþ. með 10 : 5 atkv.

14. gr. frv. samþ. með 11 : 5 atkv.

15. gr. frv. samþ. með 11 : 4 atkv.

Breyt.till. 182, 17 samþ. án atkvæðagreiðslu.

Breyt.till. 182, 18 samþ. án atkvæðagreiðslu.

Breyt.till. 182, 19 samþ. án atkvæðagreiðslu.

Breyt.till. 182, 20 samþ. án atkvæðagreiðslu.

16. gr. frv. þannig breytt samþ. með 11 : 3 atkv.

Breyt.till. 182, 21 samþ. án atkvæðagreiðslu.

17. gr. frv. þannig breytt samþ. með 11 : 3 atkv.

Breyt.till. 182, 22 samþ. án atkvæðagreiðslu.

Breyt.till. 182, 23 samþ. án atkvæðagreiðslu.

18. gr. frv. þannig breytt samþ. með 11 : 3 atkv.

19.—23. gr. frumv. samþ. með 11 : 4 atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 11 : 5 atkv.

4., 5., 6., 7. og 8. mál tekin út af dagskrá.

---

A fundinum var útbýtt frá Ed.:

1. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 39, 10. Nóv. 1903, um leynilegar kosningar og hlutfallskosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum. Eftir 2. umr. í Ed. (215).
2. Nefndarálit um frv. til landskiftalaga. (217).
3. Breytingartillögu við frv. til landskiftalaga. Frá nefndinni (218).

Fundi slitið.

---

## 23. fundur.

Þriðjudag 31. Júlí 1913, kl. 12 á hád.

Dagskrá:

1. Frv. til laga um járnbrautarlagning (113); 1. umr.
2. Frv. til laga um verðhækkunargjald út af járnbrautarlagningu (187); 1. umr.
3. Frv. til laga um viðauka og breyting á lögum um aðflutningsbann á áfengi nr. 44, 30. Júlí 1909 (177); 1. umr.
4. Frv. til laga um stimpilgjald (168); 1. umr.
5. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 86, 22. Nóv. 1907 (150); 1. umr.

---

Allir á fundi.

Fundargerð síðasta fundar lesin upp, samþykt og staðfest.

Forseti tilkynti, að frá Ed. hefði borist:

Frv. til laga um friðun æðarfugla (þgskj. 219) ásamt tilmælum um að það yrði lagt fyrir Nd.

Forseti tilkynti, að útbýtt hefði verið í deildinni:

1. Frv. til laga um breytingu á fátækralögum 10. Nóv. 1905. Fltm.: Jón Jónsson og Lárus H. Bjarnason (220).
2. Frv. til laga um fasteignaskatt. Eftir 2. umr. í Nd. (221).
3. Frv. til laga um friðun æðarfugla. Eftir 3. umr. í Ed. (219).
4. Breytingartillögu við frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1912 og 1913. Frá fjárlaganefndinni (225).

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið frá Ed.:

1. Breytingartillögu við frv. til laga um friðun fugla og eggja. Frá nefndinni (224).
2. Breytingartillögu við frumvarp til laga um friðun fugla og eggja. Frá Steingrími Jónssyni og Sig. Stefánssyni (226).

Forseti skýrði frá, að lagt hefði verið fram á lestrarsal:

1. Erindi frá Þorvaldi lækni Pálssyni um 2000 kr. árlegan styrk til að stunda lækningar við meltingarsjúkdómum og rita um manneldi.
2. Erindi frá Magnúsi lækni Júlíussyni, þar sem hann býður landinu þjónustu sína við rannsóknir með

Röntgeusáhöldum og sækir um styrk til að stunda lækningar við húðsjúkdómum. (4 figskj.).

3. Erindi frá 5 mönnum í Grindavík um legu væntanlegrar járnbrautar.

---

FRUMVARP til laga um járnbrautarlagningu (113); 1. umr.

**Flutningsm. (Jón Magnússon):** Á þinginu 1894 kom þetta mál, járnbrautarlagning frá Reykjavík austur yfir fjall, fyrst fram, og þá í sambandi við samgöngumál, gufuskipamálið, og var því vel tekið af mörgum, en þótti lítt undirbúið. Nú hefir það fengið mikinn undirbúning. Alþingi 1907 veitti 16.500 kr. til þess að gera nákvæmar landmælingar, er gætu orðið lagðar til grundvallar við ákvörðun járnbrautarstæðis frá Reykjavík til Þjórsár. Þetta fé var fengið herforingjaráðinu danska, er hefir í notum þess látið í té nákvæmar hæðamælingar á fjalllendinu öllu milli Reykjavíkur og Árnessýslu.

Sumarið 1908 var þessum rannsóknum lokið, og veturinn þar á eftir framkvæmdi Þorvaldur Krabbe verkfræðingur að fyrirlagi stjórnarinnar ina fyrstu rannsókn á járnbrautarleiðinni eftir landsuppdráttum og með yfirreið. Hann komst að þeirri niðurstöðu, að hentugasta leiðin væri frá Reykjavík, upp Mosfellssveit og Mosfellsdal yfir Mosfellsheiði norðast, fyrir norðan og austan Þingvallavatn niður með Sogi og vestur yfir það neðantil og svo að Ölfusárbrú. Kostnaðinn við þá braut með 1 metra sporvídd gerði hann $3^1/_2$ milíón króna. Tekjur járnbrautarinnar gerði hann í minsta lagi 100 þús. kr., rekstrarkostnaðinn jafnmikinn, og leiðir hann mikil rök að því, að járnbrautin mundi þegar í upphafi borga rekstrarkostnaðinn. Og kemst hann enn fremur að þeirri niðurstöðu, að þessa járnbraut verði endilega að leggja, og að þetta sé heilbrigt fyrirtæki og gott.

Segir Krabbe verkfræðingur, að menn þó ekki megi vænta vaxta í fyrstunni, en kveðst samt ekki vera í neinum efa um, að þeir muni koma og það mjög bráðlega, og jafnvel þó þeir fengjust ekki, þá væri engu að síður réttmætt að leggja brautina. Bendir hann til Noregs, þar er margar brautir séu reknar með skaða, jafnvel alt að 2% af lagningarkostnaðinum, og að meðaltals sé þar (1904—'05) ágóðinn af lagningarkostnaðinum 1,6%, og þó séu þar alt af lagðar nýjar brautir. Yfirleitt sé það engin algeng eða ófrávíkjanleg krafa, að járnbrautin svari fullum vöxtum af lagningarkostnaðinum, fáist ágóði af rekstrinum, sé það alment talið gott. Sú verðhækkun á eignum, sem brautinni fylgi, sú framleiðsluaukning, sem hún skapi með því að opna leið fyrir kraftmeiri og betri atvinnurekstri en ella, aukin velliðan og þægindi hjá mönnum á því svæði, sem brautin liggi um, og svo aukið þol til skattgjalds, sem þessum framförum fylgi, alt þetta vegi fyrir landið í heild sinni fullkomlega á móti því fé, sem fram þurfi að leggja.

Á hinn bóginn viðurkennir hann, að peningavextir borgist ekki með velliðan eða von um gróða, og ættu vextirnir að borgast í peningum þegar í stað af viðkomandi sýslufélögum, þá yrði víst lengi að bíða. Aðra leið verði að finna, og hún sé sú, að landssjóður leggi fram vextina og nái þeim síðan á einhvern hátt, og séu til þess hugsanlegar skattaálögur á verðhækkun eigna, er teknar hafi verið upp á síðari árum erlendis, og gefist hafi þar vel við járnbrautarlagningar. Meginástæðan, sem þar sé bygt á, sé sú, að verðhækkun af fasteignum, sem skapist af fyrirtækinu, er

kostað sé fé til af því opinbera, án þess að eigendur fasteignanna leggi til þess hlutfallslega vinnu eða annað, eigi ekki að renna að öllu leyti til fasteignanna, heldur eigi einhver hluti af þeim að renna til þess opinbera með sérstökum skatti. Þetta sé aðferð, sem nota mætti af landssjóði til þess að fá fé sitt aftur.

Árið 1911 veitti Alþingi 3000 kr. til framhalds rannsóknanna á járnbrautarstæði frá Reykjavík austur í Árness- og Rangárvallasýslu Fól stjórnarráðið landsverkfræðingnum, Jóni Þorlákssyni, að sjá um rannsókn þessa; var síðan Þórarinn Kristjánsson verkfræðingur ráðinn til að gera mælingar, þær sem nauðsynlegar voru, og vann hann að því við 5. mann síðastliðið sumar, og síðan reiknaði hann jarðvinnuna við undirbyggingu brautar frá Reykjavík að Hvítá og gerði uppdrátt af undirbyggingunni. Umsjón með vinnu þessari hafði landsverkfræðingurinn, er síðan hefir rannsakað mál þetta frekar bæði utan lands og innan, og hefir hann í skýrslu til stjórnarráðsins lagt fram árangurinn af öllum rannsóknunum. Skýrslu þessa hafa háttv. þingm. fengið og leyfi eg mér yfirleitt að vísa til hennar.

Rannsóknir þeirra Þórarins Kristjánssonar og Jóns Þorlákssonar hafa ekki breytt þeirri niðurstöðu, sem Krabbe hafði komist að um legu brautarinnar, í neinum verulegum atriðum á kaflanum frá Reykjavík austur á móts við Búrfell í Grímsnesi. Þaðan telur skýrsla Jóns Þorlákssonar um fleiri leiðir að velja, með því að brautin er þá komin niður á Suðurlandsundirlendið, og má því landslagsins vegna halda henni áfram í hvaða átt, sem vill. Er talað um línu suður Grímsnesið vestanvert, suður að Hvítá á Öndverðarnesferju, þar er sé allgott brúarstæði.

Fult svo álitlega telur Jón Þorláksson þá leið, sem Krabbe hefir valið, sem sé að fara vestur yfir sogið suður Grafning og Ölfus að Ölfusárbrú; kæmi þá ný brú yfir Ölfusá og framhald brautarinnar nálægt veginum austur að Þjórsárbrú, og við þá leið eru áætlanir Jóns Þorlákssonar miðaðar. Þessi leið hefir ekki verið hallamæld lengra austur, en að inni fyrirhuguðu brú yfir Sogið, en sá kafli leiðarinnar, sem þá er eftir, er svo sléttlendur, að Jón Þorláksson telur ekki nauðsynlegt að hallamæla hann til að fá nokkurn veginn ábyggilega áætlun um kostnað við undirbyggingu brautar þar. Sama er að segja um eystri leiðina. Áætlun hans um stofnkostnað brautarinnar frá Reykjavík austur að Þjórsá með hliðarálmum til Eyrarbakka, sem eg hygg eftir öllum atvikum megi telja sjálfsagða, nemur alls 3,800,000 kr. Þessi áætlun virðist öll svo gætileg, að eg tel óhætt á henni að byggja, enda er Jón Þorláksson reyndur að vera svo varfærinn í öllum áætlunum sínum, að þeim megi treysta. Þá hefir hann rannsakað, eftir því sem föng eru til, flutninga og mannaferðir á því svæði, er járnbrautin á um að fara, og byggir hann á þeim áætlanir sínar um notkun brautarinnar. Eftir þeim áætlunum hans mundi brautin þegar fyrstu árin, þegar í byrjun gera meira en að borga rekstur sinn og viðhald.

Hann gerir ráð fyrir, að afgangs verði rekstrar og viðhalds-kostnaði þegar í byrjun 25,600 kr. á ári. Og með tímanum, þegar menn eru búnir að koma atvinnuvegum sínum í samræmi við þær breyttu kringumstæður, sem brautin skapar, þá gerir hann ráð fyrir tekjuafgangi, sem svarar 6,1% af stofnkostn-

aðinum og tekur hann þá ekki Eyrarbakkaálmuna með. Þetta er, eins og hann tekur fram, engin fjarstæða, heldur að því er bezt getur orðið séð, mjög ábyggileg áætlun, ekki einungis hvað snertir áætlunina um, hvernig brautin muni bera sig fyrst, sem sýnist lítt mótmælanlegt, heldur og um líkindi til, hvernig hún muni bera sig í framtíðinni. Um gagn, það sem suðurlandsundirlendið og Reykjavík mundu hafa af brautinni, talar Jón Þorlákssón sama sem ekkert. Þar er að eins bent til þess, hve mikið gagn hafi verið í Noregi að brautinni á Jaðrinum, þar sem eignir sveitanna eru taldar að hafa ferfaldast á fyrstu 25 árum hennar, og virðist þessi braut ekki hafa verið eins líkleg til gagns eins og sú er hér er um að ræða. En hann hefir á öðrum stað, rétt á eftir að álit Krabbe og rannsóknir urðu kunnar, látið uppi stuttlega álit sitt um þá hlið málsins, og vil eg með leyfi hæstv. forseta leyfa mér að lesa það upp.

Hann segir svo:

»Gagnið, sem járnbrautin mundi gera, liggur hverjum manni í augum uppi, sem nokkuð þekkir til þess, hvað járnbrautir hafa gert annarsstaðar í heiminum.

Hér hagar einmitt óvenjulega álitlega til. Við annan enda brautarinnar liggur Reykjavík, höfuðstaður landsins, með 11 þúsund íbúum (1909) og alveg takmarkalausum vaxtamöguleikum, atvinnuvegur bæjarins, fiskiveiðarnar, ótæmandi, gæti auðvitað eins framfleytt 100 þúsundum eins og 11 þús. manna, upplendi bæjarins nú svo hrjóstugt og svo lítið, að það getur ekki framleitt nándar-nógu miklar landbúnaðarafurðir (kjöt, smjör, mjólk, egg, jarðávöxt) handa þeim 11 þús., sem nú eru hér, hvað þá handa fleirum. Verð á þessu þar af leiðandi svo hátt (nema á kjöti eina tvo mánuði árlega) að fátæklingar verða að neita sér um það, og lifa eingöngu á útlendi fæðu auk fisksins, þegar hann fæst. En við hinn enda járnbrautarinnar liggja beztu landbúnaðarhéruð landsins, ámóta mannmörg nú og Reykjavík, óyrkt að mestu og gætu efalaust framfleytt tífalt fleira fólki en nú er þar, ef ekki stæði það *eitt* í vegi, að greiðan markað vantar einmitt fyrir þær sömu afurðir, sem skortur er á í Reykjavík, og milli þessara stöðva liggur að eins einn lítilfjörlegur fjallvegur, sem getur naumast fjallvegur heitið, ef valin er bezta leiðin yfir hann, grasi vaxinn þar og bygður alla leið«.

Mér hefir þótt ástæða til þess að skýra ekki einungis nokkuð frá rannsókn málsins, þótt þess hafi ekki gerst mikil þörf, því að þar um segir skýrsla Jóns Þorlákssonar auðvitað mikið nánara; en mér virðst auðsætt að einnig verði að leggja afar-mikla áherzlu á álit þeirra tveggja manna, sem mest hafa það rannsakað, og mér er óhætt að segja, hafa mest vit á þessu allra hérlendra manna um heilbrigði fyrirtækisins og nauðsyn. Þessir menn báðir eru engir angurgapar, heldur eru þeir reyndir að athygli og varfærni, yfir höfuð að því að vera mjög ábyggilegir menn. Eg fyrir mitt leyti þori vel að treysta dómi þeirra um þetta efni.

Það virðist þá auðsætt, eftir því sem að framan er sagt, að fyrirtækið mundi vinna ið mesta gagn Suðurlandsundirlendinu, sem nú má heita hafnlaust, en flyttist alt svo að segja fast að Reykjavíkurhöfn, því að auðvitað yrði brautin til Þjórsár að eins byrjun, hún yrði mjög brátt lengd austur eftir, auk þess sem sjálfsagt kæmu fleiri hliðarbrautir. Þetta fyrirtæki myndi ryðja braut inum afar-miklu ónotuðu framleiðslumögu-

leikum Suðurlandsundirlendisins. Eg skal að eins nefna það, að þá, og þá fyrst, gæti orðið visssa fyrir verulegu gagni að Flóaáveitunni fyrirhuguðu.

Um þýðing fyrirtækisins fyrir Reykjavík þarf ekki að fjölyrða; fyrir utan það sem Jón Þorláksson segir um það, má nefna höfnina hér og það hve afarmikla þýðing braut austur hefir fyrir það fyrirtæki. Það hafa jafnvel sumir sagt, að brautin austur væri skilyrði fyrir því að Reykjavík geti risið undir kostnaðinum við höfnina. Samt eru það aðallega sveitirnar, landbúnaðurinn, sem hér verður fyrir augum manna og gagn hans af brautinni.

Síðan eg heyrði fyrst um ráðagerðir manna um járnbraut austur, úti í Vestmannaeyjum 1894, hefi eg trúað á það mál. Trúað því, að þar væri byrjunin til inna mestu og blessunarríkustu framfara fyrir þetta land. Eg segi byrjunin, því að eg er sannfærður um, að járnbrautir ættu að koma víðar hér á landi, þótt hvergi sé skilyrðin eins góð og á Suðurlandsundirlendinu. Ef ekki væri tiltækilegt að hafa járnbraut einu sinni úr Reykjavík og austur í Rangárvallasýslu, um bezta hluta landsins og fjölbygðasta, þá verður manni að efast um, að þetta land sé byggilegt, þá myndi traust mitt og trú á framtíð landsins veikjast. En það er trúa mín, að þá mundi það fyrst sjást, hve gott landið er, landið — ekki einungis sjórinn — þegar við færum að leggja um það járnbrautir.

Fyrir mínum augum er það svo, að það hljóti að fara saman trú manna á landið og fylgi manna með þessu fyrirtæki. Eins og hér háttar til, mun varla vera að vænta þess, að fyrirtækið geti komist á, nema landssjóður beri það uppi á einhvern hátt. Þá kemur þegar fram sú mótbára, að ekki sé rétt að skatta alt landið fyrir lítinn hluta þess, þótt fyrirtækið sé gott. Þar til er því að svara, að fyrirtækið kæmi að beinum notum fyrir allmikinn hluta landsmanna, $^1/_4$ eða meira Ef það er auðsætt, að fyrirtækið er afaráríðandi fyrir svo mikinn fjölda, þá er landið í heild sinni skylt að hlaupa undir baggann. Einhverstaðar verður að byrja, og landssjóður getur ekki séð Suðurlandsundirlendinu fyrir viðunanlegum samgöngum á annan hátt. Byggja má á því, að landssjóður fái óbeint endurgoldið framlag sitt með auknum sköttum og tollum, og beint með verðhækkunartolli, ef hann þykir tiltækilegur, sem eg tel vera. Eg efast reyndar ekki um það, að járnbraut mundi, meðan hún væri ekki nema á Suðurlandsundirlendinu, vera talin eftir stundum, en þegar járnbrautir væru komnar víðar, mundi fara eins og nú um vegina og brýrnar, að þær þættu sjálfsagðar, og sjálfsagðastar á Suðurlandsundirlendinu.

Það hefir verið bent aðallega á tvær leiðir, til að koma þessu fyrirtæki í verk; annaðhvort að landssjóður tæki það alveg að sér og fengi til þess lán, eða að eitthvert privatfélag tæki sér fyrir hendur að koma því á gegn tryggingu frá landssjóði.

Eg hygg að verkfræðingarnir Jón Þorláksson og Krabbe hafi haft það helzt fyrir augum, að landssjóður legði járnbrautina, og það væri að sumu leyti einlægast, en það mundi verða honum ennn miklu meiri byrði á fyrstu árunum.

Fyrir utan áhættuna á rekstrarkostnaðinum, sem alt af reynist meiri hjá því opinbera en hjá privatfélagi, yrði landssjóður að greiða í vöxtu og afborganir af láni, sem varla fengist nema til langs tíma, hátt á 4. hundrað þús. kr. Þess vegna eru margir þeirrar skoðunar, að hin leiðin sé heppilegri, að lands-

sjóður taki heldur ábyrgðina á fyrirtækinu gagnvart privatfélagi með því skilyrði þó, að hann geti tekið járnbrautina af því, nærri hvenær sem honum lízt, og skal eg í þessu sambandi geta þess, að 10 ára tíminn er settur hér af handahófi. Eg hefi heyrt, að ýmsum þyki þeir kostir, sem frumv. gerir ráð fyrir, óaðgengilegir. Þar til er því að svara, að peningar eru dýrir um þessir mundir og því miður engin líkindi til þess að þeir muni falla í verði nú um fyrirsjáanlegan tíma.

Frumvarp þetta, sem fram er komið með ráði hæstv. ráðherra, eftir undirbúningi hans að miklu, er fram komið nú vegna þess, að líkindi eru til þess að fé verði hægt að fá í útlöndum til fyrirtækisins, og mun væntanlegri nefnd verða nánar skýrt frá því; getur vel verið — ef háttvirt deild annars vill sinna málinu — að hægt verði að semja um einhverjar breytingar á kjörunum, svo að þau þyki aðgengilegri, t. a. m. um að vaxtatryggingin þurfi ekki að vera í 75 ár, að landssjóður geti tekið járnbrautina fyr en eftir 10 ár, en eg hygg enga von til þess að geta fengið féð, ef ekki eru trygðir 5% vextir af því, ef ekki er trygð afborgun af láninu. Að sjálfsögðu tekur nefnd, er skipuð verður í málið, það til athugunar, hvort landið ekki skuli sjálft taka verkið að sér. En hvað sem öðru líður, verður þingið að gera eitthvað í málinu. Oss liggur lífið á að gera eitthvað fyrir landið einmitt nú þegar fólkið virðist ætla að fara að streyma úr því vestur um haf. Þar er nú auðsæ hætta á ferðum. Vaxandi heimsóknir vestanmanna æra upp löngunina til að fara vestur, þangað er þeir heyra um þægindin miklu og gróðavonina.

Eg leyfi mér svo að lokum að stinga upp á, að sett verði 5 manna nefnd í málið.

**Valtýr Guðmundsson:** Eg get ekki annað en látið í ljós gleði mína yfir því, að þetta frumvarp skuli fram komið hér í deildinni. Fyrir 19 árum lá þetta mál fyrir þinginu og tilboð um brautarlagningu, sem var svo gott, að það mundi vera gleypt við því, væri það fram komið nú. Ef því hefði verið tekið 1894, væru aðrar horfur í landinu og miklu betri en nú; en þá var fáfræðin svo mikil, að tilboðinu þá var ekki sint. Nú eru hugir manna farnir að breytast mikið til batnaðar.

Eg er samdóma háttv. þm. Vestm. (J. M.) um flest, sem hann sagði. Brautin hefir að mínu áliti svo mikla þýðingu, að undir henni er að miklu leyti ræktun landsins komin og tilvera Íslendinga sem »Kultur«-þjóð. Landið er of stórt til þessa að samgöngur á sjó nægi því að fullu; það kemst fyrst í gott horf, þegar járnbrautir eru lagðar um það, og verði ekki hægt að koma á járnbrautum hér, vegna þess að þær borgi sig ekki, liggur nærri að efast um að landið sé byggilegt. Mín trú er, að þá fyrst komi í ljós, hve gott landið er. Mér virðist að saman eigi að fara trú á þetta fyrirtæki og framtíð landsins.

Hins vegar er eg ekki alveg samdóma háttv. þm. (J. M.) um, hvar brautin eigi að liggja; mér virðist nauðsynin einna mest fyrir járnbraut til Norðurlandsins. Hér á Suðurlandsundirlendinu eru nú komnir góðir vegir víðast hvar og skamt frá bæjum til þeirra allvíðast, og eru þeir vel færir fyrir mótorvagna, og svo liggja þessar sýslur tiltölulega nærri Reykjavík. Þessu er alt öðru vísi farið með Norðurland, þar geta t. d. ekki þrifist smjörbú vegna samgönguleysis. Af sögu landsins er líka hægt að sjá, að landið getur alveg lokast af ís fyrir skipagöngur, og þó að við höfum nú um tíma verið lausir við þann vágest, þá getur hann komið aft-

ur þegar minst vonum varir. Járnbraut um Norðurland gerir tiltölulega meira gagn heldur en hér sunnanlands, því að hún getur haldið uppi samgöngum, þó að allar hafnir séu lokaðar af ís. Hér við Faxaflóa kemur aldrei ís, og þess vegna finst mér auðsætt, að járnbraut ætti fyrst að koma milli Norðurlands og Faxaflóa, því að þá yrði ísinn aldrei til hindrunar.

Hér er farið fram á, að einkaleyfistíminn sé 75 ár, en í frumvarpinu 1894 var tíminn að eins 30 ár. Í frv. 1894 var landssjóði gert árlegt tillag, ákveðið og lágt, 50 þús. kr., og í sambandi við það 50 þús. kr. til þess að haldið yrði uppi góðum og stöðugum ferðum milli Englands og Íslands og strandferðum. En eftir þessu frv. er ekki nóg með það, að tíminn er 45 árum lengri, heldur eru og kjörin stórum verri en eftir frumv. 1894. Eftir þessu frumv. er landssjóði ætlað að ábyrgjast félaginu 5 % af stofnkostnaðinum og ½ % að auki í varasjóð, auk rekstrarkostnaðarins, sem landssjóði er ætlað að ábyrgjast að svo miklu leyti sem tekjur brautarinnar hrökkva ekki til. Stofnkostnaðurinn vitum vér ekki hver verða muni. Raunar hefir landsverkfræðingurinn gert þar um áætlun og talið kostnaðinn mundu verða 3 miliónir og 500 þús. kr., auk hliðarálmu niður á Eyrarbakka, sem hann ráðgerir, að kosta muni 300 þús. kr. Þótt þessi maður sé fagfróður og ábyggilegur, þá hygg eg eftir reynslu vorri um áætlanir, að varlegra sé að áætla stofnkostnaðinn 200 þús. kr. hærra, eða alls að minsta kosti 4 miliónir kr., er kemur líka betur heim við frumvarpið frá 1894. 5½ % af 4 miliónum kr. eru 220 þús. kr. Sá kostnaður legst á landssjóð, að svo miklu leyti og svo lengi sem brautin ber sig ekki. En auk þess legst líka á landssjóð rekstrar- og viðhalds-kostnaður brautarinnar, en hve mikill hann muni verða, vitum við ekki. Það er ekki nóg með þenna mun á þessu frv. og frumv. 1894. Í frumvarpinu 1894 var félaginu ætlað að kaupa alt land undir brautina og hús hennar, fyrir fult verð og greiða skaðabætur fyrir jarðrask. En eftir þessu frumv. er félagið losað við það. Landssjóði er ekki ætlað að borga það, heldur landsmönnum, eða réttara sagt sveitarfélögunum, þeirra sveita sem brautin liggur um. Þetta gerir kjörin enn óaðgengilegri. Og þar við bætist, að sveitarfélögin hafa alls ekki verið spurð um þetta. Það tel eg fullkomið gerræði. Hér er um að ræða beint tillag frá sveitarfélögunum. Og þótt ef til vill rétt væri að krefjast tillaga frá þeim, þá álít eg þó ekki hægt með lögum að leggja á þau tillög, án þess að þau séu að spurð fyrst. En hins vegar, ef vaknaður er áhugi og skilningur fyrir þýðingu járnbrauta, þá þykir mér ekki ólíklegt, að sveitarfélögin veiti samþykki sitt til þessa ákvæðis.

Enn fremur er félaginu ætlað fult skattfrelsi og tollfrelsi í 75 ár, og svo langt er gengið, að ef félagið kaupir eitthvað hér, meðan vörutollurinn er, þá á að endurgreiða félaginu verðmuninn á því sem þegar er inn flutt. Það er mikið, að félaginu skuli ekki vera veitt undanþága frá bannlögunum og heimilað að selja áfengi á brautarstöðvunum!

Enn fremur er félaginu heimilað að setja upp síma og selja hverjum sem hafa vill flutning símskeyta bæði með ritsíma og talsíma og keppa þannig við landsímann. Það er ekki lítils vert og getur dregið drjúgan skilding frá landssjóði.

Þá á að sleppa félaginu hjá girðingarkostnaði. Það getur verið, að girðinga þurfi ekki alstaðar, svo að eg skal ekki frekara segja um það.

Enn fremur fær félagið forgangsrétt til að leggja aðrar járnbrautir í 75 ár. Eg álít það nokkuð varhugavert, þótt nokkuð svipað væri í frumvarpinu 1894, en bæði er það aðgætandi, að timinn var styttri eftir því frumv. og svo stóð til, að leyfið væri þá veitt til að leggja líka braut beint norður til Eyjafjarðar.

Það, sem eg hefi sérsaklega að athuga við þetta frv., er það, að áhættan lendir öll á landssjóði, en engin á félaginu. Félagið getur engu tapað. Ef það aftur í móti græðir, þá fær landssjóður engan hluta af því. Eg verð að segja það, að mér er óskiljanlegt, að ekki megi fá aðgengilegri kjör en þetta. Eg álít miklu betra, að landið sjálft taki að sér járnbrautina, heldur en að ganga að þessum kjörum, þá yrði bæði áhættan og gróðinn á sömu hendi, en eftir þessu frumv. er sitt á hvorri hendi: gróðinn hjá félaginu, en áhættan hjá landssjóði. Þó er eg ragur við, að landið taki að sér járnbrautir. En betra er það samt en þetta. Eg skil ekki annað en hægt væri að fá betri tilboð. Það er líkt og um lánin, sem landssjóður hefir tekið á undanförnum árum. Alt af hefir verið leitað til Kaupmannahafnar, en hvergi annarstaðar reynt að fá þau, og er eg þó í engum vafa um, að vel hefði mátt fá betri kjör annarstaðar. 1894 lá tilboð fyrir frá Englandi. Þá sagði konungsfulltrúi, landshöfðinginn, að félagið væri ófætt, þótt stofnendurnir væru kunnir. En hér er hvorttveggja ófætt.

Eg get ekki látið vera að minnast á einstök atriði frumvarpsins við þessa umr., sem sum eru mjög varhugaverð, t. d. það, að stjórnarráðið ákveði lagningarkostnað fyrir hvern km. Þetta er mjög óheppilegt og óhyggilegt. Stjórnarráðið reynir að hafa kostnaðinn sem lægstan vegna landssjóðs, og getur þá svo farið, að járnbrautin verði illa gerð, og alt lendi síðan á landssjóði. Félagið sjálft er óhult, hvernig sem fer, því að landssjóður borgar brúsann. Eg álít það líka varhugavert, að stjórn járnbrautarinnar sé svift valdi til að ákveða fargjöld og flutningsgjöld, og að það sé falið 5 manna nefnd, sem stendur fyrir utan járnrautina; því þá er hætt við, að of mjög yrði farið eftir miður sanngjörnum kröfum um lág flutningsgjöld, en þetta gerir félaginu ekkert, því landssjóður borgar allan tekjuhallann. En þessa gerist ekki þörf. Almenningur lætur vera að nota brautina, ef of hátt er farið í fargjöldum og flutningsgjöldum. Það er stjórn brautarinnar, sem hefir bezt vit á að ákveða þetta, og mundi fljótt sjá, ef út í hófleysu færi, yrði brautin minna notuð; hún yrði neydd til að haga sér eftir eftirspurninni. Enn er um lestaferðir. Í frumv. 1894 var áskilið, hve margar ferðir farnar væru á viku, á hverjum árstíma. Hér er ekkert þvílíkt ákvæði. Og yfirleitt er svo að sjá sem engar skyldur séu félaginu á herðar lagðar; allar skyldurnar hvíla á landssjóði. Eg sé hér ákvæði um það, að að eins skuli brúka innlent verkafólk. Það getur verið ofboð fallegt að ætla vinnuna að eins innlendum. En vinnan getur í byrjuninni orðið dýrari og verr unnin, meðan menn kunna ekki til hennar. Það var annað hljóð í strokknum 1894; það var ein aðalástæða andmælanda frumv. þá, að það dragi verkakraftinn frá landbúnaðinum og sjávarútveginum. Eg man það enn, hve sumir bændur hömuðust út úr þessu. Eg fyrir mitt leyti tel sjálfsagt, að innlendir menn njóti vinnunnar, eftir því sem við verður komið, en eg kann ekki við að einskorða það ákvæði, því að vitanlega verður að fá eitthvað af útlendingum til vinnunnar, meðan Íslendingar eru að læra hana. Alveg vantar ákvæði um það, að verkið skuli

fullgert innan ákveðins tíma. Um það var ákvæði í frumv. 1894, og þætti mér slíkt ákvæði viðkunnanlegra.

Þær einu tekjur, sem eg sé landssjóði ætlaðar, eru gjöldin fyrir verðhækkun landsins. Svo sýnist sem flutningsmenn geri ráð fyrir, að þær tekjur verði miklar, sbr. orðin: »verðhækkunargjaldið skal fyrst og fremst ganga til að endurgreiða landssjóði« o. s. frv. Mér þykir mjög ólíklegt, að verðhækkunartekjurnar verði svo miklar, þegar litið er til þess, að landssjóði eru að eins ætlaðar 2% af verðhækkun landsins. Mér þykir það gjald of lágt sett; það ætti að vera 10% eða jafnvel 50%, því að þess ber að gæta, að landeigandi hefir hér ekkert til lagt. Eg skal játa það, að eg geri mér miklar vonir um verðhækkun landsins fram með brautinni. En bæði er það, að fyrst í stað mundi verðið ekki breytast nema næst brautinni, og í annan stað er brautin fyrirhuguð mestmegnis um óbygðir, þangað til komið er austur í Árnessýslu. Eg veit ekki, um hve margar jarðir þar brautin kynni að liggja, en ef þær yrðu að eins 15, eins og eg heyri sagt, þá má ekki gera ráð fyrir miklum tekjum af verðhækkun, ef landssjóði eru að eins ætlaðar 2% af henni.

Eg skil það vel, að Reykvíkingum sé það áhugamál, að járnbrautin komist á, því að það er víst satt, að Reykjavík er brautin lífsspursmál, ef höfnin á ekki að sliga bæinn. Það var aldrei vit í því að leggja út í svo dýra hafnargerð. Eina ráðið til þess að frelsa bæinn er sjálfsagt járnbraut. Eg vil leggja lið til að hjálpa bænum, en eg verð þó að taka mér í munn orð Franklíns og segja, að hljóðpípuna má kaupa of dýrt. Og hér virðist mér satt að segja hljóðpípan í dýrara lagi. Eg vil þó ekki segja, að eg sé andvígur þessu frumv., þvert á móti, eg ber velvild til málsins og vil láta athuga það sem bezt, og þó að eg geri ekki ráð fyrir, að það nái fram að ganga nú, þá getur við nánari athugun fengist góður grundvöllur til að byggja á. Enn álít eg lífsspursmál fyrir oss, að vér höldum áfram og hættum ekki fyr en vér höfum fengið járnbraut.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Eg tek til máls til þess að láta í ljós gleði mína yfir því, að þetta mál er komið fyrir þingið. Eg lít svo á, að það hefði átt að vera komið löngu fyr. Þetta mál hefir einu sinni áður legið fyrir þinginu; þá var eg ekki þingmaður og ekki hérlendis, átti heima í annari heimsálfu. En eg fylgdi þá með mikilli athygli því sem þá gerðist hér í því máli, og það varð mér hvöt til þess að veita járnbrautum eftirtekt. Einkanlega leiddist athygli mín að þeim brautum, sem stuttar voru og í fljótu bragði þóttu ólíklegar til að bera sig. Eg komst þá að raun um, að járnbrautir um lítt bygð lönd, þar sem verri skilyrði voru fyrir hendi en hér er um að ræða, blessuðust, og blessuðust vel.

Háttv. framsögum. (J. M.) og háttv. þm. Sfjk. (V. G.) hafa talað mikið um það, hver nytsemd væri að þessari fyrirhuguðu járnbraut fyrir Suðurlandsundirlendið og Reykjavík, og háttv. þingm. Sfjk, taldi járnbraut beint lífsskilyrði fyrir Reykjavík vegna hafnargerðarinnar. Eg held að höfnin muni bera sig, *þó að* engin járnbraut komi, og sé járnbrautin því ekki *lífs*-skilyrði fyrir höfnina; en vafalaust verður járnbraut henni þörf og mjög nytsöm fyrir Suðurland; eg játa *það*; en eg álít, að hún sé *engu síður* — jafnvel *miklu fremur* — nytsöm fyrir *landið* í heild sinni. Járnbrautarmálið er í mínum augum prófsteinn fyrir trú manna á landið. Það ríður á því, að atvinnuvegir vorir aukist og margfaldist og fólksfjöldinn aukist og margfaldist. Vér tölum svo margt

um sjálfstæði landsins; en hvað gerum við til þess að lyfta landinu, auka atvinnuvegi og fjölmenni?

Háttv. framsögum. (J. M.) hélt því fram, að á Suðurlandsundirlendinu gætu lifað 100 þús. manns. Eg hefi þá trú, að þar gætu lifað **250 þús.** manns, eins vel og 85 þúsund geta nú lifað á öllu Íslandi, þegar landið er komið í þá rækt, sem jörðin er móttækileg fyrir. Vitanlega verður slíkt ekki á fám árum. En það *verður*. Þessi spádómur mun rætast, þótt langt verði að bíða:

»Skáldið hnígur og margir í moldu
með honum búa — en *þessu trúið!*«.

Það gagn, sem sveitirnar hafa af þessu, er, svo mikið sem það þó verður, að mínu áliti hverfandi í samanburði við hitt gagnið, sem *alt landið* mun til frambúðar við það hafa, að fólkinu stórfjölgar og framleiðsla landsmanna eykst.

Það hefir verið sagt, að þetta muni ef til vill verða gróðafyrirtæki og þess vegna sé nauðsynlegt að reisa skorður við því, að félagið beri alt of mikið úr býtum. Við það er eg ekki svo hræddur; því að eg skal játa, að eg býst alls ekki við, að þetta verði gróðafyrirtæki — beinlínis, eða fyrir þá sem brautina leggja og reka, þótt óbeini gróðinn fyrir landið verði gífurlegur. Eg hefi fyrir mér orð Jóns Þorlákssonar verkfræðings í því efni, þar sem eg hefi heyrt hann segja, að í öllum Noregi, þar sem landslagi háttar mjög líkt og hjá okkur og þó er margfalt fólksfleiri, sé að eins ein járnbraut, sem borgi meira en rekstrar og viðhalds kostnað — þ. e. gefi *nokkurn* ágóða *beinlínis*. Eg hefi jafnvel fyrir satt, að það sé ekki meira en 3 brautir eða 4, sem borga rekstrarkostnað þar í landi. Og þó kosta Norðmenn árlega milíónum til nýrra brauta. Af hverju? Af því að reynslan hefir sýnt þeim, hve ómetanlegan *arð* brautirnar gera *þjóðinni* óbeinlínis.

Eg teldi gott, ef þessi braut gæti borgað, þó ekki væri næma rekstrarkostnað, hvað þá heldur ef hún bæri líka viðhaldskostnað. Því að landssjóður getur grætt óðruvís en beina vöxtu af framlögðu fé. Hann getur óbeinlínis grætt miklu meira og stórfeldara — við það að þjóðinni fjölgar, framleiðslan eykst að miklum mun og fólkið verður efnaðra og öflugra. Þessir vextir verða mikið meiri en nokkur procent af því, sem lagt er til fyrirtækisins.

Háttv. þingm. Sfjk. (V. G.) þótti það óaðgengilegt, að sveitirnar, sem brautin á að liggja um, eiga að bera nokkuð af kostnaðinum. *(Valtýr Guðmundsson:* þetta er misskilningur. Eg sagði einmitt, að mér virtist oflítið af honum lagt á sveitirnar). Þá bið eg hv. þm. afsökunar. Það er ekki nema sjálfsagt að þegar landið leggur fram fé til fyrirtækis, sem stendur til þjóðþrifa, að þær sveitir, sem fá fyrstan og mestan arðinn af því, leggi eitthvað af mörkum. Eg er sannfærður um það, að þegar þetta fyrirtæki er komið á laggirnar, þá fáum við það, sem við einmitt þörfnust mest, þ. e. innflutning fólks í landið í staðinn fyrir útflutning. Mér er kunnugt um það, að marga landa vora, sem búa vestan hafs og líður þar sæmilega vel, langar til að koma heim, **ef** þeir gætu lifað hér nokkurn veginn eins góðu lífi. Og eg er þess fullviss, að þeir mundu koma, ef við fengjum járnbraut, því að þá væri hægt að búa hér eins góðu búi og þar. Við heyrum oft talað um stór-auðmenn meðal landa vorra vestan hafs. En *þeir* menn hafa ekki grætt peninga sína á búskap, þótt margir hafi orðið stórvel efnaðir á honum, heldur inni í bæjunum. Á búskap er auðið að græða alveg eins mikið hér, ef eins vel er í hendurnar á mönnum búið. Eg á hér ekki við, að alt eigi

að verða tóm rjómabú, heldur hygg eg að kjötframleiðslan eigi að verða aðalframleiðsla landbúskapar vors.

Mér dettur ekki í hug að vera að gylla mál mitt með því, að strax muni verða lögð næstu árin járnbraut til Norðurlandsins til þess að verja okkur fyrir hallærum. Eg legg nú ekki mikið upp úr þessum hallæriskrákum, sem krúnka hæst, á þingi og utan þings, af því að þær hafa aldrei lesið rétt sögu okkar Íslendinga. Hér á landi hefir aldrei orðið mannfellir af hallærum *sakir hafíss*. Það væri misskilningur á orðinu hallæri, að segja það. Hallæri er það, er framleiðsla landsins verður svo lítil, að afurðirnar geta ekki fætt íbúa þess, en ekki hitt, að fleiri eða færri menn verði matarlausir og jafnvel deyi úr hungri, þó að næg matbjörg sé til í landinu til að fæða alla. Þegar menn sultu hér og dóu úr hungri á *isárum*, þá var það ekki af því að framleiðslan væri of lítill eða matbjörg eigi til í landinu. *Efnamenn hafa aldrei liðið hér skort á þessu landi* enn í dag, sízt fyrir hafís. Margt annað þjáði þjóðina og viðskiftalíf hennar þá, t. d. einokunarverzlun; og aðflutningaskortur var hér oft, þótt ekki stafaði af hafís. En á þeim tímum var fátækralöggjöfinni hér á landi svo farið, að ekki rann til fátækra annað en fátækratíundin; þeir sem ekki gátu bjargast við það, urðu að fara á verðgang, og, ef til kom, deyja drotni sínum. Þá vóru hér engin aukaútsvör til, engin eiginleg fátækralöggjöf; þjóðfélagið viðurkendi ekki í þá daga, að sér bæri nein skylda til að annast líf þeirra sem ekki gátu sjálfir séð sér borgið. Nú er þetta alt breytt. Nú *þarf* enginn að deyja úr bjargarleysi hér í landi. Nú kemur slíkt ekki fyrir. Eg held því, að það sé óþarfi að krúnka svona hátt, því að manndauði af hallæri getur hér ekki komið af ísvöldum. Eg býst ekki við járnbrautarlagning norður í land á næstu fyrirsjáanlegri framtíð.

Annars tók eg aðallega til máls til þess að lýsa gleði minni yfir því, að þetta mál um járnbraut er komið hér inn á þingið, því að eg er sannfærður um, að þetta er það mesta framtíðarmál, sem hér hefir verið rætt á síðustu árum. Það er prófsteinninn fyrir trú manna á framtíð landsins. Ekki trú á beina vöxtu af framlögðu fé, heldur margfalt meiri vöxtu á annan hátt.

Eg skal geta þess, að mér virðist þetta frumv., sem hér liggur fyrir, illa samið. Mér finst það t. d. bera vott um ótrú á framtíð landsins, að ætla, að auk vaxta af stofnfénu þurfi að tryggja reksrar og viðhalds-kostnað í **75 ár**. Það sýnir, að menn halda, að fyrirtækið verði ómagi um svo langan tíma. Það finst mér óþarfi. Þótt fyrirtækið verði ekki arðsamt í fyrstu, þá er eg þess fullviss, að ekki þurfa mjög margir áratugir að líða áður en brautin fer að borga rekstrarkostnað og viðhaldskostnað, ef hún er skynsamlega lögð og rekin. Komi verðhækkunargjaldið á jörðum á brautarsvæðinu brautinni til góða að nokkru talsverðu leyti, þá held eg, að við þurfum ekki að kvíða þunganum og svona löng trygging sé óþröf. Eg held jafn vel, að ef eg fengi t. d. 6—8 vikna tíma til þess, gæti eg útvegað nægilegt fé í fyrirtækið, jafnvel þótt landssjóður ábyrgðist það ekki nema í 20 ár. Ef menn vilja málinu vel, þá verða menn að synda milli skers og báru. — Búa tillög landssjóðs svo úr garði, að nýtileg tilboð geti fengist, en forðast að gera tryggingartímann svo langan, að það geti dregið úr áhuga manna til að halda sparlega á. Það er nóg til af mönnum, sem vildu taka að sér fyrirtækið, þótt þeim væri ekki trygt annað en $5^1/_2$ %

af peningum sínum í 75 ár. Það eru margir menn, sem kaupa verðbréf, sem gefa af sér mikið lægri vöxtu. Það er áríðandi að draga ekki úr hvöt manna til að halda sparlega á. Menn geta annars hugsað sem svo: »Okkur er sama, hvernig við höldum á peningunum, landssjóður ábyrgist. Það er nógu ríkur reiðarinn«. Því styttri sem tíminn er, því meiri hvöt er fyrir menn að byrja sparlega og reka fyrirtækið sparlega.

Eg býst nú við, að skammsýnin og hreppapólitíkin sé ef til vill svo mikil hér í þinginu, að menn vilji ekki leggja fram fé, sem einstök héruð fá fyrstan og beztan arðinn af. Þeir gæta ekki að því, að hér er um *landsmál* að ræða. Þess vegna hefi eg litla trú á því, að málið fái framgang á þessu þingi. En þó svo verði ekki, þá veit eg, að það deyr ekki út aftur úr þessu; eg veit, að úr þessu verður það á dagskrá næstu þinga og sérhvers þings, unz það nær fram að ganga; það mun ryðja sér meir og meir til rúms. Það hefir verið gert mikið úr stofnun innlends gufuskipafélags og sú góða hugsun hefir hrifið hugi margra. En hvað er það í samanburði við þetta mál? Meðan við höfum eitthvað til að flytja frá oss og að oss, þá verður ekki hörgull á að koma því til útlanda eða hingað frá útlöndum. Það er að því er til innanlands samgangnanna kemur, að skórnir kreppa. Eg er því hlyntur að landið leggi til þessa máls það sem þörf er á, en það verður að athugast vandlega og hygg eg, að ekki veiti af 7 manna nefnd til þess að íhuga málið. Eg tel það vel farið, ef meðferð þessa máls verður svo, að það geti orðið afgreitt á næsta þingi. Það væri líka óvenjulegt byrleiði, ef þvílíkt stórmál — ekki betur undirbúið en það er — næði fram að ganga á sama þingi og það er fyrsta skifti borið upp.

En áður en eg lýk máli mínu, vildi eg mælast til þess við hæstv. forseta, hvort hann gæti ekki útvegað mér leyfi til þess að greiða atkvæði á þann hátt, að rétta upp hendina, því að eg á ilt með að standa upp og setjast niður, vegna þess að eg er þjáður af gigt í bakinu.

**Bjarni Jónsson:** Sumir þeirra hv. þm., sem talað hafa, hafa haldið því fram, að þetta væri prófsteinn fyrir trú manna á framtíð landsins. Eg hygg nú, að því sé ekki svo farið, því að *þetta mál.* er ekki annað en frv. um að veita stjórninni heimild til að veita mönnum einkaleyfi til járnbrautarlagningar. Þó að járnbrautarmálið sé prófsteinn á trú manna á framtíð landsins, þarf þetta frv. alls ekki að vera það. Það getur verið svo úr garði gert, að þeir sem járnbrautarmálinu eru hlyntir, geta verið á móti þessu frumv. Þessi orð háttv. þm. geta því valdið misskilningi. Eg er samdóma háttv. þm. Vestm. (J. M.) í því, sem hann sagði, að nauðsynlegt væri að bæta samgöngur innanlands. Sömuleiðis get eg skrifað undir það sem aðrir háttv. þm. hafa sagt í því efni, nema þar sem hv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól) var að bera saman samgöngur á sjó og landi. Það var öfugt, en vegna þess að það kemur ekki þessu frumv. við, skal eg ekki fara meira út í það. En þessar samgöngubætur á landi þurfa ekki nauðsynlega að vera bundnar við járnbraut. Það getur hugsast að bifreiðir eða rennireiðir geti bætt úr vandræðunum eins vel. Eg segi ekki að svo sé, en það þarf að rannsaka áður en málinu er ráðið til lykta. Svo mikið er víst, að notkun þessara flutningatækja fer sívaxandi og dregur mikið frá járnbrautunum. Eg vildi gjarnan fá upplýsingar um það, hversu hagar til þar sem þessar rennireiðir eru notaðar og hversu mikið það mundi kosta að búa

hér til vegi, sem gætu borið þann þunga, sem útheimtist til þess. Það getur verið að hér að lútandi skýrsla liggi hjá stjórnarráðinu, en ekki hefir þótt ástæða til að taka hana með hingað. Þó hygg eg málið órannsakað og þætti mér rétt, að landsverkfræðingurinn, Jón Þorláksson, væri látinn rannsaka þetta mál áður en nokkurar ákvarðanir eru teknar um járnbrautarmálið.

En jafnvel þótt járnbraut væri það eina, sem okkur gæti komið að haldi í þessu efni og þótt eg væri þeirrar skoðunar, þá er ekki þar með sagt, að eg væri fylgjandi þessu frumv., sem nú liggur fyrir. Í fyrsta lagi er það athugandi, hvort réttara sé að veita félagi einkaleyfi til þessa fyrirtækis, en að láta landið sjálft reka það. Það er reynsla allra landa, sem hafa haft einkabrautir, að erfitt hefir gengið að ná þeim aftur úr höndum félaganna. Samt sem áður hefir það þótt tilvinnandi að leggja mikið í sölurnar til þess, því að það hefir þótt borga sig betur, að ríkið ræki slíkt fyrirtæki sjálft heldur en landsmenn. Til þess liggja margar ástæður, sem eg skal ekki fara að rekja hér, því að þær eru öllum kunnar. En þótt eg vildi ganga að því, að slíkt leyfi yrði veitt, þá vildi eg að því yrði komið fyrir á alt annan hátt. Þar með er ekki sagt, að það geti nokkurn tíma litið svo út, að eg kjósi ekki heldur að landið sjálft reki fyrirtækið.

Í frumvarpinu er leyfð landssjóðsábyrgð fyrir $5^1/_2\,\%$ af stofnfénu auk rekstrar og viðhalds kostnaðar í 75 ár. Engin takmörk eru hér sett. Landið getur enga tilsjón haft með því, hvernig reksturinn fer fram — hvort ekki sé hægt að hafa alt of marga, of dýra, óþarfa starfsmenn, þar sem engar skorður eru settar til þess að sparlega sé á haldið. Og þótt svo sé ákveðið, að landsstjórnin geti fyrir mælt, hve hátt verðið megi vera á hverju stikuþúsundi brautarinnar, þá sé eg ekki að þetta ákvæði bæti mikið úr, heldur þvert á móti. Menn gætu séð um sinn hag mest, unnið verkið því ver, þannig að brautin mundi slitna fyr og áhöldin skemmast, og fleira væri hægt að gera landinu til tjóns án þess að það kæmi í bága við fyrirmæli laganna.

Eg hygg líka réttast að gera ráð fyrir, að leyfishafendur líti aðallega á sinn hag, og þá þyrfti að vera betur um hnútana búið, en hér er gert, ef tryggging landssjóðs á ekki að verða misbrúkuð.

Þá er félaginu gefin allrífleg heimild til landnáms; það á að vera undanþegið sköttum og tollum, fá að »konkurrera« við landsímann o. s. frv.

Háttv. þm. Sfjk. (V. G.) hefir því miður tekið þetta alt fram, svo að eg þarf ekki annað en nefna það, því að eg er honum alveg samdóma í því efni.

Félagið á að hafa forgangsrétt fyrir öðrum til þess að leggja allar aðrar járnbrautir á landinu í sambandi við aðalbrautina. Hvort landið sjálft fellur undir þetta ákvæði, er ekki tekið fram. En ef svo er, þá virðist mér það allvarhugavert. Ef sterkir peningamenn væru öðru megin, þá gætu þeir fengið umráð yfir öllum járnbrautum á landinu og hagnýtt sér þau svo, að þeir næðu öllum atvinnumálum landsins í sínar hendur. Það er ekki ósennilegt, að sumir vildu vinna mikið til þess, að leggja landið þann veg undir sig í orðsins fylsta skilningi.

Þá er ákveðið, að einkaleyfið skuli að eins veitt íslenzkum mönnum, eða að minsta kosti skuli meiri hluti stjórnarinnar vera íslenzkir menn. Verði þetta samþykt, þá væri hægt að selja félagi, sem í raun og veru væri alútlent, þetta

einkaleyfi, og kæmi þá fram líkt og menn voru óánægðastir með í silfurbergsmálinu forðum. Eg segi ekki, að þetta hafi verið ætlun flutningsmanna. Það getur stafað af aðgæzluleysi. En að minsta kosti þarf hér að reisa skorður við.

Það sem landinu er hins vegar áskilið, er miklu minna um vert, og verð eg þar að vera á sama máli og minn kæri vinur, þingm. Sfjk. (V. G.). En það sem eg vildi sérstaklega benda á, er þetta um rétt landssjóðs til að taka að sér brautina og rekstur hennar eftir 10 ár, fyrir það verð, sem brautin með öllu tilheyrandi kostaði í upphafi. Þetta þykir mér heldur ill kjör fyrir landið. Það er ekki víst, að brautin hafi verið eins vel gerð frá upphafi eins og verða mátti, og þar að auki má gera ráð fyrir töluverðu sliti eftir 10 ár eða meira. Verðið ætti þess vegna að vera undir öðru komið, mati eða virðingu, ef slíkt ætti fram að ganga á annað borð. Þess vegna verð eg að vera á þeirri skoðun, að landið eigi alt of mikið á hættu, og að of mikið sé heimtað af landinu gegn því sem það fær í staðinn. En hvers vegna er verið að gera ráð fyrir að láta þetta einkaleyfi til einstakra manna? Getur ekki landið sjálft tekið að sér að leggja þessa járnbraut? Eg skil ekki, að lánstraust landsins sé svo lítið, að ekki sé hægt að fá peninga til þessa fyrirtækis með svo aðgengilegum kjörum sem þessi eru. Einstakir menn eða félög leggja ekki út í slík fyrirtæki í öðru skyni en að græða á þeim. Ef eg fæ einkaleyfi til járnbrautarrekstrar í 75 ár, þá hangi eg alt af á fyrirtækinu, ef eg fæ landssjóð til að ábyrgjast það, en ef landið sjálft rekur fyrirtækið og sér, að það ber sig ekki, þá getur það hætt og lagt alt niður ef illa fer. Eg vil nú ekki spá því, að svo fari um þetta fyrirtæki, að það beri sig ekki. Eg spái því þvert á móti, að landinu sé fullkomlega óhætt að gera þennan járnbrautarspotta. Eg býst við, að fyrirtækið gæti eftir ein 10—15 ár borgað vexti og árlegar afborganir, og eftir nokkra áratugi þar frá verið búið að borga alt saman. Eg held að þetta sé svo gott fyrirtæki, að landinu sé óhætt að reikna það gróða-fyrirtæki. Og þá munu menn segja, að ekki þurfi að koma til þessarar ábyrgðar landssjóðs gagnvart leyfishafa, ef fyrirtækið sé svo gott.

Hvað segðu menn, ef Sameinaða gufuskipafélagið t. d. legði þessa járnbraut og næði þannig undir sig samgöngunum á landi, og héldi jafnhliða áfram skipaferðunum? Það mundi gefa afslátt á flutningi þeirrar vöru, sem fara ætti með þess eigin skipum. En er við færum svo að hokra með okkar eigin skip, þá myndu þeir taka fult verð fyrir flutning þeirrar vöru, sem ætti að fara með þeim. Þetta gæti orðið laglegt net fyrir okkur með tímanum, ef vel væri um búið, og er því varhugavert að hrapa að þessu máli. Og það ætti að vera okkur sjálfrátt, að hafa samgöngurnar á sjó og landi í okkar eigin höndum, en ekki í höndum hinna og þessara félaga eða einstakra manna.

Þessar aðfinslur mínar eiga í rauninni ekki við járnbrautarmálið sjálft, heldur við *þetta* mál, sem hér liggur fyrir. En hvað sem því líður, þá finst mér sjálfsagt að setja málið í nefnd, því að það á það fullkomlega skilið, að um það sé fjallað sem bezt. Hvort betri sé 7 manna nefnd eða 5 manna, læt eg ósagt og skifti mér ekki af því.

Eg skal svo ekki orðlengja þetta frekara, þótt eg hafi löngun til að tala nokkur orð um árás hv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) á þá menn, sem hann kallði hallæriskrákur, en eg held að eg verði að láta það bíða þangað til annað tækifæri

gefst. Honum ætti ekki að vera ofætlun að muna árið 1882, þegar hafís bakaði landinu hallæri. *(Jón Ólafsson:* Það var ekki hallæri). Jú, það var hallæri. Þá féll búpeningur landsmanna unnvörpum, og þó að fólkið dæi ekki úr hungri, þá var það af því að menn lifðu á gjafakorni og gjafafé. Meðan þm. er ekki betur að sér, ferst honum ekki að tala digurbarkalega um þekkingarleysi á sögu landsins.

**Flutningsm. (Jón Magnússon):** Háttv. þm. Sfjk. (V. G.) tók þessu máli vel, heyrðist mér, í orði, en mér fanst annað verða ofan á, þegar hann fór að tala um það. Hann var að bera þetta saman við málið, sem lá fyrir þinginu 1894. Eg skal nú ekki segja neitt um það, eg hefi ekki rannsakað það mál svo til hlítar, en eg held í raun og veru að það tilboð hafi ekki verið vel ábyggilegt. Eg hefi skilið það svo, að þessi 50,000 kr. styrkur úr landssjóði í 30 ár hafi átt að vera fyrir járnbrautarrekstur milli Reykjavíkur og Ölfusár. *(Valtýr Guðmundsson:* Þjórsár). Það getur verið, en munurinn er þó sá, að þessar 50,000 kr. á ári í 30 ár áttu að vera fast tillag, hvort sem brautin græddi eða ekki. Það var því gróðafyrirtæki. En hér er ekki um gróðafyrirtæki að ræða fyrir þá sem taka að sér járnbrautarlagninguna. Ef það sýndi sig, að hægt væri að græða á fyrirtækinu, þá myndi landssjóður auðvitað strax taka það að sér. Þó ekki væri von um nema $^1/_4$% hagnað fram yfir venjulega vexti, mundi landssjóður sennilega ráðast í það. Háttv. þm. Sfjk. (V. G.) virðist ekki hafa skilið, hvað er í boði. Hér eru í boði peningar móti tryggingu frá landssjóði fyrir því að af þeim greiðist 5% vextir, og annað ekki. Aftur á móti er til þess ætlast, að landssjóður eigi kost á að taka að sér fyrirtækið. Þetta er fulleinfalt mál, og eg skal sérstaklega taka það fram, að mér þykir það furðu sæta, að háttv. þm. Dal. (B. J.), sem annars er mjög skilningsgóður á önnur mál, virðist ekki skilja upp né niður í þessu. Þetta mál er þó svo einfalt, að það ætti að vera skiljanlegt hverjum manni með sæmilegri barnaskólaþekkingu, hvað þá þingmönnum. Það snýst alt um það, hvort þingið vilji tryggja þeim, sem fyrirtækið taka að sér, 5% vexti.

Eg verð að geta þess, að eg er þakklátur háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) fyrir það, að hann var ekki að tína út einstök atriði eins og hinir tveir, sem töluðu, heldur talaði hann um málið alment eins og á að gera við 1. umr. Það er ósiður, sem virðist vera farinn að tíðkast hér í deildinni, að blanda saman 1. og 2. umr.

Það er hægt að setja *nægilega* tryggingu fyrir því, að landið taki ekki við brautinni í óstandi. *(Valtýr Guðmundsson:* Landið verður að borga). Landið fær það aftur, þegar það tekur við brautinni, og eg er sannfærður um, að það tekur við henni. Hv. þm. Sfjk. (V. G.) var að vanda um það vegna sveitanna, að þær þyrftu að láta land undir brautina. Það væri sannarlega ekki of mikið þó alt land undir brautina væri heimtað gefins, því að það er svo mikið, sem jarðirnar græða á brautarlagningunni. Annars finst mér að þessi hv. þm. ætti ekki að vera að finna að þessu, heldur eftirláta það þingmönnum hlutaðeigandi sýslna.

Það er svo að segja að eins eitt rétt hjá háttv. þm. Sfjk. (V. G.) og háttv. þm. Dal (B. J.), og það er það, að áhættan sé hjá landssjóði. Og hvernig ætti það öðruvís að vera? Eg býst við að það yrði örðugt fyrir hvern þingmann sem er hér í salnum, að fá nokkurn peningamann frá útlöndum til að leggja fé í fyrirtæki hér úti á Íslandi,

nema með nokkurri trygging fyrir gróða. Mér þætti gaman að sjá háttv. þm. Sfjk. (V. G.) eða háttv. þm Dal. (B. J.) koma með tilboð frá erlendum peningamanni um að taka að sér eitthvert verklegt fyrirtæki hér á landi, ef út liti fyrir að það borgaði sig ekki. En ef það væri sjáanlegt, að fyrirtækið borgaði sig, væri sjálfsagt að landið ræki það sjálft.

Þá heyrðist mér háttv. þm. Sfjk. (V. G.) vera að kvarta um það, að stjórnarráðinu sé gefinn réttur til að tryggja það, að byggingarkostnaður brautarinnar fari ekki fram úr sæmilegu verði. Eg sé ekki að það sé í þágu leyfishafa, og hélt að það væri miklu fremur í þágu landsins. Eins er það með ákvæðið um taxtana, sem hann gerði talsvert veður út af. Það er ekki í þágu leyfishafa, og sýnist miklu fremur vera í þágu landsins og sveitanna.

Þá var háttv. þm. Sfjk. (V. G.) að tala um, að það væri ófært að setja ákvæði um að tryggja innlendum verkamönnum vinnu við lagningu brautarinnar. Eg veit ekki betur en að íslenzkir verkamenn vilji gjarnan sitja fyrir vinnu hér á landi. Það yrði líka ódýrara, og ekki eru Íslendingar svo ómyndarlegir, að þeir geti ekki unnið að járnbrautarlagningu. Svo talaði hann um verðhækkunargjaldið, 2% af verðhækkun eigna, sem stafaði af járnbrautarlagningunni. Honum þótti það of lágt og vildi gjarnan hafa það 10%. Við skulum nú líta á dæmi. Ef jörð hækkar í verði um 1000 kr., þá verður eigandi hennar að greiða 20 kr. verðhækkunargjald samkv. frumv. En ef það væri 10%, þyrfti hann að gjalda 100 kr. bara fyrir það, að jörðin hefir hækkað í verði að mati, án þess að hún hafi hækkað að afurðum. Það er jafnvel fullhátt að taka 2%. Þetta sýnir, að þm. hefir ekki hugmynd um, hvað þessi verðhækkun er, og þessi meinloka sýnir, hvað lítið þingm. hefir hugsað um málið. Þá sagði hann, að verðhækkunin kæmi að eins á þessar fimmtán jarðir, sem brautin kemur til með að liggja um. En vitanlega kemur verðhækkunargjaldið á miklu fleiri jarðir, þó að það verði auðvitað lægra á þeim jörðum, sem eru fjær brautinni. Ef járnbrautin færi gegnum óbygt land, sem lægi vel til ræktunar, væri það þá skaði fyrir jarðeigendur?

Háttv. þm. Dal. (B. J.) var að tala um, að eg hefði sagt, að þeir sem ekki hefðu trú á þessu frumv., hefðu ekki trú á landinu. Þetta sagði eg ekki, og eg var ekki farinn að nefna þetta frv. einu orði, þegar eg sagði, að þeir sem ekki hefðu trú á járnbrautarmálinu, hefðu ekki trú á landinu. Hann var og að tala um, að í stað járnbrauta til flutninga gætu komið mótorvagnar eða hvað hann kallaði það. *(Bjarni Jónsson:* Rennireiðar). Þessar rennireiðar, sem enn eru uppfndnar, geta ekki gengið hér á vetrum. Á sumrin eru þær góðar til mannflutninga, en til vöruflutninga munu þær reynast allsendis óhæfar hér á landi. Að öðru leyti var ræða háttv. þm. Dal. (B. J.) að mestu leyti sama og ræða háttv. þm. Sfjk. (V. G.), og er því óþarfi að svara henni nokkuð frekara, þar sem eg hefi svarað ræðu háttv. þm. Sfjk. Eg vil heldur ekki vera að lengja málið nú við 1. umr. Eg vona að það komist í nefnd.

Mér virðist mönnum ekki vera það ljóst, að tryggingin fyrir því að leyfið verði ekki notað landsmönnum til skaða, liggur einmitt afar-mikið í því, að landinu er áskilinn réttur til að taka við brautinni, ef vill hvenær sem þóknast. Um hitt, tryggingu gagnvart leyfishöfum, er vafasamt hvort setja eigi í lögin, eða gefa stjórnarráðinu heimild til

að ákveða hana. Getur verið að þingmönnum þyki það tryggilegra.

Það sem háttv. þm. Dal. (B. J.) var að segja um Sameinaða gufuskipafélagið, var, með leyfi að segja, bara rugl. Því að ef félagið má ekki sjálft ákveða taxtana, þá getur það ekki brúkað þá aðferð, sem hann talaði um, ef það bygði brautina.

Eg sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta. Eg vona að málið verði sett í nefnd og býzt við að þurfa ekki að tala frekar í því að þessu sinni.

ATKV.GR.:

Afbrigði frá 44. gr. þingskapanna fyrir 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) til að mega greiða atkvæði með handauppréttingu, leyfð af ráðherra og samþykt með 20 shlj. atkv. þingdeildarmanna.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

7 manna nefnd samþ. með 19 shlj. atkv.

Í nefndina voru þessir kosnir með hlutfallskosningu:

Sigurður Sigurðsson
Jón Magnússon
Lárus H. Bjarnason
Björn Kristjánsson
Valtýr Guðmundsson
Eggert Pálsson
Magnús Kristjánsson.

---

FRUMVARP til laga um verðhækkunargjald út af járnbrautarlagningu (187); 1. umr.

**Framsögum. (Jón Magnússon):** Eg álít mig ekki þurfa að taka neitt sérstakt fram viðvíkjandi þessu frumv. Það fylgir frumv., sem á undan gekk næst á undan. Vil eg leggja til að frv. verði vísað til sömu nefndar og hitt.

ATKV.GR.:

Vísað til 2. umr. með 18 samhlj. atkv.

Vísað til sömu nefndar og frumvarpi því inu fyrra.

Samþykt með 15 shlj. atkv.

---

FRUMVARP til laga um viðauka og breyting á lögum um aðflutningsbann á áfengi nr. 44, 30. Júlí 1909 (177); 1. umr.

**Framsögum. (Lárus H. Bjarnason):** Með þessu frv. er aðallega ætlað að bæta úr tveim göllum, sem taldir eru helztir á aðflutningsbannslögunum frá 30. Júlí 1909. Þau lög þykja mörgum full ströng, þar sem alls engum er heimilað að flytja áfengi hingað til landsins, öðrum en þeim sem nefndir eru í 2. gr. laganna. Finst mörgum þetta vera óþarflega strangt til þess að fullnægja tilgangi laganna — þeim sem sé, að verja *Islendinga* fyrir illum áhrifum áfengis. Harðast kemur þetta aðflutningsbann niður á þeim mönnum, sem útlendar stjórnir senda hingað til þess að gæta hagsmuna sinna hér um óákveðinn tíma eða á sendi-ræðismönnunum, en þeir eru hér að eins 2, eins og kunnugt er. Þeir eru slíku banni óvanir og kunna því illa. — Þeim kemur þetta sérstaklega illa af því að þeir ráða því ekki, hve lengi þeir eru hér í landinu og geta því ekki birgt sig með borðvínum kannske til margra ára, enda yrðu birgðirnar þeim ónýtar þó að þeir gætu komist yfir þær, ef þeir væru kallaðir burtu alt í einu eins og oft kemur fyrir um slíka menn. Og ekki ætti bannmálinu að standa nein hætta af slíkri undanþágu, því að eigi þarf að óttast misbrúkun af þeirra hendi. Þeir fá ekki nema *drs*forða til *heimilis*nautnar og eru vitanlega háðir *eftirliti* um-

sjónarmanns áfengiskaupa, enda verða þeir menn ekki einungis að gæta sóma sins, heldur og jafnframt og ekki síður sóma sendilandsins.

Jafnframt því sem mönnum finnast aðflutningsbannslögin óþarflega ströng að þessu leyti, hafa augu manna sérstaklega eftir nýgenginn yfirréttardóm opnast fyrir því, að þeim er *óhœfilega dbótavant*. Landsyfirdómurinn hefir dæmt mann sýknan saka fyrir það að hafa flutt áfengi í land úr skipi, sem lá á höfn. Ekki skal hér farið út í, hvort dómurinn sé réttur eða ekki, en hvort eð heldur er, þá verður samt farið eftir honum, meðan honum er ekki raskað. Með þessu er það bersýnilegt, að bannlögin eru gagnslaus, að minsta kosti þangað til árið 1915 og jafnvel lengur. Menn geta eftir þessu keypt svo mikið af áfengi, sem geta leyfir, hvers konar áfengi sem er og á hvaða höfn sem er, hringinn í kring um alt land. Hér þarf bráð-nauðsynlega úr að bæta, ef bannlögin eiga að koma að nokkru haldi. Það er mergurinn málsins, enda er frumvarpið sérstaklega borið fram til að bæta hér úr skák og einmitt þess vegna stutt af bindindismönnum og bannvinum. Þeim er vitanlega ósárara um undanþágu til handa 2 útlendingum en um bannlögin.

Þá fer frumvarpið því fram, að stjórnin megi veita útlendingum, sem vinna verk í þarfir landsins, undanþágu frá aðflutningsbanninu og er þar átt við mælingamenn herforingjaráðsins. Okkur flutningsmönnum er ekki fast í hendi um þetta atriði, tókum það með af því að heppilegra virðist að undanþágur séu veittar í lagaleyfi en í lagaleysi, svo sem nýlega hefir skeð.

Sama máli gegnir um annan erindisrekstur útlendra stjórna en sendiræðismensku, og er þar aðallega átt við menn á herskipum sem hingað koma.

Önnur aðalbótin á bannlögunum frá 1909 er ákvæðið um, að öðrum megi ekki veita undanþágur, en þeim sem lögin beint heimila. Það hefir þótt brenna við, bæði í tíð fyrverandi stjórnar og núverandi, að undanþágur hafi verið veittar um lög fram.

Að endingu vil eg geta þess, að það gleymdist að taka það fram í frumv., að lögin öðlist gildi þegar konungur staðfestir þau og mun bætt úr því með br.till. við næstu umræðu. Vona eg svo að háttv. deild taki málinu vel. Það gerir tvent í einu, að bæta bannlögin og sýna góðum gestum okkar sjálfsagða kurteisi.

Mér er sama hvort það verður sett í nefnd eða ekki.

**Ráðherrann (H. H.):** Fyrst hv. flutningsm. (L. H. B.) gat þess ekki, vil eg skýra frá því, að stjórninni hefir borist málaleitun frá stjórn Frakka, sem gengur í þá átt, að óska þess, að sendiræðismanni Frakka sé af alþjóðakurteisi veitt undanþága frá banninu gegn innflutningi á víni til heimilisþarfa, og hafa áður komið fram erindi um þetta frá inum útsendu konsúlum, sem eru hér í bænum. Af því að síðasta bréfið um þetta, sem á rót að rekja til frakknesku stjórnarinnar, kom of seint hingað til þess stjórnin gæti lagt fram frv. þess efnis, sneri stjórnarráðið sér til fjárlaganefndarinnar með beiðni um, að hún tæki upp á einhvern hátt tillögur eða frumvarp um þessa undanþágu, og er eg háttv. formanni fjárlaganefndarinnar þakklátur fyrir það, að hann hefir tekið að sér flutning málsins.

Þetta er í samræmi við þær tilhliðranir, sem aðsendum erindrekum framandi ríkja er sýndur annars staðar og af slíkri undanþágu getur ekki stafað nein hætta fyrir framkvæmd bannlaganna.

Með því að hér er um svo örlitlar

breytingar að ræða, finst mér óþarft ákvæðið í síðustu grein frumv., að gefa skuli út öll bannlögin aftur í nýrri útgáfu fyrir þessa skuld. Það er að eins óþörf fyrirhöfn og kostnaður og vona eg að háttv. flutningsm. sé þetta atriði ekki neitt kappsmál. Finst mér eðlilegast að bannlögin séu látin halda sinni gömlu frægu dagsetning. Þessi viðaukalög geta vel staðið út af fyrir sig.

**Guðmundur Eggerz:** Eg verð nú að segja það, að mér finst þetta ekki vera neitt merkilegt frumv., endi vænti eg þess, að bannlögin verði bráðum afnumin. Að minsta kosti mun verða borin hér fram í deildinni innan skamms tillaga, sem fer í þá átt að stjórnin hlutist til um, að atkvæðagreiðsla fari fram um það, hvort bannlögin skuli úr gildi numin eða ekki.

Annars er það það eina, sem eg hefi á móti frumvarpinu sjálfu, að það bætir bannlögin. Þau verða þá ekki út af eins vitlaus og áður. Það er annars skoplegt, að fyrst nú eftir landsyfirréttardóminn alkunna, kemur það stóra bannlagagat í ljós, að menn úr landi geta að ósekju farið um borð í skipin og haft með sér áfengi í land.

Mér þykir ástæðulaust og lítt vinnandi verk að bæta allar glompur á bannlögunum. Flíkin getur farið svo illa og verið svo götótt, að óhyggilegt sé að sletta bót eða bótum á hana.

Eins og eg tók fram áðan, bætir þetta frumv. bannlögin nokkuð, og þess vegna er eg heldur mótfallinn frumvarpinu. Danski talsháttúrinn: »Jo galere jo bedre« á annars mæta vel við bannlögin.

**Flutningsm. (Lárus H. Bjarnason):** Eg vil geta þess, út af orðum háttv. ráðherra (H. H.), að þetta frumv. var samið áður en nokkur tillaga frá honum þess efnis var komin fram. (*Ráðherra:* Þetta er ekki rétt). Jú, enda kemur frumvarpið ekki frá fjárlaganefndinni. Við flutningsm. frumvarpsins höfum aldrei séð tilvitnuð tilmæli frá Frakkastjórn. Hins vegar efast eg ekki um að þau séu til.

Það er rétt til getið, að mér er ekki kappsmál um það, hvort breyting okkar háttv. 2. þm. Rvk. (J. J.) verður feld inn í bannlögin, en á hinn bóginn sé eg enga ástæðu til þess að hlífa stjórninni við þeirri vinnu, sem það hefir í för með sér að láta prenta bannlögin upp á ný.

Um væntanlega tillögu trá hv. sessunaut mínum ætla eg ekki að tala að þessu sinni. Vona að ekkert verði úr henni. Andbanningar ættu að una því vel, að lögin verði reynd að fullu, því það er ekki hægt að dæma þau til dauða með réttu, fyr en þau hafa reynst illa.

Annars skal eg ekki eyða fleiri orðum að frumvarpinu í þetta sinn. Að eins finst mér, að einkum lögreglustjórar, sem kvarta undan að lögin séu illframkvæmanleg, ættu að taka vel bótum á þeim. Mér skal vera ánægja að etja við háttv. sessunaut þegar tillagan hans kemur. Og lýk svo máli með ósk um að deildin leyfi frumvarpinu til 2. umræðu.

**Kristján Jónsson:** Eg vildi segja örfá orð um mál þetta, sérstaklega með tilliti til þess, að talað hefir verið um, að yfirdómurinn hafi fundið »gat« á bannlögunum, og að nú eigi með þessu frv. að setja nndir »þann leka«. Það er eigi rétt, að hér sé um gat á bannlögunum að ræða. Hér að lútandi ákvæði er í 5. gr. þeirra, og leggur það alla ábyrgð á skipstjórann. Þar segir svo: »Skipstjóri er sekur við lög þessi, ef hann brýtur það er nú var mælt«; það er að segja, ef hann selur eða leyfir að

selt sé af skipsforða (ɔ: áfengisforða skipsins). Bannlögin hafa ákveðið brotið og lagt refsing við því. Það verður því eigi sagt, að það sé glompa eða gat á bannlögunum. Hitt er annað mál, að oft mun verða erfitt að ná í skipstjórana, ef þeir brjóta áminst ákvæði, eða þegar það kann að verða brotið. Fyrir því er það ákveðið í þessu frumvarpi, að sá sé einnig sekur, sem tekur á móti víninu, eða þiggur það og flytur það í land. Þessu ákvæði get eg verið samþykkur vegna þess, að það mun jafnaðarlega vera hægra að ná til mannsins, sem vínföngin tekur úti í skipi og fer með þau í land, heldur en skipstjórans. Þó að það fyrir því sé eigi rétt að orði komist, er sagt hefir verið hér í deildinni, að yfirdómurinn hafi fundið »gat« á aðflutningsbannslögunum, þá tel eg það þó rétt, að bæta þau og auka í þessu atriði, eins og frumvarpið miðar að.

---

Stefán Stefánsson stakk upp á því, að málið væri sett í 5 manna nefnd.

ATKV.GR.:

Tillaga um nefnd feld með 9:8 atkv.

Málinu vísað til 2. umræðu með 17:6 atkvæðum að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Bjarni Jónsson |
| Jón Jónsson | Einar Jónsson |
| Benedikt Sveinsson, | Guðmundur Eggerz |
| Halldór Steinsson | Sig. Sigurðsson |
| Hannes Hafstein. | Tryggvi Bjarnason |
| Jón Magnússon | Valtýr Guðmundss. |
| Jón Ólafsson | |
| Kristján Jónsson | |
| Kristinn Daníelss. | |
| Lárus H. Bjarnason | |
| Magnús Kristjánss. | |
| Ólafur Briem | |
| Skúli Thoroddsen | |
| Stefán Stefánsson | |
| Þorleifur Jónsson | |

Jóh. Jóhannesson og Matthías Ólafsson greiddu eigi atkvæði og töldust til meiri hlutans. Tveir þingmenn voru eigi viðstaddir. —

---

FRUMVARP til laga um stimpilgjald (168); 1. umr.

**Flutningsm. (Ólafur Briem):** Þetta frumvarp er samið af milliþinganefndinni í skattamálum frá 1907, og tilgangurinn er eingöngu sá, að afla landssjóði tekna. Og þær tekjur eru áætlaðar 25—30 þús. kr.

Eins og sjá má á frumvarpinu eru viðskifti manna grundvöllurinn undir þessum tekjuauka, og ástæðan til þess, að leggja gjald á viðskifti manna á milli, er sumpart sú, að embættismenn hafa allmikla fyrirhöfn af því, að veita þeim gildi, sem veitt er með þinglýsingum og staðfestingum á skjölum o. s. frv. Og í öðru lagi virðist sanngirni mæla með því, að leggja nokkurn skatt á slík skjöl, sem hér er átt við, með því að þeim fylgir að jafnaði einhver hagnaður eða von um hagnað, svo sem er um arf, veiting fyrir embætti o. s. frv.

Þetta gjald, sem dregur nafn sitt af því, hvernig það er innheimt — sem sé af skjölum, þeim er notaður er til stimplaður pappír eða merktur með sérstöku merki, — er annars að eðlinu til skylt aukatekjugjöldum. Grundvöllurinn er inn sami, og því var það, er aukatekjufrumvarpið var lagt fyrir þingið 1911, þá var bætt inn í stj.frumvarpið þessu bráðabirgðafyrirmæli, er eg vil lesa með leyfi hæstv. forseta:

»Þar til lög um stimplagjald koma í gildi, skal innheimta gjöld þau fyrir þinglestur og vottorð, er nefnd eru

í 3. kap., að viðbættum 50 af hundraði, þar með teljast þó ekki gjöld fyrir afnám né aflýsing«.

Í meðferð málsins þá var þessi grein feld burtu úr frumvarpinu, líklegast af því, að það hefir vakað fyrir mönnum, að þess yrði mjög skamt að bíða, að stimpilgjaldið kæmist á, og þess vegna væri ekki brýn nauðsyn á þessu bráðabirgðaákvæði í þau lög. Nú hefir nefndin fundið sér skylt að koma fram með þetta frumv. Að vísu er ekki að vita, hver þörf er á tekjuauka í þetta sinn, en nefndin hefir álitið að rétt sé að koma fram með það nú þegar til þess að það skuli vera til taks ef þörf gerist.

Eins og eg sagði, eru þessar tekjur svipaðs eðlis og þær sem gert er ráð fyrir í aukjatekjulögunum, og gæti þá ef til vill komið til mála, að lögleiða ekki þetta frumv., heldur hækka aukatekjur landssjóðs í staðinn að sama skapi. Nefndin hefir þó hallast að þessu frv., sérstaklega af tveim ástæðum, þótt nokkrir annmarkar séu á því. Fyrri ástæðan er sú, að það nær til fleiri skjala en aukatekjulögin, t. d. óþinglesinna arfsamninga, heimildabréfa fyrir skipum, kaupmálabréfa og privatsamninga og ýmiss konar veitingar- og leyfisbréfa, sem aukatekjulögin ná eigi til. Í öðru lagi er gert ráð fyrir því, að stimpilgjaldið verði mismunandi hátt, sem sé $^1/_2$% og $^1/_4$% eftir þýðingu skjalanna, þar sem aukatekjulögin aftur á móti taka sama gjald af öllum eftir verðhæð, en án tillits til innihalds að öðru leyti.

Þótt nefndin í skattamálunum klofnaði í öðrum málum, þá hefir hún þó verið samhuga í því, að halda fram þessu frumv. Eg vona því, að það fái góðar undirtektir fram eftir þinginu, þangað til séð verður, hvort eða hversu mikil þörf verður á því nú.

**Ráðherrann (H. H.):** Ástæðan til þess, að stjórnin ekki kom fram með þetta frumv., er sú, að á þinginu 1911, þegar samþ. voru in nýju lög um aukatekjur landssjóðs, voru hækkuð stórum ýmis gjöld, einmitt með tilliti til þess, að hér var ekki lögleitt stimpilgjald. Það væri þess vegna ósanngjarnt að samþykkja þetta frumv. nú, án þess að breyta um leið þeim lögum aftur, því ella verða gjöldin á sumum greinum viðskiftalífsins lítt bærileg. Eg nefni til dæmis þinglýsingargjaldið. Það var stórum hækkað og sérstaklega breytt fyrirkomulagi þess í lögunum 1911. Ef heimtað er hvorttveggja, bæði það sem nú er lögleitt, og svo þetta ofan á þinglýsingargjaldið, þá mundi það leggja þungar byrðar á viðskifti manna á meðal, sérstaklega að því er in stærri viðskifti snertir. Atvinnuvegirnir eru ört að breytast, þannig að nú er orðið um miklu stærri upphæðir að ræða en áður var; vil eg t. d. nefna botnvörpuútgerðina og ina nýju síldveiði o. fl. Nú er oft um stórar lánsupphæðir og stórar söluupphæðir að ræða, er geta oft gengið manna á milli: eigendaskifti og lánum víxlað til. Sé þinglýst kaupbréfi eða kaupsamningi um botnvörpung, sem kostar 100,000 kr., þá er þinglestrargjaldið 102 kr., og sé jafnframt veðskuldabréf þinglesið fyrir talsverðu af kaupverðinu, þá bætist við álitleg upphæð. Ef nú enn á að bæta við þetta stimpilgjaldi, $^1/_2$%, þ. e. 500 kr. af 100 þús. kr., þá verður ekki alllítill kostnaðurinn við eigendaskifti að slíkum atvinnutækjum.

Í smærri stíl eru stimpilgjöldin af öðrum greinum, þar er gjöld hafa verið hækkuð í inum nýju aukatekjulögum, og yrðu tilfinnanlegri þó, svo er t. d. um réttargjöldin. Ef nú á að fara að bæta við stimpilgjaldi á hverja einustu stefnu og sáttakæru, fyrir utan það, þau gjöld

hafa verið hækkuð í aukatekjulögunum, þá verður í mörgum tilfellum tilfinnanlega erfitt að leita réttar síns. Mér finst þessi útgjöld vera nóg eins og þau eru, og ekki sé rétt að samþykkja þetta frv., nema þá með því að breyta um leið eldri lögunum.

**Flutningsm. (Ólafur Briem):** Út af því sem hæstv. ráðherra sagði, skal eg geta þess, að eins og lögin um aukatekjur eru nú, eru þau nákvæmlega samhljóða frumv. milliþinganefndarinnar frá 1907, að öðru leyti en því, að gjaldið fyrir þinglýsingar fer nú stöðugt hækkandi og verður því hærra þegar um stórar upphæðir er að ræða. Milliþinganefndin hafði ætlast til, að það hækkaði um 1 kr. á hvert þúsund upp að 10 þús. kr., en yrði 12 kr. af þeim upphæðum, sem fara þar yfir. Þetta er eina breytingin, sem gerð hefir verið, að gjaldið hefir verið látið hækka áfram, en ekki látið sitja við 12 kr. hámarkið.

Í þessu frumv. frá 1911 var það till. stjórnarinnar, að gjald fyrir þinglýsingar yrði hækkað um $^1/_3$, en þingið slepti því, með það fyrir augum, að stimpilgjald yrði lögleitt. Og stjórnin bjóst þá að minsta kosti líka við því, sbr. orðin sem eg las upp áðan úr stjórnarfrumvarpinu: »Þar til lög um stimpilgjald koma í gildi o. s. frv.«. Þegar nefndin athugaði þetta, gat hún ekki séð, að þótt stimpilgjald yrði lögleitt nú, þá gæti það komið í bága við það, sem áður er komið fram í málinu, hvorki frumv. milliþinganefndarinnar né stjórnarfrumvarpið frá 1911, og allra sízt við meðferð þingsins á því máli.

**Ráðherrann (H. H.):** Það skiftir afarmiklu, að burt voru tekin efri takmörkin á þinglýsingargjaldinu, nú er hærri upphæðir tiðkast í viðskiftalífinu en áður. Einkum kveður mikið að þessu ef þinglýsa þarf skjölum í fleiri en einu lögsagnarumdæmi, eða í fleiri þinghám, því eftir inum nýju lögum kemur fult gjald í hverju lögsagnarumdæmi og hálft í hverri þinghá. Eg veit dæmi til þess, að maður hefir orðið að láta þinglýsa samningi um hátt reikningslán til botnvörpungskaupa í 2 lögsagnarumdæmum og 3—4 hreppum, af því að veðsettar voru ýmsar eignin, sem lágu eigi á sama stað allar. Þetta varð mörg hundruð króna kostnaður fyrir manninn. Og ef þetta háa stimpilgjald svo hefði átt að bætast við, þá hefði kostnaðurinn orðið alveg óhæfilegur. En það er fleira en þinglýsingargjöldin, sem menn verða of hart úti með, ef þetta verður samþykt, og eg tel nauðsynlegt að athuga málið vandlega, áður en það er gert að lögum.

ATKV.GR.:

Vísað til 2. umr. með 17 : 2 atkv.

---

FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr. 86, 22. Nóv. 1907 (150); 1. umr.

Málið var tekið út af dagskrá.

---

Forseti gat þess, að meðan á fundinum stóð hefði verið út býtt:

Breytingartillögum við breytingartillögur við frumvarp til laga um friðun fugla og eggja á þgskj. 224. Frá nefndinni (227).

Fundi slitið.

---

## 24. fundur.

Föstudag 1. Ágúst 1913, kl. 12 á hád.

Dagskrá:

1. Kosning nefndar til að íhuga álit yfirskoðunarmanna landsreiknings 1910 og 1911.

2. Frv. til fjáraukalagaga fyrir árin 1912 og 1913 (208, 210, 225, 228); 3. umr.
3. Frv. til laga um landssjóðsábyrgð á sparisjóðsfé og innlánsfé Landsbankans og útbúa hans og um meðferð á varasjóði bankans (124); 3. umr.
4. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 30, 16. Nóv. 1907 um lán úr landssjóði til byggingar íbúðarhúsa á prestssetrum landsins (213); 3. umr.
5. Frv. til laga um heimild til að selja hjáleiguna Mosfellsbringur í Mosfellssveit (173); 1. umr.
6. Frv. til laga um síldarleifar (175); 1. umr.
7. Frv. til viðaukalaga við lög nr. 24, 9. Júlí 1909, um samþyktir um kornforðabúr til skepnufóðurs (190); 1. umr.
8. Frv. til laga um lögskipaða endurskoðendur (193); 1. umr.
9. Frv. til laga um gjafasjóð Jóns Sigurðssonar handa fátækum í Eyjafjarðarsýslu (140); 1. umr.

---

Allir á fundi.

Fundargerð síðasta fundar lesin upp, samþykt og staðfest.

Forseti tilkynti, að nefnd, sú sem kosin var til þess að íhuga frumv. til laga um járnbrautarlagning, hefði kosið sér formann Lárus H. Bjarnason og skrifara Jón Magnússon.

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið í deildinni:

1. Frv. til laga um fasteignarskatt. Eftir 2. umr. í Nd. (221).
2. Frv. til laga um tekjuskatt. Eftir 2. umr. í Nd. (222).
3. Frv. til laga um skattanefndir. Eftir 2. umr. í Nd. (223).
4. Breytingartillögu við frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1912 og 1913. Frá Jóni Ólafssyni (228).
5. Breytingartillögu við breytingartillögu nefndarinnar við frv. til laga um jarðamat. Frá Þorleifi Jónssyni og Stefáni Stefánssyni (234).
6. Viðaukatillögu við frv. til laga um viðauka og breyting á lögum um aðflutningsbann á áfengi nr. 44, 30. Júlí 1909. Fltm.: Lárus H. Bjarnason (229).
7. Alþingistíðindi 1913 A, 3. hefti.

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið frá Ed.:

1. Breytingartillögu við frv. til laga um friðun fugla og eggja. Frá nefndinni (230).
2. Frv. til laga um sparisjóði. Eftir 2. umr. í Ed. (231).

Forseti skýrði frá, að lagt hefði verið fram á lestrarsal:

Símskeyti frá borgarafundi á Ísafirði, þar sem skorað er á Alþingi að veita engar undanþágur frá gildandi lögum um aðflutningsbann á áfengi.

KOSNING nefndar til að íhuga álit yfirskoðunarmanna landsreikningsins 1910 og 1911.

**Lárus H. Bjarnason:** Það er alveg samkvæmt þingsköpum, sem hæstv. forseti hefir gert í þessu máli, enda sting eg upp á því, að málinu verði vísað til reikningslaganefndar að umr. lokinni.

ATKV.GR.:

Vísað til reikningslaganefndar með 15 shlj. atkv.

---

FRUMVARP til fjáraukalaga fyrir árin 1912 og 1913 (208, 210, 225, 228); 3. umr.

**Framsögum. (Pétur Jónsson):** Eg þarf ekki að ræða málið mikið að

þessu sinni. Það eru fáar breytingartillögur sem fram hafa komið, svo það er lítlu við það að bæta, sem sagt var við 2. umr. Fjárlaganefndin hefir afráðið að leggja til að fjárveitingin til pósthúsins verði dregin út af aukafjárlögunum og tekin upp á fjálögunum. Þó að fyrir liggi ákveðið plan um viðbót við pósthúsið sem nú er, þá er það plan svo lauslegt, að það getur ekki verið nefndinni að skapi. Henni virðist jafnvel æskilegra að byggja sérstakt pósthús og ef til vill á öðrum stað, en hafa þetta hús, sem nú er bæði pósthús og símastöð, eingöngu fyrir símann.

Fjárlaganefndin hefir rætt um þetta við póstmeistarann og símastjórann og hefir þeim báðum borið saman um, hvorum í sínu lagi, að þetta mundi fult eins heppilegt. Það yrði ef til vill eitthvað dýrara, en um það verður ekkert sagt með vissu, því að fullkomna áætlun er ekki hægt að fá enn þá. En það hefir enguin ágreiningi valdið, að pósthús verður að byggja, eða að bæta við þetta pósthús, sem nú er.

Þá er önnur breytingartillaga frá nefndinni, um að fjárveitingin til Röntgensáhaldanna handa háskólanum verði hækkuð um 1000 kr. úr 5 þús. upp í 6 þús. kr. Það er samhuga álit nefndarinnar bæði eftir upplýsingum annars prófessorsins í læknisfræði og annara manna, sem kynt hafa sér málið, að 5 þús. kr. hrökkvi ekki til þess að kaupa áhöldin svo fullkomin sem þörf er á. Nefndin var ekki svo að sér að hún gæti dæmt um málið upp á eigin spýtur, en það hefir verið stutt með rökum, að áhöld fyririr 5 þús. kr. skorti talsvert á að koma að tilætluðum notum. Fyrir því hikar nefndin ekki við að leggja til, að fjárveitingin verði hækkuð.

Þá hefir þinginu borist beiðni frá Stúdentafélaginu um 600 kr. styrk til þess, að senda mann á 100 ára afmælishátíð Stúdentafélagsins norska á komandi hausti. Nefndin leggur til að þessari beiðni verði sint, með því að hún verður að telja það heppilegt, að Íslendingar láti á sér bera með því að taka þátt í slíkum mannamótum, sérstaklega á Norðurlöndum. Fyrir þessu er líka fordæmi, því að Alþingi veitti, fyrir stuttu síðan, einum prófessornum við háskólann styrk til þess að sækja 100 ára afmæli háskóla Norðmanna. Það er því þriðja breytingartill. nefndarinnar, að þessi 600 kr. fjárveiting verði tekin upp á fjáraukalögin.

Tvær breytingartill. hafa komið fram frá þingmönnum utan nefndarinnar og báðar við sama liðinn um fjárveitinguna til fundarhalds þingmanna í Desembermánuði. Önnur breytingartill. á þgskj. 210 fer fram á, að liðurinn verði feldur burt, en hin á þgskj. 228 á að koma í veg fyrir að þetta geti orðið fordæmi fyrir eftirtímann. Nefndin hefir fallist á fjárveitinguna og verður því að leggja á móti fyrri breytingartillögunni. Viðvíkjandi inni síðari, verð eg að minsta kosti að líta svo á, að fjárveitingin geti alls ekki gefið það fordæmi, að hver stjórn geti fengið fé úr landssjóði til flokksfundarhalda. Eins og þegar hefir verið marg-tekið fram, er hér ekki um neinn flokksfund að ræða, heldur var fundurinn, að því er eg hygg, bein afleiðing af ákvörðun, sem Alþingi hafði tekið.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Eg á eina breyt.till. á þgskj. 228, við liðinn um fjárveitinguna til Desemberfundarins. Auðvitað dettur mér ekki í hug að vilja kasta fjárhagslegri ábyrgð á hendur hæstv. ráðherra né á hendur þeirra þingmanna, er fundinn sóttu. Eg lofaði líka þegar í vetur hæstv. ráðh. að greiða atkvæði með fjárveitingunni, og

ætla mér ekki að ganga bak orða minna. Eg viðurkenni, að sérstakar ástæður hafi verið fyrir hendi, og fyrir því beygi eg mig *loyalt*, jafnvel þó að eg sjái, að það geti verið viðsjárvert fordæmi fyrir eftirtíðina, ef enginn varnagli er sleginn. En til þess að varna því, hefi eg leyft mér að leggja til, að orðunum: »án þess veiting þessi myndi nokkurt fordæmi« verði bætt aftan við liðinn, og verð eg að telja heppilegt að það verði samþykt.

**Benedikt Sveinsson:** Eg hefi leyft mér að bera fram breytingartill. á þgskj. 210 ásamt tveim öðrum þm. í þá átt, að fjárveitingin til flokksfundarhaldsins hér í Reykjavík í síðastliðnum Desember verði feld í burtu. Vér teljum það ilt fordæmi, sem með þessu er gefið, að meirihluta-flokkurinn geti haldið flokksfundi sína á alþjóðar kostnað. Það hefir verið rengt, að hér hafi verið um flokksfund að ræða, og því haldið fram, að á þessum fundi hafi setið þingmenn úr fleiri flokkum en sambandsflokknum einum. Á fundinum voru bæði þingmenn og utanþingsmenn, og sannleikurinn er sá, hvað sem hver segir, að vandlega var sneitt hjá því að boða á fundinn þá alþingismenn, sem verið höfðu í öðrum flokki á síðasta þingi, þótt þeir væri hér í bænum og líklega eins auðgert að ná til *þeirra*, eins og manna austan úr Seyðisfirði, Fljótshlíð eða ofan úr Hvítársíðu. En það eitt skildi, að þeir voru ekki *flokksmenn*, og því máttu þeir ekki koma á fundinn. Að vísu voru tveir eða þrír menn utan flokksbanda boðaðir á fund þenna, en einmitt í því trausti, að þeir mundu vinnast í flokkinn, enda hefir það tekist um einn þeirra síðan. Fundurinn var því helzt sú tegund flokksfunda, sem nefndir eru »*út*breiðslufundir«, og fæ eg ekki séð að það sé hóti réttmætara fyrir þá sök að borga kostnaðinn við hann úr landssjóði.

Það hefir verið sagt, og það er rétt, að meiri hlutinn á þingi hafi falið stjórninni í fyrra að reka erindi flokksins í sambandsmálinu suður í Danmörku. En hvað lá á að kunngera errindislokin fyr en Alþingi kom saman? Alþingi hafði falið stjórninni málið og það eitt átti heimtingu á að heyra málalokin. Auk þess var það vitanlegt hæstv. ráðherra, að hann var sendur til þess að komast að *betri* kjörum en fengust 1908. Hitt var honum gersamlega heimildarlaust og beint *óleyfilegt* að ljá sig til þess að taka í mál að flytja hingað uppkastið gamla, og þó allra helzt *enn verri* tilboð frá Dönum. Var ástæða til að verja landsfé til þess að boða flokksmönnum, að hann hefði farið verr en erindisleysu, og að hann hefði fyrir sitt leyti gengið að smánarboðum Íslandi til handa, sem hann mátti vel vita, að fáir mundu vilja líta við, jafnvel innan flokksins? Gat hann að minsta kosti ekki látið sendibréf nægja, ef einhverjum bráðlá á fregninni?

Annars er breyt.till. hv. þm. S.-Múl. (J. Ól.) góð, og ef hún fær góðar undirtektir, leggjum við ekki svo mikla áherzlu á að okkar tillaga verði samþykt. Aðalatriðið fyrir okkur er ekki það, að horfa í þessi 700 króna fjárútlát landssjóðs, heldur að fá viðurkent, að fjárgreiðslan sé *röng* og að girða fyrir slíkar aðfarir framvegis.

**Einar Jónsson:** Eg get ekki séð að hægt sé að komast hjá því að samþykkja þessa fjárveitingu. Mig langar til að gera háttv. þm. skiljanlegt, að mínu atkvæði í þessu máli ræður ekki eigingirni, þó að eg væri einn af þeim mönnum, sem boðaðir voru á fundinn. Eg hefði álitið, jafnt fyrir það þó ekki hefði náðst til mín, alveg sjálfsagt fyrir

háttv. ráðherra, að kalla saman þingmenn, þá sem tök voru á að boða, til viðtals, þar sem um jafnmikilsvarðandi mál var að ræða. Hann gat ekki tekið neina ákvörðun um það upp á sitt eindæmi.

Eins og háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) gat um, er fjárveitingin ekki ægilega stór, svo að fyrir þá sök er naumast ástæða til að setja sig upp á móti henni.

Um hitt, sem sami háttv. þm. (B. Sv.) sagði, að nógur tími hefði verið að skýra frá málinu þegar á þing var komið, get eg ekki verið honum samdóma. Það var einmitt mjög mikilsvert að fá að vita, hvort nokkuð væri hægt að gera áður en þingið kom saman. Það verða allir að skilja, að sjálfsagt var fyrir háttv. ráðherra að fá að heyra undirtektir þingmanna svo fljótt sem unt var. Þó að háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) segði, að hann hefði átt að geta vitað undirtektirnar þegar hann hafði séð erindislokin, þá er það hrein og bein fjarstæða. Hæstv. ráðherra gat ekki dæmt um það einn og hafði ekki leyfi til að dæma um það, sérstaklega fyrir þá sök, að þingið hafði falið honum erindið. Eg sé því ekki betur en að hæstv. ráðherra hafi gert hárrétt í þessu máli. Um það má þræta, hvers vegna háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) var ekki boðið strax á fundinn. En eg býst við að öllum skiljist, að það var vitanlegt fyrirfram, að hann hefði sett sig upp á móti hverju því sem fyrir hefði legið, úr því að það hét sambandsmál.

Þetta var það sem eg vildi sagt hafa. Fyrir þær ár ástæður, sem eg hefi nú greint, get eg ekki fallist á breyt.till. á þgskj. 210. Vona eg að öllum skiljist, að mér gengur ekki eigingirni til þess að hafa farið þessa för, þar sem eg var að eins fyrir tveim dögum kominn heim hér frá Reykjavík þegar eg var kvaddur á þenna umrædda fund. Hefði eg miklu fremur viljað vera heima kyr, en fanst eg ekki hafa leyfi til þess vegna afstöðu minnar til sambandsmálsins, en finn á hina hliðina enga skyldu á því, að fá ekki borgun fyrir ómakið.

**Valtýr Guðmundsson:** Eg mintist á það við 2. umr., að þetta atriði, sem nú er talað um að breyta, væri mjög svo athugavert. Eg hefi ekki getað sannfærst um annað en að svo væri, af þeim andmælum, sem fram hafa komið.

Háttv. framsögm. fjárlaganefndarinnar (P. J.) tók fram, að það væri ófyrirsynju, að þessu atriði væri breytt, þar sem hér væri ekki um flokksfund að ræða, heldur hefði fundurinn verið bein afleiðing af ákvörðun þingsins. Þessu neita eg algerlega. Það var einmitt tekið fram á flokksfundi í Sambandsflokknum af ráðherra sjálfum, að hann skyldi *senda þingmönnum skýrslu um málalokin.* Á hinu lá ekki, og var engin ástæða til að kalla saman flokksfund. T. d. var engin þörf á að kalla þingmenn frá Seyðisfirði hingað til Reykjavíkur til þess eins að heyra þeirra skoðun, af því ráðherra kom á Seyðisfjörð og gat talað við þá þar. En hann vildi einmitt fá þá á *flokksfund.* Eg verð að leyfa mér að halda því fram, að það sé rétta nafnið á fundinum, því að þeir einir voru á hann kallaðir, sem kunnugt var um, að voru hlyntir málinu sem fyrir lá, og það jafnvel allmargir utanþingsmenn, en þeir þingmenn aftur á móti ekki, sem grunaðir voru um að vera á móti því, þótt þeir væru í sjálfri Reykjavík og ekkert kostaði að kalla þá á fundinn. En auðvitað var, að þar sem hér var um stórt velferðarmál fyrir alt landið að ræða, þurfti báðum pörtum jafnt að gefast kostur á að kynnast málinu, ef þjóðinni hefði átt að

verða nokkur leiðbeining að fundinum. Eg get ekki betur séð, ef féð er veitt athugasemdalaust, eins og nefndin ætlast til, en að þá sé þar með skapað ílt fordæmi. Og ef nú við þetta bætist, að þeir þingmenn, er fundinn sóttu og þágu fé fyrir, greiða atkvæði með fjárveitingunni, þá er komin siðspilling, »corruption«, inn í þingið. Því slæ eg hér með föstu. Því að hvað er »corruption«, ef það er ekki það, að þingmenn »votera« sjálfum sér fé úr landssjóði. *(Sigurður Sigurðsson:* Það er ekki í fyrsta skifti). Það kann að vera, en það hefir aldrei verið látið óátalið, heldur jafnan vakið mikinn óhug um land alt. Eg segi ekki með þessu, að eg vilji láta fjárútlátin skella á hæstv. ráðherra. Það mætti bæta honum þetta upp með persónulegri fjárveitingu sem þessu nemur. Eflaust hefir hann gert þetta í beztu meiningu. En eg segi með okkar frægа sálmaskáldi: »Góð meining enga gerir stoð«.

Eg álít, að breytingartill. háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) bæti mikið úr. Aðalatriðið er að fjárveitingin skapi ekki ilt fordæmi, og við því slær till. varnagla. Eg mun því greiða henni atkvæði, ef hin br.till. fellur.

**Ráðherrann (H. H.):** Eg hafði ekki ætlað mér að tala í þessu máli, enda skal eg vera stuttorður. Eg verð að neita því, að fundurinn hafi verið privatfundur, og eg skil ekki í þeim ofsa, sem háttv. þm. Sfjk. (V. G.) hefir erfiðað sig upp í út af því. Hann vissi vel, hvað eg hafði í hyggju þegar eg fór frá Höfn, og hafði ekkert á móti því þá. Hann vissi vel og veit enn, hvers vegna lá á því, að stjórnin kallaði saman þingm. til ráðuneytis. Spurningin var sú, hvort gera skyldi þá ákvörðun, að málið yrði lagt undir þjóðaratkvæði svo snemma, að semja mætti frumv. á þessum eða líkum grundvelli áður enn ráðherrann sigldi á konungsfund. Þá ákvörðun gat eg ekki gert upp á mitt eindæmi. Eg var bundinn því loforði, ef þeim tillögum, sem þingmenn höfðu komið sér saman um, fengist ekki framgengt að mestu óbreyttum, að bera það undir þá, hvort þeir vildu fallast á það sem í boði kynni að verða eða ekki, og hvort þeir teldu líklegt, að nægilegt fylgi fengist hjá þjóðinni, til þess að tefla ekki þessu máli út í innanlandsrimmur og ef til vill skipbrot. Þessu var því ekki hægt að fresta, ekki sízt fyrir þá sök, að viss blöð hér í bænum höfðu þegar fyrir fram byrjað á þeim fádæma ósannindum og getsökum um málið, að það mun fátítt að slíkt komi fyrir í nokkru siðuðu landi.

**Lárus H. Bjarnason:** Fjárlaganefndin hefir eigi átt kost á að bera sig saman um breytingartill. á þgskj. 228, en hins vegar hefir nefndin óbeinlínis tekið afstöðu til tillögunnar á þgskj. 210 um, að fella burt fyrsta lið 9. gr. fjáraukalagfrumv. Það hefir nefndin gert með því að amast við liðnum. Eg fyrir mitt leyti mun greiða br.till. á þgskj. 228 atkvæði mitt, með því að hún slær því einu föstu, sem eg held hafi vakað fyrir fjárlaganefndinni. Brt. á þgskj. 210 ræð eg hins vegar til að fella.

Út af því, sem hæstv. ráðherra sagði, að það hefði legið á að halda þennan fund, verð eg halda því gagnstæða fram. Það var alls engin ástæða til að halda nokkurn fund, með því að það átti að vera öllum fyrir fram vitanlegt, að kostirnir voru öldungis óboðlegir Íslendingum eftir millilandafrv. 1908. Sízt var ástæða til að halda fundinn svona snemma, þar sem hæstv. ráðherra fór ekki utan fyr en með vorinu. Og allra sízt var ástæða til að boða til fundar

með jafnstuttum fyrirvara; fundurinn var boðaður 4. Desember og haldinn 9. og 10. s. m. Liggur í augum uppi, að á þessum stutta tíma var ekki hægt að hafa tal af nógu mörgum þingmönnum til þess að komast fyrir afstöðu þingmeirihlutans til inna framboðnu kjara. Hvort fundurinn er kallaður flokksfundur eða ekki, skifti eg mér ekki af. Á honum voru 16 þingmenn, þar af voru allir úr »Sambandsflokknum« svo kallaða, nema tveir, Júlíus Havsteen og Kr. Jónsson, og þannig í rauninni allir af sama sauðahúsinu, því að mér er persónulega kunnugt um, að Kristján Jónsson hafði þegar 1911, nokkru fyrir kosningarnar, tekið vingjarnlega afstöðu til sambandsmálsins.

**Einar Jónsson:** Það sem meðal annars vakti fyrir mér, þegar eg bað um orðið í annað sinn, var að þakka hrósyrði þau sem eg hefi fengið.

Háttv. þm. Sfjk. (V. G.) var svo góður að gefa mér óbeinlínis skýringu á sjálfum sér. Og held eg, að eg sé nú farinn að skilja hann. Hann sagði: »Góð meining enga gerir stoð«, og tók sér þar í munn orð bezta sálmaskálds vors. Getur hann ekki verið hreinskilinn maður, er hann segir slíkt, og mun það vera rétt lýsing á háttv. þingmanninum að sumra manna áliti.

Annars furðar mig á því, að menn skuli segja, að ekkert hafi legið á þessu máli. Það lá einmitt á því að sýna, hvað í boði var, og fá álit sambandsmanna um það áður en hæstv. ráðherra færi aftur utan.

Eg get ekki verið sammála hv. þm. Sfjk. (V. G.), þar sem hann sagði, að sjálfsagt hefði verið að heyra báða flokkana, því þegar kunnugt er að andstæðingaflokkurinn segir »nei« hvernig sem það frumv. er lagað, sem komið er með um sambandsmálið, get eg því ekki séð ástæðu til að kveðja hann til ráðagerða um málið. Það var heldur ekki haft neitt á móti því að þessir þingmenn kæmu á fundinn. Þeir gátu komið, ef þeim sýndist svo, og talað það sem þeim þóknaðist. En það lá alls ekki á að heyra það, sem þeir sögðu, en það lá á að heyra álit þeirra manna, sem samninga vildu og höfðu falið ráðherra þetta mál.

**Bjarni Jónsson:** Eg ætlaði að eins að gera örstutta athugasemd. Sumir hafa haldið því fram, að rétt hafi verið að kalla ekki þá menn á fundinn, sem menn þóttust vita um, að segja mundu »nei« við hvaða boðum, sem »hann kæmi með«, eins og háttv. síðasti ræðumaður komst að orði. Mér finst þá sjálfsagt að rétt hefði verið að undanskilja líka þá menn, sem víst var um að segja mundu »já« við hverju sem »hann kæmi með«. Ef það hefði verið gert, hefði liðurinn, sem um er að ræða, orðið svo lítill, að ekki væri ástæða til að fárast um fjárhæðina; reyndar er það heldur ekki gert nú.

Að öðru leyti skal eg ekki ræða þetta meir, en vildi að eins taka fram, að úr því að hæstv. ráðherra ekki kvaddi til andstæðinga sína, hefði hann heldur ekki átt að kveðja þá til fundar, sem víst var um, að segja mundu »já«. Eg vil ekki þar með segja, að háttv. þm., sá er síðast talaði, sé einn af þeim.

ATKV.GR.:

Breytingartill. 225, 1 við 4. gr. samþ. með 18:2 atkv.

Breytingartill. 225, 2 við 5. gr. samþ. með 23 atkv. samhlj.

Breytingartill. 225, 3 við 6. gr. samþ. með 19 atkv. samhlj.

Breytingartill. 210 við 9. gr. feld með 15:5 atkv.

Breytingartill. 228 við 9. gr. samþ. með 13:5 atkv.

Frumvarpið í heild sinni samþ. með 22 atkv. samhlj.

Afgreitt til efri deildar.

---

FRUMVARP til laga um landssjóðsábyrgð á sparisjóðsfé og innlánsfé Landsbankans og útbúa hans og meðferð á varasjóði bankans (124); 3. umr.

**Framsögum. (Björn Kristjánsson):** Eg hefi ekki fyrir nefndarinnar hönd ástæðu til að ræða um þetta mál, en út af athugasemdum, sem komið hafa frá háttv. þm. S.-Þing. (P. J.), vildi eg gefa hér skýrslu. Hann sagði við 2. umr. málsins, að starfskostnaðurinn við bankann væri óhæfilega mikill, þar sem störfin við hann hefðu ekki aukist. Eg svaraði þessu þá þegar, en af því að eg hafði engin skjöl við hendina, vildi eg gefa ítarlegri upplýsingar við 3 umræðu.

Innheimta við Landsdankann, sem krefst mikilla starfskrafta, hefir aukist töluvert þessi síðustu ár.

Árið 1908 var innheimtufé 104,981 kr, árið 1909 kr. 82,897, árið 1910 kr. 176,226, árið 1911 kr. 266,571 og árið 1912 kr. 510,658.

Innheimtan hefir því fimmfaldast frá árinu 1908, og eins og eg tók fram áðan, krefst hún mikila starfskrafta. Enn fremur vil eg geta þess, að sparisjóðsfé og viðtökuskírteini voru árið 1908 2,744,870 kr., en 1912 2,831,016 kr. Þá var og árið 1909 bætt við veltuféð 2 miljónum króna með láni, sem auðvitað var lánað út, og dróg meiri starfskrafta með sér.

Umsetning bankans var árið 1908 26,780,000 krónur, en árið 1912 37,030,000 krónur. Það munar æði miklu. Kostnaðurinn var, eins og eg tók fram um daginn, árið 1909 kr. 49,996. Við það bætast laun bankastjóra og eftirlaun fyrverandi bankastjóra, sem til samans eru 10 þús. kr. Árið 1910 er kostnaðurinn töluvert hærri, enda var þá bankahúsið innréttað fyrir veðdeildina, sem við var bætt, kr. 8,645, sem eigi verður talið rekstrarkostnaðar, þó talið sé þar með. Auk þess var mikil aukavinna þetta ár, af ástæðum sem eg eigi vil gera að umtalsefni.

Á reikningnum 1911 er kostnaðurinn kr. 65,443. Liggur það meðal annars í kostnaði út af bankavaxtabréfum. Ekkju bókarans var veitt dálítil upphæð, þannig að hún var látin halda launum manns síns til ársloka, þótt hann dæi í September.

Árið 1912 var kostnaðurinn ekki nema 61,794 krónur. Hann hefir því lækkað, þrátt fyrir að velta bankans er langt um meiri það árið. Hún er kr. 37,030,000 í stað kr. 28,946,000 árið áður.

Getur maður því sagt, að kostnaðurinn sé einu og hálfu þúsundi minni en árið 1909, þó starfið hafi aukist svona mikið.

Loks vil eg geta þess, að veðdeildin var 1908 kr. 4,677,400 en 1912 kr. 6,596,800. Hefir því aukist um hér um bil 2 miliónir króna og skapar það bankanum ákaflega mikla vinnu.

Ennfremur vil eg minna á, *að það var aldrei venja að hafa bankann opinn á eftirmiðdögum.* Upp á því var tekið 1910 og eykur það starfið töluvert. Það er að segja starfsmönnunum verður minna úr störfum sínum, og vinnutíminn verður að vera lengri. Nú er skyldustarfstími Landsbankans 8 klst. hvern virkan dag, en Íslandsbanki ekki nema $5^1/_4$—$5^1/_2$ klst.

Út af því, sem um umboðsm. ráðh. (Kl. J.) sagði um daginn um hag Landsbankans gagnvart Landmandsbanken í

Kaupmannahöfn, ætla ég að gefa skýrslu um hann fyrir árið 1912.

Í blöðunum 1911 var Landsbankanum álasað mjög fyrir að eiga inni fé hjá Landmandsbanken. Inneignin stafar einkum af því, að veðdeildarafborganir greiðast í Október, Nóvember og Desember, en 2. Janúar eiga að innleysast öll útdregin bréf, sem liggja mest erlendis, og hálfs árs vextir af öllum veðdeildarlánum allra deildanna, og 2 milióna kr. láninu. Menn sjá líka af skýrslu, sem hér fer á eftir, að inneignin hjá Landmandsbanken hefir lækkað nálega um helming í Janúarmánuði:

Landmandsbanken.

| 1912. | | Landsbankinn. | Útbúin. | Debet. Kr. au. | Kredit. Kr. au. |
|---|---|---|---|---|---|
| Janúar 1. | til góða | kr. 558,308,02 | + 262,703,09 | 821011,11 | |
| Febr. 1. | til góða | | | 453715,06 | |
| Marz 1. | skuldaði | | | | 12932,87 |
| Apríl 1. | —— | | | | 83050,38 |
| Maí 1. | —— | | | | 230655,59 |
| Júní 1. | —— | | | | 366180,15 |
| Júlí 1. | —— | | | | 594814,02 |
| Ágúst 1. | —— | | | | 371419,01 |
| Sept. 1. | —— | | | | 345431,73 |
| Okt. 1. | —— | | | | 300484,34 |
| Nóv. 1. | —— | | | | 212431,20 |
| Des. 1. | til góða kr. | 445,579,19 | + 248,814,58 | 694,393,77 | |

En þrátt fyrir að bankinn á til góða, er honum ómögulegt að lána það fé út, heldur verður hann að láta það á vöxtu erlendis um tíma.

ATKV.GR.:
Frv. sþ. með 14:4 atkv.
Afgreitt til Ed.

---

FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr. 30, 16. Nóv. 1907, um lán úr landssjóði til byggingar íbúðarhúsa á prestssetrum landsins (213); 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKV.GR.:
Frv. sþ. með 20 shlj. atkv.
Afgreitt til Ed.

---

FRUMARP til laga um heimild til að selja hjáleiguna Mosfellsbringur í Mosfellssveit (173); 1. umr.

**Framsögum. (Björn Kristjánsson):** Eg hefi komið fram með þetta mál fyrir beiðni ábúandans á Mosfellsbringum. Sá sem býr þar nú, hefir búið þar í mörg ár og ræktað jörðina, sem var í eyði, er hann kom þangað. Var þar þá ekki annað en óræktar-bali í túns stað. Hefir hann nú óskað að fá kot þetta keypt, sem hann hefir sjálfur bygt hús á.

Út af ósk hans voru kvaddir menn til að meta jörðina og töldu þeir hana 6 hundruð. Virtu þeir jörðina á 1500 kr. en afgjaldið af henni er nú 60 kr. Mat þetta var staðfest með eiði 14. Des. 1911. Sýslunefnd hefir samþykt söluna að sínu leyti og látið í ljósi, að ekkert væri til fyrirstöðu að jörðin væri seld frá laganna hendi. Presturinn hefir sömuleiðis mælt með sölunni. Síðan var málið sent til stjórnarráðsins og neitaði það að selja jörðina, án þess að taka fram nokkrar ástæður fyrir neituninni.

Öll skjöl eru til sýnis fyrir væntan-

lega nefnd — ef málið fær að komast í nefnd.

Vil eg stinga upp á, að málinu verði að umr. loknum vísað til þjóðjarðasölunefndarinnar.

**Ráðherrann (H. H.):** Eg get get ekki skilið, að þetta mál eigi neitt erindi inn á þingið; mér virðist það eingöngu til þess að tefja tíma þingsins að ræða það. Fyrir mínum augum stendur þetta svo, sem ekkert vit sé í að fara nú að selja jörðina, því að hún er einmitt á þeim stað, sem járnbraut sú mundi liggja um, sem nú er verið að hugsa til að leggja. Stjórnin hefir neitað um sölu á jörðinni, því að hún er hluti af prestssetri og heyrir þess vegna ekki undir kirkjujarðar-sölulögin, og þó ekki væri svo, mundi hún hafa synjað af hinni ástæðunni, er eg nefndi.

**Framsögum. (Björn Kristjánsson):** Mér virðist að hæstv. ráðherra (H. H.) misskilji frumvarpið. Hér er ekki um það að ræða, að ákveða sölu jarðarinnar, heldur að gefa stjórninni heimild til þess að selja hana. Auðvitað getur stjórnin sett þau skilyrði, sem henni finst nægjandi til að salan komi ekkki í bág við járnbrautarlagninguna. Mér virðist auðsætt, að meðan þessi lög um þjóðjarðasölu standa, beri að láta þau ná jafnt til allra. Sérstaklega finst mér sanngjarnt, að þau fái að ná til þessa manns, sem hefir gert jörðinni svo mikið til góða. Hann hefir ræktað það sem ræktað er á jörðinni og auk þess á hann öll hús, sem á henni standa.

**Ráðherrann (H. H.):** Hv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) gat þess, að þessi bóndi ætti jafnréttiskröfu til þess að fá jörðina keypta eins og leiguliðar á þeim jörðum, sem falla undir þjóðjarðasölulögin og lögin um sölu kirkjujarða, eigi heimting á að fá ábýli sín keypt. Þetta er ekki svo, lögin um þjóðjarðasölu og sölu kirkjujarða eru engin skipun til stjórnarinnar, heldur eru þau heimildarlög með föstum takmörkunum. Í hverju einstöku tilfelli þarf að dæma um það, hvort rétt sé að selja jörð eða ekki; það hefir stjórnin gert, og henni finst ekki viturlegt að selja þessa jörð. Ef nú þingið samþykkir þetta frumv., þá væri það sama sem að skipa stjórninni að selja jörðina.

**Lárus H. Bjarnason:** Mér skilst sem hér sé blandað taman tvennu ólíku. Mér finst, að hér sé ekki um annað að ræða en það, hvort sett skuli nefnd í málið eða ekki. Það er ekki svo sem jörðin verði seld, þótt sett sé nefnd í málið. Nefndin er ekki sett til annars en að meta ástæður, sem mæla með og móti. Eg get ekki annað en litið svo á, sem rétt sé að setja nefnd í málið, þar sem skoðanirnar eru skiftar. Eg styð þess vegna uppástunguna um nefnd.

**Flutningsm. (Björn Kristjánsson):** Mér virðist ekki nokkur ástæða til annars en að selja jörðina; mér virðist ekkert mæla móti því Í raun og veru skipa þjóðjarða og kirkjujarðasölulögin stjórninni að selja jarðirnar þegar þau atriði eru ekki til fyrirstöðu, sem hindrað geti söluna, og talin eru upp í lögunum. Hitt er annað mál, að stjórnin getur sett þau skilyrði og það verð á jörðina, sem hún vill fyrir sölunni. Meðan þessi lög eru í gildi, ber stjórninni að selja jarðirnar þegar salan ríður á engan hátt í bág við þjóðjarðasölulögin. Annars geta menn orðið fyrir inu mesta misrétti.

**Pétur Jónsson:** Það er áreiðanlega misskilningur á lögunum, að þau skipi stjórninni að selja þjóðjarðirnar; lögin veita einungis heimild til þess að selja. Ef þetta frumv. heimilar stjórninni einungis það, sem hún hefir heimild til að lögum, þá hefir það ekkert að þýða, að vísa frumvarpinu til nefndar,

eða fleyta því lengra, nema menn vilji *skipa* stjórninni að selja jörðina. En skyldi vera ráðlegt að flýta sér að því einmitt þegar ráðgerð er járnbraut um þetta svæði innan skamms?

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umræðu með 14 atkv. gegn 4.

Samþykt að vísa því til þjóðjarðasölunefndar með 16 shlj. atkv.

---

FRUMVARP til laga um síldarleifar (175); 1. umr.

**Flutningsm. (Pétur Jónsson):** Þetta frumvarp er fram komið hér vegna tilmæla frá nokktum varpeigendum við Eyjafjörð. Þeir hafa kvartað í bréfi, sem lagt hefir verið fram á lestrarsalinn, yfir því, að leifar frá síldarbræðsluverksmiðjunum við Eyjafjörð geri mikla brá á sjónum, og setjist hún svo á fiðrið á æðarfuglinum svo það rotni af og fuglinn drepist unnvörpum. Eg get alls ekki rengt, að það sé rétt frá þessu skýrt, og eg hefi frá óvilhöllum mönnum sannar sögur um það, að þessi brá er stundum svo mikil, að rák sést eftir endilöngum Eyjafirði. Þetta frumv. er bygt á sama grundvelli og lögin um hvalaleifar, sem banna hvalaleifar á þeim stöðum, þar sem þær geta grandað skepnum manna. Eg vona að hv. deild sjái, að þetta getur verið æðarfuglinum hættulegt, og að minsta kosti er hættulaust að samþykkja frumvarpið, því það fer ekki fram á neitt, sem ósanngjarnt er.

Eg geri ráð fyrir að frumvarpinu verði vísað til nefndar, og vil eg þá stinga upp á að vísa því til fiskiveiðanefndarinnar.

**Guðmundur Eggerz:** Eg stend að eins upp til þess að benda á, að mér þykir þetta óþarft frumv. Þetta mál heyrir undir heilbrigðismál að nokkru leyti, og sama sem frumvarpið fer fram á, fengist, ef heilbrigðissamþykt væri samin og henni framfylgt.

Með leyfi hæstv. forseta vil eg lesa hér upp grein úr lögum um heilbrigðissamþyktir. Þar segir svo:

»Fyrir kaupstaði, verzlunarstaði, sem eru hreppar út af fyrir sig, og önnur hreppsfélög má gera heilbrigðissamþyktir«.

Ef nú heilbrigðissamþyktir ekki eru til fyrir þessa hreppa, sem hlut eiga að máli, má semja þær, og ef þeim er svo framfylgt, þá fæst það sama sem með þessum lögum. Á þetta vildi eg benda háttv. deild.

**Magnús Kristjánsson:** Það getur auðvitað verið heppilegt í mörgum tilfellum að setja reglur, er tryggja heilbrigðisástandið bæði hvað snertir menn og skepnur, en eg held að þetta frumvarp sé með öllu þýðingarlaust. Þetta frumv. mun vera fram komið fyrir tilhlutun nokkurra varpeigenda, en þeir eru oft óþarflega viðkvæmir fyrir ýmsum miður áreiðanlegum sögum um banatilræði við þessar uppáhaldsskepnur þeirra, æðarfuglinn. Eg tel það alveg ósannað mál, hvort þessi brá á sjónum, sem svo mikið hefir verið talað um, vinnur æðarfuglinum nokkurt tjón. Eg hefi athugað þetta nokkuð, en ekki orðið var við að svo væri. Ef til vill getur það komið fyrir með einstöku unga, en eg hygg að það geri fullorðnum fugli ekki neinn skaða.

Hér stendur svo á, að þessi síldarbræðsla var áður fljótandi, nefnilega úti á skipi, en nú er hún flutt í land, svo að þetta kemur nú miklu síður fyrir. Eg get fengið vitnisburð margra manna um að svo sé, sem eg segi, að tjón það sem sagt er að fuglinn hljóti af þessu, er að mestu ekki annað en hugarburður, og virðist mér því, að á meðan þetta sé ósannað, hvort fuglinn hafi skaða af

þessu, þá sé ekki rétt gert að leggja höft á þessar verksmiðjur eða þröngva kosti þeirra á nokkurn hátt. Nú hafa verið lagðar um 3 miliónir króna í þessar stofnanir og þær veita landinu talsverðar tekjur, sem munu fara vaxandi. Líka hafa þessar stofnanir gert það að verkum, að verð hefir hækkað til muna á þeirri síld, sem söltuð hefir verið, því að það er hvortveggja, að þær taka við allri skemdri og lélegri síld, svo ekki er saltað annað en góð vara, og annað hitt, að síðan þær tóku til starfa, hefir það ekki komið fyrir, að of mikið hafi borist að á markaðinn í einu af saltaðri síld, og það hefir auðvitað mikla þýðingu fyrir verðið. Eg tel það því mjög illa farið, ef þingið metur þessa umkvörtun nægilega til þess að gera eitthvað, sem sýnir að það vilji hefta þessa atvinnugrein.

**Stefán Stefánsson:** Hv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) talaði um, að hægt væri að fyrirbyggja, að leifar færi í sjóinn, með heilbrigðissamþykt. Þar til er því að svara, að heilbrigðissamþyktir eru óvíðast til nema þá í kauptúnum og sjóþorpum, enda ekki til á þeim stöðum, þar sem mest er um síldarbræðsluna, og þó ekki sé mikils vert að koma á heilbrigðissamþykt, þá er það engu léttara en að búa til lög, er að eins snerta þessar einstöku stofnanir, ef annars þingmenn játa nauðsynina til opinberra afskifta að þessu leyti.

Háttv. þm. Ak. (M. Kr.) sagði, að með þessu væri verksmiðjunum gert óþarflega erfitt, en eg hygg að svo sé alls ekki. Eg þykist sannfærður um, að síldarbræðslumenn gætu komið síldarleifunum frá sér á annan hátt en að kasta þeim í sjóinn; t. d. er mjög líklegt, að bændur mundu vilja kaupa leifar sem áburð, og yrði verksmiðjueigendum þá peningar úr þessum úrgangi, í staðinn fyrir að láta hann fara í sjóinn.

Hins vegar er töluverð reynsla fyrir því, að æðarfuglinn þolir ekki lýsisbrána, sem breiðist út á yfirborði sjávarins frá verksmiðjunum. Fitan festist í fjöðrunum og klistrar þær saman, svo að fuglinn getur ekki hreinsast. Af þessu leiðir, að æðarfuglinn finst dauður svo talsverðu nemur, einkum í námunda við þessar bræðslustöðvar. Eg get sem sagt ekki séð, hvernig þetta frumvarp getur skoðast til meins verksmiðjunum, þó að þeim sé með því gert að skyldu að fleygja ekki leifunum í sjóinn, þar sem vart er hugsanlegt, að ekki sé hægt að selja þær fyrir eitthvert lítið verð, þar sem vitanlega er töluvert fémæti í þeim til áburðar. Eg vona, að málið verði sett í nefnd og sting upp á að því verði vísað til sjávarútvegsnefndarinnar.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Þetta frumvarp er mjög viðsjárvert og ætti ekki að ganga fram í deildinni. Heilbrigðissamþyktir er hægt að gera alstaðar um heilsu *manna*, en hæpið mun, að þær geti náð til þess að vernda heilsu *æðarfugla*. Eg held líka, að hræðslan um tjón, það sem æðarfuglinn hafi af lýsisbrækjunni, sé hégilja ein. Eg er fæddur á prestssetri, þar sem var mikið æðarvarp (150 pd.), og hefi séð fugla synda með unga þar sem fult var af lýsisbrækju (eins og oft vill verða, þá er lýsi er brætt niður við sjó), án þess þeim yrði meint við það. Eg hefi líka horft á háa síldarbunka á Akureyri og rann úr þeim lýsið fram í sjóinn, og setti brá á hann, og var ekki að sjá sem fuglar, er þar voru á sundi, fældust eða yrði neitt flökurt. Og eitt er víst, að enginn mintist á þessa hættu fyrri en verksmiðjurnar komust á fót. Þá er fyrst hætta á ferðum.

Eg er ofur-hræddur um, að hér geri vart við sig vor ljóti, en, því miður, algengi þjóðlöstur: *öfundin*. Á henni bólar í hverri kotungssál, ef einhver atvinna gefur einhverjum góðan arð. Það er eins og enginn geti vitað, að annar hafi meira að bíta og brenna en hann sjálfur, *þó að* honum vegni vel. Og þessar kotungssálir finnast alt of víða meðal þjóðar vorrar — jafnvel á þingmannbekkjunum hér, eins og lýsir sér daglega, ef minst er á embættismenn, þótt á sveltilaunum lifi.

Það hlýðir ekki að Alþingi leggi höft á svo mikilsverðan atvinnuveg, þótt aldrei nema »almæli« sé á því, að vitni háttv. 1. þm. Eyf. (St. St.), að lítils háttar spjöll verði á æðarvarpi. »Almæli« er teygilegt orð; það getur þýtt sama sem fárra manna mál, og það getur líka verið hjátrú ein, það sem í almæli er. Alþingi má ekki hlaupa eftir slíku; Alþingi getur ekki tekið til greina annað en fulla sönnun. Það þyrfti að minsta kosti þingsvitni um málið. Eg skal ekkert fullyrða um nauðsyn þessa máls, en þær sannanir liggja ekki fyrir nú, að Alþingi geti tekið frumv. til greina.

**Fluningsm. (Pétur Jónsson):** Eg átti ekki von á því, að þetta litla frumv. mundi sæta svona miklum andmælum. Eg vil ekki eiga í þrætum um það á þessu stigi; vonast til að nefnd verði skipuð í það, og hún taki það til rólegrar íhugunar.

Það hefir verið talað um það, að ekki mundi þurfa lög um þetta efni, því að hægt væri að taka ákvæði um þetta upp í heilbrigðissamþyktir. En sé þetta efni svo lagað, að ákvæði um það megi taka upp í heilbrigðissamþykt, þar sem slíkt á við, þá mega sömu ákvæði líka gilda á öðrum stöðum, þar sem eins til hagar. Og þá sé eg ekkert á móti því, að setja um það almenn lög. Hitt atriðið, sem haft hefir verið á móti frumvarpinu, tel eg athugaverðara, sem sé það, að það kunni að aftra síldarbræðslunni. Einmitt þetta atriði bar eg undir mann, sem er málinu kunnugur, þótt ekki reki hann þessa atvinnu sjálfur, eg á við háttv. þm. Ak. (M. Kr.). Eg sýndi honum frumvarpið í smíðum, og áleit hann það áhættulaust og að það mundi enga verulega hindrun gera síldarbræðslunni, ef eg strykaði út eitt orð, og það gerði eg. Hér er ekki um annað en þann sjálfsagða hluta að ræða, að þessum síldbræðslustofnunum sé bannað að kasta í sjóinn eða annarstaðar leifum, sem skepnum geti orðið að grandi. Eg sé ekki, að hér sé um nokkur höft á þessum atvinnuvegi að ræða eða neitt meira en alment hreinlæti heimtar, enda skoðaði eg ummæli háttv. þm. Ak. (M. Kr.) ekki öðruvís en svo, en að hann varaði við því að ganga lengra en frumvarpið fer.

**Magnús Kristjánsson:** Eg get ekki neitað því, að háttv. flutningsm. (P. J.) bar undir mig, hvernig mér litist á þetta frumvarp. Hann hefir nú kannast við, að mér hafi þá þegar þótt það varhugavert, og álitið nauðsynlegt að breyta því nokkuð. Það er einmitt vegna þess að þessi breyting hefir ekki verið gerð í samræmi við mína tillögu, að eg verð að mæla eindregið móti frumvarpinu.

Háttv. 1. þm. Eyf. (St. St.) talaði um, að þetta frumv. kynni að verða hagur fyrir bændur, því að þeir mundu fá úrganginn fyrir lítið verð. Þetta er af ókunnugleika talað. Hér er um engar leifar eða úrgang að tala; alt er notað upp til agna, nema það, sem kann að síjast frá verksmiðjunum eða jafnvel veiðiskipunum sjálfum, sem ekki verður hjá komist. Ákvæði um þetta getur því verið hættulegt, þótt eg raunar óttist ekki, að því yrði beitt mjög stranglega.

Háttv. 1. þm. Eyf. (St. St.) sagði ennfremur, að það væri almæli, að ungar fyndust dauðir í hrönnum af þessari ástæðu. Aldrei hefi eg heyrt þetta, og er eg þó kunnugur, og þótt svo væri sagt, væri það ósatt. En því get eg ekki neitað, að fundist hafa *örfáir* ungar dauðir.

Eg skal svo ekki fjölyrða um þetta. Nefnd álít eg óþarfa, en mun þó ekki setja mig á móti því, að frumvarpinu verði vísað til sjávarútvegsnefndarinnar. Eg vona að háttv. deild sjái, að hér er um óþarfa lagasetning að ræða, sem gæti orðið nauðsynlegum atvinnurekstri til ógagns og á því ekki að ná fram að ganga.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 17 : 3 atkv.

Frumv. vísað til sjávarútvegsnefndarinnar með 13 shlj. atkv.

---

FRUMVARP til viðaukalaga við lög nr. 24, 9. Júlí 1909, um samþyktir um kornforðabúr til skepnufóðurs (190); 1. umr.

**Framsögum. (Pétur Jónsson):** Menn kannast við lögin um kornforðabúrssamþyktir, þau er samin voru á þinginu 1909. Þau veita að eins heimild til þess að stofna kornforðabúr, eftir því sem samkomulag fæst til í því eða því bygðarlagi. En lögin gera ekkert til þess að örva menn til að stofna slík kornforðabúr, með styrk úr landssjóði eða því um líku. Alt öðru máli er að gegna um lögin um heyforðabúr; það er með lögum ákveðið, að kostnað við þau skuli landssjóður borga að tilteknum hluta. Nú hefir oss nokkrum mönnum komið til hugar, hvort ekki væri hægt að örva menn upp til þess að tryggja sér kornforða, framar en nú á sér stað. Kornforðabúr eru enn mjög óvíða á komin; áhugi manna er ekki vaknaður í þeim efnum, jafnvel þótt Búnaðarfélag Íslands hafi stutt að stofnun þeirra og veitt til þeirra dálitinn styrk. Á hinn bóginn er mér kunnugt um það, að með vaxandi samkepni í verzlun og auknum vetrarferðum, þá eru verzlanir yfirleitt miklu ver birgar að korni síðari hluta vetrar, en áður var. Ef því skipaferðir einhverra orsaka vegna teppast, þá geta heil héruð orðið í hættu. Um þetta efni leyfi eg mér að skírskota til innar rækilegu ritgerðar Guðmundar landlæknis Björnssonar, sem nýlega er út komin; hefir hún fengið mikinn róm meðal manna og þótt orð í tíma talað. Það er alls ekki vel ástatt hér á landi, ef eitthvað ber út af um skipagöngur, og skepnufóður reynist ekki nægilegt. Þetta hefir oss nokkurum mönnum hér í deildinni komið til hugar að lagfæra mætti með lítilli uppörvun á þann hátt, að þar sem menn byndust samtökum um að tryggja sér korn, þótt ekki væri um bein forðabúr að ræða, t. d. semdu um það við kaupfélag eða kaupmann, að hafa nægilegt korn, þá veitti landssjóður dálitla aðstoð. Slíku skipulagi er nú að sögn verið að koma á í Eyjafjarðarsýslu, og liggur fyrir frv., er að því á að styðja. Með þessu frv. er farið fram á það, að hvar sem samþyktir eru gerðar í þessa átt, þá veiti landssjóður ofurlítinn styrk til þess. Eg hefi ekki beint lagt niður fyrir mér, hve miklu þetta mundi nema fyrir landssjóð. Ef landssjóður greiddi t. d. 80 aura fyrir hver 100 kgr. í þeim hluta fordans, sem ekki væri notaður, þá gæti ekki orðið um sérlega stóra upphæð að ræða fyrir landssjóð, en landsmönnum gæti orðið það til uppörvunar. Með 80 aurum fyrir 100 kgr.

yrði styrkur landssjóðs 4000 kr. fyrir 5000 tunnur.

Eg leyfi mér að mæla ið bezta með frv. Málið er svo einfalt, að eg álít ekki þörf á að athuga það í nefnd, enda gæti það orðið málinu til tafar, svo áliðið sem er þingtímann. Í raun og veru er líka sama sem málið hafi verið athugað í nefnd, þar sem það er framborið af nokkurum þingmönnum eftir rækilega íhugun.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

---

FRUMVARP til laga um lögskipaða endurskoðendur (193); 1. u m r.

**Framsögum. (Bjarni Jónsson):** Eg hefi borið fram þetta frv. af því að eg tel ótryggilegt fyrir almenning, að hlutafélög og sjóðir velji hina og þessa menn til að endurskoða reikninga sína, án þess að nokkuð sé litið til þess, hvort slíkir menn séu færir um að leysa verkið af höndum. Eg vil að þessir menn séu tilnefndir af stjórninni eða dómkvaddir. Eg býst við, að menn séu alment á sama máli sem eg um þetta. Vona eg að menn taki frumv. hlýlega. Nú með því að eg hefi haft nauman tíma til að semja frumvarpið og varð að hraða mér með það, áður varptíminn væri á enda, þá er ekki víst, að það sé svo úr garði gert sem bezt væri. Því leyfi eg mér að leggja til, að 5 manna nefnd sé valin í málið.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Till. um 5 manna nefnd sþ. með 16 shlj. atkv.

Kosnir í nefndina með hlutfallskosningu:

Pétur Jónsson
Jón Olafsson
Kristján Jónsson
Bjarni Jónsson
Ólafur Briem.

---

FRUMVARP til laga um gjafasjóð Jóns Sigurðssonar handa fátækum í Eyjafjarðarsýslu (140); 1. u m r.

**Flutningsm. (Stefán Stefánsson):** Það eru nú liðin rúm 80 ár síðan Jón Sigurðsson á Böggvisstöðum í Svarfaðardal gaf þessa höfðinglegu gjöf, sem nú er orðin nær því 55 þús. kr. Gjöfin var gefin í því skyni, að fyrirbyggja hungursneyð eða manndauða af hallæri í Eyjafjarðarsýslu. En gjafabréfið er þannig orðað, að ekki er hægt að grípa til gjafarinnar eða gera eiginlega nokkrar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir almenna neyð, sem leiðir af harðæri, fyr en allar bjargir eru bannaðar og orðið um seinan.

Þessu til sönnunar skal eg með leyfi háttv. forseta lesa upp nokkur orð úr gjafabréfinu. Það er er einmitt sá kaflinn, sem þetta frv. fer fram á að breyta. Hann hljóðar svo:

»En þó að legatið svoleiðis sé lagt til amtsfátækrakassans, og standi undir stjórn amtmanns (og amtsprófasts) skal þó einasta Eyjafjarðarsýsla njóta góðs þar af í almennum neyðartilfellum á þann hátt, að ársrentum höfuðstólsins eða ársafgjaldi skal þá verja til að koma fátækustu eða nauðstöddustu hreppum eða sveitum sýslunnar til hjálpar með innkaupi matarvöru í stórum almennum harðindum (hallæri) þegar liggur við manndauða, alt eftir amtmanns (og amtsprófasts) ákvörðun og ráðstöfun«.

Hér er beinlínis það ákvæði, að ekki megi taka af vöxtum sjóðsins nema við

hallæri og hungurdauða liggi. En nú eru þeir tímar komnir, að naumast getur orðið hallæri á Norðurlandi, nema með því eina móti að ís leggist svo að landinu að allar samgöngur tefjist um langan tíma. Sé bókstaf gjafabréfsins fylgt, geta því engin not orðið að sjóðnum, þó að mjög mikið liggi við, og með því móti getur hugsun gefandans ekki komist í framkvæmd.

Nú í vetur var málið til meðferðar á sýslufundi í Eyjafjarðarsýslu og var þar kosin þriggja manna nefnd til þess að undirbúa málið fyrir þingmálafundi og jafnvel fyrir n. k. sýslufund.

Nefndin skrifaði all-ítarlegt nefndarálit og beindi því til þingmálafunda í sýslunni, að skora á Alþingi að hlutast til um, að þessu ákvæði gjafabréfsins yrði breytt. Það kann að mega deila um það, hvort hér sé réttri aðferð beitt til þess að fá gjafabréfinu breytt, því nokkrir munu líta svo á, að réttara hefði verið að fara umboðs-leiðina. En þingmálafundir tóku nú þessa stefnu og því hefi eg leyft mér að flytja málið í þessu formi.

Eg skil ekki að þingið sem slíkt geti haft nokkuð sérstakt á móti þessari breytingu, sem farið er fram á, einkum þegar þess er gætt, að tilgangur gjafabréfsins er augljós, og honum á í rauninni ekkert að breyta, heldur laga hann eftir þeim kringumstæðum sem nú eru.

Eg vil leyfa mér að leggja það til, að þegar umræðunni er lokið, verði 5 manna nefnd sett í málið, hvaða leið sem hún leggur svo til að farin verði, hvort hún vill leggja til að málið fái að halda áfram í þessu formi, eða henni finst æskilegra að samþykt verði þingsályktunartillaga að skora á stjórnina að breyta gjafabréfinu að þessu leyti og fá þannig konungsstaðfestingu. Eg fyrir mitt leyti legg enga sérstaka áherzlu á það, en tel hins vegar þessa leiðina, löggjafarleiðina, fult eins tiltækilega, þó að sumir kunni að líta svo á, að umboðsleiðin sé heppilegi.

**Ráðherrann (H. H.):** Eg vildi að eins taka það fram, að eg er í engum vafa um, að löggjafarvaldið getur sett lög um þetta efni. Geti »administrationin« það líka, þá er hitt enn vissara, að þingið getur það. Það er að ýmsu leyti umsvifameira að breyta reglugerðinni og senda hana síðan til konungsstaðfestingar, heldur en að fara þessa leiðina. Eg álít rétt að verða við þessari ósk. Hún er fullkomlega í samræmi við vilja gefandans. Ef hann hefði lifað nú, mundi hann ekki hafa orðað gjafabréfið eins og gert er, eftir þeim kringumstæðum sem nú eru.

Eg sé enga ástæðu til að setja málið í nefnd.

**Magnús Kristjánsson:** Eg þarf ekki að eyða orðum að því, hvort þörf er á, að breyta skipulagsskrá sjóðsins eða ekki. Mér finst það liggja svo í augum uppi, að það verður að gera, ef gjöfin á að ná tilgangi sínum. Eg vildi að eins taka það fram, að mig furðar stórlega á því að háttv. flutnm. (St. St.) skuli hafa orðað frumvarpið eins og hann hefir gert. Mig furðar og engu síður á því, að hann skuli ekki hafa gert mér vitanlegt, að hann hefði í hyggju að koma með þetta mál inn á þingið, þar sem mitt kjördæmi á hér hlut að máli, engu síður en hans. Þó að Akureyri sé nú fráskilin sýslunni, þá var hún partur af henni þegar gjafabréfið var samið, og ætti því að verða aðnjótandi styrks af sjóðnum, ef á þyrfti að halda. Eg mun koma fram með breytingartillögu við frumvarpið, sem fer í þessa átt. Eg tek þetta fram að

eins til þess, að mönnum skuli ekki koma það á óvart, er frumvarpið kemur fram í breyttri mynd.

**Flutningsm. (Stefán Stefánsson):** Hvað það snertir að ekki sé þörf á að setja málið í nefnd, þá get eg ekki fallist á það. Mér virðist full þörf á henni, þó að ekki væri nema vegna formsins, þar sem það orkar tvímælis, hvaða leið er heppilegast að fara til þess að fá gjafabréfinu breytt. Ummæli háttv. síðasta ræðumanns (M. Kr.) gera það og ekki ósennilegt, að tryggilegra sé að hafa nefnd. Hins vegar skil eg ekki að hv. þm. hafi ekki búist við því að þetta mál kæmi fyrir þingið, þar sem það lá fyrir til umræðu og sama tillagan samþykt á öllum þingmálafundum í sýslunni og sýslufundurinn, þar sem það var til meðferðar, var einmitt haldinn á Akureyri. Eg held þess vegna að því verði ekki dróttað að mér með réttu, að eg hafi farið á bak við þingmanninn með þetta mál. Það er líka nægur tími enn fyrir hann að koma fram breytingartillögur í þá átt, er hann gat um, og býst eg við að geta verið með þeim viðauka á frumvarpinu, þegar eg hefi kynt mér málið enn nánara. En það er einkennilegt, að á öllum þeim fundum — sýslufundi og þingmálafundum — þar sem þetta mál var rætt og athugað, kom aldrei neitt til tals um þetta atriði, sem hann vakti máls á, en með því er auðvitað ekkert um það sagt, hvort bæjarfélaginu ber ekki sami réttur og sýslunni. — Af þeim ástæðum, sem eg hefi greint, get eg ekki fallið frá nefndinni.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Eg tek ekki til máls fyrir það, að eg hafi ið minsta á móti efni frumvarpsins. Eg vildi að eins ámæla háttv. flutnm. (St. St.) fyrir það, að koma með þetta mál hingað inn á *Alþingi*, því að það er ekki til annars en að eyða tíma þingsins. Þetta er konungsúrskurður, sem *má* breyta og *á* að breyta með konungsúrskurði. Eg heyrði, að stjórnin er fús til að gera þetta, enda ætti það ekki sízt að vera áhugamál þingmanni Eyfirðinga að fá þessu framgengt. Þingmenn hafa nóg að gera, þó að þeir eyði ekki tímanum við það sem ekki *þarf* að gera.

**Flutningsm. (Stefán Stefánsson):** Viðvíkjandi því sem hv. síðasti ræðum. (J. Ól.) sagði, skal eg geta þess, að eg hefi áður orðið var við slíkt álit. Og vegna þess var það, að eg fekk málið tekið út af dagskrá fyrir fáum dögum. En vegna álits hæstv. ráðherra hefi eg óskað að það væri tekið á dagskrá aftur. Eg læt þingið um að skera úr, hvor þeirra hefir réttara fyrir sér, hv. ráðherra eða hv. þm. S.-Múl. (J. Ól.).

**Kristinn Daníelsson:** Það er að eins örstutt athugasemd. Eg vil leyfa mér að styðja það að málið verði sett í nefnd. Ekki fyrir það, að málið sé ekki nokkurn veginn ljóst, heldur finst mér alt af varhugavert að breyta síðasta vilja manna í dánargjöfum. Það getur skapað ilt fordæmi ef þessu verður flaustrað af. Eg er á annari skoðun en háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) að málið sé ófyrirsynju komið inn á þingið, eg álít þvert á móti aldrei of varlega farið, þegar verið er að breyta síðasta vilja látinna manna.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Það er út af því sem háttv. flutn.m. (St. St.) sagði síðast, að eg tek til máls. Eg tók grant eftir orðum hæstv. ráðherra, og hann sagði, að hægt væri að breyta gjafabréfi með konungsúrskurði. *(Lárus H. Bjarnason:* Það er líka nýtt fordæmi fyrir því. Gjafabréfi Hannesar heitins Árnasonar var breytt þannig).

ATKV.GR.:

Vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Samþ. að kjósa 5 manna nefnd með 17:3 atkv., og voru kosnir með hlutfallskosningu:

Stefán Stefánsson
Guðmundur Eggerz
Magnús Kristjánsson
Kristinn Daníelsson
Þorleifur Jónsson.

---

Forseti skaut því undir atkvæði deildarinnar, hvort fundur skyldi falla niður næsta dag.

ATKV.GR.:

Var það samþ. með 13:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Halldór Steinsson |
| Jón Jónsson | Kristinn Daníelss. |
| Björn Kristjánsson | Kristján Jónsson |
| Guðmundur Eggerz | Lárus H. Bjarnason |
| Hannes Hafstein | Ólafur Briem |
| Jóh. Jóhannesson | Sig. Sigurðsson |
| Jón Ólafsson | Stefán Stefánsson |
| Magnús Kristjánss. | Tryggvi Bjarnason |
| Matthías Ólafsson | Valtýr Guðmundss. |
| Skúli Thoroddsen | |

Jón Magnússon, Pétur Jónsson og Þorleifur Jónsson, greiddu ekki atkv. og voru taldið með meiri hluta. Þrir þingmenn ekki viðstaddir.

Fundi slitið.

---

## 25. fundur.

Mánudag 4. Ágúst 1913, kl. 12 á hád.

Dagskrá:

1. Frv. til laga um fasteignaskatt (221); 3. umr.
2. Frv. til laga um tekjuskatt (222); 3. umr.
3. Frv. til laga um skattanefndir (223); 3. umr.
4. Frv. til laga um jarðamat (stj.frv., n. 183, 233, 234); 2. umr.
5. Frv. til laga um laun hreppstjóra (stj.frv., n. 184); 2. umr.
6. Frv. til laga um verðlag (stj.frv., n. 186); 2. umr.
7. Frv. til laga um breyting á þeim tíma, er manntalsþing skulu háð (stj.frv., n. 185); 2. umr.
8. Frv. til laga um breyting á lögum um vörutoll 22. Okt. 1912 (stj.frv., n. 164); 2. umr.
9. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 26, 11. Júlí 1911, um skoðun á síld (115, n. 216); 2. umr.
10. Frv. til laga um stimpilgjald (168); 2. umr.
11. Frv. til laga um viðauka og breyting á lögum um aðflutningsbann á áfengi nr. 44, 30. Júlí 1909 (177, 229, 235); 2. umr.

---

Allir á fundi.

Fundarbók síðasta fundar lesin upp, samþykt og staðfest.

Forseti skýrði frá, að frá efri deild hefði borist:

1. Frv. til laga um friðun fugla og eggja (þgskj. 241).
2. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 39, 10. Nóv. 1903, um leynilegar kosningar og hlutfallskosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum (þgskj. 242)

ásamt tilmælum um, að þau yrðu lögð fyrir Nd.

Forseti tilkynti, að nefnd, sú sem kosin var til þess að íhuga frv. til laga um Gjafasjóðs Jóns Sigurðsson handa fátækum í Eyjafjarðarsýslu, hefði kosið sér formann Magnús Kristjánsson og skrifara Stefán Stefánsson.

Forseti skyrði frá, að sent hefði verið

til þingmanna laugardaginn 2. Ágúst og útbýtt aftur á fundinum:

1. Breyt.till. við frv. til laga um jarðmat. Flutnm.: Þorleifur Jónsson og Stefán Stefánsson (233).
2. Breyt.till. við frumv. til laga um viðauka og breyting á lögum um aðflutningsbann á áfengi nr. 44, 30. Júlí 1909. Flutnm.: Jón Olafsson og Sig. Sigurðsson (235).

Forseti skýrði frá, að auk þess hefði verið útbýtt í deildinni:

1. Frv. til laga um breyting á og viðauka við lög 22. Nóv. 1907, um bæjarstjórn í Hafnarfirði. Flutnm.: Kristinn Daníelsson og Björn Kristjánsson (243).
2. Frv. til laga um heimild fyrir landstjórnina til að selja prestinum að Kolfreyjustað landspildu í Innri Skálavík. Flutnm.: Jón Ólafsson og Guðm. Eggerz.
3. Frv. til laga um friðun fugla og eggja. Eftir 3. umr. í Ed. (240).
4. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 39, 10. Nóv. 1903, um leynilegar kosningar og hlutfallskosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum. Eftir 3. umr. í Ed. (242).
5. Nefndaráliti um frumv. til laga um umboð þjóðjarða (246).
6. Nefndaráliti um frumv. til laga um hvalveiðamenn (232).
7. Nefndaráliti um frumv. til laga um rafveitu fyrir Seyðisfjarðarkaupstað (244).
8. Nefndaráliti um frumv. til laga um girðingar (258).
9. Viðaukatill. við við breytingartill. á þskj. 221. Frá nefndinni í Landsbankamálinu (254).
10. Breyt.till. við frumv. til laga um viðauka og breyting á lögum um aðflutningsbann á áfengi. Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi (261).
11. Breyt.till. við frv. til laga um fasteignaskatt. Frá Ólafi Briem og Jóni Magnússyni (260).
12. Breyt.till. við frv. til laga um girðingar. Frá landbúnaðarnefndinni (257).
13. Nefndaráliti um frumv. til laga um samþyktir um hringnótaveiði. Frá meiri og minni hlutanum (250).

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið frá Ed.:

1. Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1912 og 1913. Eftir 3. umr. í Nd. (238).
2. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 30, 16. Nóv. 1907, um lán úr landssjóði til byggingar íbúðarhúsa á prestssetrum landsins. Eftir 3. umr. í Nd. (240).
3. Frv. til laga um landssjóðsábyrgð á sparisjóðsfé og innlánsfé Landsbankans og útbúa hans og um meðferð á varasjóði bankans. Eftir 3. umr. í Nd. (239).
4. Frv. til siglingalaga. Eftir 2. umr. í Ed. (247).
5. Frumv. til landskiftalaga. Eftir 2. umr. í Ed. (248).
6. Breyt.till. við frv. til laga um sparisjóði. Frá nefndinni (256).
7. Breyt.till. við frumv. til laga um breyting á lögum 22. Okt. 1912 um ritsíma- og talsíma-kerfi Íslands. Frá nefndinni (252).
8. Breyt.till. við frv. til laga um sparisjóði. Frá Jóni Jónatanssyni, Jósef Björnssyni og Sig. Eggerz (255).
9. Nefndaráliti um frumv. til laga um sjódóma og réttarfar í sjómálum (249).
10. Nefndaráliti um frumv. til laga um breyting á 1. gr. laga um vitagjald frá 11. Júlí 1911 (245).
11. Nefndaráliti um frumv. til laga um breyting á og viðauka við tilskipun 15. Ágúst 1832, 15. gr. Frá meiri og minni hluta (236).
12. Nefndaráliti um frumv. til laga um

breyting á lögum 22. Okt. 1912, um ritsíma- og talsíma-kerfi Íslands (253).

13. Framhalds-nefndaráliti við frv. til laga um breyting á lögum nr. 30, 16. Nóv. 1907, um lán úr landssjóði til byggingar íbúðarhúsa á prestssetrum landsins (251).

Forseti skýrði frá, að lagt hefði verið fram á lestrarsal:

1. Erindi um launaviðbót frá Sæm. Bjarnhéðinssyni prófessor.
2. Eftirrit af bréfi hreppsnefndaroddvitans í Hvanneyrarhreppi í Eyjafirði til stjórnarráðsins, þar sem hann óskar:
   1. Að símalínan frá Sauðárkróki til Siglufjarðar verði tekin upp í 1. flokk, og að Hvanneyrarhreppi verði endurgoldið það tillag, sem hann hefir lagt til lagningar línunnar.
   2. Að stöðin í Siglufirði verði gerð að 1. flokks stöð og öll starfræksla hennar goldin af tekjum símans.
3. Símskeyti frá borgarafundi á Ísafirði, sem skorar á Alþingi að samþykkja ekki frumvarp um heimild fyrir veðdeild Landsbankans til að skoða veð sín á vissu árabili á kostnað lántakanda.
4. Erindi frá Ágúst Helgasyni í Birtingarholti, fyrir hönd fleiri Árnesinga, um 60.000 kr. lán úr viðlagasjóði, til að veita Þjórsá yfir Skeiðin (1. flgskj.).
5. Erindi frá sýslumanninum í Gullbringu og Kjósarsýslu fyrir hönd sýslunefndar, þar sem skorar á Alþingi að fella frumv. til laga um að leggja jarðirnar Bústaði og Skildinganes undir lögsagnarumdæmi og bæjarfélag Reykjavíkur (2 flgskj.).

---

FRUMVARP til laga um fasteignarskatt (221, 260); 3. umr.

**Framsögum. meiri hl. (Ólafur Briem):** Það hefir að eins breyt.till. komið fram við þetta frv. frá formanni skattanefndarinnar og mér. Hún er á þgskj. 260 og hljóðar svo:

»Landssjóður telst eigandi allra prestakallaeigna og kirknaeigna annara en bændakirkna«.

Þessi breyt.till. er fram komin vegna orða, sem féllu við 2. umr. þessa máls hjá háttv. 2. þm. Rang. (E. P.). Hann taldi tvímæli á því, á hverjum hvíldi sú skylda að borga fasteignaskatt af jörðum prestakalla. Nefndin hafði ekki tekið þetta atriði sérstaklega til athugunar og lét ekkert í ljós um það í nefndarálitinu. En hæstv. ráðherra gaf þá skýringu við 2. umr., að prestar ættu ekki að greiða þetta gjald, heldur prestlaunasjóður, eða réttara sagt landssjóður, því að prestlaunasjóðurinn er borinn uppi af landssjóði, að því leyti sem hann ber þær byrðar, sem á prestlaunasjóði hvíla, en hann er ekki fær um að bera. Jafnvel þótt þessi skýring hæstv. ráðherra hefði ef til vill verið nægileg, þótti okkur flutningsmönnunum rétt að taka þetta fram í lögunum.

Um frumvarpið sjálft hefi eg fyrir hönd nefndarinnar ekkert að segja. Það er í eðli sínu laust við að vera sérmál nokkurrar stéttar, og það er ekki einu sinni sérmál þessa lands, heldur er það alþjóðamál. Það hefir verið lögð mikil stund á það á síðari árum víðsvegar um heim, að laga skattafyrirkomulagið. Norðmenn hafa til dæmis sett fjölmenna og vel skipaða nefnd til að rannsaka þetta málefni. Nefndin var skipuð 1899 og álit hennar prentað 1904. Því fylgja stór skjöl og álit frá ýmsum stjórnmálamönnum sem svör upp á margvíslegar spurningar, sem nefndin hafði lagt fyrir þá. Skýrsla þessarar nefndar hefir ver-

ið höfð að fyrirmynd hjá öðrum þjóðum, þar á meðal hjá Dönum, og eins hefir verið gert hér, því að hún hefir haft mjög svo mikil áhrif á tillögur milliþinganefndarinnar 1907.

Vitaskuld má segja, að hér sé ekki um neitt stórmál að ræða fyrir okkur, þegar hafðar eru fyrir augum þær tekjur, sem landssjóður hefir af skattinum, hvort sem miðað er við tekjurnar eftir gildandi lögum, eða við það sem þær yrðu eftir þessu frumv. Það munar sáralitlu, og yfir höfuð eru þær tekjur litlar í samanburði við aðrar tekjur landssjóðs. En það er um stórmál að ræða að hinu leytinu, að grundvöllurinn undir lagasetningunni sé réttur. Og það verður nefndin, og þeir sem nú eiga sæti á þingi og voru í skattamálanefndinni, að leggja áherzlu á. Nefndin ber þar ekki einungis fyrir sig sitt álit, heldur og álit þessara útlendu hagfræðinga, sem mikið hafa fjallað um málið.

Eg sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um málið fyr en mótmæli eru komin fram.

**Eggert Pálsson:** Eins og háttv. þingdeildarmenn rekur minni til, greiddi eg atkvæði með því við 2. umr. þessa máls, að það fengi að ganga til 3. umr. En eg tók það jafnframt skýrt fram, að atkvæði mitt væri þrátt fyrir það óbundið við 3. umr. Orsökin til þess að eg greiddi frumv. atkvæði við 2. umr. var sú, að það kom þá fram sú grunsemd, að gera ætti málið að flokksmáli frá hálfu vor heimastjórnarmanna, og einn ræðumaður lét jafnvel það sér um munn fara, að heimastjórnarþingmaðurinn, sem var einn í meiri hluta nefndarinnar, hefði verið sendur heim til þess að fá málið með því drepið. Slíkar aðdróttanir hér í þingsalnum eru, eins og allir sjá, ósæmilegar og með öllu ástæðulausar. Það hlýtur að liggja í augum uppi, að það er óeðlilegt og heimskulegt að gera þetta mál að flokksmáli. Eftir eðli sínu snertir það alla flokka jafnt og legst ekki þyngra á einn flokk öðrum fremur. Yfir höfuð ganga öll skattamál jafnt yfir alla flokka, og af því leiðir, að menn úr hvaða flokki sem er hljóta ýmist að vera með eða móti.

Hvað upptök málsins snertir, er heldur engin ástæða til að gera það að flokksmáli að mínu áliti. Þótt svo væri, að heimastjórnarflokkurinn vildi stjórnina feiga, sem ekki er ástæða til að ætla að svo stöddu, þá væri ekki rétt að beinast að stjórninni fyrir það þótt hún tæki þetta frumv. upp, enda mundi flokkurinn, ef hann sem slíkur endilega vildi fella stjórnina, hafa valið sér annan veg til þess.

Frumvarpið er eins og allir vita gamalt, samið af milliþinganefnd fyrir mörgum árum, og er ekki hægt að kenna stjórninni um ina fyrstu framkomu þess. En þegar þessar aðdróttanir um að heimastjórnarmenn legðust á móti frumvarpinu, af því að það væri stjórnarfrumvarp, komu fram við síðustu umræðu, þá vildi eg sýna fram á, hversu rakalaúsar þær væru, með því að greiða þá sjálfur atkvæði með frumvarpinu í fjærveru heimastjórnarnefndarmannsins. En það var þó ekki það eitt, sem réð atkvæði mínu, því að eg finn, að málið hefir við mikil rök að styðjast. Eg er alls ekki viss um, nema þjóðin fallist á að það sé rétt, sem liggur til grundvallar fyrir þessu máli, þegar hún hefir fengið að athuga það. En málið er ekki nógu vel athugað af þjóðarinnar hálfu enn, því að þó að það kæmi fram 1908 og hafi verið útbýtt meðal þjóðarinnar, þá er það víst, að stjórnin þá vildi ekki taka það upp og lagði það til hliðar, svo að þjóðin taldi það sama sem dautt mál, sem ekki þyrfti neinnar

frekari athugunar við. Eg tel því að málið sé algerlega óundirbúið fyrir þjóðina nú. Að það kæmi fram á þessu þessu þingi, álít eg ekki nema gott, en eg vil ekki að það verði afgreitt nú sem lög, til þess að þjóðin fái tækifæri til að átta sig á því og segja sína skoðun á því. Og ef hún skyldi við athugun hallast að þeirri stefnu, sem liggur til grundvallar fyrir frumvarpinu, þá mun það verða tekið upp innan skamms og þá máske á næsta þingi, og þá ekki einungis þetta mál, heldur og inir aðrir dilkar þess, því að eg álít að ekki sé minni þörf á að útvega sýslusjóðum og sveitarsjóðum tekjur heldur en landssjóði. Auðvitað er ævinlega full þörf á tekjuauka fyrir landssjóðinn, en eg álít þörfina ekki svo afarbrýna nú sem stendur, að ástæða sé til að skella beri þessum nýju sköttum á þjóðina alveg fornspurða í viðbót við vörutollslögin, sem samþykt voru á síðasta þingi. Eg tel þjóðina alveg fornspurða í þessu máli, þó að frumv. hafi komið fram áður, þegar þeirri framkomu var svo háttað, að þjóðin gat ekki búist við að það yrði samþykt sem lög. Eg myndi samt sem áður greiða frumv. atkvæði einnig við þessa umræðu, ef eg hefði tryggingu fyrir því, að það færi samt sem áður ekki út úr þinginu í þetta skifti, því ekki mundi málið hafa nema gott af því að vera athugað sem bezt og þá einnig af háttv. Ed. En eins og sakir standa, mun eg þó nú greiða atkv. á móti frumv., og vona eg að menn lái mér það ekki. Því að ef frumv. yrði samþykt hér í deildinni, mætti búast við að það næði líka samþykki Ed. Þess vegna þori eg ekki að greiða því atkvæði að þessu sinni.

Eg skal að vísu játa það, að breyt.till. á þgskj. 260 bætir frumv. mikið í mínum augum, ef hún verður samþykt, en samt sem áður getur hún ekki haft þau áhrif, að eg þori að taka á mig ábyrgðina af því að frumv. verði nú samþykt sem lög að þjóðinni fornspurðri. Því verði frv. samþykt — er ekki svo hægt um vik að snúa til baka, þótt þjóðin verði óánægð með þessi lög. Því er ekki eins háttað og um einföld tolllög, sem alt af má aftur afnema. Það má segja um þetta frumv. eins og margt fleira, að geymt er ekki gleymt, og þess vegna er frumv. enginn aldurtili skapaður, þó að það verði ekki gert að lögum nú á þessu þingi.

**Framsögum. minni hl. (Kristinn Daníelsson):** Af því að eg telst framsögumaður í þessu máli, stend eg upp til þess að kveðja það nokkrum orðum áður en það fer út úr deildinni, hvort sem það verður felt eða samþykt. Eg skal gefa sama loforð og háttv. framsögum. meiri hlutans (Ól. Br.) um að fara ekki út í einstök atriði. Frumv. var rækilega rætt við 2. umr. og eg hefi ekkert nýtt fram að færa. Eg vil að eins undirstryka það sem eg sagði þá, að frumv. mun vera á móti vilja þjóðarinnar, og eg býst við að þing og stjórn fengi óþökk fyrir að leiða það í lög. Menn munu segja, að hér standi ástæður á móti ástæðum, og eg skal ekki lítilsvirða þær ástæður, sem háttv. framsögum. meiri hlutans (Ól. Br.) bar fram. Það kann að mega segja, að þjóðin vilji aldrei neinar nýjar álögur, en eg held þó, að eg hafi fært nægar sannanir fyrir því, að það sé ekki rétt. En það er heldur ekki rétt, að leggja nýja skatta á þá, sem þegar hvílir á þungur skattur, eins og t. d. marga húseigendur. Hvað einstök atriði snertir, vil eg sérstaklega undirstryka þetta atriði, því að það hlýtur að vera óréttlátt að leggja skatta á veðskuldir. Og

þetta atriði eitt hygg eg að nægja muni til þess að þingmönnum verði erfitt að gera kjósendum sínum skiljanlegt, hvers vegna þeim væru bundnar svo þungar byrðar.

Eg ætla að minnast stuttlega á breyt.-till. á þgskj. 260. Það er auðskilið, hvernig á framkomu þessarar breyt.till. stendur. Flutningsmennirnir hafa viljað taka af tvímæli um það, að prestar, sem taka upp í laun sín tekjur af prestssetrum og eignum þeirra, skuli ekki greiða skatt af þeim eignum. Eg get látið mér vel líka, að þessi breyt.till. er komin fram, og aðalefni hennar, að vilja tryggja prestana fyrir óeðlilegri kvöð, en aldrei hefir mér dottið í hug að álíta þetta aðalgallann á lögunum. Hygg eg líka, að kjósendur myndu álíta það hlálegt, að létta að eins af prestunum þessari byrði, sem farið er fram á í frumv. stjórnarinnar.

Annað líkar mér heldur ekki, og það er orðalagið á breyt.till.: »Landssjóður telst eigandi allra prestakallaeigna og kirkjueigna, annara en bændakirkna«. Með því er eins og verið sé að slá fastri þeirri skoðun, að landssjóður eigi allar kirkjueignir. Menn eru alls ekki á einni skoðun um það mál enn þá og finst mér því ekki rétt að við hafa orðalag, sem gefi í skyn, að þessu sé nú slegið föstu. Þessi breyt.till. er líka að eins fram komin til þess að undanskilja prestana þessum skatti, en ekki til hins, að segja neitt um, hver eigi kirkjueignirnar. Kann eg því illa við að orða þetta svona. Mætti vel orða það þannig að eins, að prestakallaeignir og kirkjueignir væru undanskildar þessum skatti. Ef málið skyldi fara lengra, mætti líka laga þetta síðar.

Háttv. 2. þm. Rangv. (E. P.) mintist á þá aðdróttun, að verið sé að reyna að fella þessi lög til miska við stjórnina. Eg teldi það í alla staði óeðlilegt og órétt að beita slíkri aðferð í jafnmikilsverðu máli og þessu.

**Lárus H. Bjarnason:** Eg þykist ekki geta látið jafnmikið mál alveg afskiftalaust, enda þó að viðbúið sé, að einhver rökþrota meðmælandi frumv. núi mér því um nasir, að eg tali fyrir kjósendur, svo sem sumum er gjarnt að gera, ef ekki er dansað eftir nótum.

Við 2. umr. var gert alt of lítið úr agnúunum, sem á frumvarpinu eru, en of mikið til þess að gylla það frá sjónarmiði bænda. Hefi eg reynt að kynna mér málið eins og mér hefir verið unt, og skal nú með fáum orðum reyna að færa nýnefndum orðum mínum stað.

Fyrst vil eg líta á, hvaða áhrif frumvarpið hefði á hag *sjávar*manna, og taka dæmi því til skýringar. Því að dæmi skýra mál oft betur en langar ræður. Eg tek til dæmis kaupstaðaborgara, sem á hús virt á 5000 kr. Á húsinu hvílir þinglesin veðskuld að nafninu til 4000 kr., en þó í rauninni ekki nema 2000 kr. Eg læt húsinu fylgja 1100 □ ál. lóð, met lóðina á 1000 kr. og geri ráð fyrir að 350 □ ál. sé varið til matjurtagarðs eða stakkstæðis. Loks geri eg manninum 1000 kr. atvinnutekjur.

Hvað geldur slíkur maður til landssjóðs *nú*, og hvað mundi hann gjalda eftir *frumvarpinu?*

Hann geldur að núgildandi lögum (14. XII. 1877, 1. gr.) húsaskatt 1 kr. 50 a. og ekkert annað, með því að 1000 kr. atvinnutekjur eru skattfrjálsar og ekkert gjald er á lóðum. Eftir fasteignaskattsfrumv. og tekjuskattsfrumv. yrði skattgjald hans aftur á móti alls 14 kr. 85 aur., sem sé 12 kr. fasteignaskattur af húsi og lóð og 2 kr. 85 tekjuskattur; dreg frá brúttótekjunum 430 kr. fyrir vöxtum af 2000 kr., sem eg geri honum að skulda, fyrir framfærslu 3 barna og opinberum sköttum. Skattgjald hans til landssjóðs eftir frumvörpunum yrði

þannig hér um bil 10 sinnum hærra en það er nú.

Svo kem eg að *land*bóndanum. Eg læt hann búa á 20 hndr. sjálfseignarjörð og hafa 10 hndr. lausafjár auk 4 innstæðukúgilda. Eg geri verðlagsskráralinina 55 aura. *(Pétur Jónsson:* Það er of lágt). Nei. Eg hefi reiknað út meðalalin fyrir land alt 1911 og 1913. 1911 var hún rétt 55 aur., en um $^1/_2$ eyri hærri 1913. Nú geldur slíkur bóndi 4 kr. 40 aura í ábúðarskatt, eða samtals 9 kr. 90 aura. Það er alt og sumt.

Eftir fasteignaskatts- og tekjuskattsfrumvarpinu yrði útkoman aftur á móti önnur. Eg virði hvert jarðarhundrað á 150 kr. og geri jörðina þannig 3000 kr. virði, og yrði þá fasteignaskattur af henni, að ítökum, hlunnindum og grasbýlum og þurrabúðum frátöldum, réttar 6 kr. En þá er tekjuskatturinn eftir. Við hann er örðugra að fást, af því að mig brestur persónulegan kunnugleika á því, hve hátt megi meta atvinnutekjur slíks manns. Þórhallur Bjarnarson biskup gizkar á, að þær muni mega meta um 3000 kr., og dragi maður frá þeirri upphæð um 550 kr. fyrir vöxtum af 2000 kr. skuld, framfæri 3 barnómaga og opinberum sköttum, þá kæmi 2450 kr. skatts og skatturinn yrði þá af þeim sem næst 22 kr., eða, að 6 kr. fasteignaskatti meðtöldum, um 28 kr. En eg vil ekki áætla brúttótekjur bóndans meiri en um 2000 kr. og nettótekjurnar eða skatttekjurnar 1400 kr., en tekjuskattur af þeim yrði samt um 9 kr. og allur skattur bóndans, að 6 kr. fasteignaskatti meðtöldum, þannig um 15 kr. Og munar það ekki litlu frá skatti hans nú.

Á aukaþinginu 1912 var slengt á þjóðina vörugjaldi, sem að ætlun háttv. skattanefndar nemur um 350 þús. kr. á ári, eða 700 þús. kr. á fjárhagstímabili, og nú á næsta þingi á aftur að skella á hana nýjum skatti, 60 þús. kr. á ári, eða 120 þús. kr. á fjárhagstímabili, og líklega töluvert hærri upphæð, því að skattafrumv. munu vera bygð á eignar- og tekjuáætlun frá 1908.

Maður skyldi halda, að bráð og brýn þörf landssjóðs kallaði á nýja skatta, en svo er ekki eftir því sem háttv. ráðherra fórust orð, hagur landssjóðs er eftir þeim að dæma dágóður, enda er þörf ekki borin fyrir, heldur hitt, að nauðsynlegt sé að fara að breyta skattaálögunum, frá óbeinum í beinar. En fyrst og fremst má nú deila um »nauðsyn« slíkrar breytingar, og það því fremur, sem beinu skattarnir hljóta að verða mjög svo óverulegir í samanburði við óbeinu gjöldin, eftir því sem hagar til hér á landi. Og í annan stað fylgir skattafrumvörpunum engin tilslökun á óbeinu gjöldunum. Þjóðin á að eiga *eftirkaup* við löggjafarvaldið um hana, og slík kaup eru því óheppilegri, sem hér er að eins um »byrjun« á nýjum beinum sköttum að ræða, eftir því sem formælendum frumv. hafa farist orð, enda er reynsla gjaldenda á slíkum loforðum löggjafarvaldsins ekki ábyggileg. Þannig átti aðflutningsgjaldshækkunin eftir lögunum frá 29. Júlí 1905 ekki að standa nema til ársloka 1907, en var framlengd með lögum nr. 9 frá 31. Júlí 1907, og loks var henni slegið fastri með lögum nr. 3 frá 31. Marz 1909. Og eitthvað líkt gæti farið um lækkun óbeinu gjaldanna, sem látin er í veðri vaka. Eg gat þess nýlega, að engin stórfyrirtæki væru framundan, er heimti hækkun skatta. En þar við má bæta því, að nú eru launafrumvörpin öll úr sögunni, þau frumvörpin, er komið munu hafa skattafrumvörpunum á stað.

Hér við bætist, að skattar þessir

*koma þjóðinni alveg á óvart*, og það er því óforsvaranlegra, sem þeirra er ekki brýn þörf. Eg segi að þeir kom þjóðinni á óvart, enda þó að eg viti, að frumvörpin séu löngu birt af skattanefndinni. Almenningur hefir vafalaust gleymt frumvörpunum fyrir löngu, að minsta kosti hafði eg nálega gleymt þeim, og svo mátti hann búast við að fá að vera í friði fyrir nýjum sköttum um nokkur ár eftir vörugjaldslögin sælu frá 1912.

Skattheimtan verður töluvert erfið og kostnaðarsöm og hækkunarheimildin í 7. gr. er enganveginn áhættulaus. Og eg er sammála háttv. 2. þm. Rvk. (J. J.) og háttv. 2. þm. G.-K. (Kr. D.) um, að nýtt mat á jörðum hefði átt að ganga á undan nýjum fasteignaskatti.

Allir skattar, að undanskildum ábúðar og lausafjárskatti, koma þyngra niður á sjávarmönnum en sveitamönnum. Beinu skattarnir, húsaskattur og tekjuskattur, lenda aðallega á þeim. Og líku máli gegnir um óbeinu skattana, tolla og vörugjald. Þeir borga t. d. miklu meira af kaffi og sykurtolli, af því að þeir brúka og verða að brúka meira af þeim vörum, vegna mjólkurskorts og kjötvöntunar. Þeir einir borga útflutningsgjald, og sama gildir um vörugjald af kolum og salti.

Það er því sízt bætandi á sjávarmennina, allra sízt að óþörfu, enda batnar ekki hagur sveitamanna við að íþyngja sjávarmönnum um of, heldur þvert á móti. Verði sjávarmönnum ofboðið, hljóta skattar á sveitamönnum að hækka, því að landssjóður verður að hafa sitt, hvað sem öðru líður. Og gæti þá farið líkt um okkur löggjafana og fór um manninn, sem ætlaði að hlífa öðrum vagnhestinum sínum með því að taka nokkuð úr vagninum og leggja það á bakið á hinum vagnhestinum. Leikar fóru svo, að hesturinn, sem bæði bar og dró, gafst fljótt upp, svo að skera varð hann frá vagninum, en nokkru síðar fór á sama veg með hinn hestinn, af því að vagninn var of þungur í eftirdragi einum hesti. Og þá varð ökumaðurinn að spenna sig sjálfan fyrir vagninn, en valt innan lítillar stundar um sjálfan sig af eðlilegri ofþreytu.

Það er satt, sem sagt hefir verið, bæði af hv. ráðherra og öðrum, að skattar eru þyngri í mörgum öðrum löndum, og veldur því aðallega það, að vér erum enn lausir við allan herkostnað. En það tjáir ekki að miða skattþol vort við skattþol annara þjóða, fremur en burðar- eða dráttarmagn íslenzkra útigangshesta við magn stríðalinna, skozkra »dokkuhesta«.

Það er einkennilegt um brtill. háttv. 1. þingm. Skagf. (Ól. Br.), að hann, bóndinn, hefir munað betur eftir prestunum en stéttarbræðrum sínum, leiguliðum presta, ekki ólíkt því, að hann hafi verið hræddari við prestana hér í deildinni heldur en við bændurna.

Eg heyri suma segja, að óhætt sé að hleypa frumvarpinu til efri deildar, því að víst sé, að það verði felt þar. Þetta heyrði eg mann segja, sem þykist vera móti frumv. En fyrst og fremst kemur þetta ekki vel heim við það, sem einn háttv. efri deildar maður sagði rétt í þessari andránni við mig úr hornstólnum hérna fyrir aftan mig. Hann sagði, að frumvarpið mundi ugglaust verða samþykt í Ed., kæmist það þangað. En þar næst lýsa slík orð, í munni frumvarpsandstæðings, grunnhyggju, hugleysi eða jafnvel samvizkuleysi, enda við búið, að svo færi um frumvarpið, væri því hleypt til Ed., sem fór um tófuna sem maðurinn hleypti úr færi, í því trausti að félagi hans næði henni, því að hann matti meira að ná sér í tóbaks-

tölu úr vasa sínum heldur en að skjóta meðan færi gafst, tófan slapp og lagðist síðar á hans eigið fé.

Eg enda svo mál mitt með því að segja sama um þessi skattafrumvörp og eg sagði um »grútinn« svo kallaða á Desemberfundinum 1912: Eg greiði atkvæði móti þeim, þó að eg ætti víst að standa einn. Þau eru *óþörf* sem stendur og ekki réttlát, þar sem þau lenda á öðrum aðalflokki landsmanna, sjávarmönnum, auk þess sem tekjuskattsfrumvarpið íþyngir tekju-*lítlum* mönnum miklu meira en tekju-*háum*. Það er gott dæmi þess, að hér er alt á sömu bókina lært.

**Ráðherrann (H. H.):** Það er ekki ásetningur minn, að fara að þreyta hér neinar kappræður. Eg vil að eins gera athugasemd út af orðum háttv. framsögum. minni hl.

Það er alveg ástæðulaust, að vera að búa sér til grýlur út af því, þó að þessi skattur sé lagður á, án þess að draga frá fyrir veðskuldum. Það er búið að margsýna sig og sanna, að lögin eru ómöguleg í framkvæmdinni, ef það er leyft, að draga frá veðskuldir eins og mönnum þóknast. Þetta er svo lítill skattur, ekki nema 2 pro mille, eða $^1/_5$ %, að það er ekki mikil viðbót við þá vexti, sem menn greiða nú. Það munar svo litlu á lágum veðskuldum, að það er varla teljandi, og sízt til þess fallið að gera úr því slíkar grýlur, því að grýlur eru það og annað ekki, alt þetta hjal um að hér sé verið að sjúga hvern blóðdropa úr fátækum tómthúsmönnum o. s. frv. Það eru ekki aðrir neyddir til þess, að eiga fasteignir með stórum veðskuldum, en þeir, sem hafa mikið umleikis, og þeir sem hafa líka miklar tekjur og mega við því að eitthvað sé á þá lagt.

Þá vildi háttv. þingmaður slá varnagla við orðalaginu á br.till. á þgskj. 260. Eg hygg, að óþarfi sé að kvíða út af því, þótt þessu væri slegið föstu, enda er það ekki ný skoðun, sem þar kemur fram, og eg hygg jafnvel að engum blandist hugur um það, að landssjóður sé inn rétti eigandi að kirkjujörðum. Hvernig þeim eignarrétti er beitt í framkvæmdinni, er annað mál.

Ræðu háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) vil eg ekki vera að svara neitt til muna. Hann gat þess, að hún væri ekki haldin fyrir kjósendur, en hygg þó að þeim, sem heyrðu þá ræðu, muni ekki þykja það fráleitt, að það hafi verið kjördæmið, sem hann hafði í hyggju. *Lárus H. Bjarnason:* Á eg að vinna á móti kjósendum mínum að röngu máli?). Enginn sagði það, en dæmin, sem háttv. þm. valdi, bentu á það, hvað fyrir honum vakti. Hann tók dæmi, sem voru til þess fallin að vekja grun um það, að hér sé verið að beita ranglæti, en honum láðist að taka önnur dæmi, sem mundu sýna, að hér er einungis verið að taka upp aðra og réttlátari reglu en verið hefir.

Hann var alveg búinn að steingleyma þessum frumv., og er það harla undarlegt, því að í fyrra, þegar milliþinganefndin frá 1911 kom fram með einkasölu-frumvörpin, þá hélt hann enn þá meira glymjandi ræðu en nú, bæði í »Fram« og á þingmálaf., og þá var aðalmótbára hans gegn þeim frumv. sú, að þeirra þyrfti alls ekki við, það væru til svo ágæt frumv. frá milliþinganefndinni frá 1907, t. d. um fasteignarskatt og tekjuskatt. Og á fundi í »Fram« sagði hann, að það væri einsætt að taka þeim frumv., og hafði reiknað út, hve góðar og réttlátar þær tekjur væru. Nú er hann búinn að steingleyma þeim!

Eg sagði, að eg ætlaði ekki að fara að rökræða þetta við hann. Það mundi verða þýðingarlaust. En út af dæminu, sem hann tók um kaupstaðarborgarann,

vil eg leyfa mér að benda á það, að það er eitthvað ið réttlátasta í þessu frumv., að bæta úr því ranglæti, að menn geti legið með eign eins og lóðir í kaupstöðum alveg gjaldfrjálsar, án þess að borga nokkuð af þeim til almennings þarfa. Það má alt af reyna þyrla upp öðru eins ryki og því, að þetta sé ranglæti, en það munu allir fljótt sjá, að slíkt er ekki annað en kerlingareldur, og að tilgangur frumvarpsins er enginn annar en sá, að bæta úr þeirri eyðu, sem hér er í löggjöfinni. Það er enginn, sem biður fátæklinga að liggja með stórar og dýrar lóðir, hlaðnar veðskuldum, og þeim er engin nauðsyn á því. Þeir geta selt þær. En ef þeir vilja »speculera« í þeim, þá eru þeir heldur ekki of góðir til þess að gjalda af þeim skatt. Til atvinnurekstrar eru þær ónauðsynlegar fyrir þá, sem ekki hafa verksmiðjur eða önnur slík stórfyrirtæki með höndum, og öll þessi átakanlegu orð um að sjúga út alþýðuna o. s. frv. eiga sér engan stað. Það er ekki heldur svo hátt gjald þetta, að eins 2 af þúsundi.

Viðvíkjandi dæminu um landbóndann er það að athuga, að hv. þm. hefir gleymt að geta þess, að tekjuskatt ber að greiða af eign, sem mundi vera metin til afgjalds 150—200 kr., svo að þá hefðu bæzt þar við 6—8 kr., og ef að háttv. þm. hefði munað eftir þessu, þá hefði hann komist að annari niðurstöðu.

Hann sagði, að eg hefði sagt, að fjárhagurinn væri góður. Já, það er satt — á þessu fjárh.tímabili. Eg hefi hugsað, að þar verði ef til vill einhver afgangur. En eg hefi líka bent á hitt, að í framtíðinni muni verða nauðsynlegt að auka tekjur landssjóðs, ef ekki á að hefta nauðsynlegar aðgerðir. Það er enn ekki fullreynt, hversu mikið vörutollurinn gefur mikið af sér, og þó að engu yrði bætt við útgjöldin, sem áætluð hafa verið, þá er alls óvíst að afgangur verði til muna. En ef þar á ofan á að fara að hrúga mörg hundruð þús. kr. gjaldabyrgðum og ábyrgðum á landssjóð, þá þarf líka eitthvað að koma í skarðið. Það er ekki hægt að taka úr loftinu 100 þús. kr. til Landsbankans, eða fé til að standa á móti ábyrgð á öllu því, sem bankastj. kann að lána út. Það hlýtur að vera meiningin, að Alþingi leggi fram fé til þessa og annars slíks, og þá þarf einhver lög fyrir því, hvar á að taka það.

Eg legg miklu meiri áherzlu á það, sem aðrir háttv. þm. segja um þetta mál, en það, sem háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B) segir, þrátt fyrir allan ofsa hans og tilraunir til þess að sýna, að hér sé verið að beita rangsleitni. Aðrir háttv. þm., sem talað hafa, hafa játað, að hér sé um athugavert mál að ræða, og eg álít það fullkomna óhæfu, ef á að drepa það hér fyrir æsinga-árásir, án þess að háttv. Ed. fái tækifæri til þess að láta uppi álit sitt um það.

**Lárus H. Bjarnason:** Það voru nokkur orð út af ræðu hæstv. ráðherra, sem eg vildi sagt hafa.

Eg skal ekki fara að karpa um það við hann, hvort eg sé hér með eða móti kjósendum mínum. Eg skammast mín ekkert fyrir það, að vera með þeim, sérstaklega þegar eg veit að eg er um leið að vinna fyrir hagsmuni mikils meiri hluta landsmanna, sérstaklega allra þeirra, sem við sjóinn búa.

Hann sagði, hæstv. ráðherra, að eg hefði munað eftir þessum frumvörpum 1912, og talið þau betri, en kolaeinokunina. Og eg kannast fúslega við það, enn sem áður, að eg álít þessi frumv. miklu betri en kolaeinokunina og líka betri en vörutollinn. En enginn segir að þau séu þar fyrir góð, eða tiltækileg nú sem stendur, allra sízt nú er hæstv. ráðherra hefir játað það hvað eftir ann-

að, að fjárhagur landssjóðs sé góður, svo að eg sé enga mótsögn í þessu.

Þá sagði hann, að enginn bæði fátæklinga að liggja með lóðir, þeir gætu selt þær, og að frumv. miðaði að því, að einstakir lóðaspekúlantar sleppi ekki undan sanngjörnum skatti. En hvorug þessara ástæðna á við rök að styðjast. Fátæklingarnir *mega alls ekki* missa lóðarblettina sína. Þeir mega eðlilega fyrst og fremst ekki missa það, sem húskofarnir þeirra standa á, og heldur ekki það sem um fram er. Þeir nota blettina kringum bústaði sína annaðhvort undir matjurtagarða eða stakkstæði, og á þeim lifa þeir að nokkru leyti. Það býr t. d. tómthúsmaður nálægt mér, sem hefir unnið sér inn marga tugi króna með því, að þurka fisk á grjótgarði, sem hann á ekki sjálfur. Svona verða þeir að nota plássið. Aðrir hafa haft marga tugi, einstaka maður jafnvel hundruð króna upp úr því, að rækta gulrófur og þess háttar á þessum blettum.

Hitt er heldur ekki nægileg ástæða frumv. til framgangs, að það mundi varna því, að menn lægju árum saman með dýrmætar skattfrjálsar lóðir. Þetta er ónýt ástæða, þegar af þeirri ástæðu, að slíkar lóðir eru ekki til hér í Rvík og þá eðlilega því síður annarstaðar. Eg þekki ekki nema eina dýra lóð ónotaða í innbænum. Hún hefir engan arð af sér gefið árum saman og kostar þó ekki yfir 10,000 kr. Við slík einsdæmi verður heill lagabálkur ekki miðaður, enda gæfi hún ekki af sér nema 20 kr. skatt, þó að í hana næðist.

Þá sagði hæstv. ráðherra, að dæmið um sveitabóndann hefði verið skakt hjá mér, af því að eg hefði slept tekjuskattinum, sem á honum hvíldi eftir gildandi lögum, en hann lét þess ógetið, að fyrst og fremst er ekki vant að heimta skatt af þeim, sem búa á sjálfs sín eign, og hins, að eg slepti að telja til skatts samkv. frv. allar tekjur af ítökum, hlunnindum, þurrabúðum og grasbýlum og mundi skattur af slíkum tekjum jafnast við tekjuskatt eða réttara sagt eignaskatt af ábýlisjörð skattþegns, þótt heimtur væri samkv. gildandi lögum. *(Ráðherrann:* Misskilningur!). Misskilningurinn er þá hjá hæstv. ráðh., en ekki mér.

Hæstv. ráðherra taldi hag landssjóðs voða búinn sökum fjárveitinga til Landsbankans. Þær fjárveitingar eru ekki samþ. enn þá hér í deildinni, og þegar af þeirri ástæðu þarf ekki að standa mikill beygur af þeim, enda á hv. Ed. eftir að fjalla um Landsbankafrumvarpið. Þar við bætist, að skattanefndin áætlar vörugjaldið 100,000 kr. hærra á ári en stjórnin gerir í fjárlagafrv. sínu. Loks þarf landssjóður ekki að kosta neinu til tryggingar sparisjóðsinnstæðu Landsbankans, þó að til komi, svo að ekki þarf neinar skattaaukningar vegna þess. Almenningur væri ekkert hræddur við bankastjórnina, þegar landið stæði á bak við. Ið eina, sem þá væri að óttast, væru náttúruöflin, eldur, flóð eða þess háttar, en skærust þau í leikinn, mundi landssjóður verða að hlaupa undir bagga hvort sem er.

Um ofsann, sem hæstv. ráðherra brá mér um, ætla eg að láta aðra dæma, en okkur. Eg þykist hafa rökrætt málið stillilega, en hitt fann eg, að honum rennur nú jafnheitt blóðið til skyldunnar, eins og á dögunum, þegar hann var að berjast — eða réttara sagt láta berjast — fyrir launafrumvörpunum sálugu, enda vita allir, að skattafrumv. voru tekin upp vegna launafrumvarpanna, en nú eru þau úr sögunni og þetta frumv. ætti að fara sömu leið, fullkomin óþarfi að senda þau til háttv. Ed., enda tæpast undir henni eigandi um það. Það er að vísu gott, að hafa nóg fé milli handanna, en til eru þeir ráðsmenn,

sem eru fullfrekir til fjárframlaga, þegar af nógu er að taka. Og eg gæti búist við því, að frumvarpið drægi ekki úr framlögugirni stjórnarinnar.

**Pétur Jónsson:** Eg varð of seinn til að biðja um orðið á undan háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.), því að hans ræða var það, sem eg vildi fara um nokkrum orðum. *(Lárus H. Bjarnason:* »Ekki er mærin dauð, heldur sefur hún«. Eg ris upp aftur). Ekki í þessu máli. *(Lárus H. Bjarnason:* Þá í öðru).

Mér virðist háttv. þm. enn leggja of mikla áherzlu á það, að það sé verið að auka tekjur landssjóðs að óþörfu. Háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) gekk svo langt í þessu, að hann sagði, að hér væri verið að ofbjóða gjaldþoli landsmanna, og fór jafnvel út í þá sálma, að þar gæti farið eins og um hest, sem væri ofboðið svo fyrir vagni, að hann yrði frá allri brúkun. Eg vil nú benda á það, að þegar talað er um skattamál, þá er ekki verið að tala um það, hve mikið gjald megi leggja á þjóðina. Það á við þegar verið er að ákveða útgjöldin í fjárlögunum. Það eru fjárlögin sem tiltaka þungann, en skatta og tolllög sem jafna honum á landsmenn til þess að þunginn komi sem jafnaðarlegst á gjaldþolið, en gjöldin þó svo löguð, að hægt verði að innheimta þau. Þess vegna er alt þetta tal um ofþjökun á gjaldþolinu með þessu frumv., ef ekki ryk *í augu manna*, þá samt ryk. Það er ekkert sérlegt aðalatriði í þessu máli, hver skatthæðin er, heldur hitt, hvort frumv. eru í sjálfu sér réttlátari og betri til frambúðar, en lög þau sem nú eru í gildi. Mér er óhætt að fullyrða, að milliþinganefndin í skattamálinu hefir íhugað þetta hetta betur en hv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) hefir átt kost á að gera síðan frumv. komu fram. Hann segist hafa verið búinn að steingleyma tillögum nefndarinnar; en þá getur hann ekki hafa verið búinn að íhuga þær teljandi áður; hann hefði eigi getað gleymt þeim alveg, ef hann hefði skilið þær þá og sett sig vel inn í þær.

Eg legg mikla áherzlu á það, hvort sem hv. þm. eru vel ánægðir með þessi frv., eða ekki, að þeir hleypi þeim til efri deildar — svo framarlega sem þeir eru ekki gersamlega andvígir *stefnu* þeirra — það flýtir fyrir betri skipun skattamálanna, ef efri deild ræðir málið líka. Því verður eigi neitað, að beinir skattar eru lítilsvirði, nú sem tekjugrein landssjóðs á móts við aðrar tekjur. Og og ofan á núverandi beina skatta verður ekki bygt til frambúðar. Það hefir oft komið til orða að afnema þá, t. d. lausafjárskattinn. En miklu nær virðist mér að laga þá. Og eg hygg að ekki verði horfið frá þeirri stefnu, því að beinir skattar eru, að dómi allra fróðra manna í þeim efnum, miklu réttlátari og fastari grundvöllur undir fjárhag hvers lands sem er. En ef háttv. deild fellir nú þessi frv., þá er eins og slegið fastri þeirri stefnu, að við viljum ekki hafa beina skatta, og næsta verkefnið ætti þá að vera að afnema þá beina skatta, sem við höfum. Eg verð þá að skilja meiri hlutann svo, sem hann vilji að teningunum sé kastað til fulls. En á þetta mál ætti þingið alt að líta áður en slíkum teningum er kastað.

Háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) tók dæmi til að sýna, hvernig þessir nýju skattar, sem nú eru til meðferðar, kæmi niður í samanburði við þá gömlu. Eg er nú ekki viðbúinn, að koma með dæmi á móti, þó eg byggi þau mörg til þegar eg var í Milliþinganefndinni. En samanburður hans var líka nokkuð skrítinn. Hann tekur kaupstaðarborgara, sem hefir tekjur rétt innan við 1000 kr. en þær eru skatfríar eftir núgildandi tekjuskattslögum. Svo lætur hann mann-

inn hafa húseign, sem veðskuld hvílir á að $^3/_4$ virðingarverðs, en eigandinn þó ekki skuldar nema að litlu leyti. Hann er því að óeðlilegum hætti að mestu laus við húsaskatt. Loks á hann lóð, sem nú er skattfrí að lögum; þar er einhver réttlátasti skattstofn, sem til er. Það er nú skiljanlegt, að það þyngi allmjög á þessum manni með inum nýju skattbreytingum; því það er einmitt tilgangurinn að þær nái til þess, sem nú er ófyrirsynju skattfrítt að mestu eða öllu.

Viðvíkjandi dæminu, sem háttv. þm. tók af sveitabóndanum, þá hygg eg, að eg hafi meiri kunnugleika á að dæma þar um en hann. Eg veit með vissu, að bændum er ekki íþyngt, einkum þegar tillit er tekið til þess, að auk ábúðar og lausafjárskatts, losna þeir bæði við fasteignar og lausafjártíund. Og þótt okkur hefði að einhverju litlu leyti verið íþyngt, þá var ekki sakast um það, það er einmitt jafnhliða tilgangur beggja skattanna til samans að hafa dálitinn tekjuauka. Og það er ekki rétt, og enginn sómi fyrir okkur bændur, að vera að losa okkur undan því, að taka okkar part af hækkuninni. Það er aðgætandi, að núverandi beinir skattar til landssjóðs nema ekki eins miklu og tillagið til Búnaðarfélags Íslands. En hvað sem þessu líður, þá er dæmið rangt sem þingm. tók. Hækkunin getur ekki numið svona miklu, því þessi litla hækkun, sem fæst með fasteignarskatti og eignarkatti, kemur meira niður á húseignum, en einkum þó á lóðum, sem hingað til hafa verið skattfríar. Nei, það mætti með miklu meiri sanni segja, að landbændum væri hlíft með þessum skattabreytingum.

**Framsögum. meiri hl. (Ólafur Briem):** Eg skal ekki vera langorður, því að flestum mótbárum á móti frumv. er þegar búið að svara. En það er aðallega út af samanburði háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) á því, hvernig skatturinn kemur niður, sem eg ætla að segja nokkur orð. Allur tekjuaukinn var upprunalega í frumv. áætlaður kr. 56,500. Nú hefir nefndin í tillögum sínum dregið úr þessum tekjuauka með því að leyfa talsvert meiri frádrátt en ráð var gert fyrir í frumvarpinu, t. d. ómagameðlag, sem til frádráttar kemur, hækkað um $^1/_4$ (úr 75 kr. upp í 100 kr.).

Enn fremur hefir hún ekki tekið alla tekjustofnana, sem þar eru taldir, með, svo sem landsskuld af jörðum og leigu eftir hús. Tekjuaukinn verður því ekki svo mikill. Líka er á það að líta, að landssjóður verður einnig að bera fasteignarskattinn, ekki að eins af þjóðareign, heldur og af kirkjujörðum, eins og tekið er fram í br.till., en hefði átt að liggja í frv. sjálfu. Nákvæm áætlun hefir ekki verið gerð um það, hve miklu lækkunin muni nema, en óhætt mun að gera ráð fyrir 6000 kr. Líka er á það að líta, að hér er ekki verið að tala um skatthækkun á þeim gjaldstofni, sem nú liggur til grundvallar fyrir beinum sköttum til landssjóðs (ábúðar- og lausafjárskatti), heldur er hér að nokkru leyti skapaður nýr grundvöllur til skattálagningar, t. d. kaupstaðarlóðir. Og eg hygg að fáir muni dirfast að segja, að lóðir í kaupstöðum sé óeðlilegur gjaldstofn. Byggingarlóðir ganga kaupum og sölum og hækka verðmæti húsanna að miklum mun. Óbygðar lóðir hafa líka gengið hér kaupum og sölum fyrir stórfé. Menn hafa selt hér í bænum lóðir, sem þeir hafa fengið fyrir ekkert, fyrir tugi þúsunda. Það liggur í augum uppi, að það er fávíslegt að láta slíkan stofn vera lausan við skatt til landssjóðs, ekki síst þegar núverandi lausafjárskattur er hafður til

samanburðar. Nú gilda þau ákvæði, að jafnvel maður, sem ekki á nema eina kú — þó hún sé í skuld — verður að borga lausafjárskatt til landssjóðs. Í þessu sambandi má einnig benda á það, að með inum nýju vörutollslögum er tollur lagður á brýnustu lífsnauðsynjar, t. d. matvöru. Sá tollur hlýtur að koma þyngst niður á fátækum fjölskyldumönnum, sem mikið þurfa að taka út til heimila sinna. Að þessu leyti er fasteignarskattur ólíkt aðgengilegri, þar sem hann kemur aðallega niður á mönnum, sem hafa arðberandi eignir undir höndum.

Dæmi háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) virðist fremur sniðið til þess að fegra málstað haus, en að það sé rétt gagnvart því máli, sem hér um ræðir. Hann tók til dæmis mann úr kaupstað, sem nú borgar kr. 1,50 af húseign, sem er þúsund króna virði. Til skamms tíma var það í lögum, að menn áttu að borga kirkjugjald af húsum auk húsaskatts. En fyrir fám árum var það afnumið um leið og sóknargjaldslögin voru samþykt, án þess nokkuð væri sett í staðinn. Með því lækkaði húsaskatturinn um 75 aura af þúsundi, og mun sú lækkun aðallega hafa verið samþykt með það fyrir augum, að fasteignarskattur yrði bráðlega leiddur í lög. Þessi maður, sem háttv. 1. þm. Rvk tók til dæmis, galt ekkert af lóð og engan tekjuskatt. Hann átti eftir dæminu að gjalda 14 kr. 85 aura samkv. þessu frv. Þegar tillit er tekið til þess, að maðurinn bjó í 5000 kr. húsi, sem hann átti sjálfur, jafn vel þó nokkur skuld hvíli á því, og hafði 1000 kr. í hreinar tekjur, er það sýnilegt, að sá skattur, sem nú hvílir á honum, 1 kr. 50 aurar, er ekki í neinu réttu hlutfalli við álögur á ýmsa aðra gjaldendur, og að sú skatthækkun, sem frumvarpið gerir ráð fyrir hjá slíkum manni, hefði komið niður í réttan stað og miðað til að jafna misrétti, sem nú á sér stað.

Þá gerði þm. afar-mikið úr því, hve níðst væri á sjávarútveginum. Ekki ber það vott um áníðslu, að slept er afar-miklu verðmæti, sem útvegsmenn hafa, nfl. skipunum. Í sumum greinum er þó mjög líkt ástatt með skip og hús — þótt skip geti ekki beinlínis talist fasteign — og löggjöfin lætur að mörgu leyti sömu reglu gilda um þau. En þennan stofn, sem hefir mikið verðmæti, þegar litið er til botnvörpunga og mótorbáta, er ekkert lagt á.

Þá er dæmið með landbóndann, sem átti nú að borga kr. 4.40 í ábúðarskatt og kr. 5.50 í lausafjárskatt, en eftir frv. 6 krónur í fasteignaskatt og 30 krónur í tekjuskatt, eftir kenningu háttv. þm. Eg er hræddur um, að þm. hafi litið á bruttó-tekjurnar, en ekki netto-tekjurnar og ekki tekið til greina, að allan rekstrarkostnað á að draga frá. En setjum nú svo, að þetta dæmi væri rétt og landbóndinn ætti að borga 36 krónur í skatt eftir frumvarpinu, í staðinn fyrir 9 kr. 90 a. eftir núgildandi lögum, þá er eg hræddur um að ekki yrði mikið eftir af tekjuaukanum, 56 þús. kr., er kæmi niður á kaupstaðarbúa, sem háttv. þm. þó heldur fram að verði harðara úti. Eg tek þetta ekki fram af því, að eg beri á móti því, að kaupstaðarbúar verði harðara úti, heldur til að sýna, hvernig þm. hljóp úr einu í annað og komst í mótsögn við sjálfan sig. Sannleikurinn er sá, að tiltölulega kemur tekjuauki af fasteignarskatti meira niður á kaupstaðarbúum en sveitamönnum, sem eðlilega kemur af því, að núverandi skattar koma miklu léttara niður á þeim, þar sem enginn skattur hvílir á lóðum. Og auk þess má líta á það, að í kaupstöðum eru margir þeir menn, sem hafa miklu meiri húseignir en þeir þurfa á að halda til íbúðar. Þeir geta því haft

talsverðar tekjur af því að leigja öðrum íbúð í húsum sínum. Það skal játað, að fasteignarskattur af húsum kæmi þyngra niður en nú á þeim mönnum, er gera sér atvinnu af því að verzla með hús og lóðir í gróðaskyni. En ýmsir af þeim mönnum hafa grætt stórfé á þessu. Hvað er nú réttara en að þessir menn leggi einhvern skerf að mörkum til landsþarfa? Það er margt fleira, sem taka mætti til athugunar, en eg ætla fyrst að sjá afdrif þessa frv. og taka þá heldur aftur til máls um tekjuskattsfrv., ef það kemur til umræðu.

**Framsögum. minni hl. (Kristinn Daníelsson):** Háttv. þm. skulu ekki vera hræddir um að eg ætli að lengja umræðurnar mikið. Það er að eins eitt atriði í ræðu hæstv. ráðherra, sem eg vildi að ekki stæði allsendis ómótmælt. Eg ætla að ganga fram hjá inum hv. þm., sem beindu því að mér að eg hefði sagt að verið væri að sjúga alþýðuna út. Eg talaði ekki þau orð; eg er ekki vanur að viðhafa svo mergjað mál, en hitt sagði eg, að byrðar væru landsmönnum lagðar á herðar og því verður ekki mótmælt, þótt hv. þm. S.-Þing. (P. J.) sé að reyna að fela það með því að tala um, að eg ruglaði saman fjárlögum og skattalögum. Eg kannast við það, að með gjaldahlið fjárlaganna er ákveðið, til hvers álögurnar skulu notaðar. En með skattalögum eru byrðarnar beint lagðar á gjaldendurna — því getur enginn neitað. Þessi lög hvortveggja verka saman og hafa á víxl áhrif hvor á önnur. En það sem eg vildi, að ekki stæði ómótmælt, var það, að kirkjujarðirnar væru eign landssjóðs. Þau rök voru færð fyrir því, að stjórninni væri veitt heimild til þess að selja þær. Eg kannast við að þær eru eign *landsins* — en það er ekki sama sem að þær séu eign landssjóðs. Kirkjueignirnar standa sérstakar í sama hlutfalli við löggjafarvald og landstjórnar, eins og landssjóður. Auðvitað veit eg að löggjöfin getur leyft sér alt og að hægt er að »konfiskera« þessar eignir, en þó býzt eg við, að það gangi á sínum tíma ekki orða laust fyrir sig. Það var að eins þetta, sem eg vildi ekki að stæði sem afgert eða ómótmælt.

**Benedikt Sveinsson:** Það eru að eins örfá orð út af ræðu hv. 2. þm. G.-K. (Kr. D.). Það er komin fram br.till. á þgskj. 260, þar sem það er tekið fram, að landssjóður sé réttur eigandi allra kirkna og kirkjueigna, að bændakirkjum undanskildum. Eg hefi hugsað mér að greiða atkvæði með þessari br.till., því að eg álít rétt að slá föstum þeim skilningi, að landssjóður sé réttur eigandi þessara eigna, þannig að skýr yfirlýsing þingsins hafist þegar ríki og kirkja verða aðskilin, sem margar raddir hafa alment óskað á seinustu árum. Eg hefi altaf álitið, að þetta lægi í hlutarins eðli, vegna þess að ríkið tók þessar eignir af kaþólsku kirkjunni og er því réttur eigandi þeirra, þó að það af góðmensku sinni hafi leyft þjóðkirkjunni að hafa not af þeim. En jafnóðum og þjóðkirkjan er lögð niður, hverfa eignirnar að sjálfsögðu aftur til landssjóðs — hins rétta eiganda. Með þessum skilningi á tilgangi br.till. mun eg greiða henni atkvæði. Aftur á móti vona eg, að ekki sé tilgangurinn sá að samþykkja þetta að eins til þess að það verði sem leppur fyrir prófasta og presta til þess að losa þá við lögmælt gjöld.

**Ráðherrann (H. H.):** Eg lít svo á, að það sé vafalaust að landssjóður sé eigandi þessara eigna, með sérstökum eignatakmörkunum, sem leiða af sérstakri ákvörðun eignanna. Það hljóta að gilda inar sömu reglur um þetta at-

riði og bændakirkjurnar, sem eru bændaeign með sérstakri ákvörðun og sérstökum takmörkunum, sem af því leiða.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Af því að eg var einn í nefnd, þeirri sem um frumvarp þetta fjallaði, og var þar í meiri hluta og studdi að því, að frumvörp, þau sem hér liggja fyrir, fengju fylgi nefndarinnar, finn eg ástæðu til að lýsa afstöðu minni til málsins og til nefndarinnar. Ástæður mínar til þess að styðja þessi frumvörp eru tvennskonar, og skal eg nú nefna þær.

Fyrst er það, að eg tel *beina skatta*, þegar þeir eru þolanlega sanngjarnlega á lagðir, *réttlátari* í sjálfu sér heldur en óbeina skatta, eða tolla svo nefnda. Beinu skattarnir eru nefnilega miðaðir við *eign* manna eða *tekjur* og standa því í beinu *hlutfalli við gjaldþolið*; en tollarnir eru aftur lagðir jafnháir á vörutegundirnar, hver sem þær kaupir, og koma því, að því er nauðsynjavöru snertir, eins hár á öreigann sem auðmanninn, og með því að öreiginn þarf *nauðsynjanna* með jafnt og efnamaðurinn, þá koma tollarnir langharðast niður á fátæklinginn. Tollarnir eru því ósanngjarnasti eða ranglátasti álöguvegur, sem til er; þeir eru, ef mér leyfist að komast svo að orði, ekki annað en *löghelgaður vasaþjófnaður* — lögleyfi fyrir landssjóð, til þess að stinga hendinni í hvers manns vasa, hálfgert í laumi, svo að maðurinn viti ekki af. Af þessari skoðun, sem eg hygg viðurkenda af öllum viðskiftafræðingum í heimi, þeim, er nokkurt *nafn* hafa, aðhyllist eg í *principinu* beina skatta. Játa skal eg það, að 1. þm. Rvk. hefir rétt fyrir sér í því, að skattar þessir komi nokkuð harðara niður á bæði landbændur og menn við sjávarsíðu en núgildandi skattalög. Auðvitað! Úr því að tilgangurinn er að *auka* tekjur landssjóðs fram yfir það sem beinir skattar gefa *nú* af sér, þá *hlýtur* að koma *hærra* gjald á gjaldþegna. Hitt var gildara í athugasemdum hans, er hann sýndi með rökum fram á, að hækkunin yrði mun meiri á kaupstaðarbúum og mönnum við sjávarsíðu, en á landbændum, og að þetta væri nokkurt misrétti. — En þurfi að auka tekjur landssjóðs, þá svara eg því, að *tollarnir* fela þó í sér enn *meira* misrétti fyrir sjávarmenn og kaupstaðarbúa, og því kýs eg heldur hækkun beinna skatta en tolla.

Út af því sem háttv. 1. þm. Rvk. sagði, kom sú athugasemd frá háttv. 1. þm. Skgf., að ranglega hefði verið farið með samanburðinn, af því ekki hefði verið tekið tillit til skipa; en þau væru eins konar *fasteign*.

Það er mér alveg ný kenning, að skip sé fasteign. — Ef háttv þm. kæmi inn í banka og ætlaði sér að fá veðdeildarlán út á skip sem fasteign, er eg hræddur um að hann yrði að bíða töluvert lengi eftir láninu.

Ef þarf að auka tekjur landssjóðs, verð eg, eins og eg hefi gert í nefndinni, að hallast að frumvörpum þessum, og þá *óbreyttum*, eins og þau koma úr nefndinni.

Mig furðar á því, að tveir háttvirtir nefndarmenn úr meiri hluta nefndarinnar flytja nú breytingatillögu (þskj. 260) gagnstæða því, sem þeir greiddu atkvæði með í nefndinni og eg með þeim.

Það er alveg ný afstaða, sem þeir hafa tekið í þessu máli

Ef þessi breytingartillaga hefði komið fram í nefndinni, hefði eg gert ágreining. Það er fyrir mér eins og mörgum öðrum »*princip*-mál«, að þessar jarðir séu ekki undanþegnar gjaldi.

Eg get því ekki greitt atkvæði með breytingartillögunni og tæplega með frumvörpunum, verði hún samþykt.

Annars er eg frumvarpinu fylgjandi eins og það liggur fyrir frá nefndinni,

*svo framarlega sem nauðsyn ber til að auka tekjur landssjóðs.*

Þá er á það að líta, hvort slík nauðsyn sé ekki fyrir hendi.

Jeg tók það skýrt og oft fram í nefndinni, gagnvart minni hlutanum sérstaklega, að það sem knýði mig til að styðja frumvörp þessi, væri það, að eg í annari nefnd, bankanefndinni, væri með að flytja annað frumvarp, sem bakaði landssjóði 100 þús. kr. útgjöld næstu 20 árin, og vildi eg því með þessum frumvörpum bæta landssjóði upp gjald, það sem af hinu frumvarpinu leiddi, ef það næði fram að ganga. Í því var farið fram á, að landssjóður greiddi lán, það sem tekið var handa Landsbankanum, með 100 þús. kr. á ári í 20 ár, en bankinn skyldi borga landssjóði vöxtu af láninu þessi ár.

Ef tvö fyrstu frumvörpin á dagskránni næðu fram að ganga, mundu þau auka tekjur landssjóðs um 65 þús. kr. á ári. Og eftir frumkvæði mínu tók nefndin upp stimpilgjaldsfrumvarpið, sem mundi gefa landssjóði um 30 þús. kr. Með öðrum orðum: öll þrjú frumvörpin mundu auka tekjur landssjóðs um 95 þús. kr., eða sem næst bæta upp útgjaldaaukann, 100 þús. kr. til Landbankans næstu 20 árin.

Þetta tók eg skýrt fram hér í deildinni undir umræðum um bankafrumvarpið, og eins undir umræðum um stimpilgjaldsfrumvarpið.

Þá taldi eg þeim frumv., sem hér er um að ræða, vel fylgjandi gegn um þingið og vel gert að koma þeim fram, svo að tekjuaukanum, sem af þeim mundi leiða, yrði varið til að bæta upp það fé, sem landssjóður legði Landsbankanum til. Þessi var og er tilgangur minn með fylgi við frumvörpin, en ekki hitt, að demba á þjóðina 95 þús. kr. sköttum, ef landssjóður þarf ekki nauðsynlega á fénu að halda. En úr sæti hæstv. ráðherra var lagst all-fast á móti frumv. um bankann, er það kom fram, og þegar stimpilgjaldsfrumvarpið var til umræðu, var hæstv. ráðherra sjálfur viðstaddur og lagðist hann þá eigi síður fast á móti því; taldi hann þá hag landssjóðs svo góðan, að það frumvarp væri óþarft — sagði hann, að landssjóður þarfnaðist ekki fjárins. Eg skora nú á hæstv. ráðherra að segja, hvort hann vilji heita að beitast fyrir því, að bankafrumvarpið komist í gegnum þingið. Vill hæstv. ráðherra og vill formaður stjórnarflokksins, sem hér er staddur í deildinni, sjá um, að frumvarpið komist í gegn um Ed? Vona eg að báðir svari játandi, og mun eg þá greiða atkvæði með þessu frumvarpi. *(Pétur Jónsson:* Fæst ekki nema eitt atkvæði?) Hver ræður *sínu* atkvæði. Það liggur í augum uppi, að ef á að drepa bankafrumvarpið, þá er horfin ástæða mín til að styðja frumvörpin, því að mér virðist algerlega ástæðulaust að kasta nýjum sköttum á þjóðina, þar sem þeirra er þá engin þörf.

Vona eg að eg fái slíka yfirlýsingu, að eg geti með góðri samvizku stutt þetta mál með atkvæði mínu.

**Tryggvi Bjarnason:** Eg gat þess við 2. umr. þessa máls, að eg álíti það svo mikils virði, að nauðsynlegt væri að þetta þing hefði það til rækilegrar meðferðar, þó mér eigi sýndist nauðsynlegt að það yrði afgreitt nú þegar.

Nú þykist eg hafa fengið fulla vissu fyrir að frumvarpið muni *ekki* komast óbreytt í gegn um Ed., og mun eg því greiða atkvæði með því nú, til þess að það nái að verða undirbúið í báðum deildum. Það var að eins þetta, sem eg vildi taka fram, svo menn skilji, hvers vegna eg greiði atkvæði með frumvarpinu.

Háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) sagði, að einn háttv. þm. í Ed. hefði sagt sér, að frumvarpið mundi ná að ganga fram

þar í deildinni. Vil eg biðja háttv. 1. þm. Rvk. að segja, hver þetta var. *(Lárus H. Bjarnason:* Það var þm. Ísf. (Sig. St.). Þingmaður Ísfirðinga segir mér að hann hafi aldrei talað þetta, sem 1. þm. Rvk. hefir eftir honum.

**Jón Magnússon:** Það er rétt, sem háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) sagði, að breytingartill. á þgskj. 260 var ekki borin undir nefndina. Við flutningsmenn hennar álítum hana svo meinlausa, að þess væri engin þörf.

Vitanlega getur breytingartill. ekki haft neina þýðing fyrir málið í heild sinni. Breytingartill. hefir engin áhrif á aðstöðu annara presta en þeirra, er ekki eru komnir undir launalögin. Þar sem in nýju launalög eru komin á, er enginn efi á því, að prestlaunasjóður telst í þessu sambandi eigandi viðkomandi presstsseturs og kirkjujarða. En þar sem in nýju launalög eru ekki komin á, þar verða víst ekki aðrir taldir eigendur í þessu sambandi en prestarnir. Á þessa presta kæmi því skatturinn ósanngjarnlega niður, einkum ef margar kirkjujarðir fylgja brauðinu.

Það eigi rétt, sem háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) sagði, að við flutningsmenn breytingatill. höfum meðan nefndin starfaði, verið samþykkir ákvæðinu um, að prestar skyldu borga skatt af kirkjujörðum. Það var einmitt gert ráð fyrir því í nefndinni að prestum yrði veitt einhver uppbót fyrir það.

Eg játa, að það var máske ekki allskostar rétt hjá okkur háttv. skrifara nefndarinnar, að bera ekki tillöguna undir nefndina.

Því vil eg leyfa mér að taka tillöguna aftur.

**Benedikt Sveinsson:** Eg leyfi mér að taka tillöguna upp aftur.

**Ráðherrann (H. H.):** Háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) benti til mín fyrirspurn um, hvort eg vildi gangast fyrir að veittar væru 100 þús. kr. til Landsbankans. Býst eg við að hann hafi eigi verið að mælast til hrossakaupa í þessu máli, heldur að eins viljað seðja forvitni sína.

Get eg sagt honum, að eg álít þessi útgjöld langtum síður varhugaverð, en það sem farið var fram á um daginn, að landssjóður gengi í ábyrgð fyrir Landshankann.

Hvað viðkemur Sambandsflokknum, get eg frætt háttv. 1. þm. S.-Múl. um, að þar hefir þetta mál alls ekki komið til tals. En eg fyrir mitt leyti álít ekki ráðlegt að stofna landssjóði í stóran tekjuhalla út af Landsbankanum.

**Johannes Johannesson:** Eg þykist vita, að háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) hafi átt við mig, þegar hann talaði um formann Sambandsflokksins eða stjórnarflokksins, held eg að hann hafi sagt. *(Jón Ólafsson:* Það er það sama). Eg verð því að lýsa því yfir, að eg er ekki formaður flokksins, heldur að eins fundarstjóri á þessu þingi.

Að öðru leyti verð eg að staðfesta orð hæstv. ráðherra, að það hefir aldrei komið til orða að gera þetta mál að flokksmáli.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Eg skildi ekki vel orð hæstv. ráðherra, er hann í sambandi við ummæli mín fór að nefna »hrossakaup«. Er mér óskiljanlegt, hvernig honum fór að detta slíkt í hug.

Eg var að lýsa, hvernig á því hefði staðið, að eg hefði verið meðmæltur fasteignaskattsfrumv., og orðið til að taka upp frumv. um stimpilgjald. Eg skýrði frá því, að eg vildi nota tekjuaukann, sem af þessum frumv. fengist, til þess að bæta landssjóði upp það fé, er hann legði Landsbankanum til. Eg álít nauðsynlegt fyrir Landsbankann að hann þurfi ekki að rýra veltufé sitt, og að sjálfsagt sé, að landið forði honum frá

því. Hitt er auðvitað mál, að ef landssjóður þarf eigi tekna við, er ástæðulaust að vera að leggja þessa skatta á þjóðina. Og get eg ekki greitt atkvæði með því, fái eg ekki *tryggingu* fyrir að bankafrumvarpið nái að ganga fram. En ef hæstv. ráðherra er mikið um að gera, að þetta mál gangi fram og standi það á mínu atkvæði, stendur sá vegur opinn fyrir honum, að fá málið tekið út af dagskrá nú, og fá því frestað unz trygður er framgangur bankafrumvarpsins.

**Ráðherrann (H. H.):** Eg skil ekki, hvernig háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) getur álitið það nokkra tryggingu fyrir, að þetta frv. nái að ganga fram, að eg greiði atkvæði með því, eins og búið er þó oft að lýsa yfir því á þessu þingi, að eg hafi ekki fylgi til að koma neinu máli í gegn. *(Jón Ólafsson:* Með aðstoð minni og annara!). Það er auðséð, að háttv. síðasti ræðum. ætlar að ganga frá því, sem hann hefir samþykt. *[Sigurður Sigurðsson:* Það vita allir). Get eg ekki verið að eyða orðum við menn, sem haga atkvæði sínu þannig.

ATKV.GR.:

Breytingartill. 260 við 2. gr. tekin aftur, en tekin upp af þm. N.-Þing. (B. Sv.) feld með 13 : 11 atkv.

Frumvarpið var felt með 12 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, er óskað var af L. H. Bjarnason, Guðm. Eggerz, Valtý Guðmundssyni, Birni Kristjánssyni, Kr. Daníelsson og Ben. Sveinssyni, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Einar Jónsson | Eggert Pálsson |
| Hannes Hafsein | Jón Jónsson |
| Jóh. Jóhannesson | Benedikt Sveinsson |
| Jón Magnússon | Bjarni Jónsson |
| Kristján Jónsson | Björn Kristjánsson |
| Magnús Kristjánss. | Guðmundur Eggerz |
| Matthías Ólafsson | Halldór Steinsson |
| Ólafur Briem | Kristinn Daníelsson |
| Pétur Jónsson | L. H. Bjarnason |
| Sigurður Sigurðsson | Skúli Thoroddsen |

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Stefán Stefánsson | Valtýr Guðmundss. |
| Tryggvi Bjarnason | Þorleifur Jónsson |

Jón Ólafsson greiddi ekki atkvæði.

**Ráðherrann (H. H.):** Jafnvel þó það virðist liggja nokkuð beint við, að láta sér detta ýmislegt í hug um, af hvaða ástæðum þetta frumv. hefir verið felt, þá vil eg samt fyrir mitt leyti taka gilda þá ástæðu, sem margir háttv. þm. hafa fært fram, að málið væri ekki tímabært og að rétt væri, að þjóðinni gæfist kostur á að segja álit sitt um það, áður en það yrði gert að lögum. Eg þykist mega ráða það af ummælum nokkurra háttv. þm., að þeir séu ekki óánægðir með framkomu stjórnarinnar í þessu máli, þó þeir að svo stöddu ekki gætu greitt því atkvæði. Lýsi eg yfir því, að eftir úrslitum málsins tel eg því að eins frestað.

Eg leyfi mér svo að taka aftur næstu 6 málin á dagskránni. Frumvarp um tekjuskatt, um skattanefndir, um jarðmat, um laun hreppstjóra, um verðlag og um breyting á þeim tíma, sem manntalsþing skuli háð. Þurfa þau því ekki að koma til umr.

**Bjarni Jónsson:** Er ekki leyfilegt að taka upp nokkuð af þeim málum, sem hæstv. ráðherra tók aftur?

**Lárus H. Bjarnason:** Út af fyrirspurn háttv. þm. Dal. (B. J.) um, hvort ekki sé leyfilegt að taka málin upp aftur, vil eg taka það fram, að það er sjálfsagður hlutur. En mér finst að næstu málin á dagskránni séu svo nátengd inu síðasta, að þau hljóti að falla með enn meiri atkvæðafjölda en það og þá ekki nema leikarskapur að taka þau upp, en í slíkum leik vil eg engan þátt eiga.

**Bjarni Jonsson:** Eg get ekki séð, að frumv. um jarðmat og verðlag séu svo tengd frumv. um fasteignaskatt, að ekki megi samþykkja þau. Vil eg spyrja

hæstv. forseta (M. A.), hvort ekki sé leyfilegt að taka þau upp. *(Ráðherrann:* Það er þegar orðið of seint, það á að gerast samstundis). Það er ekki orðið of seint og eg leyfi mér hér með að taka frumvarpið upp.

---

FRUMVARP til laga um jarðmat (stj.frv. n. 183, 233, 234); 2. umr.

**Pétur Jonsson:** Þetta mál stendur í svo nánu sambandi við ið felda frumvarp, að mér virðist það einungis vera til þess að tefja tíma þingsins að vera að ræða það. Mér virðist það einungis, að vera að leika sér með tíma þingsins, að halda þeim áfram, enda þýðingarlaust, þar sem meiri hlutinn, sem þóttist hafa vald til þess að drepa frumv. um fasteignaskatt, muni ekki hika sér við að slátra þessu líka.

Ef menn hugsa sér að gera jarðmat eftir þessu frumv., þá er einmitt með því mati gerbreytt núverandi sköttum, sem á jörðum hvíla, því það gamla jarðmat er alt öðruvís grundvöllur.

**Bjarni Jónsson:** Má eg spyrja, hvort forseti leyfir að málið sé tekið út af dagskrá.

**Forseti (M. A.):** Nei, eg finn enga ástæðu til þess. Málið hefir verið tekið aftur og háttv. þm. Dal. (B. J.) tók það upp, og nú vill hann taka það út af dagskrá, en eg læt ekki þannig hringla með það.

ATKV.GR.:

1. gr. feld með 13 : 3 atkvæðum.

Frumvarpið þar með fallið.

---

FRUMVARP til laga um verðlag (stj.frv. n. 186); 2. umr.

**Flutningsm. (Bjarni Jónsson):** Eg tek að eins til máls til þess að lýsa yfir því, að eg tók ekki þetta frumvarp upp til þess að særa nokkurn mann. Eg bar svona frumv. upp á þinginu í fyrra með fullri alvöru og í þeirri von, að það kæmist í gegnum þingið.

Eg tek þetta að eins fram vegna þess að mér skildist á einum háttv. þingm., að hann halda, að eg hefði tekið frumvarpið upp einungis til þess að særa sig. —

ATKV.GR.:

1. gr. feld með 10 : 3 atkv.

Frumvarpið þar með fallið.

---

FRUMVARP til laga um breyting á lögum um vörutoll 22. Okt. 1912 (stj.frv. n. 164); 2. umr.

**Framsögum. (Bjarni Jónsson):** Eg skal reyna að vera stuttorður. Menn geta séð í tillögum nefndarinnar flest, sem eg hefi um þetta mál að segja. Það var efitt verk, sem nefndinni var falið að inna af hendi, að gera vit úr vitleysu og lagfæra vörutollslögin sælu, sem hitta í blindni alt sem þau drepa á. Eg hefi altaf verið fylgjandi hundraðsgjaldi af vörum, eftir verði, mér finst það auka sanngirnina, eða öllu heldur minka ósanngirnina.

Nefndin hefir ráðfært sig við menn, sem vit hafa á þessu máli, og komið sér saman um að fella úr 2. lið brtill., svo að enginn pappír verði tollskyldur. Henni fanst lítt sæma, að leggja toll á íslenzkar bækur, en láta útlendar bækur vera tollfrjálsar. Nefndinni þótti sem það væri sama sem að níða niður innlendan iðnað.

Annars hefi eg ekki meira að taka fram; till. sýna sig sjálfar.

**Björn Kristjánsson:** [. . . Ræða, sú er þingskrifarinn (Tryggvi Hjörleifsson) hefir ritað eftir mér, er svo vit-

laust skrifuð, að eg get ekki leiðrétt það og man ekki, hvað eg hefi sagt.

B. Kr.].

**Framsögum. (Bjarni Jónsson):** Eg þykist mega fullyrða, að nefndin tekur fúslega allri samvinnu og þakka eg háttv. 1. þm. G.-K. (B. Br.) fyrir hans góða vilja á að laga og hjálpa til að mæla ljósara það sem óljóst er mælt.

Þetta, sem háttv. þingmaður sagði, er sjálfsagt að öllu rétt, og má þá laga það við 3. umr.

ATKV.GR.:

Breyt.till. 164, 1. samþ. með 16 shlj. atkv.

Breyt.till. 166 samþ. með 14 samhlj. atkv.

Breyt.till. 164, 2. samþ. með 15 shlj. atkv.

Breyt till. 164, 3. samþ. með 16 shlj. atkv.

Breyt.till. 164, 4. samþ. með 13 shlj. atkv.

Breyt till. 164, 5. fyrsti liður sþ. með 16 shlj. atkv.

Breyt.till. 164, 5. annar liður sþ. með 13 shlj. atkv.

Breyt.till. 164, 5. þriðji liður sþ. með 15 shlj. atkv.

Breyt.till. 164, 5. fjórði liður sþ. með 13:2 atkv.

1. gr. þannig breytt samþ. með 18 shlj. atkv.

Breyt.till. 164, 6. samþ. með 18 shlj. atkv.

Br.till. 167 þar við fallin.

2. gr., sem verður 3. gr., samþ. með 18 shlj. atkv.

Vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

---

FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr. 26, 11. Júlí 1911, um skoðun á síld (115, n. 216); 2. umr.

**Frams.m. (Kristinn Daníelsson):** Eg þarf ekki að vera langorður um þetta mál, það er ekki neitt stórmál. Það hefir komið í ljós við reynsluna um þessi lög um skoðun á síld, að þau þurfa breytinga við, og get eg vísað til nefndarálitsins um þær breytingar, sem lagt er til að gerðar séu.

Aðal-breytingin er fólgin í því, að áður var skoðunin að eins bundin við sérstakt svæði af landinu, en nú er farið fram á, að hún sé látin ná yfir það alt. Svo eru aðrar smábreytingar, sem að eins standa í sambandi við þetta. Eg þarf ekki að orðlengja þetta, að eins leyfa mér að geta þess, að þar sem stendur 2. gr. í frumv., er prentvilla; það á að vera 3. gr.

ATKV.GR.:

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Breyt.till. 216, 1. samþ. með 14 shlj. atkv.

2. gr., sem verður 3. gr., samþ. með 14 samhlj. atkv.

Breyt.till. 216, 3. samþ. með 13 shlj. atkv.

Breyt.till. 216, 4. samþ. án atkv.gr.

4. gr., sem verður 5. gr., samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Frumv. vísað til 3. umræðu með 16 samhljóða atkv.

---

FRUMVARP til laga um stimpilgjald (168); 2. umr.

**Jón Magnússon:** Eg vil leyfa mér að mælast til þess, að þetta frumv. sé tekið út af dagskrá.

Forseti tók frumv. út af dagskrá.

---

FRUMVARP til laga um viðauka við og breyting á lögum um að flutningsbann á áfengi nr. 44, 30. Júlí 1909 (177, 229, 235, 261); 2. umr.

**Flutningsm. (Lárus H. Bjarnason):** Eg skal vera stuttorður. Br.-till. á þgskj. 229 var orðuð við flutning þessa máls hér í deildinni, og er hún sjálfsögð bót á frumv. Þá eru komnar fram aðrar breyt.till. á þgskj. 235 og 261, en það er raunar sama tillagan og miðar að því að fella burtu miðhluta 1. greinar.

Eg gat þess við 1. umr., að mér persónulega væri ekki fast í hendi um þennan hluta 1. gr., og sama má eg segja um meðflutningsmann minn, hv. 2. þm. Rangv. (E. P.). Aðalatriðið er, að fá nauðsynlega bót á aðflutningsbannslögin til varnar gegn afleiðingum dóms landsyfirréttarins, og er það sérstaklega 2. gr. frumvarpsins, sem eg á þar við; en hún mælir svo fyrir, að ekki skuli framar vera vítalaust að taka við áfengi á floti, hvort heldur gegn endurgjaldi eða endurgjaldslaust.

Eg býst ekki við, að menn hafi á móti upphafi 1. gr. frumv., að veita sendiræðismönnum framandi ríkja heimild til að flytja inn áfengi til heimilisþarfa sinna. Sendiræðismenn þeir 2, sem hér eru, hafa farið þess á leit, og stjórn annars þeirra mikillega óskað þess. Það er engin ástæða til að óttast misbrúkun af hendi slíkra manna. Heimildin nær að eins til áfengis til heimilisþarfa, enda eftirlitið jafnríkt með þeim flutningi sem öðrum.

Eg gat þess, að mér væri ekki fast í hendi um miðhluta 1. gr., er fer fram á að veita undanþágu þeim útlendingum, sem annaðhvort vinna verk í þarfir landstjórnarinnar — átti eg þar við Generalstaben — eða reka annað erindi útlendrar stjórnar, en þar með átti eg við herskipin. Komið hefir til orða að veita útlendingum, sem hér dvelja við veiðar, t. d. Englendingum, og ekki þykjast geta verið án whiskys, undanþágu frá lögunum. En eg geri ekki tillögu um það. Aðaltilgangurinn var sem sé sá, að gera aðflutningsbannslögin betri til framkvæmda en þau eru eftir niðurstöðu landsyfirdómsins.

**Ráðherrann (H. H.):** Eg vil að eins leyfa mér að leggja það til, að 4. gr. frumv. sé feld. Það er að vísu góð regla, að færa inn í lög viðauka og breytingar, sem á þeim eru gerðar, en þegar um litlar breytingar er að ræða á stórum lagabálki, þá getur verið óhagræði að færa breytingarnar inn. Þessi lög eru svo fræg, að eg álít ekki rétt að svifta þau sínu fæðingarári. En breytingin, sem hér er farið fram á, svo ljós, að enginn vafi er á því, að hún verður ekki misskilin.

**Kristinn Daníelsson:** Eg stend að eins upp til þess að stinga upp á því, að þessu frumv. verði vísað til nefndar, og þykir mér miður farið, að það ráð var ekki tekið upp við 1. umr. Þetta mál hefir þó verið svo mikið kappsmál á báða bóga, að ekki virðist veita af nefnd til að íhuga það, og þess er ekki við að dyljast, að þær breytingar, sem frumv. fer fram á, hafa þegar orðið að deiluefni manna á meðal. Þetta þarf engan að furða, því að hér er að ræða um undanþágur frá gagngerðri stefnu laganna, undanþágur, sem ekki verður sagt, hverjar afleiðingar kunni að hafa. Skoðanir manna eru mjög skiftar um frumv., bæði meðal vina og óvina bannmálsins. Sumir telja frumv. óhæft, aðrir telja það gott, og þykir vel farið að frumv. skuli vera komið fram, þótt ekki væri til annars en spilla fyrir bannlögunum. Þetta ætti að vera næg ástæða til að kjósa nefnd í málið.

Eg fyrir mitt leyti tel þetta frumvarp

óviðfeldið. Eg lít svo á sem vorkunn sé þótt fleiri vilji fá undanþágur, þegar þessir hafa fengið. Ekki þori eg að svo vöxnu máli að fullyrða, að engin ástæða sé að veita þessa undanþágu, sérstaklega ef útlend stjórn æskir þess. Það kom fram við 1. umr., að slík málaleitun hafi komið frá Frakkastjórn, og getur þá verið, að það þyki kurteisisskylda að verða við þeim tilmælum. En ónærgætið finst mér það raunar, að aðrar þjóðir fari þess á leit, að þeirra menn skuli öðlast frelsi frá því að beygja sig undir lög, sem sú þjóð verður að lúta, er mennirnir dvelja hjá. Eg efast um, að farið mundi fram á, að þess konar undanþágur væru gerðar hjá öðrum þjóðum. Líklega hefði aldrei komið fram beiðni um slíkt, ef ekki væri kunnugt, að svo skiftar eru skoðanir manna á málinu hér á landi, og að undanþágan félli í góðan akur hjá svo mörgum, sem andstæðir eru lögunum og láta sér vel líka að þau séu vettugi virt. Ef hér er um kurteisisskyldu að ræða, þá er líka rétt að athuga þær röksemdir og viðurlög, sem í móti liggja, og yrði það þá hlutverk nefndarinnar.

Um einstök atriði skal eg taka það fram, að eg álít 2. gr. frumv. nauðsynlega og sjálfsagt að samþykkja hana.

Tillaga mín er að kjósa 5 manna nefnd í málið og fresta umræðunni.

**Bjarni Jónsson:** Eg vil ekki að bannlögunum sé breytt í nokkurum verulegum atriðum fyr en þau eru reynd. Fyrir 1915 tel eg enga reynslu komna á þau, og þangað til vil eg ekki að linað sé á þeim. En ekki tel eg það að lina á bannlögunum, þótt sendiræðismönnum sé heimilað áfengi til heimilisþarfa, enda geta þeir ekki selt vín og áfengi og engin hætta á að þeir geri það. Hitt tel eg ófært, að veita þeim mönnum undanþágu, sem hér vinna í þjónustu annara ríkja. Þeir geta orðið margir og þar er hætt við vanbrúkun. Sama er að segja um þá sem hér vinna í guðsþakkaskyni, eins og landmælingamennirnir dönsku. Það er ekki gott að vita, hversu vel mundi gefast undanþága fyrir þá. Alveg sama á við um þá sem hér koma til að ferðast um landið. Ef til kæmi, að útlend ríki sendu hingað sendiherra, þá yrði að sjálfsögðu sama að gilda um þá sem sendiræðismenn. Aðrar undanþágur vil eg engar veita.

Eg hefi komið fram með br.till. við þetta frumv. á þgskj. 261. Sé eg, að sams konar tillaga er og komin fram á þgskj. 235. Mér var ekki kunnugt um, að önnur tillaga væri komin fram um þetta, þegar eg sendi mína tillögu til skrifstofunnar. Auðvitað þarf ekki að bera upp nema aðra þeirra, og fellur þá hin niður.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Eg stend ekki upp til þess, að ræða efni frumv., heldur til þess að gera athugasemd út af tillögu háttv. 2. þm. G.-K. (Kr. D.) um nefndarskipun. Eg veit ekki til þess, að á nokkuru þingi hafi verið skipaðar jafnmargar nefndir sem á þessu. Það má heita svo, að hverju smámáli hafi verið vísað til 5 manna nefndar. Afleiðingin hefir orðið sú, að málin hafa rekist hvert á annars horn, menn hafa ekki getað mætt á nefndarfundum og þingstörfin hafa stíflast. Þetta mál er ekki flóknara en svo, að eg tel óþarft að kjósa nefnd til að íhuga það.

**Flutningsm. (Lárus H. Bjarnason):** Ekki skil eg, að nokkur maður, sem hlyntur er bannlögunum, hvort sem hann er bindismaður eða ekki, geti haldið því fram í alvöru, að þetta frumv. miði að því að bregða fæti fyrir lögin. Þvert á móti: alt frumvarpið miðar að

því að bæta þau. Með 1. gr. er loku skotið fyrir það, að stjórnin geti veitt nokkrum öðrum undanþágu en þeim, sem nefndir eru í lögunum. Er það ekki nokkurs vert að girða fyrir það, að stjórnin geti veitt óheimilar eða vafasamar undanþágur frá lögunum svo sem kvisast hefir, að stjórnir hafi gert, þar á meðal varðskipinu. Er það einskis vert að girða fyrir það, að hægt sé að taka áfengi á floti, eins og 2. gr. frumv. kveður á um? Er það að vinna á móti bannlögunum, að færa lágmark sektanna úr 50 kr. upp í 100 kr., eins og 3. gr. frumv. fer fram á? Er það loks að vinna á móti bannlögunum, að leggja til, að þessi lög öðlist gildi þegar er konungur hefir undirskrifað þau, eins og farið er fram á í breyt.till. á þgskj. 229? Ef ekki eru ráðnar þessar bætur á bannlögunum, þá eru þau ónýt.

Af þessum ástæðum er mér óskiljanlegt, að nokkur bannvinur sé andstæður þessu frumv. eða vilji draga það á langinn með því að skipa nefnd í það. Engin ástæða er til að óttast brot frá þeirra hálfu, sem undanþága er veitt, því að ef svo færi, að þeir samt brytu lögin, þá yrðu þeir kvaddir heim. Eins og eg tók fram, er mér ekki fast í hendi um miðhluta 1. gr. og býst jafnvel við, að greiða atkvæði með br.till. um, að fella burt þann hluta gr., þótt eg persónulega hafi ekkert á móti honum. Mér virðist hv. þm. Dal. (B. J.) gera lítið úr Generalstaben, en það þykir mér ómaklegt, því að hann vinnur landi voru þarft verk, fult svo þarft sem viðskiftaráðunauturinn.

Hæstv. ráðherra vildi láta fella burtu 4. gr. frumv. Eg legg ekki mikið upp úr, hvort hún verður samþykt eða ekki, en yfirleitt álít eg það betra fyrir almenning, að viðaukar og breytingar á lögum séu tekin upp í þau og þau endurprentuð þannig breytt, enda þótt það hafi í för með sér dalitið ómak fyrir stjórnina.

**Guðmundur Eggerz:** Eg stend upp til að styðja það, að nefnd sé valin í þetta mál. Sú ástæða liggur til þess, að von er á þingsályktunartillögu í þá átt, að stjórnin hlutist til um atkvæðagreiðslu um afnám bannlaganna. Þessa tillögu ætti nefndin að athuga í sambandi við þetta frumv. Ef nú tillagan til þingsályktunar yrði samþykt hér, þá býst eg við, að svo fari, að bannið verði afnumið aftur, að þjóðin sýni það með atkv.gr. sinni, að hún er þeim andvíg, og þykir þá engin þörf á þessu frumv.

**Flutningsm. (Lárus H. Bjarnason):** Út af orðum háttv. sessunautar míns, 2. þm. S.-Múl. (G. E.), að ástæða sé til þess, að nefnd verði skipuð í þetta mál af því, að hann ætli að koma fram með þingsályktunartillögu viðvíkjandi bannlögunum, þá skal eg geta þess, að mér virðist sú ástæða fremur veigalítil. Komi tillagan fram og yrði hún svo löguð, að ástæða þætti til að vísa henni til nefndar, þá er hægurinn hjá að setja tillöguna í nefnd. En þetta mál, sem hér liggur fyrir, er svo ljóst og einfalt, að nefndar virðist engin þörf. Annars þykir mér ekki nema eðlilegt að hann, sem er andstæður öllum breytingum á bannlögunum, sem horfa þeim til bóta, vilji draga frumvarpið á langinn eða drepa það. Fyrir honum vakir ekki annað um bannlögin, en að þau megi verða »jo galere jo bedre«.

**Kristinn Daníelsson:** Eg vona að eg þurfi ekki að verja mig fyrir þeim grun, að eg vilji bannlögunum á nokkurn hátt illa, né að eg sé á móti þeim umbótum á lögunum, sem nauðsynlegar eru til þess að tryggja að þau komi að tilætluðum notum. En eins og eg hefi sagt, þá hefi eg ekki enn getað sannfærst um nauðsyn þessarar undanþágu fyrir ræðismennina. Mér þætti vænt

að fá að sjá þetta bréf frönsku stjórnarinnar áður en eg ræð með mér, hvort eg greiði atkvæði með þessari undanþágu fyrir konsúlana eða ekki. Sem sagt, eg álít nauðsynlegt, að málið sé athugað í nefnd. Eg get ekki kannast við það, að tíminn sé ekki nægur, þar sem ekki er liðinn nema helmingur þingtímans. Eg hefi einu sinni verið á móti nefndarskipun í þessu máli, en það kom af því, að það hefði orðið bannlögunum að bana, því að þá var ekki eftir nema vika af þingtímanum.

Háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) var að hugga okkur með því, að ekki þyrfti að óttast vondar afleiðingar af þessari undanþágu, vegna þess að ekki væri hætt við, að vínið breiddist út frá konsúlunum. Það er heldur ekki það sem eg óttast, heldur hitt, að fleiri komi á eftir með sams konar beiðni. Og þótt eg fyrir mitt leyti sé í engum vafa um, hvernig eg mundi svara því kvabbi, þá er ekki sagt, að þingið verði alt af eins skipað og nú.

Ástæða háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.), að það sé búið að setja svo margar nefndir, að fleiri eigi ekki að setja, get eg ekki séð að vegi þungt á metunum. Það á að setja nefnd alt af þegar þess er þörf.

**Flutningsm. (Lárus H. Bjarnason):** Án þess að eg vilji fara að stæla við háttv. 2. þm. G.-K. (Kr. D.) út af ótta hans við sendimennina, þá vil eg minna hann á setningu, sem gildir mjög við lögskýringu: »Inclusio unius exclusio alterius«. Einmitt það, að þessum mönnum er veitt undanþága, útilokar í sjálfu sér alla aðra frá undanþágu, enda er það beint tekið fram í frumv., jafnvel um alla þörf fram, að öðrum megi ekki veita undanþágu.

Háttv. þingm. vildi sjá bréf frönsku stjórnarinnar, og get eg sagt honum það, að eg hefi átt tal um þetta við hæstv. ráðherra, og hann hefir lofað mér að bréfin skuli vera hér til sýnis við 3. umræðu.

Það er annars undarlegt, að hv. þm. skuli berjast svona ákaft fyrir að málið verði sett í nefnd nú, þar sem hann barðist móti nefnd í aðflutningsbannslögin í Ed. á þinginu 1909. Hér er þó um ólíkt minna mál að ræða.

ATKV.GR.:

Nefndarkosning feld með 12:9 atkv.

Br.till. 235 sþ. með 12:7 atkv.

Br.till. 261 þar með fallin.

1. gr. frumv. þannig breytt sþ. með 11:6 atkv.

2. gr. frumv. samþ. með 11:3 atkv.

3. gr. frumv. samþ. með 14 samhlj. atkvæðum.

Br.till. á þgskj. 229 sþ. með 13 samhlj. atkv.

4. gr. frv. feld með 10:3 atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umræðu með 12 gegn 6 atkv.

---

Útbýtt var á fundinum frá Ed.:

Nefndaráliti um frumv. til laga um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum (259).

Fundi slitið.

---

## 26. fundur.

Þriðjudag 5. Ágúst 1913, kl. 12 á hád.

Dagskrá:

1. Frumv. til laga um samþyktir um hringnótaveiði (44, 158, n. 250, 264); 2. umr.
2. Frv. til laga um breyting á lögum um vegi 22. Nóv. 1907 (55, n. 169, 209); 2. umr.
3. Frv. til viðaukalaga við lög nr. 24, 9. Júlí 1909, um samþyktir um korn-

forðabúr til skepnufóðurs (190); 2. umr.
4. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 86, 22. Nóv. 1907 (150); 1. umr.
5. Frv. til hafnarlaga fyrir Vestmannaeyjar (176); 1. umr.
6. Frv. til laga um lögreglusamþykt og byggingarsamþykt fyrir Vestmannaeyjasýslu (179); 1. umr.
7. Frv. til laga um heimild fyrir stjórnarráðið til þess að veita mönnum rétt til þess að vera dómtúlkar og skjalþýðendur (194); 1. umr.
8. Frv. um laga um málskostnað (200); 1. umr
9. Frv. til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbankans til að láta skoða veðin á kostnað lántakanda (199); 1. umr.
10. Frv. til laga um löggilding verzlunarstaða í Karlseyjarvík við Reykhóla og í Hagabót í Barðastrandarsýslu (202); 1. umr.
11. Frv. til laga um eignarnámsheimild fyrir bæjarstjórn Ísafjarðar á lóð og mannvirkjum undir hafnarbryggju (203); 1. umr.
12. Frv. til laga um hvalveiðamenn (77, n. 232); 2. umr

---

Allir á fundi.

Fundarbók síðasta fundar lesin upp, samþ. og staðfest.

Forseti skýrði frá, að frá efri deild hefði borist:

1. Frv. til laga um sparisjóði (flgskj. 271).
2. Frv. til landskiftalaga (þgskj. 272) ásamt tilmælum um, að þau yrðu lögð fyrir Nd.

Enn fremur skýrði forseti frá, að forseti efri deildar hefði tilkynt sér, að fallið hefði þar í deildinni:

Frumvarp til laga um breyting á og viðauka við tilskipun 15. Ágúst 1832, 15. gr.;

en að

Frumv. til laga um breyting á lögum nr. 30, 16. Nóv. 1907, um lán úr landssjóði til byggar íbúðarhúsa á prestsetrum landsins

hefði verið samþykt í Ed. og afgreitt til ráðherra sem lög frá Alþingi.

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið í deildinni:

1. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 26, 11. Júlí 1911 um skoðun á síld. Eftir 2. umr. í Nd. (279).
2. Frv. til laga um breyting á lögum um vörutoll, 22. Okt. 1912. Eftir 2. umr. í Nd. (277).
3. Frv. til laga um viðauka og breyting á lögum um aðflutningsbann á áfengi nr. 44, 30. Júlí 1907. Eftir 2. umr. í Nd. (278).
4. Frv. til laga um sölubann á tóbaki til barna og unglinga. Fltun.m. Sig. Sigurðsson, Ben. Sveinsson, Matth. Ólafsson (775).
5. Frv. til landskiftalaga. Eftir 3. umr. í Ed. (272).
6. Frv. til laga um sparisjóði. Eftir 3. umr. í Ed. (271).
7. Breytingartill. frv. til laga um girðingar. Frá Bjarna Jónssyni (270).
8. Breytingartill. við breytingartill. á þgskj. 257. Frá Bjarna Jónssyni (269).
9. Nefndaráliti um frumv. til laga um breyting á lögum nr. 32, 20. Okt. 1905, um málaflutningsmenn við landsyfirdóminn í Reykjavík (268).
10. Nefndarálit um frumv. til laga um breyting á lögum nr. 25, frá 22. Okt. 1912, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands (267).
11. Nefndarálit um frumv. til laga um íslenzkan sérfána. Frá minni hlutanum (274).
12. Landsreikningurinn 1910 og 1911.

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið frá Ed.:

1. Frv. til laga um sölu á kirkjujörðinni Undirfelli með hjáleigunni Snæringsstöðum í Vatnsdal í Austur-Húnavatnssýslu. Fltm.: Þórarinn Jónsson og Guðjón Guðlaugsson. (276).
2. Nefndaráliti um frumv. til laga um breyting á lögum nr. 18, 9. Júlí 1909 um styrktarsjóð handa barnakennurum (265).
3. Nefndaráliti um frumv. til laga um hallærisvarnir (263).

FRUMVARP til laga um samþyktir um hringnótaveiði (44, 158, n. 250, 264); 2. u m r.

**Framsögum. meiri hl. (Stefán Stefánsson):** Nefndin, sem kosin var í þetta mál, hefir ekki getað fylgst að. Að vísu er nefndin — að flutningsmanni undanskildum — nokkurn veginn á einu máli um, að fylgja ekki frumvarpinu eins og eg og háttv. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.) fluttum það fyrst inn í deildina, en svo skiftast leiðirnar. Meiri hl. nefndarinnar vill fylgja þeirri stefnu, sem kemur fram í frumv., að undir einstökum tilfellum sé hægt að takmarka hringnótaveiði í landhelgi. Þetta er samkvæmt þeim undirbúningi, sem málið hefir fengið í héraði, og eg flutti málið inn á þing eftir tilmælum kjósenda minna. Þar hefir málið verið rætt ítarlega og athugað, enda hefir það mesta þýðingu fyrir Eyjafjörð. Meiri hluti nefndarinnar lítur því svo á, að tiltækilegt sé að leyfa sýslunefndum Eyfirðinga og Þingeyinga að banna hringnótaveiði innan við Hrísey. Þetta byggist á því, að um ytri endamörk Hríseyar þrengist fjörðurinn mjög mikið, og þar af leiðandi enn meiri líkindi til þess að hringnótaveiðin hafi spillandi áhrif á veiðiskapinn á firðinum. Það þykir því rétt að gera þessa tilraun til að vita, hvort þverrandi veiðiskapur á síld og öðrum fiskafla á Eyjafirði muni stafa af völdum hringnótaveiðarinnar, er þar hefir verið stunduð. En það eru allar líkur til, að álit Eyfirðinga á þessari veiðiaðferð sé rétt, því að það fer saman sá tími sem veiðiskapur þverrar að miklum mun og þessi veiðiaðferð er fyrst notuð. Eg segi, að þetta sé tilraun, því að ef eg man rétt, standa fiskiveiðasamþyktir ekki lengur en 10 ár. Og hér yrði það sennilega skemri tími, því að eg get trúað, þó að Eyfirðingar gerðu slíka samþykt, að þeir létu hana ekki gilda lengur en 4—5 ár, ef reynslan sýndi, að hún hefði enga verulega þýðingu. Þeir skoða sig ekki neina fiskifræðinga, en vilja hins vegar láta reynsluna skera úr. Annars hefi eg gengið svo langt til samkomulags í þessu máli, að eg sé ekki að lengra verði gengið, þar sem eg hefi ekki einungis gengið frá frumvarpinu í sinni upphaflegu mynd, að sýslunefndum sé leyft að banna síldveiði með hringnótum í landhelgi, heldur hefi eg og fallið frá áliti Eyfirðinga og gengið inn á að setja takmarkalínuna miklu innar heldur en þeir höfðu komið sér saman um, því samkvæmt tillögum okkar meiri hluta nefndarinnar leggjum við til, að hún sé þvert yfir fjörðinn um norðurenda Hríseyjar, og sé gerð nokkur tilraun í þessu máli, þá get eg ekki séð að minna verði heimtað. Það hagar svo til, að fyrir utan þessa umræddu takmarkalínu er afar-mikið landhelgissvæði, sem eg hefði líka viljað friða fyrir yfir yfirgangi. Og kunnugt er mér um það, að þeir menn eru til út með Eyjafirði, sem hafa komið sér upp hringnótum til mótorbátaveiða, en hafa þó svo mikinn áhuga á þessu máli, að þeir vilja heldur, að þessi veiðiaðferð sé bönnuð til yztu endimarka Eyjafjarðar, heldur en að hún haldi áfram nágrönnum sínum og öllum fjöldanum til skaða.

Skal eg svo snúa mér að aðalatriðinu, sem mér virtist koma fram sem mótbára gegn frumv. við 1. umr., sem sé þeirri, að innlendir hringnótaveiðarar hefðu varið landhelgina fyrir útlendum yfirgangi. Útlendir hringnótaveiðarar hafa aldrei, svo mér sé kunnugt, fiskað fyrir innan Hrísey, svo að sú mótbára hefir lítið að segja, eins og frumvarpið kemur nú frá meiri hlutanum í nefndinni. Eg hygg því, að þessi aðalástæða gegn frumv., er kom fram frá 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.). sé fallin með br.till., því utan við Hrisey er afarstórt landhelgissvæði, sem þau innlendu skip þá óefað mundu verja, jafn vel enn betur en áður, því á þeim stöðvum mundu þau þá aðallega verða að veiðum.

Eg vona, að háttv. deild taki þessu máli vel, eins hóglega og í sakirnar er farið, og leyfi því að ganga til 3. umr. og jafn vel áfram til háttv. Ed. Í það minsta hefi eg þá trú, að þeir bændur, sem sæti eiga hér í deildinni, greiði ekki atkvæði á móti málinu, því það er sannarlega í eðli sínu svo vaxið, að það er okkar bændanna að styðja það. Hér er líka að eins að ræða um lagaákvæði, sem máske gildir að eins um nokkurn tíma, en ekki bann, sem gildi um aldur og ævi, og virðist því ekki vera mikið í húfi, hvernig sem málið er skoðað.

**Framsögum. minni hl. (Matth. Ólafsson):** Það er satt, að háttv. flutningsm. (St. St.) er búinn að slá talsverðu af upphaflegum kröfum sínum, enda var honum var honum ekki hægt með neinu móti að halda þeim fram, af því að enginn í nefndinni vildi ganga svo langt. Meiri hluti nefndarinnar áleit þó, að það gæti engu spilt að veita samþyktarheimild, þegar takmarkið væri sett svo þröngt, sem gert er með brt. á þgskj. 158. En minni hlutinn vildi enga samþyktarheimild gefa í þessu efni.

Kenningin um, að þessi eða hin veiðiaðferðin spilli veiðiskap alment, get eg ekki séð að sé bygð á neinu viti. Það er leiðinlegt að þurfa að segja það, en það hefir aldrei sýnt sig, að nokkur veiðiaðferð hafi spilt fyrir annari, og reynslan sannar, að þessi kenning er hégóminn einber. Því hefir verið haldið fram, að hringnótaveiðarnar reki síldina til hafs. Hvers vegna til hafs? Það er almenn kenning, að ef hvalir komi inn á firði, þá reki þeir síldina upp að landinu. Hví skyldu þá hringnótaveiðarnar eða sá usli, sem af þeim stendur, ekki geta valdið því sama? Ef síldin gengur jafnharðan út úr Eyjafirði og hún gengur inn, þá er það ekki hringnótunum að kenna, heldur myndi hún eins gera það þótt engar hringnótir væru þar til.

Háttv. framsögum. meiri hl. (St. St.) sagði, að það væri ekki hætt við að skip stunduðu veiði fyrir innan Hrísey. Eg get ekki verið sammála honum um það, því að það er oft hægt að stunda hringnótaveiðar fyrir innan Hrísey þótt ekki sé unt að fiska fyrir utan hana sökum storms og stórsjóa. Eyjan dregur mjög úr hafsjó, og er því oft hæg-ara að vera að veiðum innan við eyjuna heldur en fyrir utan hana.

Þá tók inn háttv. flutningsm. og framsögum. meiri hl. (St. St.) það fram, að út með Eyjafirði væru menn, sem ættu hringnætur, og að þeir vildu fyrir hvern mun láta banna hringnótaveiðar í firðinum. Það minnir á söguna um illgjarna manninn, sem lét stinga úr sér annað augað til þess að andstæðingur hans misti bæði augun.

Það er alt af verið að klifa á þjóðarviljanum hér í deildinni, en í þessu tilfelli er það ekki einu sinni svo, að

þetta sé almennur vilji. Það liggur hér frammi á lestrarsalnum þingmálafundargerð frá Akureyri, þar sem því er mótmælt, að hringnótaveiði verði bönnuð á Eyjafirði. Og Akureyringar rökstyðja það engu síður en herrarnir út með firðinum. Það er verið að slá á hjartastrengi þingmanna með því að tala um, að hér sé einungis verið að gera tilraun. Það getur orðið nokkuð dýr tilraun, gæti jafnvel kostað landið um 100,000 kr. Eg hefi átt tal við útgerðarmann hér í Reykjavík, sem hefir hringnótaveiði á Eyjafirði og veiðistöð þar, og sagði hann, að hann myndi flytja sig burtu, ef samþykt yrði gerð, og það jafnvel þó að þessi takmarkalína yrði sett. Eg vil segja, að ekki einungis sveitin, heldur landið alt, hefði stóran óhagnað af því, ef hans útvegur yrði að hætta. Eg og við minnihlutamenn getum ekki annað en ráðið til að frumv. verði felt.

Þá er breyt.till. á þgskj. 264. Hún á sammerkt við hina, en gengur þó það lengra, að hún gerir þetta svið, sem samþyktarheimild á að ná yfir, enn þá viðtækara. Menn geta bráðum búist við að farið verði fram á að friða hvern fjörð á landinu. Eg tel það mjög varasamt að loka fjörðunum í 5 ár. Með því eiga menn á hættu að missa mikinn afla, en óvíst hvað menn hreppa í staðinn.

Því hefir verið haldið stranglega fram, að á Eyjafirði fari sá tími saman, er veiðiskapur þverrar og hringnótaveiðiaðferð er notuð. Þó svo væri, að tími þessi færi saman, þá er ekki þar með sagt, að það sé hringnótunum að kenna. Þetta hefir alstaðar komið fyrir, að fiskur hefir lagst frá á löngu tímabili. Menn þekkja ekki orsakirnar. Á Vesturlandi hafa stundum komið síldargöngur án þess að nokkur þorskur kæmi með. En áður héldu menn, að alt af kæmi þorskur samfara síldargöngum, en nú hefir það sýnt sig, að svo er ekki alténd. Þetta er órannsakað mál, og er því ekkert á því að byggja.

Eg vona að menn hugsi sig tvisvar um áður en þeir fara að samþykkja þetta frumv., sem mjög efasamt er að geri nokkurt gagn, en miklar líkur til að geri talsvert ógagn.

**Framsögum. meiri hl. (Stefán Stefánsson):** Það hafa mjög litlar upplýsingar komið fram í þessu máli frá því við 1. umr. Eg tók ekki eftir neinu sérstöku frá þessum mótstöðumanni málsins, sem seinast talaði. Jú, eg tók eftir að hann sagði, að málið væri ekki bygt á neinu viti. Hann þykist líklega sitja inni með alt vit á málinu. En hvorir skyldu hafa meira vit á því, þeir sem lengi hafa stundað fiskiveiðar á Eyjafirði eða hann, sem hefir að eins dvalið sem gestur 1—2 ár, ýmist á skólabekk eða sem veitingaþjónn? Nei, það verður naumast sagt, að slíkt sé þingmannlega mælt, og það af manni, sem vitanlega hefir engu meiri þekkingu á slíkum hlutum en alment gerist. Að segja, að sú aðalstefna, sem kemur fram í þessu máli, sé ekki bygð á neinu viti, er því eins og hvert annað marklaust hjal. Ef það er talið gaspur, að flytja mál fjöldans, þá er það þó miklu fremur gaspur, að flytja mál einstakra fárra manna, sem að eins líta á sinn eigin hag. Og hér er það fjöldinn, sem óskar þessara laga, en ekki einstakir menn, sem vilja koma í veg fyrir að óskum og kröfum fjöldans verði framgengt. Þeir sem reka þessa veiðiaðferð, eru vitanlega að eins nokkrir Reykvíkingar og Akureyringar, og frá þeim stafar aðallega mótstaðan, en fjöldinn á Akureyri fylgist með af því, að þar hafa menn atvinnu af því að verka síld, en allur almenningur út með

Eyjafirði að austan og vestan má ekki gjalda þess. — Sem sagt, eg tók ekki eftir að mótstöðumaður þessa máls hefði neitt nýtt, eða jafnvel nýtilegt fram að bera. Eg sé því ekki ástæðu til að fjölyrða þetta frekar, enda hygg eg, að menn séu nú búnir að átta sig á þessu máli.

**Framsögum. minni hl. (Matth. Ólafsson):** Háttv. framsögum. meiri hl. (St. St.) hefir orðið talsvert heitur út af þessu máli. Eg hélt að við gætum rætt það rólega og hitalaust. Út af því sem eg sagði, að þetta mál væri ekki á neinu viti bygt, skal eg taka það fram, að eg held því fram enn, og byggi það ekki á neinni þekkingu á Eyjafirði, heldur á því að reynslan hefir sýnt það. Eg hefi alið allan minn aldur við sjávarsíðuna og er því vel kunnugur öllu því, er að sjávarútvegi lýtur. Hann sagði, að eg hefði ekki sagt neitt nýtt. Það var þó nýtt í því sem eg sagði, að fiskiveiðasamþyktir hefðu alt af reynst hégóminn einber. Þær hafa venjulega orðið til þess eins að hefta framtaksmanninn til einskis gangs fyrir hinn. Og venjulega hefir farið svo, að áður en samþyktartíminn var liðinn, þá hefir enginn vitað út né inn, það hefir verir hætt að sekta fyrir brot, og menn hafa jafnvel talið sjálfsagt að brjóta samþyktina. Þetta er reynslan, hvað sem hv. framsögum. meiri hl. (St. St.) segir. Hann var að tala um, að þetta væri mál fjöldans. En hér stendur fjöldi á móti fjölda. Við vitum, hverjum við sleppum, en ekki hvað við hreppum. Við vitum að við sleppum stórhagnaði fyrir þá sem stunda hringnótaveiði, og við vitum að við sleppum atvinnu fjölda fólks á Akureyri. Hann gat ekki fundið neitt nýtilegt í ræðu minni, og eg bjóst nú varla við því. Eg reyndi að sannfæra hann í nefndinni, en það tókst ekki, og eg býst ekki við að það takist á þessu þingi og leiði minn hest frá því. En hér er mikið í húfi, miklu tapað ef þessar samþyktir komast á, og ekkert hægt að fá í staðinn, nema ánægjuna af því að hindra aðra í þessum atvinnuvegi. Eg benti honum á það í nefndinni, að honum væri betra að kenna sveitungum sínum að afla sér veiðarfæra eftir siðaðra manna hætti.

**Ólafur Briem:** Eg ætla að eins að fara örfáum orðum um br.till. minar á þgskj 264. Í aðalefni málsins ætla eg ekki að blanda mér, ætla að láta framsögumennina deila um það.

Í breyt.till. minni er farið fram á, að sýslunefnd Skagafjarðarsýslu sé líka gefin heimild til þess að gera samþykt um hringnótaveiði á Skagafirði. Því eg get ekki séð, að það sé nokkur frekari ástæða til þess að neita Skagfirðingum um þessa heimild, heldur en Eyfirðingum.

Háttv. framsögum. minni hl. (M. Ól.) hélt því fram, að allar samþyktir, sem hefðu verið gerðar viðvíkjandi fiskiveiðum, væru að meiru og minna leyti gagnslausar og að ekki væri hægt að byggja á neinum tilraunum, sem gerðar hefðu verið í þá átt. Vil eg þá vitna til samþyktar, sem gerð hefir verið í Skagafirði. Var þar fyrir allmörgum árum samþykt reglugerð um veiðiskap í Drangey, og hefir henni verið fylgt nú í aldarfjórðung. Þessa reglugerð settu Skagfirðingar sjálfir, vegna þess að þeir álitu hana alveg bráðnauðsynlega. Og með því að öllum kom saman um, að þessi reglugerð væri nauðsynleg, þá hefir henni verið rækilega framfylgt — þangað til í fyrra að einn maður skarst úr leik og vildi ekki hlýða ákvæðum hennar. Og því var það, að á þinginu í fyrra var leitað lagaheimildar til að gera slíka samþykt, er að allra dómi hefir gefist mætavel.

Annars ætla eg ekki að gera þetta að neinu kappsmáli, en ekki mundi það

mælast vel fyrir, ef Alþingi setti sig á móti því að almenningur mætti setja sér lög, sem ekki grípa yfir aðra en þá eina. Og þó hægt sé að segja, að sumar samþyktir hafi gefist misjafnlega, þá er það þó ekki víst að svo verði um allar, og því sýnist það vera bezta ráðið, að lofa reynslunni að skera úr, hvernig þær samþyktir gefast, sem hér er um að ræða.

**Ráðherrann (H. H.):** Eg vil að eins leiða athygli manna að því, að hér er um sérstaka samþykt að ræða, sem fellur undir lög frá 14. Des. 1877 um fiskveiðar á opnum bátum. Þar stendur í 3. gr.

»Nú er kaupstaður innan takmarka héraðs, þess sem samþykt á að ná yfir, og ganga þá 3 menn, er bæjarstjórnin til þess kýs úr sínum flokki, inn í sýslunefndina, ávalt þegar ræða skal um samþyktir, þær er lög þessi hljóða um«.

Eftir þessu þarf því að fella burtu 1. gr. frumv. og bæta inn ákvæði um það að bæjarstjórn Akureyrar geti átt hlut í að semja þessar reglur. Vona eg, að deildin athugi þetta til 3. umr.

**Framsögum. minni hl. (Matth. Ólafsson):** Eg ætla að benda flutningsmanni breyt till á þgskj. 264 á, að það er ólíku saman að jafna reglugerð Skagfirðinga um veiðiskap í Drangey og þessari samþykt, sem frumvarpið fer fram á. Reglugerð Skagfj. er um þeirra eigin mál, en þetta um mál allra landsmanna. Því firðirnir eru ekki að eins eign þeirra sem við þá búa, heldur allra landsmanna. Hér er ekki verið að banna að setja lög fyrir hvern einstakan landshluta. Hér er um alt landið að ræða. Þetta frumv. gæti gert borgurum landsins stórtjón.

Eftir því sem áður hefir verið samþykt um fiskiveiðar, virðast þessi lög alveg óhafandi. Þessi lög mundu sýna sig eins og þau lög, sem banna á einstöku stað sérstök veiðarfæri. Menn muna, hvernig Faxaflóaútgerðin tapaði á því, og slík og þvílík dæmi eru um land alt. Ef þetta frumvarp yrði samþykt, þá er það líka athugavert, að margir borgarar á Akureyri, sem við hringnótaveiðiskapinn hafa fengist, yrðu atvinnulausir. Og svo er eitt; er nú víst að betur fiskist, þó að hringnótaveiðarnar verði bannaðar? Eg hefi sárlitlar vonir um það. Setjum nú sem svo að betur fiskist eftir að hringnótaveiðarnar eru hættar, þá tel eg efasamt að meira fiskist en nú með hringnótaveiðinni. Mér fyndist því nær að setja inn fé, til þess að hjálpa mönnum til þess að geta kept við hringnótaveiðiskapinn. Menn verða að gæta að því, hverju slept er, og gæta að því, að engin reynsla er fengin fyrir því, að hringnótaveiðiskapurinn spilli fyrir öðrum veiðiaðferðum. Menn mega ekki eiga það á hættu að tapa fé, með því að hefta eina atvinnugrein og vita ekki, hvort það hjálpar nokkuð annari.

**Magnús Kristjánsson:** Eg hefi sneitt hjá að tala um þetta mál, vegna þess að við 1. umr. málsins komu fram mótmæli á móti því, sem féllu saman við mína skoðun. Því talaði eg ekkert þá, og líkt stendur á nú. Eg þykist nokkurn veginn sjá, hvernig fara muni um þetta frumv. og vil því heldur ekki nú leggja mikið til málanna.

Það var að eins út af því sem hæstv. ráðherra (H. H.) sagði, að eg tek til máls nú. Hæstv. ráðherra benti á það, að rétt væri að setja inn í lögin ákvæði um það, að bæjarstjórn Akureyrar eigi hlut í að semja reglur um þennan hringnótaveiðiskap. Þetta er ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, ef málið á annað borð kemst svo langt. Því að bæjarfélögin

eiga að mínu áliti að vera jafn rétthá og sýslufélögin. Eg var áður ráðinn í því að koma að breytingu í þessa átt, ef nokkrar líkur væru til þess, að málið næði fram að ganga, því það getur varla komið til mála að gera slík lög svo úr garði, að nokkurt þessara stjórnarvalda, út af fyrir sig, geti gert samþyktir um þetta, að hinum nauðugum, sem hér eiga hlut að máli.

Vegna þess að eg efast um, að þetta mál nái fram að ganga, þá vil eg ekki fara út í einstök atriði þess. Vil eg að eins geta þess, að eg að mestu leyti felst á skoðanir háttv. framsögum. minni hlutans.

ATKV.GR.:

Br.till. við 1. gr. á þgskj. 158, 1 sþ. með 13:2 atkv.

Viðaukatill. við breyt.till. á þgskj. 264, 1 feld með 10:7 atkv.

1. gr., þannig breytt, samþykt.

Breyt.till. við 2. gr. á þgskj. 158, 2 sþ. án atkv.gr.

Breyt.till. á þgskj. 158, 3 samþ. án atkv.gr.

Breyt.till. á þgskj. 264, 2 þar með fallin.

Breyt.till. á þgskj. 158, 3 samþ. án atkv.gr.

2. gr. sþ. með 13:4 atkv.

3. gr. sþ. með 14:1 atkv.

4. og 5. gr. sþ. með 13:1 atkv.

6. og 7. gr. sþ. með 12:2 atkv.

Fyrirsögin sþ. áður (sbr. 158, 3).

Samþykt með 15:6 atkv. að málið gengi til 3. umr.

---

FRUMVARP til laga um breyting á lögum um vegi 22. Nóv. 1907 (55, n. 169, 209); 2. umr.

**Framsögum. meiri hl. (Kristinn Daníelsson):** Eg skýrði frá því við 1. umr. þessa máls, hvernig þetta frumvarp er fram komið. Vil eg ekki endurtaka það alt núna, en vegna þess að sumir kunna að hafa gleymt því, sem eg sagði þá, vil eg drepa á einstök atriði frumvarpsins.

Nefndin, sem var sett í málið, hefir — að einum undanskildum — orðið sammála um það, að ráða deildinni til þess að samþykkja fyrri málsgr. frumvarpsins, nefnilega að taka veginn milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar í tölu flutningabrauta. Nefndin felst á að þetta sé einhver fjölfarnasti, líklega allra fjölfarnasti, vegkaflinn á öllu landinu og þar á meðal mjög mikil vagna umferð á honum. Eftir eðli vegalaganna ætti þessi vegur því að teljast í tölu flutningabrauta, en ekki sýsluvega. Þar sem þá þessi vegur er svo fjölfarinn, verður að vera trygging fyrir því að hann sé sæmilega fær, því það er hann hvergi nærri ætíð. Á vorin og haustin er hann oft lítt fær yfirferðar, þótt hann sé svona sæmilegur yfir sumartímann.

Nefndinni fanst nú ekki sanngjarnt að 2 lítitil sýslufélög eigi að sjá fyrir þessum vegi, þar sem þau að langminstu leyti hafa vegarins not. Hér er hins vegar ekki um svo langan veg að ræða, að landssjóði sé með þessu bundin þung eða alvarleg byrði.

Aftur gat nefndin ekki fallist á síðari málsgrein frumvarpsins, að viðhald vegarins skuli hvíla á landssjóði að öllu leyti, því það er gagnstætt því, sem á sér stað um allar aðrar flutningabrautir. Viðhaldið og eftirlitið á þeim hvílir vanalega á héruðum, sem brautirnar liggja um. En þar sem þó þessi vegur mætir óvanalega miklu sliti og það að minstu leyti í þarfir sýslufélaganna, sem mest af viðhaldinu kemur niður á, þá þykir nefndinni sanngjarnt að landssjóður kosti viðhaldið að $^1/_3$ hluta, sem einnig er heimilað í lögunum um vegi.

Vil eg minnast stuttlega á álit minni

hlutans eða þess 1 manns, sem ekki var hinum nefndarmönnunum sammála. Hann er á móti báðum greinum frummvarpsins af því:

Í 1. lagi »að vegarkafli þessi liggur í 3 lögsagnarumdæmum, sem nær eingöngu hafa not vegarins«.

Þetta er ekki rétt. Vegurinn liggur ekki í 3 heldur 4 lögsagnarumdæmum (á að vera sveitarfélögum) og af þeim hafa sýslufélögin hans að eins lítil not og Kjósarsýsla sama sem engin not.

2. ástæða háttv. minni hlutans er sú, að verkfræðingur landsins álíti viðhald vegarins engu kostnaðarminna, þótt hann yrði púkkaður. Það er að vísu satt, að landsverkfræðingurinn gerði ekki mikið úr þeim mismun. En eg hefi líka haft tal af ýmsum öðrum mönnum, sem vit hafa á vegum, og þar á meðal manni þeim sem gert hefir Keflavíkurveginn, sem er mjög vanur maður og segir hann að mikill munur sé á því, hve viðhaldið sé ódýrara á góðum undirbygðum vegi, en botnlausum, sem þessi vegur er.

3. mótbára háttv. minni hluta mannsins (St. St.) var sú, að engin skýrsla væri fengin um það, hvað hvað aðgerðin á veginum mundi kosta.

Hér þarf enga álitsskýrslu um kostnaðinn. Það er vitanlegt, að ekki er um stóra fúlgu að ræða. Fyrst þegar fé er veitt til brautarinnar, kemur að því að semja álitsskýrslu um kostnaðinn.

4. mótbáran var sú, að þeir einir vegir væru teknir í tölu flutningabrauta, er liggja um landsveitir, en ekki þeir, sem liggja með sjó fram.

Hvað gerir það til, þó að fáar eða engar slíkar brautir séu til? Því flutningabrautir þarf, þar sem flutningur er mikill.

5. og síðasta mótbáran var sú, að vegurinn væri fullgóður til aksturs eins og hann er nú.

Um þessa mótbáru þarf eg ekki að tala, því hún hlýtur að vera sprottin af ókunnugleika. Eg hefi þegar áður lýst því, að vegurinn er oft illfær. Eg gæti sýnt og sannað honum og háttv. deild það, að Gullbringusýslu er alls ekki kleift að halda uppi veginum frá Hafnarfirði til Reykjavíkur. Það er svo fjarri öllum sanni að ætlast til þess, að Suðurnes geri það, og það ætti að vera nóg til þess, að sýslan væri einhvern veginn losuð við veginn. Þetta er svo nauðsynlegur vegur og rétt hjá höfuðstað landsins, og þeir vegir mega ekki vera svo illir, að þeir séu til ógagns og vansæmdar fyrir landið, en það er þessi vegur oft, t. d. þegar útlendingar eru hér á ferðinni, og þótt við gerum ekki vegi sérstaklega fyrir þá, þá er þó siður að tjalda því bezta sem til er þegar, og þar sem gesta er von. Okkur þarna suður frá er að vísu ekki mikið kappsmál um þennan veg; okkur er meiri áhugi á öðrum vegum en þessum, vegum, sem við höfum út af fyrir okkur og þurfum að kosta. Og þótt við séum neyddir til þess að leggja eitthvað til hans, þá mun það jafnan verða svo stjúpmóðurlega úti látið, sem frekast er unt.

**Pétur Jónsson:** Eg vildi að eins gera fyrirspurn. Það sést ekki hér, frá hvaða takmörkum þessi vegur er talinn hvoru megin. *(Björn Kristjánsson:* Milli kaupstaðar-lóða). Gott er það.

**Bjarni Jónsson:** Eg á hér eina viðaukatill. og vildi því tala nokkur orð um hana, en það er líklega rétt, að þau orð séu fá, því að eg sé að það eru mest stólar, sem talað er við hér í deildinni.

En fyrst skal eg þó geta þess, að eg tel þetta frumv. sanngjarnt, og álít að hér standi líkt á og t. d. um flutningabrautina frá Akureyri fram að Grund, og man eg ekki betur en að sú braut

væri tekin upp í fjárlög og það mál flutt af allmiklu kappi af sumum. Réttast væri, að Reykjavík og Hafnarfjörður til samans kostuðu viðhald á þessum vegi, ef landssjóður gerir það ekki. En svo svo eg snúi mér að viðaukatill., þá fer hún fram á það, að akfær vegur verði lagður frá Höskuldsstöðum í Laxárdal og fram undir heiðina að Laxalæk, þar sem landssjóðsvegurinn tekur við. Þetta er ekki löng leið, ekki nema tveggja tíma reið. Vegurinn yfir Laxárdalsheiði er góður akfær vegur, og til þess að hann verði að notum, þyrfti einnig að gera veg á þessum spotta. Þörfina fyrir þennan veg má sjá á því, að kaupafólk og námsfólk, sem kemur héðan að sunnan, fer nú orðið, þegar það getur, inn í Hvammsfjörð og þar norður yfir, jafnvel hundruðum saman. Og þá þyrfti það nauðsynlega að hafa akveg alla leið, til þess að það gæti ferðast sem bezt, ódýrast og fljótast frá skipi.

Eg flyt þessa tillögu samkvæmt ósk kjósenda minna, en þó hafa þeir engan sérlegan hagnað af þessu, nema ef vera skyldi óbeinan, ef það yrði til þess, að skip gengi þar fremur inn. Annars er umferð þessa fólks þeim ekki til hagnaðar, því að þar er engin gistisala, og þeim væri það ef til vill hagur, meira að segja, ef að það kæmist sem fyrst leiðar sinnar. (*Jón Ólafsson:* Þeir læra að selja). Nei! Þeir eru menn gestrisnir.

Eg endurtek það, að nú fer þorri manna um þennan veg, og það er hvorki erfitt að leggja hann né halda honum við, svo að eg vona að allir verði á eitt sáttir um það, að líta á þá nauðsyn, sem hér er á að gera þennan þjóðvegarspotta.

**Framsögum. minni hl. (Stefán Stefánsson):** Eins og nefndarálitið ber með sér, hefi eg ekki getað fylgst með samnefndarmönnum mínum, og skal eg vísa til þess viðvíkjandi helztu ástæðunum. Þær hafa að vísu fengið mótblástur hjá háttv. 2. þm. G.-K. (Kr. D.), en ekki fanst mér honum takast að hrekja þær. Það kann að vera, að eg hafi ekki kynt mér nógu vel takmörk lögsagnarumdæmanna. Eg hélt sem sé, að þessi vegur lægi um 3 lögsagnarumdæmi, en nú heyri eg að hann liggur um 4, og það ætti þó fremur að styrkja mitt mál en veikja, og þó að mér sé í raun og veru ókunnugt um, hvað þessum 4 stjórnarvöldum kunni að vera kleift að leggja til, þá ætti slíkt þó fremur að vera tiltök, þar sem það fjórða bætist við til þess að bera viðhaldsbyrðina. Eg játa það, að eg hefi ekki farið um veginn öldungis nýskeð, en eg fór um hann á síðastliðnu sumri, og þá var hann vel akfær, eða eg sá engar hindranir á honum fyrir vagnaumferð. (*Bjarni Jónsson:* Hann er of mjór). Nei! Eg sá marga vagna mætast þar og gekk mjög vel; en verulegt atriði í þessu máli er það, að hann samsvarar ekki þeirri hugmynd, sem liggur til grundvallar fyrir flutningabrautum. Og þess minnist eg, að verkfræðingur, sem kallaður var á nefndarfund, leit einnig svo á. Hér er um veg að ræða, sem liggur milli tveggja nálægra staða við sjó, og þess vegna þótti mér það nokkuð merkilegt hjá háttv. þm. Dal. (B. J.), að hér væri nokkuð svipað ástatt eða jafnvel alveg sama sama máli að gegna og um flutningabrautina frá Akureyri inn að Grund. Sá vegur liggur utan frá sjó og inn í landið og það er samkvæmt aðalprincipinu fyrir flutningabrautum.

Hvaða meining er í því, að landssjóður kosti mörgum þúsundum króna til lagningar flutningabrautar á sæmilega góðum vegi til þess eins, að losa þessi fjögur lögsagnarumdæmi við nokkurn

hluta viðhaldsins? Og hvað vinna þau svo mikið við þetta? Jú, þau fá $^1/_8$ af viðhaldskostnaðinum lagðan á landssjóð. Og satt að segja þykir mér í nokkuð mikið ráðist, að gera þennan veg að flutningabraut að eins til þess að losna við þennan þriðjung viðhaldskostnaðarins. Eg ímynda mér jafnvel, að viðkomandi stjórnarvöld verði ekki neitt sérlega þakklát fyrir þessa breytingartillögu eða ávinninginn í framtíðinni.

Það er þetta tvent, sem ræður mínu atkvæði, að frumvarpið bakar landssjóði byrði, sem er að mínu áliti vart forsvaranleg, og svo er það líklegt til að draga fleiri slíka dilka á eftir sér. Það er þegar kominn fram sviplíkur dilkur frá háttv. þm. Dal. (B. J.). Annars skildist mér, að vagnaumferð mundi ekki verða sérlega mikil um þann veg, sem hann talaði um, þótt hann annars kunni að vera tíðfarinn af kaupafólki og námsfólki, sem eg þó efast mjög um.

Eg skal að endingu geta þess, að það kom fram í nefndinni, að um Hafnarfjarðarveginn væri mikil umferð af mjólkurvögnum, bæði af Álftanesi og víðar að. Þess vegna skilst mér, að það muni vera þessi lögsagnarumdæmi, sem nota hann mest, enda hlýtur svo að vera. Satt er það, að heilsuhælið á Vífilsstöðum mun nota hann mikið til flutninga, en tæpast mun eitt heimili nota hann svo mjög, að hann verði mörgum árum fyrri ónýtur fyrir það eða viðhaldskostnaður gífurlegur. Eg mun því hvorki greiða atkvæði með frumvarpinu eður breytingartill. samnefndarmanna minna, og vænti ins sama af meiri hluta deildarmanna.

**Bjarni Jónsson:** Eg er alveg hissa á háttv. 1. þm. Eyf. (St. St.) Þótt hann vefengi alla skapaða hluti, þá ætti hann ekki að vefengja fyrverandi velvild mína til Grundarbrautarinnar, því að henni var eg þó meðmæltur.

Eg sagði ekki, að hér væri alveg eins ástatt og með hana, en hitt álít eg, að ekki sé meiri ástæða til að landssjóður kosti þann veg en þennan. Hafnarfjarðarvegurinn liggur milli sýslna, en Grundarbrautin innan hrepps. Hitt gerir ekkert til, hvort vegur liggur frá sjó, eða með sjó. Eg hugsa, að bæði háttv. þm. og aðrir kunni betur við að hafa veg t. d. yfir Öxnadalsheiði, og þar er þó sjór beggja megin — nema þeir vildu fara út fyrir öll nes, en það er eg hræddur um að ekki mundi borga sig. Eg veit að vísu ekki nú í hug löggjafanna, sem sömdu vegalögin, en eg hugsa, að þeir hafi ætlast til, að flutningabrautir yrðu lagðar, þar sem einhverjir flutningar eru, en ekki alveg út í loftið. Og um engan veg á þessu landi eru meiri flutningar en þann sem hér um ræðir. Eg er mintur á það af háttv. sessunaut mínum, að það eru ekki Reykvíkingar einir og Hafnfirðingar, sem ríða þennan veg, heldur menn austan, vestan og jafnvel norðan af landi, sem koma hingað til sjósóknar og verzla í Hafnarfirði. Og mér gæti jafnvel dottið í hug að þingmenn norðan úr landi gætu haft gaman af að bregða sér héðan þangað í bifreið, og væri þá ilt ef þeir hálsbrotnuðu af því að brautin væri of mjó. Háttv. 1. þingm. Eyf. ætti að minnast á inn makalausa kærleik minn til Grundarbrautarinnar — þar sem bifreiðin hans Magnúsar á Grund situr kannske föst enn þá — og reyna að vera svolítið góður við dilkinn minn í staðinn. Það er nú reyndar að villa heimildir á þessari viðaukatillögu að kalla hana dilk, því að eg hefi borið það fram áður, að þessi vegur yrði tekinn í þjóðvegatölu, og þá var ærin ekki fædd. Hér er ekki að tala um flutningabraut, heldur að eins akfæran þjóðveg og á honum er full þörf, því að umferðin er gríðarmikil og þetta er styzta og bezta leiðin

milli Suður- og Norðurlands. Hitt verða menn að halda mér til góða, þótt eg geti ekki sannað, að þar sé mikil vagnaumferð nú. Eg var einmitt að biðja um vagnveg, til þess að þær gætu tekist.

Eg vona því, að þessi dilkur verði látinn lifa.

**Framsögum. meiri hl. (Kristinn Daníelsson):** Það er ekki kapp í mér út af þessu, eins og hér væri um stór-velferðarmál að ræða, og er þetta þó sanngjarnt og réttlátt.

Háttv. 1. þm. Eyf. (St. St.) sagði, að eg hefði styrkt en ekki veikt hans mál með þessum fjórum lögsagnarumdæmum. Eg sagði, að hann hefði ekki kynt sér málið og gerði það ekki til að veikja málstað hans, heldur að eins til að sýna, að hann væri því ókunnugur.

Um aðalhugsjónina í flutningabrautamálinu verður hann alveg reyk. Hún getur ekki verið sú, að brautin þurfi endilega að snúa öðrum endanum niður að sjó, en hinum upp til fjalla, heldur auðvitað sú, að leggja akfæra vegi þar sem þeirra þarf með. Og eg get sannað það, að flutningar eru hvergi meiri en þarna og það eitt ætti að vera nóg.

Eg býst við, að þessi vegur kosti nokkuð, en ef það er svo dýrt, þá á líka ekki að leggja það á þessar litlu sýslur einar — en auðvitað nær það ekki nokkurri átt, að það kosti fleiri tugi þúsunda. Að sýslurnar losni við nokkuð af viðhaldskostnaðinum skiftir þær miklu og það sérstaklega, þegar um sýslufélag er að ræða, sem skuldar tugi þúsunda kr. nú þegar og þarf að leggja vegi enn fyrir marga tugi þúsunda, auk þessa. Eg get fullyrt það, að viðhaldskostnaðurinn verður minni með því að hafa þetta flutningabraut. Það hefir maður sagt mér, sem þekkir fullkomlega til þess. Því að vera alt af að gera við forarpollana á þessum vegi er eins og að kasta peningum í sjóinn.

Eg get kannast við það, að mjólk er flutt eftir þessum vegi úr einum hreppi, en það er minsti hreppurinn í sýslufélaginu. En þetta minnir mig á annað, sem háttv. þingm. sagði. Hann kallaði Vífilsstaðahælið eitt heimili — rétt eins og það væri eitthvert kot. En eg get sagt honum það, að það jafnast á við heilan hrepp með svona 15—20 heimilum og flutningaþarfir þess á við svona 40—50 sveitaheimili.

Eg skal geta þess um viðaukatillögu háttv. þm. Dal. (B. J.), að meiri hluti nefndarinnar hefir ekki tekið neina afstöðu til hennar, svo að þar er hver frjáls að atkvæði sínu. Eg fyrir mitt leyti kannast við, að full þörf muni vera fyrir þennan veg og ímynda mér, að eins mikil ástæða sé til þess að hafa hann fyrir þjóðveg eins og marga aðra, sem þegar eru ákveðnir. Viðaukatillagan fer ekki fram á annað, en að þessi vegarkafli verði gerður að þjóðvegi, en þá á að gera akfæra, þar sem þörf er á. Eg get því, fyrir mitt leyti, verið hlyntur þessari viðaukatillögu, þó að eg hins vegar geti ekki álitið að hún skifti jafnmiklu máli og aðalefni þessa frumvarps.

**Pétur Jónsson:** Eg sé ekki betur en að þetta frumv. komi í bága við tilgang eða aðalstefnu vegalaganna. Því að með því að samþykkja frumvarpið eru teknar opnar dyr fyrir því, að margfalt fleiri vegum verði skelt á landssjóðinn en heppilegt er, að minsta kosti á meðan hann er ekki kominn lengra áleiðis með sína eigin vegi. Landssjóður hefir líka veitt meiri og minni styrk til sýsluvega og jafnvel til hreppavega í inum stærri hreppum og þá sérstaklega til þess héraðs, sem hér á hlut að máli.

Það er ekki hægt að mótmæla því, að enn hafa vegalögin ekki lagt landssjóði á herðar aðra þjóðvegi, en þá sem

tengja rakleitt saman landsfjórðunga eða að minsta kosti fleiri sýslur. Akbrautirnar eða flutningabrautirnar, sem kallaðar eru, hafa ávalt verið miðaðar við þann tilgang, að létta vöruflutninga frá hafnarstað og upp til sveita. Það er því á móti tilgangi laganna að taka þá vegi upp á landssjóð, sem liggja á milli staða innan héraðs, sem tengdir eru saman með góðum skipaferðum styrktum af landssjóði.

Af þessum ástæðum verð eg að vera á móti frumvarpinu. Það getur meir en verið, að þau sýslufélög, sem hér um ræðir, verði sérstaklega hart úti um umræddan vegkafla, þar sem svo stórir kaupstaðir liggja hvor við sinn enda vegarins. En þá væri sanngjarnara að fara fram á, að kaupstaðirnir legðu meira til vegarins en beinlínis heyrir undir þeirra landssvæði. Það væri nær að fara fram á einhverja breytingu í þá átt, að kaupstaðir væru eigi alveg og ófyrirsynju lausir við alla skyldu gagnvart vegum héraðanna, því að vegirnir eru engu síður vegna kaupstaðarbúa en annara landsmanna.

**Ólafur Briem:** Það sem gerir það að verkum, að eg get ekki verið með þessu frumv., er það, að hér á að fara að slíta ákvæði út úr lagabálki, sem á sínum tíma var vandlega hugsaður og undirbúinn af stjórninni og verkfræðingi landsins. Eg verð að telja mjög varhugavert að breyta hér nokkru, nema sama meðferð verði viðhöfð og upphaflega var höfð við setningu laganna.

Það hefir nú komið fram, að málið hefir verið borið undir landsverkfræðinginn og honum ekki getist að því.

Framsögum. meiri hlutans (Kr. D.) lagði áherzlu á, að nauðsynlegt væri að hliðra hér til, því að vegurinn væri hlutaðeigandi sýslufélfélögum, sem sé Gullbringu og Kjósar sýslum, til mikillar byrði. Þetta getur vel verið, en þá verður að líta á það, að fá eða engin sýslufélög á landinu hafa fengið eins mikinn styrk til vegalagninga og einmitt þessi. Það, út af fyrir sig, er vel skiljanlegt, að háttv. flutningm. frumv. (Kr. D.) sé áfram um að fá þessu framgengt, því það er svo sem eðlilegt að hann vilji losa sitt hérað við talsverðan kostnað og koma honum á landssjóð. En það er ekki rétt að ætlast til þess að þingmenn líti almeut þeim augum á málið.

Eg skal alls ekki neita því, að viðaukatill. háttv. þm. Dal. (B. J.) sé ef til vill á góðum rökum bygð, á svo góðum rökum, að ef farið væri að breyta vegalögunum á annað borð, þá gæti vel verið, að rétt væri að taka hana til greina. En líklegt er að svo standi á víða um land Og fyrir þá sök er það nauðsynlegt að hafa heildaryfirlit yfir alla vegi á landinu áður en nokkur breyting er gerð á vegalögunum. Það heildaryfirlit hefir enginn nema verkfræðingur landsins, því þó að einstakir þingmenn kunni að hafa farið víða um, þá skortir þá alt til þess að geta kynt sér málið svo sem nægilegt er. Fyrir því verð eg að telja það nauðsynlegt samræmisins vegna að vegalögin séu athuguð í heild sinni, áður en tekið er til að breyta þeim í einstökum atriðum.

**Framsögum. meiri hl. (Kristinn Daníelsson):** Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) andaði á móti frumvarpinu. Það er ekki nýtt fyrir vegina okkar hérna suður frá, að köldum gusti andi úr þeirri áttinni.

Aðalástæðan var sú, að þetta frumv. mundi opna fleiri vegum aðgang að landssjóði. En eg vil benda á, eins og eg hefi reyndar oft gert áður, að það stendur alveg sérstaklega á um veginn

milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur — svo sérstaklega, að það þarf alls engan dilk að draga á eftir sér, þó að frumvarpið nái fram að ganga. Við annan enda vegarins er höfuðborg landsins og við hinn endann einhver stærsti kaupstaðurinn. Vegurinn verður auðvitað fyrir lang-mestu sliti af völdum þessara tveggja bæja, en auk þess er afar-mikil umferð um hann af mönnum úr fjarlægum sveitum, bæði austanmönnum, sem sækja til sjávar, og öðrum. Vegurinn er allra gagn, en lang minst not af honum hafa sýslufélögin, sem viðhald hans eiga að kosta. Þetta verð eg að kalla að sérstaklega standi á.

Háttv. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.) hafði það á móti frumvarpinu, að varhugavert væri að breyta jafn-vandlega undirbúnum lögum og vegalögin væru. Eg skal ekki hafa á móti því að þau hafi verið vandlega undirbúinn. En ekki fór þó meira fyrir undirbúningnum en svo, að ein sýslan, Gullbringusýsla, gleymdist alveg, sú sýslan sem langversta vegi hefir og kostnaðarsamasta.

Háttv. sami þm. (Ól. Br.) gat þess, að meira hefði verið lagt úr landssjóði til styrktar vegagerðum í Gullbringu- og Kjósarsýslu en til nokkurrar annarar sýslu á landinu. Þetta kemur ekki til nokkurra mála, og þarf eg ekki annað en að minna á flutningabrautirnar til þess að sýna að svo er ekki. Eg skal reyndar játa að sýslufélög þessi hafa fengið mikinn styrk úr landsssjóði til vegalagninga, en þá kemur þar á móti, að engin sýsla á landinu hefir lagt jafnmikið af sínu fé á móti landssjóðstillaginu.

Háttv. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.) sagði ennfremur, að landsverkfræðingnum hefði ekki getist að frumvarpinu. Hann hafði ekkert á móti frumvarpinu í sjálfu sér, hann vildi einungis ekki gera mikið úr mismuninum á viðhaldskostnaðinum — og er eg satt að segja ekki farinn að skilja það enn.

Að öðru leyti skal eg ekki fjölyrða um málið, mér er í raun og veru miklu annara um aðra vegi en um þennan veg. En eg vona að eg hafi gert öllum ljóst, að hér er ekki farið fram á annað en það sem full sanngirni mælir með.

**Kristján Jónsson:** Því hefir verið haldið fram, að landsverkfræðingurinn væri mótfallinn þeim breytingum á vegalögunum, sem hér er farið fram á. Eg finn mér skylt, þar sem eg er einn nefndarmannanna, að skýra frá því sem eg veit sannast um þetta. Eg skildi landsverkfræðinginn alls ekki svo. Hann var kallaður á nefndarfund, sérstaklega til þess að bera það atriði undir hann, hvar takmörk vegarins væru. Hann lét það álit sitt í ljós, að vegurinn takmarkaðist af kaupstaðarlóðunum beggja megin. Eg gat ekki heyrt, að hann hefði nokkuð á móti því að þetta lagafrumvarp yrði samþykt. Eg segi ekki að hann hafi verið þess hvetjandi, en það þori eg að fullyrða, að hann lét ekki í ljós að frumvarpið kæmi á nokkurn hátt í bága við anda vegalaganna. Enda er sú mótbára algerlega gripin úr lausu lofti. Andi laganna hlýtur að vera sá, að flutningabrautir skuli vera þar, sem flutningaþörfin er mest, svo framarlega sem þar er hægt að leggja akbraut. Eg held að enginn geti neitað því, að hér sé meiri flutningaþörf en annarstaðar, þar sem stærsti bær landsins, Reykjavik, er annarsvegar og all-stór bær hins vegar, sem sé Hafnarfjörður. Það nær ekki nokkurri átt að bera þennnan veg saman við brautina frá Akureyri og inn að Grund. Þar er ekki fluttur tiundi hluti, ekki hundraðasti hluti af því, sem um þennan veg er flutt, og á þetta við jafnt um mann-

flutninga sem vöruflutninga. En einmitt það, að flutningaþörfin er svo mikil, gerir það að verkum, að vegurinn er brúkaður meira og slitnar meira en vegir yfirleitt, einkum vegna þess að alt er þar flutt á vögnum. Vegurinn slitnar því svo fljótt, að sýslan hefir ekki efni á að halda honum við. Þarna er nauðsynin á þessu. Jafnvel þó að allur viðhaldskostnaður lenti á landssjóði, væri það ekkert athugavert, og því síður er ástæða til að hafa á móti frumvarpinu, eftir að flutningsmaður hefir fallist á að breyta því í þá mynd sem það hefir nú. — Það hefir í reyndinni sýnt sig, að sýslan er ekki fær um að halda veginum við, því að síðustu árin hefir hann ekki getað heitið vagnfær. Það kemur fyrir í hverri viku, að vagnar, sem fara um hann, skemmast eða brotna. Það hefir verið sagt hér, að réttlátt væri að kaupstaðirnir, Reykjavík og Hafnarfjörður, kostuðu veginn. Þeir munu nú hafa nóg á sinni könnu. Engin héröð þurfa að leggja annað eins til vegagerða og kaupstaðirnir, og þá sérstaklega Reykjavík. Á það er því ekki bætandi, enda ekki réttlátt að leggja kostnaðinn við þenna mjög fjölfarna vegarspotta á þá, því að hann liggur utan þeirra umdæmis.

Eg hefi fundið mér skylt, þar sem eg var einn í nefndinni, að segja nokkur orð málinu til stuðnings. Eg býst reyndar ekki við, að það hafi mikla þýðingu.

**Ráðherrann (H. H.):** Eg vildi að eins láta í ljós, að mér virðist br.till. á þgskj. 209, að gera veginn frá Höskuldstöðum í Laxárdal í Dalasýslu til Laxalækjar að akfærum þjóðvegi, ekki vera í fullu samræmi við vegalögin. Lögin gera ráð fyrir, að á þjóðvegum séu svo bættar torfærur með vegaruðningi og brúargerð, að þeir séu greiðir yfirferðar, og í næstu grein þar á eftir er heimild til landstjórnarinnar, að hún geti gert þjóðvegi akfæra, ef hlutaðeigandi sýslufélag leggur eitthvað að mörkum til vegagerðarinnar. Mér finst því réttara af háttv. þm. Dal. (B. J.), að ráða kjósendum sínum til að bjóða fram fé til þess að fá veginn akfæran, heldur en að leggja áherzlu á, að ákveðið verði með lögum að gera hann að eins konar flutningabraut. *(Bjarni Jónsson:* Vill stjórnin þá ekki koma fram með br.till. í þá átt?) Nei. Mér er illa við ef farið verður að grauta í vegalögunum, og þess vegna er eg ekkert hrifinn af sjálfu frumv., þó að eg játi, að það hefir við nokkra sanngirni að styðjast. Það mætti veita fé í þessu skyni á fjárlögunum, án þess að þurfa að breyta vegalögunum til þess.

ATKV.GR.:

Breyt.till. 169 samþ. með 15 : 2 atkv.

Breyt.till. 209 feld með 10 : 6 atkv.

Frv. greinin feld með 11 : 9 atkv., og frumvarpið þar með fallið.

---

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið í deildinni:

Alþingistíðindum 1913 A 4. hefti, og tók síðan fyrir:

FRUMVARP til viðaukalaga við lög nr. 24, 9. Júlí 1909, um samþyktir um kornforðabúr til skepnufóðurs; 2. umr.

**Framsögum. (Pétur Jónsson):** Eg tók það stuttlega fram við 1. umr., hver tilgangurinn væri með þessu frv., eða hver orsök væri til þess að frumvarpið er fram komið, sem sé það, að komið er í ljós á seinni tímum að kornforði í verzlunum er minni en áður var, og þó hefir aldrei verið svo ástatt, að trygt væri um að bjarga búpeningi með kraftfóðri, þegar heyleysi bæri að höndum. Þetta frumv. miðar að því,

að uppörva héraða- og sveitastjórnir til þess að koma einhverri vörn við og reyna að tryggja sveitirnar og héruðin, þegar ekki verður lengur treyst á verzlanirnar, eins og áður var hægt þegar einokunin var meiri. Hefir okkur flutningsmönnunum virst það ráðið tiltækilegast, sem lýst er í frumv. Sumir hafa látið í ljós, að ekki væri nóg að heimila þessar samþyktir, heldur þyrfti að fyrirskipa, að svo skyldi vera í hverju héraði. Við höfum þó ekki viljað ganga svo langt. En ef breyt.till. hefði komið fram, sem í þá átt hefði farið, þá hefði eg fyrir mitt leyti viljað, að það væri tekið til íhugunar.

Hvað tillag landssjóðs snertir, þá höfum við gert áætlun um kostnaðinn, sem af þessu leiðir. Það er fyrst rentutapið, sem leiðir af því að liggja með korn frá því á haustin og fram á sumar, þangað til útséð er, hvort það verður notað til skepnufóðurs, þó að því leyti, sem það verður ekki notað til þess. Kostnaðurinn á þeim hluta kornsins, sem notaður er, legst á þá sem nota það. En ef kornið er ekki notað, verða sveitasjóðirnir að bera kostnaðinn, fyrst rentutapið, þá húsaleigu og loks einhvern áhættukostnað, því að á þessu tímabili getur kornið lækkað í verði, svo að skaði sé að hafa legið með það. Enn er ótalið ábyrgðargjald. Þennan kostnað höfum við áætlað 8—10 % af verðinu. Verð rúgtunnunnar höfum við gert 16—20 kr. Hvort sem nú er reiknað 8 % af 20 kr. eða 10 % af 16 kr., verður kostnaðurinn kr. 1,60 á tunnuna eða 100 kg. Þar af viljum við að landssjóður borgi helminginn, þó aldrei yfir 80 aura á tunnuna, þó að kostnaðurinn fari fram úr því sem við höfum áætlað. Við höfum ekki gert áætlun um, hve landssjóðstillag þetta yrði mikið á ári. Ef mikið er notað, er mikið gagn að forðanum, en kostnaður lítill. En sé hann lítið eða ekki notaður, verður kostnaðurinn talsverður að vísu, en þá er það að þakka því sem mest er í varið, að fóðurskortur hefir eigi orðið tilfinnanlegur.

Frekari skýringa álít eg ekki þurfa, en óska að málið fái að ganga leiðar sinnar.

ATKV.GR.:

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 : 2 atkv.
3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
4. gr. samþ. án atkv.gr.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 : 2 atkv.

---

FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr. 86, 22. Nóv. 1907 (150); 1. umr.

**Flutningsm. (Lárus H. Bjarnason):** Frumvarp þetta er gamall og góður gestur hér á þingi, og þarf því eigi á þessu stigi málsins að ræða mikið um það. Samt vildi eg með örfáum orðum gera grein fyrir aðal-ástæðum þess. Og er þá þess fyrst að geta, að það virðist eðlilegt og rétt, að bæjarmenn ráði allri skipun bæjarstjórnarinnar. Þeir hljóta gagnið eða ógagnið af gerðum hennar, enda greiða þeir allan kostnað af stjórn bæjarins, þar á meðal laun borgarstjóra að öllu leyti. Í sveitum eru líka allir hreppsnefndarmenn kosnir af kjósendum hreppsins.

Þess má og geta máli þessu til meðmæla, að það er sjálfsagt langvinsælasta mál bæjarins. Það hefir hvað eftir annað verið samþykt á þingmálafundum, annaðhvort í einu hljóði eða sama sem einróma. Á síðasta eða næstsíðasta þingmálafundi voru ein 2 atkv. greidd á móti því.

Í annan stað mundi afstaða borgarstjóra til bæjarfulltrúanna verða frjálsari, ef hann yrði kosinn af borgurum

bæjarins. Hann er ekki öfundsverður af núverandi fyrirkomulagi og bæjarstjórnin heldur ekki, allra sízt hún, eftir að stjórnarráðið hefir fengið borgarstjóra atkvæðisrétt í bæjarstjórninni, þvert ofan í tilgang laganna, enda fer sú ráðstöfun stjórnarráðsins beint í bág við lög um bæjarstjórn í Hafnarfirði frá sama degi. Þar er skýrt tekið fram, að borgarstjóri — eða bæjarstjóri eins og hann þar er kallaður — skuli ekki hafa atkvæðisrétt í bæjarstjórninni, nema hann sé jafnframt bæjarfulltrúi. Það kemur líka heim við atkvæði stjórnarskrárinnar, að ráðherra skuli ekki hafa atkvæðisrétt á þingi, nema að hann sé kosinn þingmaður í einhverju af kjördæmum landsins.

Það þykir heldur ekki aldeilis dæmalaust, að núverandi fyrirkomulag hafi ekki gefist vel, og á eg þar sérstaklega við eitt mál. Réð þar atkvæði borgarstjóra meiri hlutanum, og mun nú miklum meiri hluta manna þykja þar slysalega hafa tiltekist.

Eg sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um málið að sinni. Vona að deildin sýni málinu þann sóma að vísa því til 2. umr. Það mun tæpast ástæða til að setja nefnd í málið, en ef menn óska nefndar mundi réttast að kjósa 5 manna nefnd.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 19 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Jóh. Jóhannesson |
| Jón Jónsson | Magnús Kristjánss. |
| Benedikt Sveinsson | Sigurður Sigurðsson |
| Bjarni Jónsson | Valtýr Guðmundss. |
| Björn Kristjánsson | |
| Einar Jónsson | |
| Halldór Steinsson | |
| Jón Magnússon | |
| Jón Ólafsson | |
| Kristinn Daníelsson | |
| Kristján Jónsson | |
| Lárus H. Bjarnason | |
| Matthías Ólafsson | |
| Ólafur Briem | |
| Skúli Thoroddsen | |
| Stefán Stefánsson | |
| Tryggvi Bjarnason | |
| Þorleifur Jónsson | |

Guðmundur Eggerz og Hannes Hafstein ekki viðstaddir. Pétur Jónsson greiddi ekki atkvæði og taldist með meiri hlutanum.

---

FRUMVARP til hafnarlaga fyrir Vestmannaeyjasýslu (179); 1. umr.

**Flutningsm. (Jón Magnússon):** Í Vestmannaeyjum er, eins og kunnugt er, mjög örðugt með siglingar, vegna þess, að þar er að heita má engin höfn, og þó eru þangað miklar siglingar. Þar er að vísu dálítill pollur, sem er nokkuð varinn sjávargangi, og kalla má höfn, en hann er svo grunnur, að ekki er þar fært inn nema bátum og mjög smáum þilskipum. Þessi litla höfn er skýld frá 3 hliðum, en einu megin, að austan, leiðir sjó inn á höfnina, svo að einatt er mikil hætta skipum, og sérstaklega mótorbátum sem á höfninni liggja.

Nú vill svo vel til, að það er tiltölulega auðvelt að bæta höfnina, fyrir fremur lítið fé, svo að við megi una. Það er nokkuð síðan að farið var að hugsa um hafnargerð í Vestmannaeyjum. Þegar á þingunum 1905 og 1907 kom það til orða, hvort ekki væri rétt að landssjóður léti gera þar höfn. Eg minnist þess sérstaklega um einn fjárlaganefndarmanninn, sem nú er látinn, að hann var því máli mjög fylgjandi. 1908 var verkfræðingurinn Th. Krabbe fenginn til að rannsaka hafnarstæði í Vestmanna-

eyjum og athuga málið. Komst hann að þeirri niðurstöðu, að gera mætti nokkurn veginn góða bátahöfn þar fyrir um 40 þúsund krónur. Kom Vestmannaeyingum til hugar að fara þá leið, og leituðu til þingsins 1911 um aðstoð bæði til frekari rannsókna og ábyrgð fyrir láni. Þingið tók vel í þetta hvort tveggja. Fyrir það fé, sem þingið veitti þá til rannsóknarinnar, sem að vísu ekki reyndist nægilegt, var svo fenginn reyndur hafnarverkfræðingur erlendis frá, og hefir hann rannsakað málið, útbúið teikningar og áætlanir, er sendar hafa verið fjárlaganefnd. Eftir áætlun hans mundi hafnargerð í Vestmannaeyjum kosta tæpar 250 þús. kr., og er hafnarbótin þá í því fólgin, að gerðir séu garðar, er loka eiga að miklu leyti fyrir höfnina, þeim megin sem hún er ekki landi varin, að dýpka höfnina, svo að hún verði 5, 4 og 2 metra djúp um fjöru, og að byggja skipabrú ásamt uppfylling o. fl.

Sýslunefndin fer fram á, að landssjóður leggi til $^1/_3$ kostnaðar, en láni sýslufélaginu hitt, eða ábyrgist fé. Hún sýnir fram á það með góðum rökum, að fyrirtækið mundi borga sig, það þótt eigi fengist nema $^1/_4$ hluti kostnaðarins úr landssjóði. Eg býst nú og við því, að þingið sjái sér ekki fært að leggja til þessa fyrirtækis nema $^1/_4$, eða rúm 60 þús. kr., í ramræmi við tillag til hafnargerðar í Reykjavík og hafnarbryggju í Hafnarfirði. Og það virðist ekkert ósanngjarnt, að landssjóður, sem svo að segja aldrei hefir kostað neinu til Vestmannaeyja sérstaklega, leggi nú einu sinni drjúgan skerf til þeirra, skerf, sem þó ekki nemur meiru en rúmlega eins árs tekjum landssjóðs þaðan.

Um nauðsynina til hafnar í Vestmannaeyjum er óþarfi að fjölyrða. Tryggileg höfn er þar óhjákvæmilega nauðsynleg vegna mótorbátaútgerðar þeirra, sem stöðugt fer vaxandi. Nú eru þar um 60 mótorbátar. Eg get ekki sagt um það, hversu mikils virði þeir eru nú, en eg býst við að það megi telja þá 400—500 þúsund króna virði. Þessa eign þarf að tryggja. Þeir mega ekki lengur liggja svo að segja fyrir opnu hafi. Auk þess er höfnin mjög nauðsynleg ef svo færi, sem mörgum sýnist ráðlegt, að menn þar réðust í að breyta útgerðinni að einhverju leyti.

Þá eru, eins og eg tók fram, miklar siglingar til eyjanna, og yrðu miklu meiri, ef ekki væri hafnleysið. Það kemur einatt fyrir þar, að vöruskip verða að bíða þar færis til að fá afgreiðslu mörgum vikum saman, og verða svo að fara þaðan við svo búið. Og það er svo sem ekki alt af því að heilsa, að þau geti legið róleg við Eyjarnar. Nei, stundum leita þau skjóls einhverstaðar undir Eyjunum, þess á milli verða þau stundum að leita til hafs. Höfn í Vestmannaeyjum væri og einatt mikils virði fyrir fiskiskip, botnvörpunga, sem mundu nota höfnina afarmikið.

Höfn í Vestmannaeyjum er gott og nauðsynlegt fyrirtæki, ekki einungis fyrir Vestmannaeyjar, heldur og fyrir nærliggjandi sýslur, og það má ekki dragast, enda kostnaðurinn ekki svo, að hægt sé að bera því við, að landssjóður sé ekki fær um að hlaupa undir baggann. Málaleitun sýslunefndarinnar í Vestmannaeyjum, sem vill ráðast í fyrirtækið, um hjálp landssjóðs til að koma fyrirtækinu á, var send landstjórninni, er aftur beindi henni til fjárlaganefndar, eins og rétt var, því að hér er, að því er til Alþingis kemur, aðallega um fjármál að ræða, sem eðlilega kemur fyrst til fjárlaganefndar um að sýsla. En í sambandi við fjárframlagið koma ýmis atriði hafnargerðinni viðvíkjandi, sem lög þarf að setja um. Þess vegna hefi eg leyft mér að bera þetta frumv.,

sem sýslunefndin í Vestmannaeyjasýslu hefir samið, fram hér, og tel eg eftir öllum atvikum réttast, að því verði vísað til háttv. fjárlaganefndar.

Geri eg það að tillögu minni, að svo verði gert, eftir að búið er að vísa málinu til 2. umr.

**Bjarni Jónsson:** Sumt hefnir sín og sumt hefnir sín ekki. Það hefnir sín ekki á háttv. þingm. Vestm. (J. M.), að sambandsflokkurinn og sambandslið hans drap fyrir mér frumv. um vegagerð í Dölunum. Það var sýnt fram á það, hve vegspottinn væri nauðsynlegur, ekki einungis fyrir sýslubúa, heldur og fyrir ferðamenn, er fara um sýsluna. Var þar meir litið á alþjóðar þörf, en á hag míns kjördæmis, og varð því klámhögg úr tilræði sambandsdrekans.

Eg hefni mín ekki, af því að mér er svo umhugað um hafnargerðir og allar umbætur á sjó, að eg gæti alls ekki unnið það til, fyrir nokkurn mun, að vera á móti nokkru verulegu atriði, er standi til umbóta í sjávarmálum, jafnvel þótt eg stæði hér á eigin ábyrgð og væri engra manna fulltrúi, hvað þá eins og nú stendur á.

Umflotið land er ekki sjálfbjarga, nema það eigi sinn eigin skipaflota, en skipafloti kemur eigi að haldi, nema að hafnir séu til fyrir skipin að leggjast í. Það er nauðsynlegt að gera höfn í Vestmannaeyjum, af því að þær eru fyrsti staðurinn við landið, sem skip kemur til á leið frá útlöndum, og í nánd við þær halda fiskiskipin sig oft að veiðum.

Það er því nauðsynlegt að hafa höfn þarna, til þess að skip, sem eitthvað væri að, gætu fengið þar nauðsynjar sínar, ekki sízt skip, sem stödd væru í sjávarháska.

Af þessu leiðir, að eg gæti ekki verið með því, að landssjóður legði einn eyri til að gera bátahöfn í eyjunum Ef höfnin á ekki að geta nægt botnvörpungum og venjulegum skipum, sem ferðast til landsins, verð eg ekki með að henni verði lagt neitt fé úr landssjóði. En nú vill svo vel til, að eg hefi heyrt eftir skilgóðum manni, sem þekkingu hafði á málinu, að með litlum kostnaði, mætti dýpka svo pollinn, að hann yrði fær um að fleyta venjulegum milliferðaskipum á stærð við þau, sem nú dallast hér við land. Tel eg því sjálfsagt að hlúa að því fyrirtæki og veita fé til þess úr landssjóði, ef tæki eru á því.

En það er eitt, sem getur hefnt sín í þessu máli, og það er, hvað menn voru skammsýnir, er rætt var um að setja þar loftskeytastöð. Þá fyrst væru Vestmannaeyjar á sinni réttu hillu, ef þar væri góð höfn og bein loftskeytasambönd við aðra landshluta, þannig að hvert skip, sem væri að fiska á þessum slóðum, gæti farið þangað og afgreitt öll sín erindi þar. Ekki sízt ef náð yrði samböndum við skip í hættu stödd, svo að í eyjunum gæti orðið bjargráð fyrir skip meðfram allri suðurströnd landsins. Þetta hefnir sín, því að þá hefði málinu nú verið vís sigurganga gegnum þingið. Vona eg að það komi þó ekki til, því að hefndin er ekki mín, og eg mundi að engu leyti gleðjast af því.

Í hvaða nefnd málið er sett, stendur mér á sama. Eg fylgi þar tillögum flutningsmanns, enda þótt þetta mál sé svo vaxið, að önnur nefnd ætti að fjalla um það. En því munu fylgja svo góð skjöl, að nefndarstarfið sé ekki í öðru falið en að ákveða, hvort veita skuli fé eða ekki.

ATKV.GR.:

Vísað til 2. umr. í einu hlj.

Vísað til fjárlaganefndar með 14 shlj. atkv.

FRUMVARP til laga um lögreglusamþykt og byggingarsamþykt fyrir Vestmannaeyjasýslu (179); 1. umr.

**Flutningsm. (Jón Magnússon):** Það væru aðrar leiðir til þess að fá því framgengt, sem frumv. þetta fer fram á, t d. sú, að veita Vestmannaeyjum kaupstaðarréttindi. Það kom einnig til orða hjá sýslunefndinni í Vestmannaeyjum, sem hefir beðið mig um að flytja mál þetta. Auðvitað er nú svo mikill fjöldi saman kominn á litlum bletti í Vestmannaeyjum, að ekki væri í sjálfu sér neitt því til fyrirstöðu, að Vestmannaeyjum væru veitt kaupstaðarréttindi. En nefndin hefir samt ekki að svo stöddu viljað fara fram á þetta kostnaðar vegna. Þá hefði verið vegur til þess fyrir eyjarnar, að fá heimild til þess að setja lögreglusamþykt í kauptúninu með því að skilja það úr hreppnum eins og hann nú er og gera það að sérstöku hreppsfélagi, en það er Eyjamönnum ekki ljúft. Eins og nú standa lög til, má að vísu gera byggingarsamþykt fyrir Vestmannaeyjar. En hvort er væri að ræða um lögreglusamþykt eða byggingarsamþykt, þá er það eftir núgildandi lögum hreppsnefnd, sem á að hefjast handa og semja samþyktina, en ekki sýslunefnd. Það sem hér er farið fram á, er því í stuttu máli það, að sýslunefnd Vestmannaeyjasýslu fái í þessum málum sama rétt, sem bæjarstjórn í kaupstað.

**Lárus H. Bjarnason:** Það er ekki tilgangur minn að amast við þessu litla frumvarpi, en eg held að tilganginum hefði mátt ná án þess að fara þessa leið. Það eru til lög frá 20. Okt. 1905, nr. 18 og 19, sem veita slíka heimild, sem hér er farið fram á, svo að frumvarpið er að því leyti óþarft. En sem sagt, eg vil ekki vera meinsmaður frumvarpsins, og mun því ekki fara lengra út í það á þessu stigi málsins. Hins vegar mundi eftir atvikum rétt, að setja nefnd í málið og þá líklega 5 manna nefnd, enda legg eg til að svo verði gjört.

**Flutningsm. (Jón Magnússon):** Háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) hefir ekki tekið vel eftir því sem eg sagði. Eg sagði einmitt, að til væri leið til þess að fá þessu framgengt án sérstakra laga, en þá yrði það hreppsnefnd, er semdi samþyktirnar í fyrstu. En það virðist eðlilegt, eftir því sem þar til hagar, að það sé sýslunefndin, sem semji þessar samþyktir. Sýslunefndin hefir því beðið mig að bera málið fram í þessu formi.

**Lárus H. Bjarnason:** Þetta er misskilningur hjá þm. Vestm. (J. M.). Það skiftir engu máli, hvort sýslunefnd eða hreppsnefnd semur frumvarp til lögreglusamþyktar, enda gæti sýslunefndin vafalaust ráðið samþyktarfrumvarpinu, þó að hreppsnefndin byggi það til í orði kveðnu. Um byggingarsamþykt á sýslunefnd lögmælt atkvæði, svo að ekki þarf að minsta kosti sérstök lög til slíkrar samþyktar. Annars eru dæmi til þess, að kauptún hafi fengið lögreglusamþyktir án sérstakra laga, og man eg ekki betur en að dæmi þess séu til frá tíð háttv. þm. Vestm. (J. M.) sem skrifstofustjóra á 1. skrifstofu í stjórnarráðinu.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umræðu með 19 samhlj. atkv.

5 manna nefnd samþykt með 13 shlj. atkv.

Í nefndina voru kosnir með hlutfallskosningu:

Einar Jónsson
Guðm. Eggerz
Jón Magnússon
Skúli Thoroddsen
Valtýr Guðmundsson.

Fundi frestað til kl. 9 síðd.

Klukkan 9 var fundi haldið áfram.

**Forseti (M. A.):** Áður en umræður hefjast af nýju, þykir mér hlýða að minnast hér á það, að af þeim mönnum, er áttu sæti með oss hér í neðri deild á síðasta þingi, er enn einn — hinn þriðji — látinn, Guðlaugur Guðmundsson, sýslumaður og bæjarfógeti á Akureyri. Hann dó einni stundu og 40 mín. eftir hádegi í dag. Á þingi í fyrra vann hann reyndar þingstörf sín með þeirri atorku og ósérhlífni, sem honum var lagin. Samt mátti þá þegar sjá forboða þess, sem nú er fram komið. Hann hafði þá sýnilega tekið sjúkdóm, þann sem fyrst neyddi hann til að leggja niður þingmensku og leiddi hann síðan til bana eftir langvinnar þjáningar. Guðlaugur mun hafa setið á 10 Alþingnm alls, seinast 1912, og það er ekki of sagt, að hann var jafnan talinn meðal inna atkvæðamestu þingmanna, enda var hann mikill gáfumaður, málsnjall með afbrigðum, fylginn sér og mikilvirkur bæði við þingstörf og annað, er hann átti að vinna. Hann mun hafa gegnt inu erfina embætti sínu með miklum dugnaði og skyldurækni, og jafnvel í banalegunni vann hann að því með fádæma þreki og staðfestu næstum fram í dauða.

Við lát Guðlaugs Guðmundssonar hefir þjóð vor mist merkan nytsemdarmann og vér hugsum til hans með söknuði og hlýjum huga.

Blessuð veri minning hans.

Þingmenn hlýddu standandi á ræðu forseta.

---

Forseti tilkynti, að nefnd, sú sem kosin var til þess að íhuga frumv. til laga um lögskipaða endurskoðun, hefði kosið sér formann Kristján Jónsson og skrifara Bjarna Jónsson frá Vogi.

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið í deildinni:

1. Þingsályktunartillögu um skipum nefndar til þess að íhuga beiðni frá hr. P. J. Torfasyni, um einkarétt honum til handa til þess að vinna salt úr sjó með nýrri aðferð, og fleiri tillögur sama manns um hérlendan atvinnurekstur. Flutningsm.: Bened. Sveinsson, Pétur Jónsson, Guðmundur Eggerz, Matth. Ólafsson, Bjarni Jónsson frá Vogi (280).
2. Nefndaráliti, um frumvarp til laga um sölu á þjóðjörðinni Reykjum í Hrútafirði (283).
3. Breytingartillögu við frumvarp til laga um breyting á lögum um vörutoll 22. Okt. 1912. Frá nefndinni (281).
4. Frv. til laga um samþykt um hringnótaveiði í Eyjafirði. Eftir 2. umr. í Nd. (282).
5. Breytingartillögu við frumvarp til viðaukalaga við lög nr. 24, frá 9. Júlí 1909, um samþyktir um kornforðabúr til skepnufóðurs. Frá flutningsmönnum (285).

Forseti skýrði enn fremur frá, að útbýtt hefði verið frá Ed.:

1. Frv. til laga um samþyktir um eftirlit úr landi með fiskiveiðum í landhelgi. Eftir 2. umræðu í Ed. (284).

Því næst var tekið fyrir 7. mál á dagskrá.

---

FRUMVARP til laga um heimild fyrir stjórnarráðið til þess að veita mönnum rétt til þess að vera dómtúlkar og skjalþýðendur (194). 1. umr.

**Flutningsm. (Bjarni Jónsson):** Eg hefi oft rekið mig á, hve óþægilegt það getur verið að hafa ekki íslenzka dómtúlka og skjalþýðendur, sem veitt

geti trygging fyrir því að rétt sé farið með mál. Yfirvöldin íslenzku eru oft treg og all-oftast ekki fær um að bæta upp þessa vöntun, svo vel sé. Það getur oft verið all-áríðandi að hafa þessa menn, til þess að þýða bréf og önnur skjöl, sem nauðsynleg eru í hverju máli. Á frönsku eru þessir menn kallaðir »translateur«, en eg nefni þá á íslenzku skjalþýðendur og dómtúlka. Ætla eg að þýzka heitið á þeim sé »Gerichtsdolmetscher«. Ef þetta litla frumv. nær fram að ganga, þá verður það til mikils léttis fyrir yfirvöldin í landinu, og bóta við allan málaflutning, sem skjöl á útlendum tungumálum eru notuð við, eða þar sem útlendir menn eiga hlut að máli.

Hvað frumvarpinu sjálfu viðvíkur, skal eg játa, að það stendur til bóta og er það þó ekki af því að eg hafi ekki fyrir löngu ætlað mér að bera það fram, heldur af því, að eg hafði gleymt því. Eg hefi fyrir löngu hugsað mér að koma fram með þetta mál, en hefi altaf gleymt því þangað til nú og því kemur það ver undirbúið en skyldi.

Eg vil leyfa mér að nefna, þótt ekki komi þessu máli við, að eg hefi ekki hugsað mér að ná í stöðu sem skjalþýðandi eða dómtúlkur eða á nokkurn hátt gera mér slíkt að atvinnu.

Eg tek þetta fram af því, að sumir háttv. þm. hafa spurt mig að, hvort eg muni fá styrk til þess að þýða á þýzku bók Einars Arnórssonar um »Réttarstöðu Íslands«, og virðast menn mjög oft halda, að eg sé þar að skara eld að minni köku, sem eg get þó fullyrt að ekki er, og skora eg á deildina að láta ekki óvinsældir mínar verða því máli að falli. Eg vona líka að það verði ekki þessu frumvarpi að falli, að það komi í bága við neina svo ágæta lagasmíð sem vegalögin, sem hafa kastað landssjóðsfé í ónýtar flutningabrautir, er þola vart tóman vagn, hvað þá, ef nokkuð er í hann látið. En þá óhæfu töldu menn felast í frumvarpinu um vegarspottann, sem féll hér í deildinni í dag. Sem sagt, eg vona að þetta litla frumvarp gangi fram, og vil stinga upp á að 5 manna nefnd verði sett í málið.

ATKV.GR:

Málinu vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

5 manna nefnd samþykt með 16 shlj. atkv. og voru kosnir í hana með hlutfallskosningu:

Jóhannes Jóhannesson
Jón Jónsson
Valtýr Guðmundsson
Bjarni Jónsson
Þorleifur Jónsson

---

FRUMVARP til laga um málskostnað (200); 1. umr.

**Flutningsm. (Jón Ólafsson):** Herra forseti! Þetta litla frumvarp er ekki samið af mér, heldur málaflutningsmanni einum hér við yfirdóminn, samkvæmt beiðni minni. Ástæðan fyrir því er sú, að þegar menn fara í mál, er málskostnaður dæmdur svo lágur, að ekki nemur nema litlum hluta ins sanna málskostnaðar. Þetta er ranglæti, en virðist vera orðið föst dómsvenja — svo föst, að ekki er von til að henni verði breytt, nema með lögum. Það gæti ef til vill verið ástæða til að fara lengra og dæma málskostnað í sumum tilfellum, þótt ekki séu allar kröfur teknar til greina eða aðili al-sýknaður. En mér þótti hlýða að hafa frumvarpið ekki yfirgripsmeira en þetta. Það sjá allir, að það er ófært að þurfa að vinna það til að reka réttar síns, að kosta einatt miklu meiru til en sakarefnið nemur, eða að verða lögsóttur og verða al-sýknaður, en fá þó ekki full goldinn málskostnað. Úr þessu

á frumvarpið að bæta. Orðin »að skaðlausu« tákna dóm eftir reikningum, sem dómarar meta sanngjarna.

Eg vona, að frumvarpið fái gott fylgi, sakir þess að það er á góðum rökum bygt.

Ekki sting eg upp á nefnd, en ef mönnum þykir þörf á nefnd, skal eg ekki amast við því.

**Guðmundur Eggerz:** Eg leyfi mér að stinga upp á 5 manna nefnd i málið.

ATKV.GR.:

Frumvarpinu vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv.

Till. um 5 manna nefnd sþ. með 14 : 1 atkv.

Kosnir hlutfallskosningum:

Tryggvi Bjarnason
Jón Ólafsson
Kristján Jónsson
Skúli Thoroddsen
Stefán Stefánsson.

---

FRUMVARP til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbankans til að láta skoða veðin á kostnað lántakanda (199); 1. umr.

**Framsögum. (Björn Kristjánsson):** Stjórn Landsbankans hefir falið mér að flytja þetta frumv. Tilefnið til þess er, að nú sem stendur hefir veðdeildin ekki heimild til að láta skoða veðin á kostnað lántakanda, né heldur til að fá að vita um viðhald þeirra á þeirra kostnað. En hagur veðdeildanna, einkum 2. og 3. veðdeildar er ekki svo góður, að þær geti kostað skoðunina. Fyrir slíkri skoðun var ekki gert ráð, er 1. veðdeild var stofnuð, á lántakanda kostnað, sem stafaði af því, að þá var vel séð fyrir varasjóði þeirrar deildar, sem því gat borið nokkurn kostnað fyrir eftirlit, en minna séð fyrir varasjóði 2. og 3. deildar, en þess þó ekki gætt, að leggja kostnaðinn á lántakendur.

Það má telja að 1. veðdeild standi sig vel; innborgaður varasjóður hennar er nú um 62 þús. kr. Síðan 2. veðdeild var stofnuð eru liðin 8 ár, og er varasjóður hennar orðinn að eins um 5,400 kr., sem innborgaður er, auk nokkurs, sem er óinnborgað. 3. veðdeild, sem er 4 ára, á ekkert í varasjóði, er sé *innborgað*. Af þessu má sjá, að veðdeildirnar þurfa að fá slíka heimild, sem hér er farið fram á. Í reglugerð bankans er ákvæði, sem heimilar að láta sýslunefndir skoða veð til sveita, og bæjarfógeta í kaupstöðum. Þessu ákvæði hefir aldrei verið beitt í framkvæmdinni, enda er naumast hægt að ætlast til þess. að sýslunefndir mundu gera sér mikið far um slíka skoðun án endurgjalds, en bæjarfógetar hafa ekki tíma til slíks starfs án borgunar. Hreppstjórum er og gert að skyldu að framkvæma skoðun fyrir borgun, sem veðdeildin greiði, en reikningarnir verða að úrskurðast í hvert skifti af stjórnarráðinu, sem er snúningasamt. Ákvæðið er mjög óhandhægt, enda hefir það aldrei verið notað.

Ef frumv. þetta yrði að lögum, mundi því verða beitt svo í framkvæmdinni, að veldeildirnar mundu á tilteknu tímabili, t. d. 5 ára fresti, beiðast fullnægjandi vottors um veð. Meiningin er alls ekki að láta nýja virðing fara fram, heldur að eins skoðun um, hvort veðið hafi ekki rýrnað, sé viðhaldið o. s. frv. Ef þessari beiðni væri ekki sint, eiga veðdeildirnar að hafa vald til að kveðja til menn að skoða veðin, menn þar á staðnum, og gefa skýrslu um þau, t. d. segja til, hvort hús séu máluð, gluggar í lagi o. s. frv., yfirleitt um alt, sem að viðhaldi lýtur. Þessi kostnaður mundi verða lítilfjörlegur fyrir hvern einstakan,

en mundi draga sig saman og muna miklu, ef hann legðist á veðdeildirnar. Eg skal geta þess, að í lögunum um Söfnunarsjóðinn er ákvæði í þessa átt; honum er heimilt að láta skoða veðin á kostnað lántakanda. Er ætlast svo til hér, að þau séu skoðuð á 5 ára fresti, og er það ekki þungbær skattur fyrir lántakanda, t. d. borgaði eg fyrir slíka skoðun á mínu húsi, sem metið er á 27 þús. kr., að eins 3 kr. Eg skal taka það fram, að eg álít þessa ákvæðis sérstaklega þörf í kaupstöðum og verzlunarstöðum. Yfirleitt fara jarðir batnandi hér á landi. Til sveita mundi nægja, að t. d. hreppstjóri gæfi skýrslu um það, ef einhver jörð væri að komast í niðurníðslu; það væri þá helzt timburhúsin til sveita, sem viðhald kann að vera lakara á en í kaupstöðum.

Það kann að vera, að mönnum þyki eitthvað athugavert við orðalag frumv. og vilji því kjósa nefnd í málið eða vísa því til bankanefndarinnar. Eg hefi ekki neitt á móti því.

**Sigurður Sigurðsson:** Þó að svo kunni að vera, að þetta frumv. sé ekki flutt hér fram að ástæðulausu eða alveg út í bláinn, þá verð eg þó að álíta það mjög svo varhugavert. Að vísu tók háttv. flutningsm. (B. Kr.) það fram, að slíkrar skoðunar þyrfti síður í sveitum en í kaupstöðum, og í sveitum nægði yfirlýsing hreppstjóra. Mér þótti vænt um að heyra þessi orð háttv. frams.m., því að ella dylst mér það ekki, að með þessu frv. væri lagður þungur skattur á þá ina mörgu, sem jarðir eiga að veði. En úr því að háttv. flutningsm. er þeirrar skoðunar, hví lætur hann þá ekki skoðun sína í þessu efni koma skýrt fram í frumv.? Eg álít frumvarpið, eins og það nú er, varhugavert. Það getur gefið bankastjórninni undir fótinn með að senda mönnum skoðunarmenn á hálsinn, ef til vill um langan veg, og getur það orðið dýrt spaug fyrir lántakendur. Að öðru leyti tók háttv. flutningsm. (B. Kr.) það fram, sem eg hygg líka vera rétt, að helzt þurfi þessa eftirlits við í kaupstöðunum og verzlunarstöðum, og þá einkanlega að því er timburhúsin snertir, sem fljótt ganga úr sér vegna óvandaðs frágangs, sem á þeim er, bæði hér í Reykjavík og víða annarstaðar. En þótt nauðsyn sé að hafa slíkt eftirlit, þá þarf það að vera sem vægast og kostnaðarminst fyrir lántakendur. Og þar sem bankinn er svo vel mentur, virðist hann sjálfur geta haft þetta eftirlit, að minsta kosti hér í Rvík, og útbú hans þá í þeim kaupstöðum sem þau eru. En þar sem nú einmitt í reglugerð bankans er gert ráð fyrir því, að bankastjórnin geti snúið sér til sýslunefndar og bæjarfógeta, og heimtað af þeim eftirlitsgerðir viðvíkjandi fasteignarveðum bankans, þá ætti það að nægja, og er þá frumvarpið jafnvel algerlega óþarft. Sýslunefndarmenn þurfa ekki að gera sér mikið ómak til þess að fá upplýsingar um ásigkomulag inna veðsettu jarða, hver í sínum hreppi, og þeir vita um það, hvort einstakar jarðir hafi rýrnað, svo nokkru nemi. Eins og háttv. flutningsm. tók fram, fara jarðirnar batnandi, og eg geri ráð fyrir því, að þær batni enn meira í framtíðinni; það eru undantekningar, ef þær batna ekki. Verði jarðirnar fyrir ófyrirsjáanlegum óhöppum, svo sem skriðum eða öðrum slíkum áföllum, er innanhandar fyrir bankastjórnina að fá upplýsingar um slíkt. Það er tíðast, að jarðir eru ekki metnar neitt gífurlega hátt til veðdeildar, og eftir minni reynslu er bankastjórnin ekki sérlega greið að lána hátt út á jarðir. Aftur hafa þær sögur gengið, að stjórn bankans bæði fyrr og nú hafi verið miklu greiðari og riflegri í lánum til húsa í kaupstöðum, og þó sérstaklega hér í Reykjavík. — Af þessum

ástæðum og fleirum, verð eg að telja frumvarpið varhugavert, og nauðsynlegt, að það sé athugað í nefnd.

**Einar Jónsson:** Eg stend upp til þess að lýsa yfir því, að það gæti verið ein ástæða til þess fyrir mig að óska, að þetta frumv. næði fram að ganga, þótt eg annars sé andvígur því, sú sem sé, að ef það gengur fram og hin tvö frumv. um bankann, sem hér hafa verið fyrir deildinni, þá treysti eg mér til að vera skuldugur svo um muni. Mér sýnist þá sem bankastjórnin sé orðin alveg ábyrgðarlaus og geti óhrædd veitt lán bæði úr bankanum og veðdeildinni, jafnvel þó veð væru ónýt eða engin, þar sem landssjóður á að skaffa peninga svo hundruð þús. kr. skiftir, og ábyrgjast svo öll innlánsskírteini, sparisjóðsinnlög o. s. frv.

Það er talað um það, að hér sé að eins um skoðun að ræða, en enga virðing á fasteignaveðum. Eg fæ ekki betur séð, en að hér sé um beina virðing að ræða, því að eg skil ekki, að nokkur slík skoðun fari fram, sem ekki er virðing um leið; annars er alt þetta gersamlega þýðingarlaust. Þetta hlýtur að baka lántakanda mikinn kostnað fram yfir vexti og afföll veðdeildarbréfa, sem tíðast eru æði mikil. Það verður ekki séð á frumv., hvort ætlast er til að þessi skoðun eða virðingargerð fari fram strax og frumvarpið nær staðfestingu, eða ekki fyr en 5 árum síðar. Þó hygg eg, að sú sé tilætlunin að frestað verði framkvæmdum á þessu fyrstu 5 árin. En þá ber þess að gæta, að eftir þann tíma er búið að borga talsvert af lánunum, og þótt einhver gluggi hafi fúnað lítið eitt, eða einhver málningarblettur máðst, eins og háttv. bankastjóri komst að orði og hafði fyrir aðalástæðu í sinni framsögu, þá hygg eg að verðið lækki lítið við það — að minsta kosti ætti tryggingin fyrir veðskuldinni, sem þá er orðin minni — því afborganir í 5 ár, og því meiri í fleiri sinnum 5 ár, minka lánið ekki svo lítið, — á þó að vera góð, þó veðið rýrni lítið eitt.

Eg er líka viss um, að bankastjórnin fer eftir þeim reglum, sem henni eru settar, og gæti þess að virða sanngjarnlega, og þá einkum að virða ekki of hátt né lána of hátt. Og þá veit eg að veðið verður gott eftir 5 ár, þótt eitthvað lítið hafi rýrnað. Eg veit að þessi bankastjórn, sem nú er, er athugul og aðgætin. Vona eg að svo verði áfram, og þá sé eg ekki að mikil hætta sé á ferðum þótt þetta ákvæði verði ekki tekið upp með lögum.

Háttv. flutningsm. (B. Kr.) gaf það í skyn, að eins og nú stæði á gæti bankinn ekki heimtað, að skoðunargerð færi fram nema á eigin kostnað. Þetta finst mér mjög sanngjarnt ákvæði, því að það er bankinn, sem lánar út fé sitt, og haldi hann að það sé í einhverri hættu, þá er það auðvitað hans að aðgæta það og þá líka á eigin kostnað. Þar sem líka sýslunefndir og hreppstjórar geta haft með þetta að gera, þá finst mér vera hægt að láta sér það nægja.

Af öllum þessum ástæðum er eg frumvarpi þessu mótfallinn. Eg tala hér ekki fyrir sjálfan mig, því að eg á enga veðskuld í bankanum, heldur fyrir almenning, sem gæti orðið hart úti, ef þetta frumv. fær fram að ganga, t d. jarðeigendur í sveitum og aðrir fasteignamenn, sem af einhverjum ástæðum kæmust í óþæg við verandi bankastjórn og hefðu eignir sínar veðsettar, gætu átt það á hættu, að heimtuð yrði virðing á eignum þeirra að ástæðulausu, og rökstyð eg það ekki frekar.

Annars tel eg það vísara, að bankinn gæti sent sjálfur einhvern af sínum mönnum til þess að framkvæma þessa skoðun. Eg á nefnilega eftir að skilja það, hvers vegna starfsmönnum bank-

ans hefir fjölgað svo mjög á síðari árum. Mér er ekki kunnugt um, að störfin hafi aukist svo, sérstaklega þar sem mjög lítið mun vera lánað út, að minsta kosti er mikið kvartað yfir peningaleysi og fátækt bankans in síðustu árin. Hvað eru mennirnir að gera? Eru þeir alt af að grúska í gömlum skjölum og skræðum, eða athuga gamlar tölur, sem fyrverandi bankastjórn útbjó? Eða eru þeir að leita að ráðum til þess að bæta hag bankans? Það hélt eg þó að væri þingsins verk. Eg segi ekki að verandi starfsmenn bankans séu iðjulausir. Eg hefi aldrei séð þá óvinnandi. En eg vil fá að vita, hvað þeir eru að gera. Það er ekki til þess að vekja neina æsingu, að eg vil geta þess, að fyrir hafa komið þau tilfelli, að starfsmenn bankans hafa vanrækt störf sín. Það var t. d., er mér kunnugt um, stór sala á fasteign fyrir nokkuru vestur í Ólafsvík, sem veðsett var bankanum, sett þar á uppboð og seld fyrir lítið verð, meðfram eða jafnvel eingöngu vegna þess, að bankinn hafði þar engan mættan fyrir sína hönd. Þar stóð bankinn því ekki á verði eins og honum bar. Sömuleiðis varð talsverður halli fyrir bankann á verzlun hér í bænum, sem hét Bakkabúð, sem hjá hefði mátt komast, ef starfsmenn bankans hefðu verið notaðir. Eg segi þetta ekki til að reisa neinar erjur, heldur af því að eg fer hér með rétt mál.

Eg hlýt, eins og eg hefi sagt, að vera á móti þessu frumvarpi af þeim ástæðum, sem eg hefi greint. Sumum kunna að þykja þær veigalitlar, en eg kippi mér ekki upp við það. Eg er svo vanur að heyra slíkt, og mun hvorki blikna né blána fyrir því.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Eg ætla að leiðrétta talsvert mishermi, sem háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) gerði sig sekan í. Hann sagði, að bankinn lánaði mjög lágt út á jarðir, en lánaði meira út á húseignir. Ef hv. þm. hefði nent að kynna sér reglugerð bankans, þá hefði hann séð, að þetta er alveg rangt. Bankinn fer mjög varlega í það að lána út á húseignir, lánar einmitt tiltölulega miklu hærra út á jarðir. Það er því algerlega rangt og illa gert að vera að kasta fram öðru eins og þessu, sem er sannleikanum alveg gagnstætt. Eg tala hér ekki út í bláinn, því að sakir stöðu minnar sem gæzlustjóri er mér nákunnugt um þetta.

Það er reyndar ávalt óþarfi að svara háttv. 1. þm. Rangv. (E. J.). Það er líka búið fyrir nokkurum dögum að svara því sem hann sagði áðan. Þá var því kastað fram, að kostnaðurinn við bankann hefði aukist allmikið á síðustu árum. Þá þegar var sýnt fram á það með skýrum rökum og ljósum tölum, að kostnaðurinn hefir *ekkert* aukist á síðustu 5—6 árum.

Hvað störf bankans snertir, þá álít eg að ekki sé til neins að vera að skýra hv. 1. þm. Rangv. (E. J.) frá, hver þau eru. Eg held að hann mundi ekki bera meira skyn á það en kötturinn á stjörnufræði. Annars var hann hér inni í deildinni fyrir nokkrum dögum, þegar þetta mál var skýrt, að minsta kosti var hann »sýnilega nálægur í holdinu« hér inni þá; en sálin hefir væntanlega að vanda verið einhverstaðar úti á þekju.

**Jón Magnússon:** Það gæti verið ástæða til þess að bankinn hefði leyfi til að setja líkt ákvæði og þetta frumvarp fer fram á í skuldabréfsín. En eg held að bankinn hafi það leyfi eftir núgildandi lögum, svo að óþarfi sé að samþykkja slíkt ákvæði gagnvart lánum í framtíðinni. En ef meiningin með frumvarpinu er sú, að bankinn skuli hafa leyfi til að leggja kostnað við skoðun á þá sem þegar hafa fengið lán úr bankanum með

ákveðnum kjörum, þá er eg hræddur um að Alþingi sé í raun og veru ekki fært um að gefa slíka heimild. Með lántökunni er í raun og veru kominn á samningur milli bankans og lántakanda, og á þann samning, sem er ritfestur með skuldabréfinu, er ekki rétt að ganga. Sá réttur, sem lántakendur hafa samkvæmt skuldabréfinu, verður ekki af þeim tekinn með réttu.

En þyki rétt að leggja þennan kostnað á lántakendur framvegis, þá gæti komið til mála að setja ákvæði í þessa átt sem viðbót við lögin um 3. flokks veðdeildarbréf, og gæta þess svo, þegar næstu veðdeildarlög verða samþykt, að taka samskonar ákvæði upp í þau.

**Flutningsm. (Björn Kristjánsson):** Ræðu háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) hefir þegar verið svarað að mestu leyti. Hann tók fremur kuldalega í þetta frv., eins og oftar, þegar um hag Landsbankans er að ræða eða veðdeild hans hans. Sagði, að frumv. væri varhugavert og þótti það óljóst. En það er ómögulegt að orða þetta á annan hátt, ef meiningin er að leggja þessa skyldu á lántakendur. Að gera undantekningar og setja sérreglur með eignir í fjarlægum héruðum er tæplega mögulegt, vegna þess að tilfellin eru svo mörg og ólík, og verður þá að vera undir dómi bankastjórnarinnar komið í hvert skifti, hvernig hún vill haga eftirlitinu. En eg skýrði frá því, hvernig við hefðum hugsað okkur að koma þessu fyrir, svo að það stæði í þingtíðindunum sem skýring á lögunum.

Hann gaf í skyn tortryggni gagnvart bankastjórninni. Hélt að hún færi að senda mann langar leiðir upp í sveit á kostnað lántakenda, ef þetta frumv. yrði samþykt. Bankastjórnin á ekki þessa tortrygni skilið, allra sízt þegar eg hefi lýst yfir því, hvernig hún hefir hugsað sér að koma þessu eftirliti í framkvæmd.

Hann sagði og ásamt háttv. 1. þingm. Rangv. (E. P.), að bankinn hefði svo mörgum mönnum á að skipa, að honum væri ekki vorkunn á að vinna þetta verk. En bankanum *ber engin skylda til þessa*. Veit háttv. þingm. ekki, að bankinn og veðdeildin eru sitt hvað. Veðdeildin hefir alveg sérstaka löggjöf út af fyrir sig, sérstaka reikningsfærslu og sérstakan sjóð. Bankanum kemur hún ekkert við að þessu leyti. Þingmaðurinn ætti að setja sig betur inn í málið, áður en hann fer að halda langa ræðu um slík efni — að minsta kosti svo, að hann þekki muninn á bankanum og veðdeildinni. En það er ekki tími til þess fyrir mig að vera hér að setja hann inn í bankamál, þótt honum mundi ekki af veita.

Viðvíkjandi því, sem háttv. 1. þm. Rangv. (E. J.) gaf í skyn um aukinn kostnað við bankann, þá hefi eg svarað þeim ásökunum fyrir nokkrum dögum — gefið glögga skýrslu um málið. Hafi hann ekki hlýtt á hana, er hægur vandi fyrir hann að lesa hana frammi á lestrarsalnum.

Ásökun háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) til bankastjórnarinnar um það, að hún lánaði hærra út á húseignir en jarðir, er svo vaxin, að manni liggur við að segja að hún sé sögð á móti betri vitund. Að minsta kosti er ókunnugleikinn þá afskaplegur. Allir vita það, að bankinn lánar $^1/_2$ út á jarðir, en ekki nema $^2/_5$ út á hús í Reykjavík, $^1/_3$ út á hús í stærri kaupstöðum utan Reykjavíkur og $^1/_4$ út á hús í minni kauptúnum. Um þetta gat háttv. þingmaður hæglega fengið upplýsingar hjá mér og öðrum áður en hann hélt ræðu sína, ef honum hefði verið ant um að vita ið rétta í þessu atriði. En hann virðist ekki gera sér mikið far um að vita nokkuð um það mál, sem hann er að tala um.

Ekki er það heldur rétt, að jarðirnar

séu virtar tiltölulega lægra en húsin. Virðingarmenn meta eftirgjaldið jafnvel oft hálfu meira en skattanefndirnar, svo að þar er sannarlega ekki dregið úr virðingarupphæðinni.

Viðvíkjandi því sem hv. þm. Vestm. (J. M.) sagði, þá eru það einu mótbárurnar, sem nokkuð gildi gætu haft á móti frumvarpinu. Það má vel vera, að það sé nokkuð hart að gengið að heimta þetta gjald af mönnum, sem ekki eru skyldaðir til þess samkvæmt inum upprunalega samningi við bankann. En þess ber að gæta, að þessi skoðun er einmitt í lántakendanna hag, vegna þess að svo er ákveðið, að rýrni veðið eða gangi úr sér, skuli það vera uppsagnarorsök. Fréttist nokkuð slíkt, yrði manninum þá auðvitað sagt upp. Það er því í hans þágu að skoðunin fari fram. Það getur verið stórhagur fyrir trassafengna menn, sem lofa öllu að ganga úr sér, að vita það, að þetta eftirlit fer fram. Þeir gæta þá betur eigna sinna en áður, þegar þeir vita, að þeir eiga á hættu, að láninu verði sagt upp, ef eigninni er ekki viðhaldið. Þegar þessa er gætt, þá held eg að sú réttarspilling, sem einstaka maður verður fyrir, vegi ekki þungt á metunum. Einkum þegar þess er gætt, að hér er ekki um hærri upphæð að ræða en 2—3 kr. fimta hvert ár. Lántakandi hefir líka heimild til þess að útvega sér vottorðið sjálfur um viðhald eignarinnar og getur hann þá sjálfur samið við virðingamennina um kostnaðinn.

Eg held því að ástæðulaust sé að vera að tala um, að hér sé harðýðgi beitt. Annars skal eg geta þess, að eg hefi ekkert á móti því, að þetta verði athugað í nefnd, hvort heldur einstakri eða því sé vísað til bankanefndarinnar.

**Lárus H. Bjarnason:** Háttv. þm. Vestm. (J. M.) fullyrti, að ekki væri hægt að samþykkja slíkt frumv. sem þetta, ef það ætti að binda þá menn, sem þegar hefðu fengið lánin með ákveðnum kjörum. Eg þekki ekki aðrar skorður, sem löggjafarvaldinu gætu verið settar í þessu efni, en þær, sem stjórnarskráin setti. En þar finn eg ekkert slíkt ákvæði. Það er enginn vafi á því, að Alþingi er *fært* um að gera þetta. Þar með er ekki sagt, að það geti ekki verið varhugavert. Eg held, að þessu máli sé svo farið, að rétt sé að athuga það í nefnd. Og eg vil þá leyfa mér að stinga upp á, að því verði vísað til bankanefndarinnar.

**Jón Magnússon:** Eg veit vel, að það hefir verið sagt um þingið, að það væri almáttugt. Að því leyti er það rétt, að þingið *gæti* samþykt slíkt ákvæði og hér er farið fram á. Þó er mér það til efs, að það komi ekki fullnærri stjórnarskránni, eins og t. d. að Alþingi samþykti, að þeir, sem hefðu fengið lán í bankanum með t. d. 5% skyldu hér eftir greiða 10%. Eg vona, að háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) sé mér samdóma í því, að það væri alveg rangt að leggja mönnum slíkar byrðar á herðar, þótt einhverjum dytti það í hug.

**Sigurður Sigurðsson:** Út af ummælum háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.), þar sem hann vildi segja, að eg hefði farið með rangt mál, er eg gat þess, að hærra væri lánað út á hús í kaupstöðum en jarðir, skal eg geta þess, að það má vel vera að þess gæti ekki, þegar miðað er við virðingarnar eða skjölin, eins og þau liggja fyrir bankastjórninni. En þess ber að gæta, að virðingar á húsum eru tiltölulega mikið hæri í kaupstöðum en á jörðum að jafnaði, svo að í raun og veru er lánað hærra út á þau. Þetta fullyrði eg og get fært sönnur á það, ef þörf gerist. Það er orðið hljóðbært, enda alveg rétt, að virðingar á húsum, sérstaklega hér í Reykjavík og inum öðrum kaupstöðum landsins, eru

að eg ekki segi bandvitlausar, þá miklu hærri en góðu hófi gegnir. Aftur á móti mun það sjaldan koma fyrir, að jarðir séu virtar hærra en sanngjarnt er Þótt það geti komið fyrir, að eftirgjaldið samsvari ekki virðingunni og að hún nemi meiru eða sé hærri að tiltölu við það, þá getur það verið af því, að eftirgjaldið styðjist við gamla samninga. Það er nefnilega alkunnugt, að leigumálar á jörð eru þeir sömu um langt áraskeið.

Eg skal geta þess út af ræðu háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.), að mér finst ástæða til að þetta mál sé sett í nefnd, því að eg vil í engu eiga undir yfirlýsingum og lögskýringum hans hér í deildinni. Það stendur kannske í þingtíðindunum, hver meiningin eigi að vera — en það eru engin lög.

Þar sem háttv. þingmaður var að tala um tortrygni af minni hálfu til bankastjórnarinnar, þá er langt frá að eg hafi gefið nokkuð slíkt í skyn. Annað mál er það, að maður á alt af að vera tortrygginn gagnvart þeim, sem fara með mikil völd og peninga. Og þess er eg fullviss, að hefði þjóðin alt af staðið vel á verði í þessu efni, þá hefði margt farið öðruvís en raun hefir orðið á. Viðvíkjandi þeim kala, sem hann var að tala um að eg bæri til bankans, þá er það sagt alveg út í bláinn, rakalaust. Það eru ekki annað en getsakir. Þetta er í fyrsta sinni nú á þinginu, sem eg hefi tekið til máls í bankafrumvörpum flutningsmanns. Og þótt eg geti ekki fallist á þetta frumv., sé eg ekki að það þurfi að bera vott um nokkurn kala. Þessi orð háttv. þm. falla því dauð og marklaus.

Eg kannast við að eg er ekki bankafróður maður, og hefði kannské gott af að ganga í skóla til einhvers til þess að fræðast um þau mál. En hvort heppilegast væri að fara til háttv. 1. þingm. G.-K., læt eg alveg ósagt.

**Einar Jónsson:** Eg bið um orðið til þess að tala nokkur orð við vin minn háttvirta 1. þm. S.-Múl. Hann bar mér það á brýn, sem honum er svo gjarnt bæði við mig og aðra, að eg hefði ekki eins mikið vit á málinu eins og hann.

Satt að segja þekki eg ekki nafnið á þessum ketti í stjörnufræðinni, sem hann var að tala um. En eg býst þó við, að hann sé skapaður með því æði, að hann sé vís til ýmsra stórvirkja. Eg gæti t. d. ímyndað mér, að hann gæti samið orðabók, — ef hann fengi góða borgun fyrir, og ótakmarkaðan tíma — sem ekki fengi meiri skammir heldur en þær orðabækur, sem ýmsir aðrir hafa verið að gefa út, eða máske verið gæzlustjóri í banka og á þann hátt orðið bankafróðari en eg, en samt sem áður staðið þar í fult eins mikilli tiltrú, sem ýmsir starfandi menn í þeirri stöðu, t. d. viðvíkjandi því sem háttvirtur þingmaður var að tala um, að sálin í mér hefði verið út á þekju, þá skal eg geta þess, að eg hygg að hann hafi farið manna vilt og meint sjálfan sig í gær, þegar hann einhvernveginn hafði ekki kjark til þess að greiða því máli atkvæði, sem hann í nefndaráliti hafði lagt til að samþykkja.

Þá skal eg minnast örfáum orðum á ræðu háttv. 1. þm. Gullbr. og Kj.sýslu, sem alls ekki var harðorð, þótt eg hefði til saka unnið. Hann sagði að veðdeildin hefði ekkert saman við bankann að sælda. Eg veit þó ekki betur en það séu sömu mennirnir og sama stjórnin þar og í bankanum.

Þar sem hann áleit, að eg þyrfti ekki að vera tala um aukinn kostnað bankans, þá mintist eg ekki á það að öðru leyti en því að eg sagði, að það væru

fleiri starfsmenn við bankann nú orðið heldur en áður hefði verið og spurði, hvað þeir hefðu verið að gera, en tók það þó um leið fram, að eg hefði aldrei séð þá iðjulausa. En þegar hann álítur að starfsmennirnir hafi feiki-nóg að gera, þá hafa störf bankans líklega aukist að miklum mun, og eg skal ekki krefjast þess beint nú, að hann skýri fyrir mér í hverju þau störf eru fólgin, en mun ef til vill gera það síðar.

Að síðustu vil eg svo biðja hæstvirta forseta afsökunar, hafi eg farið út fyrir umræðuefnið.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Eg stend upp aftur að eins til að svara háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) nokkrum orðum.

Hann hélt því fram, að húsavirðingar hér í Reykjavík mundu vera hlutfallslega háar, en jarðavirðingar til sveita þar á móti sanngjarnar. Eg get sagt honum það, að bankastjórnin er svo kunnug hér í Rvík, að hún fer eftir því sem sanngjarnt er, en ekki eftir mati eingöngu. Að því er til hins kemur, að jarðirnar séu svo lágt og sanngjarnlega metnar, þá býst eg við, að hann myndi ekki segja það, ef hann sæi matsgerðirnar á jörðunum eins og þær alment koma til bankans. Eg þori að fullyrða, að það er ekki nærri $^1/_6$ partur af þeim, sem nær nokkru lagi. *(Sigurður Sigurðsson:* Þm. hefir ekki hugmynd um þetta). Eg hefi margfalt meiri þekking á því, en háttv. þingm., og eg gæti sannfært þm., ef hann vildi koma niður í bankann og líta á dæmi. Virðingarmennirnir hafa fleiri skyldur, sem þeir þurfa að taka tillit til, heldur en að meta jarðirnar. Þeir eiga líka að skýra frá, hvað þær séu leigðar, og þeir eiga að skýra frá, hvað *þeir* álíti þær sanngjarnlega leigðar. Eg skal taka dæmi: jörð er *metin* til hæfilegs söluverðs undir eiðs-tilboð af virðingarmönnum 5000 kr., og *sömu* virðingarmenn skýra í *sama* skjalinu frá, að hún *hafi verið seld* síðasta ár fyrir 3000 kr., og enn fremur meta *sömu* menn í *sama* skjali »hæfilegt eftirgjald« eftir jörðina alls 120 kr. á ári.

Getur nú ekki háttv. þingm. reiknað út, að þegar peningavextir eru 6%, þá er þessi jörð 2000 kr. virði, og ekki eyris virði meira?

En virðingarmennirnir sjálfir skilja ekki, hvað þeir eiga að gera. Enda er það kunnugt, að það er algengt til sveita, þegar einhver er kvaddur til að virða jörð, að hann spyr: »Er það til *skatta* eða *lántöku*?« Næsta spurningin verður svo: »Hvað mikið lán þarftu að fá?« *(Sigurður Sigurðsson:* Hvaðan koma þingm. þessar Gróu-fréttir?) Eg hefi heyrt þessa alt of mörg dæmi, og eg er þessum málum miklu kunnugri heldur en háttv. 1. þm. Árn (S. S.), eins og eðlilegt er. Eg er sannfærður um, að meira en helmingurinn af öllum virðingarmönnum hér á landi, sem eiga að vinna starf sitt undir eiðs tilboð upp á æru og samvizku, og eiga að meta jarðirnar, eins og þær mundu ganga í kaupum og sölum — helmningur þeirra, að minsta kosti ættu að sitja í betrunarhúsi fyrir virðingar sínar, og yrðu óefað dæmdir til þess, ef bankastjórnin heimtaði sakamál höfðað gegn þeim.

ATKV.GR.:

Vísað til 2 umr. með 12 : 2 atkv.

Vísað til bankanefndar með 16 shlj. atkv.

---

FRUMVARP til laga um löggilding verzlunarstaða í Karlseyjarvík við Reykhóla og í Hagabót í Barðastrandarsýslu (202); 1. umr.

Enginn tók til máls.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

---

FRUMVARP til laga um eignarnámsheimild fyrir bæjarstjórn Ísafjarðar á lóð og mannvirkjum undir hafnarbryggju (203); 1. umr.

**Matthías Ólafsson:** Það sýnist vera ógnarlega meinlaust þetta frv. hér, en eg hygg þó að á því sé sá galli, að það sé ekki almennur vilji þar vestra, að þetta verði að lögum. Eg talaði nýlega við tvo menn af Ísafirði, og þeim kom það mjög ókunnuglega fyrir, að þetta mál hefði verið lagt fyrir þingið, því að ekki hefði verið minst á það á þingmálafundum Hins vegar er mér það kunnugt, að oddviti bæjarstjórnarinnar á Ísafirði hefir beðið háttv. flutningsm. málsins í Ed. að flytja það inn á þing, og það mun hafa verið samþykt af meiri hluta bæjarstjórnarinnar. En það sýnist ekki ævinlega vera almennur vilji fólks á Ísafirði, sem gengur þar í gegn í bæjarstjórninni. Eg held að þessir menn, sem eg gat um, hafi talað frá hjartanu, þegar þeir sögðu, að ekki bæri að gera þetta að lögum. Þeir álíta fyrst og fremst, að það sé ófyrirsjáanlega langur tími þangað til höfn verður gerð á Ísafirði. Náttúran hefir séð þar fyrir góðri höfn, þar sem er »pollurinn«. Og eins og nú stendur eru þar 3 hafskipabryggjur, og þurfa gufuskip, sem við þær leggjast, engan bryggjuskatt að greiða. Þess vegna er það ekki nema óþörf áreitni við menn, sem eiga lóð niður að sjónum, að vera að gera þetta að lögum. Það er að minsta kosti skoðað svo fyrir vestan, og eg vildi því óska, að málið verði sett í nefnd til rækilegrar yfirvegunar, ef því verður annars hleypt til 2. umr.

**Lárus H. Bjarnason:** Af því að nefndirnar eru orðar helzt til margar, vil eg leyfa mér að leggja það til, að máli þessu verði vísað til nefndarinnar í málinu nr. 6 á dagskránni.

ATKV.GR.:

Vísað til 2. umr. með 18:1 atkv.

Vísað til lögreglusamþyktar-nefndar fyrir Vestm.eyjar með 16 samhlj. atkv.

---

FRUMVARP til laga um hvalveiðamenn (77, n. 232); 2. umr.

**Framsögum. (Guðmundur Eggerz):** Eg skal leyfa mér með örfáum orðum að gera grein fyrir breytingartillögum nefndarinnar. Það var þegar í upphafi tilætlun okkar flutningsmanna, að þótt frv. yrði að lögum, væri heimilt að drepa hnísur og höfrunga og aðra smáhvali. Þetta er nú tekið fram í breytingartill. Reyndar vildi eg fyrir mitt leyti undanskilja andarnefjur, en meiri hluti nefndarinnar var á móti því. Allir nefndarmennirnir voru sammála um, að heimilt skyldi að hagnýta og hirða þá hvali, sem dauðir finnast, eins og gert er ráð fyrir í 2. gr. frv. Þá vildi meiri hluti nefndarinnar að lögin gengju ekki í gildi fyr en 1. okt. 1915, til þess að þeim mönnum, sem nú stunda hvalveiðar hér við land, gæfist rýmri tími til að koma sér fyrir annarsstaðar. Að öðru leyti skal eg ekki þreyta háttv. deild með því að taka upp aftur það sem eg sagði við 1. umr. Eg tel það tilgangslaust, en leyfi mér að vænta þess að málið fái eins góðar undirtektir í deildinni eins og það fekk í nefndinni. Enda lítur helzt út fyrir að þetta mál verði engum að baga, því að þeir útlendingar, sem nú stunda hér hvalveiðar, sárkvarta undan því, hvað þeir tapi miklu á útgerðinni, og eru því líkur til að þeir flytji burt af landinu hvort sem þetta verður að lögum eða ekki.

**Matthías Ólafsson:** Eg vil að eins með örfáum orðum gera grein fyrir, hversvegna eg skrifaði undir nefndar-

álitið með fyrirvara. Eg get gengið inn á það með meðnefndarmönnum mínum að líkindi séu til að hvalveiðamennirnir fari héðan vegna þess, að útgerðin borgar sig ekki. En eg get ekki betur séð, en að þá verði fullkomin friðun á hvölum, svo að þetta frv. er í rauninni óþarft og ekki til annars en að reka hvalveiðamennina burtu Eins og allir vita, er hvalur friðaður nú, en það er leyfilegt að draga hvali inn fyrir landhelgislínuna og hagnýta þá þar. Þetta er það sem á að banna með frv. — Það getur líka skeð, að þetta frv. baki landinu fjártjón. Eftir því sem háttv. flutningsm. (G. E.) hefir upplýst í nefndinni, var útflutningsgjald fa hvalafurðum síðastliðið ár rúmar 14,000 kr. Það má búast við að þetta gjald verði minna í ár og ef til vill ennþá minna næsta ár, svo að ekki er í það horfandi, að sleppa þessum tekjum ef landið hefði hinsvegar nokkurt gagn af að reka hvalveiðamennina burt. — En svo var það líka annað sem gerði, að eg skrifaði undir nefnarálitið með fyrirvara. Eg get ekki verið viss um, þrátt fyrir það þó lögfræðingur væri í nefndinni, að það sé rétt, sem stendur í nefndarálitiuu, að um skaðabætur til hvalveiðamanna geti ekki verið að ræða. Eg get ekki verið með frv. fyr en eg heyri álit fleirri lögfræðinga hér í deildinni um þetta. Eg tel það efasamt, að hvalveiðamennirnir geti ekki heimtað skaðabætur ef þeir færu í mál. Það er sagt, að hvalveiðamenn í Noregi hafi engar skaðabætur fengið þegar hvalveiði var bönnuð þar, en það er nokkuð annað mál, því að þeir kröfðust ekki neinna skaðabóta. — Það er skilyrði fyrir minu atkvæði í þessu máli, að það verði farið nokkurn veginn sæmilega með hvalveiðamenina.

**Framsögum. (Guðm. Eggerz):** Eg stend upp í tilefni af því, að háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) þóttist ekki vera viss um, nema hvalveiðamennirnir gætu komið fram með skaðabótakröfu á hendur landinu, ef þeir væru reknir burtu. Eg man eftir því, sællar minningar, þegar aðflutningsbannslögin voru innleidd. þá datt engum til hugar, að þeir kaupmenn, sem atvinnu höfðu af vínsölu, ættu neina skaðabótakröfu, þó þeir væru sviftir atvinnu sinni. Þeir hafa þó vitanlega stór hús, sem þeir hafa ekki hálf not af eftir það að þeir verða að hætta að reka þessa atvinnu. Þá datt engum i hug að minnast á skaðabætur, þegar um Íslendinga var að ræða, en nú, þegar það eru útlendingar, sem hlut eiga að máli, þá er risið upp og sagt, að það sé verið að reka þá burt af landinu. Eg man ekki eftir að háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) mintist á þetta fyr en við vorum búnir að koma okkur saman um nefndarálitið. Mér þykir það undarlegt, að hann skyldi ekki koma með þetta fyrri, en hann hefir líklega náð í einhvern lögfræðing, sem hefir gefið honum þessar upplýsingar. Það væri gott, ef einhver annar lögfræðingur vildi reyna að sannfæra þm. um ið gagnstæða, að hér væri engin hætta á ferðum.

**Matthías Ólafsson:** Mér var engin þörf á að heira háttv. framsögum., eg var búinn að heyra nóg til hans í nefndinni, en eg vildi gjarnan heyra álit annara lögfræðinga, því að eins og kunnugt er, kemur þeim ekki ævinlega saman. Hann kom með dæmi um vínsölumennina, að engum hefði dottið í hug að þeir fengju skaðabætur. Það er sama um þá eins og Norðmennina, þeir hafa ekki krafist neinna skaðabóta, en eg efast um að þeir ekki geti það. Eg heyrði ekki betur, þegar talað var um kolaeinokunina, en að því væri haldið fram, að kolakaupmenn gætu farið í mál við landið og heimtað skaðabætur.

Eg skal taka annað dæmi, mjög einfalt og óbrotið. Ef piltur, sem frá barnæsku hefir unnið við verzlun og aldrei lært annað en að afhenda vörur í búð, og getur ekki unnið fyrir sér með öðrum hætti, ef hann er sviftur atvinnu sinni, þá er það sama sem að honum sé fleygt út á klakann.

Eg held því enn fast fram, að það sé vafasamt, hvort landssjóður yrði ekki dæmdur til að borga hvalveiðamönnunum skaðabætur ef þeir krefðust þess.

**Kristinn Daníelsson:** Af því að eg var lengi nákunnugur hvalveiðamönnunum á Vesturlandi, kann eg ekki við að láta þetta mál fara lengra án þess að láta í ljósi þá skoðun mína, að eg álít það óþarft. Eg veit að margir eru á móti því að hvalveiðamennirnir reki hér atvinnu sína, vegna þess, að þeir álíta, að það hafi skaðleg áhrif á fiski- og síldargöngur. Eg skal nú ekki fara langt út í það mál, en skal að eins lýsa því yfir, að á Vesturlandi voru menn sannfærðir um, að enginn slíkur skaði hlytist af hvalveiðamönnunum.

Því var fleygt hér fram síðast, að hvalveiðamennirnir gerðu landinu lítið gagn Eg hygg þvert á móti að þeir hafi gert landsmönnum afar-mikið gagn. Þeir hafa verið uppbyggilegir menn í héraði og ágætir borgarar; þeir hafa greitt mikið fé í landssjóð og sveitarsjóði og á annan hátt veri stór-nýtir. Nú heyrist mér öllum bera saman um, að þeir séu á förum, og hafa því sumir sagt í spaugi, að frv. ætti að heita »frv. um fyrverandi hvalveiðamenn«. Mér finst því óviðkunnanlegt að vera að sparka í þessa menn, nú þegar þeir eru á förum. Þeir hafa að margra áliti verið uppbyggilegir menn og látið mikið af mörkum til landsmanna. Eg vildi að eins lýsa yfir þessari skoðun minni, enda þótt eg þykist vita, að það komi fyrir lítið, hvort eg geri það nða ekki.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Eg verð að játa, að þessi samanburður, sem komið hefir fram við vínsölubannið, til stuðnings því, að landssjóður sé ekki skaðabótaskyldur hvalveiðamönnunum, er að mínu áliti ekki heppilegur, því að þetta ern hreint ekki sambærilegir hlutir. Og sama er um dæmið um verzlunarmanninn, sem háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) var að tala um. Það er nokkuð annað mál að svifta mann sérstökum *rétti*, sem hann hefir *öðlast með því* að *borga ákveðið gjald*, eða hitt að menn vegna lagasetningar verða að leggja niður einn eða annan atvinnurekstur. Þessir hvalveiðamenn hafa bara komið hingað til lands, fengið leyfi til að setjast hér að, þar með farið að reka þessa atvinnu, sem verið hefir öllum frjáls Þeir hafa engan *sérstakan* rétt fengið til *hvalveiða*, heldur að eins til að stunda hverja þá atvinnu, sem öllum landsmönnum er heimil án sérstaks leyfis Breytist löggjöfin svo, að einhver atvinnuvegur, sem var öllum frjáls (»fri Næring«), verði bannaður, verða þeir auðvitað bótalaust að sæta sömu kjörum, sem aðrir landsmenn. Eitt sinn var t. d. fugladráp heimilt alt árið, svo var það bannað vissan tíma árs, sum fuglaveiði *alveg* bönnuð, en engum dettur í hug að neinn maður eigi rétt til skaðabóta fyrir það. Þeir verða því að sætta sig við að hætta atvinnurekstrinum, ef sett verða lög um friðun hvala. Háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) veit það, að við friðum fugla og hreindýr, en aldrei er talað um að greiða skyttunum skaðabætur, þó að þær hafi tjón af þessum friðunarlögum. Eg skal engan dóm leggja á það, hvort hvalirnir hafi áhrif á síldargöngur, eins og sjómenn hafa trú á. En eg veit, að hvalirnir fælast frá þeim

stöðum, þar sem þeir eru skotnir. Reynslan hefir sýnt, að hvalurinn fælist skothríðina og legst frá þeim stöðvum, þar sem hann er ófriðaður, en legst aftur á móti að þeim stöðum þar sem hann er friðaður.

Eg vona að þetta frv. verði að lögum, og að þegar friðunartíminn er á enda, þá hlutist löggjafarvaldið til um, að landsmenn *einir* fái rétt til hvalveiða, en veiti ekki þennan rétt útlendum aðskotadýrum, því að þó að þeir byggi hér hús og setjist hér að um tíma, þá eru þeir í raun og veru ekki búsettir hér á landi. Þeir hafa hér í seli á sumrin, en fara burt eins og farfuglarnir á haustin.

Eg sé ekki að *nokkur* maður hafi rétt til skaðabóta, þótt hann verði að leggja niður þann atvinnurekstur, sem kemur í bága við lög landsins, hafi hann ekki *keypt* sér *sérstakt* leyfi. *Þá* kann hann að hafa ástæðu til að krefjast skaðabóta, en ella eigi.

**Framsögum. (Guðm. Eggerz):** Það virðist erfitt að koma hv. þm. V.-Ísf. (M. Ól.) í skilning um, að þetta sé réttlátt frumvarp. Hann getur þó ekki mótmælt því, að hér er um að ræða miklar tekjur fyrir Íslendinga, ef hvalirnir eru friðaðir um tíma og svo aftur síðar meir Islendingum leyft að veiða þá. Og er hér ekki um neinar smáræðis upphæðir að gera, því enginn neitar því að útútlendu hvalveiðamennirnir hafa tekið hér við land svo þúsundum króna, já, miljónum króna skiftir. Og hvað hafa þessir útlendingar svo gefið í staðinn? Úldið hvalketitð! Menn hafa sagt hér, að þessir hvalveiðamenn væru svo myndarlegir og örlátir. Einir 2 þeirra hafa gefið nokkur hundruð kr. til einhverra almennings heilla. Það er alt og sumt.

Um skaðabótakröfurnar má háttv. þm. V.-Ísf (M. Ól.) trúa því sem eg segi, þó eg sé eini lögfræðingurinn í deildinni, sem hefi enn sem komið er talað um það mál. Eg hélt yfirleitt að eg væri búinn að koma háttv. þm. í skilning um, að útlendu hvalveiðamennirnir gætu enga skaðabótakröfu átt gegn landssjóði samkvæmt stjórnarskránni, þótt frumv. verði að lögum. En ef það er það, sem háttv. þingm. er svo hræddur um, að hann missi hvalaketið, þá vil eg hughreysta hann með því, að ef frumvarpið verður að lögum, skal eg annast um að háttv. þingmaðurinn fái svo mikla hlutdeild í fyrsta dauða hvalnum, sem rekur upp á Austfirði, að hann og öll hans ætt geti lifað á hvalketi fyrstu áratugina.

**Matthías Ólafsson:** Mér þykir leitt, að háttv. framsögum. (G. E.) hefir ekki fengið neinn af lögfræðingum deildarinnar til þess að tala sínu máli um skaðabótakröfurnar. Í nefndinni er eg búinn að heyra álit hans á málinu og hefir mig ekki langað til að heyra það aftur, heldur annara lögfræðinga hér í deildinni. Og svo held eg líka að hv. framsögumaður sé þannig skapi farinn, að hann haldi alt alveg óyggjandi rétt, sem hann segir sjálfur. *(Forseti:* Eg vil minna háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ól.) á, að hann er nú búinn að tala tvisvar sinnum í þessu máli. Og eftir þingsköpunum má hann í þriðja sinn að eins gera stutta athugasemd). Já, eg skal ekki tala lengi. Mér gleymdist að geta þess, sem háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) hélt fram, að það væri ekki rétt hjá mér, að ið sama gilti um skaðabótakröfur hvalveiðamanna og vínsölumanna. Hvorir tveggja hafa þó dýrar byggingar, sem verða að engum eða litlum notum ef þeir eru nauðugir reknir burtu frá atvinnu sinni. Hvalveiðamennirnir hafa auk þess mörg og dýr verkfæri, sem koma þeim að litlu haldi, þegar þeim er bannað að brúka þau. Svo vil eg geta þess, að því var áðan hvíslað að mér hér í deildinni, að ekki væri loku

fyrir það skotið, að vinsölumenn færu í skaðabótamál við landssjóð. Því hefir verið fleygt, að slíkt mál væri á leiðinni.

**Lárus H. Bjarnason:** Að eins örfá orð. Því hefir verið skotið til lögfræðinganna hér í deildinni, að láta uppi álit sitt um, hvort óttast mundi þurfa skaðabætur úr landssjóði, gengi frumv. fram. Vil eg því í fáum orðum gera grein fyrir skoðun minni. Það er engum vafa bundið, að hver maður hefir rétt til þess að leita dómstólanna ef honum finst hann röngu beittur. En það er sitthvað, að fara í mál og vinna mál.

Beygur háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ól.) við skaðabætur úr landssjóði til handa hvalveiðamönnum hlýtur að eiga annaðhvort við bætur fyrir hús og vélar eða þá við skaðabætur fyrir atvinnuspjöll. Bætur fyrir hús og vélar held eg að ekki þurfi að óttast, því að vitanlega yrði hvalamönnum ekki meinað að selja hús og vélar. Og lúti ótti háttv. þingmanns að bótum fyrir atvinnuspjöll, þá þarf tæplega að óttast þær. Að vísu er atvinnufrelsi hér á landi, en þó naumast þannig lagað, að löggjafinn megi ekki banna atvinnu, sem þyki skaðleg, enda dæmi slíks banns, og á eg þar við aðflutnings- og sölu-bannið á áfengi. Í annan stað er fullyrt, að hvalamenn hafi skaðast á veiðunum síðastliðin ár, og kæmi þá ekki til skaðabóta, þegar af þeirri ástæðu. 50. og 51. gr. stjórnarskrárinnar virðist og byggja á því, að »almenningsheill« eigi öðru fremur að ráða skipun atvinnumála.

Verð eg því að lúka orðum mínum með því, að heldur vildi eg verja mál landssjóðs en sækja það af hendi hvalveiðamanna, enda er mér ekki kunnugt um að áfengissalar hafi farið í mál út af aðflutningsbanninu, og víst er um það, að góðir lögfræðingar hafa fremur latt þess en hvatt.

**Jóhannes Jóhannesson:** Þó eg þekki ekki þá menn, sem nú reka hvalveiðar á Austfjörðum, þeir eiga allir heima í umdæmi kollega míns, háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.), þá hefi eg þekt menn, er þar ráku hvalveiðar og voru inir mestu heiðurs og sæmdarmenn, er sögur hv. 2. þm. S.-Múl. geta ekki átt við og ummæli hans ekki snert. Þetta þykir mér rétt að taka fram af því, að háttv. 2. þm. S.-Múl. talaði of alment um hvalveiðamenn.

**Bjarni Jónsson:** Áður en við förum úr þessum hvalastað vil eg mega segja nokkur orð.

Ósannað tel eg það alveg, að hvalamissir hafi áhrif á fiskveiðar, sem haldið hefir verið fram hér. Eina ástæðan, sem háttv. framsögum. (G. E.) hélt fram fyrir því að nauðsyn bæri til að friða hvali, var sú, að hvalurinn væri svo nytsamt dýr, sem óðum færi þverrandi hér við land. Þó hann nú fari þverrandi, þá þori eg ekki að segja að hann geri það svo mjög, að ástæða sé til þess að friða hann með lögum. Og þó hann sé friðaður í landhelgi, má eins veiða hann fyrir utan landhelgina. Finst mér háttv. framsögumaður í þessu hvalamáli vaða á bæxlunum sem búrhveli.

Því hefir verið haldið fram hér í deildinni, að hvalir færu svo óðum þverrandi að hvalveiðamennirnir hefðu nú in síðustu árin tapað stórfé á útgerðinni og mundu þeir því sennilega hætta henni. Þá friðast hvalurinn af sjálfu sér, og sé eg því ekki nægа ástæðu til að gefa út þessi lög.

Sú ástæða háttv. framsögumanns (G. E.) að Íslendingar gætu svo síðarmeir tekið hvalveiðarnar að sér, minnir mig á sögu úr Hafnarfirði. Þar var einu sinni settur lás fyrir upsa með nótum. En þegar til kom, var fiskurinn svo smár, að þeir sleptu honum og hugsuðu sér að taka hann aftur þegar hann væri orðinn stærri.

**Ráðherrann (H. H.):** Stjórnarskráin bannar að svifta menn eign sinni nema með endurgjaldi. Ef atvinna er tekin frá manni, fellur eignin, sem að atvinnunni lýtur, í verði. Og svo yrði hér með hvalveiðamennina. Séu þeir sviftir atvinnunni, eru þeir líka sviftir eign sinni. Og efast eg um það, að landssjóður slyppi án þess að greiða endurgjald ef hvalveiðamenn færu í skaðabótamál. Leyfi eg mér að efast um, að Norðmenn hafi nokkurntíma neitað hvalveiðamönnum endurgjalds, eins og hv. frams.m. hélt fram. Hitt er annað mál, hvort þeir hefðu sloppið við að greiða endurgjald, hefðu hvalveiðamenn farið í mál. Álít eg það ósannað. En væri um endurgjald að ræða, þá væri það ekki vegna atvinnumissisins, heldur vegna húsanna og verkfæranna.

**Framsögum. (Guðm. Eggerz):** Það var enginn lítill hvalablástur í hv. þm. Dal. (B. J.). Annars furðaði mig á undirtektum hans í þessu máli, hans, sem altaf er með þetta: »Ísland fyrir Íslendinga«. Furðar mig á því að hann skuli leggja á móti þessu frumv., því hér er einmitt um það að ræða, að Ísland verði fyrir Íslendinga. Enginn hefir neitað því að Norðmenn hafi grætt stórfé á hvalveiðum hér við land. En því mega þá ekki Íslendingar gera það?

Út af orðum hæstv. ráðh. um skaðabæturnar, vil eg spyrja hann: á hverju á að byggja þessar skaðabótakröfur? Hvalaveiðamennirnir segja sjálfir, að þeir hafi tapað á útgerðinni síðustu árin. Hvalveiðamönnunum var kunnugt um, að þetta frv. kæmi fram hér á þinginu í sumar. Eg sagði þeim frá því nú í vor, og enginn þeirra mintist þá á neinar skaðabætur. Þeim virtist standa það alveg á sama þó þetta frv. gengi fram. Þeir ætluðu að hætta útgerðinni hvort eð var, allir, nema einn — til þess að elta uppi síðustu hvalina.

Hvað því viðvíkur að Norðmenn hafi goldið hvalveiðamönnum skaðabætur þegar þeir bönnuðu veiðarnar þar í landi árið 1904, þá hefi eg hvergi fundið að svo hafi verið.

Hinsvegar sé eg það á umræðum, sem fram fóru í norska stórþinginu 1904 um þetta mál, að hvalveiðamanni var þá neitað um skaðabótakröfu að upphæð kr. 419,800, svo að eg er með öllu óhræddur um það, að hvalveiðamennirnir eiga enga skaðabótakröfu gegn landssjóði, þótt frv. verði að lögum.

Þetta hefi eg margtekið fram. Eg vil benda hæstv. ráðherra á, hvernig það gæti hugsast að hvalveiðamennirnir fyrir austan segðu sem svo: eg krefst 100.000 kr. af landssjóði í skaðabætur, vegna þess að eg verð að hætta við atvinnurekstur minn, sem síðustu 5 árin hefir bakað mér 40.000 kr. árlegt tjón.

ATKV.GR.:

1. gr. frv. samþ. með 13 : 8 atkv.

Br.till. á þgskj. 232, 1 við 2. gr. sþ. með 14 : 2 atkv., og 2. gr. svo br. sþ. með 13 shlj. atkv.

3. gr. frv. sþ. með 12 : 5 atkv.

4. gr. frv. sþ. með 12 : 5 atkv.

5. gr. frv. sþ. með 13 : 3 atkv.

Br.till. á þgskj. 232, 2 (við 6. gr.) sþ. með 13 shlj. atkv. 6. gr. þannig br. sþ. án atkv.

Fyrirsögnin sþ. án atkvgr.

Samþ. að málið gengi til 3. umr. með 12 : 7 atkv.

Fundi slitið.

---

## 27. fundur.

Miðvikudag 6. Ágúst 1913, kl. 11 árd.

Dagskrá:

1. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 26, 11. Júlí 1911, um skoðun á síld (279); 3. umr.

2. Frv. til laga um viðauka og breyting á lögum um aðflutningsbann á áfengi nr. 44, 30. Júlí 1909 (278); 3. umr.
3. Frv. til laga um breyting á lögum um vörutoll, 22. Okt. 1912 (277, 281); 3. umr.
4. Frv. til laga um girðingar (71, 257, n. 258, 269, 270, 289); 2. umr.
5. Frv. til laga um rafveitu fyrir Seyðisfjarðarkaupstað (85, n. 244); 2. umr.
6. Frv. til laga um umboð þjóðjarða (139, n. 246); 2. umr.
7. Frv. til laga um breyting á fátækralögum 10. Nóv. 1905 (220); 1. umr.
8. Frv. til laga um friðun æðarfugla (219); 1. umr.
9. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 39, 10. Nóv. 1903, um leynilegar kosningar og hlutfallskosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum (242); 1. umr.
10. Frv. til laga um friðun fugla og eggja (241); 1. umr.

---

Allir á fundi.

Fundarbók síðasta fundar lesin upp, samþ. og staðfest.

Forseti skýrði frá að útbýtt hefði verið í deildinni:

1. Frv. til laga um hvalveiðamenn. Eftir 2. umr. í Nd. (288)
2. Breyt.till. við br.till. nefndarinnar við frv. til laga um girðingar. Frá Ólafi Briem (289).

Forseti skýrði frá að útbýtt hefði verið frá Ed:

1. Frv. til laga um breyting á 1. gr. laga um vitagjald 11. Júlí 1911. Eftir 2. umr. í Ed. (287).
2. Breyt.till. við frv. til siglingarlaga. Frá nefndinni (286).

---



FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr. 26, 11. Júlí 1911, um skoðun á síld (279); 3. umr.

**Kristinn Daníelsson:** Eg finn ekki ástæðu til þess, að ræða málið nú. Það hefir þegar verið gert, og eg vona að það njóti sömu velvildar héðan af, sem hingað til.

ATKVGR.:

Frumvarpið samþ. með 16. samhljóða atkv. og afgreitt til e. d.

---

FRUMVARP til laga um viðauka og breyting á lögum um aðflutningsbann á áfengi nr. 44, 30. júlí 1909 (278); 3. umr.

**Framsögum. (Lárus H. Bjarnason):** Eg ætla að víkja dálítið við orðum þess háttv. þm., sem talaði um 1. málið. Eg vona að háttv. deild sýni þessu frumv. eigi að eins sömu velvild og áður, heldur meiri, og að nú greiði bæði bannvinir og aðrir því atkvæði.

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. með 13 : 8 atkv. og afgreitt til Ed.

---

FRUMVARP til laga um breyting á lögum um vörutoll, 22. Okt. 1912, (277, 281); 3. umr.

**Framsögum. (Bjarni Jónsson):** Þessar br.till., sem hér liggja fyrir, eru ekki mikils varðandi. eða sérlega íhugunar verðar. Br.till. um vélaáburðinn er fram komin af því, að einn háttv. þm. benti nefndinni á það, að ekki væri rétt að hafa allar tegundir af honum í sama flokki. Í sumum af þeim tegundum er feiti, sem heyrir undir annan tollflokk, en nefndin vildi gjarna að vélaáburður úr olíu væri í 25, en ekki

10 aura flokki, því að það mun vera óvanalegt, að í honum sé tóm olía, heldur og önnur efni.

Þá er annar liður í breyt.till. sá, að í staðinn fyrir orðin: »öll veiðarfæri, þar á meðal«, komi: »als konar færi, fiskinet, kork«. Þetta er gert í samráði við sama háttv. þm., sem talaði um þetta við nefndina við 2. umr. Nefndin félst á það, að ákvæðið: »als konar veiðarfæri«, mundi verða erfitt í framkvæmdinni, og hentugra vegna tollheimtunnar, að telja upp tegundirnar, þótt eitthvað kunni þá að falla úr. Svo hafði nefndin gleymt að telja kork. Og 3. liður er eiginlega að eins lagfæring á prentvillu, sem var mér að kenna, sem sé þeirri, að eins og nú er, eru mottur taldar tvisvar í frumvarpinu.

Eg vona nú að þessar breyt.till. verði samþyktar og málið afgreitt frá deildinni.

**Björn Kristjánsson:** Eg held að 1. liður í breytingartillögunni á þingskjali 281 sé ekki til bóta. Eg hugsa að ekkert þurfi að taka fram um þessar oliutegundir. Það er meiri og minni olía í öllum vélaáburði. En táknunin »vélaáburður« sést aldrei á farmskrá, þess vegna á tollheimtumaður ómögulegt með að innheimta gjald af »vélaáburði«, sem ekki er nefndur í farmskrá.

Þá líkar mér og illa, að ennþá skuli standa í frumvarpinu orðið »netjatvinni«, sem enginn getur vitað um og aldrei er nefndur sérstaklega á farmskrá því nafni. Það er þetta, sem aldrei er aðgætt sem skyldi, að nefna hlutina í lögunum, eins og þeir eru nefndir í farmskránni. Þetta frumvarp þarf enn lagfæringar við, og eg vona að háttv. efri deild sjái um að það fái hana.

**Matthías Ólafsson:** Eg gæti sparað mér sumt af því sem eg vildi segja, því að háttv. 1. þm. K.-G. (B. Kr.) hefir sagt það. Eg skal geta þess, að vélaáburður er aðallega þrens konar, tvær oliutegundir, smurningsolía og cylinderolía, og svo er þriðja tegundin, smjörkent efni, sem kallað hefir verið koppafeiti, og látið er við ásana og bráðnar þar sjálft, þegar vélin hitnar. Ein tegundin er olía, sem er á glösum, sem sjálf smyrja vélina. Ef nú nokkur þessara áburðartegunda ætti að bera hærra gjald, þá ætti það að vera koppafeitin, hún er minst notuð. Hinar tegundirnar slaga langt upp í steinolíuverðið, og bátar hafa eytt nærri jafn mikils virði í smurningsolíu, eins og steinolíu. Þetta ætti því að vera í 10 aura flokknum.

**Framsögum. (Bjarni Jónsson):** Mér er engin þægð í því, að orðin: »úr oliutegundum« verði samþykt, en háttv. 1. þm. K.-G. (B. Kr.) hafði einmitt bent mér á, að það væri andkannalegt, ef vélsmjör, sem annars væri í alt öðrum flokki, væri tekið þarna með. Því tókum við þetta upp, en nú kærir hann sig ekki um það, og þá er okkur sama.

Um netjatvinnann er það að segja, að ef einhverjir þekkja hann ekki frá öðru, þá tapast þar að vísu dálítið, en þeir sem þekkja hann, taka réttan toll (B. Kr: Hann þekkist aldrei). Jæja, þá tapast þó aldrei nema pappír og prentun á honum hér.

Það sem háttv. þm. V.-Ísf. sagði að rétt væri að hafa í 10 aura flokki, er ekki hægt að flytja þangað nú. Það yrði þá að taka málið út af dagskrá. En eg segi eins og háttv. 1. þm. K.-G. (B. Kr.), að eg treysti háttv. efri deild til að laga það sem laga þarf í þessu. Eg treysti henni betur til þess, en til þess að drepa það, sem á að drepa, ef við sleppum því við hana, svo sem einn þingmaður gerði í skattalögunum.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Eg ætla mér að greiða atkvæði með frumvarpinu eins og það nú er, nema hvað

eg er með síðustu breytingartillögunni, um motturnar. Eg álít enga ástæðu til þess, að gjöra neinn greinarmun á vélasmjöri og öðrum áburði, annars hefir það oftast verið kallað vélafeiti, og hygg eg að það sé réttnefni, því að í því mun vera mikið af svínafeiti.

ATKVÆÐI:

Breyt.till. 281, 1 tekin aftur.

Breyt.till. 281, 2 samþykt með 15 : 2 atkvæðum.

Breyt.till. 281, 3 samþykt án atkvæðagreiðslu.

Frumvarpið samþykt í einu hljóði og afgreidd til Ed.

---

Forseti tilkynti, að nefnd, sú sem kosin var til þess að íhuga frumvarp til laga um lögreglusamþykt og byggingarsamþykt fyir Vestmanneyjar, hefði kosið sér formann Skúla Thoroddsen og skrifara Jón Magnússon.

Því næst var tekið fyrir:

FRUMVARP til laga um girðingar (71, 257, n. 258, 269, 270, 289); 2. umr.

**Frams.m. (Sigurður Sigurðsson):** Það er engin ástæða til þess fyrir mig, að vera langorður um þetta mál. Hvað breyttill. landbúnaðarnefndar við frumvarpið snertir, get eg vísað til nefndarálitsins. Þó mun þykja eiga betur við að eg geri stuttlega grein fyrir helztu efnisbreytingunum, sem frumvarpið gerir á núgildandi lögum um þetta efni, og þá í sambandi við það líka fyrir till. nefndurinnar, er varða efni málsins.

Í 1. gr. frumv. er sú breyting gerð á 1. gr. laganna, að virgirðingar séu 1 metri á hæð, eða 38 þuml. Eru flestir, sem á þetta mál hafa minst við mig, þeirrar skoðunar, að þetta sé meira en nóg.

Sumir álíta jafnvel, að eigi sé þörf á að hafa girðingar hærri en 30—32 þml. En það tel eg mjög hæpið. En eins meters háa girðingu verður að álíta nægilega hvar sem er, að minsta kosti fyrir sauðfé — Þá er og gert ráð fyrir því í breytingartillögunni við 1. gr. að strengirnir í virgirðingunni geti verið fjórir.

Aðalbreytingin frá núgildandi girðingalögum eru ákvæði 8.—10. gr. frv., um girðingar á landamerkjum og skylda til þess, að girða á móti. Eftir frumv. nær þetta til landamerkjagirðinga alment, nema girðinga um afrétti og víðlend beitilönd. En hér þótti meiri hluta nefndarinnar of langt farið og miðar 11. og 12. breytingartillagan á þgskj. 257 að því, að takmarka þessa girðingarskyldukvöð. Samkvæmt þessum tillögum nefndarinnar nær girðingarskyldan að eins til samanliggjandi túna og engja. Jafnvel þótt eg teldi fara bezt á því, að girðingarskyldan næði til landamerkjagirðinga alment, með þeim tamörkunum sem gert er ráð fyrir í 8. gr. og ef til vill einhverjum frekari takmörkunum, þá hefi eg þó ekki viljað eftir atvikum gera ágreining við nefndina um þetta atriði, með því líka, að hér er um nýtt lagaákvæði að ræða, sem alla reynslu vantar um. Vænti eg því að deildin fallist á breytingartillögur nefndarinnar við 8.—10. gr. frumvarpsins.

Þá er 16. breytingartillaga nefndarinnar, og er hún gerð í samræmi við 44. gr. vegalaganna. Við þessa breytingartillögu er fram komin breytingartillaga frá háttv. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.) á þgskj. 289, og mun nefndin fallast á hana eftir atvikum.

Nýtt er það í 12. gr. frumvarpsins og í þessari breytingartillögu, að bannað er að girða þvert yfir afréttarvegi og forna fjallavegi. Þykir nauðsynlegt að

taka þetta fram, með því að dæmi eru til þess, að menn hafa ætlað sér að girða fyrir slíka vegi án þess að hafa hlið á þeim. En slíkt gæti komið sér afar-illa og er að öllu leyti ótækt.

Að öðru leyti er hér ekki um verulegar efnisbreytingar að ræða Hins vegar eru allmargar orðabreytingar, og sumar greinar frumvarpsins orðaðar um, til þess að laga málið á frumvarpinu. Eiga flestar þær breytingar rót sína að rekja til ins hagorða manns, háttv. þm. Dal. (B. J.) og kann eg honum þökk fyrir. Hins vegar mun meiri hluti nefndarinnar ekki geta fallist á breytingartillögur háttv. sama þm. (B J.) á þgskj. 269 og greiðir atkvæði á móti þeim.

**Bjarni Jónsson:** Eg má til með að gera örstutta grein fyrir breytingartillögum þeim sem eg hefi borið fram. Nöfnin á lengdarmálinu vil eg nú sem áður hafa á íslenzka tungu en ekki á útlenda. Vona eg að allir skilji, að öllum landsmönnum er auðveldara að læra þessi heiti, sem íslenzk eru, heldur en útlendu orðskripin. Orðið stika er, ef eg man rétt, löglegt heiti á lengdareiningunni »meter« eftir stjórnarráðstöfun. Auk þess er það gamalt íslenzkt lengdarmál, frá því um 1200, og var þá á lengd við »meter«, skakkaði ekki nema 1 eða 2 þuml. En það er svo lítill munur, og svo langt síðan að það lengdarmál var í gildi, að ekkert getur verið á móti því nú, að taka það upp sem lögheiti á þessari lengd. Hitt vita menn, að til þess að fá undirskiftingarnar, sem útlendingar tákna með latneskum amböguheitum, hefi eg og aðrir góðir menn hugsað upp orðin tugstika, hundstika og þúsundstika. (Hlátur). Það er góðs viti að menn hlægja þegar þeir heyra orð eins og hundstika. Það er auðséð, að þeim dettur ekkert í hug, annað en hundur, eins og þeir haldi að »hund« í hundrað og hundur sé sami stofninn. Það er góðs viti, að menn hlægja að þessu segi eg, því að þau nýyrði fá fyrst festu í málinu, sem verða fyrir mestri mótspyrnu af heimsku manna. Eg ætla ekki að eyða fleiri orðum að þessu að sinni. Eg býst við, að síðar gefist mér kostur á, að klappa steininn betur. Menn skulu aldrei hrósa sigri yfir því, að önnur eins orðskripi og útlendu heitin á stikukerfinu nái festu í málinu. Veit eg það, að tillaga mín er borin upp til þess að falla. en þeir sem greiða atkvæði á móti henni, baka með því sjálfum sér og stefnu sinni dóm og áfelli.

Þá kem eg að hinum breytingartill. mínum, sem eru efnisbreytingar. Í lögunum á þessi klausa að standa: »Vilji maður girða beint, og þarf til þess inn á annars manns land, þá er það því að eins heimilt, að til komi samþykki jarðeiganda og ábúanda þeirrar jarðar. En synji þeir um samþykki, skal kveðja til úttektarmenn og skulu þer ákveða girðingunni stað« o. s. frv. Mér er, með öðrum orðum, heimilt að neyða þann mann, sem land á á móti mér, til að þola, að eg girði beint yfir alla króka og tungur af hans landi, sem liggja inn í mitt land. Hér þykir mér gengið of nærri eignarréttinum. Reyndar er séð fyrir því, að sá er verður fyrir halla af þessu, eigi heimtingu á skaðabótum. En það þarf alls engin hagnaðarástæða að vera. Mér getur af einhverjm ástæðum þótt svo vænt um skika af landi mínu, að eg vilji alls ekki láta hann af hendi. Og þær ástæður eru mikilsverðar, því að þar getur ekkert fé komið í móti. Háttv. sessunautur minn (J. Ól.) segir, að á þessum skika geti verið grafreitur og er það vel hugsanlegt. (*Sigurður Sigurðsson:* Einhversstaðar úti á engjum). Það getur vel hugsast, að háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) vildi grafa á slíkum

stað, margt það sem honum er kærast, t. d. næstu girðingalög sín! *(Sigurður Sigurðsson:* Velbekomme). Eg þakka háttv. þm. (S. S.) fyrir að kenna mér dönsku hér, þó að eg sé reyndar ekki svo mjög áfram um, að læra það mál. Eg hefi því leyft mér að leggja til að ákvæðið um, að úttektarmennirnir megi setja girðingunni stað, falli burt. Þetta er mergurinn málsins í 2. breyt.till. minni. Þó að eg leggi ekki mikið upp úr eignaréttinum yfir höfuð, þá finst mér sjálfsagt að allir njóti hans, meðan hann er í lögum.

Þá hefi eg leyft mér að bera fram breytingartill. við það ákvæði í lögunum, að sækja þurfi um leyfi til alls konar yfirvalda, ef girða þarf yfir veg. Það er ekki til annars en trafala og getur seinkað verkinu um eitt ár eða meira. Í öðru lagi, ef leyfið er veitt, þá er það sama og heimild hefði verið fyrir því frá upphafi, en ef neitað er um það, getur það orðið til þess að ónýta girðingu fyrir heilu héraði. *(Sigurður Sigurðsson:* Þá er það alt af veitt). Ef svo er, þá er það ekki til annars en að auka óþarfa skriffinsku í landinu. Það eina sem þarf, er að setja það skilyrði, að hlið sé haft á girðingunni alstaðar þar sem girt er yfir veg. Þetta ákvæði hefi eg tekið úr vegalögunum upp í till. mína.

4. og síðasta breytingartill. mín er í nánu sambandi við breyt.till. næstu á undan, og kemur að eins til atkvæða ef hún verður samþykt.

Eg ætla að eg hafi nú gert það ljóst, hverju eg vil fá framgengt með breyt.till. mínum. Eg skal svo ekki tefja tímann lengur, því að málið er einfalt og óflókið. Má nú hver ráða sínu atkv. fyrir mér.

**Þorleifur Jónsson:** Eg vildi með fáeinum orðum víkja að þeim breyt.till. sem fram hafa komið, sérstaklega að breyt.till. nefndarinnar á þgsk. 257.

Breyt.till. við 1. gr. verð eg að álíta til bóta. Það gerir mönnum hægara fyrir að girða, að leyft er, að strengirnir þurfi ekki að vera fleiri en fjórir með dálitilli hleðslu undir virinn. Það hefir sýnt sig, að girðing með fjórum strengjum er nokkurn veginn örugg vörn, einkum ef landið er að mestu leyti slétt, og að það þarf ekki nema örlitla undirhleðslu til þess að gera sama gagn og 5. strengurinn.

Aðallega var það efnisbreytingin við 8. gr., sem eg vildi gera dálitlar athugasemdir við. Sú gr. frv. gerir ráð fyrir, að hægt sé að skylda menn til að girða heimahaga sína innan vissra takmarka. Breyt.till. dregur úr þessari skyldu og miðar hana eingöngu við tún og engi. Eg álít frumv. spilt með þessari breytingu. Það er ómögulegt að verjast ágangi á land sitt nema með girðingu. Alt annað er ófullnægjandi. Góð, gripheld girðing er eina ráðið. Það er því spursmál um, hvort það ætti ekki að vera lagaskylda, að hver jarðeigandi girði búfjárhaga sína. Reyndar mætti nú búast við því á þessari girðingaöld, að samkomulag næðist oftast um landamerkjagirðingar, og menn mundu af frjálsum vilja leggja fram fé til þeirra, hver að sínum hluta. En hætt er við, að lengi verði svo, að ýmsir sjái sér hag í því, að láta gripi sína ganga í annara landi. Því er ekki hægt að verjast nema með almennum girðingum. En eftir breyt.till. losast ágangsseggirnir að miklu leyti við girðingarskylduna. Og komið getur það fyrir, að átroðningur og usli af gripum verði svo hóflaus, að nábúar þeir, er fyrir þeim usla verða, sjái sér ekki annað fært en að girða, og getur þá farið svo að þeir, er ágang sýna, fái land sitt girt á einn,

tvo, þrjá eða alla vegu á kostnað þess, er þeir sýndu áganginn. Þeir geta haft upp úr krafstrinum góða girðingu og hækkað verð á jörð sinni. Og þann hlut hafa þeir tekið á þurru landi, án þess að kosta nokkru til sjálfir. Eg felli mig því ekki sem bezt við þessa breytingu. Úr því að farið er að breyta girðingalögunum, hefði aðalbreyt. átt að vera fólgin í almennri girðingarskyldu.

Þá felli eg mig ekki sem bezt við breyt.till. nefndarinnar við 12. gr. Það er þetta gamla, að sækja þurfi um leyfi til þess að girða yfir vegi og og setja þar hlið í girðinguna. Þetta ákvæði er í vegalögunum. En mér finst ekki ástæða til að bæta hér við sama ákvæðinu um fjallaslóðir og troðninga, sem sjaldan eða aldrei er farið um, og sizt að þar þurfi að hafa jafnbreið hlið og þar sem girt er yfir póstvegi. *(Sigurður Sigurðsson:* Það er ekki tilætlunin). Ef það er ekki meining nefndarinnar, þá er það gott og ef ekki er önnur tilætlunin en sú að ekki megi þvergirða þessar götur, þá getur það verið nauðsynlegt. Þar þurfa hliðin ekki að vera svo merkileg. Eg felli mig miklu betur við breyt.till. háttv. þm. Dal. (B. J.) á þgsk. 269 um, að ekki þurfi að sækja um neitt leyfi. Það getur oft farið svo, að þeir vafningar tefji fyrir verkinu, svo talsverðum tíma nemi, og eins getur komið fyrir að þeir menn, sem telja sér óhag að girðingunni, spilli fyrir því að leyfið fáist. Eg mun því greiða atkv. með þessari breyt till. á þgsk. 269. Aftur á móti mun eg greiða atkv. á móti breyt till. nefndarinnar við 8. gr. Sú grein er að mínu áliti betri eins og hún er í frumv. Ef til vill þyrftu takmörkin að vera dálitið þrengri, svo að girðingarskyldan gilti ekki um alt of stórt svæði, en það mætti laga til 3. umræðu.

**Matthías Ólafsson:** Eg ætla að eins að segja nokkur orð út af nýnefnum háttv. þm. Dal. (B. J.) á metrakerfinu. Hann hélt að við værum svo vitlausir, að við hefðum enga hugmynd um að »hund« í orðunum hundrað, hundvís o. s. frv. væri ekki dregið af orðinu hundur. Við vitum og höfum vitað lengi, að þetta »hund« þýðir sama og fjöl- eða marg-, svo að hundvís er sama og fjölvís eða margvís. En þetta sannar ekkert, að orðið »hundstika« sé gott. Enginn maður út um land hefir nokkra hugmynd um, hvað það á að þýða, og ið sama er að segja um in önnur nýnefnin á þessum hlutum, þau eru alveg óskiljanleg.

Eg get ekki séð, að vér séum það meiri menn nú, en forfeður okkar, að vér getum ekki fylgt þeirri venju, sem er frá fornu fari, að taka upp útlend orð og laga þau eftir málinu, heldur þurfum að búa til ný nöfn, sem þó vilja gefast mjög misjafnlega. Metri er gott orð, og að breyta um það, er ekki til neins, nema þess verra.

Að þettta mál komi nokkurn skapaðan hlut þjóðrækni við, neita eg alveg. Eg vil frábiðja mér aðdróttunum um, að eg sé óþjóðrækinn, þó eg vilji heldur útlendu orðin heldur en afskræmis-orð, þau sem búin hafa verið til. Finst mér fremur ástæða til að bregða þeim mönnum um óþjóðrækni, sem tekið hafa upp útlend nöfn.

Það er eigi annað en sérvizka að vera að búa til ný orð í stað þeirra, sem menn eru búnir að venja sig við. Þessi nýyrði, sem hér er um að ræða, eru heldur ekki annað en hreinasta hrognamál.

Eg er að vísu ekki greindur maður, en mér er ómögulegt að læra þessi orð, eins og t. d. skjóla eða seitill, sem séra Jón á Stafafelli kom fram með.

Þá kastaði fyrst tólfunum, er þau orð komu til að gera glundroðann og vitleysuna enn þá meiri.

**Ólafur Briem:** Eg hefi komið fram með breytingartillögur þær sem standa á þingskjali 289.

Háttv. framsögum. nefndarinnar hefir lýst því fyrir nefndarinnar hönd, að hann gæti vel sætt sig við þær.

Þarf ekki mikið um þær að segja, enda eru þær ekki neinar verulegar efnisbreytingar, heldur að mesta leyti orðabreytingar.

Það sem eg aðallega ætlaði að geta um, er, að nefndin hefir tekið upp efnið úr 44. vegalaganna. Mér fanst betur eiga við, að úr því að þessi grein var tekin upp, væri einnig næsta grein vegalaganna tekin, sem er um sama efni. Þessi nýja grein, sem eg legg til að að komi á eftir 11. gr. frumvarpsins, er að miklu leyti samhljóða 45. gr. vegalaganna. Eg ætla að eins að geta þess, að skekkja hefir komið inn í breytingatillöguna. Þar stendur: »farinn fjallvegur«, en á að vera: forn fjallvegur.

Eg hefi lagt það til, að í stað »skemdir á girðingum« komi: skemdir á lögmætum girðingum. Það liggur í hlutarins eðli, að ekki ber að sekta menn fyrir að rjúfa ólögmætar girðingar. En það er rétt að taka það skýlaust fram í lögunum, til þess að tekin séu af öll tvímæli.

Hvað viðvíkur fyrirsögninni, þá álít eg réttast að hafa hana sem styzta og skýrasta, og legg því til að lögin séu nefnd girðingalög í staðinn fyrir lög um girðingar.

Þá ætla eg að minnast á ræðu háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.). Eg er í aðalatriðunum á öðru máli en hann. Hann hélt því fram, að það ætti að mega skylda landeiganda til að girða fyrir land sitt, ef sá er land ætti á móti, áliti sér hag í því að girðingu væri komið á.

Kom hann með dæmi um að landeigandi, sem hefði sýnt nágranna sínum ágang, gæti haft upp úr því girðingu fyrir jörð sína, sér alveg að kostnaðarlausu. En þetta er að eins eitt dæmi. Það mætti finna önnur dæmi, þar sem niðurstaðan yrði alt önnur.

Hann lagði áherzlu á, að allir ættu að hafa girt heimaland sitt. Finst mér það fullmikið mælt. Jafnvel þó eg geri mér góða von um framtíð landsins, hefi eg þó ekki svo mikla tröllatrú, að eg álíti að landið geti enn sem komið er risið undir þeim kostnaði að girða öll heimalönd. Meira að segja, þó einhver útlendur auðmaður fyndi upp á því, að bjóðast til að girða öll heimalönd, og leggja út kostnaðinn við það, gegn því að landsmenn skuldbindu sig til að halda girðingunum við, áliti eg það mjög vafasamt, hvort bæri að taka boðinu. — Menn eru ekki búnir að reyna til hlítar, hvaða hag menn hefðu af því, þegar öll kurl koma til grafar.

Að minsta kosti verð eg að álíta, eins og nú horfir á um ræktun landsins, að ýmislegt annað ætti að sitja í fyrirrúmi.

Fyrir mér horfir málið svo við, að fyrst um sinn ætti það að vera aðalreglan, að girt væri ræktaða landið, tún og áveituengi, og jafnvel alt slægjuland. En enginn skaði, þótt beitilandið væri ógirt og jafnvel að miklu leyti sameiginlegt á vissum svæðum.

Yfir höfuð finst mér lítið gera til þótt skepnur manna gangi á víxl yfir landamerki, ekki sízt þar sem eru viðlend heimalönd

Það getur líka staðið svo á, að sá, er girða vill, sé stórefnaður maður, sem búinn sé að gera allar þær umbætur á jörðinni, sem bezt borga sig, og vilji svo leggja í girðingakostnað, þyki það að einhverju leyti þægilegt, en nágranni hans sé fátæklingur, nýbúinn að kaupa jörðina, og þurfi að leggja í byggingarkostnað eða verja fé sínu til einhvers annars, sem bráðnauðsynlegra er en

girðingar, þá á að kúga hann til að girða á móti. Í þessu virðist lítil sanngirni.

Þá er það annað atriðið, sem háttv. sami ræðumaður hélt fram, að það ætti að vera algild regla, að menn gætu girt yfir vegi, með hliði fyrir veginum, án þess að sækja um leyfi. Held eg að það sé algerlega rangt. Meðfram veginum geta legið lönd margra jarða á litlu svæði, þar sem þéttbýlt er, og ef hver girti sitt land þannig, mundi ekki verða nema örstutt leið milli hliðanna á veginum. Liggur í augum uppi, að það eru ekki lítil óþægindi fyrir mann á ferð, að þurfa að fara af baki við hvert hlið, í stað þess að geta farið leiðar sinnar óhikað. Maður, sem í myrkri ræki lest, gæti líka lent í hinum mestu vandræðum, myndi máske ekki eftir, hvað langt væri milli girðinganna og áttaði sig ekki á, að opna hliðin í tæka tíð.

Það er eins og gengur, að þó menn geti séð agnúa á einhverju lagaákvæði, þá er aftur agnúi á hinu, sem menn vilja að komi í staðinn, og þá hefir ástandið, sem er, meiri rétt á sér en nýmælið.

Þetta ákvæði kemur heldur ekki beint við þessum lögum, heldur vegalögunum. Þar er gildandi ákvæði í þessa átt, og hefir ekki komið fram tillaga um að breyta ákvæðinu í þeim. Og þó í þessi lög sé sett að menn megi girða fyrir vegi, ef hlið sé á girðingunni, þá stendur samt ákvæðið í vegalögunum í fullum krafti, og það þarf þá að afnema, ef menn vilja samþykkja hér að lútandi tillögu háttv. þm. Dal. (B. J.).

**Jón Ólafsson:** Eg stend aðallega upp til þess að segja fáein orð út af fyrri hlutanum af ræðu háttv. þm. Dal. (B. J.). Það var orðið stika, og þá sérstaklega »hundstika«, sem eg ætlaði að minnast á.

Eg er að vísu eigi svo fáfróður, að eg viti ekki, að í fornmálinu voru til orð svo sem hundvíss, hundmargur o. fl. með merkingunni margvís, fjölmargur, og fleiri. En það er eins víst, að þessi merking er horfin úr málinu nú, að undanteknu orðinu »hundleiður« = margleiður, því að menn segja enn t. d. að þeir sé »hundleiðir« á orðskrípum þm. Dal. (B. J.) yfir metramálsorðin. Má og vera að til sé enn önnur slík orð. En ef eg t. d. segði, að mér væri farið að leiðast hundgjamm (= sífelt gjamm) háttv. þingmannsins, er eg viss um að eg yrði dæmdur fyrir meiðyrði, og að það mundi alls ekki stoða mig ið minsta, þótt eg segði að eg hefði ekki meint annað en ið margítrekaða gjamm, sem auðvitað hefði verið alveg saklaust að segja.

Eg held því, að það sé ekki praktiskt að innleiða þessi orð. En það er heldur ekki af formlegum ástæðum hægt að greiða atkvæði með tillögu háttv. þm. Dal. (B. J.). Með lögum 16. Nóv. 1907 voru *lögleidd* heiti á metrakerfinu, og það eru þau einu heiti, sem *löglegt* er að nota. Í 3. gr. þessara laga stendur:

> »Stjórnarráð Íslands getur ákveðið, hver íslenzk heiti megi nota jafnhliða útlendu heitunum og hverjar stytt-ingar skuli hafa til að tákna frum-einingar þær og skiftinefni, sem talin eru í þessari lagagrein«.

Þessa heimild hefir þáverandi ráðherra misbrúkað. Segi eg honum það ekki til ámælis. Hann gaf út auglýsingu um, hvaða heiti *skyldi* nota, en hafði að eins leyfi til að ákveða, hver *mætti* nota.

Það dugir ekki að vera að innleiða *nýjan* hrærigraut, nema tekin séu þá jafnframt úr lögum þau ákvæði, sem koma í bág við hann. Auk þess er *rangnefni* að kalla sentímetra hundstiku. Hundstika hlýtur að þýða margar stikur, en ekki hluti úr stiku.

Það er æðimargt sem er á móti þessari tillögu, en sérstaklega það, að hún fer fram á að innleiða ný heiti auk þeirra lögboðnu og lögleyfðu.

**Eggert Pálsson:** Eg skal ekki fara að deila við háttv. þm. Dal. (B. J.) um það, hvort beri heldur að nota orðið stiku eða metra í þessu frumv. Við höfum ázt við um það í nefndinni, og læt eg fyrir mitt leyti þar við sitja, enda hefir áður verið kveðinn upp dómur af þinginu um notkun þeirra orða, og býst eg við, að dómurinn sem verður kveðinn upp hér í deildinni í því máli, verði sami og áður.

Eg get ekki annað en verið ósamþykkur háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.), þar sem hann heldur fram, að 8. gr. í frv. sé betri en það, sem nefndin hefir lagt til. Hann hélt því fram, að rétt væri að menn yrðu skyldaðir til að girða alt heimaland sitt, haga jafnt sem annað, en nefndin hefir eigi gengið lengra en að leggja til að það mætti skylda menn til að girða á móti, þar sem um tún og engjar væri að ræða.

Eg verð að vera sammála háttv. 1. þm. Skgf. (Ól. Br.) um, að það geti verið viðsjárvert að skylda menn til mikilla girðinga sökum viðhaldskostnaðarins. Mér getur ekki dulist það, að viðhaldskostnaður stórra girðinga hlýtur að verða afarmikill og tilfinnanlegur, ef girðingarnar eiga jafnan að vera í góðu standi, sem verður að teljast nauðsynlegt. Því girðing illa hirt eða viðhaldið er til lítils gagns og jafnvel verri en engin. En þótt eg sé honum samþykkur að þessu leyti, er samt eitt atriði í breyt.tillögum hans, sem eg get ekki felt mig við. Það er það atriði, þar sem hann vill breyta ákvæði nefndarinnar um sektir fyrir skemdir á girðingum. Hann vill sem sé að í stað þess að sekt sé lögð við skemdum á girðingum alment, komi að eins sekt fyrir skemdir á lögmætum girðingum. En eg þykist vita, að hér liggi eitthvert athugaleysi til grundvallar fyrir þessari breyt.till. þingmannsins, svo að sannist hér ið fornkveðna: Skýzt þótt skýr sé. Eg þykist vita, að hann hafi ekki ætlast til að menn mættu skemma eins og þeim sýndist girðingar fyrir öðrum, ef þær væru ekki sniðnar eftir þessum eða öðrum lögum. Eg veit að hann við nánari athugun muni kannast við, að það sé skylda löggjafarvaldsins að vernda eignir allra, og þá einnig girðingar þeirra manna, sem ekki hafa komið þeim upp hjá sér þreföldum, ferföldum eða fimmföldum, eða eftir öðrum ákvæðum þessara laga hvað strengjatölu eða hæð á undirhleðslu snertir eða þess konar.

Vildi eg vekja athygli á þessu áður en gengið yrði til atkvæða, til þess að menn hefðu það í huga við atkvæðagreiðsluna um þessa breyt.tillögu þingmannsins.

**Ólafur Briem:** Það mun vera að kenna orðalaginu á breyt.till. minni að því er snertir skemdir á girðingum, að hún hefir vakið misskilning, eða að háttv. 2. þm. Rangv. (E. P.) hefir lagt í hana annan skilning en eg ætlaðist til.

Með ólögmætum girðingum átti eg ekki við, hvort strengirnir væru 3, 4 eða 5, heldur að girt væri yfir veg, sem ekki væri leyfilegt að girða yfir, eða að það vantaði hlið á girðingu, þar sem það væri lögboðið. Það getur verið, að eg hafi ekki tekið þetta nægilega skýrt fram.

Það sem fyrir mér vakti var að eins, að ef maður á ferðalagi kæmi að girðingu, þar sem hlið ætti að vera, en væri ekki, eða þá læst, þá ætti honum að vera frjálst að fara yfir girðinguna, og bæri hann þá ekki ábyrgð á þótt eitt-

hvað færi úr lægi. *(Eggert Pálsson:* Þá koma sektir á hendur girðingareiganda). En ef maðurinn væri á brýnni ferð, t. d. að sækja lækni eða yfirsetukonu, þá kæmi honum það ekki að neinu haldi, þó lögbrjóturinn yrði sektaður, ef hann yrði að staðnæmast og gæti ekki haldið áfram ferð sinni.

Þetta væri ekki annað en nokkurs konar neyðarvörn, þegar maðurinn væri hindraður á leið sinni af lögbrotum annara og sektir fyrir þau koma að engu haldi.

**Kristinn Daníelsson:** Eg ætlaði að eins að gera örstutta athugasemd út af því sem háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) sagði. Þótti mér hann ganga helzt til langt í að ámæla fyrv. stjórn. Í lögunum var stjórninni heimilað að ákveða, hver orð mætti nota jafnhliða inum útlendu. Skil eg svo, sem stjórninni væri í sjálfsvald sett, hver heiti hún veldi, og að hún hafi með auglýsingunni ákveðið, ekki að það *skyldi* nota þessi orð, heldur að þau orð, sem nota *mætti* í stað hinna útlendu, skyldu vera þessi. Að minsta kosti *má* skilja það svo. Hitt játa eg með háttv. þm. (J. Ól.), að hér hefði átt að nota þau orð, sem þannig var búið að ákveða.

Eg fyrir mitt leyti get ekki af þessum ástæðum greitt atkv. með till. hv. þm. Dal. (B. J.), þó mér þyki það leitt, því eg er honum sammála um, að útlendu heitin séu óalanndi og óferjandi.

Eg ætla svo ekki frekara að fara að rökræða þetta mál, enda hefir það svo mjög verið gert, en vildi að eins lýsa yfir því, að mér þótti vænt um breyt.-till. háttv. þm. Dal., sem mér þykir fara í rétta átt. Eg ætla svo ekki að tala um önnur atriði málsins, en atkvæðagreiðslan mun sýna afstöðu mína til þeirra.

**Bjarni Jónsson:** Háttv. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.) dró upp óttalega mynd af manni sem ræki sig á hlið. Hann sagði, að menn myndu ekki ætíð, hvar hlið væru á veginum, ef dimt væri, en sé þessu svona farið með kunnuga menn, er þá ekki augljóst, að ekki er ókunnugi maðurinn betur settur. Ekki veit ókunnugi maðurinn, hvar hliðin eru á vegi, sem hann hefir aldrei farið um. Og má eg spyrja, er nokkuð betra að reka sig á þau hlið, sem sett eru upp með leyfi stjórnarvalda, en á önnur hlið?

Búfróðir menn segja mér, að leyfi til að setja hlið á vegi séu nær alt af veitt. Það yrði þá líklega einungis bannað á einhverjum krókavegum og vegna nábúakrits, en aldrei bannað á flutningabrautunum eða á öðrum fjölförnum vegum.

Hitt er annað mál, að þægilegra væri að hafa engar grindur á hliðum á neinum vegum, en þá þyrfti að breyta vegalögum, og landssjóður að láta girða fram með öllum vegum; en það býst eg við að sumum fyndist dýrt.

Þar sem háttv. þingm. talaði um, að ekki mætti samþykkja þessa till nema um leið stæði þar, að numin væri úr lögunum ákvæði vegalaganna þar um, þá er slíkt hótfyndni, því að ný lög fella þau gömlu úr gildi, ef þau rekast á, þótt ekkert sé um það sagt.

Það er ekki rétt, að hundstika megi ekki standa í stað sentimetra, og eg varð satt að segja hissa á því, þegar háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ól.) fór að senda mér allharðorðar hnútur út af því sem stendur í breyt.till. minni. Hann sagði, að eg hefði ekki sett fram neitt kerfi um lengdarmálsheiti. Þetta er ekki satt. Eg setti það fyrst fram í »Sumargjöf« og síðan hefi eg skrifað um það í »Birkibeinum«, og var þm. vorkunnarlaust að hafa lesið annaðhvort.

Einn háttv. þingm. er hér, sem þykist vera mjög vitur um mál, hefir hann

gefið út orðabók o. fl. Ekki skal eg bera brigður á það, að hann sé vitur um mál, en víst er um það, að það sem hann sagði um kerfi mitt, var rangt og hefir hann þá ekki skilið það sem hann var að tala um. Stikukerfi mitt er á þessa leið: Stikan er einingin, og hlutar þeir sem henni er skift í, heita:

tugstika,
hundstika,
þúsundstika.

En hlutar þeir sem stærri eru en stikan heita:

stikutugur,
stikuhundruð,
stikuþúsund.

Annars ætla eg mér ekki að fást við »hundgjamm« þessa háttv. þm., nema ef menn skyldu gera honum það til ánægju að mæla í hundstikum löngu-vitleysu hans þegar þingtíð. koma út.

Eg ætla ekki að fjölyrða um það sem hv. þm. mintist á, hvað Björn heit. Jónsson hefði leyft. Það var alt talað út í loftið, því að þau heiti hefi eg eigi aðhylst.

Einn háttv. þm. talaði um gáfnafar sitt. Hygg eg það vera í góðu lagi, en fátt er svo gott að ekki standi til bóta og því var þetta kveðið:

Gáfnafarið glæða mætti góðra vina,
ef vafinn yrði myriametri
mannvits þeim að heilaseti.

Aukast mundi þekking þá við þjóðar arin,
þegar fæddist fræðin nýja
ferkilósentimeteria.

ATKV.GR.:

Br.till. á þgsk-. 269, 1 (fyrri hl.) feld með 14:5 atkv.

Br.till. á þgskj. 269, 1 (síðari hl.) feld með 16:3 atkv.

Br.till. á þgskj. 270 þar með fallin.

Br.till. á þgskj. 257, 1 samþ. með 17 samhlj. atkv.

1. gr. þannig breytt samþykt.

Br.till. við 2. gr. á þgskj. 257, 2 sþ. án atkv.gr.

Br.till. við 2. gr. á þgskj. 257, 3 sþ. án atkv.gr.

2. gr. svo breytt sþ. með 16 shlj. atkv.

Br till. við 3. gr. á þgskj. 257, 4 sþ. með 19 samhlj. atkv.

3. gr. þannig breytt samþ.

Br.till. við 4. gr. á þgskj. 257, 5 sþ. án atkv.gr.

Br.till. við 4. gr. á þgskj. 257, 6 sþ. án atkv.gr.

Br.till. við 4. gr. á þgskj. 257, 7 sþ. án atkv.gr.

4. gr. þannig breytt samþ. með 18 samhlj. atkv.

Br.till. við 5. gr. á þgskj. 257, 8 sþ. með 17 samhlj. atkv.

5. gr. svo breytt sþ. með 17 shlj. atkv.

Br.till. á þgskj. 257, 9 samþ. með 19 samhlj. atkv.

6. gr. þannig breytt samþ. með 17 samhlj. atkv.

Br.till. við 7. gr. á þgskj. 257, 10 sþ. með 17 samhlj. atkv.

7 gr. svo breytt samþ. með 18 shlj. atkv.

Br.till. við 8. gr. á þgskj. 157, 11 sþ. 17:1 atkv.

8. gr. þar með samþykt.

Br.till. við 9. gr. á þgskj. 269, 2 sþ. með 14:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Jón Jónsson | Eggert Pálsson |
| Benedikt Sveinsson, | Halldór Steinsson |
| Bjarni Jónsson | Hannes Hafstein. |
| Björn Kristjásson | Jóh. Jóhannesson |
| Einar Jónsson | Kristján Jónsson |
| Guðmundur Eggerz | Lárus H. Bjarnason |
| Jón Ólafsson | Matthías Ólafsson |
| Kristinn Daníelss. | Ólafur Briem |

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Magnús Kristjánss | Pétur Jónsson |
| Stefán Stefánsson | Sig. Sigurðsson |
| Tryggvi Bjarnason | Valtýr Guðmundss. |
| Þorleifur Jónsson | |

Jón Magnússon og Skúli Thoroddsen greiddu ekki atkv. og töldust til meiri hlutans.

Br.till. við 9. gr. á þgskj. 257, 12 sþ. með 17 samhlj. atkv.

9. gr. þannig breytt samþ. með 17 samhlj. atkv.

Br.till. um að 10. gr. falli burtu á þgskj. 257, 13 sþ. með 15 shlj. atkv.

10. gr. fellur því burtu.

Br.till. á þgskj. 257, 14 við 11. gr., sem verður 10. gr., sþ. með 13 : 2 atkv.

Br.till. við sömu gr. á þgskj. 257, 15 samþ. með 13 samhlj. atkv.

11. gr., sem verður 10. gr., þannig breytt samþ. með 15 shlj. atkv.

Br.till. á þgskj. 269, 3 við 12. gr., er verður 11. gr., samþ. 8 : 7 atkv.

Br.till. á þgskj. 289, 1 þar með fallin.

Br.till. á þgskj. 289, 3 samþ. með 16 gegn 8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli sökum óljósrar atkvæðagreiðslu, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Benedikt Sveinsson |
| Jón Jónsson | Bjarni Jónsson |
| Björn Kristjánsson | Jón Ólafsson |
| Guðmundur Eggerz | Kristinn Daníelsson |
| Halldór Steinsson | Magnús Kristjánss. |
| Jóh. Jóhannesson | Skúli Thoroddsen |
| Kristján Jónsson | Tryggvi Bjarnason |
| L. H. Bjarnason | Þorleifur Jónsson |
| Ólafur Briem | |
| Pétur Jónsson | |
| Sigurður Sigurðsson | |
| Stefán Stefánsson | |
| Valtýr Guðmundss. | |

Atkvæði greddu ekki og töldust til meiri hl.: Einar Jónsson, Jón Magnússon og Matthías Ólafsson.

Hannes Hafsein var fjarstaddur.

Br.till. á þgskj. 269, 4 við 257, 16 feld með 8 : 6 atkv.

Br.till. á þgskj. 257, 16 með áorðinni breytingu sþ. með 11 : 4 atkv.

12. gr. (sem verður 11. gr.) þannig breytt samþykt.

13. gr. frv. sþ. með 16 shlj. atkv.

Br.till. á þgskj. 257, 17 við 14. gr. sþ. án atkv.gr.

Br.till. á þgskj. 257, 18 við 14. gr. sþ. með 16 shlj. atkv.

14. gr. þannig breytt samþ. með 16 shlj. atkv.

Br.till. á þgskj. 257, 19 við 15. gr. sþ. án atkv.gr.

15. gr. þannig breytt samþ. með 15 shlj. atkv.

16.—20. gr. sþ. með 16 shlj. atkv.

Br.till. á þgskj. 289, 4 við fyrirsögnina sþ. með 12 : 1 atkv.

Fyrirsögnin svo breytt samþ. án atkvæðagreiðslu.

Frumvarpinu vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

---

FRUMVARP til laga um rafveitu fyrir Seyðisfiarðarkaupstað (85, n. 244); 2. umr.

**Framsögum. (Jón Ólafsson):** Nefndin hefir í áliti sínu gert nokkurn veginn fulla grein fyrir tillögum sínum í þessu máli. Eins og frumvarpið liggur fyrir, er það að eins um rafveitu fyrir Seyðisfjarðarkaupstað, en nefndin sá, að þörf var á að gera frumvarpið víðtækara. Bezt mundi hafa verið að semja almenn lög fyrir öll kauptún landsins, en þar þótti nefndinni þó viðsjárvert að taka þau kauptún með, sem partur eru úr hreppi. Því hefir nefndin ekki farið lengra en að láta frumvarpið ná yfir alla kaupstaði og þau kauptún, sem hreppar eru fyrir sig og nefndin kallar sjálfstjórnarkauptún. Og er þetta önnur efnisbreytingin.

Hin efnisbreytingin er 3. breyt.till. nefndarinnar við 1. gr., svo löguð, að stjórnarráðið eftir tillögum eða áliti landsímastjórnar veiti samþykki til rafleiðslna; ella kynnu skemdir að verða á ritsímatækjum. Allar aðrar breytingartillögur eru orðabreytingar, sumar afleiðingar af meginbreytingunum, en sumar málbreytingar. Engin breyt.till. hefir komið frá öðrum en nefndinni og hefir hún til glöggvara yfirlits látið prenta frumvarpið með breyt.till. prentuðum með skáletri eins og það yrði, ef breyt.till. hennar yrðu samþyktar.

Síðan nefndarálitið kom út, hefi eg heyrt ýmsa óska þess, að öll kauptún næðu að komast í frumvarpið, þótt ekki væru sjálfstjórnarkauptún. Það er vel hugsanlegt, að setja megi ákvæði um það inn í frumvarpið við 3. umr., að minsta kosti ákvæði um þau kauptún, sem fengið hafa samþykki hreppsins til að hafa rafleiðslu fyrir sig, eins og eg hefi heyrt um Vík í Mýrdal. Vænti eg, að þeir sem óska kunna slíkrar breytingar, greiði atkvæði með frumv. og komi heldur með breyt.till. síðar, því að frumvarpið gerir engum skaða að nokkuru leyti, þótt þetta ákvæði sé ekki í því.

ATKV.GR.:

Br.till. 244, 2 samþ. með 17 samhlj. atkvæðum.

Br.till. 244, 3 við 1. gr. samþ, með 16 shlj. atkv.

Br.till. 244, 4 við 1. gr. samþ. án atkvæðagreiðslu.

Br.till. 244, 5 við 1. gr. samþ. án atkvæðagreiðslu.

Br.till. 244, 6 við 1. gr. samþ. án atkvæðagreiðslu.

1. gr. (sem verður 2. gr.) þannig breytt sþ. með 16 shlj. atkv.

Br.till. 244, 7.—9. við 2. gr. sþ. án atkv.gr.

2. gr. (sem verður 3. gr.) þannig breytt sþ. með 17 shlj. atkv.

Br.till. 244, 10 við 3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

4. gr. þar með ákveðin.

Br.till. 244, 11 a, b, c, sþ. án atkv.gr.

3. gr. (sem verður 5. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

Br.till. 244, 12 við 4. gr. (greinin orðist svo etc.) sþ. með 15 shlj. atkv.

Br.till. 244, 13 við 5. gr. samþ. án atkv.gr.

Br.till. 244, 14 sþ, án atkv.gr.

5. gr. svo breytt (sem verður 7. gr.) sþ. með 17 shlj. atkv.

Br.till. 244, 15—20 við 6. gr. samþ. án atkv.gr.

6. gr. (sem verður 8. gr.) svo breytt sþ. með 16 shlj. atkv.

7. gr. (sem verður 9. gr.) sþ. með 16 shlj. atkv.

Br.till. 244, 21 (við 8. gr.) samþ. án atkv.gr.

8. gr. (sem verður 10. gr.) svo breytt sþ. með 14 shlj. atkv.

9. gr. (sem verður 11. gr.) sþ. með 14 shlj. atkv.

Br.till. 244, 1 við fyrirsögnina samþ. án atkv.gr.

Fyrirsögnin svo breytt sþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umræðu með 18 samhlj. atkvæðum.

---

FRUMVARP til laga um umboð þjóðjarða (139, n. 246); 2. umr.

**Framsögum. (Ólafur Briem):** Það er í 3 aðalatriðum, sem frv. þetta gerir breytingu á núverandi fyrirkomulagi. Fyrsta breytingin er sú, að umsjón þjóðjarða sé falin hreppstjórum unddir yfirumsjón sýslumanna. Tilgangurinn með þessari breyt.till. er sá, sumpart að gera eftirlitið auðveldara og

sumpart að gera það áhrifameira. Það kom til athugunar í nefndinni, hvort ekki væri rétt að hafa frumvarpið víðtækara — láta það ná til allra þjóðjarða, eins þeirra, sem nú eru beint undir umsjón sýslumanna. Í fjórum sýslum landsins er því nefnilega svo farið með þjóðjarðirnar, að þær standa undir beinu eftirliti sýslumanna. Þessar sýslur eru: Vestmannaeyjar, Gullbringusýsla, Barðastrandasýsla og Strandasýsla. Nefndin komst þó að þeirri niðurstöðu, að gera enga breytingu á núverandi fyrirkomulagi í þessum sýslum, enda er það mjög svipað því fyrirkomulagi, sem hér er farið fram á.

Önnur breytingin er viðvíkjandi borgun á eftirgjaldi jarðanna. Í ábúðarlögunum frá 12. Janúar 1884 er svo ákveðið, að kúgildaleiga falli í gjalddaga á haustin fyrir Mikjálsmessu, en landskuld í lok fardagaársins. Hér er farið fram á, að gjalddagi verði sá sami fyrir bæði þessi gjöld, nefnilega 31. Des. ár hvert.

Svipað ákvæði gildir nú um nokkurn hluta landssjóðsjarða, nefnilega kirkjujarðirnar. Þetta gerir innheimtuna greiðari og er líka sanngjarnt, þar sem menn fyrir þennan tíma hafa fengið ársafurðir af jörðunum.

Í þriðja lagi er farið fram á það í frumvarpinu, að umboðslaunin sé lækkuð úr $16^2/_3\,\%$ niður í $6\,\%$ og er það nokkur fjársparnaður fyrir landssjóð. Það er enn eitt atriði, sem kom til athugunar í nefndinni. Það var viðvíkjandi því, hvort lögin ættu að ganga í gildi strax í næstu fardögum, eða ekki fyr en jafnóðum og umboðin, sem nú eru, losna. Meiri hluta nefndarinnar þótti réttara að láta þau ekki ganga í gildi fyr en jafnóðum og umboðin losna.

Eg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta. Eg vænti þess að frumvarpið sé til bóta og nái framgangi hér á þinginu.

ATKV.GR.:

1. gr. sþ. með 19 shlj. atkv.

2. gr. sþ. með 19 shlj. atkv.

Br.till. 246, 1 við 3. gr. sþ. með 18 shlj. atkv.

Br.till. 246, 2 við 3. gr. sþ. með 17 shlj. atkv.

3. gr. svo breytt samþ. með 18 samhlj. atkv.

4., 5. og 6. gr. sþ. með 20 shlj. atkv.

Br.till. 246, 3, um að ný (7.) gr. komi, sþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögnin sþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umræðu með 19 samhlj. atkvæðum.

---

FRUMVARP til laga um breyting á fátækralögum 10. Nóv. 1905 (220); 1. umr.

**Flutningsm. (Jón Jónsson):** Þetta frumv., sem við þingmenn Rvk. höfum leyft okkur að koma fram með, er ekki af okkar eigin toga spunnið, heldur er það flutt samkvæmt tilmælum frá fátækranefnd Reykjavíkur. Það fer fram á breytingar á fátækralögunum. Hverjar þær breytingar eru, geta menn séð á frumvarpinu sjálfu. Álít eg því óþarft að fara að gera grein fyrir þeim að sinni. Vænti þess að eins að málið fái góðar viðtökur og verði vísað til 5 manna nefndar að þessari umr. lokinni.

**Matthías Ólafsson:** Þetta frumv. sýnist ekki stórt á pappírnum, en þó er það breyting til ins verra á réttarbót, sem samþykt var hér fyrir nokkrum árum. Eg trúi því ekki að það gangi óáreitt í gegnum þessa deild, eins og hún er skipuð bændum og öðrum sæmdarmönnum. Þetta ákvæði frumv. er nefnilega landsveitamönnum til mikillar óhægðar. Því er nú svo farið, að fólkið

streymir úr sveitunum til kaupstaðanna, komast misjafnlega áfram þar, margir fara án þess að hafa minstu von um nokkra atvinnu og eru svo orðnir þurfalingar eða aumingjar eftir stuttan tíma. Þeir eru ekki svo lengi hér áður en þeir lenda á sveitinni, að þeir geti unnið sér sveitfesti hér. Og svo á eftir þessu frumvarpi að ala mennina og fjölskyldu þeirra hér á kostnað sveitanna. Þetta þótti svo óréttlátt ákvæði og þess vegna var því breytt, til þess að létta á sveitunum. Það er líka ekki nema sanngjarnt, þar sem menn í mörgum tilfellum mundu losna við að þiggja af hreppnum, ef þeir væru þar kyrrir og flyktust ekki til kaupstaðanna, án þess að hafa nokkurt útlit til þess að geta séð sér betur farborða þar. Eg hygg því að þetta frumvarp sé óheppilegt og hefi enga trú á því, að það nái fram að ganga. Satt að segja virðist mér það ekki eiga lengra erindi inn á þingið og kysi helzt, að það yrði felt frá 2. umr.

**Flutningsm. (Jón Jónsson).** Hv. þm. V.-Ísf. (M. Ól.) ætlaði að sjá um það, að þetta frumv. fái ekki að ganga hljóðalaust í gegn um deildina. Eg get ekki séð, að þær ástæður, sem hann hefir borið fram, séu veigamiklar. Fátækranefndin og borgarstjóri hafa í bréfi til okkar þm. sýnt fram á það, að eins og ástandið er nú, þá er þetta ákvæði fátækralaganna, sem hér er farið fram á að breytt verði, mjög ósanngjarnt gagnvart Reykjavík. Það er nefnilega algengt, að efnalausir menn þyrpast hingað til bæjarins með fjölskyldu sína án þess að hafa nokkra von og því síður vissu um að geta fengið atvinnu. Afleiðingin af því er sú, að þeir verða oft að leita hjálpar til fátækranefndarinnar þegar eftir komu sína. Það er algengt að menn koma sjúkir og krefjast þess að verða lagðir á sjúkrahús á kostnað fátækrasjóðsins. Það hefir jafnvel komið fyrir, að menn hafa komið hingað sjúkir og félausir með vitund hreppsnefndar sinnar, lagst hér á sjúkrahús og fátækrasjóður Reykjavíkur svo orðið að greiða $^1/_3$ hluta legukostnaðarins. Það er nú auðsætt, að það er óréttmætt, að bærinn skuli ekki, þegar svo á stendur, eiga fulla endurgjaldskröfu á hendur viðkomandi sveitafélögum fyrir það fé, sem út hefir verið lagt fyrir þessa menn, sem eru bænum alveg óviðkomandi.

Eg skal svo ekki fjölyrða meir um þetta. Vona að eins, að þetta mál fái að komast í nefnd eins og öll önnur mál hér á þinginu hafa fengið.

**Lárus H. Bjarnason:** Það eru að eins örfá orð í viðbót við ræðu samþingismanns míns, háttv. 2. þm. Rvk. (J. J.). Enda þótt fátækranefnd Reykjavíkur hafi átt frumkvæðið að frumvarpi þessu, kvartað fyrst, þá er því ekki svo farið, að Reykjavík ein hafi sérstaklega gagn af því. Ef frumvarpið verður að lögum, þá verður það ekki að eins til að bæta hag Reykjavíkurbæjar, heldur allra kaupstaða og sjávarplássa á landinu. Eg játa það glaður, að frumvarpið dregur dálítið úr hag landsveitanna. Það tjáir ekki að mótmæla því, enda ekki ósanngjarnt meðan fólkið streymir úr sveitunum til kaupstaðanna og viðtökustaðurinn getur enga rönd við reist straumnum, en það geta sveitafélögin ekki nú, þar sem dvalarleyfi útheimtist ekki af hálfu þess sveitarfélags, sem maðurinn vill setjast að í.

Annars er alls ekki að ræða um að sleppa frumvarpinu út úr deildinni, heldur hitt, hvort leyfa skuli nefnd að meta þær ástæður, sem fram koma með og móti frumvarpinu. Og það vona eg að verði leyft, þar sem ekkert frumv.

hefir enn verið borið svo upp í þessari deild, að því hafi ekki verið leyft að ganga til nefndar.

Að við háttv. 2. þm. Rvk (J. J.) og eg viljum hafa sérstaka nefnd, en ekki vísa málinu til sveitastjórnarnefndarinnar, kemur til af því, að hvorugur flutningsmanna er í þeirri nefnd, en ekki nema eðlilegt, að annar þeirra eigi sæti í væntanlegri nefnd, til þess að geta borið hönd fyrir höfuð frumvarpinu, ef á það yrði ráðist. Eg styð því þá till., að málinu verði vísað til 2. umr. og sérstök nefnd kosin til að athuga það að umr. loknum.

**Guðmundur Eggerz:** Jafnvel þótt eg sé á móti þessu frumvarpi, álít eg það ekki nema sjálfsagða kurteisi, að lofa því að ganga til nefndar eins og venja hefir verið með öll önnur mál hér í deildinni.

Eg er eindregið á móti stefnu þessa frumvarps. Eg skal benda á það, að þegar fátækralögin voru samþykt hér á þinginu 1905 vakti það fyrir löggjafanum með því ákvæði, sem nú á meðal annars að breyta með frumvarpi þessu, að dvalarsveitin ætti ekki endurgjaldsrétt hjá framfærslusveitinni nema til $^2/_3$ hluta, að með þessu móti væri trygging fengin fyrir því, að dvalarsveit gætti hófs í styrkveitingum til þurfalinga. Þessi trygging fellur burt ef frumvarp þetta vergur að lögum, þar sem dvalarsveitin getur krafist endurgjalds af framfærslusveit þess þurfalings af öllum inum lagða styrk.

Það er algengt að mjög margt yngra fólk flytur úr sveitunum til kaupstaðanna og kemur svo aftur eftir nokkur ár, atvinnulaust og heilsulaust. Frumvarp þetta er því æði ósanngjarnt í garð sveitanna. Það má ekki minna vera en að kaupstaðirnir taki þátt, eins og hingað til hefir verið, í framfærslu þurfalinga annara hreppsfélaga meðan þeir dvelja í kaupstöðunum.

Nái þetta frumvarp samþykki þingsins, er og miklu meiri hætta á því, að þurfalingar verði hraktir og hrjáðir stað úr stað, þar sem hægt er að krefjast þess, að þeir verði fluttir á framfærslusveitina þegar búið er að leggja fram 100 kr., en því skilyrði slept í núgildandi lögum, að það sé einnig bersýnilegt, að þurfalingurinn sé kominn á stöðugt sveitarframfæri. Af þessum ástæðum mun eg greiða atkvæði á móti frumvarpinu á sínum tíma, en eg sé ekkert því til fyrirstöðu, að málið verði sett í nefnd.

**Kristinn Daníelsson:** Þegar þetta var í lög tekið, að dvalarsveit skuli borga $^1/_3$ hluta af kostnaði við þurfaling annarar framfærslusveitar, var eg þegar í miklum efa um það, að það væri nokkur réttarbót. Að minsta kosti hefir mín reynsla verið alt önnur. Eg hefi heyrt fróða menn segja, að þetta ákvæði muni vera sniðið eftir dönskum lögum. En þar er alt öðru máli að gegna, þar sem vegalengdir eru miklu minni og stórum greiðfærari samgöngur, svo að jafnan má flytja þurfaling þegar í stað til framfærslusveitar sinnar.

Eg er ekki samdóma háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) í því, að þessi »réttarbót« geri minni hrakninga á þurfalingum. Það er þvert á móti svo, að þegar dvalarsveitin verður að borga $^1/_3$ af öllum kostnaði, þá vill hún auðvitað losna við þurfalinginn sem fyrst, jafnvel þótt honum væri það hollast að vera kyr.

Líka getur það komið fyrir, að alls ekki sé hægt að koma manninum burtu vegna lasleika, svo að dvalarsveitin verði að sitja uppi með hann og borga þó $^1/_3$ hluta alls kostnaðar á hverju ári, þótt henni af orsökum, sem hún er ekki völd að, sé fyrirmunað að neyta réttar

sins að flytja þurfaling af sér. Þetta er mjög ósanngjarnt. Eg þekki slík dæmi. Það var þurfamaður, sem var karlægur, og læknir bannaði að flytja hann burtu. Sveitin sat uppi með hann árum saman og varð að borga $^1/_8$ hluta af uppihaldi hans.

Því hefir verið haldið fram, að kaupstaðirnir, og þá sérstaklega Reykjavík, hefðu fjárhagslegan hag af þessu frumvarpi. Eg get ekki vel lagt þetta á met, hvorum megin hagurinn yrði, en aðalatriðið er, að eg álít það sem nú er tæpast réttlátt meðan framfærsluskyldan stendur á þeim grundvelli, sem nú er. Eg veit ekki, hvort Reykjavík er bezt fær um að bera sveitarþyngsli, og þó svo væri, álít eg ekki réttlátt að láta hana fremur en aðra bera meira en sitt eigið. Eg skal ekki fara neitt út í einstakar greinar á þessu stigi málsins, en eg held að það sem felst í 2. gr., sé þegar í lögum nú, að sveitarstjórn megi koma af sér þurfaling, þegar hann er búinn að þiggja 100 kr., ef flutningurinn er þá ekki bannaður af lækni. Eg held að það sé æskilegt, að þetta frumv. verði athugað í nefnd. Mér datt í hug sveitarstjórnarnefndin, af því að málin eru svo skyld, en mér er það ekki fast í hendi, og eg get fallist á að ný nefnd verði kosin. Og eg geri það beint að tillögu minni, að því verði vísað til nefndar, eg vil ekki að það fari nefndarlaust út úr deildinni.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 14 : 4 atkv.

5 manna nefnd samþ. með 15 atkv.

Kosnir með hlutfallskosningu:

Pétur Jónsson
Jón Jónsson
Matthías Ólafsson
Kristinn Daníelsson
Einar Jónsson.

---

FRUMVARP til laga um friðun æðarfugls (219); 1. umr.

**Flutningsm. [Þorleifur Jónsson]:** Eg leyfi mér að stinga upp á 5 manna nefnd að þessari umr. lokinni.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 17 samhlj. atkv.

5 manna nefnd samþ. með 14 samhlj. atkv.

Kosnir með hlutfallskosningu:

Sigurður Sigurðsson
Guðmundur Eggerz
Matthías Ólafsson
Benedikt Sveinsson
Þorleifur Jónsson.

---

FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr. 39, 10. Nóv. 1903, um leynilegar kosningar og hlutfallskosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum (242); 1. umr.

**Ráðherrann [H. H.]:** Eg býst við, að skipuð verði nefnd til að athuga þetta mál. Eg vildi að eins leyfa mér að skjóta einni athugasemd til væntanlegrar nefndar til athugunar. Aðaltilgangur þessa frumv. er sá, að gera kjósendum mögulegt ekki einungis að aðhyllast vissan flokk, heldur og hafa áhrif á það, hvaða menn verði kosnir af hverjum flokkslista. Þetta er gert með því að leyfa kjósendum að raða nöfnunum á listunum þannig, að kjósandi setur tölur fyrir framan nöfn fulltrúanna í þeirri röð sem hann vill að þeir komist að. Viðvíkjandi samtalning atkvæðanna, er svo ákveðið í frumv., að sá sem hefir töluna 1, fái eitt atkv., sá sem hefir töluna 2, hálft atkv. og sá sem hefir 3, $^1/_3$ atkvæðis, o. s. frv. En þetta er ekki fullkomlega rétt hlutfall. Það er tiltölulega meiri munur á 1. og

2., heldur en á öðrum og þriðja. Réttlátara væri, að mismunurinn væri jafn milli hverra tveggja í röðinni, þannig, að ef þeim fyrsta er talið heilt atkv., þá sé þeim næsta talið svo stórt brot af atkvæði, er samsvari réttu hlutfalli, eftir því hve marga menn á að kjósa. Eigi t. d. að kjósa 5 menn, teljist þeim fyrsta $^5/_5 = 1$ atkvæði, þeim næsta $^4/_5$, þeim 3. $^3/_5$, inum 4. $^2/_5$ og inum síðasta $^1/_5$ atkvæðis. Þetta er endurbót á stjórnarfrumvarpinu, sem eg vildi skjóta til nefndarinnar að athuga.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

5 manna nefnd samþ. með 17 samhlj. atkv.

Kosningu hlutu með hlutfallskosningu:

Ólafur Briem
Jóhannes Jóhannesson
Jón Ólafsson
Bjarni Jónsson
Tryggvi Bjarnason.

---

FRUMVARP til laga um friðun fugla og eggja (241); 1. umr.

**Lárus H. Bjarnason:** Eg vildi að eins leyfa mér að stinga upp á að þessu frumv. verði vísað til æðarfuglanefndarinnar.

**Sigurður Sigurðsson:** Mér þykir vænt um alla fugla, og eg vona að það sannist á æðarfuglanefndinni, að henni sé ant um fuglana. Eg skal taka það fram, að eg hefi hug á að laga frumvarpið eftir því sem föng eru á. Eg vil t. d. bæta við nokkrum fuglategundum, sem Ed. hefir annaðhvort gleymt eða vanrækt af ásettu ráði að taka upp í frumvarpið, svo sem heiðarlóunni okkar, tjaldinum og fleiri fuglum. — Það getur verið, að margir álíti þetta smámál, en fyrir okkur Íslendinga er það í raun og veru stórmál. Fuglum er nefnilega alt af stórum að fækka hér á landi af þeirri ástæðu, að nú gera menn sér það mjög að leik að skjóta fugla, sem enginn matur er í, einungis til að svala drápgirni sinni. Eg styð þá till., að þessu frumv. verði vísað til æðarfuglanefndarinnar, og vona að það hafi gott af að athugast í þeirri nefnd.

**Benedikt Sveinsson:** Efri deild er orðin fræg fyrir meðferð sína á þessum fuglafriðunar-frumvörpum. En henni hafa þó orðið allmjög mislagðar hendur um frágang á þessu frumv., þótt margt væri um það spjallað og nógar kæmi fram breytingartillögurnar við það þar í deildinni. Eg sé ekki betur en það megi heita hreinasti gallagripur eins og það kemur frá deildinni. Fyrst og fremst kemur frumvarpið í bág við æðarfuglafrumvarpið, því að eftir þessu frumv. er æðarfugl friðaður að eins frá 1. Apríl til 1. Ágúst. Og þessi tvö frumv. afgreiddi deildin þó sama daginn. Það stendur í 3. gr. frumv., að allar fuglategundir, sem hér (í frumv.) eru ekki taldar, skuli friðaðar vera frá 1. Apríl til 1. Ágúst. En í frumv. er æðarfugl ekki talinn áður og leiðir þá af því, að hann heyrir undir þá fugla, sem að eins eru friðaðir frá 1. Apríl til 1. Ágúst. Eg býst við, að enginn rengi þá skoðun mína, að æðarfugl sé þó »fuglategund«! Svo skal eg benda á annað. Það munu vera eitthvað um 10—20 ernir alls á landinu nú, eftir því sem kunnugastir fræðimenn segja. Þeir eru ekki friðaðir samkv. frumv., en aftur á móti er ætlast til að egg þeirra séu stranglega friðuð. Eg get ekki séð, að það sé neitt samræmi í þessu að friða arnareggin og leggja þung víti við að þau séu tekin, en láta arnarungana réttdræpa nýskriðna úr egginu. Eg bendi að eins á þetta til að sýna fram á, hve flaustrslega

Ed. hefir gengið frá þessu frumv., þrátt fyrir ina miklu fyrirhöfn og heilabrot, sem hún hefir haft um það.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Vísað til æðarfuglanefndar í e. hlj.

Fundi slitið.

## 28. fundur.

Fimtudag 7. Ágúst 1913, kl. 11 árd.

Dagskrá:

1. Frv. til viðaukalaga við lög nr. 24, 9. Júlí 1909, um samþyktir um kornforðabúr til skepnufóðurs (190, 285); 3. umr.
2. Frv. til laga um hvalveiðamenn (288); 3. umr.
3. Frv. til laga um sölu á þjóðjörðinni Reykjum í Hrútafirði (117, n. 283); 2. umr.
4. Frv. til laga um stofnun Landhelgissjóðs Íslands (142, n. 262); 2. umr.
5. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 25, frá 22. Okt. 1912, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands (82, n. 267); 2. umr.
6. Frv. til laga um löggilding verzlunarstaða í Karlseyjarvík við Reykhóla og í Hagabót í Barðastrandarsýslu (202); 2. umr.
7. Frv. til laga um sparisjóði (271); 1. umr.
8. Frv. til laga um heimild fyrir landstjórnina til að selja prestinum að Kolfreyjustað landspildu í Innri-Skálavík (237); 1. umr.
9. Frv. til laga um breyting á og viðauka við lög 22. Nóv. 1907, um bæjarstjórn í Hafnarfirði (243); 1. umr.
10. Frv. til laga um sölubann á tóbaki til barna og unglinga (275); 1. umr.
11. Þingsályktunartill. um skipun nefndar, til þess að íhuga beiðni frá P. J. Torfasyni um einkarétt honum til handa, til þess að vinna salt úr sjó með nýrri aðferð, og fleiri tillögur sama manns um hérlendan atvinnurekstur (280); hvernig ræða skuli.

---

Allir á fundi.

Fundarbók síðasta fundar lesin upp, samþ. og staðfest.

Forseti skýrði frá, að stjórnarráð Íslands hefði með bréfi dagsettu 6. ágúst sent sér skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Jóns alþingismanns Sigurðssonar frá Gautlöndum, ásamt konunglegri staðfesting á henni.

Forseti skýrði frá, að forseti efri deildar hefði sent sér:

1. Frv. til siglingarlaga (293) og endursent:
2. Frv. til laga um breyting á 1. gr. laga um vitagjald frá 11. Júlí 1911 (296).

með tilmælum um að þau yrðu lögð fyrir neðri deild.

Forseti tilkynti, að nefnd, sú sem kosin var til þess að íhuga frumv. til laga um friðun æðarfugla, hefði kosið sér formannn Sigurð Sigurðsson og skrifara Benedikt Sveinsson, *að* nefnd, sú sem kosin var til þess að íhuga frumv. til laga um breyting á fátækralögum 10. Nóv. 1905, hefði kosið sér formann Jón Jónsson og skrifara Kristinn Daníelsson, *að* nefnd, sú sem kosin var til þess að íhuga frumv. til laga um málskostnað, hefði kosið sér formann Kristján Jónsson og skrifara Jón Ólafsson og *að* nefndin, sem fekk til meðferðar frumv.

til laga um heimild fyrir stjórnarráðið til þess að veita mönnum rétt til þess að vera dómtúlkar og skjalaþýðendur, hefði kosið sér formann Þorleif Jónsson og skrifara Bjarna Jónsson frá Vogi.

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið í deildinni:

1. Frv. til laga um breyting á 1. gr. laga um vitagjald frá 11. Júlí 1911. Eftir 3. umr. í Ed. (296).
2. Frv. til laga um umboð þjóðjarða. Eftir 2. umr. í Nd. (300).

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið frá Ed.:

1. Frv. til laga um viðauka og breyting á lögum um aðflutningsbann á áfengi nr. 44, 30. Júlí 1909. Eftir 3. umr. í Nd. (290).
2. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 26, 11. Júlí 1911, um skoðun á síld. Eftir 3. umr. í Nd. (291).
3. Frv. til laga um breyting á lögum um vörutoll, 22. Okt. 1912. Eftir 3. umr. í Nd. (292).
4. Frv. til laga um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum. Eftir 2. umr. í Ed. (297).
5. Breyt.till. við frv. til laga um samþyktir um eftirlit úr landi með fiskiveiðum í landhelgi. Frá Jóni Jónatanssyni (295).

Forseti skýrði frá, að lögð hefði verið fram á lestrarsal:

Þingmálafundargerð úr Austur-Eyjafjallahreppi í Rangárvallasýslu.

1. mál á dagskrá lét forseti bíða. Var svo tekið fyrir:

FRUMVARP til laga um hvalveiðamenn (288); 3. umr.

**Matthías Ólafsson:** Þó þetta mál að mínu áliti sé ekki neitt mikils vert, þá hefir samt verið talað mikið um það hér í deildinni og orðið þar mörgum manni mikils vert. Við 2. umr. gerði eg grein fyrir skoðun minni og atkvæði mínu. Bar eg þá upp spurningar, sem eg tel mig ekki enn þá hafa fengið svar upp á. Það var sagt hér í deildinni, að Norðmenn hefðu ekki fengið neinar skaðabætur, þegar hvalveiðarnar voru bannaðar þar. Þetta var sagt, en engin sönnun kom fram um það, að þeir hefðu ekki getað fengið skaðabætur, hefðu þeir krafist þeirra. Þeir hafa ekki höfðað mál út af þessu og því óvíst, hvort þeim hefði verið dæmdar skaðabætur eða ekki. Vil eg ekki fara að tala um það nú, heldur leggja það til, að tíminn þangað til lögin koma í gildi, verði lengdur til áramótanna 1917 og 1918. Ef hann yrði framlengdur þannig, er engin hætta á neinni málssókn af hendi hvalveiðamanna.

Eg er samþykkur háttv. nefnd að ástæða sé til þess að friða hvalinn, en vil að eins ekki láta gera það nú þegar af þessum ástæðum, sem eg hefi áður sagt, af því að eg óttast málssókn af hendi hvalveiðamannanna, sem engin ástæða væri til, ef lögin gengu ekki í gildi fyr en um áramótin 1917 og 18.

Eg sagði áðan, að afleiðingar þessa máls væru nú þegar orðnar miklar hér í deildinni. T. d. hefir það verið upplýst, að hvalveiðamenn í Suður-Múlasýslu færu á fætur kl. 2 á nóttunni til þess að éta sveskjur til varnar móti lífsýki, og aðrar slíkar mikilsverðar upplýsingar hafa komið hér fram. Enginn hefir þó haft annað eins gagn af þessu máli og eg. Því ekki að eins mér, heldur allri komandi ætt minni hefir verið lofað eins miklu af andarnefjuketi og við gætum torgað. Þessu lofaði háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) og hugsa eg að hana ætli sér að efna það. En af því að eg er ekki maður eigingjarn, þá ætla eg nú að gefa honum upp þetta loforð, því að eg hygg að honum muni veitast örðugt að efna það. Hann hefir um nóg að hugsa, þó hann fari ekki líka að sjá

mér og ættmönnum mínum fyrir andarnefjuketi. Andanefjur eru mestu óþægðarskrattar og myndi reynast erfitt að smala þeim og snúningasamt að eltast við þær fyrir mann, er jafnmikilvæg störf hefir á hendi og hátt. þingmaður. Auk sýslumannsstarfanna hefir hann líka að gegna störfum sínum á Alþingi, sem eg ætla ekki að neinn efist um að séu afaráríðandi, og svo hefi eg líka heyrt að hann cenceraði við frönskupróf hjá vinnukonum fyrir austan. Með öllum þessum mikilvægu störfum hygg eg, að honum muni veita erfitt að efna loforð sitt við mig og því ætla eg að gefa honum það upp.

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. með 13:5 atkv. og afgreitt til efri deildar.

---

FRUMVARP til laga um sölu á þjóðjörðinni Reykjum í Hrútafirði (117, n. 283); 2. umr.

**Framsögum. (Tryggvi Bjarnason):** Eg hefi ekki margt að segja um þetta frumv. Meiri hl. nefndarinn ræður til þess að samþykkja frumvarpið. Sá hann ekki að neitt væri því til fyrirstöðu, að jörðin væri seld.

In eina ástæða stjórnarinnar á móti því, að jörðin verði seld, er sú, að í landi hennar sé nú löggild höfn. En það er engin ástæða. Vil eg því til sönnunar leyfa mér að vísa til vottorða málsmetandi manna, sem lögð eru fram hér á lestrarsalnum, um það, að ekki komi til nokkurra mála að þar komi kauptún í fyrirsjáanlegri framtíð. Mætti fá miklu fleiri vottorð frá mönnum í þessu héraði um þetta, því engum dettur slíkt í hug, sem til þekkir.

Vil eg svo ekki orðlengja þetta meir, en vona að háttv. deild fallist á málið.

ATKV.GR.:

Frumvarpsgreinin samþykt með 10 gegn 6 atkv.

Fyrirsögnin samþykt án atkv.gr.

Samþ. að málið gangi til 3. umræðu með 10:3 atkvæðum.

---

FRUMVARP til laga um stofnun Landhelgissjóðs Íslands (142, n. 262); 2. umr.

**Framsögum. (Matthías Ólafsson):** Háttv. deild er það kunnugt, að nefndinni, sem var falið að athuga þetta mál, var einnig falið skylt frum., nefnilega frumv. um fiskiveiðasjóð Íslands.

Bæði þessi frumvörp hafa það sameiginlegt, að báðum er þeim ætlað að koma sjávarútveginum að gagni, en um aðferðina til þess ber þeim ekki saman, þar koma þau í bága hvort við annað. Nefndin hefði helzt kosið, að sektum og andvirði upptæks afla yrði skift jafnt milli þessara tveggja sjóða, en við þóttumst sjá það fyrir, að ef við legðum til að breyta frumvarpinu t. d. í þá átt, þá gæti svo farið, að það yrði báðum frumvörpunum að falli. Okkur var það ljóst, að ekki getur langur tími liðið þangað til við Íslendingar verðum að auka landhelgisgæzluna að miklum mun, og töldum því hyggilegt að nú þegar yrði byrjað að safna fé til þess.

Nefndin hefir öll orðið sammála, og óskar einungis eftir því, að háttv. deild taki málinu vel.

**Ráðherrann (H. H.):** Eg vil leyfa mér að gera þá fyrirspurn til háttv. nefndar, hvernig beri að skilja það ákvæði í 4. gr. frumvarpsins, að »Alþingi« skuli á sínum tíma ákveða, hvenær sjóðurinn tekur til starfa og hve miklu af fé hans skuli varið til landhelgisvarna hér. Er það meiningin, að

draga þetta undan inu almenna löggjafarvaldi, þannig, að konungur eigi ekkert að hafa um það að segja? Eða er orðalagið að eins svona ónákvæmt?

**Framsögum. (Matthías Ólafsson):** Eftir frumvarpinu þá er það Alþingi, sem ræður því, hve nær sjóðurinn tekur til starfa *(Ráðherrann:* En eg spyr, hvort það eigi þá að gera það án lagaboðs, sem konungur staðfestir?). Það nær ekki nokkurri átt annað, en að stjórn og þing séu þar í verki saman. Stjórnin á hvort sem er að ávaxta sjóðinn þangað til. *(Ráðherrann:* Þá þarf að breyta orðalaginu). Ef málinu væri ekki svona langt komið, þá væri það sjálfsagt rétt, til þess að enginn misskildi frumvarpið, því að eg býst við að þetta hafi vakað fyrir flutningsmönnum. *(Valtýr Guðmundsson:* Það má við 3. umr.). Jú, það getur vel verið, ef til vill.

**Kristinn Daníelsson:** Eg vil geta þess, að nefndin hefir ekki sérstaklega íhugað þetta atriði. Þetta frumvarp er komið hingað frá háttv. Ed., og eg skal geta þess í sambandi við þetta, að fram hefir komið ósk frá einum háttv. þm. þar, sem flutti annað frumvarp skylt þessu, um að þegar að því kæmi að löggjafarvaldið tæki ákvörðun um þetta fé á sínum tíma, þá yrði sett inn ákvæði um, að það skyldi gert í samráði við Fiskifélag Íslands. Það er sjálfsagt, að taka tillit til þessarar athugasemdar hæstv. ráðherra, og við 3. umr. mætti athuga þetta, og þá um leið þessa ósk, sem eg gat um.

**Lárus H. Bjarnason:** Mér skilst að þeir tveir háttv. nefndarmenn, sem talað hafa, hafi ekki athugað nógu vel fyrirspurn hæstv. ráðherra. Því að þótt þessu sé skotið hér fram — órökstuddu að því er mér virðist —, þá sé eg ekkert því til fyrirstöðu, að Alþingi geti á sínum tíma ákvarðað það, annaðhvort í sameinuðu þingi eða með þingsályktunartill. í báðum deildum, hvenær og hvernig skuli verja þessu fé, sem er eign landhelgissjóðs, en ekki landsins. Eg get ekki séð, að það komi neitt í bág við rétt Hans hátignar konungsins, enda verður frumvarpið ekki að lögum nema hann leggi samþykki sitt á það.

Meira að segja álít eg að vel mætti fela stjórninni eða ráðherra að ákveða þetta, hvað þá Alþingi, svo að eg sé ekkert á móti því, að ákvæðið standi óbreytt.

**Ráðherrann (H. H.):** Eg þykist vita að það muni rétt vera, að hér sé að eins um ónákvæmt orðalag að ræða, en ekki um nýmæli í þá átt, að þetta atriði skuli draga undan inu almenna löggjafarvaldi. En þetta getur skift talsvert miklu máli, og nauðsynlegt að hafa þetta skýrt. Það getur orðið vandi að koma á fót viðbót við landhelgisvörnina hér við land, sem að fullu gagni megi koma. Í sambandslaganefndinni 1908 var þetta atriði meðal annars á dagskrá, og var farið svo langt sem hægt var, en fekst þó ekki samkomulag um að Íslendingar væru einráðir um það, hvernig eftirlitinu skyldi fyrirkomið í framkvæmd. Þar verður að taka tillit til gildandi alþjóðareglna. Það er einsætt, að konungsvaldið verður að vera með í ráðum um það, hvernig og hvenær þessar auknu landhelgisvarnir, sem þetta frumv. gerir ráð fyrir, skuli framkvæmdar.

**Halldór Steinsson:** Eg álít nú fyrir mitt leyti að það sé rétt, að hér eigi að standa: löggjafarvaldið. En úr því að ágreiningur hefir risið um þetta, og af því að þetta er 2. umr. og á því að ræða sérstakar greinar, þá álít eg rétt að taka málið út af dagskrá og fresta umræðunni.

Eg leyfi mér því að fara fram á, að málið verði tekið út af dagskrá.

**Forseti (M. A.):** Af því að eg hefi orðið þess var, að sumir vilja taka málið út af dagskrá, en sumir ekki, þá álít eg rétt að bera undir deildina hvort það skuli gert.

ATKV.GR.:

Málið tekið út af dagskrá með 18 : 3 atkvæðum.

---

FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr. 25, frá 22. Okt. 1912 um ritsíma- og talsímakerfi Íslands (82, n. 267); 2. umr.

**Framsögum. (Skúli Thoroddsen):** Þar sem þetta mál var rætt töluvert við 1. umr., þá álít eg óþarft að ræða það nú, og læt mér því nægja að skírskota til nefndarálitsins, og mæla ið bezta með því.

Nú hefir deildin og nýskeð samþykt þingsályktunartill. um rannsókn vitastæðis á Straumnesi, og þegar viti er kominn þar, sem fráleitt verður langt að bíða, þá er það enn ein ástæðan til þess að hafa símastöð á Látrum fremur en á Stað í Aðalvík.

Auk þess sækir innlendi fiskiflotinn tíðum inn á Aðalvík, og hefir þá aðalstöð sína á Látralagi, eins og bent var á við 1. umræðu málsins, og óþarft er því að fjölyrða um að nýju.

Geta má þess og, að — eins og nefndarálitið ber með sér — nefndin ráðfærði sig við landsímastjórann, og er hann málinu ókunnugur, en telur réttast að ekkert sé hreyft við símalögunum frá 1912 fyr en hvað um sig hefir verið rannsakað. Þetta hefir nú nefndin, eftir atvikum, getað felt sig við, að eins að símaleiðin að Látrum verði rannsökuð sem fyrst, og verður þá vonandi innan skamms tækifæri til þess að kippa því í lag, sem í ógáti komst inn í símalögin í fyrra, og fá símastöðina ákveðna að Látrum, enda landssjóði allur hagurinn að því að hafa hana þar, og það eigi síður fiskiveiðaflota vorum in brýnasta nauðsyn, eins og fyr var getið.

Eg skal svo ekki orðlengja frekar um þetta, en að eins mælast til þess, að rökstudda dagskráin, sem nefndin ber fram, sbr. nefndarálitið, fái sem beztan byr í deildinni.

ATKV.GR.:

Rökstudda dagskráin samþykt með 16 samhlj. atkvæðum.

---

FRUMVARP til laga um löggilding verzlunarstaðar í Karlseyjarvík við Reykhóla og í Hagabót í Barðastrandarsýslu (202); 2. umr.

Enginn talaði.

ATKV.GR.:

1. gr. frumv. sþ. með 14 shlj. atkv.

2. gr. frumv. sþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn frumv. sþ. án atkvgr.

Málinu vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkvæðum.

---

FRUMVARP til laga um sparisjóði (221); 1. umr.:

**Flutn.m. (Kristinn Daníelsson):** Mér þykir vænt um að hér er fram komið þetta frumvarp til laga um sparisjóði. Þeir eru nú orðnir margir víðsvegar um land, og full þörf á því að setja reglur til þess að tryggja þá betur, og sömuleiðis til að tryggja þá sem fé eiga inni í þeim. Eg hefi ekki getað kynt mér frumvarpið vandlega, en þykist þó hafa séð, að í því séu góðar umbætur, en hins vegar líka ýmislegt, sem þyrfti að vera öðruvísi, en það heyrir undir einstakar greinar, og á því heima við 2. umr. En með því að þetta er töluvert mál, þá hygg eg að þótt

það væri í nefnd í Ed., þá væri rétt að kjósa hér nefnd í það líka, og vil eg því leyfa mér að stinga upp á 5 manna nefnd í málið.

ATKV.GR.:

Samþ. í einu hljóði að vísa málinu til 2. umr.

5 manna nefnd sþ. í einu hljóði.

Hlutfallskosning var viðhöfð, og hlutu þessir kosningu:

Pétur Jónsson
Lárus H. Bjarnason
Magnús Krisjánsson
Kristinn Daníelsson
Ólafur Briem.

---

FRUMVARP til viðaukalaga við lög nr. 24, 9. Júlí 1909, um samþyktir um kornforðabúr til skepnufóðurs (190, 285, 308); 3. u m r.

**Pétur Jónsson:** Flutningsm. þessa frumvarps hafa komið fram með br.till. við það á þskj. 285. Það eru ekki efnisbreytingar, heldur að eins lítilfjörlegar orðabreytingar til skýringar og vona eg að þær verði frekar til að bæta frumvarpið, en hitt.

Aftur á móti er komin fram viðaukatillaga á þgskj. 308, sem mundi hafa í för með sér mikla og stórkostlega breytingu á lögunum, þar sem farið er fram á það, að skylda hvern hrepp á landinu til þess, að gera kornforðasamþykt. Það hefir reyndar komið til orða fyrri, að setja slík ákvæði inn í forðabúralögin, en við hikuðum við að setja þau þar. Það er vafi á því, hvort menn ná betur tilgangi sínum í slíkum málum með valdboði og þvingun, en með uppörvun og tilhliðrun. Okkur hefir þótt sá vafi svo mikill, að við vildum ekki ráðast í meira en uppörvunaraðferðina. Samt er þetta svo vaxið, að ekki er víst að rétt sé að hrinda því frá sér umhugsunarlaust, en eg get ekki séð að háttv. þingmenn geti áttað sig á því nú í svip við þessa umr. Það er því ekki um annað að gera, ef að á að sinna þessu, en að fresta umr., og jafnframt vísa því til nefndar.

Eg skal benda á, að þó að gert væri að skyldu að stofna kornforðabúr í hverjum hreppi, þá er eg hræddur um að þess háttar lagaákvæði yrði alt annað en heppilegt, að minsta kosti eins og það er orðað í greininni á þgskj 308. Það er margs að gæta þegar á að stofna kornforðabúr. Nafnið eitt er ekki nægilegt. Það er hægt að gefa skýrslur og reikninga um kornforðabúr, án þess að það sé nokkurt kornforðabúr í raun og veru. Skýrslurnar gefa enga tryggingu fyrir því að nægilegur kornforði sé fyrir hendi, *á þeim tíma* sem til hans þyrfti að kalla til þess að bjarga búpeningi frá voða. Í fyrsta lagi getur það komið fyrir, að kornforðinn sé útistandandi, þegar á honum þarf að halda. Og ennfremur, að þótt hann kæmi inn einu sinni á ári, getur það átt sér stað, að skuldunautarnir skrapi saman korni af heimilisforða sínum, til þess að greiða með skuldina og fái það svo lánað aftur sama daginn eða daginn á eftir. Með þessu móti væri þetta enginn forði. Ef nokkuð á að vera hægt að treysta á forðabúrin, þurfa nákvæmar reglur að vera um þau, og stjórn þeirra að vera góð.

Í öðru lagi getur það átt sér stað, að sveitamenn setji hreint og beint á forðabúrin. Þess vegna hefir því verið haldið fram, að forðabúrum þyrfti að fylgja heyásetningsskoðun. En vegna þess að lögin um heyásetningsskoðanir eru ekki miðuð við þetta, þyrfti að breyta þeim í sambandi við slík skylduforðabúr. Samkvæmt þessu þarf nefnd að fjalla um málið. Vil eg því gera það að tillögu minni að umræðunni verði frestað

og málinu vísað til landbúnaðarnefndarinnar.

**Bjarni Jónsson:** Eg óska ekki að halda ræðu um breyt.till. minar, ef tillaga háttv. þm., er nú settist (P. J.), nær fram að ganga. Eg efast ekki um að lögunum má koma betur fyrir, ef þau verða athuguð í nefnd. Eg hirði ekki um hvort málinu verður vísað til þeirrar nefndar, sem stungið var upp eða á, ný nefnd verður sett, — mér stendur öldungis á sama um það.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til landbúnaðarnefndarinnar.

---

FRUMVARP til laga um breyting og viðauka við lög 22. Nóv. 1907, um bæjarstjórn í Hafnarfirði (243); 1. umr.

*Forseti* lýsti yfir því, að frumvarpi þessu hefði verið of seint útbýtt, og þyrfti því að bera það undir atkvæði deildarinnar, hvort það mætti taka til meðferðar.

ATKV.GR.:

Leyft af ráðherra og af þingdeildinni í einu hljóði.

---

**Flutningsm. (Kristinn Daníelsson):** Við flutningsmenn þessa frumv. komum fram með það eftir beiðni bæjarstjórnarinnar í Hafnarfirði. Orsökin til þeirrar óskar er sú, að við reynsluna hafa komið í ljós ýmsir smáannmarkar á lögunum, sem bæjarstjórninni hafa virzt óþægilegir.

Eins og kunnugt er, er Hafnarfjörður yngsta bæjarfélagið á landinu, og lög þessi jafnframt yngstu bæjarstjórnarlögin. Fyrir því er ekkert undarlegt, þó að reynslan hafi leitt sitthvað í ljós, sem betur mætti fara.

Þessi atriði, sem farið er fram á að breyta, eru misjafnlega þýðingarmikil. Skal eg ekki fara út í þau að þessu sinni. Eg vonast eftir að mér gefist tækifæri til þess síðar, ef málið verður látið ganga til nefndar, sem eg vona að verði. Sérstaklega eru það ákvæðin um útsvarsálegginguna sem menn eru óánægðir með. Nú á síðari tímum hafa komið upp nýir atvinnuvegir, svo sem botnvörpveiðar og þar af leiðandi lifrarbræðsla og fleiri stórvaxnar atvinnugreinir, sem þó ekki næst til að leggja útsvar á.

Þá hefir gjalddaginn á bæjargjöldunum reynst óþægilegur. Þykir mönnum heppilegra að fá einn gjalddaga í stað þeirra tveggja sem nú eru. En sem sagt, þá hirði eg ekki um að fjölyrða um málið að svo stöddu. Það verður væntanlega fengið nefnd til athugunar, og get eg gjarnan stungið upp á, að því verði vísað til nefndarinnar, sem skipuð var hér í deildinni til þess að athuga sveitarstjórnarmál. Vil eg svo leyfa mér að mæla ið bezta með málinu.

ATKV.GR.:

Vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Vísað til sveitarstjórnarlaganefndarinnar með 16 shlj. atkv.

---

FRUMVARP til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að selja prestinum að Kolfreyjustað landsspildu í Innri-Skálavík (237); 1. umr.

*Forseti* lýsti yfir því, að frumvarpi þessu hefði verið of seint útbýtt, og þyrfti því að bera það undir atkvæði deildarinnar, hvort það mætti taka til meðferðar.

ATKV.GR.:

Leyft af ráðh. og þingd. í einu hlj.

**Flutningsm. (Jón Ólafsson):** Herra forseti! Við flutningsmennirnir höfum gert það fyrir beiðni prestsins á Kolfreyjustað, að flytja þetta mál inn á þingið. Maðurinn, sem er hniginn á aldur, fer fram á að fá keypta landspildu í Innri-Skálavík, sem sé 250 faðmar með sjó fram og 90 faðmar upp frá fjöruborði, fyrir ekki minna verð en 180 kr. Héraðsfundur í Suður-Múlasýslu hefir lagt eindregið með þessari málaleitun. Sýslumaðurinn útnefndi menn til þess, að meta spilduna og er hún 180 kr. virði eftir þeirra mati. Eg er vel kunnugur á þessum slóðum, eg er fæddur þar og uppalinn, hefi gengið þar um nærri daglega vor og sumar og haust á æskuárum minum. Þetta er mýrlent halllendi, sem aldrei hefir verið notað til sláttar og eiginlega helzt til einskis, nema hvað hross slangra þangað, og halda þau sig þó helzt til betra beitilands, sem nóg er til af. Sauðfé mun aldrei hafa verið beitt þar.

Það er margt, sem mælir með því, að þessari málaleitun prestsins verði sint. Landið fullhátt metið, að því er eg hefi bezt vit á. Eg vænti, að beiðandinn ætli að byggja sér þar hús, þegar hann hættir prestsskap, og nota þá landið ef til vill til að rækta það, því að með því að girða það, má rækta mikið af því, með talsverðu erfiði. Presturinn hefir bætt kirkjujörðina miklu meira en þessu nemur, síðan hann tók við henni. Túnið, sem áður gaf af sér 90 hesta, gefur nú af sér 200 hesta. Loks skal eg taka það fram, að þetta landstykki getur ekki rýrt jörðina, svo að neinu nemi, því að á Kolfreyjustað er yfirfljótanleg beit, hvernig sem árar, bæði til fjalls og fjöru. Eg vona því að frumvarpið fái góðar undirtektir, því að það er á sanngjörnum rökum bygt. Eins og eg gat um, er verðið í ríflegasta lagi, og auk þess getur landsstjórnin hækkað það, ef henni sýnist svo, því að í frumvarpinu er að eins sagt, að verðið skuli *ekki* vera *minna* en þetta. Eg veit, að háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) getur staðfest, að það sem eg hefi skýrt frá um þetta mál, er í alla staði rétt.

ATKV.GR.:

Vísað til 2. umr. með 13:2 atkv.

Vísað til þjóðjarðanefndarinnar með 17 shlj. atkv.

---

FRUMVARP til laga um sölubann á tóbaki til barna og unglinga (275); 1. umr.

*Forseti* lýsti yfir því, að frumvarpi þessu hefði verið of seint útbýtt, og þyrfti því að bera það undir atkvæði deildarinnar, hvort það mætti taka til meðferðar.

ATKV.GR.:

Leyft í einu hljóði.

---

**Flutningsm. (Sigurður Sigurðsson):** Allir eru nokkurn veginn sammála um það, að tóbaksreykingar séu skaðlegar, jafnvel fyrir alla, en þó sérstaklega fyrir börn og unglinga. Því er ver og miður að börn og unglingar taka snemma upp á því að reykja, jafn vel krakkar innan 10 ára aldurs sjást iðulega reykjandi hér í Reykjavík, og svo mun ástandið vera orðið víðar á landinu. Tóbaksreykingar barna eru engin ný bóla hér, því að þessi faraldur eða plága hefir gengið yfir allan heim. Vitanlega eru mest brögð að þessu í kaupstöðum eða þéttbýlum sjávarplássum, en þaðan breiðist það svo út til sveitanna. Það er alkunnugt að það tóbak, sem unglingar sækjast mest eftir, cigarettur eða vindlingar sem svo eru kallaðir, er sú tóbakstegundin, sem skalegust er, að dómi þeirra sem kunna

skil á efnasamsetningu tóbaks. Því meira alvöruefni ætti þetta að vera öllum hugsandi mönnum.

Steinn Sigurðsson kennari í Vestmannaeyjum tók sig til og rannsakaði, hvað liði tóbaksreykingum barna þar í skólanum. Hann skrifaði grein um rannsóknir sínar í Skólablaðið. Hún var einnig prentuð sérstaklega, og var henni útbýtt hér í deildinni fyrir fundinn. Steinn komst að þeirri niðurstöðu, að í 3 efstu bekkjum skólans voru 64% eða hér um bil $^2/_3$ af börnunum farnir að reykja. Að því er snertir neðri bekkina, þá fundust þar 9 börn innan 12 ára aldurs, sem byrjuð voru á reykingum. Hann getur þess, að ef miðað er við efstu bekkina 3, sem nokkurn veginn áreiðanleg rannsókn fór fram í, þá hafi 41% stúlkna og 87% pilta átt meiri eða minni þátt í reykingum. Og eftir vindlingaframtali barnanna sjálfra taldist honum svo til, að 17% af börnunum reyktu á ári 500 vindlinga hvert að meðaltali, minst 300 en mest 800. Vitanlega er þessi skýrsla ekki alveg áreiðanleg, en það þorir höfundurinn að fullyrða, að fremur muni vantalið en oftalið, og öllu tóbaki sleppir hann nema vindlingunum. Ennfremur segir hann, að þau börnin, sem mest hafi reykt, að einum tveimur undanteknum, hafi verið laklega að sér í skólanum eða tæplega í meðallagi og flestum ábótavant í siðferði, miðað við hin börnin.

Eg hefi ekki í höndunum skýrslur frá skólum erlendis um sama efni. En eg minnist að hafa séð þær, en þar mun útkoman ekki hafa verið betri en hér. Eg veit ekki, hvort nokkur gangskör hefir verið gerð að því hér í Reykjavík, að rannsaka, hvernig hér er ástatt í þessu efni. En án þess að eg ætli að spá nokkru um það, þá hygg eg að gera megi ráð fyrir að ástandið sé sízt betra hér en í Vestmannaeyjum, eftir því að dæma, sem manni kemur fyrir sjónir dags daglega hér í Reykjavík.

Eins og eg gat um áðan, er það álit manna, að reykingar hafi mjög skaðleg áhrif á börn og unglinga. Það er álitið, að þær dragi úr þroska þeirra og spilli sálargáfunum. Heilsufræðingar telja jafnvel að miklar reykingar barna geti leitt til ævarandi sjúkdóma, svo sem taugaveiklunar, flogaveiki og jafnvel vitfirringar. Og því yngri sem börnin eru þegar þau byrja, því skaðlegra er það. Hér er einungis litið á málið frá heilsufræðislegu sjónarmiði. Hina hliðina, útgjaldahliðina, ætla eg ekki að taka til íhugunar að þessu sinni, þó að hún reyndar sé vel þess verð, að henni sé gaumur gefinn.

Samkvæmt þessari almennu skoðun, að tóbaksreykingar séu börnum mjög óhollar, og samkvæmt þeirri almennu reynslu, að tilhneiging barnanna til þessarar nautnar fari mjög vaxandi, hafa í mörgum löndum verið gerðar ýmsar tilraunir og ráðstafanir til þess að reisa skorður við þessum ófögnuði, sumpart með frjálsum félagsskap, og sumpart með löggjöfinni. Það er vafalaust, að frjáls félagsskapur getur miklu áorkað, og hér á landi hefir myndast vísir í þá átt. En það er ekki nóg. Eg hygg að lagaákvæði mundi hjálpa til og styðja bindindisstarfsemi hér á landi meðal barna og unglinga. Eg sagði áðan, að annarsstaðar væri mikil hreyfing í þessa átt. Eg get nefnt dæmi. Eftir því sem fróður maður hefir sagt mér, hafa meðal annars verið sett lög í Japan, árið 1900, ef eg man rétt, sem banna unglingum innan 21 árs aldurs alla tóbaksnautn.

Háar sektir eru lagðar við, ef sannast, að barni eða unglingi hefir verið gert hægt fyrir að afla sér tóbaks, eða

ef því hafa verið gefin áhöld til að njóta þess, svo sem pípur eða dósir.

Í Noregi eru til heimildarlög, sem banna sölu á tóbaki til barna og unglinga. Sömuleiðis er mér sagt að í Englandi séu lög, sem gangi í sömu átt, banni sérstaklega sölu á vindlingum til unglinga. Einhver slík lög munu og vera til í Canada og Bandaríkjunum í Norður-Ameríku.

Í Danmörku var þessu máli hreyft fyrir nokkrum árum; en eg veit ekki um, hvort það hefir leitt til nokkurs lagaákvæðis í þessa átt, og það mundi ekki heldur sá maður, er eg leitaði til í þessu efni. En víst er um það, að um málið var mikið skrifað og mikil hreyfing í þá átt, að bannað yrði að selja unglingum tóbak, sérstaklega vindlinga.

Það er því alment viðurkent, að öll tóbaksnautn, hverju nafni sem nefnist, sé skaðleg unglingum, en sérstaklega þó vindlingar. Þess vegna hefir sérstaklega verið reynt að koma í veg fyrir að börnum yrði seld þessi tóbakstegund, og að þau geti neytt hennar.

Jafnvel þó ástandið sé máske víða annarstaðar lakara en hér á landi, virðist samt nauðsynlegt að gefa alvarlega gaum að því. Og ef ástandið er víða á landinu svipað og í Vestmannaeyjum, þá er fullkomin ástæða til að skerast í leikinn.

Þetta frumv., sem við flutningsmenn höfum komið fram með, miðar í þessa átt. Má vel vera að gallar séu á því, formgallar eða efnisgallar, en eg hygg, að þeir séu ekki svo verulegir, að ekki sé hægt að laga þá með breytingartillögum, án þess að málið sé sett í nefnd.

Vona eg að frumv. verði vel tekið, og að menn reyni að greiða götu þess, þar sem svo alvarlegt mál er um að ræða.

**Bjarni Jónsson:** Eg skal eigi vera langorður um þetta mál. Það getur vel verið að það sé rétt, sem háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) sagði, að börn reyktu sér til stórskaða, en það kemur alls ekkert þessu máli við, þegar rætt er um að banna að selja börnum og unglingum tóbak. Slík lög væru ekki einungis algerlega þýðingarlaus, heldur og í mesta máta hlægileg, því það yrði bókstaflega ómögulegt að framfylgja þeim.

Hvernig geta menn ætlast til þess, að kaupmaður geti séð það á á stúlku, hvort hún er 15 eða 16 ára gömul? 12 ára gamlar stúlkur eru oft eins þroskaðar og 16 ára. Unglingar ganga ekki með skírnarvottorð í vasanum og kaupmenn hafa ekki kirkjubækurnar við hendina, svo þeim er algerlega ómögulegt að vita um aldur unglinga, sem koma til að verzla við þá.

Eg hefi ekkert annað á móti lögunum, en að þau mundu verða algerlega gagnslaus.

Ef eg ætti yfir unglingi að ráða, vildi eg ráða því sjálfur, hvernig eg æli hann upp, hvort eg sendi hann í búð fyrir mig eftir vindlingum. Vil eg að löggjafarvaldið láti það hlutlaust. Eg held stúlku til að gæta barns. Hún er ekki 16 ára, en eg veit ekki hvort kaupmanninum er kunnugt um það. Þætti mér hart ef ætti að fara að banna mér að senda hana í mínum erindum út í bæ.

Eg þykist eigi þurfa að rekja þetta mál lengra. Eg held að hverjum manni hljóti að skiljast, að slík lög yrðu eigi til neins nema til ins verra.

**Halldór Steinsson:** Háttv. þm. Dal. (B. J.) hefir tekið fram mest af því, sem eg ætlaði að segja, svo að eg hefi ekki miklu við að bæta.

Eg verð að segja, að eg varð forviða á að sjá slíkt frumvarp sem þetta koma fram á þinginu. Hér stendur í 1. gr.:

»Engum kaupmanni, verzlunarmanni, veitingamanni eða þjónustu-

fólki þeirra skal vera leyfilegt að selja eða afhenda tóbak til neyzlu börnum eða unglingum yngri en 16 ára«.

Við þetta er það að athuga, að það geta komið fleiri til greina en kaupmenn og veitingamenn og þeir aðrir, sem taldir eru upp í frumvarpinu. En þó að eins væri um þá eina að ræða, hvernig geta þeir vitað um aldur barns í hverju einstöku tilfelli. Annaðhvort yrðu þeir að taka trúanleg orð barnsins, eða þá hreint og beint heimta skírnarvottorð þess. Geta allir séð, að slíkt yrði vafningasamt og hlægilegt í framkvæmdinni.

Auk þess, þó lögunum yrði fylgt út í æsar, hefðu unglingar óteljandi tækifæri til að fara í kringum þau. 15 ára drengur gæti fengið 16 ára kunningja sinn til að fara inn í búð og kaupa fyrir sig tóbak. Í fám orðum sagt, eg held að ekkert sé unnið með frumv.

Eg játa, að háttv. flutningsmönnum hefir gengið ið bezta til, því enginn neitar að tóbaksnautn hafi skaðleg áhrif á alla, ekki sízt unglinga. En eg lít svo á, að það sé fyrst og fremst verksvið foreldra og uppeldisstofnana að útrýma tóbaksnautn barna, og náist enginn árangur á þann hátt, held eg að engin þvingunarlög, sízt önnur eins pappírslög og þessi hlytu að verða, gæti haft nokkur áhrif.

Eg hefi ekkert á móti því, að málið yrði sett í nefnd, ef með því móti væri hægt að laga það eitthvað. En eg hefi ekki mikla trú á því.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Eg get að miklu leyti fallið frá orðinu aftur, því að flest af því, sem eg ætlaði að segja, hefir þegar verið tekið fram af þeim tveim háttv. þingmönnum, er síðast töluðu.

Eg er samdóma þeim um, að það mundi ekki verða annað en pappírsgagn að frumvarpinu svo úr garði gerðu, og því mundi aldrei verða framfylgt. En eg verð að játa, að mér er hlýtt til málsins, og vil eg ekki drepa það strax. Vil eg styðja að því, að það komist í nefnd, svo að fundin verði betri ráð.

Gæti eg hugsað mér, að væntanleg nefnd kæmist að niðurstöðu í þá átt, að banna algerlega aðflutning á cigarettum, sem eru mjög skaðlegar, einkum fyrir unglinga og kvenfólk.

Það hefir verið sýnt fram á, að *þetta* framvarp, svona lagað, muni verða gersamlega óframkvæmanlegt. En eg held, að öllum foreldrum, sem eiga börn á unglingsaldri, muni verða hlýtt til þess, því að *tilgangurinn er góður*; að eins að tækist að finna framkvæmanlegan *veg* til að *ná* honum. Það mundi ekki vera til neins að sekta seljendurna, því að það mundi verða farið í kring um það. Hitt væri nær að sekta foreldrana, þegar börn þeirra sjást reykja. Það gæti orðið aðhald fyrir þá. — Eg bendi að eins á þetta.

**Flutningsm. (Sigurður Sigurðsson):** Það er síður en svo, að eg hafi nokkuð á móti, að málið sé sett í nefnd. Get eg felt mig við það í þeirri von, að þeir, sem láta sér ant um það, geri það svo úr garði, að það verði að sem beztum notum.

Háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) gat þess, að eins og frumvarpið væri samið, gæti það að engu gagni komið. Held eg að fyrir honum hafi vakað, að tilganginum mætti ná á annan hátt. En annars var aðalástæðan gegn frumv. einkum hjá þeim háttv. þm. Dal. (B. J.) og háttv. þm. Snæf. (H. St.), að ekki væri hægt að sjá það á unglingi, hversu gamall hann væri.

Það er að vísu rétt, að eigi er hægt að sjá það á unglingi, hvort hann er 15 eða 16 ára; en í flestum tilfellnm mun vera hægt að sjá það upp á hár, hvort

hann er fyrir innan fermingu. — Það mætti líka benda á, að hægt væri að heimta af unglingum að þeir hefðu í vasanum lögregluskírteini, er sýndi aldur þeirra. En annars finst mér ástæða þessi vera mjög veigalítil. Það getur vel verið, að það komi sér vel fyrir þá sem latir eru, að geta sent unglinga eftir tóbaki handa sér; en eg álít að það sé ósiður að láta unglinga kaupa fyrir sig tóbak og veiti ilt fyrirdæmi.

Háttv. 1. þm. Dal. (B. J.) sagðist vilja ráða því sjálfur, hvernig hann ali upp börn sín Þetta er mjög auðvelt að segja, en í reyndinni vill það fara svo, að börnin verða fyrir utanaðkomandi áhrifum, sem foreldrarnir geta ekki ráðið við. Sérstaklega á það sér stað í bæjunum, þar sem börnin svo að segja eru hrifsuð undan umsjón foreldranna. Það er því fjarstæða að ímynda sér að foreldrarnir geti ráðið börnunum, sízt í stórbæjum. Enda er það kunnugt, að börnin fara á bak við foreldra sína í þessum efnum.

Annars vil eg styðja að málið sé sett í nefnd og er þakklátur hverjum manni, sem leggur því liðsyrði og vill stuðla til að tilganginum verði náð. En eg býst ekki við því, að þessi lög fremur en önnur verði alfullkomin. Við vitum að þegar verið er að reyna að koma einhverju góðu til leiðar, leitast menn við að komast svo langt, sem hægt er, þó ekki sé auðið að ná algerðri fullkomnun. Og má nefna í þessu sambandi sem dæmi, að við getum ekki brúað allar ár landsins á einu ári. Yfir höfuð getum við ekki í einu komið öllu því til leiðar, sem þjóðinni er til góðs, en við eigum að stefna að því að það takmark náist smám saman.

**Tryggvi Bjarnason:** Sumir hafa ráðist allóþyrmilega á þetta frumv., og verð eg að játa, að það er alls ekki aðgengilegt eins og það er. Ef það ætti að koma að nokkrum notum, yrði það að ganga töluvert lengra. Það sjá allir, að þó kaupmönnum og veitingamönnum sé bannað að láta börnum tóbak í té, er það til lítils meðan öllum öðrum er það leyfilegt. Væri farið að semja lög um þetta efni, ættu þau að ganga mikið lengra en þetta frv.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) sagði, að ekki væri auðvelt fyrir kaupmenn að sjá á unglingum, hversu gamlir þeir væru. Við því mætti gera með því að láta þá hafa skriflegt skírteini í höndunum frá foreldrum eða umráðamönnum þeirra, þegar þeir kæmu í búðir til verzlunar, um, hvað þeir ætla að verzla og fyrir hvern, ef um þessa vöru væri að ræða.

Eg álít mjög íhugunarvert, að kasta frumvarpi þessu frá sér, þar eð það er mikils um vert að fá tóbaksnautn unglinga minkaða. Hljóta allir að sjá, að gott væri, ef hægt væri, að draga úr tóbaksnautninni, því hún gerir engum gott, en mörgum fremur ilt og kostar þess utan mikla peninga. Mætti ef til vill koma fram sektum við foreldra þeirra og aðra, er létu tóbak af hendi við börn.

Álít eg sjálfsagt að málið sé sett í nefnd.

**Magnús Kristjánsson:** Það er máske ekki mikil ástæða til að setja sig upp á móti þessu frumvarpi. Það er líklega meinlaust eg gagnslaust. En það er annað, sem mér virðist íhugavert, það er stefnan, þessi bannlagastefna, sem virðist vera svo rík í deildinni og virðist sýkja hvern af öðrum. Bann er lagt við hverjum hlut. Það er neyzlubann, atvinnubann og yfir höfuð alls konar bann.

Get eg ekki séð að þetta stefni í þá átt, sem við þykjumst vilja, að hver einstaklingur sé sem frjálsastur bæði til orða og athafna, að svo miklu leyti sem það ekki skaðar aðra. Sérstaklega virðist mér óviðfeldið að þingið geri mikið

að því að skipa fyrir um, hvers menn neyta. Verði gengið lengra en orðið er í því efni, er ekki gott að sjá, hvar staðar nemur.

Hvað þessu máli viðvíkur, álít eg þann veg beztan, að menn reyni að koma þeirri hugsun inn hjá börnum og unglingum, að tóbaksnautn sé skaðleg. Skólar og uppeldisstofnanir eiga að gangast fyrir því. Mér er kunnugt um, að gagnfræðaskólinn á Akureyri hefir unnið mjög að þessu. Og er mér óhætt að segja, að það hefir borið mikinn árangur þar. Álít eg heppilegt að þessi stefna haldi áfram og líklegra að hún beri góðan árangur, en þó þingið færi að semja þvingunarlög í þessu efni.

Við þekkjum allir gömlu söguua um forboðna ávöxtinn. Hygg eg að unglingar muni verða þeim mun sólgnari í nautnina, því meiri erfiðleikum sem það er bundið að bundið að veita sér hana.

Eg mun í þessu máli, sem öðrum, þar sem farið er fram á að svifta menn frjálsræðinu, vera tregur til þess að ljá atkvæði mitt eða liðsinni.

**Kristinn Daníelsson:** Eg get ekki annað en furðað mig á að allir, sem talað hafa í þessu máli, skuli hafa andmælt því, þótt með allhógværum orðum hafi verið. Hvað sem líður frágánginum á frumvarpinu, get eg ekki betur séð en að það sé orð í tíma talað. Menn eru að draga fram grýlur um að ekkert gagn verði að frumvarpinu. Eg álít að vísu, að eigi verði fult gagn að því, en eg vil í þessu sambandi minnast á vers eftir skáldið Hóraz, þar sem hann segir, að nokkuð megi komast áleiðis þó eigi náist öll leiðin. En auk þess get eg alls ekki séð, að lögin séu óframkvæmanleg eins og menn halda fram. Skal eg minnast á að til að eru í lögum ákvæði um að ekki megi bjóða unglingum nokkuð ónefnt og lögð við þung refsing. Viðkomandi sakamanni mundi alls ekki verða hlíft fyrir það, þótt hann bæri fyrir sig að viðkomdi unglingur hefði ekki haft aldurskirteini á sér.

Það er að minsta kosti eitt, sem þessi lög gætu leitt gætu af sér, ef þau hefðu framgang. Þau mundu vekja meðvitundina um, að tóbaksnautn væri börnunum óholl. Slík meðvitund var alls ekki til í minu ungdæmi. Eg man til dæmis eftir því, að karlar og kerlingar, sem tóbak brúkuðu, kinnokuðu sér ekki við að bjóða okkur krökkunum í nefið; og eg get ímyndað mér, að það sé einmitt af þessum ástæðum að tóbaksnautn er svo almenn nú á timum. Mér finst að ekki geti nokkur vafi leikið á því, að það sé þarfaverk að vekja þessa meðvitund í hugum manna, og þótt maður ekki komist alla leið, þá er þó gott að komast áleiðis eins og Hóraz skáld segir.

Það er ekki nýtt að heyra sömu skoðun, sem háttv. þm. Ak. (M. Kr.) lét í ljós, um bannlagastefnuna, nefnilega að það væri skerðing á persónulegu frelsi hvers einstaklings að mega ekki neyta hvers sem hann vildi. Þessu er kastað fram þegar svo býður við að horfa, þótt það vitanlega sé ekki nema hálfur sannleikur, og allir hljóta að kannast við, að oft verður að vera takmark fyrir einstaklings-sjálfræði til að verjast almenningstjóni og hindra það sem ilt er og óholt í fari þjóðarinnar, með lögum. Það sem háttv. sami þm. sagði um, að börnin mundu *fremur* misbrúka tóbakið, enn meira sækjast eftir inu forboðna epli, ef þessi lög fengju framgang, kemur ekki til nokkurra mála og er alómögulegt að sanna það á nokkurn hátt. Eg er viss um, að með slíkum lögum mætti mikið draga úr því að börn neyttu tóbáks.

**Bjarni Jónsson:** Mér þykir mjög leiðinlegt að þurfa að eyða fleiri orðum

að þessu frumv, En orð háttv. 2. þm. G.-K. (Kr. D.) gera það að verkum, að eg get ekki þagað.

Hann mintist á þessa setningu eftir Horaz skáld: »Est quadam prodire tenus, si non datur ultra«. Þetta er rétt, setningin stendur hjá Hórazi og hitt er líka rétt, að ef þessi lög fengju framgang, þá yrðu þau byrjunin til þess að gera Alþingi hlægilegt. Svo langt má komast með þeim.

Sami hv. þm. blandaði saman tvennu ólíku, þar sem hann talaði um að banna að selja tóbak mönnum á vissum aldri, og annað sem hann benti til. Það er ekki sama sem að glæpur sé framinn, að selja mönnum tóbak. Að selja eitthvað er aldrei glæpur, nema þá að það sé gert með svikum. Annars virðist mér algerlega ómögulegt að leggja það haft á verzlunarmenn, sem hér er um að ræða; þeir geta ómögulega vitað, hverjum þeir megi selja og hverjum ekki. Þroski manna, bæði pilta og stúlkna, er svo mismunandi, að ómögulegt er að átta sig á því hve gamall þessi og þessi er. Ein leið væri þó til þess að fá þetta; og hún er sú, að gera öllum að skyldu að hafa skírnarvottorð sitt saumað á bakið á sér.

Háttv. sami þm. vitnaði til þess, að nú væri gengið ríkara eftir því og meiri gát höfð á því að börn reyktu ekki en var í hans ungdæmi. Eg held að það sé ekki. T. d. man eg eftir því, að í minu ungdæmi var stúlkukrakki kaghýddur fyrir að reykja.

Mér virðist sem sagt ekkert vit í þessu frumv. Ekkert vit í leggja það uppeldi barna, sem foreldrarnir eiga að sjá um, á kaupmennina, og mér virðist engin von til að þessi lög næði tilgangi sínum, þó að þau yrðu að lögum. *(Kristinn Daníelsson:* Est quadam prodire tenus, si non datur ultra). Já, við kæmustum það áfram, að við gerðum Alþingi hlægilegt. Annars skal eg benda háttv. þm., sem alt af er með þessa setningu hér, á, að það er til önnur setning eftir Horaz, sem hljóðar svo: »Humano capiti cervicem pictor equinam jungere si velit et varias inducere plumas . . . etc. — risum teneatis amici!«, sem þýðir, að ef málari setti mannshöfuð á merarháls o. s. frv., hvort mundu þá ekki vinirnir hlæja. Sams konar óskapnaður yrði þessi lagasmíð og mun fara líkt um þetta frumv., að menn geri ekki annað en að hlæja að því.

**Einar Jónsson:** Eg skal ekki þræta um gagnið, sem þetta frumv. ynni, og lengja með því umræður, en eg vil þakka hv. flutningsmönnum þessa máls fyrir að hafa komið fram með það, því að mér virðist það augljóst að hér sé stigið spor í áttina til þess að takmarka ið illa og skaðlega, sem af tóbaksnautninni getur leitt fyrir unglinga.

Hvað viðvíkur frumv. sjálfu, þá virðist mér það ekki vel undirbúið; eg hefði t. d. viljað að inn í það væri sett eitthvert ákvæði, sem hræddi börnin frá að kaupa tóbak. Það er ekki nóg að leggja alla ábyrgðina kaupmanninum á herðar, enda mjög erfitt fyrir kaupmenn að vita nákvæmt um aldur þeirra sem til þeirra eru sendir í verzlunarerindum. Sumir vilja, skilst mér, að foreldrunum og skólunum sé falið að sjá um að börnin neyti ekki tóbaks. Eg álít að slíkt sé ekki mögulegt, og mun víða sterk reynsla fyrir því. Foreldrar og skólakennarar hafa ekki það vald yfir börnunum að þeir geti hindrað slíkt. Eg hefi sjálfur alið upp dreng, og með því að eg vissi, hvað skaðlegt tóbak var, — eg er sem allir vita mjög mikill tóbaksmaður, líklega mestur tóbaksmaður hér í deildinni — þá reyndi eg að varna því að drengurinn neytti þess, en mér tókst það ekki, og eg get þess að svo muni fleirum fara.

Eg vildi reyndar gjarnan að skólar og foreldrar vandi meira en hefir verið uppeldi barna og reyni að hindra að börnin brúki tóbak eða annan óþarfa, en helzt af öllu vil eg fá lagaboð líkt því sem hér er á ferðinni, en ákveðnara þó. Það mundu unglingarnir óttast.

Sumir segjast vera á móti þessu frv. af því að það sé ekki fullnægjandi. Eg er þeim samdóma í því að það sé ekki fullnægjandi, en eg vil ekki kasta frá mér því sem í boði er, þó frekara væri æskilegra. Það ætti að gilda hjá hverjum hyggnum manni á öllum sviðum í viðskiftum og samningum, og þess vegna mun eg styðja frumvarpið og fylgja því fram.

**Magnús Kristjánsson:** Háttv. 2. þm. G.-K. (Kr. D.) veik máli sínu til mín, þar sem eg talaði um bannlög og bannlagastefnuna. Eg álít, að mest af því sem hann talaði um það mál, sé misskilningur frá hans hálfu. Eg átti við það, að álitamál gæti verið, hvort beita ætti bannlagastefnunni gagnvart börnunum. Yfir höfuð finst mér það mikið álitamál, hvort rétt sé að beita hörðu við börnin. Eg þekki mörg dæmi þess, að þegar mikilli hörku hefir verið beitt við börn til þess að siða þau og manna, að það hefir verkað í gagnstæða átt við það, sem til var ætlast.

Eitt var enn, sem háttv. 2. þingm. G.-K. (Kr. D.) gat um, að eftirlitið hafi verið minna með því að börn ekki neyttu tóbaks, og meðvitundin um skaðsemi þess hafi verið sofandi í hans ungdæmi, en ekki verður þó séð að hann sjálfur hafi orðið fyrir skaðlegum áhrifum í þessu efni. Mér virðist að þetta sanni alveg það mótsetta við það sem háttv. þm. ætlaðist til, því að meðvitundin um skaðsemi tóbaksnautnar er vöknuð, og meira eftirlit haft með því nú en áður, einkum í skólunum þar sem eg þekki til, að börnin ekki neyti tóbaks; því virðist mér þörfin fyrir þessum lögum fara minkandi. Annars hygg eg, að mín skoðun um þetta mál sé alveg eins réttmæt eins og háttv. 2. þm. G.-K., og eg mun vera á móti frumv.

**Flutningsm. (Sigurður Sigurðsson):** Það voru að eins fáein orð, viðvíkjandi þeirri mótbáru að erfitt sé fyrir kaupmenn að vita hve gamall unglingurinn er, sem kaupir tóbak.

Þetta ákvæði er ekkert einsdæmi í löggjöf landsins. Það eru til lög um sölu og veitingar áfengra drykkja, frá 11. Nóv. 1899, og í þeim fer eitt ákvæðið í þá átt, að ekki megi veita unglingum innan 16 ára aldurs áfenga drykki. Auðsjáanlega hafa löggjafarnir þá ekki verið neitt hræddir um, að ekki væri hægt að gera mun á aldri manna.

Viðvíkjandi strangleikanum, sem háttv. þm. Ak. (M. Kr.) talaði um, þá er því til að svara, að ekki er farið fram á í frumv. að beita neinum strangleika við börnin. Mér virðist hann meir beina orðum sínum til háttv. 1. þm. Rangv. (E. J.), sem vildi láta hræða *börnin* frá að brúka tóbak. Hér er að eins farið fram á að koma ábyrgð fram á hendur *kaupmönnum* fyrir að selja börnum tóbak.

Líka fanst mér mesta fjarstæða, er hann líkti þessu sölubanni saman við annað bann í gamla daga, er fór í þá átt að banna prestum að giftast. Hér í þessu tilfelli er það ekki annað en óvani, sem börnin venja sig á. En í hinu tilfellinu, með prestana, gilti lögmál, sem náttúran heimtaði að væri fullnægt, og finst mér þar ólíku saman að jafna, og því ekki tiltökumál, þótt þeir blótuðu á laun, fyrst þeir ekki máttu gifta sig.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2 umr. með 16 shlj. atkvæðum.

5 manna nefnd samþ. í einu hljóði.

Í nefndina voru kosnir með hlutfallskosningu:

Halldór Steinsson
Matthías Ólafsson
Sigurður Sigurðsson
Skúli Thoroddsen
Einar Jónsson.

---

TILLAGA til þingsályktunar um skipun nefndar til þess að íhuga beiðni frá P. J. Torfasyni um einkarétt honum til handa, til þess að vinna salt úr sjó með nýrri aðferð, og fleiri tillögur sama manns um hérlendan atvinnurekstur (280); hvernig ræða skuli.

ATKV.GR.:

Ein umræða samþykt í einu hljóði.

---

Útbýtt var á fundinum frá Ed.:

Frv. til laga um sjódóma og réttarfar í sjómálum. Eftir 2. umr. í Ed. (298).

Útbýtt var í deildinni:

1. Frv. til girðingarlaga. Eftir 2. umr. í Nd. (294).
2. Frv. til laga um stækkun verzlunarlóðarinnar á Eskifirði. Flm. Jón Ólafsson og G. Eggerz (302).
3. Frv. til laga um rafveitu í kaupstöðum og sjálfstjórnarkauptúnum (301).
4. Breytingartillögum við frv. til laga um rafveitu í kaupstöðum og sjálfstjórnarkauptúnum. Frá G. Eggerz (303).
5. Breytingartillögum við frv. til laga um samþykt um hringnótaveiði á Eyjafirði. Frá meiri hluta nefndarinnar (304).
6. Breytingartillögu við frv. til viðaukalaga við lög nr. 24, 9. Júlí 1909, um samþyktir um kornforðabúr til skepnufóðurs. Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi (308).

Fundi slitið.

---

## 29. fundur.

Föstudag 8. Ágúst 1913, kl. 11 árd.

Dagskrá:

1. Frv. til girðingalaga (294, 316); 3. umr.
2. Frv. til laga um samþykt um hringnótaveiði á Eyjafirði (282, 304, 315); 3. umr.
3. Frv. til laga um rafveitu í kaupstöðum og sjálfstjórnar-kauptúnum (301, 303); 3. umr.
4. Frv. til laga um umboð þjóðjarða (300); 3. umr.
5. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 32, 20. Okt. 1905, um málaflutningsmenn við landsyfirdóminn í Reykjavík (78, n. 268); 2. umr.
6. Frv. til landskiftalaga (272); 1. umr.
7. Þingsályktunartill. um skipun nefndar, til þess að íhuga beiðni frá P. J. Torfasyni um einkarétt honum til handa, til þess að vinna salt úr sjó með nýrri aðferð, og fleiri tillögur sama manns um hérlendan atvinnurekstur (280); ein umr.

---

Allir á fundi.

Fundarbók síðasta fundar lesin upp, samþ. og staðfest.

Forseti tilkynti, að nefnd, sú sem kosin var til þess að íhuga frv. til laga um sparisjóði, hefði kosið sér formann Lárus H. Bjarnason og skrifara Ólaf Briem, og að nefnd, sú sem kosin var til þess að íhuga frv. til laga um leynilegar kosningar og hlutfallskosningar til bæjar-

stjórna í kaupstöðum, hefði kosið sér formann Ólaf Briem og skrifara Jón Ólafsson.

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið í deildinni:

1. Frv. til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbankans til að gefa út nýjan (4.) flokk (serie) bankavaxtabréfa. Frá bankanefndinni (305).
2. Breytingartill. við frv. til laga um vatnsveitingar. Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi og Halldóri Steinssyni (312).
3. Viðaukatillögu við frumvarp til laga um samþykt um hringnótaveiði á Eyjafirði. Frá meiri hluta nefndarinnar (315).
4. Breytingartillögu við frumvarp til laga um bæjanöfn. Frá nefndinni (314).
5. Breytingartillögu við frumvarp til girðingalaga. Frá meiri hluta landbúnaðarnefndarinnar (316).
6. Nefnaráliti um frumvarp til laga um íslenzkan sérfána. Frá meiri hluta nefndarinnar (311).
7. Nefndaráliti um frumvarp til laga um bæjanöfn (313).
8. Nefndaráliti um frumvarp til laga um vatnsveitingar. Frá landbúnaðarnefnd. (307).
9. Framhaldsnefndaráliti um,hvað gera megi til eflingar Landsbankanum og veðdeildar hans (306).
10. Frv. til laga um að leggja jarðirnar Bústaði og Skildinganes undir lögsagnarumdæmi og bæjarfélag Reykjavíkur. Flutn.m.: Lárus H. Bjarnason (309).
11. Breytingartillögu við breytingartillögur á þgskj. 294 við frumvarp til girðingalaga. Frá Þorleifi Jónssyni, Bened. Sveinssyni, Jóni Ólafssyni og Bjarna Jónssyni (320).
12. Alþingistíðindum 1913, A, 6. hefti.

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið frá Ed.:

1. Frv. til laga um hvalveiðamenn. Eftir 3. umr. í Nd. (310).
2. Frv. til laga um breyting á lögum 22. Okt. 1912, um ritsíma og talsímakerfi Íslands. Eftir 2. umr. í Ed. (299).
3. Breytingartillögu við frumvarp til laga um breyting á lögum 22. Okt. 1912 um ritsíma- og talsímakerfi Íslands. Frá Hákoni Kristófersyni (318).
4. Frv. til laga um hallærissjóð. Eftir 2. umr. í Ed. (317).
5. Breytingartillögu við frumvarp til laga um breyting á lögum 22. Okt. 1912 um ritsíma- og talsímakerfi Íslands. Frá nefndinni (322).

Foseti skýrði frá, að lagt hefði verið fram á lestrarsal:

Erindi frá Jóni Jónssyni Hjaltstað um alt að 1000 kr. styrk eða verðlaun fyrir sauðfjárkynbætur sínar og umbætur á búnaðarverkfærum (26 flgskj.).

Þá var gengið til dagskrár og tekið fyrir:

FRUMVARP til girðingalaga (294, 316); 3. umr.

Tekið út af dagskrá.

---

FRUMVARP til laga um samþykt um um hringnótaveiðar á Eyjafirði (282, 304, 315); 3. umr.

**Framsögum. meiri hl. (Stefán Stefánsson):** Það er ekki ástæða til þess að fjölyrða um þetta mál; það hefir þegar verið rætt allítarlega. Eg vil að eins leyfa mér að benda á, að allar breyt.till. meiri hluta nefndarinnar á þgskj. 304 miða að því að veita Akur-

eyrarkaupstað sama rétt í undirbúningnum undir samþyktina sem sýslunum. Þó þótti rétt að orða 2. gr. alveg upp af nýju, vegna þess að ella mundu orðabreytingarnar á henni hafa orðið svo miklar. Ennfremur hefir nefndin komið fram með viðaukatillögu á þgskj. 315 og er hún í samræmi við lög nr. 52, 20. Des. 1901 um ýmisleg atriði, sem snerta fiskiveiðar á opnum skipum. Hér er þó endurnýjunartíminn eða gildi samþyktarinnar sett 5 ár í stað 10 ára í greindum lögum. Ástæðan til þessarar viðaukatill. er sú, að í flestum tilfellum hefir það reynst afar erfitt að fá nægilega marga kjósendur á fund, þar sem átt hefir að nema úr gildi slíkar samþyktir, sem stafar af því, að áhuginn er venjulegast ekki almennur fyrir afnáminu eða ónýtingunni, og í þessu tilfelli verða það sennilega einstakir menn, en ekki almenningur, sem óska þess að samþykt verði feld úr gildi. Þetta ákvæði ætti því að draga úr mótstöðunni á móti frumvarpinu.

Að svo mæltu vona eg, að frumvarpið með þessum breytingum nái samþykki háttv. deildar og verði afgreitt til háttv. Ed.

**Magnús Kristjánsson:** Jafnvel þótt eg hafi verið algerlega mótfallinn þessu frumvarpi í fyrstu, þá get eg nú sætt mig við það með breyt.till. nefndarinnar. Þótt eg áliti, að þannig lagaðar samþyktir, eins og hér er gert ráð fyrir, muni ekki ná tilgangi sínum, mun eg samt ekki setja mig beinlínis móti því, að frumvarpið verði samþykt, því eg treysti á að héraðastjórnir, þær sem hér eiga hlut að, muni vera færar um að ráða málinu til heillavænlegra úrslita fyrir alla hlutaðeigendur. Takmörkin verða öll önnur en upprunalega og er það mikils vert. Enn fremur er það til stórra bóta, að Akureyri hafi jafnt atkvæði um samþyktina sem sýslunefndirnar. Þar með er girt fyrir það, að nokkur veruleg hætta geti staðið af samþyktinni, því að eg geri ráð fyrir því, að bæjarstjórnin hafi næg áhrif til þess að sjá um, að málið verði vandlega rætt og athugað áður en frá því verður gengið til fullnustu.

**Bjarni Jónsson:** Ekki er eg svo hálsliðamjúkur, að eg geti snúist með þessu frumvarpi, þótt svæðið hafi verið minkað, sem samþyktin á að gilda um. Ekki er dregið úr grundvallarákvæðinu fyrir það. Og þótt séð sé fyrir Akureyri, þá er það ekki til bóta fyrir þá sem gera út skip héðan til veiða þar. Það þykir mér in mesta óhæfa, að lög séu gerð, sem heimili einum landshluta í sambandi við leppaða og óleppaða útlendinga að banna öllum öðrum landshlutum að stunda veiði þar. Og mun eg aldrei ljá slíkum lögum liðsinni mitt.

**Framsögum. minni hl. (Matthías Ólafsson):** Nefndin hefir lagt til að gera ýmsar breytingar á frumv., er gera það miklu aðgengilegra í mínum augum, og mun eg greiða atkvæði með öllum breyt.till. En þrátt fyrir það er skoðun mín á frumvarpinu í heild sinni engan veginn breytt, og mun eg greiða atkvæði á móti því, en óska nafnakalls í atkv.gr.

**Framsögum. meiri hl. (Stefán Stefánsson):** Mér virtist svo á orðum háttv. þm. Dal. (B. J.) sem hann áliti, að með þessu frumv. væri Eyfirðingum einum leyft að veiða með hringnótum, en að eins væri verið að útiloka, að menn úr öðrum héruðum mættu nota hringnætur á Eyjafirði, en sé það meining háttv. þm., þá er það inn mesti misskilningur. Þeim er jafnt bannað að veiða sem öðrum, enda held eg, að eg hafi áður tekið það fram, að jafnvel sumir þeir sem eiga þessi veiðiáhöld við Eyjafjörð eru mjög áfram um að sú veiðiaðferð verði bönnuð á firð-

inum, og sýnir það bezt álit almennings á málinu.

**Bjarni Jónsson:** Hér er um engan misskilning að ræða hjá mér. Eyfirðingum er með frumvarpinu heimilt að banna öðrum landsmönnum hringnótaveiði á Eyjafirði. Það kemur ekki þessu máli við, hvort þeir geta bannað sjálfum sér veiðina líka eða ekki.

ATKV.GR.:

1. breyt.till. 304, 1 við 1. gr. sþ. með 21 shlj. atkv.

2. breyt.till. 304, 2 við 2. gr. sþ. með 20 shlj. atkv.

3. breyt.till. 304, 3 við 3. gr. talin sþ. án atkv.gr.

Breyt.till. á þgskj. 315 (um að bæta nýrri gr. aftan við 4. gr.) sþ. mem 18 shlj. atkv.

Frumvarpið, þannig breytt, sþ. með 15 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli eftir ósk nokkurr þingmanna, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Jón Jónsson |
| Einar Jónsson | Benedikt Sveinsson |
| Guðm. Eggerz | Bjarni Jónsson |
| Hannes Hafstein | Björn Kristjánsson |
| Jón Magnússon | Halldór Steinsson |
| Jón Ólafsson | Jóh. Jóhannesson |
| Lárus H. Bjarnason | Kristinn Daníelsson |
| Ólafur Briem | Kristján Jónsson |
| Stefán Stefánsson | Matthías Ólafsson |
| Tryggvi Bjarnason | |
| Valtýr Guðmundss. | |
| Þorleifur Jónsson | |

Magnús Kristjánsson, Sigurður Sigurðsson og Skúli Thoroddsen greiddu ekki atkvæði og voru taldir til meiri hlutans.

Pétur Jónsson var fjarstaddur.

Frumvarpið afgreitt til Ed.

---

FRUMVRP til laga um rafveitu í kaupstöðum og sjálfstjórnarkauptúnum (301, 303); 3. umr.

**Framsögum. (Jón Ólafsson):** Herra forseti! Eg hafði alls ekki ætlað mér að taka til máls, sakir þess að eg hefi engan heyrt hreyfa andmælum á móti þessu frumv. Það væri helzt að eg segði eitthvað um breyt.till. háttv. samþingismanns míns, 2. þm. S.-Múl. (G. E.). Hann leggur það til, að í stað 11. gr. komi ný grein, þess efnis, að þessi lög skuli líka ná til Eskifjarðarkaupstaðar. Eg hefi ekki mikið við þessari breyt.till. að segja, hún raskar dálítið frumreglu frumv. og er ónauðsynleg, þar sem annað frumv. er á leiðinni, sem að líkindum verður samþykt og gerir tillöguna óþarfa. Annars læt eg tillöguna liggja mér í ósköp léttu rúmi og hefi í raun og veru ekkert á móti því, að hún verði samþykt, ef mönnum sýnist svo.

**Guðmundur Eggerz:** Þessi breyt.-till. mín, um að lögin skuli líka ná til Eskifjarðarkaupstaðar, er fram komin vegna þess, að Eskifjörður getur naumlega talist til sjálfstjórnarkauptúna. Til kaupstaðarins telst nefnilega eitt býli, sem liggur fyrir utan kaupstaðarlóðina. Afleiðingin af því verður sú, að lög þessi geta ekki komið að neinum notum þar, þótt þau verði samþykt. En bærinn hefir fengið raflýsingu fyrir nokkru, og það hefir reynst mjög bagalegt að hafa ekki getað tekið ljósagjöldin lögtaki. Eg get ekki séð, að þessi tillaga eyðileggi frumv. að nokkru leyti, einkum þar sem tilætlunin mun vera sú, að þau verði að eins til bráðabirgða, en stjórnin leggi fyrir næsta þing svipað frumv., sem þá ætti að gilda fyrir alt landið. Eg vona því, að þessi br.-till. verði samþykt.

**Ráðherrann (H. H.):** Eg vil að eins taka það fram, að þar sem talað er í 2. gr. um einkarétt bæjarfélaga til að veita »rafstraumum«, þá getur það ekki náð til talsíma og ritsíma, því að

það kemur í bága við gildandi lög um ritsíma og talsíma o. fl. frá 20. Okt. 1905, er áskilja landinu einkarétt til þeirrar rafmagnsframleiðslu. Raunar er í frumv. skírskotað til 11. gr. þeirra laga, en það er ekki nóg, því líkt kemur fyrir á fleiri stöðum í lögunum. Þess vegna er nauðsynlegt að skírskota til allra laganna, en ekki einnar greinar í þeim.

**Kristján Jónsson:** Mér virðist það nauðsynlegt, eftir athugasemd hæstv. ráðherra, að málið verði tekið út af dagskrá. Þessu verður sem sé ekki breytt nema með breyt.till., og þetta er 3. umr. málsins.

Svo vildi eg spyrja um það, hvort það er af ásetningi gert — og þá hvers vegna — eða það er af athugaleysi, að orðin »og (eða)« eru sett þannig bæði milli orðanna: »Kaupstöðum—Sjálfstjórnarkauptúnum« í frumv. Mér skilst það eigi annaðhvort að standa »og« eða að öðrum kosti »eða«, en eigi hvorttveggja.

**Framsögum. (Jón Ólafsson):** Herra forseti! Út af orðum háttv. þm. Borgf. (Kr. J.) skal eg geta þess, að eg sé enga ástæðu til að breyta orðunum »og (eða)«; þau eru alveg rétt — geta stundum tekið yfir hvorttveggja og stundum annaðhvort.

En það, sem hæstv. ráðherra sagði, er þess eðlis, að því verður ekki breytt nema með breyt.till. Vil eg því mælast til þess við hæstv. forseta, að hann taki málið út af dagskrá að þessu sinni.

Málið tekið út af dagskrá.

---

FRUMVARP til laga um umboð þjóðjarða (300); 3. umr.

**Framsögum. (Ólafur Briem):** Það hefir hvorki komið fram nein breyt.till. við þetta frumvarp né andmæli á móti því. Vænti eg því, að málið fái jafngóðar undirtektir nú og við fyrri umræðu þess og nái samþykki deildarinnar.

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. með 18 shlj. atkv.

Afgreitt til Ed.

---

FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr. 32, 20. Okt. 1905, um málaflutningsmenn við landsyfirdóminn í Reykjavík (78; n. 268); 2. umr.

**Framsögum. (Kristján Jónsson):** Þetta frumvarp, sem hér er til umræðu, er stjórnarfrumvarp, og var af henni lagt fyrir háttv. Ed. og er um breyting á lögum nr. 32, 20. Okt. 1905. Eftir þeim lögum getur stjórnin veitt öllum juridiskum kandidötum, sem lokið hafa prófi með ákveðnum vitnisburði, þegar í stað leyfi til þess að flytja mál fyrir yfirdómi. Þessi heimild stjórnarinnar hefir verið notuð svo, að hver og einn juridiskur kandidat hefir undir eins að afloknu prófi fengið þetta leyfi. Afleiðingin af þessu er sú, að yfirdómslögmönnum er alt af að fjölga. Þeir eru nú orðnir um eða yfir 20. En svo margra er alls ekki þörf. Á hinu er ríkari þörfin, að þeir hafi meiri æfingu og undirbúning, en þeir menn geta haft, sem eru nýsloppnir frá eksamensborðinu. Þá má búast við því, að þeir myndu leysa störf sín betur af hendi en ella.

Í frumvarpinu er farið fram á, að þetta leyfi skuli ekki veitast fyr en kandidatar hafi fengist við lögfræðisstörf í 3 ár. Þetta hefir nefndin fallist á, bæði af þeim ástæðum, er stjórnin tilgreinir, og þeim sem taldar eru í nefndarálitinu. Þó hefir nefndin viljað gera eina breytingu við frumv. stjórnarinnar. Þeir nemendur, sem nú stunda

nám við lagadeild háskólans, hafa, þegar þeir byrjuðu á námi, gengið út frá því, að lögin frá 1905 mundu standa í gildi, og þeir því geta notið þeirra vilkjara, sem þau heimila þeim. Nefndinni þótti ekki rétt að taka af þeim þessi réttindi eða þessa réttinda-útsjón, sem þeir hafa haft fulla ástæðu til að ætla að þeir fengju að halda. Fyrir því hefir hún leyft sér að koma fram með breyt.till. í þá átt, að þessi lög skuli ekki ná til þeirra lögfræðisnemenda, sem lúka prófi næstu 4 árin eftir að lög þessi öðlast gildi.

Frekara hefi eg ekki um málið að segja. Eg vænti þess, að háttv. deild telji frumvarpið réttarbót og breyt.till. nefndarinnar vel rökstudda, og samþykki frumv. með breytingartillögunni.

**Ráðherrann (H. H.):** Eg á bágt með að trúa því, að nokkur stúdent, sem byrjað hefir á námi við lagadeild háskólans, hafi gert það í því trausti, að ná í þennan yfirréttarmálaflutningsmannstitil. Hygg, að þeir hafi fremur gert það í því skyni að komast í embætti. Svonefndir »yfirréttarmálaflutningsmenn« eru orðnir svo afarmargir nú, að eg held að það væri að bera í bakkafullan lækinn, ef við ættum að fá fjögurra ára framleiðslu í viðbót, takmarkalaust. Eg get því ekkert séð á móti því, að lög þessi öðlist gildi þegar í stað. Hér er ekki um hagsmuni einnar stéttar að ræða, heldur hitt, að sjá um að frekari trygging fáist fyrir því, að mennirnir séu hæfir til þess starfa, sem þeir takast á hendur.

**Framsögum. (Kristján Jónsson):** Fyrir mitt leyti legg eg ekki mikla áherzlu á þessa breyt.till. nefndarinnar. En jafnframt get eg sagt það, að eg tel eigi verulega mikið varið í málið í heild sinni. Það er í raun og veru ekki mikilsvert. En það, að eg hallaðist að breyt.tillögunni, kom til af því, að eg bjóst við að málið myndi að öðrum kosti eiga allerfitt uppdráttar hér í deildinni. Líka ber þess að gæta, að breyt.till. á sér mörg fordæmi í svipuðum eldri lögum, sem samþykt hafa verið hér á þingi, og er vitnað til laga þessara í nefndarálitinu. Get eg eigi álitlð varhugaverðara að gera slíka undanþágu nú en þá.

**Ráðherrann (H. H.):** Eg lít svo á, að eftir núgildandi lögum hafi stjórnin fulla heimild til þess að veita mönnum þennan titil. En verði þessi breytingartillaga samþykt, þá er loku fyrir það skotið að landstjórnin geti sett nokkur takmörk fyrir því, hverjir fái þetta leyfi í næstu 4 ár.

**Lárus H. Bjarnason:** Eg get ekki séð neina áttyllu fyrir hæstv. ráðherra til að leggjast á móti viðaukatill. á þgskj. 268, jafnsjálfsögð og hún er og í fullu samræmi við líkt bráðabirgðarákvæði í lagaskólalögunum frá 1904 og í lögunum frá 1911 um embættisgengi lagakandídata frá Khöfn. Þótt erfitt sé að sanna það, að stúdentar hafi gefið sig við laganámi meðfram í því trausti að geta alténd orðið yfirréttarmálaflutningsmenn, þá er það vafalaust, að þetta getur hafa haft áhrif á val þeirra.

Það er enginn vafi á því, að frumv. þetta gerir þeim erfiðari viðleitnina til að bjarga sér, því að það held eg að sé rangt hjá hæstv. ráðherra, að lagastúdentar geri sér nú von um embætti upp úr embættisprófi. Hitt er sennilegra, að þeir búist við að geta fremur haft ofan af fyrir sér með málaflutningi, þótt margir séu um hituna, alténd þeir duglegu, og það geta þeir fremur, megi þeir flytja mál svo fyrir yfir- sem undirrétti.

Sé það rétt, að stjórninni beri ekki skylda til að veita heimild til málaflutnings í yfirdómi eftir núgildandi lögum, þá er það áreiðanlegt, að þessi litla við-

aukatillaga gerir enga breytingu í því efni. Stjórnin getur alveg eins neitað um leyfið eftir sem áður.

Eg tek í sama streng og háttv. þm. Borgf. (Kr. J.) — spái því, að frumv. eigi erfitt uppdráttar án þessarar viðaukatillögu. Verði hún ekki samþykt, þá er eg sannfærður um, að frumvarpið verður felt, að minsta kosti mun eg þá greiða atkvæði móti því.

ATKV.GR.:

Viðaukatill. á þgskj. 268 samþ. með 13 shlj. atkv.

Frumv. svo breytt samþ. með 16 samhlj. atkv.

Málinu vísað til 3. umræðu með 17 samhlj, atkvæðum.

---

FRUMVARP til landskiftalaga (272); 1. umr.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Eg vil leyfa mér að stinga upp á að þessu máli verði — að umræðum loknum — vísað til landbúnaðarnefndarinnar.

ATKVGR.:

Málinu vísað til 2. umr. í einu hlj.

Málinu vísað til landbúnaðarnefndarinnar með 18 shlj. atkv.

---

TILLAGA til þingsályktunar um skipun nefndar til þess að íhuga beiðni frá hr. P. J. Torfasyni um einkarétt honum til handa, til þess að vinna salt úr sjó með nýrri aðferð, og fleiri tillögur sama manns um hérlendan atvinnurekstur (280); ein umr.

**Benedikt Sveinsson:** Eg og hv. meðflutningsmenn mínir höfum leyft okkur að bera fram þessa tillögu eftir ósk hr. Páls Torfasonar. Kveðst hann hafa uppgötvað nýja og heppilega aðferð til að vinna salt úr sjó, sem ekki hafi verið reynd áður. Hann hyggst geta gert mikið gagn með því að nota þessa aðferð hér, en kveðst ekki sjá sér fært að leggja út í það, nema honum veitist einkaréttur til þess um ákveðið árabil. Mál þetta var lagt fyrir fund Fiskiveiðafélagsins hér síðastliðið vor, en það kom of seint fram — það voru ekki eftir nema örfáir dagar, og mörgu að sinna — svo að fundurinn treysti sér ekki til að ráða því til lykta, en tók þó mjög vel í það. Blaðið Ægir hefir líka getið um þetta og lagt því liðsyrði. Getur blaðið þess, meðal annars, að ekkert virðist mæla á móti því, að veita slíkan einkarétt.

Hr. Páll Torfason býst við að geta framleitt salt mikið ódýrara en nú er og er fús á að skuldbinda sig til að setja ákveðið hámark verðs, sem sé talsvert lægra en verð á salti er nú.

Þar sem það er alkunnugt, að herra Páll Torfason er áhugamaður mikill um framfaramál landsins og hefir dottið margt gott í hug og komið með margar góðar tillögur — var meðal annars einn af aðalstofnendum Íslandsbanka — þá virðist sjálfsagt af Alþingi að sinna þessari málaleitun hans. Vænti eg því að þessi tillaga fái góðan byr og nái samþykki háttv. deildar.

ATKV.GR.:

Tillagan samþykt.

5 manna nefnd samþ. í einu hljóði.

Kosningu hlutu með hlutfallskosn.:

Einar Jónsson
Benedikt Sveinsson
Matthías Ólafsson
Pétur Jónsson
Þorleifur Jónsson.

Fundi slitið.

## 30. fundur.

Laugardag 9. Ágúst 1913, kl. 12 á hád.

Dagskrá:

1. Frv. til laga um sölu á þjóðjörðinni Reykjum í Hrútafirði (117); 3. umr.
2. Frv. til laga um löggilding verzlarstaða í Karlseyjarvík við Reykhóla og í Hagabót í Barðastrandarsýslu (202); 3. umr.
3. Frv. til laga um stækkun verzlunarlóðarinnar á Eskifirði (302); 1. umræða.

---

Allir á fundi, nema 2. þingmaður Rangv. og þingmaður Sfjk., er höfðu leyfi forseta.

Fundargerð síðasta fundar lesin upp, samþykt og staðfest.

Forseti skýrði frá, að frá Ed. hefði borist:

1. Frv. til laga um breyting á lögum frá 22. Okt. 1912, um ritsíma og talsímakerfi Íslands (330)
2. Frv. til laga um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum (331)

ásamt tilmælum um að þau yrðu lögð fyrir Nd.

Ennfremur skýrði forseti frá, að forseti Ed. hefði endursent:

Frv. til laga um samþyktir um eftirlit úr landi með fiskveiðum í landhelgi (327)

og óskaði eftir að það yrði lagt fyrir Nd. að nýju.

Forseti tilkynti, að nefnd, sú sem kosin var til þess að íhuga frumv. til laga um sölubann á tóbaki til barna og unglinga, hefði kosið sér formann Sigurð Sigurðsson og skrifara Matth. Ólafssoon.

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið í deildinni:

1. Frv. til laga um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum. Eftir 3. umr. í Ed. (331).
2. Frv. til laga um breyting á lögum 22. Okt. 1912, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands. Eftir 3. umr. í Ed. (330).
3. Frv. til laga um samþyktir um eftirlit úr landi með fiskveiðum í landhelgi. Eftir 3. umr, í Ed. (327).
4. Frv. til siglingalaga. Eftir 3. umr. í Ed. (293).
5. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 32, 20. Okt. 1905, um málaflutningsmenn við landsyfirdóminn í Reykjavík. Eftir 2. umræðu í Nd. (326).
6. Nefndaráliti um frumv. til laga um breyting á 1. gr. laga um vitagjald frá 11. Júlí 1911 (333).
7. Nefndaráliti um frv. til laga um viðauka og breyting á lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða frá 12. Jan. 1884. Frá meiri hluta nefndarinnar (321).
8. Breytingartillögur við frumv. til laga um rafveitu. Frá nefndinni (329).
9. Breytingartill. við frumv. til girðingalaga (334).
10. Frumv. til laga um breyting á 16. gr. laga nr. 29, 16. Nóv. 1907. Flutningsm. Lárus H. Bjarnason.

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið frá Ed.:

1. Frumv. til laga um breyting á lögum nr. 18, 9. Júlí 1909, um styrktarsjóð handa barnakennurum. Eftir 2. umr. í Ed. (328).
2. Frumv. til laga um samþykt um hringnótaveiði á Eyjafirði. Eftir 3. umr. í Nd. (324).
3. Frumv. til laga um umboð þjóðjarða. Eftir 3. umr. í Nd. (235).
4. Breyt.till. við frumv. til laga um sjódóma og réttarfar í sjómálum. Frá Einari Jónssyni N.-Múl. (332).

5. Breyt.tillögum við frumv. til laga um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum. Frá Einari Jónssyni N.-Múl. (323).
6. Breyt.tillögum við frumv. til laga um hallærissjóð. Frá nefndinni (335).

Forseti skýrði frá, að lagt hefði verið fram á lestrarsal:

1. Erindi frá Gísla Jónssyni í Hafnarfirði um 1500 kr. styrk til að fara utan og framast í málaralist.
2. Erindi frá Jóni Hannessyni um að fá keypta ábýlisjörð sína Undirfell í Vatnsdal í Austur-Húnavatnssýslu.
3. Símskeyti frá sóknarnefnd Viðvíkursóknar, þar sem farið er fram á við þingmenn Skagfirðinga, að þeir endurtaki á þessu þingi álagskröfu Viðvíkurkirkju á hendur landssjóði.
4. Bréf stjórnarráðsins, ásamt bréfi byskups, þar sem hann skýrir frá því, að löglegur safnaðarfundur í Þönglabakkasókn hafi samþykt að taka við umsjón og fjárhaldi Þönglabakkakirkju með 1000 kr. álagi. Stjórnarráðið leggur til að nefnd álagsupphæð verði tekin upp í fjárlögin (2 figskj.).
5. Erindi frá alþingismanni síra Birni Þorlákssyni, um 300 kr. styrk handa drengnum Einari Guðmundssyni á Þórarinsstaðaeyri í Seyðisfirði, til þess að honum verði leitað læknishjálpar erlendis.

Þá var gengið til dagskrár og tekið fyrir:

FRUMVARP til laga um sölu á þjóðjörðinni Reykjum í Hrútafirði (117); 3. u m r.

**Flutningsm. (Tryggvi Bjarnason):** Deildin hefir tekið þessu máli vel, svo að eg sé ekki ástæðu til að ræða það við þessa umræðu.

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. með 12 : 5 atkv.

Afgreitt til ráðherra sem *lög frá Alþingi.*

---

FRUMVARP til laga um löggilding verzlunarstaða í Karlseyjarvík við Reykhóla og í Hagabót í Barðastrandarsýslu (202); 3. u m r.

Enginn tók til máls.

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. með 13 shlj. atkv.

Afgreitt til ráðherra sem *lög frá Alþingi.*

---

FRUMVARP til laga um stækkun verzlunarlóðarinnar á Eskifirði (302); 1. u m r.

Frumv. var svo seint fram borið, að leita varð leyfis þingdeildar og ráðherra til að taka það fyrir, og var það veitt.

**Flutningsm. (Jón Ólafsson):** Herra forseti! Þetta er líklega allrastyzta frumvarpið, sem fram hefir komið. Það er engu lengra en þetta: »Verzlunarlóð Eskifjarðarkauptúns skal að innanverðu ná inn á innri takmörk túns jarðarinnar Eskifjarðar«. Með öðrum orðum, efni frumv. er að lengja lóðina inn á við um ámóta langt svæði eins og héðan úr miðbænum og vestur á granda. Ef þetta frumv. verður samþykt, verður Eskifjörður kauptún út af fyrir sig án þess að hafa bæ með fyrir utan kaupstaðinn. Eg hefi spurt hæstv. ráðherra, hvort nokkuð væri þessu til fyrirstöðu, og sagði hann það ekki vera.

Eg hefi áður flutt sams konar frumv., t. d. í fyrra um Norðfjarðarlóðina, og eg man eftir fleiri frumv. af sama tæi, en ekki minnist eg þess, að þeim hafi

nokkurn tíma verið mótmælt. Vona eg því að þetta litla frumvarp gangi fram mótmælalaust.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 16 samhljóða atkvæðum.

Fundi slitið.

## 31. fundur.

Mánudag 11. Ágúst 1913, kl. 12 á hád.

Dagskrá:

1. Frumv. til laga um breyting á 1. gr. laga um vitagjald frá 11. Júlí 1911 (296, n. 333); ein umr.
2. Frumv. til girðingalaga (294, 316, 320, 334); 3. umr.
3. Frumv. til laga um rafveitu í kaupstöðum og sjálfstjórnarkauptúnum (301, 303, 229); 3. umr.
4. Frumv. til laga um breyting á lögum nr. 32, 20 Okt. 1905, um málaflutningsmenn við landsyfirdóminn í Reykjavík (326); 3. umr.
5. Frumv. til laga um íslenzkan sérfána (35, 42, n. 274 og 311); 2. umr.
6. Frumv. til laga um breyting á lögum nr. 86, 22. Nóv. 1907 (150); 2. umr.
7. Frumv. til laga um stækkun verzlunarlóðarinnar á Eskifirði (302); 2. umr.
8. Frumv. til laga um vatnsveitingar (163, n. 307, 312); 2. umr.
9. Frumv. til laga um bæjanöfn (166, n. 313, 314); 2. umr.
10. Frumv. til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbankans til að gefa út nýjan (4.) flokk (Serie) bankavaxtabréfa (305); 1. umr. [Ef leyfi fæst].
11. Frumv. til laga um að leggja jarðirnar Bústaði og Skildinganes undir lögsagnarumdæmi og bæjarfélag Reykjavíkur (309); 1. umr. [Ef leyfi fæst].
12. Frumv. til siglingalaga (293); 1. umr.
13. Frumv. til laga um breyting á lögum 22. Okt. 1912 um ritsíma og talsímakerfi Íslands (330); 1. umr.
14. Frumv. til laga um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum (331); 1. umr.

---

Allir á fundi.

Fundargerð síðasta fundar lesin upp, samþykt og staðfest.

Forseti skýrði frá, að frá Ed. hefði borist:

1. Frumv. til laga um sjódóma og réttarfar í sjómálum (340).
2. Frumv. til laga um hallærissjóð (344),

ásamt tilmælum um, að þau yrðu lögð fyrir Nd.

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið í deildinni:

1. Frumv. til laga um hallærissjóð. Eftir 3. umr. í Ed. (344).
2. Frumv. til laga um sérstaka dómþinghá í Öxnadalshreppi. Flutnm. Stefán Stefánsson, 1. þm. Eyf. (343).
3. Frumv. til laga um sjódóma og réttarfar í sjómálum. Eftir 3. umr. í Ed. (340).
4. Nefndaráliti um frumv. til laga um gjafasjóð Jóns Sigurðssonar handa fátækum í Eyjafjarðarsýslu (337).
5. Nefndaráliti um frumv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915 (348).
6. Framhaldsnefndaráliti um frumv. til laga um samþyktir um eftirlit úr landi með fiskiveiðum í landhelgi (346).

7. Breyt.till. við frumv. til laga um stofnun landhelgissjóðs Íslands. Frá nefndinni (345).
8. Breyt.till. við frumv. til laga um breytingu á lögum nr. 86, 22. Nóv. 1907. Frá Lárusi H. Bjarnason (347).
9. Breyt.tillögum við breyt.till. á þgskj. 334, við frumv. til girðingalaga. Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi (351).
10. Alþingistíðindi 1913. A. 7. hefti.

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið frá Ed.:

1. Nefndaráliti um frumv. til laga um sauðfjárbaðanir (341).
2. Breyt.till. við sama frumv. Frá nefndinni (342).

Forseti skýrði frá, að lagt hefði verið fram á lestrarsal:

1. Erindi frá 50 körlum og konum í Öxnadalshreppi um skiftingu á dómþinghá og manntalsþinghá ins forna Skriðuhrepps.
2. Erindi frá Guðrúnu Jónsdóttur um 400 kr. árlegan ellistyrk (með 1 fígskj.).
3. Erindi frá Elísabetu Jónsdóttur um ellistyrk.
4. Erindi frá hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps í Eyjafjarsýslu, þar sem farið er fram á, að inn í næstu fjárlög verði sett ákvæði um að veita megi Hvanneyrarhreppi alt að 5000 kr. lán úr viðlagasjóði á næsta fjárhagstímabili.
5. Erindi frá þingmanni Barðstrendinga, um að sýslunefnd Vestur-Barðstrandarsýslu verði gefnar eftir eftirstöðvar af 5000 kr. láni úr viðlagasjóði (1 fígskj.).
6. Skjal frá Th. Krabbe verkfræðing, þar sem hann mælir með að fé verði veitt til hafnargerðar í Bolungarvík.

FRUMVARP til laga um breyting á 1. gr. laga um vitagjald frá 11. Júlí 1911 (296, n. 333); ein umr.

**Framsögum. (Bjarni Jónsson):** Eins og getur um í nefndarálitinu, hefir háttv. Ed. ekki gert aðra breytingu á frumvarpinu, frá því sem það var samþykt hér í deildinni, en þá, að hún hefir hækkað vitagjald um 5 aura á smálest af þeim skipum, sem flytja fólk eingöngu. Á því sjá allir, að það sem milli deildanna ber, er ekkert höfuðatriði og nefndin getur ekki annað séð, en að þeim mönnum, sem þótti 10 aura gjaldið aðgengilegt, þyki líka 15 aura gjald þolandi. Nefndin leyfir sér því að leggja til að frumvarpið verði samþykt óbreytt eins og það kom frá háttv. Ed.

ATKV.GR.:

Frumvarpið sþ. með 18 shlj. atkv.

Afgreitt til ráðherra sem *lög frá Alþingi.*

---

FRUMVARP til girðingalaga (294, 316, 320, 334); 3. umr.

**Framsögum. (Eggert Pálsson):** Eins og háttv. þingdeildarmenn mun reka minni til, var atkvæðagreiðslan um þeta mál nokkuð ruglingsleg við 2. umr. Af því leiddi, að töluvert ósamræmi komst inn í greinarnar. Nú hefir nefndin viljað koma aftur samræmi á milli greinanna, og hefir því leyft sér að koma fram með breyt.till. á þgskj. 334. Nefndin lítur svo á, að ef þessar breyt.till. verða samþyktar, verði frumvarpið lýtalítið, þar sem það aftur á móti geti ekki talizt að vera það eins og það er nú. Í 9. gr. er t. d. þannig komist að orði:

»Vilji maður girða beint, og þarf til þess inn á annars manns land, þá er það það því að eins heimilt, að til

komi samþykki jarðeiganda og ábúanda þeirrar jarðar«.

Eins og hverjum manni er augljóst, er hér í þessari málsgrein að ræða um atriði, sem enga lagasetningu þarf um. Ef allir hlutaðeigendur eru sammála, þá þarf vitanlega ekki neinna lagaákvæða með, hvorki í þessum efnum né öðrum. Það er fyrst, er menn greinir á, að þörf verður á lagaákvæðunum.

Meiri hl. nefndarinnar lítur nú svo á, að nauðsynlegt sé að fá lagaákvæði um, að hægt sé að koma í framkvæmd beinum girðingum, þótt ekki náist beint samþykki beggja málsaðila. Landamæri jarðanna liggja oft, eins og allir vita, í svo miklum krókum og bugðum að illmögulegt er að girða, ef öllum krókunum þarf að fylgja, auk þess sem það má teljast með öllu óþarfi. Vilji maður því girða beint, og þarf til þess inn á annars manns land, en fær ekki samþykki eigandans eða ábúandans til þess, þá finst nefndinni sanngjarnt, að ekki sé loku fyrir það skotið að maðurinn geti samt sem áður girt beint, heldur séu úttektarmenn látnir ákveða hvar girðinguna skal setja og meta skaðabætur, ef meira er tekið af landi nábúans, en hins, sem girða vill. Eg vona að allir háttv. þm., sem athuga þetta, sjái, að slíkt ákvæði er með öllu nauðsynlegt til þess að girðingar geti komist í framkvæmd, þar sem svo til hagar sem hér er ákveðið.

Breyt.till. háttv. þm. Dal. (B. J.), að síðari málsgrein 9. liðar falli burtu, álítur meiri hluti nefndarinnar mjög óheppilega. Með breyt.till. er loku fyrir það skotið að hægt sé að girða þar sem mörkin liggja öll í krókum, eins og oft á sér stað, sérstaklega þar sem lækir eða gamlir farvegir ráða mörkum. Meiri hluti nefndarinnar leggur því til að þessi málsgrein falli ekki niður, heldur verði haldið í breyttri og eðlilegri mynd eins og 2. liðurinn í breytingartillögum hans gerir ráð fyrir.

Í 3. breyt.till. nefndarinnar á þgskj. 334, vildi nefndin sneiða sem næst ákvæðum vegalaganna. Áleit meiri hl. nefndarinnar enga ástæðu til þess að breyta þeim með þessu lagaboði. En á hina hliðina fer breyt.till. á þgskj. 320 frá háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.) og háttv. þm. Dal. (B. J.) fram á gagngerða breytingu á vegalögunum í þessum efnum. Og leggur því meiri hluti nefndarinnar til að sú breyt.till. verði feld, og að ákvæðin í vegalögunum, að því er snertir hlið á girðingunum, fái að standa óbreytt.

4. liður breyt.till. á þgskj. 334 er til til þess ætlaður að gera mönnum kleift að fara óhindrað um sleðabrautir að vetrarlagi. Á það helzt við á Norðurlandi, þar sem miklar eru sleðaferðir. Leggur nefndin því til, að þar sem girt er yfir sleðabraut, verði hlið að vera á og ekki megi loka hliðinu eða á annan hátt hindra umferð manna eftir slíkum brautum með því að þvergirða þær svo að ekkert hlið sé á þeim haft.

Annars skil eg ekki annað en að hv. deild fallist á þessar breytingartillögur meiri hluta nefndarinnar. Ef nokkur ágreiningur verður, býst eg helzt við að hann verði um 3. liðinn á breyt.till. á þgskj 234 eða breyt.till. á þgskj. 320 um sama efni, þar sem er að ræða um það, hvort með þessum lögum eigi að breyta ákvæðum vegalaganna eða ekki. Meiri hluti nefndarinnar vill ekki að það verði gert og vona eg að þeir verði fleiri meðal háttv. þingdeildarmanna, sem fallast á það.

**Bjarni Jónsson:** Háttv. síðasti ræðumaður fór mjúkum orðum um breytingartillögu minni hluta nefndarinnar. Vil eg nú gera ið sama um breyt.till. meirí hlutans. Síðasta lið breyt.till. á þgskj. 234, um sleðabrautirnar, er eg

samþykkur. Er það aðallega 2. liðurinn á breyt till., sem eg tel athugaverðan. Er þar gengið of laangt inn á rétt einstakra manna yfir eignum sínum. Vilji maður girða land sitt beinni girðingu, þá getur eigandi nábúajarðarinnar í engu hlutast til um það, þó að gengið sé inn á land hans. Heldur ráða þar einir úttektarmenn, og engan veginn er það víst, að þeir fallist á ástæður eigandans. Getur þar eigandinn haft ýmsar ástæður, sem úttektarmenn virða að vettugi. Svo er t. d. um þær ástæður, sem hafa svokallað etiskt (kendar-) gildi fyrir eigandann. Honum getur þótt vænt um einhvern blett, sem hann vill ekki að nábúi hans leggi undir sig. Það getur verið blettur, sem verið hefir leikvöllur hans í æsku eða hann vill hafa fyrir leikvöll handa handa börnum sínum. Getur verið blettur, sem sú trú fylgir, að aldrei megi slá og valdi illum afleiðingum sé útaf brugðið, og margar fleiri ástæður, sem ekki er sagt að úttektarmenn meti fullgildar.

Fyrir mönnum vakir það, að með þessu ákvæði sé þeim mönnum hjálpað, sem vilja girða land sitt beinum girðingum. En þetta er ekki rétt. Þetta ákvæði er alveg óþarft, því þetta geta hlutaðeigendur sjálfir komið sér saman um. Í 8. gr. laganna er líka gert ráð fyrir því, hvað gera skuli, náist ekki samkomulag milli eiganda nábúajarðarinnar og þess, sem girða vill. Er því þessi liður breyt.till. með öllu óþarfur, því að í 8. gr. er heimilað girða hvað sem móteigandi segir, og er honum gert að skyldu að borga að sínum hlut. Mundi hann því auka sjálfum sér kostnað, ef hann leyfði eigi að stytta girðinguna. Þar með er trygt að hann geri það eigi að óþörfu.

Ekki er það rétt, sem sagt hefir verið, að atkvæðagreiðslan hafi verið óljós við 2. umr. þessa máls. Hún var glögg: 14 menn greiddu atkv. sitt (með nafnakalli) á móti þessu.

Við 2. umr. var spurningin sú in sama og nú, um það, hvort með lögum megi ákveða að maður sleppi yfirráðum yfir eignum sínum. Og þessir 14, sem greiddu atkv. sitt á móti þessum lið breyt.till. þá, hygg eg að muni gera það enn.

Breytingartillaga minni hluta nefndarinnar fer fram á að síðari liður 11. gr. frumvarpsins falli burt. Þar sem talað er um að hlið eigi að vera á vegi, þá er einskis leyfis þörf til þess að girða svo, ef hliðið er opið. Þá fyrst er þörf lagaákvæða, ef grind á að vera í hliðinu. Vegalögin hafa hér hlið í þeirri merkingu, að sama er orðalagið sem hér er haft í Reykjavík: að maður standi í hurðinni, í staðinn fyrir að maður standi í dyrnum. Þessu er því rétt að breyta, þótt ekki sé það neitt veigamikið atriði. Breyt.till. okkar fer þó ekki aðallega í þessa átt, heldur þá, að menn þurfi ekki að sækja um leyfi til þess, sem er sjálfsagt.

Það hefir verið talað um, að stjórnarráðsskrifstofan væri dýr stofnun og að þar ynnu óþarflega margir menn. Ekki skal eg neitt um það tala, en fleiri starfsmönnum yrði hún þó að bæta við sig, ef hún ætti að fara að vasast í öllu þess háttar. Yrði það nægilegt efni fyrir eina skrifstofu. Væri þá ekki hægt að segja, að starfsmenn hennar hefðu ekki nóg að gera. Þetta leyfi, sem hér er um að ræða, er alt af veitt, og hvað á þá skriffinskan að þýða?

Vil eg nú ekki ræða þetta mál frekara, heldur vík aftur að inu fyrra atriði, um atkvæðagreiðsluna við 2. umræðu. Hygg eg að þessir 14 menn hafi ekki skift skoðunum sínum síðan þá og hygg eg að þeir muni samþykkja breyt.till. á þgskj. 351, að síðari málsgrein 9. gr. verði feld burt.

**Þorleifur Jónsson:** Eg hefi beðið um orðið til þess að segja nokkur orð um breyt.till. á þgskj. 320. Háttv. þm. Dal. (B. J.) hefir talað rækilega um málið og skal eg því vera stuttorður.

Háttv. framsögumaður (E. P.) hélt því fram, að ekki væri rétt að breyta ákvæðum vegalaganna eins og við förum fram á í breytingartillögu okkar, en þó skildist mér sem hann legði ekki mikið kapp á að spyrna móti breytingartillögu okkar. Eg sé það heldur ekki að það sé neitt hættulegt, þó að þetta ákvæði sé felt úr vegalögunum með þessu ávæði í girðingalögunum, og því tel eg óþarft að fara að koma með frumv. til laga um breytingu á vegalögunum. Stjórnin og sýslunefndirnar munu oftast nær veita leyfi til að gera girðingar yfir veg með hliði á fyrir veginum, og hvers vegna á þá að vera að gera mönnum óhægra fyrir, með því að setja svona reglur. Mér finst það óþarfa kvöð, sem á almenning er lögð, að þurfa að sækja um leyfi til stjórnarráðs eða sýslunefnda um alla skapaða hluti, og þá einkanlega þegar menn segja að það sé hér um bil víst að leyfið verði gefi.

Mér er nú að vísu ekki kunnugt um, hvaða reglum stjórnarráðið hefir fylgt í þessu efni, en býst við að það muni sem oftast veita leyfi til að hafa grindur í hliðum, nema þá á fjölförnustu vegunum, svo sem vegunum, er liggja upp frá stærri kaupstöðum landsins, og ef að þetta er reglan, þá fellur alt í ljúfa löð; en með þessu er tekin af óþörf skriffinska, sem getur tafið framkvæmdir og er engum til þæginda.

Hinu býst eg síður við, að stjórnarráðið neiti í flestum tilfellum að hafa grindur í hliðum, því það væri líka mjög oft sama sem algert bann væri lagt við girðingum og mönnum þar með bannað að verja land sitt. En það ræki sig mjög hvað á annað, að löggjafarvaldið hvetur menn eða *tælir* til að leggja kapp á að friða land sitt með girðingum, með því að gefa ýmis fyrirheit í fjárlögum og girðingalögum, ásamt styrk frá Búnaðarfélagi Íslands, — ef þeim væri svo bannað að hafa grindur í hliðunum, því að lítið gagn er að girðingum, ef ekki má loka hliðum. Eg hugsa ekki að stjórnarvöldin vilji tæla menn þannig. Ef stjórnin ber ferðamennina svo fyrir brjósti, að hún vill banna mönnum að hafa lokuð hlið á girðingum sínum, þá sýnist mér að landssjóður ætti að leggja girðingu með fram vegum.

Eg er ekkert hræddur um það, þótt þessi breytingartillaga okkar verði samþykt, að það verði mjög misbrúkað. Á mjög fjölförnum vegum myndu menn ekki gera tilraun til að girða yfir vegi með hliði fyrir, af því að menn sæu að þau hlið yrðu aldrei látin aftur. En á útkjálkum landsins og upp til sveita, þar sem ekki er mjög mikil umferð, þá er ferðamönnum engin vorkun að opna hliðin og láta þau aftur. Væri þar því óþarfi að leita til stjórnarinnar um leyfi til þess að mega hafa hlið og sama er að segja um það, ef leyfisins á að leita hjá sýslunefndinni, og væri þó skárra að þær einar hefðu þessar leyfisveitingar með höndum, ef menn vilja endilega að stjórnarvöld hafi eitthvað með þetta að gera.

Eg hefi heyrt, að í Rangárvallasýslu, þar sem er þó fjölfarinn þjóðvegur, að þar á vegum séu ekki allfá hlið, sem menn verði að tefja sig við að opna. Ef leyfi er veitt til þess þar, þá hugsa eg líka að óþarfi sé að banna þetta út um land, þar sem minni umferð er. En ef gengið er fram hjá ákvæðum vegalaganna og menn taka sér leyfið sjálfir óátalið, þá er óþarfi að láta þau standa. Vona eg því að háttv. deild taki þessum tillögum okkar vel.

Út af því, sem hv. þm. Dal. (B. J.) sagði

um breyt.till. á þgskj. 334 við 9. gr., vildi eg segja fáein orð. Háttv. þingmaðar vildl láta fella burtu síðari málsgrein 9. greinar. Við nánari umhugsun hefi eg komist að raun um, að ekkert er á móti því að breyt.till. nefndarinnar á þgskj. 334 við þessa grein verði samþykt. Það yrði oft ilt að skylda menn til þess að girða eftir öllum þeim smákrókum sem geta verið á landamerkjum. Girðingin yrði þá oft að mun lengri, og því kostnaðarsamari. Báðum hlutaðeigendum yrði það líka til hagræðis að girða beint og mundi þeim þá oftast nær koma saman um slíkar girðingar. Hér á landi er líka svo mikið landrými víða, að þó að löndin séu dálítið skert til þess að geta girt beint, þá getur það vel borgað sig, ef að það styttir girðinguna að mun. Er því rétt að stuðla að því að girðingar séu gerðar sem beinastar.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Eg ætla mér að greiða atkvæði um þetta mál eins og við 2. umr., af því að eg hefi ekki heyrt meiri rök fyrir því enn þá, að eigi sé rétt það sem háttv. þm. Dal. (B. J.) heldur fram, sem sé, að það sé ekki annað en skriffinska að vera að heimta að sótt sé um leyfi, sem sjálfsagt verður ávalt að veita. Aftur get eg ekki verið samþykkur háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.) um að gera neina breyting á ákvæðum frumvarpsins um það, er beint er girt og teknir af krókar. Eg hygg bezt að halda ákvæðum frumvarpsins um það efni óbreyttum.

**Ráðherrann (H. H.):** Eg mótmæli því, að það sé að eins skriffinska, að heimta leyfi til þess, að þvergirða vegi. Það er satt, að sjaldan mundi verða neitað um slík leyfi, þar sem annars er þörf á girðingu. En það er nauðsynlegt að hafa þetta ákvæði til þess, að ekki sé verið að leika sér að því, að girða þvert yfir vegi, alveg að óþörfu, og gera mönnum með því farartálma með því að fylla alt með hliðum. Eg álít að það geti ekki verið neinum til miska, þótt sækja þurfi um slíkt leyfi, og að stjórnarvöld beiti þeirri sanngirni að veita það, ef það er ekki hreinn og beinn óþarfi.

**Framsögum. (Eggert Pálsson):** Háttv. þm. Dal. (B. J.) vildi sýna fram á það, að 14 háttv. þm. hér í deildinni hafi greitt atkv. gegn þessum till. meiri hluta nefndarinnar á þgskj. 334, 2. liðnum. En eg álít, að hér sé ekki rétt með farið. Það greiddu aldrei 14 manns atkv. gegn þessum lið, því að það atriði, sem í honum felst, kom aldrei undir atkvæði, og gat ekki komist að vegna þeirrar ruglingslegu atkvæðagreiðslu, sem á undan var gengin, og eiga menn þess vegna eftir að greiða atkvæði um það nú. Það þurfti sem sé að gera breytingar í frumv. frá því sem það var við atkvæðagreiðsluna við 2. umr., til þess að háttv. deild gæti staðið sig við að senda málið frá sér til háttv. efri deildar, og frumvarpið væri ekki deildinni hreint og beint til vanvirðu. Og að koma frumv. aftur í sæmilegt horf, það hefir nefndin leitast við með breyt.till. sínum. Og í það horf kemst það, ef háttv. deild samþykkir breyt.till. meiri hlutans 2. lið jafnt sem hina. Þar sem þessi sami hátt. þm. hefir nú borið fram breyt.till. um, að fella niður síðari málsgrein 9. greinar, án þess að setja nokkuð í staðinn, þá vill meiri hl. landbúnaðarnefndar í þess stað hleypa inn í frumvarpið nýjum lið, þgskj. 334, 2, og er hér um allverulegan ágreining að ræða. Ástæðan til þess að meiri hl. nefndarinnar heldur fast við breyt.till. sína á þgskj. 334, 2. lið, er sú, að hann álítur nauðsynlegt að gera mönnum sem léttast fyrir að girða um lönd sín. En ef þetta verður ekki samþ., þá er alt eins og áður og engin trygging fyrir því, að

menn geti komið í framkvæmd girðingum, fremur en nú er, þar sem ýmislegir krókar og smáhlykkir ráða mörkum, nema því að eins að þeir sleppi svo og svo miklu af eigin landi endurgjaldslaust.

Háttv. þingm. hélt því fram, að nóg trygging, að því er þetta snertir, lægi í 8. gr. frumv., þar sem gert er ráð fyrir því, að hægt sé að þvinga nágrannann til að taka þátt í girðingarkostnaðinum. En þetta er alveg misskilningur. Þetta kemur ekkert krókunum við á landamerkjum yfirleitt, og 8. gr. á að eins við girðingar milli túna eða engja, en 9. gr. á við landamerki yfirleitt, hvort sem tún eða engjar eða jafnvel að eins bithagi liggur að þeim. Háttv. þm. hefir ruglað þessum greinum saman, sem eru þó talsvert ólíkar í eðli sínu. Það getur verið, að tún eða engjar sé beggja megin girðingar, en það þarf auðvitað alls eigi að vera. Honum þótti það hart, að úttektarmenn skuli vera einráðir í þessum málum, og áleit ekki víst að þeir tækju ávalt gildar ástæður eiganda um þann og þann blett, sem um væri að ræða. Það getur verið, að slíkt geti komið fyrir, en eg sé enga ástæðu til þess að gera þeim slíkar getsakir, að þeir muni ekki beita sanngirni yfirleitt svo í þessum efnum sem öðrum. Auðvitað getur það átt sér stað, að manni sé á einhvern hátt óþægilegt að landspilda, sem hann á, falli, af því að girðingin þarf að vera bein inn, fyrir girðingum hjá öðrum. En sé svo, getur hann treyst úttektarmönnum til þess að taka sanngjarnt tillit til slíkra óþæginda, svo að fullar bætur komi fyrir. En séu ástæður hans ekkert annað en þrái, fyrirsláttur eða hégómi verða þær vitanlega ekki teknar til greina.

Um breyt.till. á þgskj. 320 hefi eg þegar lýst skoðun meiri hl. nefndarinnar. Hún lítur svo á, að það sé engin þörf á því, að breyta vegalögunum að þessu leyti. Það er satt, að það kostar dálita fyrirhöfn, að útvega sér þetta leyfi til þess að girða fyrir veg og hafa hlið á, en mikil er hún ekki. Það þarf ekki annað en að skrifa nokkrar línur og óska þess, og ef það er gert með dálitlum fyrirvara, þá þarf ekkert að stranda á því. Það er auðvitað, að ef menn rjúka til að undirbúa slíkar girðingar, áður en þeir sækja um leyfið, og það fæst svo ekki, þá geta menn haft tjón eða óþægindi af því. En slíkt á ekki og þarf ekki að koma fyrir. Ef um slíkt leyfi er sótt, er eg sannfærður um það, að stjórnarvöld fara ekki að synja um það, ef engin skynsamleg ástæða er til þess. En hitt er jafnvíst, að stjórnarvöldin gætu orðið neydd til þess að taka í taumana, og skal eg taka til dæmis ef fara ætti að þvergirða veginn á hverjum landamerkjum á akbrautinni hér austur. Eg tel nú að vísu ekki líklegt að mönnum detti slíkt í hug, en kæmi það fyrir, þá þarf að vera til svona lagaákvæði, svo að hægt sé að koma í veg fyrir slíkt. Því að þótt hægt sé að opna hliðin, sem þannig yrðu sett, af hestbaki, þá hjálpar það ekki þeim, sem eru með stórar lestir eða marga vagna, þeir þyrftu jafnan af baki að fara og halda hliðunum opnum meðan vagnlestin fer í gegn, og mundi slíkt baka mönnum afar-mikla fyrirhöfn og óþolandi tímatöf.

Háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.) gat þess, að mikið væri um hlið á veginum undir Eyjafjöllum. Eg kannast við það að svo sé, en umferðin er ekki neitt svipuð þar, og á veginum hér austur eða öðrum akbrautum, enda mundi eg hafa talið það rangt, að leyfa þau hlið, ef

hún væri það. En það væri líka hins vegar rangt, að leyfa þau ekki, jafnlítil umferð og þarna er.

Eg skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta mál. Þetta er nefndinni alls ekkert kappsmál, en hún telur tillögu hv. þm. A.-Sk. (Þ. J.) og hv. þm. Dal. (B. J.) með öllu óþarfa, og álítur að ákvæði vegalaganna megi vera eins og þau eru í þessu atriði. Það geti ekki á neinn hátt valdið tjóni eða skaða.

**Bjarni Jónsson:** Eg gat átt von á mörgu í dag, eins og oftar, en tæpast þó á því, að eg yrði vændur um það, að segja ósatt frá atkvæðagreiðslu. Það er öllum vitanlegt, að atkvæðagreiðsla var fullljós við 2. umr., þar sem 14 hv. þm. greiddu atkv. með því, sem í fólst brottnámi þessa ákvæðis, sem eg legg til að slept verði. Þess vegna eru það hrein og bein ósannindi, að þetta hafi eigi verið borið upp undir atkv. Enda þykir mér hart af skrifara að segja þetta; hann ætti að sýna hæstv. forseta aðra kurteisi, en svo. Því að hvers vegna mundi hann hafa leitað leyfis deildarinnar til þess að þetta mætti koma til atkvæða, ef eigi hefði verið áður felt sama atriði, sem meiri hl. vill nú fá samþykt þvert ofan í ina fyrri atkv.-greiðslu. — Þá var hitt, að 8. gr. hafi engin áhrif á þetta mál. Það er rétt, að hún tekur eigi nema til girðinga milli túna og engja, en menn geta nú viljað girða um fleira. Menn geta meira að segja fengið girðingasótt, eins og aðrar sóttir, en hitt er annað mál, að búvitið á eftir að sanna að slíkar girðingar borgi sig. Og þegar ekki er um tún og engi að ræða, játar meiri hl. nefndarinnar sjálfur, að of langt sé gengið í frumv. (sjá n.ál.). Eitt af því sem mest er óþolandi við þetta frumv., er það, ef á að fara að neyða menn til þess að láta af höndum t. d. slægjubletti, sem geta verið dýrmætari en talsverðir peningar, — af því að þeir þurfa endilega að lenda utan girðingar. Réttur til engja og beitar er þannig beinlínis tekinn af þeim. Það skilur hver sem er læs, að eignarréttur og yfirráð yfir þeim og þeim landsskika er umsvifalaust tekinn af mönnum, ef úttektarmönnum býður svo við að horfa og þóknast að bæta þeim það upp með einhverju öðru í staðinn. Eg vona að mönnum skiljist það, að þessi grundvallarregla er ekki annað en ræningjaháttur, er gengur í berhögg við gildandi lög og hugmyndir um eignarréttinn, og meðan hann er í lögum hafður, hjálpar þetta ekki. Annað mál væri, ef menn vildu afnema eignarrétt og erfðarétt, sem löggjöf siðustu tíma er nú raunar farin að hræra í. Nú er hinn maðurinn, sem fær stykki úr annars mann slandi inn fyrir girðingu sína. Afnotarétturinn á að haldast, nema til slægna og beitar, en ef annar maðurinn ristir alt sitt torf á blettinum, hvar verða þá slægjurnar handa hinum. Það sjá allir, að »eitt rekur sig á annars horn« hér. Þar sem mönnum kemur saman um að girða beint, þarf enga löggjöf um það, en svona lög er engin heimild til að gefa. Það er annað mál, þótt til sé eignarnám, þegar nauðsyn krefur til vega eða annara almenningsnota, en að hver angurgapinn, sem fær girðingasótt, hafi vald til að ræna aðra menn landi þeirra, það ætti ekki að koma til mála.

Háttv. meiri hl. nefndarinnar hefir hér meira beitt kappi en forsjá, en eg vona að þeir 14 háttv. þm., sem móti þessu voru síðast, verði það enn, og eg hefi beðið um nafnakall um tillöguna um, að fella burt þennan óþverra úr 9. gr., til þess að það verði sýnt, að menn breyti ekki skoðunum sínum á eignarréttinum frá degi til dags.

**Framsögum. (Eggert Pálsson):** Eg bjóst ekki við því, að háttv. þm. Dal. (B. J.) mundi að ástæðulausu fara

að halda varnarræðu fyrir eignarréttinn, ekki meira en hann hefir stundum, að því er virðist, lagt upp úr honum. En annars tek eg það ekki til mín, sem hann sagði um það mál, því að tillaga meiri hl. nefndarinnar miðar alls ekki að því, að skerða eignarréttinn. Það er þvert á móti skýrt tekið fram í tillögu meiri hlutans, að ef sneiðist nokkuð meira af landi annars manns með beinni girðingu, þá skuli koma fullar bætur fyrir. En ef annað landið mætti ekki undir neinum kringumstæðum sneiðast meira en hitt, þá væri um leið í raun og veru útilokað að nokkur maður geti girt, þar sem mörk lægju í krókum og nágranninn reyndist óbilgjarn, hversu nauðsynleg sem girðingin þó kynni að vera. Þetta veit eg að inn háttv. þm. getur skilið, ef hann að eins vill skilja það. Og getur því ekki í raun og veru talið tillögu meiri hluta nefndarinnar óeðlilega eða óþarfa. Svo að mótmæli hans hljóta að stafa af einhverjum öðrum ástæðum.

**Kristinn Daníelsson:** Eg álít það athugavert, að leiða í lög 2. lið frumv. á þgskj. 284. Eg skil ekki í því, að það liggi það á að útvega mönnum lagaheimild til þess, að girða þannig að öðrum nauðugum, að það megi ekki bíða dálítið. Það er a. m. k. ekki upplýst, að neitt tjón væri að því. En einkum er eg óánægður með það, að úttektarmenn hafi þennan starfa á hendi. Þeir hafa venjulega öðrum störfum að gegna, og svo gætu þeir þá líka átt á sitt gagn að líta. Eg hygg að til þessa ætti að nefna aðra menn, og verð að halda því föstu, að úttektarmenn séu alls ekki trygging fyrir því, að menn nái rétti sínum.

**Ólafur Briem:** Á þgskj. 320 er gert ráð fyrir því, að menn megi girða alveg ótakmarkað og leyfislaust yfir vegi. Þetta er breyting á vegalögunum, og — að því er eg álít — til ins verra. Það hefir verið borið fyrir, að enn sem komið er hafi eigi verið neitað um slíkt leyfi, en það er þó ekki rétt. Eg þekki fleiri dæmi til þess, að synjað hefir verið um slík leyfi, og því er það ekki á rökum bygt, sem sumir háttv. þm. hafa sagt, að þetta sé tóm skriffinska. Ástæðan til þess, að þau hefir fremur sjaldan komið fyrir að stjórnarráðið eða sýslunefndir hafa synjað um þessi leyfi, er sú, að sjaldan hefir verið sótt um þau nema einmitt þar, sem ástæður hafa mælt með því að þau yrðu veitt. Það hefir oft komið fyrir, að hlutaðeigendur hafa séð sér hag við að leggja girðingar yfir vegi, en þó ekki sótt um leyfi til þess, af því þeir hafa séð það, að girðingarnar með þeirri tilhögun yrðu almenningi til mikils óhagræðis og mundi því ekki fást leyfi til að tálma þannig umferð vegfarenda.

Háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.) skaut því fram, að það kæmi ekki til nokkurra mála, að menn sæktu eftir að girða yfir fjölfarna vegi. En hvaða trygging er fyrir því? Ekki in allra minsta. Menn eru nú einu sinni svo gerðir, að þeir sleppa ekki sínum eigin hagsmunum, þó að hagsmunir almennings séu í veði. Eg efa því alls ekki að margir mundu nota sér þetta, og gæti það víða komið sér afar-illa. Það hefir verið nefnt, að á flutningabrautunum fyrir austan fjall væri hliðafjöldinn svo mikill að það væri til mikilla tálmunar. Og víða er því svo háttað í öðrum héruðum, þar sem margir hreppar eiga að sækja til sama kaupstaðar og stutt er á milli landamerkja, að hliðin yrðu svo þétt að það yrði frágangssök, ef engar skorður væru reistar við þessu. Fjarlægðin milli hliðanna yrði ekki mæld í mílum, heldur í faðmatali.

Háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.) gat þess enn fremur, að sýslunefndum mætti treysta til að gæta hagsmuna manna í þessu efni. Hér er ekki ætlast til að þeirra leyfi þurfi. En eg er á því að sýslunefndum væri treystandi til að meta hagsmuni einstakra manna manna annarsvegar og almennings nauðsyn hins vegar. Það er engin hætta á því, að sýslunefndir mundu beita rétti sínum í bága við hagsmuni manna. Það væri ef til vill þægilegra að vera engum tak mörkum háður í þessu efni. En það er alment, að lög séu sett til þess að vernda alþjóðarnauðsyn gagnvart einstaklings hagsmunum, og svo verður það að vera í mörgum greinum.

**Þorleifur Jónsson:** Að eins fáein orð út af ræðu háttv. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.). Hann sagði, að ef alt væri gefið laust, þá væri engin trygging fyrir því, að menn girtu ekki yfir fjölfarna vegi. En eg hygg, eins og eg hefi tekið fram áður, að tryggingin sé fólgin í því, að menn mundu sjá sinn hag í því að gera það ekki. Hliðum á mjög fjölförnum vegum yrði aldrei hægt að halda aftur. *(Ólafur Briem:* Það mætti sekta menn fyrir að loka þeim ekki). Nei, sektum yrði ekki við komið. Hlutaðeigandi menn mundu reka sig á það eftir skamman tíma, ef þeir hefðu ekki séð það fyrir, að það er ógerningur, að halda hliðum aftur þar sem stöðugur ferðamannastraumur er bæði á degi og nóttu, viku eftir viku, sumar og vetur. Svo búið gæti aldrei staðið lengi. Eg álít þess vegna, að það gæti ekkert skaðað, þar sem um fjölfarna vegi er að ræða, þó að menn væru látnir sjálfráðir um þetta. Það mundi leiða af sjálfu sér, að þeim réttindum manna yrði ekki misbeitt.

Viðvíkjandi sýslunefndunum skal eg geta þess, að eg skaut því fram, að *ef* nokkuð ætti að takmarka þessi réttindi manna, þá væri eðlileðast að sýslunefndirnar réðu yfir því, hvar leyft skyldi að girða yfir vegi og hvar ekki. Þær þekkja bezt til hver í sinni sýslu, og mætti því búast við því, að þeirra úrskurður yrði í hverju tilfelli svo sanngjarn sem hann annars getur orðið. En að eg kom ekki fram með breyt.till. í þessa átt, var vegna þess, að eg áleit, að alt ætti að vera frjálst, og að engin takmörk ættu að vera önnur en þau sem leiða af sjálfu sér. En ef menn eiga ekki að vera sjálfráðir um girðingar sínar að þessu leyti, væri það mikil bót, að því væri breytt svo að sýslunefndirnar réðu fyrir því. Það mundi meðal annars taka miklu styttri tíma að fá úrskurð þeirra um þetta efni, heldur en ef leita þarf til stjórnarráðsins. Ef br.till. á þgskj. 320 verður feld, mundi eg þess vegna ekki hafa neitt á móti því, að þessu yrði breytt þannig.

**Bjarni Jónsson:** Gagnvart því sem inn nýi framsögum. meiri hluta landbúnaðarnefndarinnar (E. P.) sagði, að hér væri ekki ráðist á eignarréttinn, þar sem menn ættu að fá endurbót fyrir skaða sinn, verð eg að halda fast við fyrri skoðun mína á því efni. Það er áreiðanlega ekkert annað en að ráðast á eignarrétt manna, að ráðast á umráð þeirra yfir eignum sínum. Þegar tekið er eignarnám, er eign tekin af mönnum að nauðugu, jafnvel þó að gjald komi fyrir. Háttv. framsögum. (E. P.) misskilur þetta fullkomlega.

Það er margt fleira, sem hér getur komið til greina, þó að eg hirði ekki um að telja það alt upp. Eg er t. d. ekki víss um, að eg vilji hafa mín megin við girðingu, nes úr landi annars manns, þar sem opnar mógrafir eru, sem hætta getur stafað af bæði fyrir börn og búfénað. Þannig mætti halda áfram að telja upp, til þess að sýna, hversu ósanngjarnt þetta er.

Háttv. 2. þm. G.-K. (Kr. D.) er eg þakklátur fyrir hans athugasemd. Því að ef ósóminn nær fram að ganga, er það langt um betra að báðir aðilar velji hvor sinn mann til þess að meta skaðann, og oddamaðurinn einn sé skipaður af yfirvöldum.

ATKV.GR.:

Breyt.till. 334 leyfð.

Breyt.till. 334, 1 sþ. án atkv.gr.

Breyt.till. 351, við breyt.till. 334, feld með 17:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Jón Jónsson | Eggert Pálsson |
| Benedikt Sveinsson, | Guðmundur Eggerz |
| Bjarni Jónsson | Halldór Steinsson |
| Björn Kristjásson | Hannes Hafstein. |
| Kristinn Daníelss. | Jóh. Jóhannesson |
| Skúli Thoroddsen | Jón Ólafsson |
| Tryggvi Bjarnason | Kristján Jónsson |
| | Lárus H. Bjarnason |
| | Matthías Ólafsson |
| | Ólafur Briem |
| | Pétur Jónsson |
| | Sig. Sigurðsson |
| | Stefán Stefánsson |
| | Valtýr Guðmundss. |

Jón Magnússon, Magnús Kristjánsson, og Þorleifur Jónsson greiddu ekki atkvæði og töldust með meiri hlutanum.

Einar Jónsson var fjarstaddr.

Breyt.till. 334, 2, sþ. með 13:7 atkv.

Breyt till. 320, við breyt.till. 294, feld með 13:7 atkv.

Breyt.till. 334, 3, sþ. með 15:5 atkv.

Breyt.till. 334, 4 sþ. með 16 samhlj. atkv.

Frumvarpið, þannig breytt, sþ. með 16 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

---

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið á fundinum:

Breytingar- og viðaukatillögum við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915. Frá fjárlaganefndinni (350).

---

FRUMVARP til laga um rafveitu í kaupstöðum og sjálfstjórnarkauptúnum (301, 303, 329); 3. umr.

**Framsögum. (Jón Ólafsson):** Herra forseti! Þetta mál var tekið út af dagskrá síðast til þess að koma að lagfæringu, sem nú er fram komin á þgskj. 329.

Fyrri breyt.till. er eftir bendingu hv. þm. Borgf. (Kr. J.), en in síðari var gerð í samráði við hæstv. ráðherra. Breyt till. á þgskj. 303 mun verða tekin aftur, svo að hún kemur víst ekki til atkvæða. Eg finn því ekki ástæðu til að tala meira um frv.ið að þessu sinni.

ATKV.GR.:

Breyt till. 303 tekin aftur.

Breyt.till. 329, 1 samþ. með 19 shlj. atkv.

Breyt.till. 329, 2 samþ. með 20 shlj. atkv.

Frumv. þannig breytt samþ. með 20 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

---

FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr. 32, 20. Okt. 1905 um málaflutningsmenn við Landsyfirdóminn í Reykjavik (326); 3. umr.

[Ræðuskrifararnir hafa alls ekki getið þessa máls þennan dag, og liggur því næst að ætla, að enginn hafi tekið til máls við 3. umr., enda þótt þess sé ætið vant að geta, ef svo er. — Samkvæmt gerðabók Nd. er frumvarpið við þessa umr. samþ. með 18 shlj. atkv., og afgreitt til Ed. *J. Ól.*]

---

FRUMVARP til laga um íslenzkan sérfána (35, 42, n. 274 og 311); 2. umr.

**Framsögum. meiri hl (Lárus H. Bjarnason):** Eg finn ekki ástæðu til að eyða mörgum orðum í framsögu þessa máls, fyrst og fremst fyrir þá sök, að þær breytingar á frumvarpinu, sem meiri hluti nefndarinnar hefir komið sér saman um, eru ekki efnisbreytingar. Fyrri breytingartillagan er sú, að orðið »sér« falli framan af orðinu »sérfáni« í fyrirsögninni. Þegar þetta er borið saman við meginmál frumvarpsins, er augljóst, að þetta er ekki annað en orðabreyting. Það þykir óþarfi að segja það oftar en einu sinni í frumvarpinu að hér sé að eins stofnað til landsfána, enda liggur jafnvel í orðunum: »Hér á landi« einum út af fyrir sig, nægileg skilgreining á því, að átt er að eins við lands- eða heima-fána. Að kalla fánann landsfána í stað sérfána hefir orðið að samkomulagi með meiri hlutanum. Hann býst við, að það orð verði aðgengilegra fyrir þá sem frumvarpinu eru hlyntir, en eru fyrir utan nefndina.

Hin breytingartillagan, að ákveða gerð fánans, getur ekki talist efnisbreyting, því að fyrir okkur vakti, að hvenær sem fáninn fengist, yrði það þessi gerð, sem kæmi til greina, og önnur ekki.

Eg finn ekki ástæðu til að tala um tillögur minni hlutans að svo stöddu, sérstaklega fyrir það, að mönnum eru þær kunnar frá 1. umræðu. Frá okkar sjónarmiði er óþarft að lögleiða íslenzkan siglingarfána, enda óframkvæmanlegt og jafnvel ekki æskilegt, meðan við erum ekki færir um að verja fáann.

Eg vona að háttv. deild taki frumvarpinu vel, eins og það er nú orðið, og samþykki það til 3. umr.

**Framsögum. minni hl. [Skúli Thoroddsen]:** Eg get tekið undir með háttv. framsögumanni meiri hl. (L. H. B.), að því leyti, að eg hefi ekki ástæðu til að vera langorður um þetta mál. Eg hefi samið allýtarlegt nefndarálit, og vona eg að háttv. þingdeildarmenn hafi þegar kynt sér það.

Eg skal þó benda á, að mér finst kenna *mótsagnar* í nefndaráliti meiri hl., þar sem talað er um, að löggilda fána, er blakta megi í friði »innan íslenzks valdsvæðis«, en tekið þó jafnframt fram, að ekki sé til þess ætlast, að fáninn sé siglinga- eða verzlunar-fáni. Íslenzkt valdsvið nær þó ekki eingöngu yfir landið sjálft, heldur og yfir landhelgissvæðið, svo að ef ekki ætti að vera mótsögn í álitsskjali meiri hluta nefndarinnar, ætti þó að vera heimilt að nota fánann í landhelgi Íslands.

Það má meira að segja líta svo á, sem íslenzkt valdsvið nái að mun lengra en yfir landhelgissvæðið, — þ. e. líta svo á, sem hvar sem íslenzkt skip sé, þar sé og Ísland; en út í það skal hér eigi frekara farið.

Það sem mig skilur á við meiri hl. nefndarinnar, það er — eins og nefndarálit mitt sýnir — það, að úr því að farið var að hreyfa málinu á þessu þingi, sem eg að vísu tel rétt vera, þá vil eg að sporið sé stigið fult, og lögleiddur siglinga- og verzlunar-fáni.

Þykist eg hafa skýrt það nægilega í nefndaráliti mínu, að eg tel oss Íslendinga hafa fullan rétt til þessa, hvort sem litið er á siðferðislegan eða lagalegan rétt vorn, sem hvor um sig er óyggjandi.

Í stjórnarskránni frá 5. Jan. 1874 er ákveðið, að í »sérstaklegu málunum« skuli landið hafa »löggjöf sína og stjórn út af fyrir sig«, en í stöðulögunum frá 2. Jan. 1871 eru í 3. gr. »siglingarnar« taldar meðal »sérstaklegu málanna«, og getur mér því ómögulega skilist, að danska þjóðin geti eða vilji vera þekt að því, að gefa út lög, sem hún síðan fótum treður eða vill ekki standa við.

Annars er mér næst skapi að ímynda mér, að mótspyrna Dana í þassu máli stafi eigi að litlu levti af því, að þeir sem hafa átt að gera þeim málið ljóst, hafi eigi útskýrt það eins rækilega og þurft hefði, og trúi eg því eigi öðru, en að við hljótum að geta fengið siglingafána löggiltan, ef eigi brestur oss úthaldið eða þrautseigjuna.

Að því er á hinn bóginn kemur til þess, að fara að löggilda hér staðarfána, fæ eg eigi séð, að þess sé nein þörf, þar sem engin lög banna að vér drögum á stöng á húsum vorum hvaða fána sem oss þóknast. En fáninn á hinn hóginn **óvirtur** — og tilfinningarnar **særðar** —, sbr. nefndarálit mitt, er ákveðið er jafnframt, að hann megi ekki notast sem siglingafáni, — megi ekki sjást, er út fyrir landsteinana kemur.

Yfirleitt vildi eg heldur, að málið gengi ekki fram á þessu þingi, en að frumv. meiri hlutans yrði samþykt, eins og það er í garðinn búið, og skal það þó engu að síður játað, að hjá meiri hluta nefndarinnar hefir komið fram góður vilji, miðað við afstöðu hans til málsins, er það kom fram á þingi 1911.

Ávinningur er það þannig t. d., að horfinn er nú að öllu ágreiningurinn um gerð fánans, þar sem bæði meiri og minni hlutinn hafa nú orðið ásáttir um bláu og hvítu litina.

Atburðirnir, sem hér urðu 12. Júní þ. á., hafa gert það að verkum, að málinu hefir unnist fylgi, en eg held, að það spilti þó ekki, að það fengi þó heldur að hvíla sig, en verða afgreitt á þessu þingi í því formi, sem meiri hluti nefndarinnar vill vera láta.

Skal eg svo eigi fjölyrða meira um mál þetta að sinni, en skírskota til röksemdanna í nefndaráliti mínu.

**Ráðherrann (H. H.):** Eg er samþykkur meiri hluta nefndarinnar um það, að tillögur minni hlutans geti alls ekki á neinn hátt komið til greina og að eigi sé til neins að lengja umræðurnar um þær. En þrátt fyrir það er eg alls eigi ánægður með frumv., sem meiri hlutinn hefir lagt fyrir þingið.

Það sem aðallega er talið tilefni til þessa frumvarps, er, að foringinn á Fálkanum tók bláhvítt smáflagg af bát hér á höfninni. Nú liggur fyrir yfirlýsing frá forsætisráðherranum danska, að foringinn hafi ekki unnið þetta verk eftir skipun frá yfirboðurum hans. En sá orðrómur hafði verið breiddur út hér um bæinn, að hann hefði unnið eftir æðri skipunum, hvernig sem á þeim orðrómi stendur. Mun það hafa vakið óhug hjá mönnum; en hér er að eins um skilning sjóliðsforingjans sjálfs á gömlu lagaákvæði eða gömlu almennu »instruxi« (fyrir sjóliðið) að tala. Finst mér þetta einstæða atvik vera of lítilfjörlegt tilefni til þess að löggjafar þjóðarinnar taki slíkan fjörkipp, sízt eins mikinn og háttv. framsögum. minni hl. (Sk. Th.) ætlast til.

Annað, sem eg hefi á móti frumv., er hvað undirbúningur þess er lélegur. Við vitum allir, að í hvaða landi sem er, þar sem konungur situr að völdum, verður að taka tillit til hans þegar rætt er um jafnviðkvæmt mál og að lögilda nýtt flagg. Konungur vor er engin undantekning í þessu efni. Það hefði verið sjálfsagt að eiga fyrst tal við hann um þetta mál, að minsta kosti láta hann vita af því, að lögin væru í brugggerð, og þó ekki væri nema fyrir kurteisis sakir eiga tal við hann um málið, einnig um gerð flaggsins. En til þess hefir ekki verið neitt tóm né tækifæri. Eins og alt er í garðinn búið, álít eg óheppilegt fyrir málið sjálft, að þvinga frumv. í gegn nú á þessu þingi.

Þetta atriði held eg að menn hafi ekki athugað nægilega. Vona eg svo góðs af háttv. deild, að hún komist að

þeirri niðurstöðu, að betra sé að málið sé óafgert nú, heldur en að halda því nú til streitu.

Frumvarpið hefir sumpart batnað í höndum nefndarinnar, sumpart versnað. Það hefir batnað að því leyti, að nefndhefir fallið frá þeirri ókurteisi, að ætla konunginum að samþykkja lög um flagg án þess að hann einu sinni fái að vita, hver gerð þess eigi að vera. Nú er tiltekin gerðin. Þetta er til bóta, en þó er nokkuð við það athugavert. Nefndarálitinu ber sem sé ekki saman við frumv. um gerðina. Í frumv. stendur, flaggið skuli vera blátt með hvítum krossi, og getur enginn á frumv. séð annað en meiningin sé að halda þeirri gerð, sem nú tíðkast á inum svonefnda »stúdentafána«, en í nefndarálitinu stendur, að blái liturinn eigi að vera dekkri en hann nú er hafður í »bláhvíta fánanum«. Ef þetta á svo að verða, þá er alveg nauðsynlegt að það sé tekið fram í lögunum, að liturinn eigi að að vera dökkblár, sem mundi bæta úr þeirri mótbáru, að fáninn sé eins og gríski aðmírálsfáninn. En að öðru leyti hefir frumv. versnað í nefndinni. Sérstaklega er sú breyting, að setja »landsfána« í stað »staðarfána«, til hins verra. »Landsfáni« er orð, sem þarf skýringar við, af því að það hefir aldrei verið notað áður, og leggja má í það margs konar merkingu. Það er því nauðsynlegra að afmarka í lögunum, hvernig megi nota þann fána, sem tvíveðrungur er í nefndarálitinu um það atriði. Þar er af annari hálfu gefið í skyn, að þetta sé engin efnisbreyting, en hins vegar stendur, að nauðsynlegt sé að löggilda flaggið, til þess það megi blakta í friði »innan íslenzks valdsvæðis«. En eins og háttv. framsögum. minni hl. (Sk. Th.) tók fram, rekur þetta sig á gildandi lög. Ef »landsfáni« á að skiljast sem »sérfáni« og ekki siglingafáni, hvernig á hann þá án lagabreytingar að geta »blaktað í friði« á þeim hluta íslenzks löggjafarsvæðis, sem nefnist landhelgi? Eða er það ef til vill meining höfundarins að nefndarálitinu, að landhelgissvæðið við Ísland heyri ekki undir »íslenzkt valdsvið«? Hann veit þó sjálfsagt, að eftir gildandi lögum má nú ekki nota annan fána við siglingar á landhelgissvæðinu, heldur en inn almenna ríkisfána, rauðan með hvítum krossi. Á þá »landsfáninn« að notast þar líka, eða hvað?

Mér finst yfirleitt, að frumv. eins og það liggur fyrir, sé altof óskýrt. Það vantar allar ránari reglur í það. Það er til dæmis ekkert sagt um það, hvort ætlast er til þess að fáninn verði notaður á opinberum byggingum, þar sem hingað til hefir verið álitið sjálfsagt að nota ríkisfánann, og er þetta þó alls ekki ómerkilegt atriði.

**Framsögum. meiri hl. (L. H. Bjarnason):** Af því að háttv. framsögum. minni hl. nefndarinnar (Sk. Th.) vitnaði nokkuð til nefndarálits síns, neyðist eg til að víkja uokkrum orðum að ástæðum hans, bæði á móti frumvarpi meiri hlutans og fyrir tillögum sínum. Geri eg það þeim mun fremur, sem hæstv. ráðherra hefir hallast á sveif minni hlutans, vill sem hann koma frumvarpi voru fyrir kattarnef.

Minni hlutinn segir, að ekki þurfi íhlutun löggjafarvaldsins til að lögleiða íslenzkan sérfána.

Viðvíkjandi því skal eg að eins benda á það, hvernig Danir líta á þetta atriði. Það hefir ekki einungis lýst sér í atferli Fálkaforingjans hér á höfninni þann 12. Júní. Hann gerði bláhvíta fánann upptækan af því, að hann taldi rauða og hvíta flaggið eina löglega flaggið hér. Sömu skoðun hefir forstjórinn í dönsku flotastjórninni látið uppi, og öll dönsk blöð hafa tekið í sama

strenginn. Og loks lét ráðherra Íslands, þótt undrum sæti, sömu skoðun í ljós við 1. umr. málsins, en vonandi er hann nú eða ætti að vera fallinn frá þeirri villu síns vegar.

Það er því enginn óþarfi að gera þetta frumvarp að lögum, þar eð Danir segja, að vér höfum ekki rétt til þess að flagga með öðru flaggi en þeirra flaggi, enda býst eg við því, að vér sjáum tæpast aðra liti en bláa og hvíta blakta hér á stöngum, verði lögin samþykt. Og eg get bætt því við sem spá frá mínu eigin brjósti, að þó svo kynni að fara, að lögin strönduðu hinum megin við pollinn, þá mundi samt íslenzku litunum fjölga hér. Svo mikið mundu margir meta ályktun Alþingis. Þá fengjum vér og að hafa bláa og hvíta fánann í friði inni á höfnum vorum. Þá fengjum vér og jafnframt uppreist fyrir ofbeldisverkið hér á höfninni 12. Júní, en slík uppreist er oss óhjákvæmileg nauðsyn eftir undirtektir íslenzku og dönsku stjórnarinnar.

Þá segir háttv. framsögum. minni hl. (Sk. Th.) í nefndaráliti sínu, að frumv. um landsfána sé afturhvarf frá kröfum Alþingis 1911, en það er ekki rétt þegar af þeirri ástæðu, að málið komst aldrei nema í gegnum neðri deild, og þó með litlum atkvæðamun. Það mundi miklu fremur leiða til afturhvarfs, ef Alþingi samþykti siglingafána háttv. framsögumanns, líks afturhvarfs og samþykt sambandslagafrumv. meiri hl. á Alþingi 1909 leiddi til 1912, og þá væri háttv. sjálfstæðisflokkur kominn alla leið frá Leipzig til Waterloo.

Háttv. framsögum. segir, að það væri óvirðing fyrir Íslendinga að löggilda landsfána. Út af því vil eg minna hann á, að Prússland, eitt af voldugustu ríkjum álfunnar, hefir ekki nema landsfána. Svo er og um Skotland og Írland og sömuleiðis Sviss. Þeir Svissar, sem hafa skip í förum, verða að láta þau sigla undir lánuðum fána og er þó Sviss fullkomlega sjálfrátt ríki.

Það er svo langt frá því að vér gerðum oss vanvirðu með samþykt fánafrumvarpsins, að vér getum með því einu móti rekið af oss óvirðingarverkið 12. Júní.

Þá segir háttv. framsögum. minni hl. (Sk. Th.), að fáni sé nauðsynlegur hluti skips, jafn-nauðsynlegur og t. d. stýri eða segl, en það er ákaflega óheppileg samlíking. Án fána geta skip komist áfram, en seglskip geta ekki komist áfram án segla, róðrarbátar ekki án ára, og ekkert skip getur verið án stýris, enda óviðurkent siglingaflagg sama og ekkert flagg.

Enn segir háttv. framsögum. minni hlutans, að siglingar séu sérmál okkar og því sé fáninn það líka, en það er röng kenning og að minsta kosti er henni ekki játað af Dönum, enda útheimtir siglingaflagg vald og getu til varnar. Allir vita, að lög hvers lands, hversu voldugt sem það er, takmarkast af þjóðaréttinum, en eftir þjóðaréttinum er það óhjákvæmilegt skilyrði fyrir siglingaflaggi, að viðurkent sjálfrátt ríki eigi í hlut. Auk þess verðum vér að gæta þess, að þar sem eins náið samband er milli landa og er milli Íslands og Danmerkur, þar verður löggjöf hvors landsins um sig að taka nokkurt tillit til löggjafar hins, bæði af lagalegum og praktiskum ástæðum. Siglingafáninn er eitt af sammálum landanna sbr. 8. lið 3. gr. millilandafrumvarpsins 1908, en sérfáni eða landsfáni er sérmál. Vér getum ekki lögleitt hvern þremilinn sem er. Þarf eg eigi annað en benda til kolafrumvarpsins sæla. Margar þjóðir risu upp gegn því, af því að þeim þótti gengið of nærri rétti sínum.

Þá segir háttv. framsögum. minni hl. að fáninn sé þjóðernistákn. Það er ekki rétt. Í Austurríki eru t. d. mörg þjóðerni, en flaggið ekki nema eitt. Hið sama á sér stað í Sviss. Það mætti öllu fremur kalla siglingafána einskonar vegabréf. Þjóðernið getur verið margt, þótt flaggið sé ekki nema eitt út á við.

Þá segir háttv. framsögum. minni hl. (Sk. Th.), — en líklega í gamni — að það sé óhæfa að ætla, að Danir muni ekki samþykkja siglingafána. Góðvild þeirra oss til handa í þessu máli er orðin of ber af atburðinum hér á höfninni 12. Júní, af undirtektum flotadeildarstjórans og blaðanna allra saman, til þess að skoða nýnefnd ummæli öðruvísi en sem nokkurskonar krydd, jafnvel þó mér þyki letrið á þeim í nefndarálitinu nokkuð feitt til þess.

Loks segir háttv. framsögum. minni hlutans, að það sé að láta konungsvaldið sýnast stærra og glæsilegra í augum annara þjóða, að þar séu notaðir tvenns konar ólíkir fánar. En vegna þess að flöggin eru svo gagnólík og ekkert sambandsmerki í þeim, þá bendir ekkert á, að þau lúti sama konungi, og getur því siglingafáni háttv. framsögum. þegar af þeirri ástæðu tæplega verið neinn gladningur fyrir H. h. konunginn, enda erum vér ekki að búa til fána fyrir konunginn, heldur fyrir Íslendinga.

Vík eg svo að ræðu hæstv. ráðherra (H. H.). Hann var samþykkur meiri hlutanum um það, að breyt.till. minni hlutans væru algerlega óaðgengilegar, en þar skiljast líka leiðir okkar, því að hann er sammála minni hlutanum um, að frumvarp vort sé óaðgengilegt og bar aðalega fyrir sig 2 ástæður.

Hann byrjaði ræðu sína með því að gera lítið úr fánatökunni, eins og hann kallaði tilefni fánafrumvarpsins, nefndi hana »lítilfjörlegt atvik« og kvaðst hafa fengið fullkomna uppreist fyrir hana, þar sem danski forsætisráðherrann hefði lýst yfir því, að Rothe hefði ekki gert þetta eftir sérstakri beinni skipun, en því fer svo fjarri að danska stjórnin eða Danir yfirleitt hafi veitt oss uppreist, að þeir hafa þvert á móti aukið á oss sýnda óvirðingu með því allir, háir sem lágir, að staðfesta það, að Fálkaforinginn hafi átt á réttu að standa, enda var ekki við öðru að búast, jafn-sleitulega og ráðherra, málsvari vor, tók þar í strenginn af vorri hendi. Oss er því jafnvel fremur uppreisnar þörf nú en áður.

Hin ástæða hæstv. ráðherra gegn frumvarpinu, sú sem sé, að frumvarpið væri komið fram að fornspurðum Hans hátign konunginum, var heldur ekki veigamikil. Þetta frumvarp hefir fengið sama undirbúning sem önnur þingmannafrumvörp fá; þau eru aldrei borin undir konung fyr en þau eru samþykt af Alþingi. Hæstv. ráðherra hefði getað borið málið undir konung, altént í símanum. Það gat nefndin aftur á móti ekki. Annars er eg ekki í neinum efa um það, að konungur þekkir frumvarpið vel og eg vænti þess fastlega, að hann vilji unna oss landsfána, enda telur próf. Knud Berlín í danska blaðinu »Köbenhavn« lítil tormerki á því, að vér getum fengið heimafána, þó að hann láti auðvitað jafnframt von í ljós um, að ráðherra vorum(!) takist að eyða fánamálinu hér á þingi. Eg er þakklátur próf. Berlin, sem annars sýnir mér þann sóma að jafna mér til háttv. þm. Dal. (B. J.), fyrir undirtektir hans undir fumvarpið, því að úr því að hann álítur heimafána tiltækilegan, ætti ekki að þurfa að óttast »stímabrak og stjórnarskifti« út af því, svo sem hæstv. ráðherra hræddist að af því mundi leiða.

Hæstv. ráðherra þóttist ekki skilja, hvað lægi í orðinu »landsfáni«, langaði til að vita, hvort nota mætti fánann í

landhelgi og á opinberum byggingum. Landsfáni er fyrir mér sama og heimafáni, er nota mætti, svo sem eg tók fram við flutning frumvarpsins við 1. umr., eigi að eins á þurru landi, heldur og í höfnum og jafnvel í landhelgi. Eða hvað skyldi vera því til fyrirstöðu, að *íslenzk* stjórn mætti draga íslenzkan fána við hún á íslenzkri stjórnarbyggingu? Annað mál er það, hvort allir ráðherrar mundu áræða það. Ekki skil eg heldur aðkast ráðherra útaf mótsögn milli frumvarps og nefndarálits um gerð fánans. Er ekki dökkblár litur blár litur? Auk þess ekki um annað en ósk að ræða í nefndarálitinu.

Annars er það eftirtektavert, að ráðherra skuli taka höndum saman við nokkra af sínum elztu andstæðingum til þess að reyna að eyða jafn-sjálfsögðu máli, og eg get ekki bundist að geta þess, að eg met ástæður háttv. framsm. minni hl. og þeirra þremenninga ólíkt meira en ástæður ráðherra. Þeim er *of heitt á höfðinu* til þess að vilja minna en siglingafána, en ráðherra og stjórnarflokkurinn eru svo *lítilþægir*, að þeim rís hugur við að fara fram á það, sem jafnvel »Stór-Danir« telja vel takandi í mál. Síðasttaldir menn verja *danska* flaggið með *íslenzku* valdi, en hafa ekkert á móti því, að *dansk*t vald óvirði *íslenzku* litina. Eg heimta hinsvegar, að Danir sýni litum vorum sömu skil og þeir óska sínum litum, og tel að gefnu tilefni nauðsynlegt, að útveguð sé trygging að lögum fyrir því að svo megi vera. Þetta eru kostirnir, sem háttv. deild á að velja um. Eg bið hv. forseta að gefa mönnum kost á vali um þá með nafnakalli um 1. gr.

**Bjarni Jónsson:** Réttur Íslendinga til þess að hafa siglingafána er nú orðinn svo kunnur að eg þekki engan, sem þorir að halda því fram, að við eigum hann ekki. Rélturinn til þess að vera sjálfstætt ríki og rétturinn til þess að hafa siglingafána fara saman. Hér er nú borið fram frumvarp um fána en ekki siglingafána; og hvers vegna er ekki farið fram á siglingafána? Af því að menn eru svo hræddir um að konungur neiti því. Þetta getur verið, en það er óreynt, og ekki hefir verið svo mikið sem talað um þetta við konung.

Mér skildist svo á hæstv. ráðherra, að hann mundi hafa talað um þetta við konunginn, ef það hefði komið fyrri fram. Hann hefði þó mátt muna, að á þinginu 1909 var samþykt hér í deildinni frumvarp um siglingafána samhljóða okkar frumvarpi nú og tillögum minni hlutans, og því gat hann búist við að það gæti komið fyrir að slíkt frumvarp yrði samþykt og því átt að tala um þetta við konung, svo að við hefðum getað heyrt svör hans hér fyrirfram. Annars finst mér að menn leggi of mikið upp úr fyrirfram gefnum svörum. Eg fyrir mitt leyti legg ekki mikið upp úr þeim. Menn geta og gera oft að skifta skoðun þegar á herðir; og það er töluvert annað að hafa á móti máli fyrirfram og að spyrna á móti því þegar það er komið fram, ekki sízt þegar það er nauðsyn, sem hefir valdið framgöngu þess. Hér í þessu máli liggur fyrir nauðsyn og konungur getur ekki spornað við því til lengdar að það komist fram. En hvernig á nú að fá þessu framgengt? Hvernig eiga Íslendingar að koma því til leiðar að þetta fáist? Er þetta frumvarp meiri hlutans nokkurt spor í áttina? Eða er það spor í öfuga átt? Háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) sagði, að þetta frumvarp væri komið fram vegna fánatökunnar hér 12 Júní og að nauðsynlegt væri að Íslendingar fengu uppreisn fyrir það ofbeldisverk.

Þetta er laukrétt, að nauðsyn sé á fánalögum til þess að fyrirbyggja að slik ofbeldisverk verði framin framvegis, og eins hitt, að Íslendingar heimta upprreisn fyrir það að útlendingar gerðu sig að húsbændum hér og svívirtu okkar eigið flagg. En hvorugt af þessu er gert með frumv. meiri hlutans. Enginn maður heldur því fram, að lögleg hafi verið fánatakan, svo að ekki þarf neitt að fyrirbyggja. Og hvað uppreisninni viðvíkur, þá er hún engin þótt við fáum þennan bleðil, sem meiri hlutinn fer fram á. Nei, hér er að eins verið að fara fram á, að við sýnum á okkur *skattlandssvuntuna.*

Þetta meirihluta-frumv. er að engu nýtt og til einskis gagns, nema til þess að búa til skíðabraut fyrir háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) til þess að renna sér á rassinum á út úr þessu máli, og ofan af þeirri hæð, sem hann komst á 12. Júní.

Enginn getur litið öðruvís á, en að það sé góðvild *af vissu tagi*, sem stjórnar því að þetta frumv. meiri hlutans er þannig úr garði gert. Hér er auðsjáanlega verið að búa til veiðigröf til þess að láta fánamálið falla í. Ef þessi deild samþykkir þetta frumv. meiri hlutans, þá tekur hún aftur samþykt sína frá 1909, og þá er auðsætt, að hér er stigið spor í öfuga en ekki rétta átt.

Skrítið fanst mér að heyra háttv. 1. Rvk. (L. H. B.) vitna í Knud Berlin til stuðnings sínu máli. Verði honum að góðu. En Berlin segir annars, að ekkert geri til þótt þetta komist í gegn, því að það sé engin bót að því, og það er satt; því að þetta frumv. er bara til ills eins, því að það gerir gleðina út af tilvonandi siglingafána að engu. Það gerir líka meira, það gerir vonina um hann að engu. Það markar afeyrt á alla von um hann.

Eg býst nú við, að þessi frumvarpsómynd komist í gegnum þessa deild og verði svo svæft í efri deild, og hvar er þá árangurinn af 12. Júní?

Hann er enginn annar en sá, að Nd. hefir gert að engu samþykt sína 1909.

Eg vona nú, að ef Knútur Berlin fréttir um þessi orð mín hér í dag, þá geri hann ekki háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) oftar þá óvirðingu að jafna honum til mín. *(Lárus H. Bjarnason:* Eg tók það sem virðingu). »Það er tíminn, góur«, sagði einn kennari í minni tíð í skóla. Og svo er um þetta, að það er tíminn, sem segir til, hvernig orðin eiga að skiljast. Hann (Knútur Berlin) telur mér heiðurinn af því, hvernig fánatökunni var tekið hér í Reykjavík. Eg vona að hann hafi einhvern tíma tækifæri til þess að blanda mér með meiri sanni inn í það mál.

Mín krafa er sú, að íslenzk skip sigli undir íslenzkum fána, og við þá kröfu mun eg standa meðan eg stend uppi og aldrei af láta.

**Framsögum. minni hl. (Skúli Thoroddsen):** Hæstv. ráðherra gat þess, að honum þætti það óviðfeldið, að mál þetta hefði ekki verið borið undir konung, áður en Alþingi tók það til meðferðar, — taldi það kurteisisskyldu við hann, að svo hefði verið, að heyrt hefði verið álit hans um gerð fánans o. fl. — En til þessa er því einu að svara, að slíkt hefir aldrei venja verið, að því er frumv. einstakra þingmanna snertir, enda hefði það þá helzt verið ráðherrans, sem auðvitað mátti geta getið sér þess til, að slíkt frumv. kynni fram að koma.

Út af ræðu háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.), þar sem hann gat þess, að meiri hluti Íslendinga í millilandanefndinni frá 1908 hefði litið svo á, sem fáninn væri sameiginlegt mál, en eigi íslenzkt sérmál, þá sannar það eigi annað, en það — sem og sýndi sig í eigi all-fáum

öðrum greinum —, að þeir höfðu þá eigi kynt sér stöðulögin frá 2. Jan. 1871, sem skyldi, eða hirtu þá eigi, að fylgja fram rétti vorum, sem átt hefði að vera.

Annars er það mjög leitt, að maður skuli reka sig á það, hvað eftir annað, að enda íslenzkir þingmenn skuli eigi — að því er séð verður — hafa kynt sér stöðulögin, þ. e. skuli eigi hafa gert sér það ljóst, hvað Danir hafa sjálfir gengist undir, og viðurkent rétt vorn að vera.

Leitt, að vér Íslendingar skulum eigi sjálfir geta fylgst að málum, og haldið því fram, að Danir fullnægi þeim skuldbindingum, sem ótvírætt felast í stöðulögunum.

Vera má að vísu, að Danir hafi sjálfir, er stöðulögin voru gefin, eigi gert sér það fulljóst, hvað í þeim var falið, hafi og hugsað sér, að halda þá öllu í sama horfinu sem verið hafði, eins og sýndi sig á efndunum, að því er ráðherra snerti, þar sem svo var hagað, að einn dönsku ráðherranna, þ. e. dómsmálaráðherra Dana, var að eins skírður jafnframt ráðherra Íslands, og látinn þá og hafa málefni Íslands á hendi, enda alt síðan gert, sem unt var, til að halda öllu í sama horfinu, sem verið hafði, — láta »jafnréttið« í atvinnumálum haldast, og samræmi í danskri og íslenzkri löggjöf, að svo miklu leyti sem íslenzkir staðhættir gerðu ekki annað alóhjákvæmilegt.

En Dönum er ekki fremur heimilt að gefa út skjöl, eða skuldbingar, og rjúfa þær, en hverjum öðrum. — En það vitum vér allir, að ef einhver af oss hefir gert einhvern samning eða skuldbundið sig til þess að gera eitthvað, eða láta eitthvað ógert, þá verður hann að standa við orð sín. — Þess vegna verður ekki minna krafist af Dönum, en að þeir standi og við það, sem í »stöðulögunum« er heitið.

Jafnvel hr. *Knud Berlin* viðurkennir þá og, að vér Íslendingar getum löggilt »heimaflagg«, eins og háttv. framsögum. (L. H. B.) tók fram, þ. e. játar það og þar með, að fáninn sé eigi eingöngu sameiginlegt málefni. — En nú vita það allir, að landhelgin er ekki síður Island, en landið, er vér stöndum á, og getur hr. *Knud Berlin* því eigi vefengt, að í landhelgi Íslands sé oss þá og heimilt, að nota fánann, sem »siglinga- og verzlunar-fána«.

Að öðru leyti verð eg og að leggja áherzlu á það, að hefðu Danir ætlast til þess, að fáninn væri sameiginlegt mál, þ. e. væri eigi, sem íslenzkt sérmál, falinn í orðinu »siglingar« o. fl., sbr. enn nefndarálit mitt, þá hefðu þeir orðið að taka það fram berum orðum í »stöðulögunum«.

Eins og bent er á í nefndaráliti mínu, verð eg því að líta svo á, sem ótvírætt sé, að væri því atriði, hvort Danir hefðu ekki með ákvæðum »stöðulaganna« frá 2. Jan. 1871 afsalað sér öllu tilkalli til þess, að hafa nokkur afskifti af því, hvaða fána vér Íslendingar höfum, þá hlytum vér að vinna það mál, ef réttlátur dómari ætti um það að fjalla.

Það var ekki rétt hermt hjá háttv. framsögum. meiri hl. (L. H. B.), að eg hefði sagt það, að fánafrumvarpið hefði verið samþykt af Alþingi 1911. Eg sagði að eins, að neðri deild hefði árið 1911 samþykt frumv. um siglinga- og verzlunar-fána, sbr. álitsskjal mitt, svo að deildin stigi því spor aftur á bak, færi hún nú að láta sér lynda »staðarfánann«.

Háttv. framsögum. meiri hlutans drap eitthvað á þjóðaréttinn, — þ. e. taldi hann mundu heimta þjóðarsjálfstæðið, sem skilyrði »verzlunar- og siglingafánans«.

En hvað sem því kann að líða, skal eg benda háttv. þingmanni á það, að

vér höfum *allir* skrifuð þau lög í brjóstum vorum, að hver þjóð eigi *réttinn* til þjóðarsjálfstæðis, þ. e. *réttinn til þess, að ráða ein öllum sínum málum, enda geri hún þá eigi öðrum þjóðernum rangt, né vanrœki skyldur sínar gegn þeim.*

Enn fremur og þau lögin, að *ekki eigi neinn einstaklingur né þjóðerni að láta það* nokkurt augnablikið *viðgangast, að öðruvi*, þ. e. einstaklingi eða þjóðerni *sé gert rangt*, þ. e. *varnað þess réttar, sem hver og einn* — sem og hvert þjóðerni — *veit sér bera*, og *öllum* er skylt að óska, að hver einstaklingurinn sem og hvert þjóðernið æ njóti.

Hitt er annað mál, að vér vitum það allir, hversu þjóðernin — sem og einstaklingar þeirra — hafa nær einatt brugðist þeim skyldum sínum til þessa.

En hvað fánann snertir, höfum vér *viðurkenningu* Dana sjálfra, sem þeim þeim sízt er ætlandi að ganga frá, séu þeir mintir *einarðlega* á hana, og illa færi þeim óorðheldnin, og það eigi sízt við sér máttarminna og fámennara þjóðerni. En hvað »Social-Demokraten«, »Riget« o. fl. blöð Dana af fáfræði sinni eru að flytja lesendum sínum um þessi efni, það er ekkert að marka.

Það sýnir ekkert annað en það, að þau líta á málið frá sjónarmiði »yfirþjóðarinnar«, er sig svo telur, og hafa enn eigi látið sér skiljast, að *sanna mikilmenskan* er einmitt í *því einu* fólgin, að sýna þeim veglyndi og hjálpfýsi, sem minni máttar eru, en eigi löngun til neins konar yfirdrotnunar.

*Sannarlega* situr það og illa á *smáþjóð*, eins og Dönum, sem daglega kvarta undan meðferð Þjóðverja á löndum sínum í Norður-Slésvík, *að vilja beita oss mikilmensku, eða sýna sig stórmenni*, er vér krefjumst réttar vors, *sanna réttarins*, sem þeir sjálfir finna þó *sárt* til að löndum þeirra í Norður-Slésvík er varnað. —

Vanalega verður sá þó *nœmari* — eða ætti að minsta kosti að verða það —, *sem sjálfur er kvalinn*, og ætti þá og að verða enn færari um það en ella, að *skilja* þá *sams konar kvöl annara.*

Hitt er, að láta kvölina hafa á sig *alöfug* áhrif, að verða þá þess tilfinningasljóvari, að því er kvöl annara snertir.

Eg man svo ekki að eg þurfi að svara háttv. framsögumanni meiri hlutans (L. H. B.) fleira, en treysti því, að þess verði ekki langt að bíða, er sú skoðun *hlýtur* að ryðja sér til rúms hjá Dönum, að þeim beri *ekki* að spyrna á móti því, að vér — að því er til fánamálsins kemur, sem og ella — fáum að njóta þess réttar, sem hver þeirra finnur og veit, ekki síður en vér sjálfir, að oss ber með réttu, og sem þeim því *alls ekki* er ábyrgðarlaust að varna oss.

**Framsögum. meiri hl. (Lárus H. Bjarnason):** Örfátt. Háttv. þm. Dal. (B. J.) vildi ekki kannast við, að þetta frv. væri spor í rétta átt og enga uppreisn sá hann í því fólgna oss til handa, enda sagði hann engrar uppreisnar þörf, þar sem enginn hefði orðið til að forsvara gerðir Fálkaforingjans. En alt er þetta tóm villa. Eða hefir þingmaðurinn ekki lesið neitt danskt blað eftir 12. Júní? Veit hann ekki, að Danir forsvara fánatökuna því nær undantekningarlaust, og að jafnvel einstaka Íslendingar, svo sem ráðherra, gera mjög lítið úr henni. Hver veit, hvenær Fálkamaðurinn tekur bláhvítt flagg næst og hvar honum kann að slá niður, úr því að dönskum og íslenzkum stjórnendum kemur því nær saman um herferð hans. Og úr því að svo er ástatt, hvernig getur þá nokkur heilbrigður maður sagt, að engin uppreisn væri fólgin í því að girða fyrir líka endurtekning.

Annars situr það sízt á háttv. þingm. Dal. (B. J.) að veifa siglingafána hátt. Vér áttum kost á ágætum kjörum 1908

og ef vér hefðum tekið þeim, þá mundum vér nú innan skamms hafa fengið siglingafána, en háttv. þingm. Dal. varð þá einn með öðrum til þess að setja »slagbrand« fyrir það mál. Sá slagbrandur varð þó ekki haldbetri en svo, að 1912 rann brandurinn út í svo kallaðan bræðing og haustið 1912 varð bræðingurinn að svo kölluðum grút. Siglingafáni er eðlileg afleiðing af sjálfræði landsins. Þegar landið verður sjálfrátt, þá fáum vér siglingafána, og vonandi verður landið það áður en langt um líður, þó að slysalega tækist til 1908.

Annars skal eg fúslega játa réttmæti tillagna háttv. minni hluta að hugsjóninni til. En eins og framkvæmd er lítilsvirði án neista af hugsjón, þannig er hugsjón lítilsverð, ef ekki er nokkur von um að koma henni í framkvæmd, en eg hefi litla von um að Hans hátign konungurinu mundi staðfesta siglingafána, enda þyrfti auk þess við viðurkenningar annara ríkja, sem þó líklega stæði ekki á, er staðfesting konungs væri fengin.

Eg er ekki jafnhræddur við Ed. og háttv. þingmaður, vona að frumvarpinu reiði vel af einnig þar, ef byggja má á orðum manna á annað borð.

Eg tel ekki ástæðu til að svara hv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.). Sérstaklega vil eg ekki deila við hann um siðferðislegan rétt þjóða til að mega njóta sín. Siðferðislegur réttur hefir mikið að segja, en aðallega fyrir hvern einstakan; hans gætir því miður miklu síður í breytni þjóða hverrar við aðra. Þeirra breytni hverrar við aðrar er oft miklu líkari tafli en hreinum viðskiftum.

Það mun vera rétt hermt hjá háttv. þm. N.-Ísf., að í álitsskjali hans standi, að neðri deild hafi samþykt siglingafána 1911, en ekki alþingi, og hefir mér þá yfirsést þar.

Það var aðallega viðburðurinn 12. Júní, sem varð til þess, að mér rann blóðið til skyldunnar um fánamálið. Það fyrirverð eg mig ekki fyrir að segja, og má vera að eg renni ekki fyr undan merki voru en háttv. þingm. Dal. (B. J.), þó að eg sé ekki jafn slagorðaríkur og hann um það né önnur mál, en eg vil hóf í því sem öðrum málum.

Oss hefir orðið að góðu að byrja með smáum skrefum. Sú hefir raunin að minsta kosti orðið í stjórnarbótarbarátttunni. Stjórnarskráin 1874 óx upp úr »stöðulögunum« og stjórnarbótin 1903 upp úr stjórnarkránni og loks rann millilandafrumvarpið upp úr inni nýfengnu heimastjórn. Svona gæti farið og mundi fara um fánamálið, enda reiddi því líkt af í Noregi á sínum tíma.

**Ráðherrann (H. H.):** Því hefir verið haldið fram, að ekki væri meiri ástæða til að bera þetta frumv. undir konung en hvert annað frv. frá þingmönnum. Það held eg að sé æði skjóthugsað. Það er ómögulegt að komast í kring um það, að málið er annars eðlis heldur en venjuleg frumv. um hversdagslegar ráðstafanir innan lands, t. d. hvort leyfa skuli að þvergirða vegi, stækka verzlunarlóðina á Eskifirði, gera rafveitu á Seyðisfirði eða annað því líkt, sem verið hefir á dagskrá í dag ásamt þessu frumv. Fáni er tákn þess valds, sem konungurinn óneitanlega á sinn þátt í, og málið er yfirleitt svo vaxið, að það þarf aðra meðferð heldur en venjulegt þingmannafrumvarp. Hvort sem það er nefnt »staðarflagg«, »heimaflagg« eða »landsfáni«, þá er það sjálfsögð kurteisi við konung, að sýna honum að minsta kosti frumvarp í þá átt, áður en það er samþykt af Alþingi.

**Bjarni Jónsson:** Af því að þetta er nú minn svanasöngur, verð eg að minnast á nokkur atriði, sem eg nefndi ekki í fyrri ræðu minni.

Háttv. ráðherra gat þess í seinni ræðu

sinni, að ef 12. Júní og viðburðirnir, sem þá gerðust, hefði átt nokkra sök á þeirri auknu hreyfingu, sem komist hefði á þetta mál, þá væri það harla lítil ástæða, þar sem hann hefði yfirlýsingu forsætisráðherra Dana um það, að yfirmaður varðskipsins hefði ekki gert þessa óhæfu eftir sérstakri skipun yfirmanna sinna. Það er nú svo. Það getur verið gott og blessað, en hitt vantar upplýsingar um, hvort bréfritarinn álítur samt ekki, að hann hafi gert rétt og breytt samkvæmt eldri skipun. Ef svo er, þá er þessi ástæða ekki lítilfjörleg. Þá er þetta ekki sprottið af misskilningi yfirmannsins, heldur hefir hann breytt rétt samkvæmt yfirlýstum skilningi Dana á þessu efni. Eg veit ekki, hvernig þessu bréfi er háttað, en líklegast þykir mér, að það sé svar upp á skrif íslenzku stjórnarinnar til Kaupmannahafnar. Það væri gott, ef þingmönnum væri gerður greiður aðgangur að þessu bréfi.

Eg hefi verið að hugsa um að koma með sérstaka fyrirspurn um það, hvað gert hafi verið til að vernda Íslendinga gegn slíku ofbeldi, og hver svör hæstv. ráðherra hafi fengið upp á málaleitun, sem hæstv. ráðherra gat um í öðru máli hér í deildinni, að stjórnin hefði sent viðvíkjandi þessu. Ef danska stjórnin telur atferli yfirmannsins rétt, þá er þetta ekki lítilfjörlegt smámál, heldur *stórmál*, sem verður að athugast.

Það er rétt hjá háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.), að blöð Dana — það stór veldið — taka öll málstað yfirmannsins og telja hann hafa rétt gert. Nú væri gaman að vita álit dönsku stjórnarinnar. Líka mætti á orðahljóðan þess bréfs nokkurn veginn sjá, hvernig íslenzka stjórnin hefir skrifað. Sé það rétt hermt, sem mér er sagt, að aðalinnihald bréfsins sé þakklæti til stjórnarinnar fyrir röggsamlega vernd ríkisfánans, þá er þetta ekki lítilfjörlegt atriði, heldur verður Alþingi — sín og þjóðarinnar vegna — að athuga málið.

Það er annars einkennilegt, þegar ofbeldi er sýnt íslenzkum fána á íslenzkri höfn, þá skuli stjórnin senda út bréf til verndar *dönskum* fána.

Þar er eg ósamdóma háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.), að í hans frumv. felist nokkur uppreist fyrir þessu ofbeldisníði. Það er þveröfugt. Ef við, eftir 12. Júní, förum að samþykkja lands-heima-staðarfána, þá munu andstæðingar okkar, sem vilja kefja allar íslenzkar réttarkröfur, segja: »Þarna sjáið þið! Eftir alt heimta þeir ekki nema lands-heima-staðar-fána. Þeir viðurkenna, að þeir hafi ekki rétt til nokkurs meira. Og ef þeir þurfa að samþykkja lög um þennan fána, þá er það gefið, að fáninn, sem yfirmaðurinn tók, hefir verið ólöglegur og yfirmaðurinn verið í sínum fulla rétti«. Með öðrum orðum: Þetta frumvarp má leggja út sem viðurkenningu okkar á því, að yfirmaður Fálkans hafi breytt rétt. Þetta kalla eg að bíta í skottið á sér. Því verður háttv. þingm. að halda mér til góða, þótt eg finni ekki neina uppreisn í frumv. hans.

Háttv. þm. minti mig á, að við höfðum byrjað smátt, en altaf þokast áfram. Eins ætlaðist hann til að nú yrði. Hann byrjaði á stöðulögunum 1871, sem allir vita að eru einhliða dönsk lög, og rakti svo framfarinar. En því byrjaði hann ekki eins á 1814, þegar vér vorum drottinvöld þjóð og engum háðir hvorki með réttu né röngu, og spurði svo:

Höfum vér gengið til góðs
götuna fram eftir veg?

Nei! Við stöndum svo nú, að við höfum raunar þennan lagalega rétt ennþá, en við höfum flækt hann og gert hann óljósari fyrir sjálfum okkur og öðrum með hiki og hugleysi á öllum sviðum og í öllum málum, sem við höfum átt í við aðrar þjóðir.

Þar sem háttv. þm. tók sem dæmi keppikeflið 1908, að við hefðum þá getað fengið ið bezta fyrirkomulag, þá er þar til að segja, að það voru ekki annað en auvirðileg hrossakaup, sem áttu að ganga út á það, að við seldum af hendi óskorað þau mál, sem voru úrskurðarmál um það, hvort við hefðum fullveldisrétt eða ekki, á móti því að fá í eigin hendur nokkur aukamál. Við áttum að renna niður okkar eigin rétti, en svo átti að stinga upp í okkur dúsu, til þess að bæta okkur í munni, þegar við hefðum borðað það, sem við sízt ættum að borða.

Þar sem háttv. þm. mintist á slagbrandinn, sem eg vildi setja 1908, þá fór hann ekki rétt með, þar sem hann sagði að hann hefði ekki haldið, vegna þess að 1911—12 hefði bræðingurinn risið upp. En hann hefir einmitt haldið til þessa dags. Hvað mikill hluti þjóðarinnar hefir hnoðað »bræðing« eða brætt »grút«? Enn hefir ekki brostið flótti í liðið og enn hefir hvorki bræðingur né grútur gengið fram, einmitt vegna þess, að 1908 var settur þessi »slagbrandur í flóttans dyr«, eins og eg komst að orði.

Háttv. þm. vildi viðurkenna stefnu okkar sem hugsjónastefnu. En hann sagði, að hugsjón án vonar um framkvæmd væri jafnfráleit og framkvæmd, sem sneidd væri allri hugsjón. Þetta er ekki rétt að því leyti, að það er örðugt að segja, að nokkur hugsjón sé nokkurn tíma sneydd von um framkvæmd. Ósigur hugsjónanna bæði hér á landi og annarstaðar mun sjaldnar koma af því, að þær séu óframkvæmanlegar, heldur af hinu, að þeir menn, sem hugsjónunum fylgdu og börðust fyrir þeim, renna frá þeim og þora ekki að standa við þær, áður en séð er, hvort þeir vegi til sigurs eða ekki. Og þá er ekki að undra, þótt flótti bresti í alt liðið, þegar forsprakkarnir hefja flóttann. Þess er ekki að vænta af óbreyttum liðsmönnum, að þeir haldi áfram að berjast, þegar fyrirliðarnir hopa. Á þessu farast flestar hugsjónir. Þegar aldur færist yfir menn, þá kemur matarins mikla hugtak, og það verður svo umfangsmikið, að það bolar út æskuhugsjónunum, sem beztar eru.

Eg hygg, að það sé ekki að eins fallegt að fylgja fram hugsjónunum, heldur líka gagnlegt — og fylgja þeim heilum.

Það verður oft þegar menn fara að þreytast, að þeir mola út úr hugsjónunum, af því að þær séu ekki framkvæmanlegar — það sé þó betra að slá af og fá dálítið minna — það sé »praktiskara«. Og þá vill það oftast koma fram, sem kallað er »hvataskifti« í heimspekinni, — þegar menn gleyma inni upprunalegu stefnu og taka það, sem áður var meðal, sem aðaltilgang. Vanalegasta dæmið, sem tekið er þessu til skýringar, er það, að maður, sem fyrst aflar sér peninga, til þess að hafa gnægð lífsnauðsynja og geta unnið að ýmsum framkvæmdum með þeim, gleymir þessu takmarki og fer að safna peningum til að eiga þá og telja þá svo í »Dalakútnum«, þegar hann er dauður. Eins verður þegar menn hafa sett upp kröfu um siglingafána og hann fær ekki að vera óáreittur fyrir ofbeldismönnum, þá slá menn af kröfunum og segja: »Þetta skal ekki oftar koma upp á þessu landi«. Þeir skifta um tilgang, samþykkja ósköp meinlausan heima-lands-staðar-fána, og hann fær að vera óáreittur, því að öllum er sama um hann — bæði mótstöðumönnum hans, sem áður voru, af því að hann táknar alt annað, og eins hinum, sem með öðru takmarki voru honum velviljaðir. Það er alveg eins og

þegar fálkinn var fánakrafa. Þá átti hann marga mótstöðumenn. En þegar hásæll Albjartur fann það upp að setja hann á þann stað, sem þorskurinn hafði áður verið, sem skjaldarmerki, er okkur kemur ekkert við, þá hætti velvilji þeirra, sem hafði verið hlýtt til hans áður og hinir hættu að óttast hann. Eins fer það með þennan fána, ef sleginn verður af kröfunum. Nú er hann elskaður og virtur af sumum, en hataður af öðrum. En þegar búið er að gera hann að þessu viðrini, þá hætta vinir hans að virða hann og mótstöðumenn hans að hata hanna, því að það er ástæðulaust.

Þar sem háttv. þingmaður hélt því fram, að sérstakrar viðurkenningar annara ríkja þyrfti við, þótt konungur skrifaði undir lög um íslenzkan siglingarfána, þá held eg að það sé rangt. Eg hygg að það sé nóg, að þeim sé tilkynt það, að þetta sé siglingafáni ins íslenzka ríkis.

Háttv. þingmaður vildi ekki taka mikið tillit til ins siðferðislega réttar milli þjóðanna og vildi því gera lítið úr orðum háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), sem þar að lutu. En það vill nú einmitt svo til að hér fara saman hjá okkur Íslendingum tvær varnir, það, að við náum okkar rétti og líka hitt, að þjóðirnar læri smátt og smátt að færa inn siðferðislega rétt inn í viðskifti sín hvor við aðra. Og það verð eg að segja, að alþjóðaréttturinn er einmitt tákn þess, að þjóðirnar eru að læra að beygja sig fyrir siðferðisástæðum annara þjóða — og minka óréttinn innbyrðis. Og við ættum, heldur en hitt, að leggja okkar litla skerf til þess, að þessi stefna fái sem beztan framgang. Þar er okkar verndar von, og allra smáþjóða. Jafnvel þetta stórveldi (í hug sumra Íslendinga), Danmörk, verður að byggja á því. Ekki eiga Danir skip til að verja sinn fána. Eg held að nokkrir »Dreadnoughtar« myndu ekki spyrja að því, þótt »Fálkinn« væri sendur til að verja danska fánann, ef þeim virtist ástæða til að taka hann. Þessi vörn fánans er því meira í orði en framkvæmd. Það þarf ekki stærri þjóð en Norðmenn til að taka »Dannebrog«.

Þá var háttv. þingmaður hissa á því, að við skyldum að nokkru leyti geta orðið samferða hæstv. ráðherra. Hann er víst hissa ef okkur ber saman um eitthvað aukaatriði í einhverju smámáli. En annars kemur þetta ekki af því, að við hæstv. ráðherra séum já-bræður. En eg get ekki látið svo, að eg þurfi endilega að vera á móti öllu, sem vill svo til, að hæstv. ráðherra er með Eg þykist maður til að meta þær ástæður, sem eiga að ráða atkvæði mínu. Hér er ekki að ræða um menn, heldur málefni. Auðvitað vildi eg helzt þegar til atkvæða kæmi, að sem flestir — bæði ráðherra og aðrir — yrðu á sömu skoðun og eg.

Þá gat háttv. þingmaður þess, að tilfinningarnar mundu ráða meiru hjá okkur en skynsemin. Mér þótti gaman að heyra þetta — það voru einmitt sömu orðin sem hæstv. ráðherra hótaði í fyrra í öðru máli. En nú eru menn að lofa skynsemdina í tillögum mínum um það mál. Sannleikurinn er, að hér fer hvorttveggja saman, höfuð og hjarta, og það er spá mín, að háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) sannfærist um það áður en langt um líður. Það er líka það heppilegasta og affarasælla en að vera alt af að reikna út, hvort það muni borga sig að hlaupa frá skoðunum sínum og tilfinningum. Býst eg við, að eins fari fyrir slíkum mönnum og manninum, sem

»reiknar glögt og fimar heldur en fjandinn,
en fær þó aldrei nokkur úrslit rétt«.

Háttv. þingmaður rangfærði orð mín

um háttv. Ed. Eg sagði að eins, að ef þetta frumv. gengi í gegnum Nd. og sofnaði svo í Ed., þá yrði niðurstaðan af 12. Júní sú, að deildin skemdi málið og drægi niður í sorpið þá stefnu, sem ríkti 1911 og samþykt var á Alþingi þá. Það er auðsjáanlegt spor aftur á bak, og ef svarið gegn ofbeldinu 12. Júní á að vera það, að við hopum á hæl, þá sýnir það, að lífsregla Íslendinga er þessi: altaf að hrökkva, en aldrei að stökkva.

**Framsögum. meiri hl. (Lárus H. Bjarnason):** Hæstv. ráðherra sagði fátt nýtt í ræðu sinni. Hann sagði, að konungur hefði átt að fá að átta sig á þessu frumv. áður en það yrði samþykt af Alþingi. Eg hefi svarað því fyrir löngu: konungur er búinn að átta sig. En hafi hann ekki áttað sig eins vel og ráðherra kysi, þá er lítill vandi fyrir hæstv. ráðherra að setja sig í samband við konung. Hann einn getur það — en ekki þingnefnd.

Hæstv. ráðherra sagði, að þetta frumvarp hefði átt að koma frá stjórninni. Eg vildi óska, að hæstv. ráðherra hefði lagt slíkt frumvarp fyrir þingið. En ef átt hefði að bíða eftir því, þá held eg að biðin hefði orðið nokkuð löng. Og eftir því sem mér skilst á bréfi hæstv. stjórnar til forsætisráðherrans danska, þá er eg enn fremur hræddur um, að ekki hefði verið riðið hart úr hlaði.

Annars verð eg að endurtaka það með háttv. þm. Dal. (B. J.), að það er nauðsynlegt að þetta bréf verði lagt fram á lestrarsalinn. Af bréfinu má vafalaust sjá, ekki að eins, hvernig tekið hefir verið í þetta mál af dönskum stjórnarvöldum, heldur og hvað stjórn vor hefir lagt til um það.

Hæstv. ráðherra sagði, að frumvarpið væri óbrúkandi, af því að það segði ekkert um, hvernig ætti að nota fánann. Eg hefi þó getið þess hvað eftir annað, að eg ætti við fána eða flagg, sem flagga mætti með á þurru landi, í höfnum inni og jafnvel í landhelgi. Þó mundu menn, er nota vildu fánann utan hafna, en í landhelgi, líklega verða að sýna danska ríkisfánann, ef eftirlitsskip krefðist. Það eru ekki til gleggri ákvæði í dönskum lögum um notkun danska fánans.

Annars er óþarfi að vera að tala um, að nefndin hafi hrapað að þessu máli. Það hefir þvert á móti haft svo góðan undirbúning, að önnur mál hafa ekki haft hann betri. Í nefndinni sátu 5 menn úr fjórum flokkum, og eftir því sem fulltrúar flokkanna sögðu, var það borið undir hvern flokk og þá fyrst ráðið, er svör flokkanna komu. *(Ráðherra:* Þetta er ekki rétt). Þetta er ekki rétt, segir hæstv. ráðherra, en eg get vitnað um þetta til meðnefndarmanna minna.

Út af svanasöng háttv. þm. Dal. (B. J.), eða hanasöng eins og mér liggur við að kalla ræðu hans, get eg verið fáorður. Hann er nú líka dauður, þótt ekki sé nema um stundarsakir, sem betur fer. Háttv. þm. var ekki sjálfum sér sammála. Hann sagði að fánahertakan væri ofbeldisverk og um það er eg honum samdóma, en þó vildi hann ekki gera neitt til að sporna við því, að slíkt verk yrði endurtekið. Það kalla eg mótsögn. Ef þetta frumvarp verður að lögum, þá er þó loku skotið fyrir það. Og þetta, að byrja smátt, er ekki óþekt í lífi einstaklinganna, fremur en í lífi þjóðanna. Eg þekki mann, sem ekki er alveg óskyldur háttv. þm. Dal. (B. J.). Hann byrjaði sem aukakennari með lágum launum, endaði sem hálaunaður »diplomat« og væri þar ekki leiðum að líkjast. Ekki get eg heldur verið háttv. þm. sammála um það, að ósigur hugsjóna sé jafnaðarlega að kenna ístöðu-

leysi forvígismannanna. Eg held að hann sé að minsta kosti jafn oft að kenna óskynsamlegum öfgum, enda er það lögmál allra öfga, að þær rjúka aftur í nasir þeim sem hvæstu þeim. *(Bjarni Jónsson:* Þetta er mikill misskilningur).

Eg skal ekkert fullyrða um, hvort frv. þetta nái framgangi hjá konungi, enda þó að eg búist fastlega við því, en auðvitað verður þá að bera það fram fyrir konung í tíma.

Það sem skilur mig og háttv. þm. Dal. (B. J.), er það að hann er að búa til sprengiefni fyrir stjórnina. En það ætti hann ekki að gera, ekki víst nema það yrði hættulegt fyrir hann sjálfan; hver veit nema hann eigi eftir að verða ráðherra? *(Bjarni Jónsson:* Eg er ekki »Tron-prætendent«, en það er satt, að þetta gæti orðið hættulegt fyrir þá). Það er ekki svo langt skref frá hálaunuðum »diplomat« upp í ráðherrasessinn.

Það er annars undarlegt, hvernig þeir fallast í faðma í þessu máli háttv. þm. Dal. (B. J.) og hæstv. ráðherra (H. H.). Báðir vilja þeir drepa málið. Annar, háttv. þm. Dal., vill drepa það, af því að honum finst það ganga of skamt, en hinn, hæstv. ráðherra, af því að honum finst það ganga of langt. Mundum vér, sem milli þeirra stöndum, ekki hafa hitt meðalhófið? Skeri atkvæði úr um það.

Með því umr. höfðu staðið lengi og komið var nón, frestaði forseti fundi til kl. 5 síðd.

---

Kl. 5 síðd. var fundi haldið áfram.

Forseti skýrði frá, að forseti Ed. hefði endursent sér:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 18, 9. Júlí 1909 um styrktarsjóð handa barnakennurm (354),

og mælst til þess að það yrði lagt fyrir Nd. að nýju.

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið í deildinni:

1. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 18, 9. Júlí 1909, um styrkarsjóð handa barnakennurum. Eftir 3. umr. í Ed. (354).
2. Nefndaráliti um frumvarp til laga um viðauka og breyting á lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða, frá 12. Jan. 1884. Frá minni hluta nefndarinnar.

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið frá Ed.:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 32, 20. Okt. 1905, um málaflutningsmenn við landsyfirdóminn í Reykjavík. Eftir 3. umr. í Nd. (355).

---

**Framsögum. minni hlutans (Skúli Thoroddsen):** Háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) gat þess í ræðu sinni, að það, að þurfa mundi viðurkenningu annara þjóða, að því er fánann snertir, myndi þó eigi vera annað, en form, þ. e. að nægja myndi tilkynning þess efnis, að svona fána ætluðum vér oss eftir leiðis að nota.

Eg honum samdóma í þessu efni, og þykir vænt um, að grýla þessi, sem svo mjög var otað fram á þinginu 1911, má þá væntanlega teljast úr sögunni hér í þingsalnum.

Þá tók sami háttv. þm. það einnig fram, í ræðu sinni, að það væri ekki æskilegt, að atburðirnir, sem gerðust hér 12. Júní þ. á., endurtækjust, þ. e. að beitt væri hervaldi og fánanum misboðið, eins og þá átti sér stað. En eg sé ekki, að í frumvarpi meiri hlutans felist nein trygging fyrir, að svo geti ekki komið fyrir aftur, nema gerð væri þá breytingartillaga við frumvarpið, er tæki af öll tvímæli um það, að fánann mætti og nota í landhelgi Íslands, þar sem það er tæpast nóg — þvert ofan í

skýr ummæli í nefndaráliti meiri hlutans — að háttv. framsögum. vill nú, knúður til þess af umræðunum, leggja fyrgreindan, víðtækari skilning á orðið »*landsfáni*.

Hæstv. ráðherra gat þess í ræðu sinni, að honum þætti máli þessu ekki liggja neitt á, en um *það* atriði get eg *engan veginn* verið honum samdóma, því — eins og kunnugt er — þá eru menn þegar alment farnir að verða *óánægðir* yfir því, að blá-hvíti fáninn skuli enn ekki hafa löggiltur verið sem fáni Íslendinga.

Ekki sízt bakar það ungu kynslóðinni — sbr. þá og veifugjöf reykvíksku kvenþjóðarinnar o. fl. — *leiða eða óánægju.*

*En þegar svo er, að vöknuð er óánægja út af einhverju, sem rangt er eða óheppilegt*, þá er einatt ástæða *til að flýta sér — einatt* skylt æ að hraða sér að nema burt leiðann eða óánægjuefnið, sem æ er *hætta* oss öllum.

Sbr. þá og það, að *alla* eigum vér einatt glaða og ánægða að vilja.

Annars skal eg taka það fram, að mér er það *ljóst*, að þó að frumvarpið um »staðarfánann« verði staðfestt, *þá fullnægir það íslenzku þjóðinni alls ekki.*

Krafan um »verzlunar- og siglingafána« hlýtur engu að síður að halda áfram.

Frumvarpið gerir því *ekki* enda á baráttunni, en það gæti þó á hinn bóginn orðið til þess, að ýmsir þingmenn yrðu þá deigari að fylgja fram »verzlunar- og siglingafánanum« og *seinkað því fyrir því að hann fáist.*

Getur það og aldrei annað, en *hefnt sín* á einhvern hátt fyr eða síðar, er *sjálfstæðið*, *einurðin* eða *þorið* er eigi sem skyldi.

En það, að *hörfa* nú frá »verzlunar- og siglingafánanum», er neðri þeild Alþingis samþykti þó árið 1911, og una við »staðarfánann«, það er vottur ins fyrgreinda.

Háttv. 1. þm. Rvk. benti á, að *siðferðiskrafan* gilti, eða ætti að gilda, hvað einstaklingana snertir, en um þjóðirnar væri öðru máli að gegna.

Eg skal nú og að vísu játa það, að ef vér lítum til viðskifta þjóðanna hér á jörðinni, þá er svo að sjá sem þjóðernin telji siðfræðina sér óviðkomandi, þar sem sú er enn venjan, og hefir verið, að *smáþjóðirnar* verða nær einatt að lúta stórþjóðunum.

Gegnir það annars *furðu* að þjóðerni, sem þó kalla sig *kristin*, skuli enn haga sér — og æ hafa hagað sér — sem þau gera, skuli nær hvívetna *níðast* á smáþjóðunum, jafn *algagnstætt* sem slíkt er þó orðum og anda kristindómsins, er býður oss að sýna þeim mestan kærleikann, umhyggjuna, umburðarlyndið og hjálpsemina, sem minni máttar eru eða öðrum ver settir að einhverju leyti.

Í kirkjunum eru kærleikskenningar kristindómsins sí-prédikaðar hvern helgidaginn eftir annan, árið út og árið inn, og ár eftir ár og öld eftir öld, *og þó er breytnin*, í viðskiftum þjóðdæmanna *sem fyr segir.*

*En hvað er siðfræðilegi rétturinn? Það er réttur, sem hverjum manni er meðfæddur, — réttur, sem eigi verður traðkað á einn eða neinn bátt, án þess ábyrgðin fylgi*, þ. e. mótlæti, fyr eða síðar, *svo að lundernin umskapist*, og einskis rétti — hvorki einstaklings eða þjóðernis geti þá af viðkomanda traðkað orðið.

Saga þjóðanna sýnir þá og öllum þennan *óyggjandi sannleika.*

Vér þekkjum allir sögu rómverska keisaradæmisins. Vér þekkjum og sögu spánska ríkisins, sögu danska ríkisins o. s. frv. o. s. frv

Öll hafa ríki þessi sundurliðast, þ. e. *hefndin* — sem eigi gat annað en komið, fyr eða síðar — *hefir hitt þau.*

*Og þó lætur enginn sér segjast*, — rétti smá-þjóðernanna er traðkað enn þann dag í dag, alveg eins og hver maður vissi, að ekkert færi þar á eftir. —

Að því er snertir samskifti vor og Dana, þá dylst mér það yfirleitt ekki, að þar liggur *aðal-styrkur vor í því, að Danir* — eða danska stjórnin í umboði þeirra allra — *hafna siðfræðilega réttmætum kröfum vorum, þá er hver þeirra æ finnandi og vitandi sig gera það sem eigi rétt er.*

Og það, að gera ið *ranga* — og það enda hvað eftir annað — skapar þeim einatt *leiða*, er það gera, *sé veran eigi því dýpra fallin*, þ. e. orðin að þeim *tilfinningarleysisins steini*, sem alveg er sama, hvort hún gerir ið rétta eður ranga, eður og sú orðin, er það beint fær unaðar að gera ið ranga.

En *því oftar sem leiðinn er skapaður, því sárari* verður hann þá og einatt, enda *siðferðislega ábyrgðin og einatt fundin og vituð því meiri*, sem oftar er spyrnt gegn því sem rétt er.

Og einmitt *þessa* vegna þá er oss Íslendingum og *brýnni nauðsynin*, að *sívekja þeim leiðann, unz sú kvölin skapast* að lokum, að eigi geta annað en undan látið, og — *sigurinn* er vor.

Eg skal svo ekki eyða fleiri orðum að málinu að þessu sinni, en að eins lýsa yfir því, að falli tillögur, sem eg er við búinn, þá mun eg greiða atkvæði á móti frumv. meiri hlutans, af því eg lít svo á, sem »staðarfáni« geri málinu fremur ógagn en gagn, — seinki fyrir því, að vér fáum reglulegan fána, þ. e. »siglinga- og verzlunarfána«.

**Ráðherrann (H. H.):** Út af ummælum háttv. þm. Dal. (B. J.) um bréfaskriftirnar, sem farið hafa milli forsætisráðherrans og stjórnarráðsins, skal eg geta þess, að eg hefi þessi bréf hér við hendina, og mun eg afhenda þau skrifstofustjóranum svo að þau verði lögð fram á lestrarsalinn. Bréf stjórnarráðsins er dagsett 18. Júní og svar forsætisráðherrans 10. Ágúst. Eg fekk það ekki fyr en nú með Botníu í gær, og hefi því ekki getað lagt það fram fyr.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) sagði, að sér þætti það undarlegt, þegar »ofbeldi« hefði verið haft í frammi við íslenzkan fána á íslenzkri höfn, þá hefði stjórnin svarað því þannig, að senda lögreglustjórum bréf og skora á þá að vernda danska fánann. Inn hv. þm. ætti að vita það manna bezt, að þetta stjórnarbréf hafði fullkomin rök við að styðjast Það var víst einmitt hann sjálfur, sem lét samþykkja fundarályktun um að skora á almenning að líða ekki að flagga með danska flagginu, og út úr því spanst það, að menn fóru að amast við ríkisflagginu, jafnvel skera það niður, bæði hjá stjórnarráðinu og einstökum mönnum, svo að menn gátu ekki haft þessa lögmætu eign sína í friði. Það sem stjórnin hefir gert í þessu efni, er því ekki annað en það, sem sjálfsagt var, að slá því föstu, að slíkar aðfarir mættu ekki líðast.

Að því er snertir ið annað atriði, að »ofbeldi hafi verið haft í frammi við íslenzkan fána«, skal eg leiða athygli háttv. þm. Dal. (B. J.) að því, að í þeim orðum í nefndaráliti meiri hlutans, að lögleiða þurfi íslenzkan fána til þess hann geti »blakt í friði innan íslenzks valdsvæðis«, felst viðurkenning fyrir því, að 12. Júní hafi ekki verið til nein lög, sem friðhelguðu þann fána, sem tekinn var hér á höfninni, enda hefir það verið tekið fram af einum háttv. ritstjóra, sem á sæti hér í deildinni, að það flagg hafi ekki haft meiri löghelgi sem slíkt, heldur en ef einhver vildi flagga með svuntunni kærustunnar sinnar.

Eg skal svo ekki fara fleiri orðum

um þetta, en að eins endurtaka það, að þessi umræddu bréf munu verða lögð fram á lestrarsalinn.

**Framsögum. meiri hl. (L. H. Bjarnason):** Eg þarf ekki að stæla við háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) um það, hvort viðurkenningu annara þjóða þurfi til að lögleiða siglingafána. Þess vil eg að eins geta, að viðurkenning getur átt sér stað með tvennu móti, beint og óbeint. Hvorttveggja er jafngóð viðurkenning.

Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) bjóst við, að það gætu orðið endurteknir þeir atburðir, sem gerðust hér 12. Júní. Og það er rétt. En einmitt þess vegna ætti háttv. þm. að fylgja frumv., enda það fram komið slíku til fyrirbyggingar.

Gagnvart háttv. þm. Dal. (B. J.), sem kannaðist heldur ekki við það, að frumvarpið veitti oss uppreist fyrir 12. Júní, vildi eg mega spyrja hann, hvort eg veitti honum ekki uppreist, ef hann félli á götu og eg reisti hann upp og negldi eða limdi hann fastan á götuna. En líkt gerði fánafrumvarp vort, yrði það að lögum. Það lögfesti fánann á stöngum vorum. Kæmi nú samt sem áður eitthvað líkt fyrir sem 12. Júní, þá væri það ekki lögunum að kenna, ef það væri látið óátalið, heldur framkvæmdarvaldinu, og fyrir vanrækslu þess verður ekki girt með lagasetningu.

Þá kallaði háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) það nýmæli, að nota mætti fánann í landhelgi, en það er ekki rétt. Eg sagði það við 1. umr., að nota mundi mega fánann í landhelgi. Loks sagði hann, að landsfáninn myndi fresta því, að við fengjum siglingafána, en það gæti því að eins orðið, að þjóðinni yrði fullnægt með landsfánanum, og þá væri sú frestun réttmæt.

Eg þakka hæstv. ráðherra fyrir það, að hann hefir heitið að leggja fram á lestrarsal bréf sitt og svar forsætisráðherrans. Eg býst við að menn finni eins mikið nýjabragð af bréfi forsætisráðherrans eins og af því sem hæstv. ráðherra hafði upp úr bréfinu. Þá sést og hvað ráðherra hefir lagt til málsins.

Hæstv. ráðherra sagði, að það feldist í nefndaráliti meiri hlutans viðurkenning fyrir því, að ekki væri hægt að verja bláhvíta fánann. Slíkt má vel segja, enda frumv. fram komið til að taka af öll tvímæli um það. En ekki þarf nein slík viðurkenning í því að liggja. Það hefði mátt fá dómsúrskurð um réttmæti fánatökunnar, enda stakk eg upp á því við bæjarfógeta samstundis, að höfða mál gegn Einari Péturssyni fyrir að hafa ekki »löglegt« flagg á bátnum sínum. *(Ráðherrann:* Hann þurfti alls ekki að flagga) Það var ekki gert, og því var frumvarpsleiðin valin. Eitthvað varð að gera. Það mátti ekki líða upptökuna mótmælalaust.

**Bjarni Jónsson:** Þó að eg sé nú »dauður«, þá hefi eg samkvæmt þingsköpunum leyfi til að bera af mér ámæli.

Hæstv. ráðherra sagði, að hann hefði sent lögreglustjórunum skipunarbréf sitt um að varðveita danska fánann, — sem hann kallaði hinn löglega ríkisfána, — vegna tillögu, sem eg hefði borið upp á fundi hér í sumar. Tillaga mín var að eins sú, að hvetja menn til að nota íslenzka fánann. Það er þess vegna alveg rangt hjá honum, að eg hafi borið fram tillögu um að menn skyldu hrekja »hinn löglega ríkisfána«. Eg gerði þvert á móti ráðstafanir til þess, að þeir menn, sem þá voru reiðir, hefðu ekki í frammi nein spellvirki og létu þannig ofbeldi koma móti ofbeldi. Það var því óþarfi fyrir hæstv. ráðherra að vera þess vegna að senda skipun til lögreglustjóranna um að vernda danska fánann.

Þeir myndu hafa gert það alveg jafnt fyrir því, þótt þeir hefðu ekki fengið neitt bréf.

ATKV.GR.:

Br.till. 42, 3 var feld með 20:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Benedikt Sveinsson | Eggert Pálsson |
| Bjarni Jónsson | Jón Jónsson |
| Sig. Sigurðsson | Einar Jónsson |
| Skúli Thoroddsen | Guðmundur Eggerz |
| Þorleifur Jónsson | Halldór Steinsson |
| | Hannes Hafstein |
| | Jón Magnússon |
| | Jón Ólafsson |
| | Kristján Jónsson |
| | Lárus H. Bjarnason |
| | Ólafur Briem |
| | Pétur Jónsson |
| | Stefán Stefánsson |
| | Tryggvi Bjarnason |
| | Valtýr Guðmundss. |

Þessir greiddu ekki atkv. og töldust til meiri hlutans: Björn Kristjánsson, Jóh. Jóhannesson, Kristinn Daníelsson, Magnús Kristjánsson og Matth. Ólafsson.

Br.till. 311, 2, við 1. gr., var samþ. með 20:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Benedikt Sveinsson |
| Jón Jónsson | Bjarni Jónsson |
| Björn Kristjánsson | Hannes Hafstein |
| Einar Jónsson | Sigurður Sigurðsson |
| Guðmundur Eggerz | Skúli Thoroddsen |
| Halldór Steinsson | |
| Jón Magnússon | |
| Jón Ólafsson | |
| Kristinn Daníelsson | |
| Kristján Jónsson | |
| Lárus H. Bjarnason | |
| Ólafur Briem | |
| Pétur Jónsson | |
| Stefán Stefánsson | |
| Tryggvi Bjarnason | |
| Valtýr Guðmundss. | |

Þessir greiddu ekki atkvæði: Jóh. Jóhannesson, Magnús Kristjánsson, Matthías Ólafsson og Þorleifur Jónsson, og voru þeir taldir með meiri hlutanum.

Um leið taldi forseti fallna

Br.till. 42, 4, við 3. gr.

Br.till. 311, 2, við 2. gr., samþ. með 14 samhlj. atkv.

Br.till. 42, 2, við 2. gr. og

Br.till. 274, 2 þar með fallnar.

Br.till. 42, 4, við 2. gr., síðari liður var feldur með 11:4 atkv.

Br.till. 311, 1 samþ. í einu hljóði.

Fyrirsögnin svo breytt sþ. í e. hlj.

Samþykt með 18:7 atkv. að málinu skyldi vísað til 3. umræðu að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Benedikt Sveinsson |
| Jón Jónsson | Bjarni Jónsson |
| Björn Kristjánsson | Hannes Hafstein |
| Einar Jónsson | Magnús Kristjánss. |
| Guðmundur Eggerz | Matthías Ólafsson |
| Halldór Steinsson | Sigurður Sigurðsson |
| Jón Magnússon | Skúli Thoroddsen |
| Jón Ólafsson | |
| Kristinn Daníelsson | |
| Kristján Jónsson | |
| L. H. Bjarnason | |
| Ólafur Briem | |
| Pétur Jónsson | |
| Stefán Stefánsson | |
| Tryggvi Bjarnason | |
| Valtýr Guðmundss. | |

Þessir greiddu ekki atkv. og töldust með meiri hlutanum: Jóh. Jóhannesson og Þorleifur Jónsson.

---

Þá var næst tekið fyrir 8. mál á dagskránni.

FRUMVARP til laga um vatnsveitingar (163, n. 307, 312); 2. umr.

**Frams.m. (Sigurður Sigurðs-**

**son):** Á Alþingi 1913 var samþykt tillaga um, að skora á stjórnina að leggja fyrir næsta Alþingi frumv. til laga um vatnsveitingar. Stjórnin varð við þessari áskorun, en fór þess á leit við Búnaðarfélag Íslands, að það gerði uppkast að frumv. til slíkra áveitulaga. Stjórn Búnaðarfélagsins varð við þeirri ósk og samdi frumv., sem stjórnin síðan hefir yfir farið og endurbætt á ýmsan veg. Stjórnin lagði svo frumvarpið fyrir Ed. Alþingis. Var málið þar sett í nefnd og gerðar á því nokkrar breytingar.

Síðan hefir þetta frumv. verið athugað í landbúnaðarnefndinni og verður ekki annað sagt, en að málið hafi þannig fengið allrækilegan undirbúning.

Nokkrar breytingar leggur nefndin til að gerðar séu við frumvarpið, en flestar þeirra eru annaðhvort orðabreytingar eða skifta engu máli um efni frumv. og miða aðallega til skýringar á því eða til að laga málið. Var nefndin sammála um flestar eða allar greinar frumvarpsins, nema 18. greinina. Þar urðu 2 nefndarmennirnir viðskila og skrifuðu undir nefndarálitið með fyrirvara. Komu þeir fram með breytingartillögu á þgskj. 312 í þá átt, að numin sé úr gildi eignarnámsheimildin, sem frumvarpið veitir stjórn samáveitunnar, vilji hvorki landsdrottinn né leiguliði leggja fram áveitukostnaðinn, og í stað þess skuli taka kostnaðinn lögtaki hjá leiguliðunum.

Meiri hluti nefndarinnar lítur svo á, að verði þessi br.till. samþykt, sé frumvarpið orið stórskemt. Ákvæðið, sem minni hl. vill nema burt, telur meiri hluti nefndarinnar hættulítið eða hættulanst, en aftur á móti mjög nauðsynlegt.

Bæði hjá okkur og í útlöndum, t. d. Noregi, eru svona ákvæði í lögum ekki neitt fátíð. Hér hjá okkur eru til enn þá víðtækari eignanámsákvæði, en þetta, og get eg því til sönnunar mint á fossalögin frá 22. Nóv. 1907, 12. gr.

Annars skal eg ekki fjölyrða um þetta mál. Það hefir verið svo vel undirbúið, og nefndin hefir orðið sammála um öll atriðin, nema þetta eina að fella í burtu 18. gr. En það telur meiri hl. nefndarinnar mjög misráðið og frumv. stórspilt, verði eignanámsheimildin feld í burtu.

Vona eg svo að háttv. deild taki vel þessu mikilsverða máli, samþykki þessar smábreytingar á frumv. og felli br.till. minni hlutans.

**Framsögum. minni hl. (Bjarni Jónsson):** Eg gat ekki orðið háttv. meiri hluta nefnddarinnar samferða um þetta ákvæði í 18. gr. frumv., sem hv. framsögum. meiri hlutans (S. S.) mintist á. Þetta ákvæði er með öllu óþarft, og frumvarpið getur orðið að notum alveg eins án þess, því nægileg trygging fyrir áveitukostnaðinum er fengin með því ákvæði, sem farið er fram á í br.till. minni, að kostnaðurinn verða tekinn lögtaki af þeim leiguliðum, sem ekki vilja leggja hann fram góðfúslega. Í þessum tilgangi þarf því ekki að gera lög um eignarnám, og má því segja hér, að þetta sé of löng stöng í svo lítilli grýtu.

Þetta ákvæði er fullkomið brot á eignarrétti manna. Gæti eg farið um þetta fleiri orðum, ef eg teldi það ekki þýðingarlaust, því sams konar mál hefir verið hér til umræðu í dag, í girðingalögunum, og söm hygg eg, að sé samvizkusemin þessara manna nú og þá, einkanlega þeirra, sem láta sem sér sé svo ant um fé landsins. Og vil eg svo ekki eyða orðum mínum við þá.

**Kristinn Daníelsson:** Eg vildi leyfa mér að segja fáein orð um br.till. háttv. nefndarinnar, og þó að þær séu ekki neinar efnisbreytingar, þá er þó

ekki rétt að breyta, ef ekki er til bóta eða ef til vill heldur ins hagstæða.

1. br.till. við 2. gr. frumv., að orðin: »enda verði henni ekki breytt . . . . gerðarbeiðandi telst, falli burt«, tel eg ekki til neinna bóta. Hér er verið að tala um skaðabætur, sem maður getur krafist, telji hann sig bíða einhvern skaða af áveitu. Það atriði verður því að vera glögt og sé eg ekki að br.till. geri það neitt skiljanlegra, eða sé neitt til bóta.

5. br.till. við 6. gr., að jarðarstærð komi í staðinn fyrir jarðarmagn, hygg eg, að geti breytt meiningu frumv., sem mér hefir skilist að ekki væri til ætlast. Stærð jarðar er annnað en magn hennar. Með orðinu stærð er átt við stærð hennar að flatarmáli, en við magn hennar, notagildi hennar.

6. gr. br.till., að í stað: »skal«, komi »má«, er heldur ekki til neinna bóta. Er það gott að það sé ákveðið að eignarnámið skuli fara fram innan 5 mánaða frá birtingu matsgerðar.

Ef til vill hefir mér ekki skilist þetta rétt, en hafi eg gert það, þá sé eg ekki neina bót á frumv. með 1., 5. og 6. breytingartillögunum.

**Benedikt Sveinsson:** Mér þykir það undarlegt, að meiri hluti nefndarinnar skuli leggjast á móti breyt.till. á þgskj. 312. Eg fæ ekki séð, hversu réttlætt verði að leggja svo þunga kvöð á landsdrottinn sem 18. gr. frumv. gerir. Það nær ekki nokkurri átt að heimila eignarnám á jörðum, þá er skorast er undan greiðslu áveitukostnaðarins. Með því að heimila lögtak fyrir kostnaðinum er fyllilega náð tilganginum, eins og br.till. á þgskj. 312 fer fram á, og því á hún fram að ganga.

**Framsögum. meiri hl. (Sigurður Sigurðsson):** Eg fyrir mitt leyti get kannast við það, þótt eg sé í nefndinni, að athugasemdir hv. 2. þm. G.-K. (Kr. D.) séu að sumu leyti á rökum bygðar.

Við 6. gr. hefir nefndin gert br.till., sem að eins er orðabreyting í samræmi við það, sem upphaflega stóð í frumv. Nefndinni þótti fara betur á að setja jarðarstærð fyrir jarðarmagn; stærð jarðar er vitanlega sama sem mat hennar eftir jarðamatinu. Nefndin getur ekki fallist á að breyta þurfi 18. gr. frvs. Þótt br.till. á þgskj. 312 sé út af fyrir sig til nokkurra bóta, þá er þó greinin miklu vissari og betri, og hitt jafnvíst, að henni yrði ekki beitt nema í ítrustu nauðsyn eða þegar allar aðrar leiðir til samkomulags væru útilokaðar.

**Framsögum. minni hl. (Bjarni Jónsson):** Það er einmitt þetta, að jafnvel í ítrustu nauðsyn má ekki hafa slíkt ákvæði sem þetta. Þótt því verði ekki beitt fyr enn í ítrustu nauðsyn, þá má alt af búast við því illa, þótt það góða skaði ekki. En nú er svo langt frá því, að þessir löggjafar ætlist til að lögunum verði ekki beitt nema í ítrustu nauðsyn, því að þeir setja ekki jörðina *má* taka eignarnámi, heldur *skal* hana taka eignarnámi. Eg mintist á þetta við einn nefndarmanninn, sem er lögmaður, háttv. þm. Borf. (Kr. J.) og vildi fá stoð hans til að sannfæra hina. Nú vill nefndin taka þetta aftur. Eg tel það ósæmilegt, að þetta orð *skal* sé í ákvæðinu.

**Eggert Pálsson:** Eg skal ekki vera langorður. Nefndin leit svo á, að þessi 18. gr. frumv. væri sett til þess að girða fyrir það, að nokkur einstakur maður gæti sett sig í móti slíku fyrirtæki sem hér um ræðir eða gert það óframkvæmanlegt. Til þess að aftra því hefir háttv. Ed. haft ákvæðið svo sem það nú er, og þótt strangt kunni að sýnast, þá álít eg enga ástæðu til að draga úr því. Því sé það gert, þá getur svo farið að jafn-mikil væg fyrir

tæki sem hér er um að ræða, yrðu alveg tept fyrir mótspyrnu einstakra manna. En hins vegar ekki líklegt að oft komi til þess, að beita þurfi þessu ákvæði, þó að það fái að standa í lögunum.

ATKV.GR.:

1. gr. frv. samþ. með 20 shlj. atkv.

1. brtill. (307) við 2. gr. samþ. með 11 : 6 atkv.

2. gr. þannig breytt samþ. með 16 shlj. atkv.

2. brtill. (307) við 3. gr. talin samþ. án atkvgr.

3. gr. þannig breytt samþ. með 19 shlj. atkv.

4.—5. gr. (óbreyttar) samþ. með 20 samhlj. atkv.

3. brtill. (307) við 6. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

4. brtill. (307) við 6. gr. samþ. með 14 : 2 atkv.

5. br.till. (307) við 6. gr. talin samþ. þar með án atkv.gr.

6. gr. þannig breytt samþ. með 17 samhlj. atkv.

7.—17. gr. (óbr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

Brt. á þgskj. 312 við 18. gr. sþ. með 16 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Jón Jónsson | Eggert Pálsson |
| Benedikt Sveinsson | Hannes Hafstein |
| Bjarni Jónsson | Jón Magnússon |
| Björn Kristjánsson | Jón Ólafsson |
| Einar Jónsson | Kristján Jónsson |
| Guðmundur Eggerz | Matthías Ólafsson |
| Halldór Steinsson | Ólafur Briem |
| Jóh. Jóhannesson | Pétur Jónsson |
| Kristinn Daníelss. | Sig. Sigurðsson |
| Magnús Kristjánss. | |
| Skúli Thoroddsen | |
| Stefán Stefánsson | |
| Tryggvi Bjarnason | |
| Þorleifur Jónsson | |

Þessir greiddu ekki atkvæði og voru taltir með meiri hl.: Lárus H. Bjarnason og Valtýr Guðmundss.

Br.till. 307, 6 og 7 þar með sjálffallnar (óþarfar).

19.—24. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

---

Þá var næst tekið fyrir 10. málið á dagskránni:

FRUMVARP til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbankans til að gefa út nýjan (4.) flokk (Serie) bankavaxtabréfa (305); 1. umr.

Frumvarpið var svo seint fram komið, að leita þurfti leyfis til að taka það fyrir, en deildin veitti það í e. hlj.

**Framsögum. (Björn Kristjánsson):** Nefndin í bankamálunum hefir leyft sér að koma fram með þetta frv. Svo stendur á því, að langt er komið að lána út 3. veðdeild, að eins 263 þús. og 900 kr., eftir af henni og þar af lofað 100 þús. kr. Ef þessu yrði ekki sint af þinginu, lítur ekki út fyrir annað en veðdeildalán verði að hætta. Veðdeildirnar hafa lánað út alls 8077 300 kr. Í umferð eru samtals 6.595.800 kr. Mismunur: 1.481.500 kr., sem búið er að borga til baka. Útdregin bréf nema þess utan 224.700 kr., sem greiðast eiga 2. Janúar 1914. Að vísu hefir nefndin ekki mikla von um, að mikið gagn verði að þótt þessi veðdeild verði stofnuð, því að nefndin hefir ekki séð sér fært að leggja til að taka sömu leiðina sem tekin var 1909, sem sé að láta landssjóð taka lán til verðbréfakaupa. Vextir eru háir erlendis sem stendur, og eigi lítur út fyrir að þeir lækki í bráð, svo að

varla er nú að búast við, að þessi heimild komi að verulegu liði, eftir því hvað erfiðlega hefir gengið að fá landssjóðslánið til þess að kaupa fyrir bréf 3. veðdeildarinnar. Ef landið tæki lán til að kaupa bréfin, væri það mjög hagfelt, því að bankinn sætir harðari stimpilgjalds kjörum utan Danmerkur, heldur en landið. Ef veðdeildin aftur á móti yrði að hætta, gæti af því leitt inn mesta voða fyrir landið; húsabætur féllu niður sýslu- og sveitar-félög gætu ekki fengið lán o. s. frv. Og Íslandsbanki hefir ekki reynst nein styrkstoð í þessum efnum. Eigi að síður er ekki hægt að segja fyrir, hvað hægt kunni að vera að gera í framtíðinni, og vona eg því að háttv. deild taki frumv. vel.

Frumvarpið er dálitið breytt frá veðdeildarlögunum, eins og fram er tekið í nefndarálitinu. Ef mönnum þykja einhverir annmarkar á frumvarpinu, er hægt að gera br.till. til 2. umr.

**Tryggvi Bjarnason:** Eg skal ekki fara langt út í þetta mál nú við þessa umræðu. Það vitum vér allir, að þjóðin óskar þess, að Landsbankinn sé styrktur. Það er nú ekki hægt að segja annað en að tilraun sé gerð í þessa átt, þar sem 4 frumvörp þess eðlis hafa nú verið flutt inn á þingið. Hvað sem nú má um þessi frumvörp segja, þá hygg eg, að þessi leið sé aðgengilegust, en þó eru gallar á frumvarpinu.

Eg vil að eins benda á til athugunar til 2. umr., að »prosenturnar«, sem lántakendum er ætlað að greiða, er nýr skattur og getur reynst þungur. Eins vil eg benda á það, að hér er bankastjórn heimilað að láta fara fram skoðun á fasteignum, þeim sem bankinn hefir að veði, á kostnað lántakanda. Ella skal eg ekki fara út í einstök atriði nú.

**Framsögum. (Björn Kristjánsson):** Að eins örfá orð út af ræðu hv. 2. þm. Húnv. (Tr. B.). Eg álít rétt, að það komi þegar fram við 1. umræðu, hvernig þessu er háttað, svo að þingmenn geti kynt sér það, og komi ekki fram með breytingartillögur að ófyrirsynju.

Háttv. þingmaður taldi það varhugavert, að heimtað er 1% gjald af lánsupphæðinni í varasjóð veðdeildarinnar um leið og lánið er tekið. Ef hann hefði kynt sér nefndarálitið, hefði hann getað séð, að þetta er ekki gripið úr lausu lofti, heldur er hér farið að dæmi lánsfélaganna dönsku, sem alment eru talin að vera hrein fyrirmynd. Hér er einungis farið enn vægara í sakirnar, því að dönsku lánsfélögin hafa þetta gjald helmingi hærra. Og þegar því er slept, að veðdeildinni sé gert að skyldu að hafa $^1/_6$ af þeim bréfum, sem í umferð eru, fyrirliggjandi í verðbréfum sem tryggingu, þá er augljóst að eitthvað verður að koma i staðinn.

Hitt, er nefndin ætlast til, að þegar eigandaskifti verða, þá greiði kaupandinn helmingi hærra gjald, eða 2% af því sem eftir stendur af láninu í varasjóð, á að miða til þess að draga dálitið úr því verzlunarbraski með fasteignir, sem hér er farið að tíðkast, og sem gengur næst því að heita fjárglæfrar. Þetta ætti að verða dálitið band á því að fasteignir yrðu seldar svo að segja annan hvern dag, enda er þetta ekki hærra gjald en heimtað er af lánsfélögunum dönsku, sem alstaðar eru talin fyrirmynd.

Að gjald þetta tvöfaldist ef vanrækt er að láta veðdeildina vita um eigandaskiftin, er bygt á þeirri reynslu, að fasteignasöluprangarar fara ávalt á bak við veðdeildirnar með þetta. Það hefir oft komið fyrir, að fasteign hefir verið seld þrisvar eða enn oftar, áður en veðdeildin hefir haft hugmynd um það. Þetta á að reyna að fyrirbyggja það.

Af þessum ástæðum, sem eg hefi nú greint, getur nefndin ekki fallið frá þessum atriðum þó að breyt.till. kæmi fram um það.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Eftir ræðu háttv. 2. þm. Húnv. (Tr. B.) var eg orðinn í vafa um, hvaða umræður þetta væri. En eg verð þó að trúa dagskránni, að þetta sé 1. umræða. Mér finst, að nú eigi ekki að ræða einstakar greinar, heldur eigi að líta á frumvarpið *í heild sinni*, og þegar það er gert, getur engum dulist, að þetta frumvarp hefir að minsta kosti einn stóran kost fram yfir in önnur bankafrumvörp, sem fram hafa komið nú á þinginu. Og þessi kostur er sá, að ekki er ætlast til að landssjóður útvegi neitt fé; bankinn ætlar að gera það sjálfur.

Eg var, því miður, ekki inni þegar umræðurnar byrjuðu, svo að eg veit ekki, hvort háttv. framsögum. (B. Kr.) hefir tekið fram, að það var hugsun nefndarinnar, að samið yrði *fyrir fram* um sölu bankavaxtabréfa veðdeildarflokksins *í einu lagi*, og telur hún, að það muni vera auðveldara, ef flokkurinn nemur 6 miliónum króna, heldur en ef hann er minni. Það eru til peningastofnanir, sem vilja heldur kaupa heila »Seriu« í einu, heldur en smáslatta. Þetta gæti líka orðið til þess, að bréfin þyrftu ekki að falla í verði.

Að öllu íhuguðu er frumvarpið vel þess vert að það fái að komast í gegn um þingið. Það vita allir, hve mikilli byltingu það gæti valdið, ef hætta þyrfti að veita veðdeildarlán. Nú eru ekki eftir nema 160 þús. kr. ólofaðar, og sjá allir, að það getur ekki hrokkið lengi. þegar þeirri upphæð er eytt, verður að hætta öllum veðdeildarlánum, ef ný veðdeild verður ekki stofnuð.

Eg vona því að allir sjái, hversu mikil nauðsyn það er, að koma frv. fram. Eg hefi tekið fram þann stóra kost, sem frumvarpið hefir, að það fer ekki fram á nein peningaútgjöld úr landssjóði. Eg vona, að menn líti meira á það, en þetta lítilfjörlega prócentgjald, sem engu munar.

ATKV.GR.:

Frumvarpinu vísað til 2. umræðu í einu hljóði.

---

Næst var tekið fyrir 6. mál á dagskrá.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr. 86, 22. Nóv. 1907 (150, 347); 2. u m r.

**Flutningsm. (Lárus. H. Bjarnason):** Eg hefi raunar lítið að segja í viðbót við það sem eg sagði við flutning málsins upprunalega. Eg vil að eins leyfa mér að leiða athygli háttv. deildar aftur að því, hvað það er, sem hér er farið fram á. Það er eingöngu farið fram á breytingu á þeim máta, hvernig borgarstjórinn í Reykjavík er kosinn. Hingað til hefir hann verið kosinn af bæjarstjórninni, en nú er ætlast til að hann verði kosinn af öllum atkvæðisbærum borgurum bæjarins, körlum og konum. Eins og eg gat um við 1. umr. hefir þetta mál haft allra mála mest fylgi á þingmálafundum hér í Reykjavík, og þar við bætist, að á bæjarstjórnarfundi, sem haldinn var 7. Ágúst, var samþykt tillaga, sem eg skal lesa upp með leyfi forseta. Hún hljóðar svo, eftir bréfi frá borgarstjóranum, sem eg hefi í höndunum:

»Bæjarstjórnin lýsir fylgi sínu með því, að borgarstjóri verði kosinn af kosningabærum kjósendum, að því tilskildu, að minst 25 kjósendur mæli með umsækjanda«.

Móti tillögunni greiddu að eins tveir bæjarfulltrúar atkvæði, og einn sat hjá. Eg vona því, þegar menn heyra hversu

borgurum bæjarins er þetta mikið áhugamál, og þegar bæjarstjórnin ljær því jafnóskift fylgi sitt, að allir háttv. þm. greiði frumv. atkvæði. Eg vona að það verði ekki að eins utanbæjarþingmenn, sem vilja unna bænum sjálfstæðis í þessu efni, heldur og engu síður þeir þingmenn, sem búsettir eru í Reykjavík.

Samkvæmt þessari ályktun bæjarstjórnarinnar hefi eg leyft mér að bera fram breyt till. á þgskj. 347 þess efnis, að 25 kjósendur verði að mæla með kosningu borgastjórans. Ennfremur hefi eg bætt því við, að stjórnarráðið skuli setja reglur um kosninguna eftir tillögum bæjarstjórnarinnar.

Eg hefi heyrt einstaka menn halda halda því fram, að hér væri í tvísýnu tefit um borgarstjóravaldið. Eg hygg að aldrei hafi verið nein hætta á því, og sízt nú, þegar stjórnarráð og bæjarstjórn eiga að ráða inum nánari reglum fyrir kosningunni. Til tryggingar því, að sæmilegur maður veljist í borgarstjóraembættið, er ennfremur heimtað, að 25 kjósendur að minsta kosti mæli með honum. Og þó að ekkert sé ákveðið um hæfileika þeirra manna, má telja það víst, að ekki verði leitað til 25 manna af lakari endanum. Því að eins getur nokkus maður búist við fylgi, að meðmælendurnir séu góðir. Eg hygg, að þessi aðferð sé réttari en sú sem verið hefir, því að það hlýtur að vekja ábyrgðartilfinningu þeirra manna, sem kjósa, að þeir geta engum um kent nema sjálfum sér, ef illa tekst, enda eiga þeir einir nokkuð á hættu og launa borgarstjórann að öllu leyti. Ef illa tekst, segi eg, en ekki af því að eg búist við að fremur takist illa til um borgarstjórakosninguna, þó að þessi aðferð verði höfð. Það gæti sannarlega tekist illa, þó að bæjarstjórnin kysi borgarstjórann, og engin trygging væri fyrir því að vel tækist þó að jafnvel konungur eða stjórnarráðið skipaði hann, nú er menn eru hættir að trúa því, að þeim sem guð gefur embætti, gefi hann einnig hyggindi til að gegna því.

Eg vona sem sagt, að utanbæjarþingmenn vilji lofa Reykjavíkurbúum að ráða þessu einkamáli sínu sjálfum, og eg vona að hinir, sem búsettir eru hér í bænum, sjái, að hér er ekki út í neina hættu lagt, enda hægur hjá, að breyta til ef miður færi.

**Kristinu Daníelsson:** Af því að mér þykir þetta frumv. talsvert athugavert, vildi eg leyfa mér að vekja athygli háttv. deildar á þeim atriðum, sem mér þykja sérstaklega varhugaverð. Hér á að innleiða það, að borgarstjórinn verði kosinn af öllum atkvæðisbærum borgurum bæjarins. Sams konar aðferð hefir verið viðhöfð á öðrum svæðum. Um hana hafa verið ærið misjafnir dómar og jafnvel heyrst raddir um að hún gæfist fremur illa, þó að það hafi verið á þeim svæðum, þar sem kosningin snertir meira hvern einstakling en hér getur verið um að ræða. Ef þetta verður leitt í lög, er hætt við að það verði ekki afnumið aftur, jafnvel þó að menn kynnu að sjá að það væri ekki heppilegt. Mér virðist að áhrifum kjósenda á borgarstjórakosninguna sé nokkurn veginn borgið með þeirri tvöföldu kosningu, sem nú er viðhöfð, þar sem þeir velja þá 15 menn, er þeir treysta bezt, í bæjarstjórn og bæjarstjórnin kýs aftur borgarstjórann. Með þessu móti hafa kjósendurnir óbein áhrif á það, hvers konar maður verður kosinn borgarstjóri. Enda er þetta fyrirkomulag í samræmi við það sem gerist í öðrum sveitarstjórnum. Þar er það venjan, að hreppsnefndirnar kjósa oddvitann, en starf hans samsvarar að sínu leyti starfi borgarstjórans, þó að í minni stil sé. Við þetta

bætist, að lögin, sem hér er farið fram á að breyta, eru mjög ung, og þessi eina borgarstjórakosning, sem fram hefir farið eftir þeim, gefur ekki tilefni til þeirrar breytingar. Eg hygg, að í stöðuna hafi valist nýtur maður, að minsta kosti hefir bærinn tekið miklum framförum í hans tíð.

Það sýnist í fljótu bragði mæla með frumv., sem háttv. flutningsm. (L. H. B.) sagði, að þetta væri einkamál bæjarins og borgurunum væri þetta mikið áhugamál. En þetta er ekki einkamál Reykjavíkurbæjar, heldur nær það til allra bæja á landinu, því að þeir mundu heimta sams konar fyrirkomulag innan skamms og sveitirnar mundu koma á eftir. Auk þess er hagur og sæmd Reykjavíkur hagur og sæmd alls landsins. Landið á enga eign eins dýra og höfuðstaðinn, þess vegna verður hann að ganga á undan í öllum greinum. Málefni höfuðstaðarins eru málefni alls landsins.

Eg vildi að eins vekja athygli á þessum atriðum, sem mér þykja athugaverð. Eg sé ekki að neinar umbætur séu fólgnar í því að haga borgarsrjórakosningunni á þennan hátt. Eg hygg þvert á móti, að miklu meiri trygging sé fyrir því, að borgarstjórakosningin takist vel, ef þeim mönnum er falin hún, sem borgararnir treysta bezt að fara með öll vanda- og velferðarmál bæjarins.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Eg þekki að eins þrenns konar fyrirkomulag á borgarstjórakosningu. Eitt er það, sem hér hefir verið haft, og mun það vera danskt, eins og fleira gott(!) hjá oss. Annað fyrirkomulag tíðkast í Noregi; þar skipar konungur borgarstjórann. Þriðja fyrirkomulagið er tíðkað með enskumælandi þjóðum, að borgararnir kjósi borgarstjórann sjálfir, eins og hér er farið fram á. Eg hefi ekki getað séð betur, en að það fyrirkomulag gefist vel. Tilgangurinn með því er sá, að gera borgarstjórann óháðan bæjarstjórninni, svo að hann þurfi ekki að fara móti vilja sínum og samvizku, til þess að tryggja sér kosningu aftur. Í núgildandi lögum frá 22. Nóv. 1907 stendur:

»Virðist borgarstjóra að ákvörðun bæjarstjórnar gangi út fyrir vald bæjarstjórnarinnar, eða að hún sé gagnstæð lögum eða *skaðleg fyrir kaupstaðinn*, eða miði til þess að færast undan skyldum, þeim er á kaupstaðnum hvíla, má hann fella ályktunina úr gildi að sinni með því að rita atkvæði sitt í gerðabókina«.

Hvað verður nú úr þessu valdi borgarstjórans, ef hann gengur alt af með grautinn í skónum út af því, hvort hann verði endurkosinn? Með þessu er hann gerður alt of háður bæjarstjórninni.

Eg skal játa, að eg hefði óskað frekari breytinga, en frumvarpið fer fram á. Eg hefði viljað, að þessum aðal tilgangi, að gera borgarstjórann óháðan bæjarstjórninni, væri gert enn hærra undir höfði, líkt og á sér stað með enskumælandi þjóðum. Þar hefir borgarstjórinn, sem kosinn er af borgurunum, vald til að synja staðfestingar ályktunum bæjarstjórnarinnar, en að eins um stundarsakir. Ef bæjarstjórnin endurtekur ályktunina með $^2/_3$ eða $^3/_4$ atkv., þá öðlast hún fult gildi. Þetta gerir það að verkum, að borgarstjórinn verður þá fyrst verulega óháður bæjarstjórninni, og hefir þá um leið betra brjóst gagnvart bæjarbúum, og er ekki hætt við öðru, en að þeir líti á það og endurkjósi hann, hvort sem bæjarstjórninni líkar betur eða ver, ef þeim líkar framkoma hans. Með þessu móti nær frumhugsunin sér fyrst niðri. Mér finst það liggja í augum uppi, að þá verður borgarstjórinn tápmeiri, og fylgir sannfæringu sinni betur að því sem kjósendun-

um er fyrir beztu, er hann á ekkert undir bæjarstjórninni um endurkosningu sína. Eg vona að frumvarpið fái góðar undirtektir. Eg óska, að til 3. umr. verði bætt við frestandi neitunarvaldi borgarstjórans. Þá yrði hann í líkri stöðu gagnvart bæjarstjórninni eins og stjórnin er gagnvart þingu, og yrði þá þetta fyrirkomulag í meira samræmi við annað stjórnarfyrirkomulag í þjóðfélaginu. Eiginlega yrði það alveg samræmt því, er konungur hefir að eins frestandi neitunarvald.

**Flutningsm. (Lárus H. Bjarnason):** Það er komið fram, sem eg hafði ekki búist við, að þingmaður utan Reykjavíkur hefir lagst á móti frumvarpinu, þó að hann hafi reyndar gert það með allra mestu varúð. Ástæður hans hans kann eg ekki að meta. Hann segir þetta varhugavert nýmæli. En í rauninni er þetta ekkert nýmæli. Allir hreppsnefndarmenn eru kosnir beint af hreppsbúum, í hreppsnefndina, og oddvitinn er alt af einn maður úr hreppsnefndinni. Þess vegna er oddvitinn í raun og veru kosinn af kjósendunum. Í Hafnarfirði, þar sem háttv. 2. þm. G.-K. (Kr. D.) þekkir vel til, er og gert ráð fyrir því, að borgarstjórinn geti verið úr hóp bæjarstjórnarmanna. Þetta er því ekkert nýmæli hér á landi og því síður annarsstaðar, eins og upplýst hefir verið af háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.), og eg get bætt því við, að í Sviss, sem talið er að bezt sé stjórnað af öllum löndum í Norðurálfunni, eru flestir embættismenn kosnir beint af borgunum.

Háttv. þm. (Kr. D.) sagði, að ef þetta fyrirkomulag reyndist illa, þá yrði því ekki breytt, en það er rangt. Eg hafði aldrei ætlast til að þetta yrðu eins konar stjórnarskrárlög eða grundvallarlög, enda má líka breyta þesshättar lögum. Eg ber ekki inn minsta kvíðbeyg fyrir því að lögin verði lengi í gildi, ef það kæmi í ljós að þau reyndust illa. Ef svo færi, mundu borgararnir verða fyrstir til að hefjast handa að fá lögunum breytt.

Ekki þarf heldur að óttast það, að aðrar sveitastjórnir mundu heimta sömu skil sér til handa. Það mundu þær því að eins gera, að fyrirkomulagið reyndist vel, og þá væri það ekkki hræðsluefni.

Eg sagði, að eg áliti að stjórnin hefði ekki haft rétt til að veita borgarstjóranum atkvæðisrétt í bæjarstjórnarmálum. Bygði eg það álit mitt á því, að í lögum um bæjarstjóra í Hafnarfirði, frá sama degi, er það beint tekið fram, að hann skuli ekki hafa atkvæðisrétt í bæjarstjórninni, nema hann sé einn af inum kosnu fulltrúum hennar. En það að stjórnin hefir úrskurðað að borgarstjóri skuli hafa atkvæðisrétt í bæjarstjórn Reykjavíkur, hefir vakið megna óánægju í bænum.

Eg sagði, að það væri ekki ástæða til að óttast verra val eftir kosningarfyrirkomulagi; því sem farið er fram á í frumvarpinu, heldur en því fyrirkomulagi, sém nú er; enda heldur ekki geysimikið komið undir þessari kosningu, þar eð borgarstjóri hefir eigi annað verk með höndum, en að framkvæma ályktanir bæjarstjórnar og að stjórna fundum hennar. Að vísu getur hann til bráðabirgða rift úrskurði bæjarstjórnar, en að eins þar til er stjórnarráðið gerir út um málið. En þó þetta vald standi á pappírnum, hefir því aldrei verið beitt við bæjarstjórnina í Reykjavík, fremur en sams konar ákvæði við sýslunefndir.

Hér við bætist, að borgarstjóri er að eins $^1/_{16}$ hluti bæjarstjórnar, svo að ólíklegt væri að hann kæmi nokkurri óhæfu fram, enda þótt kjör á honum mistækist, enda verður að sækja lof og leyfi

stjórnarráðs til fjölmargra gerða bæjarstjórna, og það myndi því taka í taumana, ef hætta væri á ferðum.

Það er svo langt frá að eg óttist verri kosningu með þessu fyrirkomulagi, að eg held þvert á móti að það sé auðveldara að beita misjönum agitationum með því fyrirkomulagi, sem nú er. Því smærri sem hringurinn er, því auðveldara er að koma við »agitationum«. En eins og eg hefi tekið fram, er ekki hundrað í hættunni, því bæði hefir borgarstjórinn sáralítið vald og ef hann fyndi upp á að misbeita því, getur stjórnarráðið tekið í taumana.

Það er ekki ólíklegt, að við flutningsmenn tökum til athugunar til 3. umr. till. háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) um að borgarstjóri fái frestandi neitunarvald.

Annars væri það og vert athugunar, hvort ekki væri rétt að lögleiða sama sjálfræði til handa bæjarstjórnum og sýslunefndir hafa nú að lögum. Að minsta kosti er það óviðkunnanlegt að það skuli gilda alt annað um sjálfræði bæjarstjórna, heldur en um sjálfstæði sýslunefnda. En út í það skal eg ekki fara frekar að þessu sinni, enda veit eg ekki til þess að stjórnin hafi misbrúkað vald sitt yfir bæjarstjórnum.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Eg er þakklátur háttv. flutningsmanni (L. H. B.) að hann hefir heitið að taka breytingartillögu, þá sem eg bar fram, til íhugar til næstu umr.

Eg skal að eins geta þess, að það er einn liðurinn í minni pólitísku trúarjátningu, að dreifa valdinu sem allra mest. Enda finst mér sjálfsagt að bæjarstjórnir hafi eins mikið sjálfræði og sýslunefndir.

Úr því eg fór að standa upp, skal eg geta þess, að mér fanst kenna ósamræmis hjá háttv. 2. þm. G.-K. (Kr. D.). Hann sagði, að allir kaupstaðir mundu fylgja á eftir. En það hljóta allir að sjá, að öðruvís er ástatt með Reykjavík, sem hefir margbeðið um þetta. Ár eftir ár hefir það verið samþykt á öllum þingmálafundum.

Mér finst, að eitt af því sem Alþingi eigi að gera sér að reglu, sé, að láta stjórnir sveitarfél. ráða sér sem mest sjálfar. Mér finst það vera siðferðislegur réttur Reykvíkinga, að þeir fái að ráða því sjálfir, á hvern hátt þeir kjósi borgarstjóra sinn.

**Kristinn Daníelsson:** Þó eg ætli ekki að gera þetta mál að kappsmáli, verð eg samt sem áður að segja aftur nokkur orð.

Háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) vitnaði í, hver venja væri í öðrum löndum í þessu efni. Skal eg fús að játa, að hann hafi sagt rétt um það; en í því felst engin sönnun, engin nema sú almenna, að alt sé gott í útlöndum. *(Jón Ólafsson:* Jú, reynslan). Háttvirtur sami þm. sagði líka, að borgarstjórinn væri með því fyrirkomulagi, sem er, alt of háður bæjarstjórninni. En eg skil ekki í öðru en hann verði alveg eins og engu síður háður kjósendum sínum með því fyrirkomulagi, sem farið er fram í frumv. — Eg get ekki vetur séð en að þessu leyti komi alveg í sama stað niður, hvor aðferðin er höfð.

Þá virtist mér hann vilja líkja þessu fyrirkomulagi við sambandið milli kjósenda og þings. En það dettur engum lifandi manni í hug, að láta kjósendurna kjósa stjórn landsins. En viðvíkjandi því, sem hann sagði um sjálfræði sýslunefnda, er ið sama að segja. Kjósendurnir kjósa sýslunefndina sjálfa, en ekki oddvita hennar.

Þá þótti háttv. þm. það vera mótsögn hjá mér, er eg sagði, að mér þætti breytingin til ins verra, en óttaðist þó að allir hinir kaupstaðirnir kæmu á eftir. Hann

hefir misskilið mig. Eg átti við, þar sem því var haldið fram, að þetta snerti Rvík eina, þá væri það ekki svo, heldur snerti og aðra kaupstaði, og eigi ekki að gefa út lög, sem eingöngu væru fyrir Reykjavík í þessu efni, heldur ættu sömu reglur að gilda fyrir aðra kaupstaði.

Þá ætla eg að beina nokkrum orðum til háttv. flutningsm. (L. H. B.). Hann sagði, að eg hefði haldið því fram, að þetta frumv. væri nýmæli. Það er ekki rétt, því eg benti einmitt á, að það væri ekki nýmæli, heldur væri sams konar fyrirkomulag til á öðrum svæðum og heði[ tæplega gefist vel ávalt. Hitt sem eg sagði, að ekki yrði auðvelt að breyta lögunum aftur, kom af því, að eg álít að það sé ekki svo auðvelt að taka það vald af almenningi, sem honum einu sinni hefir verið fengið í hendur. Það sem háttv. flutningsm. sagði, að borgarsjórinn væri ekki annað en framkvæmdarvald bæjarstjórnarinnar, þykir mér vera til styrktar minu máli. Virðist ekkert eðlilegra, en að bæjarstjórnin kjósi sjálf þann mann, sem á að framkvæma ráðstafanir hennar sjálfrar. — Loks sagði háttv. flutningsm., að eg ætti eftir að sanna, að þetta fyrirkomulag reyndist ver, en það sem nú er. En mér finst að sönnunarskyldan liggi á honum, úr því að það er hann, sem vill breyta til. Hann ætti að koma með sönnun fyrir, að fyrirkomulagið, sem hann vill hafa, reynist betur. Það hefir hann ekki gert og mun ekki geta.

**Flutningsm. (Lárus H. Bjarnason):** Eg ætla að eins að geta þess, að þetta frumv. er ekki annað en framþróun af lögunum, sem sett hafa verið á öðrum svæðum. Eftir lögunum um prestskosningar 1907 geta söfnuðurnir ráðið því, hvern prest þeir fá. Eldri kosningarlögunum var breytt til þess að vekja ábyrgðartilfinningu kjósenda, og held eg að það hafi ekki gefist illa, enda mundi reyndin verða lík hér.

Viðvíkjandi því, sem háttv. 2. þm. G.-K. (Kr. D.) sagði, að mér bæri að sanna, að fyrirkomulag, það sem farið er fram á í frumv., sé betra en það sem nú er, þá er það að vísu rétt, ef metið er á lögfræðislegum mælikvarða. En eg ætla samt ekki að verða við þeim tilmælum háttv. þm., af því eg vil ekki tala um fjarverandi mann, en benda að eins á einróma ósk bæjarbúa, sem mun vera nokkur vottur um álit þeirra á því, hversu borgarstjórakosningin tókst 1908.

ATKV.GR.:

Breyt.till. á þgskj. 347 samþ. með 18 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Hannes Hafstein |
| Jón Jónsson | Jóh. Jóhannesson |
| Benedikt Sveinsson | Ólafur Briem |
| Bjarni Jónsson | Pétur Jónsson |
| Einar Jónsson | Sig. Sigurðsson |
| Guðm. Eggerz | Valtýr Guðmundss. |
| Halldór Steinsson | |
| Jón Ólafsson | |
| Kristinn Daníelsson | |
| Kristján Jónsson | |
| Lárus H. Bjarnason | |
| Magnús Kristjánss. | |
| Matthías Ólafsson | |
| Skúli Thoroddsen | |
| Stefán Stefánsson | |
| Tryggvi Bjarnason | |
| Þorleifur Jónsson | |

Björn Kristjánsson var ekki við, en Jón Magnússon greiddi ekki atkv. og taldist til meiri hlutans.

1. gr. þannig breytt samþ. með 18 : 6 atkv.

2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Hannes Hafstein |
| Jón Jónsson | Jóh. Jóhannesson |
| Benedikt Sveinsson | Kristinn Daníelss. |
| Bjarni Jónsson | Kristján Jónsson |
| Einar Jónsson | Ólafur Briem |
| Guðmundur Eggerz | Pétur Jónsson |
| Halldór Steinsson | Sig. Sigurðsson |
| Jón Ólafsson | Valtýr Guðmundss. |
| Lárus H. Bjarnason | |
| Magnús Kristjánss. | |
| Matthías Ólafsson | |
| Skúli Thoroddsen | |
| Stefán Stefánsson | |
| Tryggvi Bjarnason | |
| Þorleifur Jónsson | |

Björn Kristjánsson var ekki við, en Jón Magnússon greiddi ekki atkv. og taldist til meiri hlutans.

---

7., 9., 11., 12., 13. og 14. mál voru tekin út af dagskrá.

Forseti skýrði frá, að lagt hefði verið fram á lestrarsal:

Bréf forsætisráðherra Dana til ráðherra Íslands út af flaggtöku varðskipsins »Islands Falk« á Reykjavíkurhöfn, ásamt bréfi ráðherrans til forsætisráðherrans um sama mál.

Fundi slitið.

---

## 32. fundur.

Þriðjudag 22. Ágúst 1913, kl. 12 á hád.

Dagskrá:

1. Frv. til laga um stofnun landhelgissjóðs Íslands (142, n. 262, 345); 2. umr.
2. Frv. til laga um stækkun verzlunarlóðarinnar á Eskifirði (302); 2. umr.
3. Frv. til laga um bæjarnöfn (166, n. 313, 314); 2. umr.
4. Frv. til laga um að leggja jarðirnar Bústaði og Skildinganes undir lögsagnarumdæmi og bæjarfélag Reykjavíkur (309); 1. umr. [Ef leyfi fæst].
5. Frv. til siglingalaga (293); 1. umr.
6. Frv. til laga um breyting á lögum 22. Okt. 1912 um ritsíma og talsímakerfi Íslands (330); 1. umr.
7. Frv. til laga um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum (331); 1. umr.
8. Frv. til laga um breytingu á 16. gr. laga nr. 29, 16. Nóv. 1907 (336); 1. umr. [Ef leyfi fæst].

---

Allir á fundi.

Fundargerð síðasta fundar lesin upp, samþykt og staðfest.

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið í deildinni:

1. Frv. til laga um íslenzkan fána. Eftir 2. umr. í Nd. (357).
2. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 86, 22. Nóv. 1907. Eftir 2. umr. í Nd. (350).

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið frá Ed.:

1. Frv. til laga um rafveitu í kaupstöðum og sjálfstjórnarkauptúnum. Eftir 3. umr. í Nd. (356).
2. Frv. til girðingalaga. Eftir 3. umr. í Nd. (353).

Forseti skýrði frá, að lagt hefði verið fram á lestrarsal:

1. Erindi frá kennurum mentaskólans um launahækkun.
2. Erindi frá stjórnarnefnd kvennaskóla Reykjavíkur, um að styrkur, sá sem skólinn nýtur úr landssjóði,

verði aukinn að nokkru á næsta fjárhagstímabili.

3. Erindi frá Ásmundi Gestssyni um alt að 800 króna styrk á ári til lýðskólans í Bergstaðastræti 3 í Reykjavík (2 flgskj.).
4. Erindi frá Birni leikfimiskennara Jakobssyni, þess efnis, að honum verði veittur 600 kr. styrkur árlega til þess að geta haldið áfram að starfa að leikfimiskenslu í Reykjavík (3 flgskj.).
5. Erindi frá Jóni Ólafssyni alþingismanni, um 3000 kr. árlegan styrk til orðabókarsamningar (2 flgskj.).
6. Erindi frá Ríkarði Jónssyni um 2000 kr. styrk á næsta fjárhagstímabili til að ljúka myndhöggvaranámi (1 flgskj.).
7. Erindi frá séra Kristni Danielssyni, um að Sighvati Grímssyni Borgfirðingi verði veittur alt að 300 kr. styrkur til skjalarannsókna á söfnum hér.
8. Erindi frá framkvæmdarnefnd Stórstúku Íslands, um að styrkur, sá sem reglan hefir notið, fái að haldast.
9. Erindi frá séra Vilhjálmi Briem um að Eggert syni hans verði veittar 800 kr. árlega til þess að nema rafmagns og vélafræði í Mittweida á Saxlandi (2 flgskj.).
10. Erindi frá P. J Halldórssyni um, að Guðmundi sýslumanni Björnssyni og Snæbirni hreppstjóra Kristjánssyni verði bættur skaði, sá er þeir urðu fyrir 1910 af völdum útlends skipstjóra (2 flgskj.).
11. Erindi frá Guðmundi Þorvaldssyni á Bildsfelli um 1500 kr. styrk til þess að koma upp rafleiðslu á jörð sinni (1 flgskj.).
12. Erindi frá sira Kristni Danielssyni um, að Guðrúnu Pétursdóttur, ekkju Jens prófasts Pálssonar, verði veittur 300 kr. árlegur eftirlaunastyrkur.
13. Erindi frá þingmönnum Gullbringu og Kjósarsýslu um, að veittar verði 3900 kr. til brúargerðar á Bleikdalsá á Kjalarnesi (1 flgskj.).
14. Erindi frá þingmönnum Suður-Múlasýslu um, að veittar verði 20.000 krónur til brúargerðar á Grímsá á Völlum (1 flgskj.).
15. Erindi frá Páli Jónssyni um 600 kr. styrk til þess að fara á sýningu í Kristíaníu næsta sumar (5 flgskj.).
16. Erindi frá B G. Blöndal og M. J. Stefánssyni, þar sem farið er fram á, að veitt sé úr landssjóði fé til framhalds vegargerðar á sýsluvegi Eiðahrepps.
17. Bréf frá þingmanni Gullbringu- og Kjósarsýslu viðvíkjandi veginum milli Hafnarfjarðar og Keflavíkur (1 flgskj.).
18. Bréf frá þingmönnum Sunnmýlinga um 3000 kr. styrk úr landssjóði hvort ár næsta fjárhagstímabil, til vegagerðar milli Eskifjarðar og Reyðarfjarðar (1 flgskj.).
19. Beiðni frá Þorgrími lækni Þórðarsyni um 400 kr. árlegan styrk.
20. Vottorð frá Petersen yfirlækni Ríkisspítalans danska um, að dr. Björn Bjarnasou sé eigi fær um að gegna kennarastörfum næsta vetur vegna heilsubrests.

Þá var gengið til dagskrár og tekið fyrir:

FRUMVARP til laga um stofnun landhelgissjóðs Íslands (142, n. 262, 345); 2. u m r.

**Framsögum. (Matthías Ólafsson):** Þetta mál fékk svo góðan byr hér við 1. umr. málsins, að eg efast ekki um að það verði samþykt hér. Að eins var gerð við það ein athugasemd af ráðherra. Þá athugasemd hefir nefndin

tekið til greina. Oss var það ljóst, að ekki gæti liðið langur tími þangað til vér Íslendingar þyrftum að auka landhelgisgæzluna að miklum mun, og teljum því hyggilegt að þegar sé byrjað að safna fé til þess, enda mundi það flýta fyrir framkvæmdum þessa, ef þó nokkuð fé safnaðist í stað þess að þurfa að leggja í einu fram úr landssjóði stórfé auk árlegs kostnaðar.

**Kristinn Daníelsson:** Breytingartillagan, sem stendur á þingskjali 345, kemur frá nefndinni. Eg var reyndar einn af nefndarmönnum, en gat þess þá, að eg væri ekki samþykkur henni um þessa breytingu. Mér fanst hún svo lítilvæg að ekki væri það næg ástæða til þess að vera að flækja þessu frv. milli deildanna. Mönnum þykir sem þetta gangi of nærri konungi, að ákveða að Alþingi ráði þessu, þar sem það sé að eins annar þáttur löggjafarvaldsins. En það virðist ekki þurfa að taka fram, að engin lög Alþingis hafa gildi nema konungur samþykki.

Einnig gæti Alþingi með þingsályktunartillögu látið sjóðinn taka til starfa.

Eg held því að hér sé ekkert að óttast og samþykkja megi frumvarpið óbreytt.

**Ráðherrann (H. H.):** Eg var staddur í Ed. og heyrði ekki röksemdir háttv. 2. þm. G.-K. (Kr. D.). Eg heyrði að eins að hann var að mæla móti breytingartillögunni. Eg er viss um að óhætt er að senda frumvarpið til Ed. aftur og eg sé því ekki af þeirri ástæðu neitt á móti því að tillagan sé samþykt. Eins og frumvarpið er nú úr garði gert, getur það valdið misskilningi og deilum sem breytingartillagan fyrirbyggir. Úr því hún ekki víkur frá tilgangi flutningsmanns frumvarpsins, tel eg sjálfsagt að hún verði samþykt. Eg er þakklátur nefndinni að hún tók athugasemd mína til greina.

**Kristinn Daníelsson:** Fyrst hv. ráðherra heyrði ekki orð mín, skal eg endurtaka það, að þótt í lögunum standi að eins Alþingi, þá er auðvitað, að ef farin er frumvarpsleið, þá þarf samþ. konungs til þess að gera lög, en hins vegar er hugsanlegt að nokkra ráðstöfun mætti gera um notkun umræddra sjóðs með einfaldri þingsályktun.

**Ráðherrann (H. H.):** Með þingsályktun getur ekki orðið gerð breyting á frumvarpinu, heldur að eins áskorun til stjórnarinnar um eitt eða annað.

ATKV.GR.:

1. gr. sþ. með 15 shlj. atkv.

2. gr. sþ. með 18 shlj. atkv.

3. gr. sþ. með 14:3 atkv.

Breyt.till. 345, við 4. gr., sþ. með 16:2 atkv.

4. gr., svo breytt, sþ. með 18 shlj. atkv.

5., 6., og 7. gr. sþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögnin sþ. án atkv.gr.

Frumvarpinu vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

---

FRUMVARP til laga um stækkun verzlunarlóðarinnar á Eskifirði (302); 2. umr.

Enginn tók til máls.

Frumvarpsgreinin sþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögnin sþ. án atkv.gr.

Frumvarpinu vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

---

FRUMVARP til laga um bæjanöfn (166, n. 313, 314); 2. umr.

**Framsm. (Jón Ólafsson):** Herra forseti! Þetta frumv. er komið frá Ed. Nefndin hefir ekki annað að leggja til

en nokkrar lítils háttar efnisbreytingar og fáeinar orðabreytingar.

1. gr. frumv. byrjar á orðunum »grasbýli, afbýli, húsmenskubýli« o. s. frv. En orðin »jörð« og »hjáleiga« koma hvergi fyrir. Hin orðin leggjum við til að fella niður og taka upp í staðinn jörð og hjáleiga, sem alt af eru notuð í daglegu tali.

Nefndin leggur einnig til að breyta orðinu nafnfesti í leyfisbréf. Þeir sem lesið hafa fornsögurnar vita, að orðið nafnfesti þýddi að vísu upphaflega »festing nafns«; en að gefa fé að »nafnfesti« var að eins haft um það, er einhver *gaf* öðrum *nafn*, án hans óskar, og *gaf* honum *fé* til þess að *þiggja nafnið* og *bera það*. En sá sem sjálfur tók upp nafn, *galt ekkert fé* til nafnfesti. Nú er orðið einnig haft um sjálft féð, sem *þegið* er; orðið hefir því aldrei, hvorki fyr né síðar, verið notað á þann hátt, sem gert er í frumv., og við kunnum ekki við að fara að breyta notkun svo gamals orðs.

6., 7. og 8. breyt.till. eru lítilfjörlegar orðabreytingar. 9. breyt.till. er raunar efnisbreyting, en lítilfjörleg, nefnilega að stytta tímann um 5 ár. 11. breyt.till. er líka efnisbreyting. Okkur fanst sjálfsagt að bæta við þessum orðum, því að það er óviðkunnanlegt að kenna heimili manns við *næsta* kaupstað, þegar býlið liggur *fyrir utan* hann.

**Ráðherra (H. H.):** Eg er ekki á móti þessum breytingum. Að eins finst mér sem háttv. framsögum. (J. Ól.) hafi misskilið orðið nafnfesti. Sá sem gefur nafnið, gefur líka nafnfestina. Hér gefur stjórnarráðið nafnið á býlinu, auðvitað eftir beiðni um sækjanda, og þá um leið þetta skjal til að sanna leyfið, festa nafnið o: nafnfesti.

**Framsm. (Jón Ólafsson):** Herra forseti! Þetta er misskilningur hjá hæstv. ráðherra. Í gamla daga var sá sem óskaði að *gefa* nafn vanur að *gefa* líka *nanfestina*, til þess að hinn þægi nafnið. Hér víkur öðruvís við. Stjórnarráðið óskar ekki að gefa nafnið, heldur óskar eigandi jarðarinnar eftir að fá það.

Mér finst mjög leiðinlegt að vera að lögfesta miður rétta, eða að minsta kosti óvanalega og vafasama merkingu á jafngömlu orði sem þessu.

ATKV.GR.:

1. br.till. (314) við, 1. gr., samþ. með 13 shlj. atkv.

2. br.till. (314), við 1. gr., samþ. án atkvgr.

1. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

3. og 4. br.till. (314), við 3. gr., 3. og 4. tölul., samþ. án atkvgr.

5. br.till. við 3. gr., 5. tölul., sþ. með 12:5 atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

6. br.till. (314), við 4. gr., samþ. án atkvgr.

4. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

7.—10. br.till. (314) við 5. gr., samþ. án atkvgr.

5. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

11. br.till. (314), við 6. gr., samþ. með 18 shlj. atkv.

12. br.till. (314), við 6. gr., samþ. án atkvgr.

6. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

7. og 8. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirs. samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

---

Þá tók forseti næst fyrir 5. mál á dagskránni:

FRUMVARP til siglingalaga (293); 1. umr.

**Ráðherrann (H. H.):** Af því að háttv. Ed. hefir gert nokkrar breytingar á frumv. þessu, virðist nauðsynlegt að athuga það einnig hér í nefnd. Að öðru leyti finn eg ekki ástæðu til að ræða það frekar hér.

**Jóhannes Jóhannesson:** Eg sting upp á því, að 5 manna nefnd verði látin íhuga málið, þegar umr. er lokið

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

5 manna nefnd samþ. með 19 shlj. atkv., og í hana kosnir með hlutfallskosningu:

Jón Magnússon
Jón Ólafsson
Kristján Jónsson
Skúli Thoroddsen
Matthías Ólafsson.

---

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið í deildinni:

Frumv. til laga um vatnsveitingar. Eftir 2. umr. í Nd. (358).

---

Þá tók forseti fyrir 6 mál á dagskránni:

FRUMVARP til laga um breyting á lögum 22. Okt. 1912 um ritsíma og talsímakerfi Íslands (330); 1. umr.

**Halldór Steinsson:** Með lögum, sem sþ. voru á síðasta þingi, var stjórninni gefin heimild til þess að taka lán til símalagninga, þeirra sem gert er ráð fyrir í þessum lögum. Þá var jafnframt ákveðið, að það fé skyldi vera fyrir utan landsreikninginn, en tekið fram, að vextir og afborganir af því skyldu tekin upp í fjárlögin, án þess að vera talin með rekstrarkostnaði símanna. Í þessu kemur fram ósamræmi, og hefir því stjórnin lagt frumvarp fyrir þingið, þar sem farið er fram á það, að þessir vextir og afborganir verði framvegis teknir af tekjuafgangi landsímanna. Eg held, að þetta hafi vakað fyrir þinginu 1912, þótt hitt standi í lögunum. Eg felli mig því vel við þetta frumv. eins og það liggur fyrir frá stjórnarinnar hendi. Það er að vísu satt, að með þessu dregst nokkuð mikið frá tekjuafgangi landsímanna, sem ella yrði varið til símalagninga á 3. flokks símum, en nú eru tekjurnar orðnar svo miklar, að þess gætir ekki mikið. En þótt eg sé meðmæltur frumv. stjórnarinnar, þá er öðru máli um það eins og háttv. Ed. hefir nú gengið frá því. Hún hefir gert á því miklar breytingar, sem eg alls ekki get fallist á. Eg á við þær 2 aðalbreytingar, að tvær stórar álmur, frá Sauðárkróki til Siglufjarðar og frá Ísafirði til Patreksfjarðar, hafa verið færðar úr 2. flokki upp í 1. flokk. Þetta eru svo stórvægilegar breytingar, að þær raska öllu samræmi í símalögunum frá síðasta þingi, og ef þær yrðu samþyktar, mundi það leiða til nýrra og nýrra breytinga ár frá ári unz engin heil brú yrði eftir í lögunum, og yrði ómögulegt að gizka á, hvernig þau litu út eftir nokkur ár, því það mundi þá fara eftir því, hve duglegur hver einstakur þingmaður yrði í því að toga símann fyrir sitt kjördæmi.

Þá hefir háttv. Ed. gert breytingu á orðun 9. greinar frá því sem var í stjórnarfrumv., en út í það skal eg ekki fara nú. Eg vona að málið verði sett í nefnd, og að hún sniði af því agnúana frá Ed.

**Ráðherrann (H. H.):** Eg er þakklátur háttv. þm. Snæf. (H. St.) fyrir orð hans og samdóma honum í öllu. Frv. stjórnarinnar miðaði að því einu, að taka það skýrara fram en nú er gert

eftir lögunum frá 1912, að símarnir beri sig sjálfir, og að af arðinum borgist eigi að eins 3. flokks símar, heldur og rentur og afborganir á lánum til 2. flokks símanna. Öllum er kunnugt, að þetta var tilgangur símalaganna, þó að orðalagið hafi orðið svo, að það er ekki látið koma nógu skýrt fram. Nú hefir það komið á daginn, að beint þarf á því að halda, að þetta sé skýrt og ómótmælanlega tekið fram. Þá er hægt að fá símalánið með ágætiskjörum, sem ella fást ekki. En breytingarnar, sem háttv. Ed. hefir gert á frumv., raska alveg grundvelli þessara góðu laga frá þinginu í fyrra.

Það getur að vísu verið ýmislegt, sem sýnist mæla með því, að taka aukalínur, sem borga sig vel, upp í hærra flokk; en sé gengið út á þá braut, er ekki gott að segja, hvar staðar skuli numið, og svo er einnig þess að gæta, að þær 2. flokks línur, sem nú eru taldar borga sig svo vel í svipinn, eru stopulli heldur en þær línur, sem frá upphafi voru settar í 1. flokk. T. d. vita það allir, að Siglufjörður á alt undir síldveiðinni. Ef hún bregst, eða ef síldin fellur stórkostlega í verði, þá yrði símalínan þangað ekki líkleg til þess að bera sig, hvað þá til arðs. Það er því varhugavert að víkja frá lögunum í þessu og láta landssjóð skila aftur þeim styrk, sem sýslufélögin og sveitirnar hafa lagt til frá sér. Það fé nemur nú sem stendur alls um 90 þúsund kr. eða vel það, sem sveitarfélög hafa lagt fram til síma landssjóðs. Þetta er að vísu ekki mikið í samanburði við það, hvað símarnir hafa kostað landið, en það getur þó munað um slíkt eftirleiðis. En enn þá hættulegri er þó sú breytingin, að *skylda* landssjóð til þess að borga rekstrarkostnað 3. flokks stöðva í sveitum. Þar álít eg að það hafi verið holl regla, sem fylgt hefir verið hingað til, því að ef landssjóður ætti að bera þennan kostnað undir öllum kringumstæðum, þá mundi fara líkt um bréfhirðingar og póstafgreiðslumenn, að alt af yrði verið að biðja um aukin laun, jafnv. á hverju þingi, og þá er hætt við að ekki yrði mikill afgangur til þess að reisa 3. fl. stöðvar.

Eg er því samþykkur, að þetta mál verði íhugað sem rækilegast í nefnd.

**Jóhannes Jóhannesson:** Af því að þetta er miklu þýðingarmeira mál en Aðalvíkursíminn, þá sting eg upp á því, að kosin verði sérstök 5 manna nefnd.

**Benedikt Sveinsson:** Mér kemur það nú ekkert á óvart, þó að þessi lög reki sig á í framkvæmdinni og komist í óefni, svo sem til þeirra var stofnað. Um þessi lög mátti beinlínis vita það fyrirfram, að svona mundi fara, því að grundvöllurinn var rangur í skiftingu símanna í 1., 2. og 3. flokki og kostnaðarhlutfallið milli landssjóðs og héraðanna mjög ranglátt og af handahófi. Það er hart fyrir útkjálka-héruð, að þurfa fyrst og fremst að bíða lengur en aðrir eftir símasambandi, og fá svo það í ofanálag, að þurfa að leggja stórfé í kostnað við símalagningarnar, en fá ekkert af tekjunum. Þær hirðir landssjóður einn. Það er að vísu ekki nema eðlilegt, að símar séu fyrst lagðir um fjölmennustu sveitirnar, en kostnaðurinn ætti ekki fyrir því að lenda á þeim, sem lengst verða útundan.

Auðvitað verður alt af verið að biðja um að létta kostnaðinum af þessum héruðum, sem þvinguð eru til að leggja á sig þessi ranglátu gjöld. Þetta er nú komið á daginn um Árnes- og Rangárvalla-sýslur, og um þessa Vestfjarðaálmu er sama máli að gegna. Það er bein afleiðing af því, hvernig lögin eru úr garði gerð. Það hefði verið réttari stefna, að landið bæri allan kostnaðinn,

en að þingið ákvæði einungis, í hverri röð ætti að leggja símana. Þá hefði síður þurft að eyða tímanum í þrefi og þjarki um þetta.

Eg álít mjög athugavert þetta ákvæði í 3. gr. frumvarpsins, að vextir og afborganir ritsímalánsins skuli greiðast af tekjuafganginum. Eg sé enga ástæðu til þess, að vera að taka þetta fram. Mér finst hlægilegt að vera að búta landssjóðinn niður, eins og sumir gömlu sérvitringarnir, sem hnýttu sínum skildingnum í hvert horn á vasaklútnum sínum, og urðu endilega að kaupa kaffi fyrir það sem var í einu horninu, en sykur fyrir það sem var í öðru, þótt alt kæmi í einn stað niður þegar öllu var á botninn hvolft. Það er bersýnilegt, að slíkt ákvæði sem þetta miðar stórum að því að glata lánstrausti landsins, eins og *landssjóði* sé ekki trúandi til að standa í skilum nema hann veðsetji eitthvað af ákveðnum tekjum sínum til tryggingar greiðslu á vöxtum og afborgunum. Finst mér það ærið glappaskot af ráðherra, að lofa »Stóra norræna félaginu« þessari breyting á lögunum. En hann er nú óður og uppvægur að fá þessa heimild til að veðsetja útlendingum þessar ákveðnu tekjur, þótt hann skerði með því heiður landsins, og slíkt tíðkist ekki nema með örgustu vanskilaþjóðum, eins og Tyrkjum. Honum hefir sannarlega tekist illa að fylgja því atriði í stefnuskrá sinni, að efla traust landsins út á við, þar sem hann fór að grípa til slíks óyndisúrræðis.

**Ráðherrann (H. H.):** Það er sagt að það eigi að verða eldhúsdagur á morgun, og þá finst mér að þingmaðurinn ætti að geta þolað við með umræður af þessu tæi þangað til. Háttv. Ed. hefir athugað nákvæmlega þetta atriði frumvarpsins, sem hann er að ilskast út úr, séð öll skjöl og skilríki þar að lútandi, og ekkert fundið athugavert við það, að því er snertir sæmd landsins eða traust landssjóðs. Eg get ekki séð, að það sé neitt óviðfeldnara, að ákveða í lögunum, að af ágóða símanna skuli greiða vexti og afborganir af láni, sem tekið er til þess að leggja fyrir nýjar símalínur, heldur en að ákveða, að af ógóðanum skuli greiða kostnaðinn við að leggja nýjar línur, eins og með berum orðum er skipað fyrir í lögunum. Hér er ekki farið fram á annað en fylling á orðalagi, nánari ákvæði um það er var vilji þingsins í þessu efni. Hér er einmitt ekki að ræða um veðsetning í lagalegum skilningi þess orðs, heldur hitt, að láta það taka sig út, að hér er ekki að ræða um lán til almennra landsþarfa, heldur er það landsiminn, sem tekur lán til þess að *efla sjálfan sig*, til þess að geta vaxið og útbreiðst, og hann *borgar lánið sjálfur* af *sínum* tekjum.

Háttv. þingmaður talaði um, að það væri rangt, að láta sýslufélögin borga tillag til símanna, og gerði mikið úr því, að þau ættu mikla hlutdeild í honum. Þetta er þó ekki eins mikil hlutdeild eins og hann hyggur. Árið 1912 nam tillag sýslufélaga til símalagninga alls ekki nema c. 7% af kostnaðinum til símalagninga í heild sinni, svo að ekki er unt að segja með sanni, að landssjóður hafi varpað mjög miklum byrðum af sér yfir á sveitafélögin, þó að þingið af sérstökum ástæðum hafi neyðst til þess að slá þann varnagla eða setja þau takmörk, að ekki sé lagt landsfé í álmur, sem ekki eru taldar óhjákvæmilegar vegna landsins í heild sinni, nema sveitafélögin sýni einhvern lit á þörfinni með tillagi. Án slíkrar reglu gæti landssjóður enga rönd við reist. Og því verður þó ekki neitað, héruðunum hefir verið sýnt alt það tillit, sem unt var. Þegar kostnaðurinn við lagn-

inguna hefir orðið lægri, en við var búist, hefir verið endurborgað það sem unt var að réttri tiltölu, og er sjaldgæft að til nokkurrar línu hafi verið lagður fram af héruðunum meira en $^1/_6$ hluti kostnaðar. Árnessýsla hefir fengið 3 þús. kr. endurgreidd og Rángárvallasýsla 4 þús., og ef enn eru dregin 5 þús. kr. frá Patreksfjarðarsímanum, þá er ekki eftir nema tæp 90 þús. kr., sem sýslu- og sveitafélög hafa lagt til. Afar-þung byrði getur það ekki kallast.

**Bjarni Jónsson:** Eg ætla að leyfa mér að gera örstutta athugasemd nú, af því að eg veit ekki, hvort eg nenni að sitja í eldhúsinu á morgun.

Eg get ekki skilið það, af hverju stjórnin hefir ekki tekið sér það verk fyrir hendur, að semja þessi lög alveg upp viðvíkjandi þeim ákvæðum, sem lúta að borgun héraðanna til símalagninga. Það er alveg ópolandi, að sumar sýslur skuli hafa símann alveg endurgjaldslaust, en aðrar fá hann ekki nema þær gjaldi stórfé. Það var því villandi þessi procentureikningur hæstv. ráðherra á sýslutillögunum, því að hann gætti þess ekki, að hér um bil helmingur allra sýslna á landinu er undanskilinn þessum aukatillögum. Procentugjaldið verður þar af leiðandi mikið hærra á hverja sýslu, sem sýslurnar eru færri, er gjöldin þurfa að inna af hendi. Eg man eftir héraði, sem nýlega fékk síma og varð að gjalda 4000 kr. móti 14000 kr. úr landssjóði. Það er ekki svo lítið hundraðsgjald. Svo mun það vera víðar. Þau héruð, sem ekki fá símann fyr en seint og síðarmeir, verða að kaupa hann ofurverði, þegar hann loksins kemur. Ef þetta frumvarp gengur fram og símalagningarnar verða einskorðaðar við tekjur símans og tekjuafgangurinn á að afborga lán til 3. flokks lína, þá er auðsætt, að ekki verður byrjað á neinni 3. flokkslínu, fyr en allar hinar eru lagðar. En það vita allir, að símakerfið, sem var búið til með lögunum 1912, er, að því er margar stöðvar snertir, svo vitlaust, að víða á landinu er þörf á að 3. flokks símar séu lagðir á undan 2. flokks.

Eg get heldur ekki annað en tekið undir með háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.), að með þessu frumvarpi er lagt upp í hendurnar á stjórninni að veðsetja símatekjurnar. Það er ekki ákveðin nein endurborgunarupphæð á ári, heldur á allur tekjuafgangurinn að ganga í afborganir. Það væri ósköp lítill vandi að láta lánardrottinn innheimta gjöldin líka. Eg segi ekki að þetta ákvæði sé sett í frumvarpið í þessum tilgangi, en leið er áreiðanlega opnuð til þess.

En aðaláherzluna legg eg á ranglætið í símalögunum, að leggja gjald á sumar sýslurnar, en láta hinar sleppa borgunarlaust. Það er líka auðgert að laga þetta með því að setja frumvarpið í nefnd. Gæti svo stjórnin sent nefndinni tillögur sínar í þessu efni, og mundi hún eflaust ganga inn á þær, ef hún vildi gera öllum sýslum jafn hátt undir höfði, en ekki láta eins dauða vera annars brauð.

**Ráðherrann (H. H.):** Það er tilgangslaust að vera að ræða við hv. þm. Dal. (B. J.) um grundvallaratriði símalaganna. Þau voru rædd hér í fyrra, — háttv. þm. kom þá fram með sömu mótbárurnar og nú — og varð undir. Mikill meiri hluti þingsins var þá þeirrar skoðunar, að það væri óhjákvæmilega nauðsynlegt að setja þær skorður, að engir símar yrðu lagðir af landssjóði tillagslaust, nema þar sem það er talið nauðsynlegt vegna viðskiftalífs landsins *í heild sinni*, að símasamband komi. Þau önnur héruð, er óskuðu síma, ættu að sýna þörfina með því að vilja leggja eitthvað af mörkum. Að vera að taka þverófug ákvæði — svipuð og hv. þm.

Dal. (B. J.) óskar — upp í lögin, væri að gerbreyta grundvallaratriðunum og spilla lögunum. Þess vegna verður ósk hans, um að stjórnin komi fram með slíkar tillögur, ekki tekin til greina.

Eg álít þvert á móti, að það sé hlutverk væntanlegrar nefndar að gæta þess, að grundvallaratriðum laganna 1912 verði í engu haggað og helzt fella burt viðauka, þá sem háttv. Ed. hefir sett í frumvarpið. Þessi orðabreyting, sem stjórnin hefir lagt til að yrði samþykt, er fram komin, eins og hefi skýrt frá, einmitt í því skyni, að lögin nái betur tilgangi sínum, en ekki til þess að raska grundvallarreglum þess á neinn hátt.

**Bjarni Jónsson:** Mér kemur það óvart að heyra undirtektir hæstv. ráðherra undir svona meinlausa sanngirnistillögu. En þar sem hæstv. ráðherra reyndi að draga úr áhrifum tillögunnar með því, að hún hefði verið feld hér í fyrra, þá skal eg að vísu játa, að það er rétt. En þrátt fyrir það get eg ekki annað séð, en full von geti verið til þess að þeir sömu menn, sem greiddu atkvæði á móti henni í fyrra, greiði atkvæði með henni nú. Eg hefi séð þessa sömu deild samþykkja fyrir nokkrum dögum við 2. umræðu með nafnakalli, með 14 atkvæðum, atriði, sem við 3. umr. fengust ekki nema 7 atkv. með, og höfðu þó ástæður að engu leyti breyzt. Hefði málið komið til 4. umr., þá hefði að líkindum ekkert atkvæði verið eftir af þessum 14.

**Valtýr Guðmundsson:** Þetta frumvarp var ósköp stutt og fyrirferðarlítið, þegar það kom frá stjórninni — og ekki gott. Þó er það hálfu verra, eftir breytingar, þær sem Ed. hefir við það gert. Og ef það fær að ganga áfram í þessari deild, þá býst eg við að það verði hvað verst. Þar sem háttv. Ed. hefir farið að hrófla við kerfi, sem búið var að setja áður, þá er enginn vafi á því, að Nd. heldur áfram í sömu átt. Það munu vera margir, sem vilja breyta til, koma 2. flokks línum upp í 1. flokk o. s. frv. Þetta álít eg óheppilegt og vildi óska að allar slíkar breytingar yrðu feldar. Helzt kysi eg að frumvarpið alt yrði felt.

Aðaltilgangur frumvarpsins er auðvitað ákvæði 3. gr., nfl. sá, að lánardrottinn fá tryggingu fyrir fé sínu í afganginum af tekjunum af öllum símunum. Þetta hefir verið sett sem skilyrði fyrir lánveitingu af »Stóra Norræna«. En því getur þetta félag ekki látið sér nægja ábyrgð landssjóðs, eins og aðrar stofnanir gera? Eg kalla það niðurlægingu fyrir oss að þurfa að taka lán með sömu kostum og t. d. Tyrkir, að veðsetja eða sama sem veðsetja tekjur landsins. Ætli afleiðingin gæti ekki líka orðið sú, að félagið fyndi upp á að setja sérstakan eftirlitsmann með þessari tekjugrein. Eg vil því leggja til, að þetta frumvarp verði felt, bæði vegna upprunalega ákvæðisins og viðbótar Ed.

Jafnvel þótt það yrði til þess, að það drægist eitthvað að fá lánið, þá get eg ekki séð, að stór skaði sé skeður. Eg sé ekki, að neitt vit sé í því, að fara að leggja síma yfir sandana í Skaftafellssýslu. Þeir yrðu dýrir, þung byrði á öðrum símalínum, og mundu lítið sem ekkert gefa í aðra hönd. Viðhaldskostnaður mundi verða mikill, vegna eilífra bilana og viðgerða á þessum stöðum. Nokkuð öðru máli væri að gegna, að leggja síma til Víkur að vestanverðu og Djúpavgs eða Hornafjarðar að austanverðu. Líka er eg sannfærður um það, að ef leitað væri eitthvað annað en til Kaupmannahafnar um lánveitingu, þá mundi það fást án slíkra afarkosta, sem »Stóra norræna« fer fram á.

**Ráðherrann (H. H.):** Ræða hv.

þm. Sfjk. var eins og eg gat búist við. Hann hygst hér hafa komið auga á atriði, sem stjórninni sé ant um, og *þess vegna* sé vænlegt að slá sér á að rífa niður. Það sem hann sagði, átti ekki við nein rök að styðjast. Hann sagði, að þetta væri veðsetning og þó ekki veðsetning. Nei! Það er alls ekki veðsetning. Munurinn er sá, að ef hér væri um veðsetningu að ræða, þá gæti ef til vill kreditor heimtað undir vissum kringumstæðum að hafa hönd í bagga með innheimtunni. En það kemur ekki til nokkurra mála hér. Þetta er ekki annað en lagaákvæði um það, hvernig stjórn Íslands skuli verja ákveðnum tekjum af ákveðinni eign landssjóðs.

Hann sagðist hafa heyrt, að þetta ætti að vera veð til »Mikla norræna«, og spurði, hví það gæti ekki veitt lán með sömu kjörum og aðrar stofnanir. Það er rétt, að Norræna ritsímafélagið hefir gefið vilyrði um lán til símalagninga, en því fer fjarri, að eins sé farið með þetta lán og önnur lán til landssjóðs. Félagið er *engin lánsstofnun*. Það rekur ekki þá atvinnu, að lána út peninga. En það hefir varasjóð, sem það á að ávaxta á tryggan hátt, eftir því sem félagslögin nánara ákveða, og það ætlar að gera oss þann greiða, að lána okkur, eða réttara sagt *landsímanum*, aukningarfé með ágætum kjörum, ef fullnægt er þeim formum, sem setja verður fyrir útláni af varasjóðnum. Það er ekki hægt að bera þetta saman við lán úr bönkum eða venjuleg ríkislán, sem út eru boðin. Hér er að ræða um affallalaust lán, með 4% vöxtum í 30 ár. Hvar heldur háttv. þm. að hægt væri að fá slíkt lán í bönkum eða á peningamarkaði heimsins? Hvergi! Eg er viss um, að hann tímdi ekki sjálfur að lána út peninga sína með þeim kjörum, þó landið þyrfti sárt á því að halda. En félagið gefur kost á svona góðum kjörum meðfram vegna þess, að það heldur, að við aukna lagningu innanlandssíma muni aukast notkunin á sæsímanum og tekjurnar af honum. Að félagið fer ekki að eins og bankarnir mundu gera, tekur ekki 5—10% afföll o. s. frv., kemur til af því, að félagið vill styðja að aukning símanna hér á landi.

Það er ekki nema sanngjarnt, þegar félagið lánar peninga út þannig, að það vilji vextina og afborganirnar greiddar af því fyrirtækinu, sem peningarnir ganga til. Frá sjálfra okkar sjónarmiði er einnig tryggara að setja ákveðið lagaákvæði um þetta, því að þá er séð fyrir því, að ekki sé »disponerað« yfir svo miklu af símatekjunum til nýrra símalagninga, að þetta símalán falli almennum tekjum landssjóðs til byrði. Eg get ekki séð, að nokkur vansi sé að þessu. Að það geti leitt til, að settir verði sérstakir eftirlitsmenn, nær ekki nokkurri átt.

Samanburður háttv. þm. á okkur og Tyrkjum er í þessu efni alveg rangur og villandi, því að hann veit það ósköp vel, að þessir eftirlitsmenn þar hafa ekki verið settir án samþykkis Tyrkja eftir að lánið er stofnað, heldur hefir þegar frá upphafi í lánsskilmálunum verið óskað, að svo skuli vera.

**Jón Ólafsson**! Herra forseti! Eg eg vel ánægður með ritsímalögin frá 1912. Það eru þörf lög og góð og þarfnast engrar breytingar. Eg sæi því ekki eftir, þótt þetta frumv. yrði felt. En hvað sem frumv. stjórnarinnar líður, þá er eg samdóma háttv. þm. Sfjk. (V. G.) í því, að það hefir orðið að hálfgerðu viðundri í Ed. Og eg er sannfærður um það, að ef Nd. fer með það á líkan hátt, þá verður það að algerðu viðundri. Eg býst við að flestir háttv. þm. hafi einhverja stúfa, sem þeir vilji

koma að. Háttv. samþingismaður minn og eg höfum á prjónunum 4—5 tillögur í þessa átt, sem við munum bera fram, *ef* frv. á að ganga áfram í sömu átt og í Ed. Eg vildi óska — eg heyri að máliö eigi að ganga til nefndar — að niðurstaðan verði sú, að engin breyting verði gerð á símalögunum, nema þá sú, að stjórnin megi, eftir samráði við símastjóra, flytja til milli flokkanna. Nefndin gæti í nefndarálitinu komið fram með tillögur í þessa átt, hvernig heppilegast mundi að flytja til, og gæti stjórnin haft það til hliðsjónar.

Hvað þetta símalán snertir, þá get eg ekki neitað því — jafnvel þótt sérstaklega standi á hér — að mér finst það óviðkunnanlegt og óþolandi, að fara að veðsetja hluta af landssjóðstekjunum. Og þá sérstaklega af því, að engin þörf er á þessu láni. Ef tekjum símans er varið til símaþarfa og lagningar nýrra síma, munu þær nægja bæði til viðhalds og aukningar símum, *þar* sem þess er *þörf*. Eg álít það yfir höfuð ráðleysu ina mestu, að fara að leggja síma um óbygðir, sem að eins getur orðið til byrði. Þó *getur* auðvitað staðið svo á, að símalagningar um *einstaka* ófærur og óbygðir séu nauðsynlegar, og efast eg ekki um, að landstjórnin leggi út í þær, þegar hún sér fært, en ekki fyr en efni leyfa. Það liggur ekkert á næstu árin. Þessar athugasemdir mínar vona eg að væntanleg nefnd taki til íhugunar.

Frá Garðsauka til Víkur í Mýrdal er *bráð* nauðsyn á síma, sakir samgangnanna á sjó. Svo mun og þörf á að leggja síma norður Strandir um Norður-Múla- og Þingeyjarsýslur.

En *alt annað* þolir bið þar til símatekjurnar smám saman bera aukning símalagninga.

**Pétur Jónsson:** Það gleður mig, að menn eru óánægðir með breytingar Ed. á frumv. eða þessa tilfærslu hennar á símalínum úr 2. flokki í 1. flokk. Eg álít þær ekki vera til annars en spilla tilgangi laganna.

Hitt kemur mér á óvart, að menn skuli álíta það óaðgengilegt, að taka afleiðingunum af ákvæðum símalaganna 1912. Eg get vel borið um það, því að eg var einn af flutningsmönnum frumv. 1911, að það var upphaflega tilgangur okkar, að tekjuafganginum af símunum — þegar vextir væru dregnir frá — yrði varið til nýrra síma. Þessi reikningur átti því að standa sérstakur fyrir utan landsreikninginn. Því er það ekki nema eðlilegt, að stjórnin komi fram með þetta nú.

Það liggur engin veðsetning eða nokkuð, sem getur lítillækkað okkur, í þessu ákvæði. Það kemur engum við nema okkur og er ekki annað en ákvörðun okkar um það, hvernig við ætlum að verja ákveðnum hluta af tekjum landssjóðs. Og ef þetta ákvæði getur orðið til þess að greiða okkur veg fyrir nýju láni með sérlega hagkvæmum kjörum, þá er því sjálfsagðara að samþykkja það. Það er óheppilegt að vera að kasta slíkum kostaboðum frá sér af eintómum rembingi.

Það er ekki rétt hjá háttv. 1. þingm. S.-Múl. (J. Ól.), að þessar símalagningar geti beðið. Tilgangur laganna var sá, að lokið yrði við allar annars flokks línur sem fyrst — og eirmitt með því að taka lán. Aðstaða kauptúna og sjávarútvegsstaða, sem ekki hafa náð í síma enn þá, er sú, að þeir óefað dragast aftur úr í allri samkepni, fái þeir ekki síma sem fyrst. Og þeir eru ver farnir fyrir sitt leyti heldur en þó aldrei hefði nokkur sími verið lagður um landið. Þetta ákvæði, sem hér er um að ræða, verður nú til að flýta mikið fyrir símalagningu til þessara staða og setja þá í samband við aðalstöðvarnar. Einnig

gerir það það að verkum, að þriðja fl. símarnir fást sem fyrst. Því fyr sem 2. flokks símunum er lokið, því fyrri byrjar á þriðja flokks. Eg er viss um, að það er ekkert mál, sem okkur ríður meira á að flýtt sé fyrir, en einmitt símamálið.

**Benedikt Sveinsson:** Hæstvirtur ráðherra vildi ekki gera mikið úr því, að það íþyngdi héruðunum mikið að bera þau gjöld, sem þau borga til símans. Hann kom með samanburð til þess að sýna, hve litt símakostnaðurinn kæmi niður á héruðunum; þau hefðu borgað að eins rúmar 90 þúsundir kr. af kostnaðinum, sem alls væri talsvert á aðra milión. En þessi samanburður var mjög villandi, því að ráðherra leit að eins á þá síma, sem lagðir *hafa verið*, en mestur hluti *þeirra* er einmitt í fyrsta flokki. Símar þeir, sem *hér eftir* verða lagðir, eru miklu fleiri annars og þriðja flokks símar og þess vegna verður kostnaðurinn hér eftir hlutfallslega miklu meiri á héruðunum. Það er engan veginn svo, að hagræðið af símalagningu komi einungis því héraði til góða, sem síminn liggur um, heldur er það til góðs fyrir alt landið. Aðalvíkursíminn verður t. d. ekki nema að litlu leyti til hagsmuna fyrir Aðalvíkinga, heldur miklu fremur fyrir Reykvíkinga og aðra, sem stunda útgerð þar vestra. Botnvörpuskipin stunda veiðar úti fyrir Aðalvík einkum á vetrum, leita þráfaldlega hafnar á Látrum, og er þeim þá hagfelt að geta látið vita um afla sinn og fá fregnir héðan að sunnan. En hér í þinginu virðist vera litið svo á, að hagurinn sé eingöngu fyrir hérað það sem síminn liggur um,

Ef það ætti að vera grundvallarregla, að þeir símar einir, sem *borga sig*, skuli vera fyrsta flokks símar, þá er sá grundvöllur ærið hvikull, því að sími, sá er nú kann að borga sig vel, getur hætt að borga sig eftir nokkur ár, og eins geta þeir símar borgað sig ágætlega síðar, sem skaði er að fyrst í stað. Landssjóður ætti því sjálfur að kosta alla símana, en ekki sýslufélögin, enda fær hann allar tekjurnar. Kostnaðurinn, sem lagður er á sýslufélögin, er mjög óvinsæll, og stuðlar til þess að eilífar beiðnir úr öllum áttum streyma til þingsins um uppgjöf á þessu óréttláta gjaldi, eins og reynslan hefir þegar marg-sýnt.

Hæstv. ráðherra gerði sér mikið far um að sýna fram á, að hér væri ekki um veðsetningu á tekjum símans að ræða. Þó að ekki liggi bein veðsetning í *frumvarpinu sjálfu*, þá er þar þó gefin *heimild* til veðsetningar. Og það er sama sem fullkomin veðsetning, þar sem þetta er sett sem skilyrði fyrir því að lánið fáist.

»Stóra norræna« hefir sett það upp, að þetta yrði sett í lögin, og það ber ekki vitni um annað en *gersamlegt vantraust á landinu* hjá þessu félagi til að borga lánið. Það er sams konar traust, eins og stórveldin hafa haft á Tyrkjum og Austur-Asíuþjóðunum, og ættum við ekki að skáka okkur í þeirra tölu. Vantraustið lýsir sér *enn áþreifanlegar* í þessu fyrir þá sök, að samkvæmt því sem hæstv. ráðherra hefir kannast við, þá er það einmitt í *eigin hagsmuna skyni* sem félagið vill lána þetta fé. Það sér hag sinn í því, að sæsíminn verður því meira notaður sem símar liggja víðar um landið. Þessi arðsvon félagsins ætti að vera því nægileg jafnframt því sem það kemur fé sínu á sæmilega vöxtu í jafngóðum skuldastað sem hjá landssjóði Íslands. — Úr því að »Stóra norræna« hefir slíkt vantraust á landssjóði, má alveg eins búast við, að það trúi stjórninni ekki til þess að afhenda sér inn veðsetta tekjuafgang, sízt ef stjórnarskifti kynnu nú að verða einhverntíma á næstu þrjátíu árum, og þyrfti því að

setja hingað tilsjónarmann, eins og gert hefir verið í Tyrklandi.

Þetta frumvarp er gallagripur; það er hvorki heilt né hálft og verður að eins til þess að gera ruglinginn enn meiri eftir en áður. Eg get því ekki annað séð, en að réttast sé að það verði felt.

**Ráðherrann (H. H.):** Ástæðurnar, sem færðar hafa verið fyrir því, að ekki lægi á lántöku, eru ekki á neinum rökum bygðar.

Háttv. þingm. Seyðf. (V. G.) tók það fram, að ekki bæri að leggja síma sunnanlands yfir sandana. Hér við er það að athuga, að það hefir engum dottið í hug. Það er að eins misminni eða rangfærsla hjá inum háttv. þingmanni. Það er ákveðið í lögunum að leggja síma til Hornafjarðar að austan og austur á Síðu að vestan, en að leggja síma yfir sandana hefir hvergi verið ákveðið. Það er hvergi gert ráð fyrir því í lögunum, og það liggur ekkert fyrir í þessa átt, annað en umtal um, hvort það mundi vera hægt einhverntíma í framtíðinni. En það liggur á að taka þetta lán vegna símalaganna, sem fyrirskipa framkvæmdirnar, og ákveða, að þær skuli framkvæma fyrir lánsfé, svo að ekki var hægt að koma inn í fjárlögin veitingu til nýrra símalagninga. Stjórnin hlýtur að ganga út frá því, að það sé framkvæmt, sem lög skipa fyrir. Þeir sem vilja spilla fyrir þessari lántöku, koma því til leiðar, að landssjóður neyðist til að taka miklu dýrari peninga með miklu óhentugri kjörum heldur en hér er um að ræða, og það getur jafnvel ef til vill munað 10% eða meiru, að eins í afföllum á höfuðstól.

Alt þetta tal um veðsetningu er ekki annað en grýla, fundin upp af mótstöðumönnum frumvarpsins til þess að fæla menn frá að aðhyllast það.

Að sleppa þessu tækifæri er ekki annað en fásinna bygð á misskilningi, eða þá — visnunarpólitík.

**Valtýr Guðmundsson:** Það hefir verið upplýst af hæstv. ráðherra, að það var rétt, sem eg fór með, að þetta frumv. er komið fram vegna »Stóra norræna«. Það hefir gert þá kröfu, að lögunum yrði breytt á þessa leið. *(Ráðherrann:* Eg hefi lagt öll skjöl, sem hér að lúta fyrir nefndina í Ed.). Eg get ekki betur séð, þó að ekki sé um beina veðsetning að ræða, heldur en það sé rétt samt. Því að það er að draga þetta fé undan meðferð Alþingis framvegis. Yfir þessari tekjugrein á Alþingi ekki framar að hafa umráð. Og mér getur ekki skilist annað, en að í þessu liggi vantraust á landssjóði og stjórn Islands. — Eg skal játa, að kjörin, sem þetta lán fæst með, eru betri en eg hafði haldið. Eg hélt að vextirnir væru $4^1/_2$%, en hv. ráðh. hefir upplýst, að þeir séu ekki nema 4%. En mér þykir það ekkert undarlegt, þó að »Stóra norræna« vilji lána fé með 4% vöxtum gegn þessari tryggingu, því að félagið getur fengið talsvert meiri tekjur af sæsímanum fyrir bragðið. Eftir því sem fleiri símar komast í samband við sæsímann, eftir því getur félagið búist við meiri tekjum. Það er því til eigin hagsmuna fyrir félagið, að það veiti þetta lán. Og að það sé vantraust á stjórninni, finst mér liggja í því sem háttv. framsögumaður sagði, að það hefði upphaflega verið tilgangurinn hjá stjórninni að greiða þetta lán af þessu fé. En það þótti félaginu ekki nógu trygt, og heimtaði að þetta ákvæði yrði sett inn í lögin. Eg get þess vegna ekki, hvernig sem eg lít á þetta mál, séð annað en að hér sé hreint og beint farið fram á eins konar veðsetningu. Eg geng út frá því, að ef t. d. er varið of miklu fé til eins síma,

þá má Alþingi ekki framvegis verja neinu fé til annara síma vegna þessa láns.

Að því er snertir hitt, að ekki sé ætlast til að leggja síma um Austur-Skaftafellssýslu, þá hefir símastjóri haldið því fram til þessa, að halda beri áfram símalagningu, þangað til alt landið sé komið í símasamband, einnig alla leið sunnanlands. Og þar sem stjórnin hefir hingað til algerlega farið eftir öllum till. símastjórans, þá má búast við að hún geri það líka í þessu máli. Meira að segja hefir símastjórinn stundum gert ýmislegt alveg upp á eigin spýtur, án þess að bera það undir stjórnina. Eg hefi heyrt sagt, að hann hafi látið flytja símastöðina á Ísafirði úr pósthúsinu í annað hús, þar sem síminn situr með miklu hærri húsaleigu. Eg vildi óska, að hæstv. ráðherra upplýsti, hvort það var gert með samþykki stjórnarinnar. *(Ráðherrann:* Það kemur ekki því máli við, sem er til umræðu). Jú, það heyrir einmitt til þessa máls. Stjórnin hefir samþykt alt, sem hann gerir, hvort sem það er á nokkru heilbrigðu viti bygt eða ekki, og þó að það sé til stórskaða fyrir landið, eins og t. d. þessi flutningur á Ísafirði. *(Ráðharrann:* Tóm staðleysa!).

**Halldór Steinsson:** Eg get ekki skilið í þessari grýlu, sem sumir háttv. þm. hafa fundið út úr 3. grein frumv. Þeir hafa talað um, að í því sé farið fram á veðsetningu á tekjum landssjóðs. Eg get ómögulega fallist á, að þetta felist í frumv. Þar er að eins farið fram á, að vexti og afborganir af þessu láni skuli greiða af tekjuafganginum af rekstri talsíma og ritsíma landsins. Eg get ekki séð, að þetta sé á nokkurn hátt að misbjóða sóma landsins eða að veðsetja tekjur þess. Þingið í fyrra veitti hæstv. ráðherra heimild til að taka þetta lán, og það er því sjálfsögð skylda þingsins að létta undir með honum að fá það. Eg get sem sagt ekki séð, að það felist neitt hættulegt í 3. gr. frumv., og lít svo á, að ef þingið styður ekki hv. ráðherra í viðleitni hans til að fá þetta lán, þá sé það sama sem að gera tilraun til að fella úr gildi þessa lántökuheimild, sem ákveðin var með lögum 1912. Eg vil svo halda mér við þá tillögu mína, að kosin sé 5 manna nefnd í málið að umræðu lokinni.

**Guðmundur Eggerz:** Eg vildi að eins leyfa mér að benda á, að það sitja nú þegar fjöldamargar nefndir að störfum, — þær munu vera orðnar um 40 talsins, — og eg er hræddur um, ef ný nefnd verður kosin í þetta mál, þá verði það að eins til að svæfa málið. Eg vil þess vegna gera það að tillögu minni, að því verði vísað til þeirrar nefndar, sem þegar hefir verið kosin hér í deildinni til að íhuga Aðalvíkursímann.

**Jóhannes Jóhannesson:** Eg skal leyfa mér að upplýsa það, að nefndin, sem kosin var í Aðalvíkursímamálið, hefir fyrir löngu lokið störfum sínum. Það mál er útkljáð, og verð eg því að halda fast við hina tillöguna, að kosin verði 5 manna nefnd.

**Lárus H. Bjarnason:** Þetta, með hvaða hætti nefndin sé skipuð, skiftir ekki miklu máli. Mér þykir þó fult svo rétt, að málinu verði vísað til gömlu nefndarinnar, bæði af þeim ástæðum, sem háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) tók fram, og líka af því, að þingm. hafa ekki búið sig undir nýja nefndarkosningu.

ATKV.GR.:
Frv. vísað til 2. umr. með 18 : 4 atkv.
5 manna nefnd sþ. með 12 : 10 atkv.
Nefnd kosin hlutfallskosningu:
Þorleifur Jónsson
Pétur Jónsson
Jón Jónsson

Jóhannes Jóhannesson
Skúli Thoroddsen.

---

Þá var tekið fyrir 7. mál á dagskrá:

FRUMVARP til laga um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum (331); 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 16 samhlj. atkv.

5 manna nefnd sþ. m. 16 shlj. atkv.

Nefnd kosin hlutfallskosningu:

Stefán Stefánsson
Tryggvi Bjarnason
Halldór Steinsson
Matthías Ólafsson
Kristinn Daníelsson.

---

Þá var tekið fyrir 4. mál á dagskrá:

FRUMVARP til laga um að leggja jarðirnar Bústaði og Skildinganes undir lögsagnarumdæmi og bæjarfél. Reykjavíkur (309); 1. umr.

Frumvarpið var of seint fram borið, en deildin og ráðherra leyfðu, að það væri tekið fyrir.

**Flutningsm. (Lárus H. Bjarnason):** Við þingmenn Reykvíkinga höfum verið beðnir um að flytja þetta frv., sem er samið af bæjarstjórn Reykjavíkur, en það atvikaðist svo, að eg stend einn sem flutningsm. þess. Eg var ekki viðstaddur á fundi bæjarstjórnarinnar, þegar þetta mál var rætt þar, og er því ekki undir það búinn að skýra ítarlega frá málavöxtum, enda fara tilmæli mín í þetta skifti ekki fram á annað, en að nefnd verði sett í málið til að athuga það.

Það er ekkert nýmæli, að farið sé fram á að leggja undir Reykjavík svæði, sem ekki hafa heyrt henni til áður. Þannig var Laugarnes og Kleppsland lagt undir bæinn fyrir fáum árum. Það sem mér skilst að eigi sérstaklega að styðja þá aukningu á landi bæjarins, sem hér er farið fram á, er það, að eins og kunnugt er, þá takmarkast Skildinganes af landi Reykjavíkur á þrjá vegu, og líkt er um Bústaði, og væri ef til vill réttast að taka Seltjarnarnestána með. En svo er önnur ástæða. Sumum mun þykja svo sem nokkur hætta myndi geta af því stafað fyrir bæinn, að láta það dragast að leggja þessar jarðir undir hann, sérstaklega vegna ins fyrirhugaða hafnargerðar-fyrirtækis við Skildinganesland. En út í það skal eg ekki fara. Komist málið í nefnd, þá má ræða þetta atriði þar.

Eg skal ekki leyna því, að hreppsnefndn í Seltjarnarnesheppi hefir lagst á móti þessu máli bæði nú og áður. Líka hefir sýslunefndin í Gullbringu- og Kjósarsýslu lagt á móti málinu, en ástæður hennar voru aðallega þær, að henni þótti borgunarskilmálarnir ekki nógu góðir. En nú er mér sagt að framboðnir kostir séu ekki neinir úrslitakostir af hendi bæjarstjórnar, heldur muni mega um þá semja.

Eg sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál nú, en vænti þess, að það verði sett í nefnd og ástæður með og móti ræddar þar í rólegheitum.

**Björn Kristjánsson:** Eg ætla að segja nokkur orð um þetta frv. Í frv. er farið fram á, að jarðirnar Bústaðir og Skildinganes skuli lagðar undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkurkaupstaðar. Er farið fram á að þetta verði gert ná-

lega með sömu skilyrðum og þegar Laugarnes og Kleppur var lagður undir kaupstaðinn árið 1894. En þá stóð alt öðruvís á en nú. Þau býli sem 1894 var um að ræða, voru ekki í neinni verðhækkun og voru engin útlit til þess að þau myndu hækka í verði. En Skildinganes er einmitt nú að komast í hátt verð, og því er ekki hægt að miða bæturnar eftir sama mælikvarða og 1894. Því er hér um bil ómögulegt að hafa frumvarpið eins og það er nú, þó samþykt verði að þessar jarðir skuli leggja undir Reykjavíkurkaupstað. Af þessum ástæðum er ómögulegt að fylgja frumv. Bæturnar ættu að verða mentar eftir óvilhallra manna mati.

Helzt ætti þetta mál að bíða næstu 5 ár, að minsta kosti þangað til að séð verður, hvers virði Skildinganes verður þá eftir að það hefir fengið sín nýju hafnarvirki. Fyr getur ábyggilegt mat ekki fram farið. Það er alt af athugavert að flytja jörð úr einum hrepp í annan. Jörðin verður að skoðast sem *eign* hreppsins, og þá hefir hann sama rétt yfir henni og einstakir menn yfir eignum sínum. Í stjórnarskránni er líka ákveðið, að eignarétturinn sé friðhelgur, og hlýtur það ákvæði að gilda jafnt fyrir hreppa sem einstaklinga. Og sé eign tekin eignarnámi, verða fullar bætur að koma fyrir. Og í sveitarstjórnarlögunum er einmitt bygt á þessu sama, er um breytingu á stærð hreppa er að ræða, eins og hér segir í 3. gr. sveitarstj.laga frá 10. Nóv. 1905:

> »Eigi má neina slíka breyting gera, nema eftir beiðni hreppsnefnda, þeirra er hlut eiga að máli, og meðmælum sýslunefnda«.

Slíka beiðni eða meðmæli er hér ekki um að ræða. Þvert á móti hafa komið fram *mótmæli* frá hreppnum og sýslunefndinni gegn þessu. Sama skoðun kom líka fram á þinginu 1894, þegar Laugarnes og Kleppur var lagður undir Reykjavíkurkaupstað. Séra Benedikt Kristjánsson sagði þá, að yrði þetta leitt í lög, þá væri það »valdboð, en ekki lögboð«. Hér er ekki aðra leið hægt að fara en samkomulagsleiðina. Og þegar svo stendur á, eins og hér, að ekki er hægt að meta bæturnar á sama hátt og gert var 1894 með Laugarnes og Klepp, þá getur ekki komið annað til mála, en að jarðirnar verði afhentar eftir óvilhallra manna mati.

Vil eg svo ekki fjölyrða meira um þetta mál að sinni. Má eins gera það síðar.

ATKV.GR.:

Var samþ. með 14:1 atkv., að málið gengi til 2. umr.

Var samþ. að kjósa 5 manna nefnd í málið með 15:1 atkv.

Var viðhöfð hlutfallskosning, og voru þessir kosnir:

Sigurður Sigurðsson
Lárus H. Bjarnason
Kristján Jónsson
Valtýr Guðmundsson
Benedikt Sveinsson.

---

FRUMVARP til laga um breyting á 16. gr. laga nr. 29, 16. Nóv. 1907 (336); 1. umr.

Málið of seint fram komið, en samþ. að veita leyfi til að ræða það.

**Flutningsm. (Lárus H. Bjarnason):** Það má nú kannske segja, að eg með flutningi þessa máls sé að sletta mér fram í mál, sem öðrum væri nær að flytja, en mér. En eg, sem þingm. þess kjördæmis, sem mestan hefir sjávarútveg hér á landi, leyfi mér þó að vekja máls á þessu þýðingarmikla máli.

Með lögum nr. 29, frá 16. Nóv. 1907, er ákveðið að stofna skuli lánsleild við

Fiskiveiðasjóð Íslands, og í 16. gr. þeirra sömu laga er þeirri skipun beint til stjórnarinnar að hún, eigi síðar en 1913, skuli leggja fyrir Alþingi frumv. til laga viðvíkjandi framhaldi á útlánsstarfi þessa sjóðs, ásamt skýrslu um reynslu, þá er þá er fengin um það.

Til þessa hefir ekkert orðið úr stofnun þessa sjóðs, og eg hefi heyrt í morgun frá skilorðum stað, að engin tilraun hafi verið gerð í þá átt. Ástæðan hafi verið sú, að bankavaxtabréf Landsbankans hafi verið í svo lágu verði á markaðinum, að stjórnin hafi ekki álitið það vera til neins að fara að stofna til nýrra vaxtabréfa.

Ákvæði 16. gr. laganna um að stjórnin skuli leggja fram fyrir Alþingi skýrslu um reynsluna á lánsstarfi sjóðsins, hefir því heldur ekki verið fullnægt.

Stjórnin hefði átt að stofna lánsdeildina við Fiskveiðasjóðinn; og hafi hún ekki séð sér það fært vegna ins lága markaðs á bankavaxtabréfum Landsbankans, þá hefði hún þó að minsta kosti átt að leggja fyrir þingið líkt frumvarp og eg nú flyt.

Hvort þetta frumvarp muni verða til verulegs stuðnings sjávarútveginum, læt eg ósagt, en það er þó að minsta kosti viðleitni í þá átt. Vænti eg þess, að háttv. deild vilji án lengri framsögu leyfa frumv. að ganga til 2. umr. Það er svo stutt, að ekki ætti að þurfa að að setja það í nefnd.

**Ráðherrann (H. H.):** Það er rétt, sem háttv. flutningsm. (L. H. B.) sagði um lögin frá 16. Nóv. 1907. Í síðustu greininni er gert ráð fyrir því, að landstjórnin gefi skýrslu um starf lánsdeildar við Fiskveiðasjóðinn og leggi frumv. um endurskoðun fram á þingi 1913. En af því að þessi lög hafa aldrei komið til framkvæmda, þá gat stjórnin enga skýrslu gefið um fengna reynslu né stungið upp á endurskoðun á slíkum grundvelli. Skal eg nú gera grein fyrir þessu máli frá sjónarmiði stjórnarinnar.

Þegar frumvarpið um lánsdeildina var samið og lagt fyrir Alþingi, leit svo út með sölu íslenzkra veðdeildarbréfa, að von var um að þau myndu seljast erlendis affallalaust eða affallalítið að minsta kosti, líkt og þá hafði verið selt undanfarið. Var því ætlast til þess að veðdeildarbréf bankanna myndu aðallega seljast erlendis, og að þar af leiðandi myndi verða markaður hér innanlands fyrir veðdeildarbréf fiskveiðalánsdeildarinnar. Hins vegar var ekki búist við því, að markaður myndi verða fyrir þau bréf erlendis, bæði af því að veðin voru meiri áhættu bundin, þar sem þau tilheyrðu einum atvinnuvegi, sjávarútveginum, heldur en bréf veðdeildar bankans, sem trygð eru í jörðum, húsum og sveitarfélagaábyrgðum, og vegna þess að landssjóðsábyrgð var ekki fyrir vöxtum, og bréfin gátu því ekki orðið skoðuð í flokki með venjulegum ríkisskuldabréfum.

Þessi von um sölu bankavaxtabréfanna, sem fiskveiðalánsdeildarlögin voru bygð á, brást meðal annars vegna þeirrar vaxtahækkunar og peningakreppu, sem einmitt hófst um það leyti í þeim löndum, sem skiftu hér við land, er lánsdeildarlögin öðluðust gildi. Veðdeildarbréf bankanna seldust lítið erlendis og hægt var að fá þau hér undir ákvæðisverði, og eftirspurnin eftir þeim innanlands varð lítil. Stjórnin sá sér alls ekki fært að koma lánsdeildinni á fót, þar sem ekki var minsta von um að koma bréfum lánsdeildarinnar í það verð, að nokkur vildi líta við að taka lán í deildinni. Þetta hefir ekki breyzt í þau rúm 5 ár, sem liðin eru síðan lánsdeildarlögin öðluðust gildi, og ekki er útlit fyrir það, að það breytist fyrst um sinn.

Vegna þess að fyrirkomulag, það sem gert er ráð fyrir í lánsdeilarlögunum, var óþekt annarstaðar og því ómögulegt að segja, hvernig það reyndist, var í lögunum ákveðið að þau, eftir þeirri reynslu, sem þá væri fengin, skyldu endurskoðast að 6 árum liðnum; þessi endurskoðunarfrestur var jafnframt settur til þess að eyða ótta, þeim er menn annars kynnu að hafa af því, að veita vaxtabréfum þessum þau hlunnindi, er lögin veita, sérstaklega að heimila að ómyndugra fé og opinberra stofnana mætti verja til að kaupa þau.

En grundvöllinn fyrir endurskoðun laganna, sem sé þá reynslu, sem framkvæmd þeirra hefði veitt, vantar alveg, þar sem lögin hafa aldrei getað komið til framkvæmda. Og orsakirnar til þess að þau hafa ekki komið til framkvæmda, eru ekki heldur svo vaxnar, að stjórnin sæi sér fært að koma fram með endurskoðað frumvarp til laganna, sem ætla mætti að gæti rutt þeim hindrunum úr vegi, sem verið hafa og eru því til fyrirstöðu, að lánsdeild með líkum tilgangi geti þrifist. Það eru engar líkur til að orsakir þessar breytist svo þangað til 1915, að það hafi nokkra þýðing að halda lögunum framkvæmanlegum til þess tíma, eins og fyrirliggjandi lagafrumvarp gerir; ef nokkur meining á að vera í því, að halda þeim framkvæmanlegum, ætti það eftir málavöxtum að vera ekki styttra en til 1917 að minsta kosti, og þótt langt sé frá því að hægt sé að gera sér von um að ástæðurnar breytist svo á þessum tíma, að lögin geti innan hans komist til framkvæmda, þá er ekki ómögulegt að útvegurinn og rekstur hans breytist svo á þeim tíma með auknum félagskap og samvinnu, að hægt verði þá að finna aðra eða breytta leið til þess að ná tilgangi lánsdeildarlaganna og leggja lagafrumvarp fyrir í þá átt, en til þess er auðvitað ekki nauðsynlegt að halda lögunum frá 1907 framkvæmanlegum þangað til.

Eg vil skjóta því til háttv. flutningsmanns, hvort hann vilji ekki taka upp breyting á þessu frumvarpi sínu (á þgskj. 336), t. d. þannig, að fyrsta málsgrein orðist svo:

»Í stað »1913« á tveim stöðum í 16. gr. laga nr. 29, 16. Nóv. 1907, um lánsdeild við Fiskveiðasjóð Íslands, komi: 1917«.

Ef hann ekki vill taka upp þessa breyting, kem eg með breytingartillögu um þetta til næstu umræðu.

**Flutningsm. (Lárus H. Bjarnason):** Eins og hæstv. ráðherra kannaðist við, þá átti stjórnin að beita sér fyrir því, að stofnuð yrði lánsdeild við Fiskveiðasjóðinn. Þetta hefir stjórnin ekki gert, og því er ekki hægt að neita því, að hér hafi nokkur vanræksla átt sér stað. En sú ástæða stjórnarinnar fyrir viðleitnarleysinu í að stofna lánsdeildina, að vaxtabréfin myndu hafa reynst óseljanleg, byggist á getspám, og er því ekki haldgóð. Sé það satt, sem háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) sagði um sölu bankavaxtabréfa Landsbankans, og sem eg hefi enga ástæðu til að rengja, þar sem hann er forstjóri bankans, þá sýnir það, að íslenzk verðbréf eru ekki óúgengileg, hvorki utanlands né innan, enda hefði stjórnin getað keypt vaxtabréf deildarinnar fyrir opinbert fé samkvæmt 12. gr. laganna og með því stuðlað eigi alllítið að því, að að gera bréfin útgengileg einnig til handa öðrum.

Hæstv. ráðherra spurði, hvort eg væri á móti því, að fresturinn yrði framlengdur til 1917, í stað 1915. Það hefi eg ekki. Mér er sama þó að fresturinn verði framlengdur til 1917 eða 1919. Frumvarpið er að eins fram komið til þess að stjórnin geti fullnægt skyldu

sinni samkvæmt lánsdeildarlögunum og þar með hjálpa útvegsmönnum.

**Ráðherrann (H. H.):** Eg er ánægður með undirtektir hv. flutningsmanns um framlengingu frestsins. Um viðleitni stjórnarinnar í þessu máli, sem háttv. þingmaður var að tala um, vil eg að eins segja það, að það er alt af varhugavert að gefa út opinber vaxtabréf, sem illa seljast. Það getur verið hættulegt fyrir lánstraust landsins, ef í umferð eru slík opinber verðbréf, sem annaðhvort alls ekki eru talin sölu hæf, eða þá seljast að eins með gífurlegum afföllum. Og ekki væri væntanlegum lántakendum við veðdeild fiskveiðasjóðsins neinn hagur í möguleikanum til að fá sér afardýrt fé.

**Kristinn Daníelsson:** Eg vil að eins gera stutta athugasemd. Sjávarútvegsnefndin hefir haft þetta mál til meðferðar og athugað það sérstaklega, af því að áskorun barst um það frá fiskiþinginu. Hún hefir komist að sömu niðurstöðu, sem sé þeirri, að ekki sé hægt að koma lögunum í framkvæmd nú, vegna þess að bréfin eru nú óseljanleg. Eg vil leyfa mér fyrir hönd þeirrar nefndar að leggja á móti þessari framlengingu lengur en fyrir eitt fjárhagstímabil, einkum þar eð áskorun þess efnis hefir komið fram frá Fiskveiðafélaginu.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umræðu með 18 samhlj. atkvæðum.

Fundi slitið.

## 33. fundur.

Miðvikudag 13. Ágúst 1913, kl. 12 á hád.

Dagskrá:

1. Frv. til laga um eftirlit úr landi með fiskveiðum í landhelgi (327, n. 346); ein umr.
2. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 86, 22. Nóv. 1907 (359); 3. umr.
3. Frv. til laga um vatnsveitingar (358); 3. umr.
4. Frv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915 (stj.frv., n. 348, 350); framh. 1. umr.
5. Frv. til laga um íslenzkan fána (357, 363); 3. umr.
6. Frv. til laga um sjódóma og réttarfar í sjómálum (340); 1. umr.
7. Frv. til laga um hallærissjóð (344); 1. umr.

---

Allir á fundi.

Fundargerð síðasta fundar lesin upp, samþ. og staðfest.

Forseti tilkynti, *að* nefnd, sú sem kosin var til þess að íhuga frumv. til siglingalaga, hefði kosið sér formann Kristján Jónsson og skrifara Jón Ólafsson, *að* nefnd, sú sem kosin var til þess að íhuga frumv. til laga um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum, hefði kosið sér formann Stefán Stefánsson og skrifara Halldór Steinsson og *að* nefndin í málinu um ritsíma og talsímakerfi Íslands, hefði kosið sér formann Jóhannes Jóhannesson og skrifara Pétur Jónsson

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið í deildinni:

1. Frv. til laga um bæjanöfn. Eftir 2. umr. í Nd. (364).
2. Frv. til laga um stofnun Landhelgissjóðs Íslands. Eftir 2. umr. í Nd. (362).
3. Frv. til laga um strandferðir. Frá samgöngumálanefnd (367).

4. Nefndaráliti um frumv. til viðaukalaga við lög nr. 24, 9. Júlí 1909, um samþyktir um kornforðabúr til skepnufóðurs. Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar (365).
5. Nefndaráliti um frumv. til laga um breyting á lögum nr. 39, 10. Nóv. 1903. Kosningar til bæjarstjórnar. (371).
6. Breyt.till. við frumv. til laga um viðauka og breyting á lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða, frá 12. Jan. 1884. Frá minni hluta nefndarinnar (360).
7. Breyt.till. við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915. Frá Matth. Ólafssyni (366).
8. Breyt.till. við frumv. til laga um íslenzkan fána. Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi (363).
9. Breyt.till. við frumv. til laga um breyting á lögum nr. 39, 10. Nóv. 1903. Frá nefndinni (372).
10. Viðaukatillögu við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915. Frá Matth. Ólafssyni (373).

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið frá Ed.:

Nefndaráliti um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 26, 11. Júlí 1911, um skoðun á síld (361).

Forseti skýrði frá, að lagt hefði verið fram á lestrarsal:

1. Erindi frá sýslumanninum í Borgar- og Mýrasýslu, um að fé verði lagt fram á næsta fjárhagstímabili til vegagerðar í Skilmannahreppi og Reykholtsdal í Borgarfjarðarsýslu.
2. Bréf frá borgarstjóra Reykjavíkur, þar sem hann tilkynnir ályktun bæjarstjórnar um fylgi hennar við það, að borgarstjóri verði kosinn af atkvæðisbærum borgurum bæjarins, að því tilskildu að minst 25 kjósendur mæli með umsækjanda.

Þá var gengið til dagskrár og tekið fyrir:

FRUMVARP til laga um eftirlit úr landi með fiskveiðum í landhelgi (327, n. 346); ein umr.

**Matthías Ólafsson:** Eg hefi ekkert um þetta mál að segja annað en það, sem stendur í nefndarálitinu. Hv. Ed. hefir gert breytingu á því og nefndin, sem fjallað hefir um það hér í deildinni, hefir ekki fundið ástæðu til þess að setja sig upp á móti því, álítur það jafnvel heldur til bóta, og ræður því hv. deild til að samþykkja frumvarpið eins og það er.

ATKV.GR.:

Frumvarpið samþ. með 18 shlj. atkv. og afgreitt til ráðherra sem *lög frá Alþingi.*

---

FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr. 86, 22. Nóv. 1907 (359); 3. umr.

**Kristján Jónsson:** Eg greiddi atkvæði á móti þessu frv. við 2. umr. málsins, og vildi nú gera grein fyrir ástæðum mínum til þess; ýmis atvik lágu til þess, að eg eigi gerði það þá þegar. En jafnframt stend eg upp til þess, að spyrja, hvers vegna ekki er ákveðið í frumvarpinu, að kosning á borgarstjóra skuli vera leynileg. Það er þó langt síðan að sú regla hefir verið tekin upp við allar meiri háttar kosningar, og þessi kosning er svo mikils varðandi, að full ástæða væri til að fylgja þessari sömu reglu um hana.

Eg hygg, að hér þurfi breytingar við. Það stendur að vísu í frumvarpsgreininni að stjórnarráðið skuli setja *nánari* reglur um kosninguna »eftir tillögum bæjarstjórnar«. En þar í getur ekki

verið falið ið mjög mikilsverða atvik, hvort hún eigi að vera leynileg eða ekki. Og þá finst mér það harla undarlegt, að láta stjórnarráðið setja þessar reglur. Þetta er því alveg óviðkomandi. Það heyrir þó frekar undir verksvið bæjarstjórnarinar. Að því er aðalefni frumv. snertir, vil eg minna á það, að árið 1907 voru samin lög, er breyttu fyrirkomulaginu, er þá var, þannig, að bæjarfógetinn hætti að vera framkvæmdarstjóri bæjarstjórnarinnar. Embætti bæjarfógetans var skift í tvent: lögreglustjóraembættið eða ið eiginlega bæjarfógetaembætti og borgarstjóraembættið. Frumv. til þessara laga var samið af bæjarstjórn Reykjavíkur og samþykt mikið til óbreytt af Alþingi; mér er þetta kunnugt, því að eg var ásamt hv. þingm. Vestm. (J. M.) í nefnd, þeirri er bæjarstjórnin kaus til að semja uppkast að lögunum. Spurningin var þá sú, hvort eðlilegra væri, að landsstjórnin eða konungur skipaði borgarstjóra, eins og verið hafði um bæjarfógetann, eða að bæjarstjórnin sjálf kysi hann, og þetta síðara varð ofan á, einmitt með tilliti til þess, að maðurinn átti að öllu leyti að vera launaður úr bæjarsjóði. Ef svo hefði verið ákveðið, að laun borgarstjóra skyldu að nokkru eða öllu leyti vera greidd úr landssjóði, er eg fullviss um að þá hefði jafnframt verið fyrirskipað, að konungur skyldi útnefna hann. —

Þá datt engum í hug að fara svo langt, að ympra á því að allur almenningur í bænum skyldi kjósa borgarstjórann. Mér er það fullkunnugt, að þeir sem þá fjölluðu um þetta mál, kusu miklu heldur að gömlu reglunni væri fylgt, að konungur skipaði hann, en að kosningin væri fengin í hendur öllum almenningi. En sú úrlausn, sem ofan á varð, þótti þó eðlilegust. Því að þá var litið svo á, að hér væri í raun og veru ekki um neina kosningu að ræða, heldur miklu fremur um ráðningu manns. Bæjarstjórnin ræður borgarstjórann, eða útvegar sér hann. Borgarstjórinn er eiginlega ekkert annað en framkvæmdarstjóri bæjarstjórnarinnar. Og hvað er eðlilegra en að bæjarstjórnin sjálf ráði sér framkvæmdarstjóra sinn? Borgarstjórinn hefir í raun réttri ekkert sjálfstætt vald, hann getur engar ályktanir gert *sua sponte*, hann á einungis að framkvæma ályktanir bæjarstjórnarinnar og sjá um að fyrirmælum hennar sé fylgt. Það er að eins í 5. gr. laganna frá 22. Nóvember 1907, sem talað er um sjálfstætt vald borgarstjórans, að honum er heimilað að fella úr gildi um sinn ákvarðanir bæjarstjórnarinnar, þangað til þær hafa verið bornar undir stjórnarráðið. Að öðru leyti er vald hans ekkert annað né meira en framkvæmdarvald, o: vald til að framkvæma ályktanir bæjarstjórnarinnar, svo og skylduverk, þau er löggjöfin leggur á bæjarstjórnina eða formann hennar. Og þess vegna er það rétt, að bæjarstjórnin ein tilnefni hann eða ráði hann, eins og réttara er að segja.

Eg get heldur ekki séð, að nein atvik hafi komið fram síðan 1907, er réttlæti það, að farið verði nú að breyta þessu. Það er þvert á móti varhugavert að ýmsu leyti. Kosningarrrétturinn hefir verið færður mjög út síðan, þar sem kvenfólk yfirleitt og vinnuhjú hafa öðlast kosningarrétt, ef þau að eins greiða gjald í bæjarsjóð. Það er æði mikið stökk út í bláinn að fela nú um 4000 manns kosningu á þessum manni, og eg get eigi látið vera að bera kvíðbeyg fyrir því, að þar með sé farið inn á afar hættulega braut. Eg er hræddur um, að skrílskrumarar og æsingamenn fái þá æði miklu ráðið um kosninguna og

er ekki séð, hvaða dilk það getur dregið á eftir sér, þegar um jafn mikilsvarðandi embætti er að ræða.

Háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) mælti mjög með frumvarpinu og gat um, að það væri almenn regla í enskumælandi löndum að kjósa borgarstjórana með því fyrirkomulagi, sem hér er farið fram á. Það er rétt, þetta er almenn regla í Ameríku. En það orð hefir ekki farið af bæjarstjórnunum í Ameríku, sérstaklega í Nýja-Englandi, t. d. í borgunum New-York og Philadelphiu, að vert sé að taka sér þær til fyrirmyndar. Hvergi hefir önnur eins »corruption«, siðspilling, komist inn í bæjarstjórnirnar og einmitt þar, og er það að allmiklu leyti kent kosningarfyrirkomulaginu á borgarstjórunum.

Í Englandi, að minsta kosti í London, er borgarstjórinn — Lord Mayor — kosinn af fáum mönnum, eða af »corps«, þ. e. flokk manna, sem til þess er kosinn af borgurunum. Sama fyrirkomulag er í Birmingham eða svo var það að minsta kosti þegar Chamberlain var kosinn borgarstjóri þar fyrir mörgum árum síðan, og mun þessi regla vera almenn á Englandi. Þetta er tvöföld kosning og þess vegna alt annað fyrirkomulag, en hér er farið fram á.

Það hefir verið sagt, að þetta væri eindreginn vilji bæjarbúa. Eg veit vel að þetta hefir verið »glansnúmer« á öllum borgarafundum upp á síðkastið. En eg er nú orðinn svo reyndur borgari hér í Reykjavík, að eg legg ekki mikið upp úr öllum þeim borgarafundarsamþyktum, sem hægt er að fá framgengt við hin og þessi tækifæri. Það er vitanlega ekkert annað en óp þeirra sem æpa hæst. Mér hefir verið tjáð, að á bæjarstjórnarfundinum, þar sem tillaga í þessa átt var samþykt, hafi setið 10 bæjarfulltrúar, 2 hafi greitt atkvæði á móti og einn setið hjá. Eftir því eru það einir 7 menn — eða ekki helmingur bæjarstjórnarinnar, — sem tillögunni hafa greitt atkvæði. Þetta er nú hennar fylgi í sjálfri bæjarstjórninni. Og það þori eg að fullyrða, að allur fjöldi inna gætnari manna í bænum eru þessari ráðabreytni mótfallnir.

Þetta vildi eg hafa sagt til þess að réttlæta það að eg hefi greitt og mun greiða atkvæði á móti frrmvarpinu.

**Flutningsm. (Lárus H. Bjarnason):** Menn eru vanir að gera grein fyrir atkvæði sínu *áður* en þeir greiða atkvæði, nema ef svo er að þeir hafi vonda samvizku, þá gera þeir það eftir á. Svo mun hafa verið um háttv. þm., er nú settist (Kr. J.), því að hann hefir í stað þess að færa nokkur ný rök að máli sínu, að eins reynt að klóra yfir fyrri atkvæðagreiðslu sína,

Fyrst og fremst taldi hv. þm. það til foráttu frumvarpinu, sem gekk með miklum atkvæðamun til 3. umræðu, að í því væri ekki ákveðið, að kosning borgarstjóra skyldi vera leynileg. Það taldi hann ófært. Ennfremur taldi hann ófært — líklega af því að hann sjálfur er kominn úr stjórnarráðinu — að ætla stjórnarráðinu að ráða þessu. Hann hefir ekki athugað, að stjórnarráðið á ekki að setja reglur um kosninguna upp á sitt eindæmi, heldur eftir tillögum bæjarstjórnar. Eg hygg að báðum þessum stjórnarvöldum sé trúandi til að setja nánari reglur um kosninguna, er við megi una og í samræmi við það sem gildir um bæjarstj.kosn. og aðrar kosn. Háyfirdómarinn þekkir of vel löggjöfina eða það sem kallað er »analogi« til þess að geta lagt nokkuð upp upp, úr því, að leynileg atkvæðagreiðsla er ekki beint lögmælt.

Eg skil annars vel, af hvaða rótum það er runnið, að háttv. þm. Borgf. (Kr. J.) fann frumvarpinu svo margt til foráttu. Eg get nefnt ástæðuna, enda gaf

hann mér ástæðu til að gera það. Hann hafði verið á sínum tíma einn aðalhöfundur þessara laga. Hann færði það sem sönnun fyrir því, hvað þetta fyrirkomulag, sem nú er, væri gott, að engum hefði þá dottið í hug að haga því öðruvísi. Háttv. þm. Borgf. (Kr. J.) kann að vera framsýnn, en eg hefi ekki trú á að hann sé svo framsýnn, að hann sjái hvað bezt má henda í hverju máli á hvaða tíma sem er. Af sömu ástæðum og eg vildi ekki fara út í það við 2. umræðu, hvers vegna bæjarmönnum er það svo mikið kappsmál, að fá þessu breytt, vil eg ekki fara út í það hér.

Háttv. þm. þarf ekki að bera kvíðbeyg fyrir því að kjósendur kunni ekki að fara með þenna rétt sinn. Þeir hafa sýnt, með því að kjósa hann og með því að kjósa mig, að þeir kunna að kjósa.

Háttv. þm. Borgf. (Kr. J.) sagði, að borgarstjóri hefði ekki annað vald en framkvæmdarvald. Þetta er rétt. Að lögum til hefir borgarstjóri ekki annað vald, en stjórnarráðið hefir ranglega fengið honum atkvæðisrétt í bæjarstjórninni. Eg hygg, að eg fari hér rétt með, að háttv. þm. hafi, sem ráðherra, úrskurðað borgarstjóra atkvæðisrétt í bæjarstjórninni. Og það man eg með vissu, að hann hélt því fram í bæjarstjórninni, að borgarstjóri ætti að hafa atkvæðisrétt á borð við bæjarfulltrúa. Og úr því að borgarstjóri nú hefir fengið þennan rétt, þá er rétt að bæjarbúar kjósi hann á sama hátt og bæjarfulltrúa. Og enda hvort sem er. Í öllu falli er óhætt að láta bæjarbúa kjósa hann, úr því að vald hans er ekki meira en þetta, enda stjórnarráðið til taks að kippa í taumana, ef hann hegðar sér öðruvísi en vera bæri.

Það er eftirtektavert að heyra háyfirdómarann segja, að konur hafi ekki fengið kosningarétt fyr en 1907. Man hann þá ekki eftir lögunum frá 1882, sem veittu ekkjum og ógiftum sjálfstæðum konum kosningarrétt til sýslunefnda, bæjarstjórna, hreppsnefnda og á safnaðarfundum? Hitt er satt, að 1907 og 1909 hafa giftar konur og vinnukonur bæzt við sem kjósendur til bæjarstjórna.

Hvað meinti háttv. þm. (Kr. J.) með því, að leggja svo fast á móti borgarafundum? Það veit eg reyndar vel, að komið hefir það fyrir, að þar hafa verið teknar ákvarðanir, sem ekki hafa verið honum í vil. En að gefa það í skyn, að um þetta mál hafi æsingamenn og skrílskrumarar ráðið mestu, það sýnir í bezta falli að háttv. þm. hefir ekki verið á fundunum. Eg get fullyrt, að um þetta mál var ekki talað eitt orð á þingmálafundunum 1912 og 1913. Það var samþykt orðalaust á báðum fundunum og þó með öllum atkvæðum eða því sem næst. Og eg get bætt því við, að þessu eina máli var sýnd sú virðing á þingmálafundinum í vor, að það var samþykt með almennu lófataki. Eg get borið um þetta, því að eg var á báðum fundunum alt til enda, bæði 1912 og 1913.

Hitt var rétt, sem háttv. þm. (Kr. J.) skýrði frá, að á bæjarstjórnarfundinum, þar sem þetta mál var til meðferðar, voru ekki nema 10 fulltrúar, en af þeim greiddu 7 atkvæði með tillögunni, en að eins tveir á móti, einn sat hjá. En eg get fullvissað hann um, að það vantaði menn á fundinn sem kunnugt er um að eru málinu fylgjandi.

Eg yfirlæt svo háttv. deildarmönnum, hvort þeir, fyrir þessa þrumandi rödd — sem eg vona að verði hrópandans rödd í eyðimörku — vilji falla frá fyrri atkvæði sínu.

Á móti því sem háttv. þm. (Kr. J.) sagði, að þetta fyrirkomulag hefði gefist

illa í Ameríku, skal eg benda á, að það er víðar en þar, t. d. í Sviss, og er það almannarómur, að óvíða, og jafnvel hvergi, sé landstjórn og sveitarstjórn í jafngóðu lagi og þar. Dómarar eru, meira að segja, ekki óvíða, kosnir í dómarastöður, og þykja reynast fult eins vel og stjórnskipaðir dómarar.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Eg stend upp út af nokkrum orðum í ræðu háttv. þm. Borf. (Kr. J.). Hann veik að því, að í enskumælandi löndum kysu borgararnir sjálfir borgarstjóra. Þetta er rétt. Hann sagði enn fremur, að hvergi væri »corruption« eða spilling meiri en í bæjarstjórnunum í Ameríku. Þetta er líka satt, enda er það alkunnugt. En spillingin er hjá *bæjarstjórnunum* en ekki *borgarstjórunum*. Það er þvert á móti reynsla fyrir því í Ameríku, að borgarstjórarnir gefast vel eins og nokkurs konar stíflugarður móti spillingunni. Eg hefi þekt þess dæmi í mörgum ríkjum og veit, að þetta er rétt hermt. Borgarstjórarnir reynast jafnvel ágætlega, þó að þeir séu kosnir af sama flokki og bæjarstjórnirnar. Og það er fyrir það, að þeir finna til *ábyrgðarinnar*, sem á þeim hvílir gagnvart *öllum kjósendum*, öllum bæjarbúum í heild sinni, og fyrir það, að þeir eru alveg *óháðir* bæjarstjórninni. Eg hefi reyndar heyrt getið um tiltölulega fá dæmi í gagnstæða átt, nefnil. að þeir hafi reynst illa; en þá hafa þeir heldur ekki orðið langlífir í stöðunni. Bæjarstjórnirnar finna ekki eins til ábyrgðarinnar gagnvart kjósendunum, og kemur það með fram af því, að þær eru oft kosnar af kjósenda-deildum (hver bæjarfulltrúi kosinn í sérstöku umdæmi í bænum). Þó að það *geti* komið fyrir, eins og eg gat um áðan, að borgarstjórinn reynist illa, þar sem þetta fyrirkomulag er, þá getur það *alstaðar* og *ávalt* komið fyrir, *hvernig* svo sem hann er kosinn, og það þó að það sé konunglegur embættismaður. Eg játa, að borgarstjórar á Englandi eru ekki kosnir af bæjarstjórnunum, og heldur ekki af *öllum* kjósendum. Þeir eru kosnir af fámennum hring kjósenda, sem svarar nálega til þess, að þeir væru kosnir af þeim sem hér eru kallaðir »hærri gjaldendur«. En þessi flokkaskifting getur ekki haft mikið að segja hér. Þegar litið er til þeirra sem hér eru kosnir af hærri og lægri gjaldendum, er munurinn harla lítill. Eg veit, og get kannast við, að hér í bæjarstjórninni þykir kenna »corruptionar« (þ. e. fjárdráttar og eiginhagsmuna-leitunar), en það er ekki fremur hjá þeim sem kosnir eru af almennum kjósendum, heldur en meðal hinna, sem kosnir eru af hærri gjaldendum. Hér er greiningin mjög á reiki milli hærri og lægri gjaldenda. Kjör manna eru svo jöfn. Og jafnvel maður með sama útsvari getur verið eitt árið í hærri gjaldenda flokk, hitt árið meðal lægri gjaldenda, eftir því sem útgjöld bæjar o. fl. breytist.

Eg mæli með, að frumvarpið fái framgang óbreytt, þó að eg hefði reyndar heldur kosið að háttv. flutningsm. (L. H. B.) hefði tekið til greina bendingu, þá sem eg gaf honum við 2. umr.

**Jón Magnússon:** Eg vildi gera grein fyrir því, hvers vegna eg greiddi ekki atkvæði með frumv. við 2. umr. Eg áleit frumvarpið ekki gott að því leyti, að með þessu móti er minni trygging fyrir því, að sæmilegur maður veljist í borgarstjórastöðuna. Að þessu leyti er eg á móti frumv. Hins vegar get eg ekki neitað því, að það er almennur vilji bæjarbúa að fá þennan rétt, og þegar þar við bætist að bæjarstjórnin vill afsala sér réttinum, þá verð eg að telja það mjög hæpið að það sé rétt, að þingið geri sig að »formynder« bæjarstjórnar eða bæjarins, að þessu leyti. Og þar sem landið leggur ekki einn

eyri til bæjarins, er það næst sanni að hann fái að ráða þessu.

Mér er ekki ljúft að greiða frumv. atkvæði, því að eg álít það í sjálfu sér óheppilegt, en eg geri það þó, því að eg álít að bærinn eigi rétt á að ráða þessu.

**Bjarni Jónsson:** Eg vildi að eins lýsa fögnuði mínum yfir röksemdaleiðslu háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.). Eg er alveg á sama máli og hann, að hér á landi eru svo samfeld kjör manna, að það kemur í sama stað niður, hvort allir kjósa eða fáir kjósa. Eg ætlaði að eins að lýsa gleði minni yfir þessari röksemdaleiðslu háttv. þm. (J. Ól.), og eg vona að hann komi með sömu röksemdir þegar stjórnarskrármálið kemur til atkvæða.

ATKV.GR.:

Frumv. sþ. með 17:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Hannes Hafstein |
| Jón Jónsson | Jóh. Jóhannesson |
| Benedikt Sveinsson | Kristinn Daníelss. |
| Bjarni Jónsson | Kristján Jónsson |
| Björn Kristjánsson | Ólafur Briem |
| Einar Jónsson | Pétur Jónsson |
| Guðmundur Eggerz | Sig. Sigurðsson |
| Halldór Steinsson | Valtýr Guðmundss. |
| Jón Magnússon | |
| Jón Ólafsson | |
| Lárus H. Bjarnason | |
| Magnús Kristjánss. | |
| Matthías Ólafsson | |
| Skúli Thoroddsen | |
| Stefán Stefánsson | |
| Tryggvi Bjarnason | |
| Þorleifur Jónsson | |

Frumv. afgreitt til Ed.

---

FRUMVARP til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915 (stj.frv. n. 348, 350); framh. 1. umr.

**Framsögum. (Pétur Jónsson):** Eg ætla ekki að halda neina langa ræðu. Eg ætla að eins að gefa ofurlitið yfirlit yfir breyt.till. nefndarinnar við fjárlaga frumvarp stjórnarinnar. Viðvíkjandi tekjubálknum hefir nefndin leyft sér að áætla tekjurnar nokkuð hærri og munar sérstaklega á einum tollstofninum, vörutollinum. Þessi munur er 128 þús. kr. Að vísu er þetta ekki annað en tölutilfærsla, því að í rauninni verða tekjurnar jafn-háar, hvort sem þær eru áætlaðar það eða það.

Enn fremur hefir nefndin komist að þeirri niðurstöðu, að draga út eina tekjugreinina, afborganir viðlagasjóðs, er nema 116 þús. króna. Þetta hefir sömuleiðis enga fjárhagslega þýðingu; þegar þessi upphæð er dregin frá, verður tekjuhækkunin eftir áætlun nefndarinnar ekki nema 12 þús. krónur.

Þar á móti er gjaldahækkunin samkv. tillögum nefndarinnar allmikil. Hún nemur alls um 258 þús. kr. Aftur á móti lækkar nefndin gjaldaliðinn í frv. stjórnarinnar um 28 þús. kr., svo mismunurinn er 230 þús. kr., sem gjöldin hækka um, ef *allar* tillögur nefndarinnar verða samþyktar og *engar* aðrar.

Þar sem nefndin hefir fært til tölurnar tekju megin hefir það, eins og eg sagði, áðan, enga fjárhagslega þýðingu í reyndinni. En þetta hefir fjárhagslega þýðingu.

Ef tillögur nefndarinnar yrðu samþyktar, yrði niðurstaðan þesssi í heild sinni:

Gjöldin eru samkvæmt stjórnarfrumv. 3,063,314 kr., eftir tillögum nefndarinnar netto 3,292,944 kr. En tekjurnar geta ekki eftir áætlun nefndarinnar numið nema 3,151,000 kr. Tekjuhalli

yrði þá um 142 þús. kr. Ekki þori eg að ábyrgjast að þetta sé nákvæmlega rétt reiknað, en það mun ekki skakka miklu.

Þá er að líta á það, hvernig þetta kemur við fjárhaginn eins og hann er, þegar fjárlögin taka við í lok þessa árs. Menn hafa fyrst og fremst gott yfirlit í ræðu hæstv. ráðherra, sem hann hélt er hann lagði fjárlagafrumvarpið fyrir þingið. Eftir frumvarpið til samþyktar á landsreikningunum, sem fyrir liggur, er mönnum kunnugt um, að peningaforði landssjóðs var í árslok 1911 hátt á 7. hundrað þúsund krónnur. Liggur það reyndar mest í því, að veðdeildarbréf landssjóðs, sem keypt voru fyrir landið frá 1909, voru seld og er því að miklu leyti lánsfé. En hvað um það, stjórninni voru gefnar rýmri hendur vegna þess að svona stóð á í árslok 1911.

Við sjáum á skýrslu hæstv. ráðherra fyrir árin 1912—'13, að það lítur út fyrir töluverðan tekjuafgang við lok þessa fjárhagstímabils. Stjórnin hefir áætlað hann 140 þús. kr., og nægja fyrir því sem nú verður veitt á fjáraukalögum fyrir 1912—13. En tekjurnar 1913 hafa reynst meiri en þar var áætlað. Maður getur því talið að þetta fjárhagstímabil muni bera sig allvel.

Mér er óhætt að bæta því við, eftir því sem síðar hefir komið fram, að vörutollurinn mun hækka um 50 til 100 þús. kr. frá því, sem stjórnin hefir áætlað. Auk þess geta menn vænst meiri tekjuafgangs á þessu ári.

Allar þessar ástæður, sem nefndin hefir tekið tillit til, hafa gefið henni djörfung til að koma með tillögur um svona mikla gjaldahækkun. Auk þess lágu skattafrumv. fyrir þinginu þann tíma, sem nefndin sat að störfum. Þá var að vísu eigi nærri útséð um afdrif þeirra, en meiri hluti nefndarinnar var með þeim og gerði okkur djarfari, þótt tekjuaukinn eftir þeim hefði að vísu eigi orðið mikill. Svo bætist það við, að aðsóknin að fjárlaganefndinni utan að, til að fá breytingar, er öll á eina sveif. Menn sjá, hvílíkur fjöldi af málaleitunum og tillögum liggur fyrir þinginu og allar eru þær á þá leið, að fá útgjöldin hækkuð. Það hefir ekki úr neinni átt komið tillaga til nefndarinnar um að spara. Þrýstingin er öll á eina hlið. Jafn-vel múrveggir geta hallast þegar þrýstingin er stöðugt á aðra hliðina og engin á hina; en nú er nefndin enginn múrveggur, heldur að eins lausir steinar, sem þessir 4 flokkar í deildinni hafa kastað saman í eina hrúgu. Það er því afsakanlegt þó hún stæði ekki fast á móti ásóknunum um hækkun gjaldanna. — Þó skulu menn ekki treysta því að nefndin sé svo laus fyrir, að hún ekki þoli neinn þrýsting. Vona eg að hún haldi sæmilega saman um það sem hún hefir lagt til og láti ekki þoka sér stórum meira en orðið er og verði ekki svo afar-laus fyrir, sem samsetning hennar bendir til.

Þá ætla eg að eins lauslega að benda á, hvernig hækkanirnar og lækkanirnar koma niður, án þess að fara mikið út í einstök atriði.

11. gr. er hækkuð um 3000 kr. Til eftirlits með fiskiveiðum úr landi. — 12. gr. Til heilbrigðismála eru útgjöldin hækkuð um 4400 kr.

13. gr. A. Til pósmála eru útgjöldin hækkuð um 30,000 kr. Þar á móti eru aftur sparaðar 4000 kr., svo hækkunin nemur alls 26,000 kr.

13. gr. B. Til vegamála eru útgjöldin hækkuð um 88,400 kr.

13. gr. D og E. Til síma og vita hafa útgjöldin verið lækkuð um 4000 krónur.

14. gr. A. Til kirkjumála nemur hækkunin 22,000 kr. (til dómkirkjunnar 20 þús. kr.).

14. gr. B. Til kenslumála nemur hækkunin 32,780 kr., en þar á móti kemur sparnaður 5,700 kr., svo hækkunin verður 27,000 kr.

15. gr. Til vísinda og lista eru útgjöldin hækkuð um 13,800 kr., en sparnaður er þar aftur á móti 10,800 kr. Hækkunin er þá þar 3000 kr.

16. gr. Til að efla atvinnuvegina hafa útgjöldin verið hækkuð um 63,300 kr., en sparnaður er þar á móti 3000 kr., svo hækkunin nemur 60,000 kr.

Menn sjá nú, fyrir hvaða málefni hækkanir nefndarinnar eru. Þær koma þannig niður, að pósthúsið og kirkjan fá 50 þús. kr.

Til veganna er mest lagt, um 88,000 kr. Þar næst til atvinnumála, um 60,000 kr., og hefir sjávarútvegurinn einkum fengið rífan skerf þar og svo verzlunin.

Til kenslumálanna er svo lagt um 27000 kr. Hér er því verið við sama heygarðshornið og að undanförnu í samgöngur, atvinnumál og fræðslumál aðallega.

Eg hefi nú gefið stutt yfirlit yfir breytingar nefndarinnar og vona eg að mönnum nægi það. Eg skal svo ekki lengja umræðurnar að sinni. Vona eg að hv. deildin fari sanngjarnlega með tillögur nefndarinnar og taki tillit til þess, að víða var úr vöndu að ráða.

**Ráðherrann (H. H.):** Eg verð að segja, að eg bjóst hálfpartinn við þeirri mótbáru frá hinni háttv. fjárlaganefnd gegn stjórnarfrumv., að tekjurnar væru fremur hátt áætlaðar, því þær voru settar tiltölulega hærra nú, en nokkurn tíma áður. Eg var jafnvel í nokkrum vafa um það um hríð, hvort forsvaranlegt væri að áætla þær svona hátt, en samt varð það úr að eg, eftir því sem á stóð, dirfðist að koma með þá áætlun, sem liggur fyrir.

Nú sé eg að það er langt frá að nefndinni þyki tekjurnar of hátt áætlaðar, að hún hefir hækkað áætlun stjórnarinnar í 2. gr. frumv. um 128,000 kr. Aðalástæðan til hækkunarinnar er vörutollurinn, sem nefndin hefir áætlað 100,000 kr. hærri á fjárhagstimabilinu, en stjórnin hefir gert. En sá tollur er alveg óreyndur enn, því hann hefir ekki verið í gildi nema hálft ár, og þótt svo virðist eftir símskeytum frá sýslumönnum út um land, að hann hafi verið nokkru hærri en við var búist þessa fyrstu 6 mánuði, þá er það fremur lítil undirstaða til að byggja á stóreflis áætlanahækkun. Grundvöllurinn undir áætlun stjórnarinnar um þetta efni er sumpart . . . . .? þær, sem gerðar voru um þingtímann 1912, og í öðru lagi réð stjórnin sérfróðan mann, cand. polit. Georg Ólafsson, til að athuga þetta af nýju eftir þeim skýrslum og skilríkjum, er fengist gátu, grundvallað eftir innflutningsmagninu. og reikna út, hver vörutollurinn mundi verða. Niðurstaða hans var,að tollurinn mundi nema tæpl.250,000 kr. á ári, eftir því sem inn hefir flust síðustu árin, sem skýrslur eru til fyrir. Það er að vísu eigi ólíklegt, að tollurinn fari eitthvað upp úr þessari áætlun, en að færa hann upp í 350,000 kr. á ári, eins og nefndin vill, álít eg óvarlegt.

Önnur breytingartillaga nefndarinnar við að telja afborganir af útlánum viðlagasjóðs tekjumegin, finst mér ekki skifta miklu máli. Hefir verið gerð grein fyrir því í athugasemdunum aftan við frumv., hvers vegna þessi upphæð var sett í frumv. Hún var ekki sett þar í því skyni, að upphæðin skyldi verða eyðslufé, heldur til þess að auðvelt væri að sjá, hve mikið mætti ætla viðlagasjóði til útgjalda í lánum eða tekjuhalla. Þetta er ið eina fé, sem viðlagasjóður á handbært til slíkra hluta,

og verður ekkert meira fyrir það, þó að slept sé að nefna upphæðina í fjárlögunum sjálfum.

Þegar tekið er tillit til þess, hve tekjuáætlun stjórnarinnar er há frá upphafi, virðast hækkanir, þær sem nefndin leggur til, vera í ríkara lagi. Tekjuhallinn er því í rauninni ekki eins og háttv. framsögum. sagði, 142,000 kr., heldur miklu meiri, ef varlegri tekjuáætlun væri væri fylgt. Þetta væri þó ekki svo ægilegt, ef von væri á einhverjum auknum tekjum í skarðið. En það hefir verið séð fyrir því á þessu þingi, að möguleikarnir til þess féllu burt, þar sem skattafrumv. var *frestað* til þess að þjóðin gæti áttað sig á þeim til næsta þings.

Ef nú við þennan tekjuhalla bætast um 200,000 kr. til að styðja Landsbankann og ef til vill einhver fleiri útgjöld til hans, virðist liggja í augum uppi, að gera verður ráð fyrir nýrri lántöku, ef ekki verður slept því meiru af inum auknu útgjöldum, sem bæði in háttv. fjárlaganefnd og aðrir vilja leggja á næsta fjárhagstímabil.

Það á eigi við að fara út í einstök atriði við þessa umr. En eg ætla að eins að geta þess, að eg hefði getað sætt mig við tillöguna um, að fella burt fjárveitinguna til brúarinnar á Eyjafjarðará, *ef* hún hefði verið sprottin af nauðsyn til þess að spara þessa upphæð. En það er nú síður en svo. Því í staðinn fyrir Eyjafjarðarárbrúna setur nefndin aðra ennþá dýrari brú á Jökulsá á Sólheimasandi. Og ekki nóg með það, að sú brú er dýrari; það er annað enn; hún er eftir sögn verkfræðings landsins hreinasti vonargepill, fullkomið áhættufyrirtæki, sem getur verið sama sem að fleygja peningunum í sjóinn. Að taka peninga frá öruggu nauðsynjaverki og leggja þá í glæfrafyrirtæki, það tel eg misráðið. Að hér sé um slíkt áhættufyrirtæki að ræða, byggi eg, sem sagt, á umsögn landsverkfræðingsins, sem spurður var um málið. Hann taldi svo miklar líkur til þess, að áin spýtti brúnni af sér aftur fljótlega, að hann kvaðst *aldrei* sem verkfræðingur geta gert tillögu í þá átt, að hún væri bygð; ef ætti að byggja þá brú, yrði það að vera öllum ljóst fyrirfram, að teflt væri á tvær hættur, og að um verk væri að ræða, sem verkfræðin yrði að ráða frá að leggja peninga í. Það virðist því ekki vera ástæða til að leggja fé í slíkar tilraunir meðan fjárhagurinn er ekki betri en hann er.

Að öðru leyti skal eg að eins minnast á, að mér líka ekki vel tillögur nefndarinnar um skáldastyrkina. Eg ætla ekki að fara nákvæmlega út í það nú. Vona eg að háttv. nefnd geti komið sér saman um við stjórnina, að slaka til, svo kostirnir verði aðgengilegri.

**Framsögum. (Pétur Jónsson):** Hæstv. ráðherra hafði það að athuga við tekjuáætlun nefndarinnar, að hún væri fremur óvarleg. Það skiftir auðvitað litlu máli, hvort þessi áætlunarhækkun nefndarinnar stendur eða ekki. En því mótmæli eg, að nefndin hafi verið óvarkár; hún hefir haft sömu stefnu sem inar fyrri nefndir. Þær hækkanir, sem nefndin leggur til að gera, eru lægri en oft hefir verið hjá fjárlaganefndum fyrri ára. Það er ekki rétt hjá hæstv. ráðherra, að nefndin leggi til að hækka vörutollinn um 100 þús. kr. á ári, heldur á fjárhagstímabilinu. Nefndin leitaði upplýsinga í stjórnarráðinu og fekk að vita, að um mitt árið hafi verið komnar inn 200 þús. kr. í vörutoll, og var þar talið líklegt, að enn mundu koma í þennan toll 150 þús. kr. á þessu ári. En þrátt fyrir það lagði nefndin þó ekki til, að áætla

vörutollinn meiri en 300 þús. kr. Það er venjulegt, að þegar nýtt óþyrmilegt gjald er lagt á, þá reyna menn að víkja sér undan gjaldinu í bráð; mætti því ætla, að menn hafi reynt að víkja sér undan vörutollinum þetta fyrsta ár. Þess vegna má búast við, að hann fremur hækki en lækki næstu árin. Mér virtist í rauninni ekki bera svo mikið á milli hæstv. ráðherra og mín að því er snertir tekjuhallann, þó að mér fyndist á andanum í ræðu hans, sem hann næstum gæfi í skyn, að mín skýrsla væri fölsk. *(Ráðherrann:* Nei, langt frá!). Tekjuhallinn verður eftir mínum reikningi um 140 þús. kr., en hjá hæstv. ráðherra 258 þús. kr., þegar gengið er fram hjá áætlunarhækkun nefndarinnar, 128 þús. kr. Og ber þar ekki mikið á milli. *(Ráðherrann*: Eg sagði, að nefndin hefði dregið fram tekjur landssjóðs um 116 þús. kr.).

Hæstv. ráðherra mintist á Jökulsárbrúna, og þótt það atriði heyri til 2. umræðu, þá vil eg þó geta þess, að eg kunni ekki við að heyra þau orð hæstv. ráðherra, að það væri glæfraráð að taka þá brú upp. Eg sé ekki, að nefndin beri ábyrgð á því þótt svo væri. Hér er fyrst og fremst ekki um annað að ræða en skifta um brýr, sem á að byggja sem fyrst. Önnur gengur fyrir, hin bíður í þetta sinn. En það er alls ekki meiningin, að hætt verði við fjárveiting til brúar á Eyjafjarðará fyrir fult og alt.

Nefndinni hefir ekki komið það til hugar, að leggja nokkrar hindranir fyrir Eyjafjarðarbrúna þegar tækifæri gefst. En það er samkvæmt ákvörðun Alþingis 1911 að hin brúin verður að sitja fyrir. Það er ekki nefndarinnar sök. Hún leit svo á, að með lögunum hér að lútandi hefði Alþingi ekki að eins slegið því föstu, að hún *skyldi bygð*, heldur einnig því, að hún *sæti fyrir* öllum öðrum brúm. Og eg álít, *að þingið sé þess megnugt, að standa við orð sín* um brú þessa, jafnvel *þótt hún fyki fram á sjó daginn eftir að hún er fullgerð.*

**Benedikt Sveinsson:** Nú er rúmt ár liðið síðan ráðherra sá tók við völdum, er nú situr. Er þá nógu fróðlegt að líta á stefnuskrá hans, þau verkefni, er hann tók sér fyrir hendur að framkvæma, þegar hann settist í valdasætið, og athuga, hversu hann hefir int þau af hendi.

Það voru einkum *þrjú* ætlunarverk, er ráðherra kvaðst vilja beita sér fyrir, samkvæmt ræðu þeirri, sem hann flutti hér í þingdeildinni 23. Júlí 1912, um leið og hann tók við völdum:

Að efla frið í landinu.

Að auka lánstraust landsins erlendis og hjálpa þjóðinni til að neyta krafta sinna, og *einkum*

að leiða sambandsmálið til sæmilegra lykta.

Hvernig hefir honum tekist að framkvæma þessa stefnuskrá sína?

Fyrsta verkefnið: *að efla frið í landinu* og sameina kraftana hefir honum algerlega mistekist. Langbezta ráðið til þess að efla frið og samhug, en eyða viðsjám og sundrungu, var það *að láta samningabraskið niður falla.* En í þess stað fitjar ráðherra upp á þessu viðkvæma deilumáli, þvert ofan í loforð allra þingmanna við kjósendur landsins. Ávextirnir af starfi hans komu brátt í ljós, því að sjaldan hafa viðsjár verið öllu meiri en á þinginu 1912, þar sem ráðherra átti í sífeldum brösum við sína eigin flokksmenn. Og nú hefir ráðherra *stofnað til meiri sundrungar í þinginu, en dæmi eru til í manna minnum:* þingliðið tvístrað í *fjóra flokka*, og auk þess nokkra utanflokksmenn. Öll samvinna er komin á ringulreið.

Þetta friðarhjal ráðherra og fylgifiska hans var og að vísu aldrei annað en *slagorð*, til blekkingar við landsmenn.

Hér í landi var góður friður áður en ráðherra vakti upp uppkastsdrauginn. En það er altítt út um heiminn, að valdafíknir menn beita fyrir sig þessum friðarslagorðum. Þegar t. d. einhver uppreisnarseggurinn í Mexíkó hefir brotist til valda með blóðugum styrjöldum, þá lætur hann það boð út ganga yfir borg og bý, að hann vilji fyrst af öllu tryggja *frið í landinu*, þ. e. a. s. *hafa frið sjálfur*, til þess að geta trygt vald sitt í næði og brotið andstæðingana á bak aftur.

Annar liður stefnuskrárinnar var: *að efla traust landsins út á við og hjálpa þjóðinni í atvinnumálum. — Traustið* erlendis sést bezt á lánskjörum. þeim sem ráðherra hafa boðist hjá gömlum skiftavini sínum, Stóra norræna ritsímafélaginu. Félagið lánar féð *í eiginhagsmuna skyni*, til þess að fá auknar tekjur af sæsímanum, samkvæmt viðurkenning ráðherra sjálfs í gær, og trúir þó ekki landssjóði til þess að standa í skilum við sig, heldur *krefst, að breytt sé ritsímalögunum* og ákveðið í þeim, að tekjuafgangur símans skuli fyrst og fremst ganga upp í vexti og afborganir af þessu láni. Með þessu er ráðherra heimiluð veðsetning, laganýmælið er í raun réttri veðsetning, eins og sagt var í gær, og Íslendingar þar með settir á bekk með Tyrkjum og öðrum hálfviltum vanskilaþjóðum Austurlanda.

Þetta er nú aukna traustið erlendis!

Varla verður heldur með sanni sagt, að ráðherra hafi lagt þungt á sig við atvinnumálin eða aukning velmegunar innanlands: Hann hefir komið með heilan hóp af lögum um að hækka laun embættismannanna í Reykjavík, og annan til þess að hækka skatta á þjóðinni. Það er alt sem eftir hann liggur þjóðinni til viðreisnar! — En þingið hefir nú sem betur fer séð fyrir þessum frægu bjargráðum stjórnarinnar.

Þriðja og helzta verkefni stjórnarinnar var það, að »leiða sambandsmálið til sæmilegra lykta«. Afrek ráðherra í því máli eru svo kunn, að ekki þarf að fara um þau mörgum orðum. Málið var hafið í fullkomnu óráði og skammsýni og þar með brotin öll loforð við kjósendur landsins frá síðustu kosningum. Hefði þó ráðherra átt að vera svo minnisstæðir viðburðirnir frá 1908 og 1909, er þjóðin hafnaði uppkastinu hans og sendi *tuttugu og fimm* þjóðkjörna menn á þing til þess að gefa honum *vantraustsyfirlýsing*, að hann sæi, að ekki mundi þýða að fitja upp á sama frumvarpinu *lítt breyttu*, því að þjóðinni hefi alls ekki snúist hugur.

Sambandsflokkurinn »mikli« og ráðherra þóttust nú reyndar ætla að bera fram *frekari* kröfur. En hvað verður svo? — Ráðherra lætur Dani telja sig á að taka í mál að flytja Íslendingum *enn verri*, — eða að minsta kosti mun greinilegri — *afarkosti* og réttinda-afsal en 1908. Og þessu, inum svo nefnda »grút«, fylgir hann svo fast fram og »heldur að« flokksmönnum sínum, að hann kallar saman um hávetur það sem til næst í þrem landsfjórðungum af þingflokksmönnum sínum á inn þjóðfræga flokksfund, »útbreiðslufundinn«, sem kostaður var af landssjóði.

Eg nefni að eins eitt dæmi af mörgum, hversu »grúturinn« var enn fráleitari en »uppkastið« 1908. Í athugasemdum uppkastsins var tekið fram, að Íslandsmál yrði *ekki borin upp í ríkisráði Dana*, ef það yrði að lögum. Fyrir *þessu* gengust ekki allfáir gamlir Landvarnarmenn og snerust á sveif með uppkastinu. *Nú* er það tekið skýlaust fram í athugasemdum »grútsins», að mál Íslands *skuli eftir sem áður borin upp í ríkisráðinu!*

Það þarf sannarlega æði mikla frekju og fífldirfsku til að bjóða þjóðinni ann-

að eins og þetta. Vonin um framgang grútsins gat varla bygst á öðru en því, að þjóðin hefði felt frumvarpið 1908 af því að henni hefði þótt það *of gott*, og því væri nú þjóðráð að færa henni *annað verra!*

En þetta afrek ráðherra hefir fengið þann *dauðadóm* þjóðarinnar, að ekki *nokkur einasti þingmálafundur tekur í mál að líta við* þessum boðum ráðherrans, jafnvel ekki þingmálafundir *hans eigin kjósenda*, heldur skora *jafnvel þeir* á þingið að láta nú sambandsmálið afskiftalaust.

Verri útreið en þetta hefir ráðherra því ekki getað fengið í þessu máli: *Smán arboð* hjá *Dönum*, sem hafa verið *fordæmd* af *Íslendingum*.

*Engu einasta atriði* af því sem ráðherra tók á stefnuskrá sína, hefir hann getað komið *neitt áleiðis*, heldur þvert á móti: Alt hefir snúist öfugt í höndum hans og horfir nú stórum mun *verr*, heldur en þegar hann slysaðist upp í valdasessinn.

Líta mætti og á stjórnarferilinn í samanburði við *afstöðu núverandi ráðherra til fyrri stjórna;* bera saman, hvað stjórninni og hennar flokki þótti þá svo mjög ámælisvert í fari þáverandi stjórnar, og hversu hún sjálf hefir breytt í sömu efnum síðan hún komst til valdanna.

Þetta væri eftirtektavert og lærdómsríkt, en hér er ekki tóm til þess.

Núverandi stjórnarflokkur dæmdi afarhart stjórn B. J. fyrir *ófrið, glötun á lánstrausti, óhagkvæma samgöngusamninga, óheppilega framkomu í sambandsmálinu.* — En hefir þessari stjórn tekist betur? —

Tvö minniháttar atvik ætla eg að nefna til *dæmis*.

Núverandi stjórnarfylgifiskar gerðu afarmikinn úlfaþyt út af »*fjárlagabroti*« B. J. í sambandi við »systursoninn«, sem hafði fengið nokkur hundruð krónur í viðbót við fjárveitingu til þess að rannsaka meðferð á síld erlendis. Hann hafði þurft að fara víðar, en í fyrstu var ráð fyrir gert og fekk uppbót fyrir það. — Mér er nær að halda, að ef grant væri skoðað, mundi mega sýna fram á, að þessi ráðherra hefir verið fult eins nærgöngull við fjárveitingarvaldið og fult eins »frandrækinn« utan fárlaga, án þess brýn þjóðarþörf krefðist.

Annað lítið dæmi:

Liðsmenn núv. ráðherra gerðu mikið upphot út af því, að B. J. hefði tekið allmargar *myndir úr þinghúsinu*, eign *Málverkasafnsins*, og flutt heim í ráðherrabústaðinn. Þetta var kallað mesta gerræði, beint »rán«, og bent á, að málverkin væru í ótryggum stað, gæti brunnið eða glatast á annan hátt, og voru ásakanir þessar að mestu réttmætar.

En hvað hafa ráðherrarnir gert, þeir sem síðan hafa setið við völdin? Hafa þeir skilað »ráninu«? Ekki svo kunnugt sé. Það mun enn þá heima í ráðherrabústaðnum, ef það er ekki týnt.

Af þessum litlu dæmum sést bert, *hver alvara* hefir ráðið ásökunum stjórnarliðsins, hver *siðferðisleg réttarmeðvitund* hefir knúið fram áfellingar og dóma ráðherraflokksins

Er ekki ráðherrahúsið *jafneldfimt* eins og það var 1909? Er ekki sama *heimildarleysið* til að geyma myndirnar þar *nú* eins og þá, og samur *eignarréttur* Málverkasafnsins?

Mér finst sjálfsagt, að þessar eignir sáu heimtar hingað aftur.

Ráðherra var ráðinn *bankastjóri Íslandsbanka* áður en hann lét af völdum 1909. Hann hafði þótt nokkuð kaldur stundum í garð Landsbankans, en draga fram hagsmuni Íslandsbanka, svo að fylgismönnum hans þótti nóg um og

skildu ekki *þá*, hvað valda mundi. Þetta tók blaðið »Þjóðólfur« skýrt fram vorið 1909, þegar opinbert varð, að ráðherra var orðinn bankastjóri. — Síðan hefir ið sama brunnið við. Var það sök sér, þótt bankastjóri þessi drægi taum banka síns meðan hann var ekki beint við landsstjórnina riðinn. *Verra* nú, þegar hann er ráðherra, léður um stundarsakir úr bankanum. Er það mjög varúðarvert, að stjórn landsins sé svo návenzluð þessari einkastofnun, ekki sízt þar sem *Landsbankinn* er á aðra hönd. — Það er síður en svo, að það tryggi eftirlit með Íslandsbanka, að stjórnin er honum svona nákomin. Það er einmitt bankinn, sem fær stjórnina á þennan hátt, vísvitandi eða óafvitandi, til þess að sjá í gegnum fingur við sig, og alóvíst, hvort bankanum sjálfum er það til nokkurrar hollustu þegar öll kurfi koma til grafar.

Í 4. gr. reglugerðar bankans, frá 25. Nóv. 1903, er ákveðið, *að hlutir hans skuli innborgaðir til fulls í reiðupeningum.* Í bág við þetta kemur það, sem borið hefir verið á bankann opinberlega og staðið ómótmælt, að hann láni út á hlutabréf sín alt að 75 %. Og þessi bréf hafa verið til sölu í bankanum til skamms tíma. — Ef einhver kaupir nú hlutabréf af bankanum og borgar þau með því að fá út á þau 75 % og kannské víxillán fyrir afganginum, þá er þetta engin sala, og beint ofan í lög, þar sem bréfin áttu að seljast gegn reiðupeningum. Það er því nauðsynlegt að fá upplýsingar um, á hvern hátt bréfin eru seld, og hve mikið sé selt á þennan hátt.

Eitt skilyrðið fyrir seðla-útgáfurétti bankans var það, að hann lánaði fé til styrktar atvinnuvegum og verzlun Íslands. Þetta hefir hann ekki gert að því leyti, sem geysimikið af veltufénu, alt að einum þriðja, hefir lent hjá tveim *útlendum* gróðafélögum, sem að vísu starfa hér, en *flytja arðinn út úr landinu.* Þetta er því verra, þar sem þessi útlendu félög eru sögð ærið *tæp*, og *tryggingin* fyrir lánunum nokkuð *hæpin.* Sýnir þetta sig bezt á því, að hlutabréf bankans hafa fallið mjög í verði á þessu ári, jafnvel ofan í 85—86 %. — Andersen bankaráðsmaður í Khöfn hefir kannast við það opinberlega, að þetta verðfall stafaði af skiftum bankans við þessi útlendu félög.

Það er brýn nauðsyn, að þingið gefi þessu gaum, því að ef bankinn fær *verulegan skell*, þá getur komið til landssjóðs kasta að greiða hluthöfum vextina. Hann ábyrgist þeim, eins og menn vita, 4 % samkvæmt bankalögunum 7. Júní 1902 (10. Nóv. 1905, 1. gr.).

Þá var ekki til þess ætlast í öndverðu, að bankinn færi með sparisjóðsfé. Hann gerir það undir öðru nafni. Hvers vegna er honum ekki gert að skyldu að setja *tryggingu* fyrir sparisjóðsfénu, er hann tekur við undir *innlánsfjár* nafni? Það er óhæft að hagur sparisjóðseigenda, »innláns«-manna, sé ekki fulltrygður.

Íslendingar eru vanir að líta svo á banka, að þeir séu eitt af því fasta og ófallvalta. En ekki hefir sú reyndin orðið á í öðrum löndum. Nýjasta dæmið er bankinn í Hróarskeldu. Hann var stofnaður 1906 og í miklu trausti. En nú kemur það úr kafinu að hann er kominn í slíkt öngþveiti sakir *eftirlitsleysis*, að tapaðar eru 765 þús. króna!

Enn er eitt mjög athugavert nýmæli, sem stjórnin hefir tekið upp. — Hún ver fé *opinberra sjóða*, sem henni er trúað fyrir, til þess að kaupa *hlutabréf Íslandsbanka.*

Árið 1911 var minningarsjóður Kr. læknis Jónssonar *allur* settur í þessi bréf, 10,000 krónur. — Af Minnigarsjóði

Herdísar og Ingileifar Benediktsen 1600 kr.; af Thorkillii-sjóði 2000 kr. — Inu sama var haldið áfram 1912.

Þetta er alveg óforsvaranleg meðferð, hreint og beint *lagabrot*. Sést það ótvírætt á því, meðal annars, að í lögum um stofnun veðdeildar Landsbankans 12. Jan. 1900, 18. gr., er það *heimilað*, að verja *megi* »fé ómyndugra manna og *opinberra stofnana og sjóða* til þess að *kaupa skuldabréf veðdeildarinnar*.

Úr því að lagaheimild þarf til þessa, þegar um allra tryggustu bréf er að ræða, þá er *sjálfsagt*, að slíkt er *alóleyfilegt* um verðbréf *einkastofnunar*, sem ekki stendur á stöðugri grundvelli en svo, að bréf hennar falla annað kastið um 14—15 af hundraði.

Það er léttvæg afsökun, að hér sé ekki um stórfé að ræða. Ef það er ólöglegt á annað borð, þá skiftir mergðarmunurinn engu í því efni. Auk þess vill svo til, að keypt hefir verið fyrir *alt, sem handbært var* í þessum sjóðum, og fyrir einn *nýjan sjóð* alveg, og hina *eftir því sem hægt var*. Verður því ekki efast um, að stjórnin hefði keypt þessi *dýrindisbréf* fyrir *alt fé* sjóðanna, ef hún hefði haft það handbært.

Þetta mundi engin landstjórn hafa leyft sér, nema sú er tekið hefði alveg sérstöku ástfóstri við þessa stofnun. Verður það fyrst skiljanlegt þegar þess er gætt að ráðherrann er nýskroppinn út úr bankastjórastöðu við þessa stofnun og hún *bíður eftir honum*, þegar hann kann að vilja setjast þangað aftur. Greiði kemur móti greiða, velvild móti velvild.

Alt þetta þykir mér bera vitni um — ef eg mætti svo að orði kveða — *hneykslanlega sambúð* milli landstjórnarinnar og Íslandsbanka!

Fyrst kastaði þó tólfunum í vor, þegar ráðherra sargaði út samþykki dönsku bankaráðsmannanna til þess að *háyfirdómarinn* yrði gerður undirbankastjóri til bráðabirgða, til þess að *gæta sætis síns* þangað til hann kemur sjálfur. — Ráðherra segir þó sjálfur í athugas. við eitt stjórnarfrv., að ekki sé jafnnauðsynlegt um nokkra menn sem yfirdómendurna, að þeir sé *lausir við annarleg störf*, eins og satt er, en á *sama tíma* er hann að binda háyfirdómarann sjálfan við bankastjórastarf þessarar einkastofnunar.

Það var svo að orði kveðið í fyrra, að þingið hefði fengið *bankalán* í Íslandsbanka, er hann lánaði því einn bankastjóra sinn í ráðherrasessinn. Nú hefir þá ráðherra líklega verið að borga *vextina* af því bankaláni með því að leggja háyfirdómarann inn í bankann! (Hlátur).

Annars er það skiljanlegt, að stjórnandi, sem veit fylgi sitt valt og brigðult, þykist koma ár sinni vel fyrir borð og treysta sig í sessi, með því að einstakir þingmenn eigi atvinnu sína undir því, að ráðherra lafi við völd — *tapi* henni *jafnskjótt sem stjórnin veltur úr sessi!*

Ást ráðherra á Íslandsbanka kemur heim við það mikla ástfóstur, sem hann hefir tekið við aðrar ennþá útlendari gróðastofnanir: Sameinaðafélagið, Steinolíufélagið (D. D. P. A.) o. s. frv.

Eg fer ekki út í það, hversu ráðherra barðist móti því í þinginu í fyrra, að landið eignaðist strandferðaskip, sem þá buðust með beztu kjörum, en gerði síðan inn makalausa samgöngusamning við Sameinaðafélagið, sem skaðar landið *minst 200,000 kr. á ári*, eftir því sem vitrir og glöggir menn hafa komist næst við ítarlega rannsókn.

Ekki þarf eg heldur að fjölyrða um framkomu ráðherra í steinolíumálinu. Fiskifélag Íslands kvartaði í vetur þung-

lega undan stirðleik stjórnarinnar í því máli. Þá var eitthvað ljúfara samkomulagið við D. D. P. A., inn góða leigjanda og nágranna ráðherrans.

Þá er það óhagfelt og ámælisvert, hversu stjórnin hagar undirbúningi lagafrumvarpanna. Þjóð og þing fær ekki að vita, hvað á seyði er, fyrr en alþingi kemur saman. Landsmenn geta því ekki látið í ljós skoðun sína á málunum, allra sízt þegar stjórnin hefir í frammi aðra eins *leynd* um þau, sem nú er farin að tíðkast. Stjórnin gæti að minsta kosti látið blöð sín skýra frá aðalatriðum helztu laganýmæla, þótt henni þætti óviðfeldið að birta frv. áður en þau eru borin upp fyrir konungi. Og þegar *búið er* að bera þau upp, ætti ráðherra að sjálfsögðu að senda þau þingmönnum tafarlaust, svo að þau gæti rædst á þingmálafundum. — En ráðh. vill auðsjáanlega enga samvinnu hafa milli stjórnar og þjóðar, heldur koma með nýmælin í opna skjöldu á þinginu.

Loks er að minnast á samvinnu stjórnar og þings.

*Þingið er á móti ráðherra* í *hans* áhugamálum.

Launahækkunar-frumvörpin öll stráfeld, næstum *í einu hljóði;* skattafrumv. líka drepin hrönnum saman; framkoman í lotterimálinu talin *mjög ámælisverð* í rökstuddri dagskrá, sem reyndar var fullkomin *vantraustsyfirlýsing*, eins og háttv. þm. Borgf. tók fram. Mundi engin stjórn um víða veröld hafa setið eftir slíka útreið, án þess að krefjast traustsyfirlýsingar.

En hér er kaup kaups, því að:

*Ráðherra er einnig á móti þinginu og þess áhugamálum.* — Hann er á móti því, að *stjórnarskrármálið* sé tekið fyrir. Hann vill enn vera að burðast með *sambandsmálið*, þvert ofan í þing og þjóð. Hann er á móti *fánamálinu* í hverri mynd sem er.

Stefnu-skrármálin: friðurinn, traustið á landinu, rétting atvinnumála, sambandsmálið — hafa gersamlega mishepnast.

Ráðherra er horfinn öllu fylgi. Alt hans ráð um opinber mál er í lausu lofti og á hverfanda hveli.

Það er *að eins eitt* atriði á hans *óríkuðu stefnuskrá*, sem stendur fast og óbifanlegt. *Því* hefir hann ekki brugðist, heldur fylgt með mikilli staðfestu, trúmensku og einlægum huga — það er: *að sitja við völdin.*

Stjórnin er *hugsjónalaus, stefnulaus og fylgislaus*, þegar frá er skilið þetta eina: að fara með völdin.

Á því altari er þessi stjórn að *fórna þingræði Íslands*, og þeir fáu menn, innan þings og utan, sem enn styðja hana að því óráði.

**Einar Jónsson:** Eg er þakklátur fyrir skýringar háttv. framsögum. (P. J.) og fjárlagan. fyrir hennar mikla verk. Eg er ekki samþykkur öllum breyt.till. nefndarinnar og mun gefast kostur að fara nánara út í það síðar og annars gera mína afstöðu kunna með mínu atkvæði í hverju einstöku atriði, þegar að því kemur. Það er mín skoðun, að auka beri sem mest framleiðsluna í landinu, en fækka sem mest óþörfum eða lítt þörfum fjárveitingum, eins og bitlingum til einstakra manna, sem oft og einatt gera lítið þjóðfélaginu til gagns — ætla sér að *læra* og verða landinu til gagns og sóma, en verða svo í sumum tilfellum ekkert — til skálda og þess háttar manna.

Eg skal ekki fara út í einstakar greinir á þessu stigi málsins. Eg vil að eins geta þess, út af ummælum hæstv. ráðherra um Jökulsárbrúna, er hann kallaði glæfrafyrirtæki, að svo mundi hann ekki hafa talað, ef hann hefði nægan kunnugleika til árinnar. Án þess að eg fari nokkuð að andmæla Eyjafjarð-

arárbrúnni, þá hygg eg, að færa megi þeim orðum góðan stað, að Jökulsárbrúin sé þarfasta brúin á landinu.

Þá skal eg víkja að inum góða endurskoðanda, sem eg álít mjög hentugan til að vera í eldhúsi. Eg ætla mér ekki að fara að verja hæstv. ráðherra, en þó vil eg mótmæla ýmsum atriðum í ræðu háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.). Hann gat þess, að ráðherra hefði haft á stefnuskrá sinni að efla friðinn í landinu, en segir þó annars vegar, að engi ófriður hafi verið til í landinu á síðustu árum. Þetta kemur mér undarlega fyrir. Var t. d. friður í landinu þegar sparkliðið steypti Birni Jónssyni úr ráðherrasæti? Var friður í landinu eftir að sambandsmálið kom heim 1908? Og loks, var það friðarauki þegar »Ingólfur« komst í hendur núverandi ritstjóra hans? Nei, öll þessi ár hafa verið ófriðarár, svo mikil ófriðarár, að engum einstökum ráðherra var mögulegt að halda þá friði í landi.

Þá mintist sami háttv. þm. á sambandsmálið og sagði, að ráðherra hefði ekki uppfylt þau loforð, sem hann hefði gefið í því efni. Eg ímynda mér nú, að þótt háttv. þm. hefði verið allur af vilja gerður, mundi honum þó ekki hafa hafa tekist að útvega það sem Dönum var þvert um geð. Eg er þess fullviss, að hæstv. ráðherra hefir í þessu máli gert það bezta, sem í hans valdi stóð.

Háttv. þm. sagði enn fremur, að sambandsmálið væri dauðadæmt. Þó að felt hafi verið frumv. 1908, þá ímynda eg mér samt, að þjóðin vilji gera nýja samninga, ef tækifæri gefst.

Margt fleira var það sem eg hafði að athuga við ræðu háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.), en eg hirði ekki að fara út í einstök atriði, enda er mér ekki um það gefið að skamma kunningja mína, þótt ástæða væri til þess. Hann græðir því mest á því að eg hætti, og þess ann eg honum vel.

**Lárus H. Bjarnason:** Það er að eins eitt atriði, sem mig langar til að víkja dálítið að. Eg vona að hæstv. ráðherra komi það ekki á óvart, þar sem við höfum leitt saman hesta okkar áður um það mál og eg hefi þegar fyrir nokkru tjáð honum, að þetta atriði mundi koma til umræðu í dag. Málið, sem eg ætla að tala um, er um samining hæstv. ráðherra við Sameinaða gufuskipafélagið. Það er talsvert umfangsmikið mál og eg verð að biðja hv. deild afsökunar á því, að eg býst við að ræða mín verði mjög þur og leiðinleg, því að eg verð að nota mikið af tölum, sem altaf eru leiðinlegar, en oftast sannorðar. Eg vildi helzt mega fá hæstv. ráðherra í hendur prentuðu skjölin, sem hér að lúta, svo að hann geti borið ræðu mína saman við þau og þannig sannfærst um það, hvort eg fer með rétt mál eða ekki. Og þessar skýrslur eru ekki eftir Bjarna frá Vogi, heldur að öðrum þræði eftir fyrirrennara hæstv. ráðherra og hann sjálfan Eg á við ferðaáætlanir og gjaldskrár millilanda- og strandferðaskipa og samningana um ferðir þessar 1909 og 1912. Eg ætla að bera saman þá samgöngukosti, sem við nú höfum, við þá sem við höfðum á árunum 1908—'12. Skal eg þá fyrst athuga kostina á árunum 1908—12, síðan þá sem við höfum nú, og loks gefa stuttan yfirlitssamanburð.

Um samgöngukostina 1908 get eg vísað til samnings stjórnarinnar við Sameinaða í Stj.tíð. 1907 B. bls. 224—27 og bls. 228—31. Þá höfðum við þaðan 3 *millilandaskip*, sem fóru 26 ferðir með 23 viðkomustöðum. Til *strand*ferða höfðum við 2 skip, sem fóru 8 ferðir vestur um land til Akureyrar með 43 viðkomustöðum og 7 ferðir austur um land með 33 viðkomustöðum.

*Farg*jaldið var þá milli Kaupmannahafnar og Reykjavíkur og milli Leith og Reykjavíkur 65 kr. á 1 farrými og 45 kr. á 2., hvar sem komið var að landinu eða hvaðan sem farið var þaðan. Eg get ekki verið að lesa upp taxtann milli allra innanlandshafna — læt mér nægja að taka fargjald milli Reykjavíkur annarsvegar eins staðar í hverjum landsfjórðungi hins vegar. Milli Reykjavíkur og Stykkishólms var fargjaldið þá 6 kr. á 1. farrými, milli Reykjavíkur og Akureyrar 25 kr. eða 30 kr., eftir því hvort farið var vestur um land eða austur um land, milli Reykjavíkur og Víkur 9 kr. og milli Reykjavíkur og Seyðisfjarðar 18 kr.

Það var *matfrelsi* milli hafna, hvort sem farið var á millilanda- eða strandferðaskipum.

*Farmg*jaldið var þá ið sama milli Kaupmannahafnar og Íslands og nú er, en milli *Leith* og Íslands töluvert lægra en uú er. Af því að ekki getur komið til mála að fara að lesa upp alla fragttaxta, þá læt eg mér nægja, að tilgreina einstaka vörur. Eg tek að eins farmgjaldið milli Leith og Íslands og reikna gjald fyrir 2000 pd., eða 1 tonn. Sem dæmi upp á *útlendar* vörur skal eg nefna:

| | |
|---|---|
| Matvörur (kornvörur o. þvl.) | 20 sh. (18 kr.) |
| Járn, stál, gaddavír | 20 sh. |
| Sykur | 25 sh. |
| Kaðlar og veiðarfæri allsk. | 25 sh. |
| Skipsbrauð | 50 sh. |

Sem dæmi upp á farmgjald á *íslenzkum* vörum skal eg nefna:

| | |
|---|---|
| Sauðskinn og húðir | 20 sh. |
| Tólg | 20 sh. |

Auk þess að farmgjaldið var þá lægra en nú, þá fekst og *afsláttur* af því, 2 sinnum 10%, sem að vísu er ekki alveg sama og 20%, en þó nálægt því.

Fyrir þessa kosti *galt landssjóður* einar 28,000 kr. (sbr. Landsr. 1908 bls. 50). Það höfðu verið áætlaðar 40,000 kr. til Sameinaða gufuskipafélagsins og spöruðust þannig 12,000 kr.

Árið 1909 voru kostirnir þeir sömu og 1908, nema landssjóðstillagið varð þá 30,000 kr. (sbr. Landsr. 1909, bls 51).

1910 bötnuðu kostirnir að sumu leyti en lökuðust aftur að öðru. Eftir samningi stjórnarinnar við »Sameinaða« og »Thore« (Stj.tíð. 1909, B. bls. 238—46) fengum við 3+4 *millilanda*skip, eða 7 alls. — Eg tala hér að eins um samningsbundnar ferðir. — Sameinaða félagið lagði til 3 af þessum skipum til millilandaferða, Thore 4. Ið »Sameinaða« fór 25 ferðir með 25 viðkomustöðum, Thore 36 ferðir með 20 viðkomustöðum. Auk þess fengum við 4 *Hamborgar*ferðir með að minsta kosti 1 viðkomustað innan lands (Rvk). Þetta verða alls 65 ferðir með 46 viðkomustöðum.

Til *strand*ferða höfðum við 3 skip — einu skipi var haldið úti fyrir Suðurlandi. Vestur um land voru farnar 6 ferðir með 46 viðkomustöðum, austur um land 7 ferðir með 26 viðkomustöðum, en suður um land 8 ferðir með 20 viðkomustöðum. Auk þess voru farnar 4 hringferðir með 10 viðkomustöðum. Þetta verða samtals 25 ferðir með 102 viðkomustöðum.

*Farg*jaldstaxtar voru inir sömu og verið höfðu á árunum 1908 og 09 og *farmg*jaldstaxtar voru einnig inir sömu.

En landssjóðsgjaldið var talsvert hærra, sem sé kr. 60,000 auk kr. 6000, sem sem borgaðar voru — um alla þörf fram — til Thore sem styrkur fyrir póstflutning.

Árið 1911 fór »Sameinaða« 26 *millilanda*ferðir með 27 viðkomustöðum, »Thore« 38 með 22 viðkomustöðum og 4 Hamborgarferðir með 1 viðkomustað. Alls 68 ferðir með 50 viðkomustöðum.

*Strand*ferðirnar voru inar sömu og

1910, *farg*jald, *farm*gjald og landssjóðstillag sama og áður.

1912 var samgöngunum eins háttað og 1910 og 11, nema millilandaferðirnar nokkru færri, ekki nema 63 með 49 viðkomustöðum.

Þá kem eg að árinu 1913, eða yfirstandandi ári. Þar skiftir nokkuð í tvö horn. *Millilanda*skipin verða ekki nema 3 — in sömu og á árunum 1908—09 — og millilandaferðirnar ekki nema 26 fastbundnar, þaraf 14 beint til Reykjavíkur og vilyrði um eina ferð til, fáist nægur flutningur. Viðkomustaðir eru ekki nema 28. Hamborgarferðunum er slept, sbr. Stj.tíð. 1912 B, bls. 322—25.

*Strand*ferðunum er einnig breytt til ins verra frá því sem áður var. Skipin eru ekki nema 2. Vestur um land fara þau 5 ferðir með 28 viðkomustöðum. Austur um land 6 ferðir með 23 viðkomustöðum. Hringferðirnar eru ins vegar 2 fleiri en áður, eða 6 alls, en ekki nema 4 viðkomustaðir. Þetta verða samtals ekki nema 17 ferðir með 55 viðkomustöðum, sbr. Stj.tíð. 1912 B, bls. 330—'34.

Fargjaldið er hækkað, bæði milli landa og innanlands hafna. Það hefir hefir hækkað *milli landa* vegna þess, að nú er miðað við Akureyri. Þeir farþegar, sem lengra fara, verða að borga aukafargjald milli þeirrar hafnar, sem þeir ætla til, og er þeim enginn afsláttur gefinn á því gjaldi. Þetta getur numið talsvert miklu, þar sem fargjald frá Akureyri til Reykjavíkur er 40 kr., ef farið er austur um — 30, ef farið er vestur um. Þetta ákvæði gildir jafnt fyrir Íslendinga sem útlendinga, jafnvel þótt hv. ráðherra segði það á þinginu 1912 (sbr. Alþ.tíð. B., bls. 818), að það skyldi að eins gilda fyrir »túrista«, en Íslendingum mundi verða gefinn afsláttur.

Nú verða menn nauðugir viljugir að kaupa *fæði* milli hafna, ekki að eins á millilandaskipunum, heldur og á strandbátunum.

Fargjaldið milli *innanlands* hafna hefir einnig hækkað, miðað við það sem áður var. Sem dæmi skal eg taka fargjald milli Reykjavíkur og hinna sömu staða og eg nefndi áður. Til Stykkishólms kostaði áður 6 kr. á 1. farrými, nú 8 kr.; til Aknreyrar áður 25 eða 30 kr., nú 30 eða 40 kr.; til Víkur áður 9 kr., nú 11,50 kr.; til Seyðisfjarðar áður 18 kr., nú 25 kr.

*Farm*gjald milli landa hefir og hækkað frá *öðrum löndum* og til *annara* landa en Danmerkur. Þar helzt það óbreytt. Milli *Leith* og Íslands hefir það verið hækkað eigi all-lítið, bæði á innlendum vörum þangað og erlendum vörum hingað. Sem dæmi skal eg nefna upp á *erlendar* vörur frá Leith:

Kornvörur (pr. tonn) áður 20 sh., nú 22/6 d. Alls konar járnvara áður 20 sh., nú 25/—. Sápa til manna og skepnu þvotta áður 20 sh., nú 25/—. Sykur áður 25 sh., nú 30/—. Kaðlar og veiðarfæri áður 25 sh., nú 40/—. Skipsbrauð áður 50 sh., nú 60/—.

Sem dæmi upp á hækkun á *innlendum* vörum skal eg nefna inar sömu og áður: Tólg (pr. tonn) áður 20 sh., nú 22/—. Sauðargærur og húðir áður 20 sh., nú 22/—.

Auka-afsláttur, sem áður var mikill, er miklu minni, því að skilyrði fyrir afslætti eru nú þannig löguð, að fáum kemur að gagni.

Farmgjald *milli hafna* hefir og hækkað, bæði á útlendum og innlendum vörum. Dæmi upp á *útlendar* vörur má nefna: Sement (pr. 100 pd ) áður kr. 1,00, nú kr. 1,25. Kalk, tjara (tunnan) áður kr. 1,00, nú kr. 1,50.

Sem dæmi upp á *innlendar* vörur má nefna: Tólg (pr. 100 pd.) áður kr. 0,50,

nú kr. 0,60. Fiskifang áður kr. 1,00, nú kr. 1,50. Kjöt o. þv. l. áður kr. 1,25, nú kr. 1,50.

Auk þessarar beinu hækkunar má geta þess, að félagið tekur 3—5 krónur sem *umhleðslugjald* á millilandavörum.

Lágmark á farmgjaldi var áður kr. 0,50, nú er það orðið kr. 1,00.

Áður mátti flytja vörur fyrir sama gjald (hálft gjald) til 3. hafnar sem til næstu, frá t. d. Reykjavík til Patreksfjarðar, nú nær sú ívilnum að eins til næstu hafnar.

Fyrir *þessa* kosti — ekki betri en þeir eru — borgar landssjóður kr. 60.000, að viðbættum kr. 5,000 fyrir vörugjaldi af kolum, sem ið Sameinaða fær endurgreitt eftir samningi við stjórnina, og póstflutningsgjaldi til Thore kr. 6,000, eða alls 71,000 kr. *Beina* gjaldið er þannig mikið, borið saman við in bágu kjör, en þó nema *óbeinu* afleiðingarnar af samningi stjórnarinnar vafalaust *miklu hærri* upphæð, líklega *margfalt* hærri upphæð en samnings upphæðin nemur.

Mig brestur bæði vilja og getu til þess að nefna nokkra tiltekna upphæð. En til þess að menn geti gert sér dálitla hugmynd um þetta, skal eg þó nefna nokkur atriði.

Samkvæmt verzlunarskýrslunum 1910 fluttust hingað til landsins þá erlendar vörur fyrir um $11^1/_2$ milión kr. Þar af fluttust frá Danmörku vörur fyrir um 5 miliónir. Afgangurinn, um $6^1/_2$ milión kr., var frá öðrum löndum, sem sé frá Englandi 3,700,000 kr., frá Þýzkalandi 1,050,000 kr., frá öðrum löndum 1,750,000. Sé þess nú gætt, að farmgjaldið á vörum frá öðrum löndum en Danmörku hefir hækkað mikið og enn fremur þess, að kaupmenn kváðu reikna sér auk vörugjaldsins um 3% fram yfir, þá er auðsætt, að *farm*gjaldshækkunin ein út af fyrir sig nemur ekki lítilli upphæð, auk *far*gjaldshækkunarinnar, sem enn erfiðara er að ákveða, en nemur og miklu. Samningur ráðherra tók að vísu að eins beint til Sameinaða. En *önnur* félög, sem sigla hingað, hafa farið að dæmi Sameinaða og hækkað fargjald, þar á meðal Thorefélagið. Jafnvel flóabátarnir kváðu og hafa hækkað í líku hlutfalli og Sameinaða gufuskipafélagið.

Samningurinn er og að vísu ekki gerður nema fyrir árið 1913, en það má búast við að hann hafi óbein áhrif á samninga *framvegis*. Þeir sem taka að sér ferðirnar 1914—1915, mundu fremur miða við þá kosti, sem gilt hafa árinu áður, heldur en þá kosti, sem verið hafa lengra á undan.

Það er ekki von að þessi leiðinlegi talnalestur sitji lengi í mönnum, og ætla eg því að gera yfirlits-samanburð milli líðandi árs og nefndra liðinna ára. *Skipafjöldi milli landa* er samur og 1908—'09, en 5 skipum færra en 1910—'12. *Innanlands* eru í förum jafnmörg skip og voru 1908—'09, en 1 færra en 1910—1912.

*Ferðafjöldi milli landa* er samur og 1908—'09, en 39 ferðum færra en 1910—'12. *Innanlands*ferðirnar eru 2 færri en 1908—'09, en 10 færri en 1910—'12. En hringferðir eru nú 6 fleiri en 1908—'09 og 2 fleiri en 1910—'12.

*Viðkomkustaðir* eru nú í *millilanda*ferðunum 4 eða 5 fleiri en 1908—'09, eftir því hvort við fáum þessa aukaferð, sem lofað hefir verið í árslok, en þeir eru 20 færri en 1910—'12, Í *innanlands*ferðunum eru viðkomustaðirnir 21 færri en 1908—'09, en 47 færri en 1910—'12.

*Fargjöld milli landa* hafa hækkað, bæði miðað við 1908—'09 og 1910—'12. Sama er að segja um fargjöldin *innanlands*, hvort sem miðað er við 1908—'09 eða 1910—'12.

*Farmgjöld milli annara landa* en Íslands og Danmerkur, hafa hækkað á einstökum vörum um alt að 37% frá

því sem var 1908—'12 og *innanlands* á einstaka vörum um alt að 33%.

*Landssjóður borgar* nú fyrir sjósamgöngur miklu hærra gjald heldur en 1908—'09, jafnvel þótt þær séu nú miklu lakari en þá voru þær. Út í tap almennings af þessu skal eg ekki fara, en það hlýtur að vera mikið, skiftir ef til vill 100,000 kr.

Þegar nú á alt þetta er litið, virðist það ekki ófyrirsynju gert, að spyrja, hvers vegna kostirnir urðu svo þröngir, *þrátt fyrir 10 ára samninginn* við Sameinaða gufuskipafélagið. Það var lán í óláni um samninginn 1909, að hann var gerður til 10 ára, bæði við Sameinaða gufuskipafélagið og Thorefélagið. Eg segi að það var lán í óláni af því, að skömmu eftir að samningurinn var gerður, stigu farmgjöld mjög mikið, og mér vitanlega átti engin önnur þjóð þess kost, að geta siglt fyrir sömu far- og farm-gjöld í 10 ár, þrátt fyrir ina miklu hækkun á fargjaldi og farmgjaldi.

*Hvers vegna var ekki haldið í þessa kosti?* Eg hefi ekki fengið svar við því. Mér var sagt, þegar eg flutti sömu ræðu á öðrum stað snemma á þessu ári, að ómögulegt hefði verið að útvega strandferðirnar nema Sameinaða gufuskipafélaginu væri gefnir þeir kostir um millilandaferðir og strandferðir, sem það fékk. Enn fremur var mér þá sagt, að Thorefélagið hefði verið svo máttvana, að ekki hefði verið hægt að komast neina leið með það. En rök heyrði eg engin fyrir þessum staðhæfingum, enda sannfærðist eg ekki af þeim.

Stjórnin *dtti ekki* að breyta samninginum um *millilanda*ferðirnar. Þær voru bundnar með samningi milli innanríkisráðherrans danska og ráðherra Íslands annars vegar og formanns Sameinaða gufuskipafélagsins hins vegar, enda *bygðust* fjárveitingarnar til gufuskipaferða í *fjárlögunum* 1912—1913 á þeim samningi. Hæstv. ráðherra hafði því ekkert leyfi til að rifta honum, enda hafði ráðherra ekki farið fram á aðra ívilnun millilandaskipunum til handa en þá, að félagið mætti hækka *far*gjald á hraðskreiðasta skipu fyrir *útlenda* ferðamenn og svo að félagið fengi tiltekið svo kallað umhleðslugjald (sbr. Alþ.tíð. 1912 B II, bls. 819 og 834). *Þessum* breytingum var tekið vel af hendi strandferðanefndarinnar á þingi 1912, en *öðrum ekki*, enda hafði ráðherra ekki hreyft öðrum. Um *strand*ferðirnar gaf nefndin ráðherra aftur á móti töluvert lausan taum. Ráðherra átti því að halda Sameinaða gufuskipafélaginu við millilandasamninginn. Það mátti engin breyting á samningnum eiga sér stað umfram það, að félaginu væri bættur upp sá skaði, sem það kynni að hafa af vörugjaldi á kolum. Meira gat félagið ekki heimtað og það fékk það. Þess vegna var alveg ástæðulaust, og eg vil segja *óforsvaranlegt*, að breyta samningunum frekara en þetta.

Svo vildi eg mega spyrja: Hví gekk hæstv. ráðherra ekki fastara að Thorefélaginu? Hann hafði að vísu fengið heimild hjá Alþingi 1912 til þess að leysa félagið undan samningi þess. En bæði var það, að sú heimild var ekki alls kostar athugasemdalaus, sbr. þgskj. nr. 367, Alþ.tíð. 1912 A., bls. 483), og hvað sem því líður, þá átti hæstv. ráðherra sem nýtur ráðsmáður að halda fast í Thorefélagið, svo að það gerði sem mest á móti þeirri uppgjöf, sem það fékk. Það var ekki svo litils virði fyrir félagið að fá uppgjöf á jafn-erfiðum samningi og það taldi samninginn frá 1909 og félagið ekki svo að þrotum komið sem sagt var. Það er nærri því ótrúlegt, að ekki skuli hafa verið gerð nein alvarleg tilraun til að fá félagið

til að sigla að minsta kosti þetta eina ár eftir sömu gjaldskrá og það hafði skuldbundið sig til að sigla eftir í 10 ár. Og enn ótrúlegra er það, að ekki skuli einu sinni hafa verið svo mikil mannræna í stjórninni, að láta félagið flytja póst ókeypis. Mér hefir verið sagt það úr góðum stað, að félagið fái sama styrk og áður, 6000 kr., fyrir að flytja póst. Eg hefi þetta eftir umboðsmanni félagsins hér, enda kannaðist hæstv. ráðherra við það á fundi í Fram síðastliðinn vetur. *(Ráðherra:* Það er ósatt). Eg verð að reyna að taka það með ró, þótt ráðherra segi að þetta sé ósatt. Hann sagði þá líka, að sér hefði verið kunnugt um, að Thorefélagið stæði svo tæpt, að það hefði ekkert viljað leggja í sölurnar til þess að bjargast frá gjaldþroti. Þetta rengdi eg og fleiri. Við litum svo á, að ekki væri ástæða til að halda að félagið stæði svo tæpt, úr því að það sigldi fleiri skipum milli landa. Þetta sagði hæstv. ráðherra þá, en hann segir það líklega líka ósannindi. *(Ráðherra:* Já, það eru hrein og bein ósannindi). Jæja, mér kemur það ekki á óvart, þótt ráðherra segi það ósannindi sem passar ekki í kramið. Menn muna að jafnaði lakar það sem þeir segja sjálfir, heldur en það sem aðrir segja, enda er ráðherra óvenjulega gleyminn á eigin orð.

Svo vildi eg bæta því við, að þingsályktunin á þgskj. 367 gaf ráðherranum að eins leyfi til að gera samning fyrir árið 1913 um *strandferðirnar*. Og þótt svo hefði verið, að strandferðirnar hefðu ekki fengist nema með tilslökun á samningnum um millilandaferðirnar, þá átti það ekki að þurfa að bera svo bráðan að fyrir hæstv. ráðherra að gera þennan samning, því að strandferðirnar hefjast ekki fyrri en í Apríl, en hann kom hingað í Desember. Þá flutti hæstv. ráðherra erindi, sem hann leitaði ráða um hjá þingmönnum. Hann hefði átt að leita undirtekta þingmanna, þeirra sem þá voru staddir hér, bæði um lotterímálið og um þetta mál, heldur en að leita álits um mál, sem var þannig vaxið, að hann sjálfur sór af sér faðernið, þegar hann sá, hve dauflega því var tekið.

Ef Thorefélaginu hefði verið þrýst til þess að sigla millilandaskipum sínum hingað með sömu kjörum 1913 og áður, þá hefði Sameinaða gufuskipafélagið ekki getað hækkað hjá sér. Ráðherra *hefði átt* 1, *að* halda Sameinaða við samninginn frá 1909; 2, *að* þrýsta Thore til að sigla fyrir sama gjald og áður; og 3, *að* fresta samningi um strandferðir fram yfir Desemberfundinn 1912.

Hann *gerði ekkert af þessu* og það stappar nærri vítaverðri vanrækslu, enda afleiðingin: *stórtjón* fyrir land og lýð.

Mér er spurn: hví gerði ráðherra ekkert af þessu?

Eg skal svo ekki þreyta háttv. deild á lengri ræðu um þetta mál; það er orðið áliðið og við búið að fundinum verði frestað. Eg tek þá heldur aftur til máls seinna, ef hæstv. ráðherra virðir mig svars.

[Klukkan var þá orðin 3, og var þá fundi frestað til kl. 5, og hófust þá umræður aftur].

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið í deildinni:

1. Breytingartill. við frv. til laga um breytingar á 16. gr. laga nr. 29, 16. Nóv. 1907. Frá ráðherra (378);
2. Breytingartill. við frumv. til laga um breyting á lögum nr. 39, 10. Nóv. 1903, um leynilegar kosningar og hlutfallskosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum (377).
3. Breytingartill. við frv. til laga um vatnsveitingar. Frá nefndinni (376).

Forseti skýrði frá, að útbýtt væri frá efri deild:

1. Frv. til laga um forðagæzlu. Frá nefndinni í máliuu. Frv. til laga um hallærisvarnir (369),
2. Framhaldsnefndaráliti um frv. til laga um breyting á lögum nr. 32, 20. Okt. 1905, um málaflutningsmenn við landsyfirdómum í Reykjavík (383).

---

**Bjarni Jónsson;** Eg veit ekki, hvort það getur talist til eldhúsverka, sem eg ætlaði að segja. Eg hafði hugsað mér aðallega að líta yfir starfstefnu einnar vinnukonu hér í deildinni, sem kölluð er fjárlaganefnd. Því að ef mig hefir ekki dreymt, þá er þetta, sem um er verið að ræða, kallað fjárlög, og það væri hvíld í því að hugsa sig um, hvernig við ætlum að launa þeim mönnum, sem þau verk vinna. Eg hafði hugsað mér að líta á stefnu fjárlaganefndarinnar, eftir því sem eg hefi getað orðið áskynja um hana eftir nefndarálitinu, sem hefir verið útbýtt manna í milli

Það er aðalstefna hennar í samgöngumálum, að hún telur það eitt ið mikilsverðasta atriðið, að ljúka sér af með flutningabrautirnar. Er það alleinkennilegt, þegar athugað er, að í sambandi við það ætlar hún að veita manni nokkrum 5000 kr. styrk til að halda uppi vöruflutningum á vélavögnum eða rennireiðum. Nú vita það allir, að engin reynsla er fengin fyrir því að þessar flutningabrautir dugi til vöruflutninga, þótt á hinn bóginn þyki fengin nokkur reynsla fyrir því, að þær þoli mannflutninga. Meðan engin reynsla er fyrir því, að þær þoli svo mikinn vöruþunga, sem þær þurfa að þola, ef að gagni eiga að koma, þá er það bara sama sem að ausa fé í sjóinn að veita til slíks fyrirtækis. — Sem undirskifting þessarar stefnu eru svo vegamálin, og verð eg að segja, að þau fara í skakka átt. Það er árlega lagt meira og minna fé til vega, sem liggja með fram ám í þröngum dölum, og engir hafa gagn af nema þeir fáu bæir, sem í dölunum standa. Eg á hér sérstaklega við Langadalsveginn. En svo fást að hinu leytinu ekki brúaðar ár á öðrum stöðum, þótt lífsnauðsyn sé þeim mönnum, sem þar búa. — Eg skal svo svo hverfa frá samgöngumálunum. Það er ómögulegt að sjá álit hennar í samgöngumálunum á sjó, því að hún hefir frestað láta það uppi þangað til álit í því máli kemur frá annari nefnd.

Að því er kemur til stefnu nefndarinnar í skólamálum, skal eg drepa á fá atriði. Mér þykir það lofsvert af nefndinni, að hún hefir lagt til að hækka laun kennaranna við inn svo kallaða almenna mentaskóla, sem við kölluðum hér áður latínuskóla eða lærðaskóla. Þó að þessi skóli hafi versnað á seinni árum, neðri bekkirnir séu nú orðnir öllu líkari barnaskóla heldur en gagnfræðaskóla, þá er eg nefndinni þakklátur fyrir þessa stefnu, því að eg álít að okkur beri að launa kennurum sæmilega.

Eg vil segja, að ekki sé þörf á að gera svo mikinn mun á launum föstu kennaranna og tímakennaranna. Tímakennararnir hafa meira að gera en hinir, og eftir því sem eg þekki til, þá eru þeir venjulega betri kennarar en hinir, og er því engin ástæða til þess að svelta þá á meðan þeir eru ungir og láta þá fyrst fá viðunanleg laun þegar þeir eru orðnir gamlir og áhuginn á starfinu er orðinn lítill eða enginn, af því að þeir fengu ekki að njóta sín á meðan þeir

voru ungir og áhugamiklir, heldur hlaðið á þá alt of mikilli vinnu og það með sultarlaunum. En eg er þó þakklátr nefndinni fyrir það, að hún hefir þó stigið þetta spor, sem engin fjárlaganefnd hefir hingað til þorað að stíga, þó að sporið sé jafnvel ekki stigið nema til hálfs. Laun aukakennara, sem áður hefir verið svo mikið talað um, hafa aldrei komist eins hátt og nefndin nú leggur til.

Eg vil líka hrósa þeirri stefnu, sem fjárlaganefndin hefir tekið gagnvart gagnfræðaskólanum á Akureyri. Þar vill nefndin láta hækka þau launin, sem rétt er að hækka, og þó hún að einu leyti leggi til að lækka, þá er sú lækkun að eins ofan á. Nefndin leggur til að fjárveitingin, sem er áætluð til eldsneytis og ljósa, verði lækkuð um 200 kr., vegna þess að til standi að *umgjörð* (*!!*) verði sett utan um skólahúsið, og verður þá auðvitað hlýindi að henni.

Þá eru það unglingaskólarnir. Þar hefir nefndin tekið sér alveg ranga stefnu. Hún vill veita mestan styrk til þeirra unglingaskólanna, sem eru í fjölbygðustu kaupstöðunum. Það er rangt, því að þeir eru einmitt einu skólarnir, sem geta borið sig styrklaust. Eina athugasemdin, sem nefndin hefir gert við styrkveitinguna handa unglingaskólunum, er sú, að styrkurinn til skólans á Seyðisfirði sé gerður jafn og sá til skólans á Ísafirði. Eg get hvergi séð í nefndarálitinu, að nefndin hafi munað eftir þeim unglingaskólunum, sem alls ekki geta borið sig án styrks, unglingaskólunum í sveitunum. Nefndin heldur því þeirri sömu stefnu — ef stefnu skyldi kalla — sem fyrri fjárlaganefndir.

Þá vil eg minnast á þá stefnu, sem nefndin hefir tekið í málunum, sem eg kalla vísindi og listir. Ekki er eg nefndinni ósammála í því öllu. Ekki er stefnan þar alveg röng, en mjög er þar þó hallað frá þeirri réttu. Þar er um nokkra vísindamenn að ræða, sem nefndin leggur til að fái styrk. Vil eg skifta þessum mönnum í 2 flokka. Í öðrum flokknum eru þeir Guðm. Finnbogason, Helgi Jónsson og Helgi Péturss., og í hinum þeir Jón Ólafsson og Bogi Melsteð.

Nú vil eg fyrst líta á, hvernig nefndin fer með þessa síðustu. Jón Ólafsson á að fá 3000 kr. á ári til þess að halda áfram að semja íslenzka orðabók, sem eitt hefti er nú komið út af og allir menn geta séð, hvernig er. Bogi Melsteð á að fá 800 kr. á ári til þess að gefa út Íslendingasögu. Þar sem þessarar styrkbeiðnar hans hefir áður verið synjað, þá verður maður helzt að skoða þessa fjárveitingu nú sem verðlaun fyrir bæklinginn, sem Bogi gaf út með Lilju. Var aðalefni þessa bæklings það, að reyna að sýna, að Íslendingar gætu ekki staðist án hjálpar Dana og sambands við þá. Fyrir þennan bandvitlausa bækling á nú að fara að veita verðlaun.

Þá vil eg minnast á hinn flokkinn, sem eg tel vísindamennina vera í. Þá er það fyrst Guðm. Finnbogason. Nefndin vill taka af honum þennan 600 kr. styrk, sem stjórnin ætlaði honum til útgáfu heimspekisrita, en í stað hans vill hún auka laun hans sem 1. bókavarðar við Landsbókasafnið með 500 kr. á ári. (*Forseti:* Eg vil leiða athygli þm. að því, að það er á móti þingsköpunum að fara út í einstakar greinar við 1. umr. frumv.). Já, já. En eg er líka rétt búinn. Nefndin leggur til að lækka vísindastyrkinn til þeirra nafnanna, Helga bróður míns og Helga Péturss. Er það líklega til þess, að gömul brjóstveiki Helga bróður míns geti tekið sig upp aftur og eins að gömul veiki, sem Helgi Péturss. er nýorðinn laus við, geti lifnað við aftur. En nú skal eg ekki þreyta lengur hæstv. forseta á athugasemdum mínum. Raunar hygg eg ekki, að eg

hafi vikið mikið meir frá fjárlögunum en aðrir þingm. hafa gert í dag.

Eitt atriði vildi eg minnast á. Nefndin lætur það alveg liggja í þagnargildi, að stjórnin hefir ekki gert ráð fyrir neinum viðskiftaráðunaut. Er það ekki rétt að leggja það embætti niður, og get eg ekki annað en vítt þá stefnu, sem fer í þá átt. Þetta embætti er einmitt það embættið, sem mest og bezt getur stuðlað að því, að verzlunarviðskiftin, sem hingað til hafa mest verið í höndum útlendinga, geti komist í Íslendinga eigin hendur. Landið á að taka andleg og veraldleg viðskifti við aðrar þjóðir í sínar hendur, að svo miklu leyti sem því er það unt. Þetta hafa menn séð og því hefir þetta embætti verið stofnað.

En hvers vegna vilja menn nú fara að afnema það? Röksemdafærslan verður hér tvenns konar, ein hjá þeim, sem eru ánægðir með mig, og önnur hjá hinum, sem eru óánægðir með mig.

Þá tek eg þá fyrstu, sem eru ánægðir með mig. Þeim fanst sjálfsagt að þetta embætti væri stofnað. En ekkert hefir það komið fyrir síðan það var stofnað, sem gerir æskilegt að það verði afnumið nú.

Þá eru það hinir, sem álíta mig alveg óhæfan í þessa stöðu og vilja þess vegna afnema embættið. Þar er því til að svara, að hér er ekki um manninn að ræða, heldur stöðuna. Þó að maðurinn sé ónýtur, er embættið jafn-sjálfsagt fyrir því. Og hér er því hægt að fá annan mann í minn stað, því líklega hafa þó þessir menn þá trú á vinum sínum og fylgifiskum, að þeir treysti einhverjum þeirra til þess að gegna þessari stöðu með meiri dugnaði en eg hefi gert.

En svona er það alt af. Alt af verður eitthvað til þess að koma mönnum til þess að renna af hólmi. Fyrst rennur einn og svo hver af öðrum.

Vil eg nú hverfa frá þessu að sinni. Að eins vil eg segja það, að stefna fjárlaganefndarinnar í þessu máli er jafnvítaverð og stjórnarinnar.

Hvað þetta mál snertir sjálfan mig, þá býst eg ekki við að biðjast griða, hvorki hjá fjárlaganefnd né stjórn. Mun bezt fyrir mig að reyna að standa á mínum eigin fótum.

»Bað eg ei um brauð né frið,
bauð ei heldur neinum grið«.

Annað dæmi upp á stefnuleysi stjórnarinnar, er framkoma hennar í fánamálinu.

Frammi á lestrarsalnum liggja skjöl, sem skýra framkomu stjórnarinnar í fánamálinu 12. Júní. Vil eg nú koma með þessi skjöl inn í eldhús stjórnarinnar. Annars skal eg ekki deila á hana fyrir annað mál en þetta. Skal eg nú líta dálítið yfir þetta mál.

Eins og allir vita, var það 12. Júní síðastliðinn, að sæmdarmaður, Einar nokkur Pétursson, var ræntur eign sinni af dönskum herforingja og var þessi eign hans íslenzki fáninn. Maðurinn leitaði aðstoðar stjórnarinnar til þess að ná rétti sínum. En í stað þess að veita honum nokkra aðstoð í því máli, gaf stjórnin út sérstaka fyrirskipun til lögreglustjóra og brýndi fyrir honum að gæta *danska* fánans hér.

En hvað gerði stjórnin til þess að hjálpa Einari til þess að ná aftur rétti sínum? Það stendur nú í þessu bréfi, sem eg held hér á, og er frá stjórnarráðinu hér til stjórnarráðsins danska. Í bréfinu er skýrt allnákvæmlega frá málavöxtum, já, helzt til nákvæmlega, svo nákvæmlega, að manni getur dottið í hug, að stjórnin hér sé allra þegnsamlegast og auðmjúklegast að segja dönsku stjórninni frá þessu. Í bréfinu er sagt svo nákvæmlega frá þessu, að þar er skýrt frá, hvað gerst hafi hér á götunum, að 10 ára gamall drenghnokki hafi skorið

á snúruna á stjórnarráðsflagginu, og svo fram eftir götunum. Stjórninni hefir kannske fundist ástæða til þess að skýra svona smásmuglega frá þessu vegna þess, að hún hefir ekki treyst því, að foringinn á Fálkanum myndi segja satt frá, en þá hefði hún átt að breyta orðalaginu þannig, að ekki liti bréfið út eins og skylduskýrsla.

Vil eg nú minnast dálitið nánara á innihald þessa bréfs. Mér er það sönn gleði, að háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) er gerður sá heiður, að hann er nefndur sem forgöngumaðurinn fyrir borgarafundinum, en það var ekki rétt, og bar enga nauðsyn til að kalla mig: »En tilfældig tilstedeværende Person«. Ummælin þessi um mig eru ekki fullkomlega hæversk, og betur hefði eg kunnað við það, að eg hefði verið nefndur mínu rétta nafni Stjórninni hefði verið það alveg óhætt, því eg hræðist í engu Dani. Og þótt ráðherra hafi gert þetta af hlífð við mig, þá hefði þó mátt velja önnur orð en þessi. En þetta vil eg ekki vera að víta lengur, að hér er svo skringilega til orða tekið. Undarlegt þykir mér það, að þurfa endilega að vera að segja frá því, að þegar Fálkinn sigldi héðan út af höfninni, að þá hafi danskur fáni verið dreginn að hún á stönginni á stjórnarráðsblettinum. Þessu hefði mátt sleppa. En hvað er það nú, sem stjórnin heimtar í þessu bréfi? Hún fer þess á leit við dönsku stjórnina, að hún skuli sjá svo um, að foringjar varðskipsins hagi sér eins og þeir hafi gert hingað til, foringjarnir á bátnum.

En þetta er alt of vægt. Stjórnin hefði átt að heimta það, að foringinn á skipinu yrði kallaður heim þegar í stað. Í slíkum viðskiftum þarf að beita sömu aðferðinni og þegar menn biðja um lán í banka. Þá verða menn að biðja um helmingi meira en þeir vilja fá, til þess að þeir fái það sem þeir vilja. Eins hefði stjórnin átt að gera. Þá hefði hún varla fengið eins auvirðilegt svar og raun varð á. Hérna stendur:

»Man skal henstille at Sagen, der ses at have vakt nogen Opsigt paa Island, forhandles med Islands Minister, naar Ministeren til Efteraaret kommer til Köbenhavn«.

Bæði bréfin eru sammála um það, að kalla þetta »en ubetydelig Affære«. Það er það kallað, þegar danskur herforingi rífur með valdi eignir af mönnum hér á höfninni.

Orðalagið á þessu danska bréfi er heldur ólíkt og á því íslenzka. Á þessum bréfum báðum er hægt að sjá, hvorir skoðaðir eru meiri máttar, Íslendingar eða Danir. Í danska bréfinu er sagt, að málið geti vel beðið þangað til Íslandsráðherra komi niður í haust. En eitt er það, sem þeir flýta sér með að svara. Stjórninni hérna er sent þakkarávarp fyrir það, að hún hafi sent út bréf til varnar því »löggilta ríkisflaggi« — hvaða ríkis? Er hér átt við Dannebrog í ríkinu Danmörku?

Annars vil eg bæta einni lítilli athugasemd við þakkarávarpið. Eg held að lögreglustjóri þurfi ekki að vera eins þakklátur fyrir það, að verið er að áminna hann um að gera skyldu sína. Hér hefir ekkert gerst, sem geti gefið ástæðu til þess. Bæjarfógetinn hér í Rvík er mjög góður lögreglustjóri, sem óþarft er vera að áminna um að gera skyldu sína, þó að hann sé ekki einn af þeim yfirboðurum, sem alt af eru með vöndinn á lofti, en slá svo aldrei þegar á þarf að herða.

Löggilta ríkisflaggið! — svo eg minnist aftur á það. Það er löggilt í Danmörku. En hver segir að það sé löggilt hér? Hvaða lög fyrirskipa það, að Dannebrog skuli blakta hér yfir byggingum? Engin. Það er sagt, að skip *megi* sigla undir þessum danska fána,

en það er hvergi skipað. Og engin ákvæði eru um það, hvort við megum eða skulum flagga með þessum fána á húsum. Það er því alveg í lagaleysi að alþingishúsið og stjórnarráðshúsið dregur Dannebrog á stöng.

Þótt hægt væri að leiða þetta út af gömlum tilskipunum frá því fyrir 1814, þá eru þær ekki gildar og koma ekki Dönum við, því að þær eru ekki útgefnar af Danakonungi, heldur af kon ungi Noregs og Íslands. Þetta getur enginn vefengt, þegar rétt er litið á sögu sambands þessara landa. Það er enginn efi á því, að hér er um Noregskonung að ræða, eftir Gamla sáttmála og játningu Moltke greifa, þegar stórveldin vildu heimta það af Dönum, að þeir kúguðu Noreg. Þá var það svarið, að Noregur væri ekki og hefði aldrei verið hluti af ríki þeirra. Sama kemur fram í samningi frá 1570, um að takmörk Noregs og Svíþjóðar skyldu vera in sömu og verið hefðu. (»Takmörk milli *beggja konungsríkja* o. s. frv.). Og enn ið sama í friðarsamningi í Hróarskeldu 1658. (»Af því að ófriður var milli þessara þriggja ríkja, Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar«). Og enn 1751 (»Konungsríkið Svíþjóð skal heimta þá skatta, sem konungsríkið Noregur heimti fyr ... en konungsríkið Noregur fær alla skatta...«). Með þessu er fullsannað, að Noregur hefir alla tíð verið sérstakt konungsríki, og það getur enginn fundið, þótt leitað sé með loganda ljósi, að nokkur samningur hafi leyft Dönum eða konungi þeirra þennan rétt, sem Noregskonungar höfðu til þess að vera konungar yfir Íslandi eftir Gamla sáttmála. Þess vegna er ekki hægt að vitna í þessar tilskipanir til styrktar dönskum skilningi á fánamálinu. Réttur Danakonungs til þess að gefa slíkar tilskipanir, féll niður um leið og Noregur og Ísland gengu undan honum 1814. En maður, sem Bourke hét, tókst á hendur, að hnupla oss í Kílarfriðnum. Það væri ætlandi að Ísland ætti þá fulltrúa, þar sem eru ráðherrar vorir, sem héldu á málum þess og viðurkendu ekki, að vér séum réttlausir, heldur mótmæltu því með krafti að vér séum rændir skýlausum rétti vorum. Það ætti að vera regla, sem Magnús konungur berbeinn sagði forðum: »Konung skal til frægðar hafa en eigi til langlífis«.

**Guðmundur Eggerz:** Eg bið mér hljóðs af því að eg álít rétt að gera grein fyrir afstöðu minni gagnvar hæstv. ráðherra, þar sem hann hefir verið flokksbróðir minn til 30. Júní þessa árs, og af því að það er eldhússdagsvenja að fara út í ýmis atriði viðvíkjandi stjórnarfarinu, þótt ekki komi þau beint fjárlögum við, sem nú eru á dagskrá.

Hæstv. ráðherra mun ekki búast við því að eg slái honum gullhamra, enda mun það ekki verða. En þó vil eg taka fram, að eg hefi engum stjórnmálamanni fylgt með meiri samúð en honum á stjórnarárum hans frá 1904—1909. Og eg geri ráð fyrir því, að með frv. frá 1908 hafi hann skrifað nafn sitt óafmáanlegu letri í sögu Íslands, þótt oss verði ef til vill aldrei oftar boðin slík kjör sem þá. Eg kannast við það og þykir engin minkun í, að eg vildi í lengstu lög hafa getað fylgt honum að málum. En svo mikið og mart getur á milli borið, að leiðirnar hljóti að skiljast, og skal eg leyfa mér að að benda á nokkur atriði, sem orðið hafa til þess að fjarlæga mig og mína flokksmenn frá hæstv. ráðherra.

Þegar eg kom hingað til þings, var eg ekki betur að mér en það í stjórnmálahorfunum, að eg vissi ekki annað, en að Heimastjórnarflokkurinn stæði með mesta blóma. Mér brá því í brún, þegar eg heyrði að gamall sjálfstæðismaður ávítti miðstjórn Heimastjórnarflokksins á fundi, er haldinn var fyrir þing í sam-

bandsflokknum, fyrir það að miðstjórnin hefði ekki svo sem skyldi unnið að því út um landið, að heimastjórnarflokkurinn yrði lagður niður, og gat þessi sjálfstæðismaður þess enn fremur, að hann mundi ganga úr sambandsflokkum, ef heimastjórnarflokknum yrði haldið við af sambandsflokksmönnum. Það kom þá upp úr kafinu, að einhverir Heimastjórnarmenn höfðu lofað Sjálfstæðismönnum því, að flokkurinn skyldi vera úr sögunni þegar í þingbyrjun 1913. En hann lifir nú reyndar enn sem betur fer.

Þá má og geta þess, að samþykt var á fundi 29. Júní að tilhlutun hæstv. ráðherra, að hreyfa ekki á þessu þingi við sambandsmálinu í nokkurri mynd. En daginn eftir samþykkir hann það við sextánda mann — þar á meðal 11 Heimastjórnarmenn — að halda Sambandsflokknum starfandi og að meðlimir hans skyldu ekki bindast öðrum flokksböndum. Getur nú nokkur skilið, að það sé lífvænleegur stjórnmálaflokkur, sem ekki má minnast á eina málið, sem hann hefir á dagskrá? Ef einhver boðaði til fundar um eitthvert mikilsvarðandi mál og segði svo, þegar húsið væri fult og fundurinn settur, að ekki mætti minnast á fundarefnið, hvað myndu menn þá vilja kalla slíka framkomu? Eg held að flestir myndu kalla hana viðrinislega. Ef eg hefði nú viljað afneita mínum flokki, þótt ekki sé nema 6 vikur síðan eg var kosinn sem heimastjórnarmaður, hvað hefði eg þá átt að segja kjósendum mínum mér til afsökunar? Jú, líklega það, að eg hefði fengið upptöku í Sambandsflokkinn og að hann sé merkasti flokkur undir sólunni! Því það liggi lífsstraff við að minnast á sambandsmálið, enda þótt það sé aðal-tilgangur þess flokks að ráða fram úr því máli. Nei, eg hygg að fáir liggi oss á hálsi fyrir það, þótt vér neituðum því að láta innlima oss *þannig* í Sambandsflokkinn. Í honum voru 20 í þingbyrjun, en nú eru þeir að nafninu til 11.

Eins og öllum er kunnugt, er upphaf Sambandsflokksins »bræðingurinn« svokallaði, sem mörgum heimastjórnarmönnum var hvimleiður, en flestir sjálfstæðmenn vildu ekki líta við honum. En afleiðing »bræðingsins« varð »grúturinn«, þessi kríi, sem var kyrktur í fæðinguni og hvorki átti föðurland í Danmörku né á Íslandi, og klofning Heimastjórnarflokksins. Eg get þessa af því, að það hefir ætið mikla þýðingu þegar ráðherra verður til þess að kljúfa flokk sinn. Veit eg vel að ekki muni allir finna hæstv. ráðherra þetta til foráttu, að minsta kosti ekki þeir sem ávalt hafa viljað heimastjórnarflokkinn feigan og aldrei hafa getað séð neitt gott í fari okkar heimastjórnarmanna.

Þá var mér það og ljóst, þegar er eg las frumvörp stjórnarinnar, að hver sem stjórnin var, gat eg með engu móti fylgt henni að ýmsum af þeim málum, — á meðal annars fyrir þá sök, að ef launa- og skattafrumvörpin hefðu orðið öll að lögum, mundi það hafa aukið útgjöld landssjóðs um 80—100 þús. kr. á ári og auk þess hefði sá gjaldauki að sumu leyti komið þyngra niður á inum fátækari, en bætt hinsvegar helzt þeirra hag, sem bezt eru efnum búnir. Þetta hefir eðlilega stuðlað mikið að því, að við Heimastjórnarmenn höfum fjarlægst hæstv. ráðherra. En þessa verð eg að geta af því, að það hefir verið borið á oss, bæði leynt og ljóst, að vér höfum verið á móti frumvörpunum af því að þau hafi verið frá stjórninni, en þetta er með öllu tilhæfulaust. Þetta hlýtur stjórnin að vita að er tilhæfulaust Eina ástæðan til þess er sú, en frumvörpin voru þannig, að flokkurinn gat ekki fallist á

þau. Vér Heimastjórnarmenn höfum komið framan að ráðherra og komið hreint fram bæði í ræðum og atkvæðagreiðslu um þau mál. Það er sá munur á oss og flokksmönnum stjórnarinnar, að þeir hafa ekki talað mikið, en hinsvegar greitt atkvæði á móti frumvörpunum og ætla eg þó að þeir hafi ekki gert það af því að þau voru ættuð frá stjórninni. Þegar litið er nánara á afdrif þessa frv.s, verða menn að játa, að það séu eins dæmi í þingfrjálsu landi, að stjórn sætti sig við annað eins og hér er orðið, einkum ef litið er til skattamálanna, því að það er ekki eingöngu um það að ræða, þótt skattamálin væru feld, heldur var stjórnin þar að leggja inn á nýja braut í skattamálunum, og einn af fylgismönnum stjórnarinnar hv. þm. S.-Þing. (P. J.), tók það beinlínis fram, að það væri nýtt princip og mætti þá ætla að stjórnin tæki sér nærri afdrifin, og að henni hefði verið þetta kappsmál. Það gæti eg ekki láð henni. Eg hjó eftir því, að hæstv. ráðh. sagði, að þessum frumv. væri að eins frestað. Jú, þeim var frestað á sama hátt og launafrumv. sælu, þannig að þau voru feld. Hvað oft á að fella þau? *(Ráðherrann:* Eg tók aftur 6 af þeim). Það var sama, það var óhugsandi að þau hefðu ekki hrunið niður úr því að það fyrsta var fallið. Sum voru líka tekin upp af öðrum og féllu við lítinn orðstír. Það er kynlegt, að stjórnin skuli sætta sig við slíkt. Allir, sem þekkja þingræði, vita þó og vilja þá meginreglu, að stjórnin verði í veigameiri málunum að hafa fylgi meiri hluta þingmanna í báðum deildum, og þá ekki síður í neðri deild, sem hefir aðaláhrifin í fjármálunum. Þetta hefir enn stuðlað að því, að Heimastjórnarmenn hafa fjarlægst hæstv. ráðherra.

Stjórnarfrumv. hafa nálega öll visnað. En hins vegar hafa þau frumv., sem stjórnin hefir haft hvað mest á móti, siglt beggja skauta byr hér í þinginu. Fánamálið er gott dæmi þess. Allir fylgismenn ráðherra, nema einn, hafa verið því hlyntir. Sérstaða hæstv. ráðherra í því máli virðist mér benda á það, að hann telji það lítilsvert þótt tekinn sé með ofbeldi íslenzkur fáni með íslenzkum litum, af íslenzkum manni á íslenzkri höfn. En eg get fullvissað hæstv. ráðherra um það, að þjóðin er honum ekki samdóma um þetta. Mér blandast ekki hugur um það, að henni hefir þótt þjóðerni sínu misboðið, þegar danskir sjólíðsforingjar tóku íslenzka fánann. Þetta er eitt, sem hjálpað hefir til þess, að Heimastjórnarmenn hafa fjarlægst hæstv. ráðherra. Yfirleitt hefir hann á síðari tímum staðið uppi heldur liðfár í áhugamálum sínum. Það gerði hann þegar í »bræðingnum» og enga samúð fékk hann í »grútnum«. Og ávöxturinn er sá, að þetta hefir skemt fyrir frumv. frá 1908. Þá hefir hann ekki heldur haft samúð í launamálunum, skattamálunum, samningnum við danska gufuskipafélagið né lotterímálinu, sem hann bar aldrei upp til staðfestingar. En fánamálið hefir samúð þjóðarinnar, og því er hæstv. ráðherra mótfallinn. Af þessum orsökum er nú komið sem komið er — og á það vildi eg benda með þessum orðum mínum, að það er komið svo breitt og straumhart sund milli stjórnarinnar og þings og þjóðar, að þingræðið er að drukna í því.

**Skúli Thoroddsen:** Enda þótt eg hefði að vísu helzt kosið, að eiga ekki þátt í umræðunum að þessu sinni — þar sem eg er eigi alveg laus við kvef o. fl. — vil eg þó, atvikanna vegna, ekki bregða gamalli venju, og ætla því að eiga einnig að mínu leyti nokkurn þátt í umræðunnm.

Eg hefði getað vænst þess, að þessi »eldhúsdagur« hefði alveg farist fyrir að þessu sinni.

Það hefir verið kveðið svo að orði eigi sjaldan, að hér á landi væri þingræðisstjórn, og eftir atburðunum, sem gerst hafa á þinginu, gat eg því vænst, að þurfa eigi í dag að sjá ráðherra í því sæti, sem hann enn situr í.

Nægir í því skyni að benda á það, að öll helztu frumv. stjórnarinnar, er lögð voru fyrir þingið, eru nú þegar fallin í valinn, þ. e. öll launa- og skattamálafrumvörpin.

Að því er launafrumv. snertir, kvað jafnvel svo ramt að fylgisleysinu við ráðherrann, að aðal-launafrumvarpið fékk ekkert atkv., eða þá ekki nema 1 eða 2, sumar greinarnar, eða þar um, jafnvel tryggustu fylgismenn ráðherrans gátu ekki fylgt honum inn á þá brautina. — Frumv. um fasteignaskatt féll og við lítinn orðstír, og hæstv. ráðherra sá þá fyrir örlög hinna og tók þau öll aftur.

Enn fremur hefir og nýskeð, hér í deildinni, verið samþykt »rökstudd dagskrá«, þar sem framkoma stjórnarinnar var talin *»mjög aðfinsluverð«*.

Eg veit nú ekki, hvað þingræði er, ef hæstv. ráðherra telur sig enn sitja í ráðherra-sessinum sem þingræðis-ráðherra. —

Hvað myndi vera sagt um þess konar þingræði á Frakklandi, eða jafnvel í Danmörku? Ætli *Zahle*, núverandi forsætisráðherra Dana, og embættisbræður hans, brosi ekki að íslenzka þingræðinu? Eg held að það geti ekki hjá því farið.

En er eigi svo, að í augum sumra manna *sé þingræðið þá að eins ákjósanlegt*, eða gott og blessað, er svo er, að þeir fá *sínum vilja* framgengt, geta þá öllu ráðið *sjálfir*, — eða hafa þó fengið að ráða því, hver í ráðherra-sætið var settur?

Er eigi svo, að það sé á hinn bóginn í þeirra augum það er *eigi á né má* á nokkurn hátt *þolast*, ef það fer í aðra átt en þá, að þeir séu inir drotnandi?

Þeir *töldu sér þá eigi að eins heimilt, en jafnvel skylt að svífast þá enda alls einskis* til að hnekkja því, — leyfðu sér þá að gripa til hvaða meðala, er þeir teldu sig *komast fram með*, sbr. atburðina á þinginu 1911, símskeyta-launungina o. fl.

Eg man enn eftir þinginu 1911, og finst mér atburðirnir, sem gerst hafa á þinginu í sumar, ótvírætt sýna, að núverandi ráðherra vor skoði enn þingræðið eitthvað líkt því, sem hann gerði þá.

Eg *fann* það þá, og *vissi* það þá, að tröðkunin á þingræðinu, sem þá átti sér stað, *hlyti að hefna sín*, — *fann* það þá og *vissi, að atburðirnir gætu eigi stýrst öðruvís en að svo yrði*, og þetta hefir nú og tíminn, sem liðinn er, og atburðirnir, sem síðan hafa orðið, fyllilega leitt í ljós sem áþreifanlegast á ýmsa vegu.

Eg skal ekki rekja hér ráðherraferil fyrverandi ráðherra, hr. *Kristjáns Jónssonar*. Að eins ætla eg þó að minna á það, að hann tjáði það stefnuskrá sína, er hann settist í ráðherrasessinn, að koma fram stjórnarskrármálinu, og að »láta nú stórmálin hvíla sig«.

En eins og kunnugt er, kom hann stjórnarskrármálinu eigi fram, — lagði stjórnarskrárfrumv. enda alls eigi fyrir aukaþingið 1912; og allir vita, hvernig fór um sambandsmálið. Svo langt frá því, að það fengi að »hvíla sig«, að í hans ráðherratíð kom upp inn nafntogaði nafntogaði »bræðingur«, þ. e. farið var þá að bollaleggja um nýja samninga, tilraunir við Dani um málið, og *hörfað* frá stefnu, þeirri er hann þóttist — sem ýmsir fleiri — hafa viljað framfylgja.

Hvað háttv. núverandi ráðherra snert-

ir, þá hefir hann eigi síður, en að mun fremur, verið *eltur af hverju óhappinu á fætur öðru*, — enda óefað flestum, ef eigi fremur *öllum*, *meira við atburðina 1911 og tröðkun þingræðisins þá riðinn*. Það er eins og *alt*, smátt og stórt, *hafi viljað ólánast fyrir honum*.

Háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) minti á stefnuskrá hans, þ. e. *að* efla friðinn í landinu, *að* auka lánstraust þess erlendis, og *að* binda enda á sambandsmálið, og sýndi rækilega fram á, hversu alt þetta hefði farið út um þúfur.

Með öðrum orðum: Atburðirnir hafa hér stýrst svo, að hvert *óhappið* hefir steðjað að ráðherranum eftir annað, — *friðurinn* í landinu hvorki meiri né minni en áður en hann settist í ráðherrasessinn, og *lánstraustið* erlendis sýnilega — ef nokkuð er — fremur *þorrið* en batnað. Óræk sönnun fyrir því er það, að háttv. ráðherra hefir t. d. ekki séð sér fært að útvega lánið til símalagninganna með öðru móti en því, að gefa »Norræna ritsímafélaginu mikla« ádrátt um það, að veðbinda félaginu símatekjurnar, og hefir hann í því skyni farið fram á þá breytingu ritsímalaganna frá 22. Okt. 1912, að honum sé heimilt að skuldbinda landið til þess að láta tekjuafganginn af símanum ganga til þess að greiða vexti og afborganir af láninu áður en nokkru af honum sé varið til annars.

Verði þetta ofan á, fæ eg ekki betur séð, en að veðband leggist á tekjurnar jafnharðan er slíkt skjal væri þinglesið, jafnframt því sem það — er slíkt skuldbindingarskjal hefir verið undirskrifað — verður *glæpsamlegt* athæfi, að verja þá nokkru af tekjunum öðruvís.

Þá var það og eigi síður — að því er til sambandsmálsins kemur — hrapallegasta *óhapp*, er núverandi ráðherra vor lét dönsku ráðherrana koma sér til þess, að færa oss Íslendingum »grútinn«, er svo hefir verið nefndur, eins og hann var í vorn garð, — óhapp, sem sært hefir álit hans því sári, er aldrei fær gróið. Óhapp þá og eigi síður, að sýna sig enda — er til Íslands var þó komið — svo *hrifinn* af »grútnum«, að fara þá að ómaka þingmenn, þ. e. nánustu fylgismenn ráðherrans, til þess að gera sér ferð til Reykjavíkur um hávetur — og upp á kostnað landssjóðsins — til þess að líta á vanskapnaðinn, og *spilla þannig áliti ráðherrans enn meira en þegar var orðið*.

Þá get eg og ekki litið öðruvís á, en að *stjórnarfrumvörpin*, sem hæstv. ráðherra hefir lagt fyrir þingið, hafi og verið eitt *óhappið*, eða óhappa-tiltækið.

In helztu þeirra hafa þegar verið strádrepin, og svo kveðið jafnvel ramt að, að hans eigin flokksbræður hafa ekki séð sér fært að fylgja þeim, — enda stjórnarfrumvörpin öll, þ. e. í heild sinni skoðuð, yfirleitt *órækasti votturinn* um erindisleysi ráðherrans í ráðherrasessinn, þar sem hann hefir *eigi* á einn eða neinn hátt *fundið til meina nokkurrar stéttar í landinu*, nema þá þeirrar einnar, sem öðrum var þó sett betur.

Eitt *óhappið* enn er það þá og, að *flokkurinn*, sem studdi hæstv. ráðherra, er hann tók við völdunum, *hefir klofnað*, svo að nú eru orðnir alls fjórir flokkar í þinginu, í stað tveggja.

*Ohappið* eitt er það og eigi síður, að hæstv. ráðherra hefir *enn ekki skilist nauðsynin á samvinnu milli þjóðar og stjórnar*. Honum hefir enn ekki skilist það, að þjóðin á *réttmæta* heimtingu á því, að fá æ öðru hvoru að vita, hvað stjórnin er að gera, enda er það og ekki eingöngu nauðsynlegt þjóðarinnar vegna, heldur og engu síður vegna stjórnarinnar sjálfrar.

Og þó að ráðherra felli sig ekki við

það, að birta stjórnarfrumvörpin orðrétt áður en hann ber þau upp fyrir konungi, þá ætti það þó að vera stjórninni auðgert og útgjaldalítið, að láta blöðin þó vita, hvaða mál hún hefir helzt með höndum. Bendingarnar, sem síðan kæmu frá blöðunum, sem og frá þjóðinni ella, ættu þá og að geta styrkt stjórnina í starfi hennar á ýmsa vegu, — gefið henni hvöt til þess að breyta þá sumu til batnaðar o. s. frv., o. s. frv.

Enn er það og eitt *óhappið*, hversu hæstv. ráðherra hafa tekist samningarnir við »Sameinaða gufuskipafélagið«.

Félagið hafði litið svo á, sem rofnir væru samningar við það, er vörutollslögin voru staðfest, og kolatollurinn gerði því ferðirnar kostnaðarsamari en við hafði verið búist, er það samdi við landstjórnina. Það taldi sig því laust við 10 ára samninginn, sem gerður hafði verið.

Hér hefði legið beint við, að ráðherrann hefði boðið félaginu kolatollinn, en krafist þá á hinn bóginn, að það héldi samningana og á sína hlið að fullu og öllu, en — látið ella dómstólana skera úr málunum.

En hvað gerir ráðherrann? Hann greiðir félaginu kolatollinn, en leyfir því engu að síður að rifta samningunum, og bindur enda hendur Alþingis, vildi það dómstólanna leita, sbr. ástæður stjórnarinnar sjálfrar við fjáraukalagafrumvarpið.

Afleiðingin er sú, eins og háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) hefir lýst skýrt og glögt í ræðu sinni í dag, að landið hefir tapað, ekki tugum heldur hundruðum þúsunda, sbr. hækkun farþega- og flutninga-gjalda o. fl.

Þá er það og eitt *óhappið* enn, sem ótalið er, og það er það, hversu hæstv. ráðherra hefir tekið í *fánamálið*. Í stað þess sem þjóðin gat vænst að hann skrifaði danska ráðuneytinu, og krefðist þess, að foringi varðskipsins yrði tafarlaust kvaddur heim, til þess að óánægjan yfir ójöfnuðinum, sem hann sýndi, gæti þá horfið, og danska þjóðin sýnt það á sem áþreifanlegastan hátt, að það væri eigi að hennar vilja orðið, að særðar hefðu verið þjóðernis og sjálfstæðistilfinningar Íslendinga, þá skrifar ráðherrann danska forsætisráðherranum auðmýktarfult bréf, rétt eins og hann væri yfirboðari hans í þessu efni.

Hér reið á, að hæstv. ráðherra tæki einarðlega í strenginn, því að hér var um *íslenzkt lögreglumál* að ræða, sem og um brot á íslenzkri löggjöf, þar sem foringinn hafði hér á höfninni tekið sér lögregluvald, er honum eigi bar.

Eftir stöðulögunum frá 2. Jan. 1871, sem telja »lögreglumálin« vera »sérstakleg málefni Íslands«, og eftir fyrirmælum stjórnarskrárinnar frá 5. Jan. 1874, *þá er ráðherra Islands hvorki, né á að vera, undirmaður dönsku ráðherranna*, er um sérmálin ræðir. — Hann er þar alls enginn liður í ráðuneyti konungs, og á ekki að vera það.

Yfirleitt bendir framkoma hæstv. ráðherra í fánamálinu á ið sama, sem svo oft hefir þótt brydda á áður, þ. e. að hann virðist *bresta* þá *einurð* út á við, þá einlægni, og þann hreinleika, sem eg, og skoðanabræður mínir teljum *happadrýgri*, en of mikið af hneigingunum.

Þá gat umburðarbréf hæstv. ráðherra, út af fánatökunni 12. Júní þ. á., og ekki annað en vakið furðu hjá mér og líklega hjá landslýð öllum. Hann hleypur til þess — *í stað þess að kenna sárrauka með íslenzku þjóðinni*, sem mest misboðið var —, að skrifa öllum lögreglustjórum, að vermda nú »dannebrog«, og þetta afrek sitt tilkynnir hann svo dönsku ráðuneytisstjórninni, rétt eins og honum lægi þar lífið við, að friðmælast nú við þá (!)

Alla þessa frammistöðu ráðherrans get eg þá eigi annað en talið honum það *óhappið*, sem meira er en svo, að orðum verði lýst, — *óhapp*, sem hlýtur þá og að gera hann svo gersneyddan öllu trausti og áliti þjóðarinnar, sem frekast má verða.

Og þetta, sem fyr var getið, gerir ráðherrann, í stað þess að leggja sem *skylt* var *alla* áherzluna á hitt, þ. e. *að friða huga Íslendinga*, og sýna Dönum, að vér viljum *ekki þola slíkt athæfi*, og hefðum því helzt kosið, að foringinn hefði tafarlaust verið kvaddur heim, og þá verið látinn sæta þeirri ofanígjöf, sem athæfi hans verðskuldaði.

Mörg fleiri dæmi þess gæti eg nefnt, hversu ráðherrann hefir af *óhöppum eltur verið*, — hversu atburðirnir hafa stýrst, eins og eg á þinginu 1911 — *sem afleiðing* af breytni hans þá, í garð minn *og íslenzku þjóðarinnar* — fann *alóyggjandi*, og vissi þá stýrast *hljóta*.

Það eru t. d. *óhöpp*, hversu mjög hv. ráðherra hefir dregið taum Íslandsbanka, þar sem hann hefir *ekki* ávaxtað fé Landssjóðs í Landsbankanum, enda þótt hver eyrir, sem Landsbankinn vinnur, sé unninn eyrir fyrir landið, og því æ skylda hvers ráðherra, sem er, að hugsa þó fremur um hag hans, en annara sjóða.

Enn má og — sem dæmi upp á *óhappa*-ferilinn — minna á það, hversu hlutabréf Íslandsbanka hafa mjög fallið í verði í tíð núverandi ráðherra, sem bankaráðsformanns. — Þarf og hvert fyrirtæki þess fremur, að þar séu viðriðnar happa- en óhappaverur.

Þótt eigi vilji eg fara að mun út í þá sálmana hér, virðist mér þó, sem landsreikningurinn bendi og í sömu áttina — *óhapp* ráðherranum, að vera sýnilega að komast inn á brautina, að virða ekki fjárveitingavald þingsins sem skyldi.

Menn greinir á hér á þinginu, og þykjast ekki hafa ráð á því, að veita, nema svo eða svo háa upphæð til hins eða þessa, en stjórnin leyfir sér svo að fara fram úr fjárveitingum þingsins, ef henni býður svo við að horfa. Eg tala hér ekki um það, þó að stjórnin fari fram úr þeim fjárveitingum, sem *dætlaðar* eru og eigi geta að eðli sínu annað verið, heldur á eg hér einungis við »*föstu fjárveitingarnar*«, t. d. til sundkenslu, til utanferða lækna, til skóla o. fl. o. fl.

Þá hefir stjórnin og tekið upp á því, að taka fé úr landssjóði »upp á væntanlega aukafjárveitingu«. En ef stjórninni á að leyfast, að bralla slíkt, sem nokkru nemur, þá geta menn alveg eins slegið stryki yfir fjárveitingavald þingsins.

Hér er um afar-hættulega braut að ræða, og verður að hafa vakandi auga á, að ekki sé farið of langt inn á hana.

En ráðherranum tel eg það *óhapp*, er ráðríkis- eða eingæðis-tilhneigingin virðvirðist fara sívaxandi, í stað þess að hjaðna æ meira og meira — og stjórnast æ betur og betur — með vaxandi aldri og þroska.

Enn er það *óhapp* fyrir hæstv. ráðh. að það er orðið ljóst, að neðri deild ber ekki það traust til hans, sem einatt þarf þó að vera milli þjóðkjörnu deildarinnar og ráðherra, sem lætur þó vera þingræðisráðherra.

Þá hygg eg, að mér sé og eigi síður óhætt, að fullyrða að þjóðin hafi litið þeim augum á stjórnarfrumvörpin, sem þau væru með öllu *ólík* því, sem hún átti heimtingu á eða taldi sér rétt að vænta af hálfu þess ráðherra, sem léti sér ant um hag hennar.

Og þar sem hæstv. ráðherra hefir *ekki* getað skilist þetta, þrátt fyrir »rökstuddu dagskrána«, sem samþykt var, og ekki varð skilin öðruvís, en sem

megnasta »vantraustsyfirlýsing«, né heldur þrátt fyrir stráðrepnu stjórnarfrumvörpin. þá verð eg að líta svo á, sem mesta *happið*, sem ofan á öll þessi *óhöpp* gæti í skaut hæstv. ráðherra fallið, væri nú það að hann fengi svo greinlega *vantraustsyfirlýsingu*, að hann færi frá völdunum sem allra bráðast.

**Ráðherrann (H. H.):** Það liggur í hlutarins eðli, að eg get ekki haldið neina samanhangandi ræðu til að svara öllum þessum háttv. herrum, sem hafa ávarpað mig. Eg ætla einungis að leitast við að svara einstökum atriðum, sem borið hafa á góma, og reyni eg að fylgja þeim í þeirri röð sem þau komu fram.

Fyrst ætla eg að segja það viðvíkjandi háttv. framsögum. fjárlaganefndarinnar (P. J.), að því fór fjarri því að eg með ummælum mínum um upphæð tekjuhallans vildi bera honum á brýn, að hann hefði skýrt órétt frá; eg vildi einungis segja, að á það mætti líta frá öðru sjónarmiði. Það sem eg sagði um brúna á Jökulsá, að eg teldi það áhættuspil eða jafnvel glæfralegt fyrirtæki að setja fé í það, var heldur alls ekki svo að skilja, að eg vildi liggja nefndinni á hálsi fyrir að hafa komið með þessa tillögu. Eg vildi einungis láta menn vita, hvernig verkfræðingurinn lítur á það mál, og að eg gæti ekki álitið það heppileg skifti, að taka Jökulsárbrúna í staðin fyrir Eyjafjarðarárbrúna.

Þá skal eg snúa máli mínu stuttlega að inum virðulegu ásækjendum mínum.

Háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) varð fyrstur til þess að fara í eldhúsið. Það gleður mig, að ekki er alveg fallið niður ið gamla íslenzka búverk að þeyta flautir, sem annars er orðið svo fátítt. Því að þótt þunt væri og næringarlítið, það sem hann hafði til flautargerðarinnar, þá gat hann samt þyrlað sér talsvert upp á því. Eg heyrði jafnvel fólk segja: »Nei, sjáum til, hann er bara orðinn fyndinn«. Hann byrjaði á því, að eg hefði brotið á móti öllum greinum stefnuskrár minnar, er eg hefði sett mér í fyrra og hann kvað hafa verið fólgna í þremur atriðum: að efla friðinn í landinu, að auka lánstraust landsins út á við og að leiða sambandsmálið til lykta.

Þetta er nú fyrst og fremst ekki nákvæmlega rétt, af því að eg gaf alls ekki út neina stefnuskrá. Eg sagði einungis í stuttri ræðu, þegar eg tók við ráðherraembættinu í fyrra, að okkur lægi mikið á trausti og samúð annara þjóða, og til þess þyrftum við að leggja niður innanlandsþrætur, enda væri það skilyrðið fyrir því, að sambandsmálið fengi framgang. Hann hélt því fram, að þetta hefði alt mislánast. Háttv. þingmaður veit þó, að Róm var ekki bygð á einum degi. Það er ekki öll nótt úti enn; og þó að ekki hafi tekist á einu ári að bæta öll þau helgispell, sem hann sjálfur hefir verið með til að vinna á því, sem lýtur að hag og trausti þjóðarinnar, þá er ekki þar með sagt að það takist aldrei. Það er ekki gert í snatri að bæta fyrir alt það glapræði, sem ábyrgðarlausir glópaldar hafa haft í frammi in síðari ár og orðið hefir til þess, að útlendar þjóðir, sem áður höfðu samúð með okkur, spyrja nú undrandi: »Hvers konar þjóð er þetta, sem þannig fer að ráði sínu?« Slíku áliti á okkur hefir verið komið inn hjá útlendum þjóðum in síðari ár, og hér verða allir góðir ættjarðarvinir að leggjast á eitt, að reyna að reisa við okkar horfna traust.

Þá sagði háttv. þingmaður (B. Sv.), að eg hefði í stað þess að efla frið í landinu orðið til þess að vekja sundrungu og tvístring með þjóðinni. Eg veit ekki, hvort allir eru honum samdóma um þetta. Eg hygg, að því verði ekki neitað, að þegar blað hans sjálfs,

sem eg ekki tek mér í munn að nefna, er ekki talið með, þá hafi tónninn í hinum blöðunum, betri blöðunum, verið allur annar og sömuleiðis öðruvís talað á fundum en áður tíðkaðist, nema ef vera skyldi á þingfundum og flokksfundum, þar sem hátv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) eða aðrar eldabuskur ófriðarins standa fyrir svörum. Sá friðsemdar og kurteisistónn, sem betri blöðin hafa látið upp, er einmitt að þakka þeim tilraunum, sem gerðar voru til þess að sameina hugi manna um sambandsmálið, reyndar ekki af mér einum, heldur af ýmsum öðrum mönnum og er eg að eins einn af þeim.

Hvað það snertir, að stjórnarflokkurinn hafi klofnað eða skifst, þá er þar ekki að ræða um neina sundrung eða tvístring *með þjóðinni*. Þingflokkur er ekki þjóðin, og hér er ekkert að orðið annað en það, að þingflokkur hefir skifst vegna *nafns*, ekki vegna stefnunnar, en stefna ins gamla flokks hefir ekkert breyzt né klofnað út um landið. Og þó að nokkrir menn úr fyrnefndum þingflokki stjórnarinnar hafi nú hlaupið í lið með ákveðnustu mótstöðumönnum stjórnarinnar, þá táknar það engan veginn neina skoðanabreyting hjá kjósendum í aðalmálum þjóðarinnar. Það er því ekki hægt að slá upp stórum bakstri úr sundrunginni, er eg hafi valdið.

Þá sagði hátv. þingmaður, að eg hefði vakið ótraust á landinu með því að fá tilboð um lán frá ritsímafélaginu, þar sem heimtað sé veð af landssjóði. Eg skil ekki þennan hugsanagang. Ef það er rétt, að skilmálarnir fyrir lánstilboðinu feli í sér eitthvert vantraust, þá er eftir réttri rökfræði ekki hægt að fá út úr því annað en það, að eg hafi haft á réttu að standa í fyrra, að lánstraust þjóðarinnar væri eitthvað bilað. En það er ekki mér að kenna. Þetta var orðið þannig áður en eg tók við í fyrra. Og í því efni er hátv. þingmaður sjálfur ekki saklaus. Nú mæta manni, hvar sem maður leitar fyrir sér um fé eða framkvæmdir fyrir þetta land, spurningar eins og þessar: »Hvað stendur til í þessu landi? Hvað ætla þessir þjóðrembingskappar sér að fara langt? Hvert eru þessir blindu leiðtogar að toga þjóðina?«. Þetta sannar að eins mitt mál, að ekki veiti af að beitt sé hyggni, stillingu og skynsemd til þess að rétta við aftur traust útlendra þjóða á landinu, það traust, sem þessi þingmaður hefir verið með til að eyðileggja

Þá gerði hann mikið veður út af þeim óförum, sem eg hefði farið í *sambandsmálinu*. Eg skil ekki að hann skuli *dirfast* að taka sér það orð í munn. Hann er sannarlega ekki þess verður að nefna það. Ef háttv. þm. N.-Þing. verður nokkurn tíma minst á ókomnum tímum, þá verður það í sambandi við það, að hann var einn af þeim mönnum, sem hjálpuðust að því að eyðileggja þetta landsins bezta og mesta mál. Hann sagði, að það hefði verið furðuleg dirfska af mér, að ætla nú að vekja það mál upp af nýju, eftir ófarirnar sem eg hefði farið 1909, þegar svo og svo margir hefðu lýst vantrausti sínu á mér fyrir að flytja það mál. Það var skárri dirfskan! Man hann ekki eftir, hvernig fór fyrir flokk hans við næstu kosningar á eftir, þegar meiri hluti þeirra þingmanna, er á móti málinu höfðu verið, féllu eins og flugur. *(Benedikt Sveinsson:* Það var af alt öðrum ástæðum). Eg hefði miklu fremur átt skilið traustsyfirlýsingu heldur en vantraustsyfirlýsingu, enda var það látið í ljós í hér um bil í hverjum einasta hrepp á landinu eftir aðfarir þingmeirihlutans 1909.

Háttv. þm. fór illum og ómaklegum sleggjudómsfullum orðum um árangurinn af samkomulagstilrauninni við Dani í sambandsmálinu 1912. Hann nefndi

skýrsluna um það, er ýtrast var álitið mögulegt að samkomulag næðist um við Dani eftir alt það, sem á undan var gengið, frumvarp; segir að það hafi verið mitt prógram, sem alt hafi brugðist og farið út um þúfur.

En þar um ekkert »frumvarp« að ræða, hvorki »ráðherra frumv«., né yfirleitt frv. frá neinum sérstökum manni. Eins og eg margsinnis og ýtarlega skýrði frá, þegar eg kom heim, voru atriðin að eins sett upp í ramma gamla frumvarpsins frá 1908 til yfirlits og glöggvunar fyrir þingmenn, svo að sem hægast væri að sjá í snatri, hvað það væri, sem nauðsynlegt væri talið að breyta frá frumv. 1908 til þess að málið næði fram að ganga í Danmörku. En um það átti fyrst að taka ákvörðun hér heima, hvort menn vildi taka málið upp í frumvarpsformi með þessum eða líkum breytingum. Eg lýsti yfir því skýrt og skorinort á fundi, þeim sem eg átti með nokkrum formönnum ríkisþingsflokkanna, að eg væri ánægður með frumv. frá 1908 óbreytt, og óskaði ekki mín vegna né míns gamla flokks neinna breytinga, en að breytingartillögur Sambandsflokksins 1912 væru gerðar til að koma á samkomulagi við þá, sem óánægðir höfðu verið með frv. 1908. Eg hafði tekist á hendur að grenslast eftir því, hvort frumv. með þessum breytingum, er menn af gamla Sjálfstæðisflokknum höfðu óskað eftir, mundi ná samþykki Dana, svo að unt væri að taka málið upp hér heima. Eg sagði inum dönsku ráðherrum, að eg samþykti ekki né skrifaði undir þær breytingar, er þeir af sinni hálfu fóru fram á, heldur mundi á sama hátt að eins grenslast eftir því, hvort þær gætu átt von fylgis hér heima. Sjálfur vildi eg ekki taka upp annað persónulegt prógram en það, sem eg hefði áður talið mig ánægðan með. Ef málið yrði tekið upp með breytingum, yrði það að vera sem nýtt *flokksprógram*, og gæti eg ekki gert það upp á mitt eindæmi; frumv. yrði þá ekki mitt, heldur flokksins. En það sýndi sig, þegar eg kom heim, að menn vildu ekki aðhyllast breytingarnar eða tilslakanirnar frá frumv. 1908, þótt þar með fengist framgengt aftur á móti *öllu* því, sem Sambandsflokkurinn hafði heimtað til skýringar og rýmkunar að öðru leyti.

Þessar tilraunir hafa orðið fyrir röngum og villandi dómum, og það mun sýna sig, að þegar menn eru farnir að dæma um málið án persónulegs haturs og flokkadráttar, þá verður viðurkent, að með þeim hafi þó getað fengist öll meginatriði af því, sem eftir hefir verið óskað og vér þurfum að fá, og að tilslakanirnar frá frv. 1908, sem heimiladar voru í móti, séu meira formlegs eðlis en efnislegs.

Og þegar sá dagur rennur upp, — því hann rennur einhvern tíma upp, — er sambandsmálið er til lykta leitt, er eg sannfærður um, að samkomulagstilraunarinnar 1912 muni verða minst sem eins ins mesta og bezta spors til þess að leiða málið til sigurs, að minsta kosti inn á við.

Háttv. þm. sagði, að öll þjóðin hefði tekið afstöðu á móti þessum málaleitunum; en því fer afarfjarri, að það sé rétt. Hann sagði, að á þingmálafundum í Eyjafirði, þar sem eg ætti þó svo mikil ítök, hefðu menn verið á móti því. En þetta er alveg rangt. Þar komu engar mótbárur fram gegn mínum afskiftum af málinu. En af því, hvernig ástatt er, kom eg sjálfur fram með þá tillögu, að málinu yrði ekki hreyft nú á þessu þingi. *(B. Sv.:* Ekki er nú traustið mikið). Samvinnan er ekki svo glæsileg á þinginu, að líklega horfist á um góðan árangur. En seinna koma sumir dagar, og koma þó. Það sannar lítið um málið, þó að hann bregði

mér um ólán og ilt gengi. Það er vígljóst enn, þótt eg sé úr sögunni, fleiri menn en eg, sem geta tekið upp málið og fylgt því fram, þegar mig þrýtur. En fyrir hans hrakspám og óheillabrigzlum hrekk eg ekki af stokki.

Úr stórmálunum hrapaði háttv. þm. svo afarlangt niður, þegar hann fór að brigzla mér um málverk, sem verið hafi í ráðherrahúsinu frá tíð Björns Jónssonar! Þessi málverk hafa alls ekki verið flutt þangað í mína þágu. Helmingnum af þeim er eg þegar búinn að skila. *(Benedikt Sveinsson:* En hinn helmingurinn?). Honum má skila hvenær sem er. Reyndar hefi eg aldrei verið í þeirra manna tölu, sem hafa legið Birni Jónssyni á hálsi fyrir að hafa flutt þessi fáu málverk í húsið eftir að það var orðið landsins eign. Eg var þvert á móti þeirrar skoðunar, að það væri alveg rétt sem hann gerði í því efni, svo að fyrir þeirra hluta sakir þarf eg enga tilbreyting að gera um þetta frá því, sem tíðkast hefir í tíð undanfarandi ráðherra.

Svo kom háttv. þm. að Íslandsbanka. Hann gat þess fyrst, að jafnframt ofurást minni á Íslandsbanka hefði komið fram kuldi til Landsbankans. Skora eg á hann að koma með dæmi upp á það. Eg kannast alls ekki við, að hafa fundið til neins kala til Landsbankans og eg kannast ekki heldur við að hafa gert nokkuð, sem hægt væri að leggja svo út, alla mína embættistíð. Eg hefi ekki stigið eitt spor í þá átt. En þetta var heldur ekki annað en hliðarhögg hjá háttv. þm. Hitt var aðalatriðið, að eg væri hliðhollur Íslandsbanka, og væri vanur að sjá í gegnum fingur við lögleysur, er þar færu fram. Hann sagði, að hlutafé í bankanum væri ólögmætt. Hlutirnir ættu að vera innborgaðir til fulls, en svo væri ekki. Þetta er alls ekki satt, því hlutirnir hafa verið innborgaðir að fullu frá því á fyrsta ári. Svo sagði hann, að Íslandsbanki hefði til sölu og seldi hlutabréf í sjálfum sér upp á lán gegn veði í hlutabréfunum sjálfum. En sannleikurinn er sá, að Íslandsbanki hefir aldrei átt eitt einasta hlutabréf í sjálfum sér, og því aldrei getað haft neitt af þeim bréfum á boðstólum eða til sölu fyrir sig sjálfan. Þetta er því ekki annað en rakalaus ósannindi. Menn, sem hafa viljað kaupa hlutabréf, hafa auðvitað stundum snúið sér til bankastjóranna um útvegun á hlutabréfum. En bankinn hefir þá alt af sent símskeyti til Kaupmannahafnar og látið milligöngumenn þar kaupa bréfin á kauphöll eða hjá verðbréfamiðlum, þeim er slíkt annast. Bankinn hefir alls ekki selt hlutabréf sín sjálfur, því síður »gegn veði í sjálfum sér« eins og þm. komst að orði. Hitt er annað mál, að bankinn hefir stöku sinnum tekið hlutabréf sem handveð fyrir lánum, enda er það skýlaust heimilað í reglugerð bankans 25. Nóv. 1907. Þar stendur í 3. gr. um, hvað sé takandi gilt, sem veð: »Bankahlutabréf, sem eru með kauphallar verðlagi, alt að 75% af verði þeirra«.

Allir vita, að hlutabréf Íslandsbanka eru nóteruð utanlanlans, með kauphallarverði, og mér er kunnugt um, að haldið var stranlega þeirri reglu að lána aldrei út á meira en 75% af kauphallarverði. Eg sé hér í deildinni einn háttv. þm., sem mun minnast þessa. Honum þótti þá óþarft, að framfylgja þeirri reglu svo strangt. Það má vel vera, að einhver kunni að hafa notað lán, sem þeir hafa fengið í bankannm, til þess að kaupa aktiur fyrir. En bankinn getur ekki ráðið við það, hvað menn gera við það fé, sem menn taka þar út að láni eða á annan hátt. Svo sagði háttv. þm.,

að bankinn hefði ekki lagt fram gullforða sinn að fullu. Veit eg ekki, hvaðan honum kemur sú vizka. Það hefir alt af verið vakað yfir því með mestu nákvæmni, að nægur gullforði væri fyrir hendi, og vanalega hefir hann verið meiri en hann þarf að vera að lögum. Vísa eg þessu ámæli til baka sem alveg ósönnu. *(Benedikt Sveinssou:* Eg nefndi ekki gullforða á nafn). Jú, eg skrifaði það eftir honum hjá mér. En hann vildi kannské ekki hafa sagt þessa fjarstæðu. Þá sagði hann, að bankinn hefði ekki stutt atvinnuvegina. Hvað kallar hann það, að hafa svo að segja komið upp botnvörpuútgerðinni? Því hefir enginn stuðlað meir að en einmitt Íslandsbanki. Er það þá einskisvirði, að hafa komið upp afkastamestu atvinnugreininni, sem til er í landinu. Annað sem hann vildi leggja bankanum til lasts, var, að hann hefði styrkt stórkaupafélög, sem væru að mestu leyti útlend. Þetta er líka misskilningur hans. Íslandsbanki hefir ekki lánað öðrum stórfélögum fé, en þeim innlendu verzlunum, sem langmest framleiða og kaupa af innlendum afurðum, og leiða inn í landið fé fyrir þær. Það félagið, sem mestar upphæðið hefir haft í viðskiftum við bankann, er einn inn langstærsti atvinnurekandi hér á landi, og er að minsta kosti að nafninu til íslenzkt félag. Með því að útvega þessu félagi rekstrarfé hefir bankinn aðallega haft fyrir augum hag íslenzkra framleiðenda og það, að auka notagildi innlendra afurða, með því að gera mögulegt að borga þær í peningum. Aðferðin að lána peninga, þeim sem kaupa íslenzkar afurðir í stórum stil, í stað þess að búta niður svo og svo margar smáupphæðir til svo og svo margra manna, er eftir minni hyggju langtum affarasælli til að styrkja utvinnuvegina svo um muni. Sú aðferð hefir gert það að verkum, að mögulegt hefir verið að kaupa fyrir peninga út í hönd út um alt land fisk og aðrar afurðir landsins. Mun það mikið því að þakka, hvað afurðirnar hafa hækkað í verði. Er þetta miklu meir um vert, en þótt einhver Páll, Pétur eða Benedikt hefði fengið nokkrum hundruð króna víxlinum meira en ella, ef til vill til þess að kaupa sér fyrir miður holla hluti. Það sem mest eykur hagsæld landsins, er, að landsmenn framleiði sem mest og fái sem mest fyrir vöru sína. Þetta er það sem Íslandsbanki hefir haft fyrir augum, þegar hann fremur hafði viðskifti við stórkaupmenn, en þá, sem lítið hafa um sig.

Þá spurði háttv. þm., hvað það væri, sem valdið hefði verðfalli á aktium bankans í seinni tíð, og gaf í skyn, að það mundi vera eitthvað rotið. Eg verð að segja honum, að eg er hrædur um, að ein af aðalástæðunum fyrir verðfallinu sé það, sem á íslenzku heitir *rógur*, og ef til vill *íslenzkur rógur*. Munu ósannar sögur, sem bornar eru út af ýmsum óvildarmönnum og keppinautum, sem sumpart má renna grun í, hverjir séu, eigi góðan þátt í því. En slíkt hjaðnar niður aftur eins og bóla. Það er ekki í fyrsta sinn, sem tekin er mýfluga og gerður úr henni úlfandi og sjálfsagt ekki í sem beztum tilgangi.

Þá segir þm., að það sé ólögmætt að bankinn taki á móti sparisjóðsfé. Það er hvergi bannað og það hefir aldrei verið haft neitt á móti því, að bankinn tæki á móti innlánum, enda væri slíkt fjarstæða ein. En það er sá stóri munur á innlánum í Islandsbanka og sparisjóðsfé Landsbankans, að í Íslandsbanka er alt af hægt að taka innlánsféð út með tékkávísun, sem er og hefir verið mörgum manni til hagræðis.

Þá bar þingmaðurinn landstjórninni á brýn, að hún hafði leyft sér að taka heilan sjóð, minningarsjóð Kristjáns

Jónssonar og kaupa fyrir hann hlutabréf í Íslandsbanka. Eg hefði ekki álitið mikið við það að athuga þótt svo hefði verið. En þess er við þetta að geta, að það er ekki snefill af sannleika í sögunni. Sannleikurinn er sá, að áður en sjóðurinn kom undir umsjón stjórnarinnar, höfðu verið keypt hlutabréf fyrir 10,000 krónur. Persónulega hefi eg ekki neitt með þetta að sýsla og hefði ekki vitað þetta, ef landritari hefði ekki fyrir nokkru skýrt mér frá þessu út af einhverri ósannindagrein í blaði því hér í bænum, sem þingmaður N.-Þing. er við riðinn. Og áðan, þegar eg var á leið hingað á fund, þá hitti eg landritara á götunni, inti hann eftir þessu og staðfesti hann að þetta væri rétt, að aktíurnar hefðu verið áður keyptar. — Svo fór um sjóferð háttv. þm. viðvíkjandi sjóðnum!

Þá fór hann að tala um Sameinaða gufuskipafélagið og sagði að það hefði verið mér að kenna að eigi hefði verið samþykt í fyrra að kaupa strandbátana Austra og Vestra, sem þá hefðu staðið til boða með ágætum kjörum. Eftir því sem eg hefi komist næst síðar, hafa bátarnir aldrei staðið okkur til boða með þeim kjörum, sem látið var í veðri vaka á þinginu í fyrra, því þegar eg kom til Kaupmannahafnar í fyrra, var búið að selja þá fyrir 70 þús. krónum meiri upphæð, en sagt var hér á þingi í fyrra að þeir ættu að kosta landið. Þykir mér ekki trúlegt að félagið hafi ætlað að fórna landinu þessum 70 þús. kr.

Þá hafði háttv. þingmaður reiknað það út, að landið tapaði 200 þúsundum kr. á auknum flutningsgjöldum ins Sameinaða gufuskipafélags. Eg vil ekki vera að eyða tíma í það nú, að sýna, hvílík fádæma vitleysa þetta er, og hvílík fásinna það yfirleitt er, að kenna mér um þær breytingar, sem orðið hafa á flutningsgjaldi á sjó síðasta ár. Eg kem að þessu aftur, þegar eg fer að svara ræðu háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) og sleppi því þess vegna hér.

Svo fór hann að dylgja um samband mitt við steinolíufélagið D. D. P. A. Hann fann það til, að það leigði hús hjá mér. Hvað er á móti því? Það var búið að gera samning um þá leigu alt að því mánuði áður en nokkur hafði hugmynd um, að steinolíufrumvarp, það sem knúð var fram í þinglokin í fyrra, mundi koma fram. Átti eg máske að rifta samningnum við manninn og segja: »Eg þori ómögulega að-leigja yður þetta hús, menn munu gruna mig um græsku, ef eg hefi nokkuð saman við yður að sælda, eftir að nýtt steinolíufrumvarp er komið á döfina. Þingmaður N.-Þing. verður kannské vondur við mig?«. Nei, háttv. þingmaður verður að forláta, svo mikið ragmenni er eg ekki. Eg fer allra minna ferða fyrir því, þó hann eður hans líkar láti sér sama að hreyta fram slíkum ósæmilegum og ástæðulausum getsökum.

Þá talaði hann um stjórnarfrumvörpin, gömlu þuluna um að stjórnin mætti ekki halda þeim leyndum, ætti að láta fólk vita af því fyrir fram, hvað hún hefði í smíðum, og hvað hún ætlaði að koma fram með. En eg vil spyrja eins og um daginn, hvers vegna þá ekki þingmenn líka. hvers vegna eiga þeir ekki líka að segja til fyrir fram? Þeir þurfa þó ekki að bera upp frumvörp sín fyrir konungi áður, eins og ráðherra verður að gera. Hvers vegna láta þeir ekki fólk vita um þessi frumv., sem þeir eru að búa til heima hjá sér, eða ætla sér að búa til hér í þinginu. Það fer þó ekki í bága við neinar stjórnarfarsreglur, að þeir segi frá strax, hvað þeir ætla að koma með. Hitt væri varhugaverðara, að stjórnin færi að aug-

lýsa fyrir fram, hvað konungur mundi láta leggja fyrir þingið, áður en samþykki hans er fengið, og ekki mundi öllum þykja það viðkunnanlegt að stjórnin gangi út á stræti og gatnamót og hrópi: »Nú datt mér anzi gott í hug, nú ætla eg að fara að búa til frumv. um þetta, ef enginn hefir á móti því!«. Ekki einu sinni þingmanni Norður-Þingeyjarsýslu mundi detta í hug að gera þetta, þó hann kæmist í ráðherrasessinn, sem ef til vill er draumalandið hans.

Það yrði oflangt mál að fara að taka upp allar tituprjónsstungur þingmannsmannsins og svara þeim. Hann lauk máli sínu með því að segja, að ekki einungis þingið væri á móti mér, heldur væri eg líka á móti þinginu, eg væri hugsjónalaus og stefnulaus, og það væri furða, að eg skyldi ekki vera búin að segja af mér. Eg vil nú segja háttv. þingm. N.-Þing. (B. Sv.), hver er ein aðal-ástæðan til þess, að eg sit enn þá í þessu sæti, hvað sem persónulegum tilfinningum mínum og óskum líður. Það er einmitt tillitið til slíkra þjóðmálaskörunga, eins og hann er sjálfur og flokkur sá eða flokksbrot, er hann fyllir. Mig óar við að sleppa að nauðsynjalausu taumunum í slíkar hendur, beinlínis eða óbeinlínis. Eg hefi þá skoðun, að það sé skylda hvers mans að reyna að sporna á móti því í lengstu lög að landið hans lendi í ógöngum. Eins og nú stendur eru vandræði nóg, þó ekki sé á aukið.

Háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) talaði hátt um það, að eg væri að brjóta þingræðið með því að fara ekki frá, og hlýtur í því að liggja, að hann telji að meiri hluti þings sé á móti mér. En ef svo er, hvers vegna færir hann ekki sönnur á mál sitt? Hvers vegna kemur hann ekki eða lætur bandamenn sína koma fram með og samþykkja vantraustsyfirlýsingu og vísa mér þannig burtu, fremur en að vera sífeldlega með þessa máttlausu tituprjónsstingi sína. Þá kæmi það fram, hvað meiri hluti þjóðkjörinna þingmanna vill í þessu efni. Vilji meiri hlutinn að eg fari, skal eg vissulega engri þrásetu beita. En það vil eg þó segja honum, til þess að fyrirbyggja misskilning, að þó að vantraustsyfirlýsing væri samþykt hér í deildinni að nafninu til með 13 atkvæðum á móti 12, þá myndi eg hafa mikla freistingu til þess að líta svo á, að í rauninni væri hún fallin með 12 á móti 12, því að *hann* er sá 13.

Þá mun eg víkja nokkrum orðum að því, sem háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) hafði til brunns að bera í sinni ræðu. Reyndar var mestöll ræða hans þannig bygð, að ekki er til nokkurs hlutar að vera að svara henni, því hún upplýsti ekkert um ákæruefnið gegn mér. Hann taldi þar fram heila »legíón« af tölum, sem ef til vill hafa einhvern fróðleik í sér fólginn, ef til vill ekki, en sem í öllu falli er örðugt að skilja, hvað áttu að þýða í sambandi við gufuskipasamninginn, sem mér er hallmælt fyrir. Eg get ekki séð, að hér liggi fyrir nema ein spurning í því máli, nefnilega sú: Var það forsvaranlegt eða ekki af ráðherra að gera slíkan samning?

Ef þannig er spurt, þá verður að skoða ástæðurnar 1912, hvernig þær voru þá; það er ekki annað en blekking, að miða við árin 1910 og 1911 í þessu sambandi.

Eg verð að segja, að eg skildi ekki meining háttv. þingmanns, þegar hann var að bera saman, hve mörg skip hefðu verið notuð til ferðanna 1910 og 1911 og svo nú, eða þegar hann var að upplýsa, hve margir viðkomustaðir hefðu staðið á áætlunum þá, bæði fyrir Thoreskipin og skip ins Sameinaða. Hann gætti ekki að því, sá góði maður, að

þótt ekki séu settir eins margir fastir viðkomustaðir inn, þá vegur það fullkomlega upp á móti því, að skipin koma nú á allar hafnir sem menn óska, utan ferðaáætlana, ef 150 kr. fragt fæst. Það virðist mér miklu betra fyrirkomulag, heldur en að láta skipin flækjast inn á hverja vík í hverri ferð, án tillits til þess, hvort þau hafi nokkuð þangað að gera eða ekkert annað en að tefja tímann

Eg skil ekki að ræða háttv. þingm. hafi verið ætluð til þess að sannfæra þingmenn hér í salnum um nokkurn skapaðan hlut. Þessi sagnfræði hans, sem eg annars hefi heyrt áður á fundi í »Fram«, á bersýnilega að koma í blöðunum og sýna kjósendunum, að þarna sé maður, sem viti svona sitt af hverju, þó hann láti minna.

Ef við hefðum haldið Thoresamningnum, þá hefði engan nýjan samning þurft að gera í fyrra. En nú gat Thore sem kunnugt er ekki staðið við samninginn og þess vegna var nauðsynlegt að gera nýjan samning. En fyrst nýr samning ur var gerður, þá var líka alveg ómögulegt að komast hjá því, að ið breytta ástand, sem þá var orðið að því er snertir verð skipa, fragtir, kolaverð, erfiðislaun o. s. frv., hlyti að koma til greina, og hafa áhrif á nýja samningsmöguleika. Það brast öll skilyrði fyrir því, að hugsanlegt væri að komist yrði að eins ódýrum kjörum um strandferðir, eins og eg fékk 1907 og 1908 og eins og Thoresamningurinn var miðaður við 1909. Heimsmarkaðurinn var breyttur, að því er snertir flutningskostnað á sjó. En það er of mikil æra, sem háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B,) gerir mér, er hann vill gera það að efni í eldhúsdagsræðu yfir mér, því að eg réði ekkert við heimsmarkaðinn. En hitt er víst, að kjörin, sem við fengum, voru þó langtum miklu betri en við hefði mátt búast og áhorfðist.

Það var einkennilegt, að í inum ýmsu dæmum, sem háttv. þm. tók til þess að sýna fram á, hve miklu hækkun sú næmi, er orðin væri á farmgjöldum hér hafna milli og fargjöldum, reiknaði hann alt í prócent-tölum, en nefndi ekki, hversu miklum upphæðum væri að skifta. Það er in beinasta leið til þess að villa mönnum sýn um það atriði, og gefa skakkar hugmyndir, að slá um sig með því að t. d. fjargjald milli tveggja smáhafna, sem hefir verið 70 aurar og er hækkað uppí 1 kr. 20, hafi verið hækkað *um 72 af hundraði* (!), þó að mismunurinn eftir flutningsmagni nemi kannske ekki fullum 10 krónum yfir alt sumarið. Á sama hátt er með annað. Þetta er sama aðferðin sem háttv. þm. Dal. (B. J.) viðhafði í grein um þetta efni í »Birkibeinum« í vetur. Það sem hér skiftir máli, er það eitt, hve hárri upphæð nema hækkanirnar á farmgjöldum og fargjöldnm samtals. Eg get sagt háttv. þm. það. Það hefir verið reiknað út nákvæmlega, miðað við farþega- og vöruflutninga eins og þeir voru með skipum »Sameinaða« árin 1907—1908, bæði strandferðaskipunum og millilandaskipunum. Hækkunin nemur ekki meiru á farþegagjöldum, en 5200 kr. að jöfnum farþegafjölda, og ekki meiru á farmgjaldinu en 4000+4000 kr.; eða samtals 13,200,00 kr. En síðan hefir kolaverðið hækkað svo mjög, að það nemur síðan 1909 9 shillings á tonninu. Þessi hækkun er sama sem að kolin, sem strandferðaskipin 2 brúka, eru 12,000 kr. dýrari nú en 1909, og þegar svo þar við bætist kolatollurinn, þá fer að koma nokkuð upp í þessar 13200 kr. sem hækkunin á farm- og farþegagjöldum nemur.

Eins og samningarnir frá 1912 bera

með sér, var alls engin breyting gerð — ekki eins eyris hækkun leyfð á flutningsgjöldum milli Kaupmannahafnar og Íslands frá því sem ákveðið var í samningum 1909. Það eru að eins Leithtaxtarnir, sem hækkað hafa af millilandatöxtunum. Og það er ekki eftir nýrri heimild, heldur gamalli heimild, sem félagið hafði ekki notað.

Sameinaða félaginu var sem sé heimilað í samningum 1909 að hafa »Leith« taxtana að eins um 10% lægri en Khafnartaxta. Þetta hefir nú loks verið gegnumfært, en Kaupmannahafnartaxtinn hefir ekki verið hækkaður um einn einasta eyri.

Breytingarnar á farþegagjöldum eru engar aðrar en þær sem eg lýsti yfir á þinginu í fyrra að settar mundu verða sem skilyrði, og eg mundi ganga inn á. Samgöngumálanefndin var þessu samþykk, og enginn mótmælti, svo að nú er fremur ástæðulítið að vera að gera úr þessu kærupóst móti mér. Enda munu fáir Íslendingar bíða halla, sem nokkru nemi, af þessum breytingum.

En þó að svo væri ef til vill, þá koma í staðinn ívilnanir af félagsins hálfu, sem spara landssjóði fé. Það er ákvæðið um ókeypis póstflutning með millilandaskipunum frá einni höfn til annarar hér innanlands.

Þegar Thoresamningurinn var gerður, hafði Sameinaða félagið enga skyldu til að flytja póst án borgunar nema milli landa, eða frá útlöndum til »adresse«-hafnar, en nú samkvæmt samningnum, § 2, á það að flytja innlendan póst án nokkurs sérstaks endurgjalds. Þetta munar ekki svo lítilli upphæð oss í vil, og væri eins mikil ástæða til að geta þess, ef háttv. þm. vildi gefa rétta skýrslu um samninginn.

Það er nú komið á daginn, að þessar frægu 200 þús. kr., sem háttv. þm. Dal. (B. J.) fann út að vér töpuðum árlega á inum nýju samningum frá 1912 og sem þeir háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) o. fl. síðan hafa tjaldað með, eiga aðallega að vera fólgnar í því, að Sameinaða félagið borgi ekki síðari 10% afsláttinn af farmgjöldum, nema 300 kr. séu á einu konnossementi, og sé hætt að gefa aukaafslætti, sem áður hafi tíðkast.

Ákvæðið um, að binda síðari 10% afsláttinn við 300 kr. sending á *einni farmskrá*, var sprottið af því, að það var komið í ljós, að þessi ívilnun lenti mest í vasa *kommissionæra* í Kaupmannahöfn, er söfnuðu saman mörgum smáupphæðum á ýmsum farmskrám, til þess að ná þessum prócentum hjá félaginu. En innlendir smákaupmenn höfðu lítið gagn af þessum afslætti. En eftir ósk nokkurra Reykjavíkurkaupmanna hefir þessu aftur verið breytt í gamla horfið, svo að þeir halda, þrátt fyrir ákvæði samningsins, sömu kjörum eins og áður. Þar verður því fremur lítið upp í þessar frægu 200 þús. kr. Það verða þá loksins að eins aukaprósenturnar, sem gefnar hafa verið einstökum mönnum »bak við tjöldin«, en nú er hætt að gefa. En um þær stendur ekki eitt orð í neinum samningi við landsstjórnina. Þær falla af sjálfu sér burt við breyttar kringumstæður og minkandi samkepni.

Það er ekki til neins að tefja tímann á því að svara þessum ástæðulausa barlómi um tap og verri kjör, sem sumpart er að eins hugarburður, og sumpart alls ekki unt að gefa stjórninni að sök. Eins og eg hefi sagt áður, er aðalatriðið þetta: Var það forsvaranlegt eða ekki, að gera nokkurn strandferðasamning í haust er leið, eða átti stjórnin að láta allar strandferðir falla niður? Mér fanst að þær væru alveg nauðsynlegar og þessvegna gerði eg samninginn við sameinaða félagið og gat ekki fengið þær með öðrum kostum. Strandferðirnar nú eru al-

veg eins góðar og þær voru áður en Thoresamningurinn var gerður.

Háttv. þm. spurði, hvers vegna »Thore« fengi borgun fyrir póstflutning, þar sem ekkert stæði um það í samningnum? Um »Thore« er hér sama að segja sem um »Bergensfélagið«. Það er borgun fyrir póstflutninga eftir sérstöku »accorði«, af því það hefir nú ekkert fast tillag til ferða sinna. Háttv. þm. dró saman aðfinslur sínar í þrjár spurningar:

1. Hvers vegna breytt hafi verið samningnum við Sameinaðafél. frá 1909.

2. Hvers vegna »Torefélaginu« hefði ekki verið þrýst til að ganga að betri skilmálum; sérstaklega flytja póstflutning ókeypis.

3. Hvers vegna samningsgerð um strandferðirnar hefði ekki verið frestað þangað til síðar í vetur.

Fyrstu spurningunni hefi eg þegar svarað, og anza því ekki meira.

Hvað 2. spurningunni viðvíkur, þá gekk hann út frá því, að eg hefði ekkert reynt til þess að fá »Thorefélagið« til þess að fullnægja óskum, þeim sem oss væri hagkvæmastar. En því fer fjarri, að þetta sé réttmæt ásökun. Eg hefi einmitt gert mitt ítrasta til þess að komast að svo góðum kjörum, sem mögulegt var. Til sönnunar því vil eg leyfa mér að lesa upp bréf frá stjórn »Thorefél.«, og vona eg að allir skilji það þó að það sé á dönsku.

Bréfið er þannig:

København, d. 8. Okt. 1912.

Foranlediget af vor Herr Direktør Hendriksen's Samtale med Deres Excellence i Gaar har der i Dag været afholdt Bestyrelsesmøde i Dampskibsselskabet »Thore«, hvor de af Deres Excellence stillede Betingelser for at løse Thore fra Kontrakten af 7 August blev forelagt. Bestyrelsen beklager imidertid, under Hensyn til Selskabets Forhold i det hele, ikke at kunne forpligte sig til de ønskede Anløb af Lübeck eller anden tysk Plads, ligesom man heller ikke ser sig i Stand til at stille nogen Garanti vedrørende den fremtidige Udførelse af Mellemlandsfarten saaledes som ønsket. — Heller ikke kan Selskabet paatage sig nogen Forpligtelse med Hensyn til Fastættelsen af Passager- og Godstaxter, eller med Hensyn til Rutens Besejling samt *Postbesørgelsen* mellem Landene for det Vederlag, der nu ydes.

Kun hvis Deres Excellence *uden Betingelser* løser »Thore« fra Kontrakten af 7. August 1909, er der Mulighed for at fortsætte Selskabet, hvorimod man i modsat Fald maa opgive den paatænkte Henvendelse til Selskabets Kreditorer, hvis Moratorium udløber førstkommende Tirsdag den 15. ds., og i de nærmeste Dage indkalde en extraordinær Generalforsamling med Forslag til Likvidation af Selskabet, da en Fortsættelse af Selskabets Virksomhed paa Basis af den nugældende Kontrakt eller de nu stillede Betingelser vil være en Umulighed.

Under Hensyn til det saaledes anførte, tillader vi os at anmode om Deres Excellences Svar saa vidt muligt omgaaende.

Ærbødigst.

I Bestyrelsen for Dampskibsselskabet »Thore«

Joh. Baastrup. H. Hendriksen.

Hannibal Beck.

Hans Excellence Islands Minister
Hannes Hafstein,
K af D, D. M. p. p.

Félagið var áreiðanlega svo illa statt, að það gat ekki hafnað eða varist kröfum skuldheimtumanna um gjaldþrota-

meðferð, nema það væri leyst við samninginn án nokkurra skilmála. Sumir af þeim sem menn sízt ætluðu, vildu gera það »fallit«, og ef það hefði orðið gjaldþrota, þá var ekki einu sinni nóg til að borga veðskuldir og forgangsskuldir, ekki einn eyri til skaðabóta handa landssjóði Íslands. En Handelsbanken hafði þegar í fyrra dregist á það, að ef félagið væri leyst við samninginn skilmálalaust, þá skyldi hann gera alt sem hann gæti til þess að það héldi áfram siglingum hér til lands, að minsta kosti fyrst um sinn, og það var oss bæði beinn og óbeinn hagur. Þetta loforð sitt vildi bankinn halda eftir því sem unt var. Niðurstan varð því sú, að félagið var leyst frá samningnum skilmálalaust að öðru en því er samdist um borgun fyrir póstflutninga og gat því haldið áfram siglingum. Nú flytur það póst fyrir c. $^1/_8$ af því sem það hafði heimtað, og því miklu lægra verð, en félagið mundi fá fyrir tilsvarandi vöruþunga með venjulegum farmgjaldstaxta, að eg ekki tali um þá borgun, sem lögin ákveða fyrir póstflutning til óviðkomandi skipa.

Viðvíkjandi 3. spurningu, sem háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) lagði fyrir mig, hvers vegna eg hefði ekki frestað öllum samningum við félagið þangað til eg gat t. d. spurt hann ráða, er þetta að segja: Félagið krafðist skjótra svara. Skipin, sem taka átti til strandferðanna, gáfu af sér yfir 30 þús. kr. hvort í þeim ferðum, sem þau voru í árið 1912, en félagið gat ekki tekið þau úr þeim ferðum fyrirvaralaust. Eg varð að segja af eða á áður en eg fór heim í fyrravetur. Í þessu sambandi skal eg geta þess, að mér meir en datt í hug, meðan á þessu striði stóð um tilboðin, hvort ekki væri heppilegast að kaupa skip upp á væntanlegt samþykki þingsins, þótt vitanlega væri undir högg að sækja hjá háttv. þm. Rvk. og fleiri þinghöfðingjum. Þess var kostur, að fá keypt skip eins og »Skálholt« fyrir 100 þús. kr. En auk þess sem skip þetta var ekki nýtt, og því ef til vill varhugavert að festa kaup á því, þá var meginástæðan til þess, að eg hvarf frá ráði, sú, að þá hlaut að reka að því, sem leitt hefði til innar mestu óánægju og mótblásturs, að greiða hefði þurft aukafragtir til allra annara hafna en þeirra, sem voru beinir viðkomustaðir millilandaskipanna, því að ekki gat landssjóður staðið sig við bæði að kaupa strandferðaskipið og flytja allar vörur með því ókeypis. Tilraunir til þess að fá önnur tilboð reyndust árangurslausar. Bergenska félagið neitaði, og Sameinaðafélagið vildi heldur en gjarna vera laust, af því að það sá fyrir tap, en vildi þó ekki synja oss í nauðsyn vorri. Því var ekki annað fyrir höndum en að taka boði þess eða fella alveg niður strandferðirnar.

Eg ætla svo ekki að svara þessum strandferðaákúrum meira að sinni. Hvað sem háttv. þm. segir, þá er eg fyrir mitt leyti viss um, að eg hefi gert rétt í þessu efni, og gat ekki betur.

Þá sný eg mér að háttv. þm. Dal. (B. J.). Hann byrjaði ræðu sína á því, að þakka fjárlaganefndinni fyrir tillögur hennar um að hækka laun kennaranna við Mentaskólann. Eg get tekið undir þetta með honum. Þetta er ið sama, sem eg átti að dæmast óalandi og óferjandi fyrir af félögum hans, háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) og háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.), og vona eg að þeir verði vægari í dómum við hann, þó að hann sé svona hlálegur í launalaga-málinu. En síðan sneri háttv. þm. sér að atburðinum 12. Júní og hafði ýmislegt að athuga við gerðir stjórnarráðsins út af þeim atburði. Hann sagði, að Íslendingur hefði þá verið rændur eign

sinni, og spurði, hvað stjórnarráðið hefði gert til þess að útvega honum aftur rétt sinn. Því er fljótsvarað. Stórnarráðið hlutaðist til um það, að maðurinn fekk aftur eign sína og var þegar skilað flagginu. Og stjórnarráðið gerði meira; það skrifaði forsætisráðherranum í Kaupmannahöfn bréf og beiddist, að flaggið væri látið hlutlaust sem áður hefir tíðkast og sagðist ekki vita af nokkurri lagaheimild fyrir þessari töku. Leit það svo á, að þetta væri misskilningur hjá hlutaðeiganda sjóliðsforingja, en það gat ekki talist stóratburður þetta, að embættismaður telur eitt ákvæði gilt, sem aðrir álíta ógilt. Háttv. þm. var ekki ánægður með orðalagið á bréfinu í hans garð og þótti móðgandi fyrir sig, að sagt var um þann mann, sem kom með tilllöguna um útilokun danska flaggsins, að það hefði verið »en tilfædigt Tilstedeværende« í stað þess að nefna nafnið. En hér með var engin móðgun meint. Í þessu orðalagi liggur að eins það, að það hafi ekki verið tilætlun fundarboðendanna að amast við löglegu flaggi ríkisins, heldur hafi þetta flotið óvart með af annara völdum. Það hefði ekki verið betra fyrir neinn að geta þess, að þessi tillaga hefði átt rót sína að rekja til annars eins manns, eins og sjálfs viðskiptaráðunautsins. Meining stjórnarráðsins var eingöngu sú, að gefa áreiðanlega skýrslu um málið til þess að koma í veg fyrir, að skeyti og bréf skökk og skæld hermdu rangar fregnir. Það getur hver maður séð, að bréfið er kurteislega orðað, eins og embættisbréf eiga að vera. Er í því enginn undirgefnistónn, heldur talar þar jafningi við jafningja. Eg veit ekki, hvort háttv. þm. Dal. (B. J.) hefir séð umburðarbréð til lögreglustjóranna. *(Bjarni Jónsson:* Nei, en hæstv. ráðherra hefir sagt mér frá því). Það er stutt, að eins 3 eða 4 línur. Eru lögreglustjórarnir þar í beðnir að sjá um, að engum sé meinað að brúka ið löglega ríkisflagg. Tilefnið var fundurinn í Barnaskólaportinu og það sem þar gerist. Hygg eg, að stjórnarráðið hafi tekið alveg rétt í það mál. Bréf forsætisráðherrans er kurteist. Þar segir hann, að skipstjórinn á Fálkanum hafi ekki haft neinar skipanir í þessa átt. En um það, hvort atferli hans hafi verið löglegt að hans hyggju eða ekki, getur bréfið ekki. Væntir hann viðtals við ráðherra Íslands um málið seinna meir, og sé eg ekki að neitt sé út á það að setja.

Þá sný eg mér að háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.). Ræða hans var mjög átakanleg og getur víst engum blandast hugur um, hvert henni var stefnt. Hún var það sem kallað er »kjósendaræða«; má vera, að hann sé orðinu hálf-hræddur um, að þeim kunni mislíka það sumum kjósendum hans, að hann lét það vera sitt fyrsta verk þegar á þing kom, að lána sig þeim sem ekki hafa annað markmið en það á þessu þingi, að bola núverandi stjórn frá völdum. Hann byrjaði ræðu sína með fremur væmnum faguryrðum mér til lofs og dýrðar, svo sem til að bæta mér í munni. En eg vil helzt vera laus við slíkt. Eg gengst ekkert upp fyrir því, sízt þegar eg skil til hvers refirnir eru skornir.

Háttv. þm. lítur svo alt öðrum augum á flokka og flokksmál en eg, að okkur er ekki til neins að eiga orðaskifti um það. Eg álít, að flokkarnir og þeirra hagsmunir eigi ekki að sitja í fyrirrúmi fyrir landinu og þess hag. En hann hefir alveg mótsetta skoðun. Eg lít svo á, að flokkar í landsmálum séu meðal en ekki takmark. Hann álítur þvert á móti. Flokkar eru að mínu viti samtök, sem myndast til að hrinda

áfram góðum málum eða verjast illum. Án þess tilgangs fæ eg ekki séð, að flokkurinn hafi neinn rétt á sér. Eg sé ekki að það sé nægileg ástæða til flokksfylgis, að reyna að tryggja sjálfum sér hag eða vegtyllu. Hjá þessum hv. þm. er flokkurinn ið æðsta og fyrsta boðorð. Eg hefi aldrei heyrt annað eins flokkstal dregið fram í umræðum í þingsalnum, eða yfirleitt annan eins hégóma settan fram í alvarlegu máli og frá vörum þessa háttv. þm. Nei, það eru ekki flokka nöfn, sem ráða velferð landsins, heldur stefnurnar í velferðarmálunum, einlæg hugsun um það, hvað landinu sé fyrir beztu, án tillits til, hvort maður sjálfur eða vinir manns hafi gagn af.

Mér skildist annars háttv. þm. í síðara hluta ræðu sinnar þó ekki alveg vilja beygja sig undir flokksfylgið og komst hann þannig í ósamræmi við sjálfan sig. Hann gat þess, um leið og hann lýsti sinni heilögu vandlætingu yfir því, að ráðherra hefði gert það ódæði að beygja sig ekki, og kljúfa flokk sinn, að aldrei mundi hann sjálfur, þessi beinharða flokkshetja og mikli stríðsmaður síns herra, í hvaða flokki sem hann verið hefði, þó getað greitt atkvæði með öðrum eins ósköpum og stjórnarfrumvörpin um embættislaun og breyting á föstu sköttunum hafi verið á þessu þingi. Svo að það hefði þá ekki dugað stjórninni, þó að hún hefði átt hann kyrran í sínum flokki. Hann hefði eftir þessu neyðzt til að kljúfa flokkinn, slást í lið með mótstöðumönnum hennar og drepa alt fyrir henni þrátt fyrir flokksagann. Þannig verður háttv. þm. til að kingja sínu æðsta boðorði, þegar annað aðalatriðið í pólitik hans, hræðslan við kjósendurnar kemur upp í honum. Eftir þessum kenningum háttv. þm. skilst mér eg ekki þurfa að sjá svo mikið eftir því, þó að við yrðum ekki samferða í flokki, né heldur vera honum neitt afar þakklátur fyrir skjallið í byrjun ræðu hans. En viðvíkjandi frumv. stjórnarinnar, launafrv. og skattafrv., skal eg taka það fram, að því fer fjarri, að eg skammist mín fyrir þau; og eg lít svo á, að það sem hann segir um þetta, séu vitgrannir sleggjudómar. Að því er snertir launabreytinguna, er ekki um neitt sérlegt nýmæli að ræða. Bæði eg og margir aðrir þingmenn hafa lengi talið það víst, að ekki gæti á löngu liðið áður laun embættismanna landsins væru hækkuð, vegna þess hve peningar hafa fallið í verði. Lífsnauðsynjar allar hafa hækkað svo í verði, að embættismenn fá alt annað verðgildi að launum en lögin, sem þeim eru veitt embættin eftir, ætluðust til. Hins vegar hefir það verið öllum ljóst, að þetta mundi mæta mótspyrnu í svipinn hjá almenningi, sem búið er að villa sjónir með alls konar glamri móti embættimannastéttinni. Eg er glaður yfir því að hafa lagt þessi frumvörp fyrir þingið, því á því varð einhver að byrja. Þau munu koma aftur í einhverri mynd, eins og fjárlagafrumv. nefndarinnar sýnir, þar til er þau verða samþykt að meira eða minna leyti, hvaða stjórn sem við stýrið situr þá. Það verður ekki til lengdar hægt að skella skollaeyrunum við svo réttmætum kröfum. Það er í hæsta máta eftirtektavert, að á sama þingi sem frumvörpin um breyting á launum eru álitin höfuðsök fyrir stjórnina, kemur sjálf fjárlaganefndin einróma með tillögur í sömu átt, og að háttv. þm. Dal. (B. J.) er svo ofsaglaður yfir tillögum nefndarinnar, að þann færir henni beint þakkarávarp fyrir. Eg er svo innilega sannfærður um það, að margir þeir sem nú tala hæst móti frumvörpunum, viðurkenna með sjálfum sér, að hér er um lögmætar réttarkröfur að ræða, þótt þeir hagi svo tali sínu vegna

kjósandanna í þeirri von, að það verði þeim til bjargar við næstu kosningar. Þó að þessu sé ekki sérstaklega beint til háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.), þá verð eg þó að segja að margur hefir hrist höfuðið yfir ræðum hans hér á þinginu í sumar, bæði í þessu máli og öðrum, er dálitla sjálfstæði þarf í gagnvart gömlum fordómum sumra kjósenda.

Sami háttv. þm. sagði, að það væri eins dæmi, að nokkur stjórn sæti við völd áfram eftir að *öllum aðalfrumvörpum* hennar hefði verið styttur aldur, og bar á móti því sem eg sagði, að frumvarpinu um skattamálin hefði að eins verið frestað. Þetta er ekki satt hjá háttv. þm. Sannleikurinn er sá, að það eina af frumvörpum þessum, sem kom til atkvæða, frumvarpið um fasteignaskattinn, var felt með 12 atkv. gegn 12. Hinum frestaði eg sjálfur sem flutningsmaður þeirra, er eg tók þau aftur. Af þeim, sem greiddu atkvæði móti frumv., tók háttv. 2. þm. Rang. (E. P.) það fram, að hann væri samþykkur stefnu frumv., en vildi lofa þjóðinni að átta sig betur á málinu. Alveg sama sagði háttv. 2. þm. G.-K. (Kr. D.), sem tók það fram, að það væri alls ekki nein vantraustslýsing né consilium abeundi til stjórnarinnar, þótt þetta frumv. félli. Þess vegna hefi eg fullan rétt til að segja, að málinu hafi verið frestað. Það er meining ýmsra þingmanna að láta þjóðina hugsa sig betur um málið, en útkljá það ekki nú, og því greiddu þeir atkvæði móti því í þetta sinn. Eg held þess vegna, að það sé ekkert einsdæmi, að stjórnin sitji við annað eins.

Sami háttv. þm. sagði þá fjarstæðu, að *öll*, eða *nálega* öll, frumv. stjórnarinnar hefðu visnað, en öll þingmannafrumvörp hefðu siglt beggja skauta byr gegnum deildina. Eg vil benda háttv. þm. á, að hér er hann að segja talsvert meira, en hann getur staðið við, þó að hann sé mikill atkvæðamaður í »*visnunarpólitíkinni*«. Það eru allmiklar ýkjur að segja, að öll frumv. stjórnarinnar hafi fallið. Stjórnarfrumv., sem lögð voru fyrir þingið, voru 34 að tölu; þar af hafa 7 fallið hér í deildinni og 1 í Ed. og 4 verið tekin aftur; eftir eru þá 22 frumvörp, sem lifa góðu lífi, og þau sum stór og mikilsverð. Hjá honum er 22 sama sem *núll*. En það má annars háttv. þm. vita, að ef það er meiningin að fara að beita »Obstruktionspolitik«, þá eru til önnur ráð gegn slíku, en að stjórnin fari frá, og hans *consilium abeundi* met eg að engu. En ef meiri hluti þjóðkjörinna þingmanna — raunar eiga konungkjörnir þingmenn líka fult atkvæði um það mál — ætlast til þess að eg fari frá, þá mun ekki standa á mér, eins og eg áður hefi sagt.

Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) þarf eg í rauninni ekki að svara. Alt, sem hann sagði, hafði verið áður tekið fram af öðrum, og því svarað. Háttv. þm. brá mér um einurðarleysi í flaggmálinu og sagði, að eg hefði átt að krefjast þess, að foringinn á Fálkanum yrði kvaddur heim. En það verð eg að segja, að það þykir mér nokkuð hart aðgöngu, að krefjast þess, að einhver sá duglegasti maður, sem hér hefir haft strandgæzlu á höndum, skuli kvaddur heim fyrir þá eina sök, að hann hélt það lög hér, sem hann hafði lært að gilti annarstaðar í veldi Danakonungs. Mér þykir ekki ástæða til þess að áfellast mann svo mjög fyrir að gera það, sem hann með talsverðum rökum álítur skyldu sína. Hann mundi aldrei hafa gert þetta, ef hann hefði álitið það heimildarlaust, og eg er viss um að slíkt kemur heldur ekki fyrir hér eftir.

Það var að eins eitt atriði nýtt í ræðu háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.). Hann sagði,

að eg hefði ekki viljað ávaxta fé landssjóðs í Landsbankanum, heldur hefði sett það á vöxtu í Íslandsbanka. Ekki veit eg, hvaðan háttv. þm. hefir þessa vizku. Það sem gæti gefið tilefni til þessa, kynni að vera það, að samkvæmt saniningi milli Landsbankans og Íslandsbanka frá 1911 veitir Íslandsbanki viðtöku póstávísanafé frá póstmeistara til að skila í ríkissjóð í dönsku fé. Það fé nemur nálægt 1 milión kr. á ári. Bankinn hefir ekki nema ómak og jafnvel kostnað af þessu og mundi víst gjarna vilja losna við. Eg tel víst, að Landsbankanum muni hafa verið boðið þetta fyrst, en vildi ekki eða gat réttara sagt ekki gert þetta. Hann hefir ekki þau viðskiftasambönd erlendis. Að öðru leyti veit eg ekkl til þess, að Íslandsbanki hafi setið fyrir því að ávaxta fé landssjóðs, nema ef telja skal það, að þegar hafnarlánið var tekið, 500 þús. kr., þá var greitt upp í bráðabirgðavíxla, sem Íslandsbanki átti ógreidda hjá landssjóði, 300 þús. kr., og 78 þús. kr. í reikningslán, og afgangurinn til bráðabirgða innborgaður á konto.

Þar með þykist eg þá hafa svarað eldabuskunum. Ef meira er eftir í eldhúsinu, þá mun eg vera til taks.

**Valtýr Guðmundsson:** Eg skal fyrst láta ánægju mína í ljós yfir því, að háttv. fjárlaganefnd hefir í 4. gr. tekið það fram, að hún væntir þess, að landsfé verði framvegis ávaxtað í Landsbankanum. Þetta bendir í þá átt, að nefndinni virðist stjórnin ekki hafa gætt þeirrar reglu að undanförnu, að ávaxta féð að öðru jöfnu í Landsbankanum. Eg verð að segja það, að mér hefir þótt bera talsvert á því, að stjórnarráðið hafi ekki gengið fremst í flokki í því að nota þessa stofnun. Að því er snertir póstávísunarféð, hefir háttv. ráðherra gert fulla grein fyrir, hvernig á standi. Og það verða menn að taka gott og gilt.

En það eru aðrir peningar, sem ekki er sama um, hvar standa. Og gái maður að, hvar peningum, eða verðbréfum, sem stjórnin hefir umsjón með, er komið fyrir, þá er það alloftast í Íslandsbanka. Þar t. d. komið fyrir með sparisjóðskjörum úr Fiskveiðasjóðnum kr. 42,549, úr sameiginlegum brunabótasjóði fyrir sveitahíbýli kr. 5,000 á innritunarskírteini og 5,732 með sparisjóðskjörum — alls kr. 10,732. Sömuleiðis hefir Ræktunarsjóðurinn þar á hlaupareikningi kr. 30,000 og Minningarsjóður Kristjáns Jónssonar læknis kr. 370.

Þegar svona stendur á, og stjórnarráðið hefir umsjón með þessu fé, þá virðist það eina sjálfsagða, að koma því fyrir í stofnun landsins, Landsbankanum. Þar sem háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) gat þess, að hlutabréf í Íslandsbanka hafi verið keypt fyrir opinbera sjóði, þá hefir hæstv. ráðherra gefið þær upplýsingar viðvíkjandi Minningarsjóði Kr. Jónssonar læknis, að hann hafi verið afhentur stjórninni í hlutabréfum, svo að hún á þar ekki hlut að máli. En það eru fleiri sjóðir, sem standa undir umsjón stjórnarinnar og varið hefir verið til hlutabréfakaupa í Íslandsbanka. Skal eg þá nefna Thorkilliisjóðinn, sem samkv. reikningnum fyrir 1911 á 2000 kr. í hlutabréfum Íslandsbanka og Minningarsjóð Herdísar og Ingileifar Benediktsen með 1600 kr. í hlutabréfum. Víða er ekki unt að sjá, hvar féð er ávaxtað. Stendur oft bara: »í bönkum«.

Hæstv. ráðherra álítur þetta víst góðar ráðstafanir, því að með þessu móti fáist hærri vextir af peningunum. En fyrirkomulagið er samt algerlega rangt. Það er alstaðar álitið, að opinberir sjóðir njóti sömu helgi sem ómyndugra fé. En það er algild regla, að með slíka

peninga má ekki »spekúlera«. En öll hlutabréfakaup eru ekki annað en »spekulation«. Það getur gefið hærri vexti, en féð getur líka alveg tapast. Eg segi ekki þar með að þetta fé muni tapast, en það er lagt í alt of mikla hættu, jafnvel þótt vextirnir verði lítið eitt hærri. »Privat«-maður getur gert slíkt. Hann ber ekki ábyrgð á því, hvort féð tapast eða græðist á því, nema gagnvart sjálfum sér, en slíkt má ekki gera með opinbera sjóði, og eg er alveg viss um, að hæstv. ráðh. er mér sammála um, að þeir eigi að njóta sömu helgi og ómyndugrafé, sem aldrei er ávaxtað öðruvís á en tryggasta hátt.

Eg get nú hugsað, að ráðherra sjálfur hafi ekkert haft með þetta að gera, heldur séu það embættismenn hans. En því er nú einu sinni svo farið, að við höfum ekki aðganginn að öðrum en honum, hvort sem hann á persónulega nokkra sök á eða ekki. Það er hann, sem á að hafa eftirlitið með þeim og því hlýtur alt að bitna á honum, ef eitthvað fer aflaga.

Þá skal eg drepa á eitt atriði, sem háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) gat líka um og þótti athugavert. Hann fann að því, að Íslandsbanki tæki sín eigin hlutabréf að veði og lánaði út á þau 75 %. Ráðherra staðfesti þessi ummæli hans, en sagði, að full heimild væri til þessa í reglugerð bankans. Það má vel vera, en eg hygg, að hvorki hæstv. ráðherra né aðrir séu svo fáfróðir, að þeir viti það ekki, að það er algild regla um allan heim, að bankar megi ekki lána út á *sín einin* hlutabréf. Einn banki í Khöfn, Grundejerbankinn, gerði þetta í stórum stíl. Háttv. þm. er víst kunnugt um það, hvernig fór um þann banka. Hvenær sem slíkt hefir komið fyrir, hefir það verið »stimplað« sem »Svindel«. Það hefir verið nefnt nokkuð »odiøsu« nafni og kallað að »bombardere«. Eg man eftir því, þegar fregn kom til Hafnar um það, að Schou bankastjóri hefði verið settur til að rannsaka bækur Landsbankans, og talsverður aðsúgur hefði verið gerður að honum á fjölmennum borgarafundi hér í Reykjavík og honum hefði meðal annars verið borið þetta á brýn, þá sló miklum óhug á »finansmenn« í Höfn. Og eg er viss um, að þetta getur spilt mjög fyrir bankanum, ef mikil verða brögð að því. Þótt það kæmi fyrir í einu eða tveimur tilfellum, þá ætti það ekki að gera mikið til, en reglan ætti að vera sú, að bankinn tæki aldrei að veði sín *eigin* hlutabréf. Þau missa þar með það gildi, sem hlutabréfin hafa fyrir bankann. Ef bankinn tapar, þá lendir tapið fyrst á hlutabréfunum. Annars vona eg, að ekki hafi verið mikil brögð að þessu, og það getur hugsast að bankinn hafi ekki lánað öðrum út á hlutabréfin en þeim, sem hann vissi fyrir fram um, að voru svo vel stæðir, að þeir væru fullkomlega menn fyrir lánsupphæðinni. En samt sem áður væri slík regla afarhættuleg.

Viðvíkjandi svari hæstv. ráðherra til þm. N.-Þing. (B. Sv.), að hann ætti að snúa sér til annara en ráðherra í þessu efni, þá skal eg geta þess, að ráðherra er þó formaður bankaráðsins, en í öllum bönkum mun það vera algild regla, að bankaráðið hafi hönd í bagga með stjórn þeirra. Það hefir víst ekki kveðið mikið að því hér, en svo ætti það þó að vera.

Til þess að nota eldhúsdagsleyfið, þá ætla eg lítið eitt að drepa á það, sem eg hefi minst á áður: undirbúningsleysi stjórnarinnar á þeim málum, er hún leggur fyrir Alþingi. Eg gat þess, þegar launafrumv. var til umræðu, hve afilla það væri úr garði gert af stjórnarinnar hálfu. En undirbúningsleysið hefir komið fram á margan annan hátt. T. d. ef stjórnin hefði haft meiri undirbún-

ing undir samgöngumálin, þá hefðum við ekki lent í þeim ógöngum, sem við höfum komist í, seinustu árin. Við erum í standandi vandræðum á hverju þingi, vegna þess að stjórnin hefir hvorki gert neinar rannsóknir eða komið með neinar tillögur um fyrirkomulagið. Vanalega verður því eina úrræðið, að gefa stjórninni heimild til samninga og alt fer lítt hugsað eða hálfkarrað frá þinginu, sem hvorki hefir tíma né tækifæri til þess að samþykkja neitt ákveðið, þar sem ekkert er í höndur þess búið.

Mér er talsvert kunnugt um þetta frá samgöngumálanefndinni. Stjórnin hefir ekki séð sér fært að koma fram með neinar ákveðnar tillögur um samgöngurnar fyrir þetta þing. Raunar hefir komið fram samningstilboð frá Björgvinjarfélaginu, og hæstv. ráðherra hefir sýnt nefndinni teikningu af smábátum, sem kynni að mega nota, en yfirleitt hefir það sem nefndinni hefir borist frá stjórninni, verið svo úr garði gert, að hún hefir ekkert getað átt við það. Hún hefir því orðið að vinna að öllu leyti sjálf að þessum málum, og hefir nú komið fram með tillögur, sem $^1/_4$ hluti þingsins — 10 menn úr báðum deildum — er sammála um.

Sama er að segja um undirbúning lána. Það er samþykt af þinginu út í bláinn lánsheimild til stjórnarinnar — henni gefnar lausar hendur til að semja og svo fer ráðherrann með heimildina í vasanum til Kaupmannahafnar og ekki lengra. Í öðrum löndum þekkist slíkt ekki. Þar eru stjórnirnar búnar að undirbúa málin, hafa leitað hófanna á mörgum stöðum og fengið mörg ákveðin tilboð áður en þær fara til þingsins. Þar eru lögð fram þessi ákveðnu tilboð og stjórnin segir: »Með þessum kjörum er hægt að fá lán. Viljið þér gefa mér heimild?« Hér þekkist slíkt ekki. Og aldrei er leitað lengra en til Kaupmannahafnar. Í fyrra haust, þegar ráðherra kriaði út $^1/_2$ millión kr. lán í Danmörku með $4^1/_2$ %, og með því skilyrði, að ekki að eins landssjóður ábyrgðist, heldur einnig að setja að veði í bankavaxtabréfum jafnmikla upphæð og lánið var, þá var mér kunnugt um, að íslenzkur privat-maður fékk allstórt lán í Frakklandi með 4 % kjörum. Eg get nú ekki skilið, hvers vegna stjórnin, með ábyrgð landssjóðs, ætti ekki að geta fengið lán með sömu kjörum, ef eitthvað væri leitað fyrir sér annarstaðar en í Danmörku. Annars skal eg geta þess jafnframt, að það er ekki líklegt, að peningastofnanir vilji líta við jafnlitlu og $^1/_2$ millión. Þær vilja ekki hafa það ómak. Því þær reikna sér líka talsverð ómakslaun. Þess vegna vildi eg vara við því að taka mjög smá lán. Bæði veitir það erfiðara og veikir einnig lánstraustið. Menn hugsa sem svo: Hvaða kotungsháttur er þetta, vera að taka svona smá-upphæðir við og við? Eg held það væri heppilegra að taka stórt lán í einu, og ef hægt væri að fá það með aðgengilegum kjörum, að hafa það svo stórt, að hægt væri að »convertera« öllum öðrum lánum. En það eru nú því miður ekki horfur til þessa í nánustu framtíð vegna þess, hve peningar eru dýrir nú, en sá tími getur komið og það skaðar ekki að minnast á það.

Þá er það enn eitt mál, þar sem kennir mikils undirbúningsleysis af hálfu hv. ráðherra. Það er járnbrautarmálið, sem hæstv. ráðherra er þó mikið áhugamál. Eg skal raunar kannast við, að innanlands hefir verið gerður talsverður undirbúningur undir það, en út á við alls enginn. Fyrir þinginu liggur að eins tilboð frá einu félagi og það algerlega óaðgengilegt. Ef nú hæstv. ráðherra hefði leitað eitthvað fyrir sér, þá er ekki ólíklegt að fengist hefðu fleiri

tilboð, sem hann svo hefði getað lagt fyrir þingið og látið það dæma um, hverju tilboðinu það vildi sinna. Þetta er þó mál, sem hæstv. ráðherra er ant um. En eg skal játa, að hæstv. ráðh. hefir dálitla afsökun í þessu efni, því að ekki er hægt að undirbúa mál í útlöndum án nokkurra útgjalda. Þingið hefir ekki veitt neitt fé í því skyni. En þar á stjórnin aftur sök á máli, því að hún hefir alls ekki farið fram á það. Hæstv. ráðherra hefði átt að heimta fé í þessu skyni og segja, að ella gæti hann ekki staðið í stöðu sinni. Hefði hann farið fram á það, þá er eg sannfærður um, að þingið hefði ekki synjað honum um það, enda hefði það verið mjög óhyggilegt.

Í sambandi við undirbúningsleysi stjórnarinnar skal eg geta þess, að hæstvirtur ráðherra — eins og kom fram í umræðunum í gær — virðist stundum alveg gleyma gildandi lögum. T. d. hefir hann alveg gleymt lögunum um lánsdeild Fiskveiðasjóðsins frá 16. Nóv. 1907 § 16. Þar stendur:

> »Eigi síðar en 1913 skal landsstjórnin leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga viðvíkjandi framhaldi á útlánsstarfi því, er um ræðir í lögum þessum, ásamt skýrslu um reynslu þá, er þá er fengin um það«.

En ráðherra hefir ekki lagt neitt frv. fyrir þingið í þessa átt og engin skýrsla hefir verið gefin. Þinginu hefir ekki einu sinni verið verið skýrt frá því, hvernig á þessu standi, svo að þeir verða sjálfir að fitja upp á því máli, sem stjórninni bar lagaskylda til að koma fram með.

Það hefir verið drepið á það, að hv. ráðherra hafi þótt nokkuð djarftækur til landsfjár, án nokkurrar heimildar. Og það virðist hafa vaxið í seinni tíð. Eg þarf ekki að minnast á fjárveitingu hans til Desemberflokksfundarins í vetur, vegna þess, að deildin er búin að átelja það og koma í veg fyrir að það geti orðið að fordæmi.

Eg heyrði ekki betur, en hæstv. ráðherra upplýsti í gær, að búið væri þegar að »disponera« yfir nokkru af $^1/_2$ milíón króna láninu, sem ráðgert væri að raka. Þetta hefir því að eins getað átt sér stað, að brúkað hafi verið eitthvað annað fé, sem ráðherra hefir enga heimild fengið til. Þetta álít eg mjög varhugavert og afarhættulegt fordæmi, ef stjórninni á að haldast slíkt uppi.

Þá er það eitt mál, sem ráðherra talaði mikið um. Það var sambandsmálið. Hann sagði, að þær tillögur, sem hann kom með frá Khöfn í vetur, hafi alls ekki verið sitt prógram, heldur hefði það getað verið prógram flokksins, ef hann hefði viljað sinna því. Þetta finst mér afaróskiljanlegt. Því er hæstvirtur ráðherra að koma með það, sem hann álítur sjálfur óheppilegt. Er hann þá ekki annað en leiksoppur flokkanna, sem enga sjálfstæða skoðun getur haft?

Það er yfir höfuð gert of mikið af því að reyna að kasta ábyrgðinni af stjórninni yfir á þingið. Þetta er ekki rétt. Menn verða að gá vel að því, að hvað sem gert er, þá er það stjórnin en ekki þingið, sem ber ina pólitísku ábyrgð. Vitanlega hefir hver einstakur þingmaður »móralska ábyrgð«. Ráðherra verður að koma fram á þingi og segja: »Að þessu vil eg ganga og að þessu ekki. Eg vil ekki taka að mér ábyrgðina, og ef þið samt samþykkið þetta, þá segi eg »pas«. En hitt er ófært, að ráðherra mæli á móti máli á þingi, og taki svo að sér að flytja það fram fyrir konung, undirskrifi það sjálfur og geri að lögum. Hvernig getur það kallast heilbrigt, að stjórnin vinni þannig beint á móti sínum eigin vilja? Annað hvort verður ráðherrann að segja að hann gangi ekki að málinu, ellegar

að beita sér fyrir að það nái staðfestingu. Þess vegna verð eg að segja, að í lotterímálinu — sem eg ekki tók til máls um, þegar það var til umræðu hér í deildinni á dögunum — var það aðalatriðið, að ráðherrann hafði gengið að því á þingi. En úr því að hann tók að sér að flytja það, þá átti hann að halda því fast fram.

Eg verð að geta þess, að það er hættuleg braut fyrir okkar sjálfstjórn, sem við erum komnir inn á í þessu efni. Við getum ekki vitað, hvað mörg mál stranda, þegar út kemur, því við sjáum að eins þau frumvörp, sem komist hafa óbrend gegnum hreinsunareld ríkisráðsins. Um hin er náttúrlega þagað. En við vitum, að þrir ráðherrar í röð hafa beygt af undir eins og Danir hafa yglt sig, í stað þess að halda þeim málum til streitu, sem þingið hafði falið þeim. Fyrst var það ráðherra Björn Jónsson, sem lét kúga sig til að fresta ekki þeim tíma, er þingið kæmi saman 1911, eins og hann hafði þó ætlað sér og flokksmenn hans höfðu búist við og var hann þó í sínum fulla rétti með frestunina samkvæmt stjórnarskránni. Svo kemur annar ráðherrann. Þegar hann tekur við ráðherrastöðunni, segir hann að aðal-»prógram« sitt sé að koma í gegn stjórnarskrárbreytingu. Þetta var telegrafer að til Kaupmannahafnar; en hvernig fer? Hann tekur á móti stjórnarskrárbreytingu af þinginu, sem hann var ekki óánægður með, eins og eðlilegt var, þar sem þetta var einmitt hans »prógram«. En þegar hann kemur í ríkisráðið, þá leggur hann það ekki fram, af því að í því var ákvæði, sem konungur hafði lýst yfir að hann gengi ekki að. Og hann þorir ekki einu sinni að leggja þetta prógram-mál sitt fyrir aukaþingið. Og eins fór með annað mál, nfl. kolaeinokunarmálið. Hann fer með það til Kaupmannahafnar. Þar mætir það mótspyrnu, og hann lætur þegar undan síga og dregur það til baka.

Þriðji ráðherrann fer með lotterífrv. til Kaupmannahafnar. Það er gerður úlfaþytur á móti því, sérstaklega af Kolonial-lotteríinu, og það fer á sömu leið; hann beygir af, og það jafnvel þótt hann hefði fyrir sér hæstaréttardóm sér til stuðnings. Við verðum að viðurkenna, að við erum komnir inn á hættulega braut, með því að gefa Dönum þannig undir fótinn, að þeir þurfi ekki annað en að ygla sig til þess að Íslandsráðherra beygi af. Þetta gefur »Blod paa Tanden«, eins og Danir kalla það, og er hættulegt fyrir okkar sjálfstæði.

Þá vil eg minnast dálítið á sambandsmálið. Hæstv. ráðherra sagði, að tilraunirnar, sem gerðar voru 1912, hefðu verið mjög heppilegar vegna þess, að nú væri hægara að fá sambandsmálið leitt til viðunanlegra lykta. Eg held að það megi segja um þetta, að það sé satt og ekki satt. Eg skal játa, að »bræðingurinn« hefir gert nokkurt gagn. Hann gerði gagn inn á við, skapaði frið í landið og gerði menn rólegri, þó að eg haldi reyndar, að sú pólitík sé ekki heppileg. »Bræðingurinn« náði líka tökum á flestum blöðum landsins. — En hins vegar verð eg að segja, að »bræðings«-pólitíkin hefir gert töluvert ógagn út á við, svo að eg sé ekki að líkindi séu til þess, að sambandsmálið gangi fram í bráðina. Eg sagði það fyrir, að ef við gerðum breytingar á sambands-frv., þá myndu Danir líka gera breytingar, og þær til ins verra. En ráðherra var svo ákafur í þessu máli, taldi trú í þingmenn og benti á, hve vel sér hefði gengið hjá Dönum með sambandstilraunirnar 1908. Og eg skal aldrei ganga inn á, að hann hafi átt það skilið, að honum væri steypt fyrir aðgerðir sínar í því máli. Það er svo langt frá, að þær tilraunir hafi verið okkur til ógagns, að

okkur var þvert á móti gert ið mesta gagn með þeim, og það verður aldrei útskafið, að við hefðum haft stórmikinn gróða af þeim samningi. En alt öðru máli er að gegna um málaleitanirnar haustið 1912. Eg held að það hefði verið hyggilegra, að fylgja þeirri ályktun, sem gerð var af kjósendum mínum á Seyðisfirði eftir tillögu minni, að fresta sambandsmálinu þangað til eftir konungskomu. Konungur vor hafði þá ráðgert að heimsækja okkur, og við gátum vel búist við, að sú heimsókn með miklu föruneyti hefði sín áhrif og yrði til góðs hvað sambandsmálið snerti. Eg býst við því, að það sé »bræðingspólitíkin«, sem hefir gert það að verkum, að konungur hefir ekki komið, þó að það hafi verið látið uppi, að hann hafi ekki getað komið því við vegna heimsókna annara þjóðhöfðingja. Þó að samningstilraunirnar hafi gert gagn inn á við, þá hafa þær gert skaða út á við. Það sem eg lít mest á, er það, að þegar hæstv. ráðherra kemur með málaleitanir til Dana, og hefir til þess sérstakt umboð frá miklum meiri hluta þingsins, 33 af 40, og þegar hann hefir svo látið í ljós, að hann gengi inn á tillögur Dana, þó að hann hafi ekki viljað undirskrifa þær, og tekið að sér flytja þessar tillögur á Íslandi og reyna til að fá flokksmenn sína til að aðhyllast þær, þá hljóta menn í Danmörku að hafa ályktað af því, að ekki væri vonlaust um að fá Íslendinga til að ganga inn á þær í framtíðinni. En þessar tillögur voru svo lagaðar, og svo illa úr garði gerðar, að mér er það óskiljanlegt, að hæstv. ráðherra, sem gekk svo vel fram í sambandsmálinu 1908, skyldi ekki geta séð, að þær voru óframbærilegar. Eg gat miklu fremur búist við að hann hefði tekið hatt sinn og sagt: »Þetta get eg ekki tekið að mér að flytja«. En það sýnist svo, sem hæstv. ráðherra hafi haldið, að hann hafi verið búinn að vinna mikinn sigur, því að hann sagði við fregnrita frá »Politiken« áður en hann lagði á stað heim, að hann væri ánægður með árangurinn af för sinni. Og ið sama sagði hann þegar hann kom til Seyðisfjarðar, eftir því sem »Austra« segist frá.

Þá skal eg drepa á dálítið af þessum tillögum. En frá hverjum þær eru, er ómögulegt að segja. Þær hanga í lausu lofti og enginn gengst við faðerninu. Það er ekki hægt að kalla þetta samning eða frumvarp, og eg veit ekki, hvað á að kalla það. *(Lárus H. Bjarnason:* Það heitir á dönsku í þýðingunni »Udkast til Lov«). *(Benedikt Sveinsson:* Og á íslenzku heitir það »fleygur«). Eg veit ekki, hvað heppilegast er að kalla það, en eg held að það megi kalla það »breytingartillögur«. Danska stjórnin flýtti sér að lýsa yfir því, að þessar tillögur væru ekki bindandi fyrir hana, og vildi ekki taka þær til meðferðar fyr en Íslendingar væru búnir að binda sig á höndum og fótum, búnir að samþykkja þær með lögum á þingi, en Danir aftur alveg óbundnir.

Svo skal eg minnast lítið eitt á einstök atriði. Það er farið fram á að óuppsegjanlegu málunum sé fjölgað úr 3 upp í 4. Eg verð að biðja afsökunar á að eg les hér tvær setningar upp á dönsku, af því frumtextinn er á því máli og þýðingin ekki ætíð áreiðanleg. Í »bræðingnum« segir svo: »at ingen Traktat angaaende islandske Forhandlinger skal kunne udstrækkes til Island«, o. s. frv. En í nýju tillögunum var þessu breytt þannig: »at ingen Traktat-bestemmelse, der *alene* vedrører Island, gælder for dette«, o. s. frv. Nú er mér óskiljanlegt, að hæstv. ráðherra skyldi ekki sjá, að þessi breyting er til ins

verra og óþolandi. Áður var það þannig, að enginn þjóðasamningur, sem snerti íslenzk mál, gilti fyrir Ísland, nema íslenzk stjórnarvöld samþyktu, en í Desembertillögunum er þessu breytt svo, að ekkert þjóðasamningsákvæði, sem *eingöngu* snertir Ísland, skuli gilda fyrir það, nema samþykki íslenzka ráðuneytisins komi til. Nú geta allir séð, að þetta er sniðugt hjá Dönum, því að með því er hægt að hindra, að nokkur einasti þjóðasamningur komi til umsagnar Íslendinga. Það má alt af koma því svo fyrir, að ekkert mál snerti Ísland *eingöngu*, heldur *líka* Dani að einhverju leyti, og þá þarf aldrei að bera þau undir Íslendinga. Þess vegna er það ákvæði, sem talsvert þótti í varið, að þá samninga, sem lagðir eru fyrir ríkisþingið, skuli líka leggja fyrir Alþingi, þýðingarlaust og einskis virði, því að það þyrfti aldrei að koma til til þess. Þetta er því sniðuglega orðað hjá Dönum.

Sömu klókindin koma fram í því, að þegar Íslendingar fara fram á að hér megi ekki hafa setulið né víggirtar hafnir, þá bæta Danir við: »nema í yfirvofandi hættu«. En hver dæmir um yfirvofandi hættu? Það gera Danir sjálfir, og því er þetta ákvæði þýðingarlaust.

Eftir uppkastinu 1908 var fæðingjarétturinn uppsegjanlegur. Hvort landið um sig gat veitt fæðingjarétt, sem gilti fyrir bæði löndin. Þetta ákvæði vakti mótspyrnu í Danmörku, enda ekki sjáanlegt annað en að það komi í fullkominn bág við grundvallarlög Dana. Fæðingjarétturinn er ekki veittur í Danmörku nema með sérstökum lögum, svo að þetta var full-langt gengið af Dana hálfu, því að það, að gefa Íslendingum rétt til að veita fæðingjarétt í Danmörku, er sama sem afsal á dönsku löggjafarvaldi í hendur Íslendinga. En í Desembertillögunum er fæðingjarétturinn óuppsegjanlegur og eingöngu í höndum Dana. Þeir einir geta veitt hann. Að eins þarf samþykki íslenzka stjórnarráðsins til þess, að útlendingar, sem búsettir eru á Íslandi, geti fengið fæðingjarétt. En hins vegar geta Danir alveg neitað þeim útlendingum um fæðingjarétt á Íslandi, sem Íslendingar sjálfir kynnu að vilja veita fæðingjarétt.

Í uppkastinu 1908 mistu Danir jafnrétti við Íslendinga til fiskiveiða í landhelgi, ef *annaðhvort* Danir eða Íslendingar segðu strandvörnunum upp sem sameiginlegu máli og Íslendingar tækju þær að sér. En eftir þessum nýju tillögum missa Danir því að eins fiskiveiðaréttinn, að þeir *sjálfir* segi upp, sem þeir vitanlega aldrei gera. Hitt hefir engin áhrif, þó Íslendingar segi upp. Danir halda jafnt fiskiveiðaréttinum eftir sem áður. Og Færeyingar eiga að halda þessum rétti um aldur og ævi, og líklega inn í sjálfa eilífðina, og líklegast jafnvel þótt skilnaður yrði milli Íslands og Danmerkur, að því er séð verður.

Þá var ein tillagan í »bræðingnum« um að hafa íslenzkan ráðherra fastan í Kaupmannahöfn. En í þessum nýju tillögum er því bætt við, að hann skuli hafa fult umboð til þess að koma fram í ríkisráðinu fyrir hönd inna annara íslenzku ráðherra í fjarveru þeirra. Kaupmannahafnarráðherrann á þá alt af að vera í ríkisráðinu, eins í dönskum málum og íslenzkum, og jafnframt er gengið að því vísu, að íslenzk stjórnarfrumvörp og alþingislög verði eins og hingað til borin upp fyrir konungi í ríkisráðinu.

Eg er nú búinn að rekja þessi helztu atriði, og skal eg nú ekki þreyta háttv. deild lengur á því. Eg vil að eins taka það fram enn þá, að mér er óskiljanlegt, að hæstv. ráðherra skyldi taka að sér að flytja þessar tillögur. Það sem eg vildi rökstyðja, er þetta, að þó að

þessi »bræðings«pólitík hafi gert nokkurt gagn inn á við, þá hefir hún gert meira ógagn út á við, því að eftir þetta verður miklu óhægra að ná samningum um sambandsmálið við Dani.

Að lokum skal eg minnast svolítið á þingræðið. Eg sé ekki betur, en að hv. ráðherra, sem hingað til hefir meira en nokkur annar slegið á stórtrommu fyrir þingræðinu, sé nú alveg að fara með það. Það er samþykt hvert frumvarpið á fætur öðru gegn vilja hans, en hann tekur samt að sér að flytja lögin fyrir konungi og undirskrifa sjálfur, það sem hann hefir barist á móti. Eg hefi tekið það fram áður, að það er mjög mikill hnekkir fyrir þingræðið, að ráðherra skuli draga til baka frumv., sem samþykt hafa verið á þinginu. Ef hann tekur við þeim til þess að flytja þau fram fyrir konung til staðfestingar, þá verður hann að halda þeim til streitu og annaðhvort standa eða falla með þeim.

Hæstv. ráðherra sagði, að hann hefði ekki meiri hluta þjóðkjörinna þingm. á móti sér. Hvað kallar hann þá það, að engin af tilögum hans í launalögunum hefir verið samþykt, og margar þeirra hafa ekki fengið eitt einasta atkvæði? Eg er viss um það, að þó að leitað væri með logandi ljósi um víða veröld, þá væri ekki dæmi til þess hjá nokkurri annari þjóð, að tillögur stjórnar hafi ekki fengið eitt einasta atkvæði í inni þjóðkjörnu deild þingsins. Hjá engri þjóð, þar sem þingræði er viðurkent, mundi það geta komið fyrir, að ráðherra væri að völdum eftir að allar tillögur hans hafa verið feldar. Hæstv. ráðherra sagði líka, að þó að mál hans væru feld, þá skoðaði hann það ekki sem menn væru á móti sér, heldur málunum. Heldur hann þá virkilega, hv. ráðherra, að menn séu að gera árásir á hann persónulega, á þann elskulega Hannes Hafstein? Nei, það er ekki á móti honum persónulega, heldur sem ráðh. Íslendinga. Þó að einhver maður sé ágætismaður, þá er þó ekki víst að hann sé hæfur til þess að vera ráðherra, því það er nú einu sinni ekki öllum mönnum gefið, að vera jafnvígir á alt. Það er ekki sagt að maður, sem er ágætur byskup, væri jafngóður konungur. Það eru ekki allir eins jafnvígir á alt eins og Gissur byskup, sem Haraldur konungur Sigurðsson sagði um, að hann gæti verið þrent, og jafnvel fallinn til hvers um sig: byskup, konungur og víkingur. Nei, það er ekki það. Mönnum getur mistekist sumt, en verið þó ágætismenn.

En nú er svo komið, að þingræðið er á förum, þar sem ráðherra situr enn, þótt mikill meiri hl. þm. í þessari deild sé á móti honum. Allar tillögur ráðh. í launalögunum hafa fengið slíkar viðtökur, að sjálfir stuðningsmenn stjórnarinnar hafa orðið að greiða atkvæði á móti þeim. — Annars veit eg, að það er ekki til neins fyrir mig að vera að tala um þetta. Svarið er alt af það sama hjá hæstv. ráðherra: »Hann er hættulegur keppinautur; varið ykkur á honum, piltar! Hann ætlar sér í stólinn, sá skratti!«

Það er alveg eins og hæstv. ráðherra sé að leika kongsstólaleik. Það eigi að vera fyrsta og fremsta markmiðið að gæta þess, að enginn komist í ráðherrastólinn, og hrópa upp eins og í leiknum: »Eg fyrirbýð öllum í kóngsstól að komast, bæði utanlands og innanlands, nema kónginum sjálfum«. þ. e. sjálfum ráðherranum. — Það sannast hér sem Edvard Brandes fjármálaráðherra Dana sagði nýlega í grein í »Politiken«. Hann sagði, að það væri alveg eins og eitthvert lím (Klæberstof) væri á ráðherrasætunum, sem héldi ráðherrunum svo

fast í sætinu, að það væri eins og þeir ætluðu aldrei að geta rifið sig upp úr þeim. Þetta hefir reynst að vera svona í Danmörku, eða svo hefir Brandes fundist — ekki um sína eigin stjórn, sem var æði skammlíf, heldur um aðra — og sama ætlar reynslan að verða hér.

Vil eg svo ekki orðlengja þetta meir, býst sem sagt við sama svarinu frá hæstv. ráðherra, að eg muni ætla mér í stólinn. En þar er nú svo mikið lím, að eg hygg, að þurfa muni meira átak en mitt til þess að rykkja þeim upp, sem nú situr í stólnum.

---

[Fundur hafði nú staðið til kl. $8^1/_4$ síðd. og gerði forseti enn fandarhlé til kl. $9^1/_2$. — Þá var fundur settur aftur og héldu þá umræður áfram].

---

**Bjarni Jónsson:** Eg mun gera nokkrar athugasemdir við ræðu ráðherra að því leyti, sem hún snerti mína fyrri ræðu. En áður verð eg þó að svara ýmsum atriðum, sem ekki voru beinlínis til mín mælt, en komu fram í svari til annara. Þó skal eg eigi brenna mig á sama soðinu sem í dag, að tala um það mál, sem er á dagskrá, en hinu vil eg lofa, að vera stuttorður, og læt ósvarað níu tíundu hlutum þess sem þörf væri að svara.

Ráherra vefengdi það, er 1. þm. Rvk. (L. H. B.) nefndi, að landsmenn hefðu skaðast 200,000 kr. á ári á farmgjöldum og fargjöldum við þá breyting, er á varð, þá er Thore hætti strandferðum. Sagði ráðherra um leið, að röng mundi sú tala hjá mér í bréfi mínu til stórnarinnar og grein samhljóða í Birkibeinum. Féllu orð hans svo, sem eg hefði þar verið að reikna, hve mikinn halla vér hefðum beðið af samningi hans. Það var þó aldrei mín ætlun að reikna það, heldur hitt, hve mikið tjón vort væri, hvaðan sem það stafaði, því að ætlan mín var að sýna Íslendingum fram á, hvert höfuðtjón þeim væri að eiga eigi skip sjálfir. Og upphæðir voru þar svo varlega áætlaðar, að langt er frá að þær verði vefengdar. Þá taldi ráðherra og rangt að taka meðaltal að hundraðatölum (%) og vitnaði þar enn til sömu greinar. Eg hafði haft þá aðferð við töflur, sem eg gerði um hækkun á fargjöldum hér við land. Mér var vel kunnugt um, að sú aðferð er ekki nákvæm, en hún var sú eina, því að engar skýrslur fengust um ferðamannatal milli hafna. En af samvizkusemi og til frekari fullvissu fór eg til Ólafs Danielssonar og bað hann að reikna, með aðferðum, sem eg kann ekki, hvort þetta mundi verða mjög ónákvæmt, Reiknaðist honum svo, að allónákvæmt mundi verða, ef fáar væri tölurnar, en þar sem ræða væri um tölur, sem skifti hundruðum sem hjá mér, þá væri þetta allgóður grundvöllur undir áætlun. En þótt nú þessi reikningur sé ekki með fullri nákvæmni, þá ætla eg að eigi standi hann á baki þeim reikningi ráðherra að 13=12.

Þá kem eg að þessu eina eldhúsatriði minu, afskiftum ráðherra af fánaráninu 12. Júní. Svar hans verð eg að telja ófullnægjandi. Hann gat ekki sannfært mig um, að það væri rangt, sem eg sagði í fyrri ræðu minni, að bréf íslenzku stjórnarinnar væri helzti auðmjúkt og því likast, sem það væri skýrsla frá ræðismanni eða sendiherra til yfirboðinnar stjórnar hans. Að minsta kosti sýnir samanburður á bréfunum þetta, því að bréf danska ráðherrans er svo frábrugðið, að það getur naumast talist ritað af sæmilegri hæversku. Danski ráðherrann, Zahle, virðir íslenzku stjórnina ekki svars. Í bréfi hans segir, að formaðurinn á Fálkanum hafi gert þetta

eftir gömlum lögum og skipunarbréfi sínu. En segir ekkert um, hvort Danastjórn telji verk hans löglegt eður eigi. Þó má ráða af bréfinu, að hún ætlar sér að styðja formann Fálkans, því að hún svarar engu hógværum tilmælum stjórnarinnar hér um að skipa Fálkungum að láta oss í friði; heldur ætlar hún að ræða þetta við ráðherra Íslands í haust. En hún mun ekki ætla að spyrja hann um, hverja skoðun hún eigi að hafa á þessu, heldur um hitt, hve mikið sér sé óhætt að þjappa að oss Íslendingum, við þetta tækifæri. Þar sem báðir ráðherrarnir tala um »det lovlige Rigsflag«, þá er þess að geta, að fullsannað er það, að aldrei hafa nein lög skyldað Íslendinga til þess að hafa það hér. Þau lög eru ekki komin enn, og skulu aldrei koma.

Þegar eg bar fram þetta mál í fyrri ræðu minni, hagaði eg svo orðum mínum, að vel mátti kalla fyrirspurn. Bjóst eg þá við að ráðherra mundi svara svo, að hann hefði þegar svarað bréfinu frá Zahle og eigi að eins heimtað, að hann svaraði vefilengjulaust, heldur og að hann kallaði formann bátsins heim til marks um, að Danastjórn ætlaði sér ekki að áretta ofbeldið. En þessi svör veitti ráðherra ekki. Þótti mér það leitt, því að eg var að vona, að hann mundi reyna að reka réttar vors svo sem unt væri í þessu máli. Því að fánaránið rann öllum Íslendingum svo til rifja, að vér gleymdum flokkadráttum og stóðum allir saman. Er þá langt leitað, því að sjaldan kemur þetta fyrir. Hitt er rétt hjá ráðherra, að þetta er ekkert stórmál, ef hér er að eins að ræða um misskilning þessa eina manns á skipunarbréfi sínu. En nú er svo að sjá, að stjórn Dana hafi sama skilning. Sést það bæði á því sem fyrr var getið, að hún ætlar að ræða þetta í haust, og á hinu, að í enda bréfsins er hótun, ef rétt er skilið. Þar stendur, að danska stjórnin sé inni íslenzku stjórn sammála um, að þetta mál, í sjálfu sér svo lítilfjörlegt, eigi ekki að leiða til frekara. Það er að skilja, ætti ekki að leiða til þess, að Danir þurfi að beita refsingum við Íslendinga fyrir að hafa sinn fána hér á höfninni og á þurru landi. Svo er bréfið rétt skilið. En þegar svo er, þá er málið eigi smámál. Þá er þörf á því fyrir oss, að standa nú fast fyrir. Og þess vegna vildi eg, að ráðherra legði nú hnefann á borðið og segði við Dani: »Hversu lízt þér hnefi sjá?«, svo sem Ófeigur í Skörðum sagði forðum.

Ekki get eg fallist á það, að hæversklega sé að orði kveðið um mig í bréfi hans til Zahle, en um það má á sama standa. Hitt þótti mér vanhugsað, er ráðherra sagðist vera í efa um, hvort það yrði til sóma, ef hann gæti um, að viðskiftaráðunauturinn hefði borið fram fánatillöguna. Sá er munurinn á okkur, að eg tel það viðskiftaráðunautinum sóma, að það sjáist, að hann sé búinn til þess að taka svari landsins, hvar sem hann er staddur. Og þótt eg væri ekki í þessari stöðu, þá mundi eg telja mér sóma að tillögunni, og það hygg eg, að mig mundi eigi bresta einurð til að halda á mínu máli, þótt eg vissi, að Dönum yrði sagt frá. Hefi eg hingað til eigi bliknað né roðnað, þótt þeir hafi gert nokkurn aðsúg að mér.

En þessi ágreiningur milli okkar á sér dýpri rætur. Og kem eg nú að því atriði, sem eg vil víta stjórnina fyrir. En það er öll stefna hennar út á við, skoðun hennar á því, hvernig vér Íslendingar skulim ná aftur rétti, þeim sem Danir hafa hrifsað og halda fyrir oss. Þykir mér hún vera um of lítilsigld í þeim málum. Þetta er ráðherra kunnugt og kemur honum eigi á óvart, því að eg hefi eigi fataskáp fullan af skoðunum til að fara úr og í; eg hefi ætíð

verið meðal þeirra sem mestar kröfur hafa gert oss til handa, og aldrei viljað að Íslendingar léti troða ofan af sér skóinn. Ráðherra mátti búast við þessu af mér, en kynlegt má honum virðast, að fornir ástvinir hans og skoðanabræður í sambandsmálinu eru nú að víta hann fyrir afskifti hans einmitt af því máli. Er það harla skoplegt að hlýða á það í ræðum þeirra, að síðustu orðin eru að ávíta hann fyrir afskifti hans af sambandsmálinu, en fyrstu orðin í ræðunni eru þau, að hann hafi ritað nafn sitt gullnum stöfum í sögu landsins með þeim sömu afskiftum. (*Valtýr Guðmundsson:* Já). Já, segir háttv. þingmaður Seyðf. Honum finst þetta ekkert undarlegt. Margt er skrítið í harmoníu, og eg er ekki viss um, að þetta sé undarlegra en það, er fjárlaganefnd segir, að enginn sé fær um að skrifa upp heiti á íslenzkum bókum og höfundum, nema Jón Ólafsson. Er það nú ekki skoplegt að heyra t. d. þingm. Sfjk. halda sína löngu ræðu til þess að tala um mismuninn á uppkasti, bræðingi og grút? Menn geta fengið uppköst af að hlýða á.

Hvað eru þessir menn að toga hver í sinn snepil á sama innlimunarbleðlinum, og þykjast þó ekki vera í sama flokki? Þeir eru allir jafnir og eru stefnubræður, hversu mikið sem þeir rífast innbyrðis. Þar þarf eigi fremur að átelja ráðherra en þessa trygðavini, sem sækja nú að honum af kappi. En þeir eiga allir þungar átölur skilið, hann og þeir, því að þeir vilja láta af hendi skýlaus réttindi Íslendinga, en ekki verja þau og halda þeim fyrir Dönum, sem vilja hrifsa þau af oss. Eg er algerlega ósamþykkur stefnu sambandsflokksins frá rótum og ráðherran vil eg átelja fyrir það, að láta sambandsflokkinn ginna sig til þess 1912 — þvert ofan í hátíðleg loforð og vilja þjóðarinnar — að fara að leita hófanna um nýjar samkomulagstilraunir, sem hlutu að verða oss til skammar og skaða. Því að á slíkum aðförum mega allir sjá, að Íslendingar þekkja að eins eina baráttuaðferð, þessa: *ætíð að hrökkva en aldrei að stökkva.*

En eigi vil eg skera úr deilum þeirra ráðherra og þingm. Sfjk., hvort meiru valdi limið á ráðherrastólnum í kóngsstólaleik ráðherraskiftanna, sem þingm. Sfjk. nefndi, eða þá löngun manna til að *hlaupa í skörðin*, svo sem ráðherra virtist halda fram. Þó vil eg drepa á tal manna um vantraust á ráðherra. Skoðanabræður hans í sambandsmálinu, sem verið hafa og eru enn, lýsa vantrausti á honum einmitt í því máli. Er rökleiðsla þeirra harla torskilin og er svo að sjá sem lykkjufall sé orðið í heila þeirra. En þeir um það. Mér er hægra um vik, því að eg get lýst hjartanlegu vantrausti á þeim öllum, og er það í fullu samræmi við mína stefnu og undanfarin viðskifti mín við þessa menn. Allir eru þeir samtaka um það, ráðherra og þessi trygðatröll hans, að halda langar líkræður yfir uppkastinu með beizkum harmatölum yfir því að það hafi verið felt. Raunar er það ranghermi að uppkastið væri felt. Því var breytt og var þá svo til ætlað og um talað, að málið gengi áfram í samningum milli þinganna. En þá létu Danir samningana falla niður að ástæðulausu. Og kom það af því, að þeir höfðu haft það eitt fyrir augum, að láta Íslendinga negla sig, eins og háttv. þm. Sfjk. (V. G.) sagði um grútinn, en er þeir sáu að það vildi eigi verða og að vér höfðum opin augun, þá létu þeir hefjast frá og vildu bíða betri tíða. Þeir hafa alla daga vitað, að réttur þeirra til yfirráða á Íslandi var enginn, og þess vegna vilja þeir láta Íslendinga negla sig. Nú fara þeir bráðum að halda hátíðlega minningu Kielarfriðarins og mundi þeim þá ljúft, ef Íslend-

ingar hefðu lagt samþykki sitt á það, sem þar gerðist. Þeir freistuðu að fá ránið staðfest 1818 á fundi í Lundúnum og liggja þar skjöl þessu viðvíkjandi í skjalasafni. En allar þær tilraunir urðu að engu og allar slíkar tilraunir skulu verða að engu.

Uppkastið var ein slík tilraun og mega sambandshetjurnar því halda mér til góða, þótt eg hræðist eigi spádóma þeirra, að þungur dómur muni ganga yfir mig og mína flokksbræður, fyrir að ónýta slíka tilraun. Nei, en eg get sagt þeim hitt, að þeirra eigin synir og sonasynir munu þakka okkur fyrir, að við heftum feður þeirra áður en þeir gátu stigið slíkt þjóðglötunar-spor. En ef þeir hefði komið fram vilja sínum og fengið innlimunaruppkastið samþykt, þá mundi eigi hafa verið um þá kveðið svo sem Einar Benediktsson segir um ágætismenn vora á fyrri hluta 19. aldar:

Þeir hrundu vorum hag á leið
með heillar aldar taki.

Nei, þá mundi hafa verið um þá kveðið:

Þeir hrundu vorum hag *úr* leið
með hundrað alda taki.

**Guðmundur Eggerz:** Hæstv. ráðherra lét í ljósi, að margir hefðu í sumar verið hissa á ræðum mínum. Hvað sem þessu líður, þá er það víst, að þótt eg sé ungur þingmaður, talaði eg miklu þinglegar en hæstv. ráðherra, því $^1/_8$ ræðu ráðherra í minn garð voru illyrði, $^1/_8$ átti að vera lítilsvirðing, en afgangurinn var útúrsnúningur. Eg fullvissa hæstv. ráðherra um það, að lítilsvirðingarnar, sem hann viðhafði gegn mér, duga ekki mikið við mig. Eitt var það t. d., sem hæstv. ráðherra taldi mér til minkunar, og það var það að eg talaði fyrir kjósendur. Undarlegt að skoða það sem eitt ið versta meiðyrði, sem hægt sé að segja um þingmann, að hann haldi fram rétti og hagsmunum kjósenda sinna. Eg er kominn í þennan þingsal af því að kjósendur mínir hafa borið traust til mín. Á eg að svíkja það umboð og bregðast því trausti, sem þeir hafa sýnt mér með því að kjósa mig? Hvernig er hæstv. ráðherra kominn á þingið? Er hann ekki kominn hingað af sömu ástæðu og eg, sem umboðsmaður kjósenda sinna. Og leitast hann ekki við að reka erindi þeirra á líkan hátt. Eða skoðar hann kjósendur sína kannske eins og »automat«, sem má opna með því að stinga í þá 5 aurum? Eg geri það ekki, hefi hvorki vilja eða getu til þess.

Eg vík enn að þessu, að eg hafi átt að vera að tala fyrir kjósendur. En það hafa líka sumir *þagað* vegna kjósendanna. Það gerði hæstv. ráðh. þegar hann kom með »grútinn«. Eg veit að honum sárnar þetta orð, en eg er neyddur til að nota það, því annars skilst varla, hvað við er átt. Tilboð má ekki kalla það, það vantaði frá upphafi bæði nafn og faðerni, og það hygg eg að hafi verið vegna kjósendanna, af því að þetta hafði engan byr hjá þeim.

Eg sagði, að hæstv. ráðherra hefði snúið út úr, og það gerði hann líka í frekara lagi. Hann byrjaði á því, að hann hefði aldrei vitað til þess fyr, að talað væri um flokka eins og þeir hefðu nokkur áhrif Hvers vegna stofnaði hann þá Sambandsflokkinn, sem auðvitað er nú pólitískt viðrini?

Það er ekki heldur rétt, að eg segði, að stjórnarfrumvörpin hefðu fallið af því einu, að þau komu frá hæstv. ráðh. Þvert á mót, eg sagði einmitt að þau hefðu verið þess eðlis, að þjóðkjörnir fulltrúar gátu ekki fallist á þau. Hann sagði ennfremur, að margir hefðu hrist höfuðið yfir ræðum mínum hér í deildinni. En eg get sagt honum, að það hafa miklu fleiri hrist höfuðið yfir því, hve fast hann situr í ráðherrasætinu,

Eg var á móti launafrumv. af því meðal annars, að eg álít það ranglæti að hækka laun þeirra sem hæzt eru launaðir um 1500 kr., en þeirra sem lægra eru launaðir ekki nema um 600 kr., og þetta vilja kjósendur ekki.

Eg nenni ekki að vera að eltast við smámuni í ræðu hæstv. ráðherra, enda var eg rétt sofnaður undir henni síðast, en því held eg fram, og það gera fleiri, að hann sé að brjóta þingræðið.

**Einar Jónsson:** Mér er ókunnugt um það, hvað margir hafa slegið sig til riddara hér í deildinni í dag, en eg væri ánægður þótt þeir væru ekki svo margir að eg þyrfti að vaka yfir þeim í alla nótt. Mér finst að þeir ættu að láta sér nægja það, að hæstv. ráðh. hefir nú svo gersamlega hrakið allar aðfinningar þeirra bæði um friðinn, lánstraustið, gufuskipasamninginn og alla snaga, sem mótstöðumenn hans hafa ætlað sér að láta hatta sína hanga á í dag. Alt er hrakið, svo að eg þarf ekki að nefna það með einu orði. Það er sama um ræðu háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) Það var bar kjósendaræða.

Mig furðar á því að nú skuli vera farið að tala um fánamálið, þar sem mótstöðumenn hæstv. ráðherra greinir einmitt á í því. Eg álít nú, í stuttu máli sagt, að þeir geri fánamálinu skaða, sem eru að burðast með siglingafánann. Það er þó ef til vill einhver von um árangur, ef frumv. meiri hlutans næði fram að ganga án þeirra breytinga, sem þeir vilja gera. En þetta er stórum óhyggilegt af þeim, að koma með þennan siglingafána og það enda þótt eg játi að vér vildum hann helzt. Þeir hljóta að skilja það, að það er ekki til nokkurs hlutar að bera slíkt upp fyrir konungi. Annars áttu þeir að þegja um það í þetta sinn, það er ekki vert að eyða næturtímanum í það að ætla sér að skipa konungi að samþykkja það sem allir vita að hann telur sér ekki fært að samþykkja vegna afstöðu landanna Íslands og Danmerkur.

Eg skal ekki halda langa ræðu, en vildi að eins taka það fram, að öllu þessu sem talað hefir verið um þjóðræðis og þingræðis brot, er nú hnekt. Þingræðisbrot er það að ráðherra sitji, þegar hann er í minni hluta í þinginu, og það er núverandi ráðherra ekki. Og hann beygir sig ekki fyrir öðru en vantrausti frá meiri hlutanum, eins og rétt er. Það fer betur á því, þegar svo stendur á eins og nú, að engin vissa er um eftirmanninn, en að setja einhverja hræðu upp í ráðherrasætið, eins og einu sinni var komist að orði; og flana eftir því því þó einhver kunni að vilja núverandi ráðherra ofan úr því, álít eg ekki þingræðisbót. Það á ekki að fara eftir ofsóknum minni hluta, sízt ef hann færir ekki betri rök fyrir máli sínu en þetta.

Eitt á eg eftir og það er háttv. þm. Sfjk. (V. G.). Mig furðaði á því þegar hann kallaði það kotungshátt að taka $^1/_2$ mill. kr. lán. Þetta er af því að hann býr í landi, sem er auðugt og þekkir ekki ástand þjóðarinnar hér. Þetta er ekki lítið fé fyrir okkur. Mig furðaði líka á því, þegar hann sagði að lánskjörin myndi ekki verða eins góð í framtíðinni eins og hingað til, en álasar þó hæstv. ráðherra fyrir afskifti hans af þeim lánum, sem þegar hafa verið tekin. Þingið hefir ákveðið lána upphæðir og kjörin hvergi betri fánleg en fengist hafa.

Þá sagði hann, að meðferð sambandsmálsins hefði gert gagn inn á við, en ógagn út á við. Það er nú dálítið undarlegt, ef mál eru gagnleg á annari hliðinni, en ógagnleg á hinni. Eg skildi þetta ekki og vildi gjarnan fá skýringu á því, en helzt vildi eg að hún stæði ekki yfir í alla nótt. Það yrði þá að

minsta kosti að vera eitthvað betra og kröftugra en það sem enn þá hefir verið borið á borð, ef eg yrði ánægður með heila vökunótt yfir þessu hjali.

**Pétur Jónsson:** Háttv. þm. Dal. (B. J.) byrjaði fyrri ræðu sína með því, að hann ætlaði að tala nokkur orð um stefnu fjárlaganefndar og láta eldhúsmensku sína ganga út yfir hana. Eg varð hræddur í bráð, en létti þegar fram í ræðuna kom, því að yfirleitt heyrðist mér á honum fremur gleði en óánægja yfir nefndinni, þótt reyndar væru einstök atriði, sem hann gat ekki felt sig við. Eg álít nú ekki eiga við að fara að svara einstökum atriðum. Þau hljóta að koma fram við 2. umr., og þá mun eg gera grein fyrir stefnu nefndarinnar og ástæðum fyrir þeim. Háttv. þm. var meðal annars glaður yfir því, að nefndin hefir lagt til að hækka laun kennara við Mentaskólann. Þetta kom mér nú dálítið á óvart, af af því að hann var á móti frumv. þess efnis ekki alls fyrir löngu, og vildi þá ekki einu sinni laga það á þann hátt, sem hann nú telur að sé in mesta sanngirni. Hann endaði með því að minnast á skoðun nefndarinnar á ræðismensku þeirri, sem hann hefir haft á hendi undanfarin ár, og saknaði þess, að fjárveiting til þess skuli ekki vera tekin upp í fjárlögin. Þetta er ekki nema eðlilegt, þar sem honum er málið svo skylt. En eg vil benda á það, að þótt nefndin hafi ekki tekið upp sams konar styrk og áður til viðskiftaráðunauts, þá hefir hún gert ráð fyrir fjárveitingum í svipaða átt, sem kemur enn þá nær því sem margir meintu með fjárveitingunni 1909 til viðskiftaráðunautsins. Það getur verið, að sumir hafi meint það með henni, sem úr henni varð, en þorri manna átti þó við verzlunarerindreka, sem sérstaklega væru færir í verzlunarsökum. En það er réttast að geyma þessi einstöku atriði til 2. umræðu.

Það hefir nú verið nokkuð mikið um eldhúsdagsræður í dag, og þar er eg ekki vanur að leggja orð í belg, en úr því að eg hefi þurft að tala aftur, þá álít eg réttast, að gera um leið grein fyrir skoðun minni á þeim efnum, sem mest hafa verið rædd, og skal eg þá byrja á háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.). Hann talaði af nokkrum þjósti, eins og honum er hætt við, þegar hann talar til stjórnarinnar hér á þingi, og er það undarlegt, þar sem viðmót hans er alt annað utan þings, og það verkar svo á mig, sem er gamall kunningi hans, að mér fellur það illa og finst þessi tónn vera í ósamræmi við hans innræti og viðmót Í niðurlagi ræðu sinnar sagði hann, að stjórnin væri fylgislaus og þingið á móti henni í því sem hún vildi, og hún á móti þinginu í því sem það vildi. Þetta eru skýr orð. En þetta er líka það eina, sem hann kom með nýtt. Hitt, sem hann sagði, hafði, þótt það væri vel framflutt, flest eða alt staðið í blöðunum áður, og mun hann nú reyndar hafa skrifað margt af því áður sjálfur. Hann sagði »Alþingi«, eins og hann gæti dæmt það alt eftir neðri deild, og hefði nú verið réttara að segja bara neðri deild. En þegar eg nú svo tek til athugunar ástæðurnar og flokkaskipunina í neðri deild, hvort heldur líttð er á menn eða málefni, þá vita allir, að um samvinnu er þar ekki að tala, hvorki við stjórnina né innbyrðis. Ofan á eru flokkarnir taldir 4, en 2 af þeim slá sér alla vega saman á víxl, og aldrei er að vita, hvar lendir, og skapar þetta málunum óvissu. Og hvar er nú háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) staddur sjálfur. Flokksbrot hans eru þessar tryggu leifar Sjálfstæðismanna, sem í

fyrra urðu ekki eftir af nema 3 menn. Það voru þeir, sem sagt var að hefðu rekið hina 7 úr flokknum. Nú hefir þetta flokksbrot hnýtt sér aftan í annað álika stórt, sem upprunalega heyrði til sama flokki. Svo hefir þeim 2 flokksbrotum aftur verið hnýtt aftan í ið 3., gamla fjandmenn þeirra, Heimastjórnarmenn. Og þetta hefir skapað þá samtengingu, sem í sumar hefir beitt sér á móti hæstv. ráðherra í einstökum atriðum að minsta kosti. Og til þess að ná í meiri hluta í deildinni, hafa þeir orðið að ná í flokksleysingja, sem ætíð hefir verið reiðubúinn, þegar hefir átt að gera núverandi ráðherra eitthvað til miska eða móðgunar. Að þessi flokkabrot skuli hafa haft geð hvort á öðru til þess að vinna saman að þessu, er nú í sjálfu sér eitthvert einstakasta dæmi í þingsögu vorri. *(Skúli Thoroddsen:* En hvað er ráðherra fjölmennur?). Eg er nú að kanna liðið, og má helzt marka það af atkvæðagreiðslunni í lotterí-málinu, og ella þegar um eitthvað er að ræða, sem hæstv. ráðherra hefir verið hugleikið sérstaklega, þá hefir komið upp talan 13, þessi heillatala. En þetta er ekki meiri hluti hér, hvað þá meiri hluti þjóðkjörinna þingmanna. Og þeir sem leggja áherzluna á það, að mótspyrnan sé svo mikil hér, og þykir það undarlegt, að stjórnin skuli vilja sitja, eins og háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) lét í ljós, skulu gæta þess, að það er alls eigi víst, að þessir 13 þingmenn séu allir á móti stjórninni yfirleitt. Það hefir að minsta kosti stundum komið fram, þegar þess konar ætti helzt að sjást, að þá hafa einstakir menn úr þeirra hóp tekið það fram, að atkvæði þeirra beri ekki að skoða sem neina almenna vanþóknun á stjórninni. T. d. voru skattamálin feld hér með 12 : 12 atkvæðum. En eins og bent hefir verið á, voru þá 2 þingmenn, annar sem greiddi atkvæði í móti, en hinn hvorki með né móti, sem báðir voru meðmæltir stefnu frumv., og þeir tóku það báðir glögt fram, að það væru að eins smærri einstök atriði, sem þeir feldu sig ekki við, og að tími væri ekki kominn til á þessu þingi að útkljá málin.

Eg benti á það við meðferð fasteignaskattsfrumv., að yrði það felt, hlyti það að tákna þá stefnu þeirra er frumv. feldu, að þeir væru á móti beinum sköttum og vildu eingöngu óbeina. En nú hafa þessir háttv. þm. með yfirlýsingum sínum frelsað sig frá þeirri ályktun.

Þá er launamálið, sem hér var fyrir þinginu. Það er nú svo vaxið, að það er kannske ekki örðugt að fá menn til að vera á móti slíku frumv. Að minsta kosti geri eg ráð fyrir, að við bændur séum auðfengnir til að vera á móti launahækkun embættismanna. Og það er nokkuð eðlilegt. En hitt veit eg, að ýmsir af þeim sem atkvæði greiddu móti háttv. ráðherra í því máli, mundu álíta það ið mesta tjón, ef hann færi frá völdum nú. En jafnframt er eg fullviss um það, að margir þeirra manna, sem greiddu atkvæði móti launafrumv. og hjálpuðu til að fella það, eru ekki á móti stefnu málsins. Svo hygg eg t. d. muni vera um háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.), sem mér er sagt að hafi verið frumsmiður að háskólalögunum og átt frumkvæðið um það, hvernig þau laun, sem þar eru ákveðin, voru sett, og líka röksemdaleiðsluna fyrir því, hvers vegna launin *ættu* að vera þau sem þar eru ákveðin. Háttv. stjórn færði í athugasemdum sínum við því einmitt sömu rök fyrir hækkun launanna og háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) fyrir háskólalaununum og miðaði við þau þegar frumv. var sniðið. Þess vegna er eg viss um það, að jafnvel þótt háttv. 1. þm. Rvk. hafi greitt atkvæði á móti frumv., þá hefir það ekki verið af því,

að hann hafi verið á móti stefnu þess. Líku máli mun vera að gegna um háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.), sem situr nú í hálaunaðri stöðu, en þykist þó víst ekki ofhaldinn af því samt. Eg trúi því ekki, að hann sé svo ósanngjarn, að telja það eftir, að aðrir séu líka sæmilega launaðir, af því hann sjálfur er kominn á þá grænu grein. Þessir menn hljóta því að hafa greitt atkvæði á móti frumv. af einhverju öðru en því, að þeir hafi verið andvigir stefnu þess. Svona gæti eg talið upp hvern embættismanninn á fætur öðrum. Mig minnir líka, að háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) léti það í ljósi í blaði sínu, að öll sanngirni mælti með launahækkunni. Það má vera, að menn hafi ekki felt sig við einstök atriði þess, en það er sitt hvað og vera á móti stefnu þess. Eg hygg því, að fáir aðrir en bændur hafi verið móti stefnu frumvarpsins.

Háttv. 2. þingm. S.-Múl. (G. E.) fann hæstv. ráðherra það til foráttu, að hann hefði klofið heimastjórnarflokkinn og átt upptök að því, að hann gekk í tvær sveitir. Hér hefir háttv. þingmaður vikið inn á það, sem hingað til hefir verið talið einkamál flokka og er það satt að segja undarlegt af manni, sem samtímis gekk í þingflokkinn. En úr því að hann hefir leitt þetta inn í umræðurnar, og vegna þess, að þetta hefir verið gert að umtalsefni í blöðunum af félögum hans, þá virðist mér rétt að minnast lítið eitt nánara á það. Ef menn vissu sögu þessa máls og ið sanna um sundrungina, þá held eg að það mundi kasta skýrara ljósi yfir afstöðu hæstv. ráðh., en gert hefir verið í dag.

Eg skal þá fyrst leyfa mér að benda á það, að Sambandsflokkurinn, sem stofnaður var í þingbyrjun 1912, tók fyllilega við því »prógrammi« sem Heimastjórnarmenn höfðu haft sem »aðalprógram« áður. Auðvitað var hliðrað nokkuð til — en ekki í neinum aðalatriðum — til þess að nokkrir menn, sem ekki gátu gengið i Heimastjórnarflokkinn, gætu gengið í þennan nýja flokk. Í þennan flokk gengu svo allir Heimastjórnarmenn, nema tveir, sem þó voru samþykkir því »prógrami«, sem flokkurinn setti sér í þinglokin. Hér var ekki um annað að tala en það, hvort menn vildu hafa nafnaskifti á Heimastjórnarflokknum og fá viðbót manna í hann með því móti, eða Heimastjórnarmenn vildu halda áfram að vera út af fyrir sig.

Um þetta var ágreiningurinn, en alls ekki um stefnu, eða »prógram« flokksins. *(Lárus H. Bjarnason:* Þetta er ekki satt!). Jú, og eg get sannað það hvenær sem vill.

Menn geta nú skilið það, að þegar menn láta slíkt lítilræði sem heiti á flokknum greina á milli, þá er eitthvað annað »komið í spilið«, sem ræður meir en málefnið. Það sem átti að vera nægilegt til flokkssamheldis, var það, að menn væru sammála um sambandsmálið, því að ekkert annað mál hefir komið inn á þingið enn, sem hefir skapað nokkra aðra varanlega flokkaskiftingu. Það var sameiginleg ósk allra þessara manna í fyrra, að Hannes Hafstein tæki við ráðherraembætti og menn voru sammála um öll aðalatriði í stefnuskránni. Eg get því ekki skilið, þar sem engin breyting hefir orðið í þessu efni, að menn kjósi það að annar taki við en sá, sem hafði samhuga traust allra þessara manna á þinginu í fyrra.

En hvað var nú því til fyrirstöðu, að þessir menn gætu verið í Sambandsflokknum? Eg hefði getað skilið að það hefðu verið þessir nýju viðsjálsgripir, sem teknir voru upp í hann úr fyrververandi fjandaflokkum. Það lifir lengi

í gömlum glæðum og er oft erfitt fyrir þá, sem hafa staðið öndverðir hvorir á móti öðrum, að gleyma því með öllu og fá tiltrú hver á öðrum.

En eg er hræddur um, að reynslan sé búin að skera úr því, að það er ekki þetta hreinlæti, sem fyrir þeim burtviknu heimastjórnarmönnum hefir vakað, því að strax og þeir eru komnir úr flokknum, fara þeir að hafa mök við sína fyrri fjandmenn og sína verulegu mótstöðumenn í sambandsmálinu. Þetta er það sem skapar óheilindi og gerir erfitt fyrir hæstvirtan ráðherra að vita, hvort hann er keyptur eða seldur. Þegar svona er ástatt, þá er ekki gott að vita, hvernig blæs þann og þann daginn. Reynslan verður að skera úr því, hvaða fylgi þessir menn hafa. Enn hafa þeir ekkert látið í ljós opinberlega, sem nokkuð sé markandi. Þeir hafa ekki borið fram vantraustsyfirlýsingu eða neitt í þá átt. Eg er viss um það, að meiri hluti þingsins óskar þess, að hæstvirtur ráðherra hafi þol til að sitja í sætinu, þrátt fyrir þá atburði sem orðið hafa síðan þing byrjaði og öll óþægindin og leiðindin, sem hann hlýtur að finna til út af þessum glundroða í þinginu.

Eg er þakklátur hæstv. ráðherra fyrir það, að hann hefir ekki látið neina atburði, sem fyrir hafa komið, þoka sér til þess að kasta frá sér

[Hdr. af niðurlagi ræðunnar, 4 hálf-blöð skrifuð, vantar. Hefir einhver þingmaður, sem í leyfisleysi forseta fengið fundarhandritið léð af Lestrarsalnum, týnt því. — *J. Ó.*].

**Jón Magnússon:** Eg ætla að eins að segja fáein orð. Tal margra háttv. þingmanna hefir hnigið að því, að þeir furða sig á því að hæstv. ráðherra skuli sitja þrátt fyrir það, sem fram hefir farið á þinginu. — Mér kemur mjög á óvart, að háttv. þingmenn skuli furða sig á þessu, því það er í fullu samræmi við þá venju, sem hefir gilt hjá okkur síðan við fengum innlenda stjórn.

Í þau 2 skifti sem ráðherra hefir orðið að fara frá, vegna þess að þeir hafa fengið meiri hluta þings á móti sér, þá hefir verið krafist vantraustsyfirlýsingar frá meiri hluta þjóðkjörinna þingmanna. Geti slík yfirlýsing ekki fengist, finst mér það bera vott um, að meiri hluti þingsins vilji ekki að hann fari.

Það var að eins þetta, sem eg vildi benda á. Annars vil eg taka það fram, að eg er yfirleitt sammála háttv. þingm. S.-Þing. (P. J.) um það er hann sagði í ræðu sinni,

**Lárus H. Bjarnason:** Háttv. þm. Dal. (B. J.) var að spá því, að dómur sögunnar um okkur, sem fylgdum millilandafrumvarpinu 1908 og fylgjum enn, mundi verða mislitur, en dómurinn um hann og hans líka bjartari. Eg skal engu spá um þetta umfram það, að þá gæti eg vel trúað, að háttv. þingmaður Dal yrði ekki talinn sakhæfur um gerðir sínar í sambandsmálinu og því sýknaður.

Háttv. svo kölluðum fyrri þingmanni Rangv. (E. J.), sem sumir eru farnir að kalla 7. konungkjörinn, þarf eg ekki að svara. Hann talar nálega alt af» svart« og alt af af *sjálfráðum* ástæðum, sér og kjördæmi sínu til lítils sóma, hann virðist beint hafa tekið »patent« á því að tala svart. Honum svara eg aldrei öðru.

Háttv. þingmann S.-Þing. (P. J.) verð eg að taka alvarlegar, af því að við höfum áður fylgst að, ofan á að minsta kosti, og eg matið hann mikils í sumu. Mér þótti undarlegt, að hann skildi fjórum sinnum í sömu ræðunni nefna taglhnýtinga, því satt að segja hefi eg aldrei

heyrt hans getið sem nokkurs forustusauðs.

Háttv. þingm. sagði, að allir Heimastjórnarmenn — að 2 undanskildum — hefðu skilyrðislaust gengið í Sambandsflokkinn. Það þótti mér undarlegt að heyra, enda vænti eg þess, að háttv. þingm. Vestm. muni ekki samsinna því, sízt er hann er mintur á það.

Eg gekk í Sambandsflokkinn með þeim skilyrðum, sem eg les nú upp og eiga að vera bókuð í gerðabók Sambandsflokksins 18. Ágúst 1912:

«Samþykki tillögurnar (o: þingbræðinginn) með þessum fyrirvara: 1. greiði þeim atkvæði sem lausum samningstilraunum, en í fullu *vonleysi* um framframgang þeirra; 2. tek frumv. 1908 óbreyttu, hvenær sem það fæst; 2. tek *ekki* lakari kostum óneyddur«.

Það er heldur ekki rétt, að »Samb.-flokkurinn« hafi tekið upp »prógram« Heimastj.flokksins, hvorki að *efni* eða *aðferð*. Heimastjórnarflokkurinn batt sig við millilandafrumv. sem *lág*mark og barðist fyrir því í fullri *dagsbirtu*, en »Sambandsfl.« bræðir, og bræðir og nú loks »grút« og gerir alt — í laumi. Vitna eg til háttv. þm. Vestm. (J. M.) um fyrirvara minn af því, að hann geymdi öll þingbræðingsfrumv. og þar á meðal mitt með nefndri áríðuninni um nokkuð langan tíma, en þar að auki voru nokkuð fleiri úr Heimastjórnarflokknum, sem gengu í Sambandsflokkinn svokallaða með fyrirvara, og fleiri mundu hafa gert en gerðu, ef þeir hefðu varað sig á ráðherra, Eg er þess minnugur, að ráðh. gekk með skjal meðal þm. í Júlí 1912 til að safna loforðum undir »föst samtök«, og kallaði óbreytt fundarboð. Sumir þeirra manna, sem skrifuðu undir skjalið, sleptu fyrirvaranum af því að þeir trúðu ráðherra, að blaðið væri ekki annað en óbreytt fundarboð. Skal eg nefna mennina, ef á móti verður borið.

Þá var háttv. þm. S.-Þing (P. J.), að brigzla Heimastjórnarflokknum, sem hann heyrir *ekki* til nú, um leynileg samtök við forna andstæðinga. Hann hefði ekki átt að tala svo digurt, og sitja samt á flokksfundi með þingm. Seyðfirðinga og bróður sínum og fleiri fornum andstæðingum. Hann hefði heldur ekki átt að tala um leynimakk maðurinn sá, sem ekki hafði þrek til að vera kyr í Sambandsflokknum, en skreið í Bændaflokkinn af því að hann vissi að Sambandsflokkurinn mundi héðan af bera keim af »grútnum« og sá matur ekki líklegur til að verða tálbeita fyrir kjósendur. Annars get eg sagt hv. þm., og þm. veit það ósagt, að ekkert leynimakk er milli Heimastjórnarþingflokksins og Sjálfstæðisþingflokksins um fram það, að þeir, og ekki allfáir úr Bændaflokknum, hafa fylgst að nokkrum málum. Og skynbærir menn hneykslast ekki á því, eða hefir svokallaður Sambandsflokkur ekki gert sama? Og hvernig ættu smáflokkar yfirleitt að koma nokkru fram án þess? Yfirleitt situr það ekki á hv. þm., að tala um pukur eða óheilindi annara. Til þess er sumum of minnisstæð afskifti hans af Íslandsbankafrv. á Alþingi 1901.

Háttv. þm. var að skjóta fram einhverjum ógnunum, mér skildist helzt um þingrof, en eg hygg, að Heimastjórnflokkurinn óttist ekki fremur þingrof, en Sambandsflokkurinn og leyniafleggjarar hans í Bændaflokknum. Hann hefði ekki slept stjórnarskránni út úr deildinni, ef svo hefði verið.

Þá ætla eg að víkja nokkrum orðum að hæstv. ráðherra. Hann byrjaði ræðu sína með því, að erfitt væri fyrir sig að svara ræðu minni og er það undarlegt, því hún var þó ekki ný. Það var

sama ræðan, sem eg flutti í upphafi ársins að hæstv. ráðherra áheyrandi, enda hafði eg sagt ráðherra, að eg mundi hreyfa gufaskipasamningnum á eldhúsdaginn. Mér verður þó tæpast brugðið um, að eg vegi að ráðherra óvörum eða óviðbúnum, enda held eg að mér láti brjóstvíg fult svo vel sem bakvíg.

Hæstv. ráðherra sagði, að hann skildi ekki þennan langa talnalestur minn. Eg hafði talið upp ferðafjöldann, skipafjöldann o. s. frv. Eg hélt að svo listfengur maður gæti skilið annað eins og það, að aftan hverrar myndar, sem vel á að sjást, verður að standa skýrt baksvið, svo sem á mörgum málverkum kringum oss, munurinn á yngri og eldri samningnum sést ekki nema með samanburði.

Hæstv. ráðherra sagði, að önnur ástæðan til þess að hann hefði breytt samningnum um millilandaferðirnar væri sú, að fragtir hefðu verið orðnar svo háar á heimsmarkaðinum, honum værum við ekki herrar yfir. Það er öldungis rétt, það erum við ekki, en þeim mun ríkari var ástæðan að halda kostunum frá 1909 um *umsamið lágt* fargjald og farmgjald. En eins og ástæðan fyrir hæstv. *ráðherra* var rík til að *halda í* samninginn, að sama skapi var hún vitanlega fyrir ið *Sameinaða* að reyna að *smokka* sér *undan* samningnum.

Þá sagði ráðherra, að hin ástæðan til þess að hann hefði vikið frá samningnum við Sameinaða um *millilanda*ferðirnar, væri, að slitnað hefði upp úr Thore-samningnum, en Thore-samningurinn var ekki um millilandaferðirnar, heldur *strand*ferðirnar, svo það var engin ástæða, enda stóð sitt félagið að hvorum samningnum.

Hæstv. ráðherra sagði, að þeir kostir, sem eg hélt fram að við yrðum að búa við, væru ekki eins þungir og eg lýsti þeim, og bætti því við, að eg hefði talað alt í »procenttölum« líklega til að villa. En hvernig getur maðurinn sagt þetta? Eg nefndi að eins tvisvar procentur, en bar alt af undantekningarlaust saman krónur og auratölur. Hann vildi ekki gera tap landsmanna meira en um 13000 kr. og sagði það ekki nema meiru en verðhækkun á kolum og vörutolli. En við þennan útreikning er ýmislegt að athuga. Fyrst það, að ráðherra taldi að eins hækkun gjalda á *strandferða*skipunum, en slepti *millilanda*skipunum, sem gjaldhækkunin kemur vitanlega miklu harðara niður á. I annan stað varðaði oss alls ekkert um *verðhækkun* kola eftir samningnum frá 1909 Í þriðja lagi hefir ráðherra lofað að endurgjalda *vörugjaldið* af kolum og ætti því ekki að þurfa að tvíborga það. Og í fjórða lagi var alt tíundarframtal hans órökstutt slump.

Þá skildist mér hæstv. ráðherra vilja þakka sér, að ekki hefði hækkað far- og farmgjald milli Íslands og Danmerkur. En eins og það var ekki Gvendi að þakka »að hún Gunna flaut«, eins er gamla gjaldhæðin hér ekki ráðherra að þakka, heldur margreyndri umhyggjusemi Dana, að halda verzlun vorri undir sig með því að bola aðrir þjóðir frá með þyngri kjörum.

Þá sagði hæstv. ráðherra, að farmgjaldshækkun milli Leith og Íslands væri ekki samningi sínum að kenna, heldur samningnum frá 1909, bornum saman við samninginn 1907. En *til hvers* áskildi félagið sér og leyfði ráðherra félaginu breytingu á farmgjaldi í 2. gr. samn. frá 1912, hafi félagið þegar áður haft þann rétt?

Í 2. gr. samningsins frá 1909, Stj.tíð. 1909, B, bls. 181 stendur:

»Gjaldskrá um fargjöld og farmgjöld skal samþykt af stjórnarráðunum og mega gjöld þessi ekki vera hærri en til er tekið í samningi um

um gufuskipaferðir fyrir árin 1908 og 09 bæði milli Danmerkur og Íslands og milli Leith og Íslands og hvora leiðina sem er«.

Gjaldskrár, þær sem hér er getið um, voru gerðar *eftir* dagsetningu samningsins frá 1909 og giltu fyrir *alt* í höndfarandi 10 ára tímabil.

Nei, ráðherra mátti ekki raska samninginum frá 1909 um millilandaferðir umfram það, sem Alþingi 1912 veitti heimild til, og það leyfi náði einungis til útlendra »turista« og umhleðslugjalds.

Þá sagðist hæstv. ráðherra hafa fengið stóra ívilnun oss til handa svo sem í notum þeirra, sem hann hafði veitt félaginu, og átti þessi ívilnun að vera í því fólgin, að félagið flytti nú póst kauplaust. En við þetta er bara það að athuga, að félagið var skyldugt til að flytja allan póst kauplaust, sbr. 3. og 4. gr. samningsins frá 1909, enda hefir félagið flutt allan póst til allra póststöðva landslandsins kauplaust frá upphafi og til þessa dags.

Þá hélt hæstv. ráðherra því fram, að ekki hefði verið hægt að fá betri strandferðir en þær, sem hann hefir fengið. Slíkt er altaf hægt að segja. En ráðherrann hafði ekki leitað nema til Sameinaða og ef til vill Bergensfélagsins. En veröldin er stærri en Kaupmannahöfn og Bergen. Eg hefi heyrt að Frakkland og England eigi t. d. skip.

Eg spurði, hvers vegna ekki hefði verið þrýst fastara að »Thore«. Upp á þá spurningu svaraði hæstv. ráðh. með upplestri bréfs frá stjórn »Thore« þess efnis, að félagið mundi verða gjaldþrota ef það yrði ekki leyst frá samningnum skilyrðislaust. Eg gat ekki að því gert, að þetta minti mig á söguna um dómarann sem spurði þjófinn: »Hefirðu stolið?«, og bætti við, þegar þjófurinn neitaði: »Jæja, þá ertu góður. Þú mátt fara«. Eg held að »Thore« hefði varla orðið gjaldþrota þó að hann hefði t. d. orðið að flytja póstflutning ókeypis, og ekki hefði það verið mikið móts við samningsuppgjöfina.

Eg spurði, hvers vegna samningum um strandferðirnar hefði ekki verið frestað. Hæstv. ráðherra svaraði því, að Sameinaðafélagið hefði ekki þolað neina bið, það hefði grætt 30,000 kr. á »Hólum« og »Skálholt«, hvoru um sig, og óforsvaranlegt hefði verið að láta það bíða lengi, úr því að það það hefði aumkvast yfir oss í »sárri nauðsyn vorri«. Trúi því hver sem vill, að félagið hafi gert þetta í gustukaskyni við oss. Því trúir enginn hér, að undanteknum háttv. 1. þm. Rangv. (E. J.), sem trúir öllu sem í hann er látið af ráðherra.

Eg hafði ætlað mér að víkja nokkuð að »grútnum« svokallaða, en háttv. þm. Sfjk. (V. G.) er nú búinn að taka flest það fram sem eg vildi hafa sagt og hefi sagt nokkuð ítarlegar á öðrum stað þegar í Desember 1912. Þó get eg ekki verið háttv. þm. samnála um það, að »bræðingurinn« hafi verið til nokkurra bóta, hvort heldur hér eða í Danmörku, heldur þvert á móti.

Það var skemd að bræðingnum fyrst og fremst að því leyti til, sem hann fór skemra en millilandafrumvarpið, og þar næst að svo miklu leyti, sem hann gerði nýjar kröfur af vorri hendi, með því að vitanlegt var, að þá mundu koma nýjar kröfur í móti af hendi Dana, sem og varð, sbr. Desemberburðinn. Þá var það og ekki sízt til skemda, *hvernig* með bræðinginn var farið, alt leynimakkið jafn óhyggilegt og þarflaust, sem það var ljótt, enda fyrirsjáanlegt að það mundi sundra einkavígi sambandsmálsins, Heimastjórnarflokknum. Og er nærri sorglegt að vita til þess að til þessa skyldi verða sá maður, sem mestan þátt átti Íslendinga í millilandanefndar-

árangrinum. Þetta er því sorglegra, sem það er líklegt, að millilandafrumvarpið hefði getað gengið fram bæði hjá þingmönnum og eins hjá kjósendum eftir alþingiskosningarnar 1911, og þá líklega einnig hjá Dönum, ef því hefði verið tekið bæði á þingi og við atkvæðagreiðslu með kjósendum.

Heimastjórnarmenn voru svo traustir eftir kosningarnar 1911 og sjálfstæðismenn svo sundraðir eftir ið alkunna »spark«, að hefðum vér allir gengið fram í þéttri fylkingu, þá hefði málinu mátt vera borgið bæði á þingi og hjá almenningi. Nú er millilandafrumvarpið ef til vill úr sögunni og að minsta kosti ekki til neins að hreyfa því af hendi Íslendinga í fyrirsjáanlegri framtíð. *Það er drangurinn af brœðings- og grútarmakkinu.*

Hæstv. ráðherra mátti manna bezt vita, að heimastjórnarmenn eru ótrauðir bæði í leiði og barningi, enda mér ljúfara, nú er við erum skildir, að minnast bæði sigranna, sem við höfum unnið saman og slettanna, sem við höfum fengið, heldur en ágreiningsins út af brœðinginum og Desemberfylgju hans. En ráðherra hefir verið búinn að gleyma því, að þó að satt sé að:

»Altaf má fá annað skip
og annað föruneyti«,

þá er hitt fult svo satt, að öllum skipum tekur ekki jafn-vel og að það getur skift nokkru máli, hvert föruneytið er.

Ef efast ekki um, að það hafi verið hæstv. ráðherra hjartans mál, að koma sambandsmálinu í gott horf. En góður vilji er ekki alt af einhlítur, og var það að minsta kosti ekki nú, því að sambandsmálinu er nú svo spilt, að lítil von er um viðunanlegan framgang þess í fyrirsjáanlegri framtíð.

Eg hygg að augnabliks tilfinningar hafi nú, svo sem stundum áður, ráðið of miklu hjá ráðherra, að skáldið hafi verið sterkara en stjórnmálamaðurinn. Og er þá ekki undarlegt, þó að líkt hafi farið fyrir honum og »Stormsvalen« hjá Hinrik Ibsen:

For tung for Luften, for let for
Bølgerne,
Digter-fugl — Digter-fugl, der har
vi Følgerne.

**Ráðherrann (H. H.):** Eg skal ekki tefja fundinn með langri ræðu. Það sem eg vildi segja, voru fáein orð út af ræðu háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) um gufuskipasamninginn.

Eg lét í ljósi á þingi í fyrra, að eg teldi mig hafa heimild til þess að breyta samningnum og þá mælti enginn á móti því. Þetta stendur prentað í þingtíðindunum. Eg er enn sömu skoðunar, að eg hafi ekki þurft neitt leyfi til að gera þessar smábreytingar á samningnum.

Háttv. þm. kvartaði yfir því, að ekki væri fulluægt því, er eg gaf í skyn í fyrra, að þótt hækkuð væri fargjöld á 1. farrými milli landa á stærstu skipunum, þá mundu Ísleningar, sem fara héðan til útlanda og heim aftur, fá uppbót á þessu í *túr* og *retúr* farmiðum. En þetta er einmitt svo útbúið, þó að það standi ekki með berum orðum orðum í samningnum. Það þótti óviðkunnanlegt að setja það þar, en að þetta þó er aftalað, sézt á skjölum málsins.

Það er er enginn vafi á því, að félagið gat breytt farmgjaldstöxtunum frá Leith eins og gert hefir verið í nokkrum atriðum, án þess að breyta samningum frá 1909. Í þeim samningi er sem sé skírskotað til samningsins 1907, en þar er með berum orðum sagt, að mismunur á Hafnartöxtum og Leithtöxtum megi vera 10%. Svo mikill var

munurinn ekki þá á fáeinum vöruteg-undum og þetta hefir verið sett í fram-kvæmd nú. Það er alt.

Háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) kvaðst ekki skilja, hvernig heimsfragtirnar hefði áhrif á samninga vora. Eg vona, að það sé öllum öðrum skiljanlegt, og nenni ekki að fást frekara við að útlista svo auðskilið mál.

Eg lýsti yfir á þinginu í fyrra skil-yrðunum fyrir nýjum samningum um strandferðir við Sameinaða og var það þá víst, að við yrðum neyddir til þess að gera þessar litlu breytingar á milli-landasamningnum, enda mælti þá enginn á móti. Og það er víst, að ómögulegt var að fá samning um strandferðir í fyrra haust með vægari kjörum, en feng-ust. Háttv. þm. Dal. (B. J.) þarf eg ekki að svara. Það var ekkert nýtt í ræðu hans.

Háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) gat þess, að kolaeinokunarfrumv. væri um að kenna að lánstrausti landsins væri glat-að. Sagði hann því til sannindamerkis, að svo mikið uppþot hefði orðið út úr því frumv. út um heim, að 7 ríki hefðu sent sendi*nefndir* til utanríkisráðuneyt-isins danska til þess að mótmæla þeirri óhæfu. Er maðurinn virkilega svona auðtrúa? Sannleikurinn er sá, að 3 sendiherrar, sem eiga heima í Kaup-mannahöfn, mættu þar og höfðu umboð frá einhverjum stéttarbræðrum sínum, sem líka eiga þar heima til þess að gæta réttar þeirrar og varna því, að fiskimenn frá þeim löndum biðu óhag eða hindrun í atvinnurekstrinum hér við land með þessum lögum. En slíkt er alveg algengt í öðrum löndum. Ef ein-hver sendiherra telur möguleika á því, að menn úr hans ríki bíði halla af ein-hverjum lögum, sem í aðsigi eru, þá fer hann strax á stúfana og mótmælir frumv. upp á kraft. Slíkt er alvanalegt og eru ekki nein stórtíðindi, sem sett geti lánstraust eins lands á heljarþrömina. Annars er lítill vafi á því, að ef fast hefði verið haldið á vorum málstað gagnvart sendiherrunum viðvíkjandi kolafrumvarpinu og reynt að færa þeim heim sanninn um rétt vorn í þessu efni, þá hefði þessum mótmælum ekki verið haldið frekara til streytu, en svo afar-mörgum sams konar tilraunum af land-anna hálfu til þess að gæta fjárhags-legra hagsmuna sinna þegna út á við.

Háttv. þm. N.-Þing. getur reitt sig á það, að vantraust útlendinga á landinu er eldra en frá í fyrra. Það er kvikn-að fyrir 1911. Sú breyting, sem á því er að verða, er þó heldur til batnaðar en hitt.

Sami háttv. þm. gat þess, að hann vissi til þess, að maður hefði keypt hlutabréf af Íslandsbanka. Þetta getur ekki verið rétt öðruvís en svo, að ann-aðhvort hafi bankinn verið beðinn að selja þau fyrir aðra eða Schou banka-stjóri sjálfur privat átt einhverja aktíur, sem hann hefir selt. Um handveðslánin er það að segja, að það er altítt, að stórir bankar, t. d. Nationalbanken, lána út á sín eigin hlutabréf, og Íslandsbanka er lögleyft, að gera það innan fastra takmarka.

Háttv. þm. N.-Þing. talaði enn um »*uppþot*«, sem orðið hafi í Kaupmanna-höfn út úr Íslandsbanka. Eg held, að þetta sé talsvert orðum aukið; menn hafa þar yfirleitt verið rósamir og sjálf-sagt sofið fullum svefni fyrir bankanum. En það er satt, að verðfall varð á hluta-bréfum bankans, og kom víst aðallega til af ýkjufregnum um skuldir eins fé-lags við bankann, og þar af leiðandi beyg.

Það hefir verið kvartað yfir undir-búningsleysi af hálfu stjórnarinnar undir ýmis mál. Út af því skal eg geta þess,

að þótt undirbúningurinn kunni ekki að jafnast á við það, sem er í inum stóru löndum, þar sem starfskraftarnir eru ágætir, þá er það eigi svo undarlegt. Hér stendur nokkuð sérstaklega á. Hér verður lagaundirbúningurinn viðbót við in miklu daglegu störf, sem starfsmenn stjórnarráðsins verða að inna af hendi, án þess nokkrum starfskröftum sé við bætt. Eg varð að sigla rétt eftir þing í fyrra, kom ekki heim fyr en undir Jól, en málin þurftu öll að vera tilbúin í Apríl, áður en eg sigldi á konungsfund. En það sem hægt hefir verið að gera, hefir stjórnarráðið viljað gera. Að eins fjárlagafrumvarpið er mikið verk; önnur frumv. tóku einnig drjúgan tíma og erfiði. Mér er kunnugt um, að ekki var slælega unnið að lagasmíðinni, mjög oft langt fram yfir venjulegan starfstíma.

Háttv. þingm. Sfjk. (V. G.) sagði, að samgöngumálið væri illa undirbúið. Það get eg ekki kannast við. Með erfiðleikum og eftir langar málaleitanir fékk eg Sameinaða gufuskipafélagið til að lofa að endurnýja samningana um strandferðir í 1—2 ár, ef alt um þryti. Auk þess hefi eg haft mikla samningaviðleitni í Noregi og haft þar menn fyrir mína hönd til þess, enda er þaðan von á tilboði, sem er talsvert undirbúið, en eg veit ekki fyllilega, hvernig verður, en býst þó við, að nota megi í nauðum. Eg gat ekki átt við íslenzka gufuskipafélagið ófætt, enda er það ekki enn komið á fót og hefir ekki snúið sér til stjórnarinnar. Stjórnin hefir auðvitað ekki getað átt við að undirbúa lántöku í því skyni að taka þátt í því félagi. Það hefir aldrei staðið til né á það verið minst. Aftur á móti hefi eg nú undirbúið símalán, það sem í ráði er; eg hefi við höndina samningsuppkast, sem ekki er annað eftir við að gera en undirskrifa. Kjörin eru ágæt: 4 % og afborgist á 30 árum með jafnverði. Það er ekki rétt, að ekki hafi verið reynt að útvega landinu lán utan Danmerkur. Það hefir t. d. verið reynt í París, en peningamenn þar vilja heldur exotiska pappíra en íslenzk skuldabréf. Það hefir sömuleiðis verið reynt í London, en reynst ómögulegt að fá þar lán handa Landsbankanum eða landssjóði, nema því að eins að privatmönnum séu þá jafnframt veittar Concessionir til að gera mannvirki hér eða því um líkt. Þessu líkt býst eg við, að háttað hafi verið um kunningjalánið, sem hv. þm. Sfjk. (V. G.) sagði, að einn maður hefði fengið í Frakklandi. Eg ímynda mér, að slíkir skilmálar geti reynst fulldýrir á endanum. Menn eru að tala um, að það sé kotungsháttur að segja, að $^1/_2$ millión kr. sé mikið fé, og jafnvel að örðugleikarnir á því að fá lán muni stafa af því, að við heimtum ekki miklu stærri upphæðir. En eftir minni skoðun er hálf milión mikið fé fyrir Ísland, eins og nú stendur. $^1/_2$ milióna kr. lán fyrir oss, er samskonar og 21 milióna kr. fyrir Dani og 500 milióna kr. lán fyrir England. Vér megum ekki skoða oss sem stórveldi; oss ríður á að fara varlega og vaða ekki blint í sjóinn, hvorki þegar um fjármál né annað er að ræða.

Menn þurfa ekki að hugsa það, að hægt sé að vefja útlendum lánveitendum um fingur sér. Þegar leitað er lánanna, spyrja þeir auðvitað fyrst og fremst, hver íbúatala landsins sé, þjóðareignin, hagur landssjóðs og tekjur o. s. frv., og eftir því fer, hvort lánið fæst og hve stórt.

Meiri næturtíma mun eg ekki eyða í þetta, enda er nú orðið framorðið. Þakka eg nú fyrir skemtunina í dag, og býð góðar nætur, bæði þeim sem hafa spreytt sig móti mér, og hinum, sem hafa lagt mér liðsyrði. Vona eg, að vér skiljumst allir svona hér um bil

jafn-góðir vinir eins og við vorum í morgun, þrátt fyrir þessa sennu.

**Eggert Pálsson:** Eg skal ekki vera langorður. Eg stend upp sérstaklega af því, að bæði hæstv. ráðherra og háttv. framsögumaður hafa vitnað til atkvæðagreiðslu minnar um skattamálin. Þeir hafa báðir gefið það í skyn, sem er alveg rétt, að eg hafi greitt atkvæði móti frumvarpinu vegna þess, að eg taldi skattamálin illa undirbúin að vissu leyti, sérstaklega að því er tekur til gjaldenda sjálfra. Þetta er rétt hermt. En eftir ummælum þeirra, sérstaklega háttv. framsögumanns, þá verð eg að álíta, að þeir hafi tekið ástæður mínar til að greiða atkvæði móti frumvarpinu góðar og gildar, þótt þeir sjálfir og þeirra flokksmenn hafi greitt atkvæði með því að demba þessum sköttum á þjóðina alveg óviðbúna. Nú þar sem þeir háttv. framsögumaður og flokksbræður hans viðurkenna, að ástæður mínar móti frumvarpiu hafi verið góðar og gildar, en greiða þó sjálfir atkvæði með frumvarpinu, hvað liggur þá nær en að segja, að einmitt þeir hafi látið leiðast af flokksfylgi?

Aðalástæða mín móti frumvarpinu var þessi: að steypa ekki sköttunum flatt upp á þjóðina. En auk þess lágu til þess fleiri ástæður, sem eg man ekki hvort eg tók fram, nema þá lauslega. Skattafrumvörpin stóðu í óbeinu sambandi við launahækkunarfrumv. Það er ljóst, að fyrst útgjöldin voru aukin með þeim, þurfti að útvega einhverjar tekjur til að standast þau. Skattafrumvörpin voru ráðið til þess. En nú höfðu nálega allir þingmenn, stjórnarliðar þar á meðal, lagst á eitt með að stytta launafrumvörpum stjórnarinnar aldur. En þar með var þá líka fallin ástæðan til þess að halda uppi dilkunum, sem stóðu í óbeinu sambandi við launahækkunarfrumv., eg á við skattafrumvörpin. Þá var eðlilegt, að þau félli líka.

Þar sem í mig hefir verið vitnað, að því er kemur til skattamálsins, þá hefði einnig mátt á það líta, að svo virðist sem eg hafi reynst stjórninni hellubjarg að ýmsu öðru leyti og angrar mig það ekki, meðan eg get það með góðri samvizku. Það er satt, að in síðari árin hafa vegir stjórnarinnar og mín greinst að, og liggja rætur þess nokkuð aftur í tímann. Er þar fyrst til að taka, er bræðingurinn hófst, sem svo er nefndur; þá sá eg, að þar af mundi ekki leiða neitt gott. Þóttist eg sjá, að ef í nokkuru væri breytt grundvellinum, sem frumvarpið 1908 hvíldi á, þá mundi hinn málsaðilinn (ɔ: Danir) líka vilja breyta, eins og raun bar vitni um.

Kemur þetta heim við skoðun og ummæli háttv. þingm. Sfjk. (V. G.). Þetta lét eg margsinnis í ljós á síðasta þingi, enda þótt eg gengi þá eins og aðrir á meðan þing stóð, í Sambandsflokkinn, er eg gerði þó bæði seint og tregur. Gekk mér það til, að gera það að lokum, að eg vildi ekki láta núa mér því um nasir, að eg hefði stuðlað að því, að sambandsmálið næði ekki góðri höfn, sem bæði hæstv. ráðherra og aðrir gerðu sér vonir um að gæti orðið með samtökunum. En reynslan sýndi brátt, að úr þeim góðu vonum varð nú æði lítið og þegar eg kom suður í vor, frétti eg, að ekki ætti að hreyfa sambandsmálinu að sinni. En þrátt fyrir það, að ekki átti að hreyfa við sambandsmálinu i neinni mynd var á fundi í Sambandsflokknum gerð samþykt um að halda Sambandsflokknum uppi. Slíkan leikaraskap get eg fyrir mitt leyti ekki fallist á. Eg gat ekki séð, að sá flokkur hefði nokkuð að þýða, nema nafnið eitt, þar sem hann hafði ekkert mál framar að markmiði sínu. Eg gat enga hvöt

fundið hjá mér til þess að ganga í algerlega stefnulausan og markmiðslausan flokk. Eg er ekki svo gerður, að eg vilji sníða af mér mitt gamla nafn, heimastjórnarmannsnafnið, og gerast Sambandsflokksmaður, engu máli til gagns. Eg sé það líka, að sumir, sem gengist hafa fyrir stofnun Sambandsflokksins, hafa stofnað nýjan flokk, og þá líklega þótt, eins og mér, Sambandsflokkurinn vera óþarfur í eðli sínu. Þeirra á meðal er sjálfur háttv. framsögumaður fjárlaganefndar. (*Sigurður Sigurðsson:* Hann á engan þátt í stofnun Bændaflokksins). Hann hefir þó gengið í hann. Eg hélt mínu gamla heiti, en hæstv. ráðherra og nokkrir með honum tóku sér nýtt heiti; að því leyti skiftust vegir.

En þetta hlaut með fram að leiða til þess, að augu mín urðu opnari fyrir göllum hans og manna hans, en meðan eg var í flokki með honum og þeim.

Er það eðlilegt, að þeir sem vinna í flokki saman, séu glámskygnari á ýmis lýti hver annars, heldur en aðrir, sem standa utan þess flokks. Því er raunar ekki svo háttað um mig, að eg hafi engin lýti á stjórnmálafari hæstv. ráðherra séð áður; en hingað til hafa þau ekki verið svo stór, að eg áliti ástæðu til að ýta honum frá völdum. Eg hefi látið mér nægja að finna að við hann, svo sem t. d. í lotterímálinu; það sem réð atkvæði mínu í því máli, var það aðallega, að eg vildi ekki láta skapa ilt fordæmi, er ráðherra gæti vitnað í við meðferð annara mála síðar meir.

Mér þykir gott meðan vegir okkar og skoðanir skiljast ekki meir en svo, að eg þurfi ekki að verða til þess að bregða fæti fyrir hann. En til þess getur vitanlega dregið, svo fyrir mér sem öðrum.

Eg lít svo á, að eg hafi ekki vikið eitt hænufet frá minni gömlu stefnu eða skoðun, en það hefir hæstv. ráðh. gert að ýmsu leyti, sem von er til, þar sem hann nú verður fyrir áhrifum annarra manna en þeirra sem hann hefir áður stuðst við. Hingað til hefir ekki verið að ræða um vantraustsyfirlýsing til ráðherra, og tregur mundi eg til að styðja hana enn sem komið er, því að gamlar taugar bresta seint, þótt þær geti bilað um síður.

**Framsögum. (Pétur Jónsson):** Ekki þurfti háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) að taka sér nærri orðið »taglhnýtingur«, sem eg nefndi. Eg hefi aldrei álitið hann vera það. Það er öllum ljóst, hvernig stóð á burtför hans úr Sambandsflokknum; hann gekk þar á undan og hepnaðist honum að hafa með sér nokkura góða Sambandsmenn; en hann hefði átt *að fara einn.* Eg kallaði þá ekki heldur taglhnýtinga, sem með honum fylgdust. En þegar einu litlu flokksbroti er tengt aftan við annað lítið flokksbrot og því síðan aftan í ið þriðja, þá má með sanni segja, að þar séu taglhnýtingar taglhnýtinganna. Það má líka hafa önnur orð, virðulegri, um það. Slíkum tengslum má vel líkja við járnbrautarlest, þar sem hver vagninn er festur við annan, og vita þá allir, að lokomotivið er háttv. 1. þm. Rvk.

Háttvirtum þingmanni fanst mér ekki farast að vera að tala um taglhnýtinga — eg hefði aldrei verið neinn forustusauður. Það er alveg rétt, eg hefi aldrei verið forustusauður. En eg hefi heldur aldrei kært mig um það. Þar skilur okkur tvo. Mig hefir ekki langað til annars en að vera liðsmaður — og vera góður liðsmaður. Hvernig mér hafi tekist það, verð eg að eiga undir dómi annara — sjálfur á eg ekki atkvæði um það.

Háttv. þm. vildi véfengja orð mín, þar sem eg sagði, að allir Heimastjórnarmenn, nema tveir, hefðu gengið í Sambandsflokkinn. Sjálfur sagðist hann hafa

gengið í flokkinn með skilyrði. Eg kannast við það, en hann var samt flokksmaður og skilyrðið var ekki þannig vaxið, að það veitti honum undanþágu frá »prógrammi« flokksins.

Þá veik háttv. þm. því að mér, að eg væri heldur ekki lengur í Sambandsflokknum. Eg kannast einnig við það. Eg tók það fram á Sambandsflokksfundinum í þingbyrjun, að eg væri með því, að flokkurinn héldi áfram og vildi vera í honum, en þó var það bundið því skilyrði, að hann héldi megninu af sínum félagsmönnum. En sú varð nú ekki raunin á.

Því hefir þegar verið svarað, sem háttv. þm. vék að mér, að eg hefði verið við riðinn stofnun Bændaflokksins hér í sumar. Eg hefi aldrei átt þátt í stofnun Bændaflokksins. Eg fekk upptöku í hann þegar hann var stofnaður, en við stofnun hans var eg ekki riðinn. En þótt svo hefði verið, sem ekki var, þá álít eg, að mér hefði engin skömm verið að því.

Þá mintist háttv. þm. á framkomu mína í bankamálinu 1901, og heyrðist mér á honum, að það ætti að vera mér eitthvað óþægilegt, að á það væri minst. Eg man ósköp vel eftir því máli. Eg gerði þar ekki annað en það, sem eg áleit sannast og réttast. Og það vill svo vel til — þó oft geti komið fyrir og virðist ekki nema eðlilegt, að menn geti iðrast fyrri framkomu sinnar — að framkoma mín þá var öll svo, að eg er ánægður hana enn þann dag í dag. *(Lárus H. Bjarnason:* Hvernig var það með seðlaútgáfuna?). Eg hafði engin áhrif á það. En eg man eftir öðru, sem eg hafði mikil afskifti af, en gat ekki komið fram. Eg greiddi atkvæði með hluttöku landssjóðs í fyrirtækinu — en það var felt. Ef það ráð hefði verið tekið, þá er eg sannfærður um, að margt hefði farið betur en nú er raun á orðin.

Út af ræðu háttv. 2. þm. Rangv. (E. P.) skal eg geta þess, að það er misskilningur hjá honum, þar sem hann sagði, að eg hefði tekið ástæðu hans móti fasteignarskattinum gildar alment tekið. Þetta er alveg rangt. Eg mótmælti þegar þeim ástæðum, sem hann kom með móti frumv., t. d. að tíminn til að samþykkja það væri ekki heppilegur. Hitt hefi eg aldrei efað — og það hefi eg sagt — að þessar ástæður hafi verið nægar fyrir hann og að hann hafi greitt atkvæði eftir beztu sannfæringu. Og fyrst eg gat ekki sannfært hann, þá varð hann að greiða atkvæði eins og hann gerði, þótt sannfæring hans væri röng. Því miður hefir háttv. þm. fylgt rangri sannfæringu í fleiri atriðum en þessu nú á þinginu. En að hann hafi gert það móti betri vitund, hefir mér aldrei dottið í hug.

**Magnús Kristjánsson:** Mér þykir nú satt að segja nóg komið af þessum umræðum. Margt af því sem talað hefir verið, hefir mér virzt óþarft og sumt betur ósagt. Ef eg færi að tala um einstök atriði, þá mætti segja, að það væri óviðfeldið, þar sem svo margir andstæðingar eru dauðir. Eg ætla því ekki að gera það — en mættu þeir þó sjálfum sér um kenna, þar sem þeir hafa verið svo ógætnir, að ganga fram af sér í byrjun og þar af leiðandi dáið fyrir tímann. Það voru að eins ummæli háttv. 2. þm. Rangv (E. P.) — sem mér annars er hlýtt til — sem mér þóttu nokkuð undarleg og knúðu mig til að standa upp.

Þegar skattamálin voru til 2. umr. hér í deildinni, gat háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ól.) þess, að svo liti út, sem það væru samantekin ráð mótstöðumanna ráðherrans, að fella þetta frumvarp af

því einu, að það kæmi frá stjórninni. Því var þegar mótmælt þá, en eg held að reynslan hafi nú sýnt, að þessi ummæli voru á nokkrum rökum bygð. Háttv. 2. þm. Rangv. (E. P.) fann þá ástæðu til að standa upp til þess að þvo hendur sínar. Þó greiddi hann málinu atkvæði til 3. umr. til þess að hnekkja þessum orðum háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ól.). En við 3. umr. greiddi hann atkv. móti málinu, og sýnist mér það meðal annars benda til þess, að ummæli háttv. þm. V.-Ísf. hafi ekki verið ástæðulaus. Mig furðar því að heyra háttv. þm. kveða upp þann dóm um þá menn, er málinu voru fylgjandi, að þeir hljóti að hafa verið það af flokksfylgi einu við ráðherra. Þetta finnast mér þungar aðdróttanir og koma úr hörðustu átt. Hafi honum verið ant um að verja sig fyrir ásökun um alt of mikið flokksfylgi, þá ætti hann að geta ímyndað sér, að svo mundi því farið með fleiri.

Eg sé ekki ástæðu til að ræða þetta frekara. Að eins vildi eg óska þess, að eg þyrfti ekki að heyra slík ummæli oftar af vörum hins háttv. þm.

**Eggert Pálsson:** Eg hélt, satt að segja, að háttvirtur þingmaður Ak. (M. Kr.) mundi ekki telja sér það meir en svo fært, að standa upp til þess að slá sig til riddara á mér. Eg heyrði að hann furðaði sig á því, að eg vildi hnekkja ósönnum áburði. Hann furðaði sig ennfremur á, hvaða skoðun eg skyldi hafa í skattamálunum. Með öðrum orðum, mér skildist hann furða sig á því, að nokkur maður skyldi hafa sjálfstæða skoðun í nokkru máli — líklega af því að hann finnur enga slíka hjá sjálfum sér.

Háttv. þm. ætti ekki að dyljast það, að *hægt* væri að koma fram vantraustsyfirlýsingu á stjórnina. Ef þingmaðurinn vill með óaðgætni sinni vinna að því að eyðileggja ið litla traust sem hún á enn þá til. (*Magnús Kristjánsson:* Á að kaupa þingmanninn?). Nei! En ástæður geta legið til, að hægt geti orðið að greiða vantraustsyfirlýsingu atkvæði með góðri samvizku og af sannfæringu. En svo er ástatt fyrir mér, að eg fylgi ekki öllum tillögum flokks míns blint, í hverju sem er. Það má háttv. þm. sem öðrum vel vera kunnugt. Eg hefi fært fram skýrar ástæður fyrir atkvæði mínu í skattamálunum og þær hafa verið teknar gildar af flokksbræðrum þingmannsins, svo að hann getur því einnig með góðri samvizku gertið sama, og það því fremur ef satt er, sem háttv. þm. segir, að honum sé fremur hlýtt til mín. Eg tók það fram, að mér væri ekki kunnugt um neina flokkssamþykt í þá átt að drepa þessi frumvörp. Og við það stend eg. Eg veit, að hér eru svo margir menn, sem þekkja mig og taka þessi orð mín gild, hvað sem háttv. þm. Ak. (M. Kr.) segir.

Orð háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ól.) til hv. 1. þm. S.-Múl, (J. Ól.) í sambandi við skattafrumvörpin voru ekki á neinum rökum bygð. Þeim vildi eg hnekkja með atkvæðagreiðslu minni við 2. umr. skattafrumv., enda fleytti það málinu þá til 3. umr. En hitt hafði eg þá þegar tekið fram, að eg mundi ekki greiða því atkvæði út úr deildinni. En þótt háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) greiddi þá ekki atkvæði með frumvarpinu ber eg enga ábyrgð á, enda tel eg það ekkert vítaverðara af honum, þótt hann við 3. umr. greiddi ekki atkvæði um frumvarpið, heldur en háttv. þm. 2. þm. Húnv. (Tr. B.), skyldi greiða atkvæði með því eftir því sem afstaða hans virtist vera við 2. umr. málsins.

Eg skal svo ekki orðlengja þetta frekara. Mér finst háttv. þm. Ak. (M. Kr.) ekki farast að tala djarfmannlega um flokksfylgi, þar sem það er alkunnugt,

að hann hefir staðið upp til að verja gerðir stjórnarinnar í svo að segja hverju einasta smáatriði, án þess að eg skuli nokkurn dóm á það leggja, hvernig honum hafi í hverju einstöku tilfelli tekist það.

**Jóhannes Jóhannesson:** Það er engum vafa bundið, að hæstv. ráðherra varð að gera þær tilslakanir við Sameinaða eimskipafélagið, í samningum við það um millilandaferðirnar, sem hann gerði, ef hann átti að ná samningi um nokkrar strandferðir, og það gat að mínu áliti verið álitamál, hvort réttara eða heppilegra væri. En eitt er víst og það er það, að hæstv. ráðherra hefði eigi síður verið legið á hálsi, ef við hefðum engar strandferðir haft í ár, heldur en nú fyrir tilslökunina.

Eg finn ástæðu til að lýsa ánægju minni yfir umræðunum hér í dag og eg þykist þess fullviss, að flestir munu mér samdóma um það, að ekki hafi skort greið og glögg svör af hálfu hæstv. ráðherra við athugasemdum þeim, er fram hafa komið.

**Halldór Steinsson:** Eg hafði ekki ætlað mér að taka til máls. En það voru tvö atriði í ræðu hæstv. ráðherra, sem eg verð að svara. Háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) tók það fram í dag, að traust Íslandsbanka hefði minkað mikið við það, að mikið af starfsfé bankans hefði verið lánað erlendum verzlunarfélögum, sem stæðu ekki á meir en svo föstum fótum. Hæstv. ráðherra kannaðist við þetta, en vildi verja það með Jesúítasetningunni: »Tilgangurinn helgar meðalið«. Hann sagði, að tilgangur bankans hefði verið sá, að styðja atvinnuvegina og hjálpa til þess að alþýða manna fengi hærra verð fyrir afurðir sínar. Það má vel vera, að tilgangur bankastjórnarinnar með þessum útlánum hafi verið sá, en þá get eg fullvissað hæstv. ráðherra um það, að þeim tilgangi hafi ekki verið náð. Það er svo langt frá, að þetta fé hafi bætt verzlunina; þvert á móti hefir það orðið henni til niðurdreps. Það þarf ekki verzlunarfróðan mann,. og því síður mann, sem verið hefir bankastjóri, til að vita það, að verzlunarfélög eru ekki stofnuð af náunganskærleika einum, heldur aðallega og eingöngu til þess að útvega hluthöfum góðan arð af peningum sínum. Almennings hagur kemur því að eins til greina, að hann fari samfara hag hluthafanna. En það fer fjarri, að svo hafi verið hér.

Þá var það annað atriði, sem hæstv. ráðherra gerði mikið veður út af. Hv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) gat þess, að það væri óhæfa að birta ekki stjórnarfrumvörpin nokkru fyrir þing. Þeim væri dembt inn á þingmenn þegar þeir kæmu til þings og því væru mörg lög miklu ver úr garði gerð en skyldi. Ráðherra gerði sig mjög mjög breiðan út af þessum orðum — breiðari en eg gat búist við á þessum degi. — Hann sagðist ekki ætla að fara að segja það Pétri og Páli, sem hann mætti á götunni, hvaða frumvörp hann ætlaði að leggja fyrir þingið. Flest af því sem hæstvirtur ráðherra sagði í þessu efni, voru hártoganir eða vandræða yfirklór. Eg hefi ekki ætlast til þess, að ráðherra birti frumv. áður en hann legði þau fyrir konung. Hitt er annað mál, að það er öllum ljóst, að ráðherra hefir haft nægan tíma til þess að útbúa frumvörpin og bera þau undir konung svo snemma að þau geti verið birt þingm. nokkru fyrir þing, svo að þeir og kjósendur geti í samráði glöggvað sig á þeim — bæði fyrir þetta og undanfarin þing.

Háttv. ráðherra sagði, að ekki væri eðlilegra, að stjórnin birti sín frv. fyrir þing, en þingmenn þau frumv., er þeir flyttu. Eg er þeirrar skoðunar, að eðlilegast væri, að öll frumv. væru lögð

fyrir þingið af stjórninni — bæði hennar eigin frumvörp og þingmannafrumvörpin. Þingmenn hefðu nógan tíma til að útbúa málin í héraði og senda þau svo stjórninni nógu snemma. Og þetta væri heldur ekki svo hættulegt. Í því landi, sem þingræðið væri einhvers metið, er það áreiðanlegt, að ekki mundu ganga fram þau frumvörp, sem stjórnin legði á móti. Hitt gæti verið vafasamt, hvort þetta væri heppilegt í því landi, þar sem stjórnin traðkar öllu þingræði og lítilsvirðir það, eins og dæmi eru til á sumum stöðum, sem eg ekki ætla að nefna núna.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Þegar þessi fundur byrjaði — eg segi í gær, því að nú er komið undir morgun — þá hafði eg ekki ætlað mér að taka til máls.

En það sem knýr mig til að standa upp, eru ummæli tveggja háttv. þm. um mál, sem betur hefði átt við, að ekki hefði verið hreyft hér í þingsalnum.

Annað málið var það, hvað gerzt hefði á flokksfundum í þingbyrjun, og hvernig Heimastjórnarflokkurinn hefði «klofnað«. Eg álít þetta mál svo vaxið, að það komi eigi öðrum við, en þeim sem beint áttu hlut að máli. En fyrst farið er að skýra frá því, þá á að skýra *rétt* frá.

Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) gat þess, að nokkrir *Heimastjórnarmenn* hefðu klofið *Sambandsflokkinn*. Þetta eru ósannindi. Til þess að forðast klofning Sambandsflokksins í fyrra, þá gengum við Heimastjórnarmenn að því, að fundir Heimastjórnarflokksins á þingi yrðu lagðir niður *meðan þing stæði yfir*. Hr. Hannes Hafstein og fleiri vildu þá þegar *leggja niður Heimastjórnarflokkinn* og fá oss alla inn í Sambandsflokkinn, en meira en helmingur heimastj.þingmanna var ófáanlegur til þess, en gerði hitt til samkomulags. Þegar þing kom saman í sumar, þá var byrjað með því, að leggja sambandsmálið, sem var eina málið, er hélt Sambandsflosknum saman, á hilluna þetta ár. Margir — þar á meðal eg — álitu heppilegast, að leggja það á hilluna, ekki að eins *þetta* ár, heldur fyrst um óákveðinn tíma. Bjuggumst ekki við að fært yrði að hreyfa því ef til vill næstu 15—20 ár. Við tjáðum okkur sömu skoðunar og áður um sambandsmálið, og vildum styðja það, er til kæmi; vildum vera kyrrir í Sambandsflokknum ef honum yrði eigi slitið; en við vorum fastir á því, að halda áfram Heimastjórnarflokknum; þóttumst vel geta verið í báðum. Við stungum því upp á, að Heimastjórnarflokkurinn héldi fundi eins og áður um þingtímann; en því var ekki nærri komandi. Einn fundarm. (Guðm. landl. Bj.) bar þá fram tillögu um, að Heimastjórnarflokkurinn héldi ekki flokksfundi um þingtímann; en hann var fenginn til að taka hana aftur; hún fékst ekki einu sinni borin upp. Aftur á móti var það *samþykt*, að *engir þeir menn mættu vera í Sambandsflokknum, sem væru nokkrum öðrum flokksböndum háðir, utan þings eða innan. Skilyrðið* fyrir því, að fá að vera í Sambandsflokknum, var því það, að *Heimastjórnarflokkurinn* væri *drepinn!* Þeir menn, sem í honum vildu vera kyrrir, væru dæmdir óalandi og óferjandi og rækir úr Sambandsflokknum. Og svo segir háttv. þm., að vér Heimastjórnarmenn, sem ekki vildum drepa flokk vorn, höfum *gengið úr* Sambandsflokknum og klofið hann. Nei! *Við vorum reknir* úr honum fyrir það, við vildum vera Heimastjórnarmenn. Úr því háttv. þm. fór að segja þessa sögu, og því verður ekki forðað, að hún standi í þingtíðindunum, þá álít eg rétt, að þessi *leiðrétting* standi þar líka.

Hitt atriðið, sem eg vildi minnast á,

voru ummæli háttv. þm. Ak. (M. Kr.), þar sem hann sagði, að flokkssamtök hefðu verið gerð til þess að drepa skattafrumvörpin. Eg er svo kunnugur, að eg get dæmt um, að þetta er ekki rétt. Það hefir raunar verið haldinn einn flokksfundur, sem eg gat ekki komið á sökum veikinda, en eg veit það með vissu, að þar var engu líku hreyft.

Háttv. þm. fór að minnast á ummæli hv. þm. V.-Ísf. (M. Ól.) um mig. Eg var ekki staddur á þeim fundi, en mér er svo sagt, að hann hafi brugðið mér um skrópa — eg hefði gert mér upp veiki, til þess að þurfa ekki að vera við atkvæðagreiðslu. Hann kvaðst hafa séð *hattinn* minn hér um morguninn! Það er rétt, að eg kom hingað á nefndarfund um morguninn kl. 9, en varð að leggjast í rúmið eftir morgunverð. Eg get ekki rengt það, að þegar hatturinn er einhverstaðar, þá muni höfuðið vera einhverstaðar nálægt. Það má vel vera, að því sé öðruvís farið með háttv. þm. V.-Ísf. — þótt hann gangi með hattinn á höfðinu, má vel vera, að eiginlega sé þó ekkert höfuð undir hattinum!

**Matthías Ólafsson:** Naumast hefir á nokkru þingi verið meira rætt um sparnað en á þessu þingi, og sparnaðarkenningarnar hafa komið fram í ýmsum myndum og munu vera skiftar skoðanir um það, hvort þær hafi allar verið sem heppilegastar eða sanngjarnastar. En eitt er það, sem háttvirtir þingmenn virðast leggja lítið kapp á að spara, og það er tíminn. Það virðist svo, sem þeim sé það ekki ljóst, að hann er einnig peninga virði, og að tími sá, er vér þingmenn eyðum, er dýr þjóðinni. Það er því áríðandi að tíma þingsins sé ekki eytt til ónýtis En hvernig er nú farið að spara tímann? Hér höfum við setið í samfleyttar 14 klukkustundir, og margar og langar ræður hafa verið fluttar hér í salnum á þessum tíma. En hver er svo afrakstur inn eftir allar þessar umræður, sem hafa kostað landið um 7—800 krónur? Enginn — bókstaflega enginn. Af öllum þeim aðfinslum við gerðir stjórnarinnar, sem hér hafa verið framfluttar, er engin, alls engin, sem ekki hefir verið svarað fullnægjandi. Af öllum ásökunum stjórnarandstæðinga stendur ekki steinn yfir steini. Allar hafa þær verið hraktar með góðum rökum að dómi óvilhallra manna.

Eg hygg, að flestir sem hlýtt hafa á sókn og vörn í þessum málum, hljóti að viðurkenna, að ásakanirnar hafa verið á lítlum eða öllu heldur á engum rökum bygðar, og frekar komnar fram af áreitni við hæstv. ráðherra, heldur en af því að þeir sem þær hafa borið fram, hafi trúað á málstað sinn. Eg held að þeir hljóti að sjá, að ákúrur þeirra hafa ekki við nein rök að styðjast og eru ekki annað en ryk til að slá í augu almennings, og til þess að sjást svo í þingtíðindunum á eftir.

Það minnir á gömlu karlana, sem báru duft í pung til að blinda fólk með. Þetta er ekki annað en slíkt duft, sem þessir menn hafa viljað strá í augu þjóðarinnar og blinda hana fyrir því sem satt er og rétt. En þeir munu sjá, að það kemur hægur blær, sem andar burtu þessu ryki þeirra, og trúað gæti eg því, að þeir sæu seinna, að þeir hafa sagt margt það í dag, sem þeir þá vildu láta ótalað vera. Nú er þessum mönn. um svo ákaflega ant um hvers konar reglu, en ef þeir ættu sjálfir að gæta reglunnar, býst eg við að minna yrði úr árvekninni, Það er hægt verk að atyrða hæstv. ráðherra, en hitt verður þeim erfiðara, að rökstyðja ákúrur sínar. —

Eg tek undir það með háttv. 1. þm.

S.-Múl. (J. Ól.), að það hefir ýmislegt verið dregið inn í umræðurnar í dag, sem ekki hefði átt að vera, t. d. þetta tal um flokkaskiftinguna og flokksfundina. En úr því að hann fór að finna að, þá hefði hann átt að skýra rétt frá, en það gerði hann ekki, og verð eg að segja, að eg hafði reyndar naumast búist við því.

Viðvíkjandi þessari Gróu-sögu, sem hann sagðist hafa heyrt, um það sem eg sagði, þegar skattafrumvörpin voru til umræðu, hefi eg ekki annað að segja en það, að eg gengst við öllu sem eg hefi þá sagt og stend líka við það alt. Eg sagði, að það liti út fyrir að það hefðu verið gerð samtök um að fella öll skattafrumv., hvort sem þau væru nytsöm eða ekki, og eitt af því sem benti til þess væri það, að háttv. 1. þingmaður S.-Múl. væri ekki á fundi, en hefði þó verið hér í húsinu skömmu fyrir fundarsetningu, eða að minsta kosti hefði hatturinn hans verið hér og að eg héldi maðurinn líka.

Þetta sagði eg, og það var ekkert undarlegt að mér dytti í hug, að fjærvera þingmannsins stæði í sambandi við samtök um að fella frumvörpin, því að hann hafði sjálfur sagt mér, að það hefði verið samþ. á flokksfundi Heimastjórnarflokksins að fella þau. *(Jón Ólafsson:* Það er lygi!). Eg gæti sagt sagt eins og háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.), að eg hefði skrifað það í vasabók mína, en eg geri það ekki af því að eg álít að það hafi lítið sönnunargildi. En eg hygg, að eg hafi skotið fullnærri marki, þegar eg gat þess til, að hann hefði verið sendur heim, því að sannleikanum verður hver sárreiðastur. Og eg get jafnvel sagt honum, hver það var, sem gekk með honum upp Bankastræti héðan úr þinghúsinu. *(Jón Ólafsson:* Upp Bankastræti?). Já, daginn sem hatturinn var hérna.

**Jón Jónsson:** Það er að eins örstutt athugasemd, sem eg ætla að gera við ræðu háttv. þingm. V.-Ísf. (M. Ó.), viðvíkjandi því sem hann sagði um að flokkssamþykt hafi verið gerð af Heimastjórnarflokknum um að fella skattafrumvörpin.

Eg get lýst yfir því sem skrifari flokksins, að það hefir aldrei borið á góma á fundum flokksins, hvað þá heldur að það hafi verið borið undir atkv. eða gerð um það nokkur samþykt.

**Jon Ólafsson:** Herra forseti! Eg ætla að eins mjög stuttlega að svara háttv. þm. V,-Ísf. Hann var að tala um að eg hefði farið með Gróu-sögu, en játaði þó, að sagan væri *sönn. (Matth. Ólafsson:* Sagði Gróa aldrei satt?) Ekki var hún beint orðlögð fyrir *það;* og aldrei hefi eg heyrt *sannar* sögur nefndar Gróu-sögur.

Háttvirtur þingmaður sagði, að hatturinn minn hefði verið hér í þinghúsinu daginn sem skattamálin voru til 2. umræðu. Það er satt, að eg var hér kl. 9 um morguninn, en fór svo heim um kl. 10 til að borða og kom ekki aftur. En að eg hafi verið sendur heim eða að mér hafi verið fylgt upp eftir, eru hrein og bein ósannindi. *Alls enginn* var mér samferða, er eg gekk heim af fundi kl. 10 árdegis.

Hann sagði líka, að eg hefði sagt sér, að það hefði verið samþykt á flokksfundi Heimastjórnarflokksins að fella skattafrumvörpin. Það hefi eg aldrei sagt. En þegar hann spurði mig um, hvort þetta hefði verið samþykt, þá sagði eg þvert á móti, að það hefði *ekki* verið gert, nema *ef* það hefði verið gert á þeim eina fundi, sem eg kom ekki á. Þetta eru því hrein og bein ósannindi, sem hann sagði. Þingmaðurinn hefir annað hvort ekki skynbragð til að hafa rétt eftir töluð orð, ellegar hann hefir ekki meiri sannleiksást en þetta ber

vitni um. — Það er annars furðu-óskiljanleg í þessu máli þessi mikla sorg yfir því, að skattafrumv. skyldu falla hér í deildinni. En allir efri deildar mennirnir sögðu, að þau yrðu feld þar, ef þau kæmust þangað upp. Og í þingræðu taldi hv. þm. Húnv. (Tr. B.) sig hafa fulla vissu fyrir því.

Og hvers er þá að sakna? Með því að fella þau hér, höfum við að eins tekið ómakið af efri deild — sparað tímann.

**Skúli Thoroddsen:** Það er ræða háttv. þm. V.-Ísf., sem knýr mig til að standa upp.

Eg varð öldungis hissa á ræðu hans. Hann sagði, að alt það sem borið hefði verið á hæstv. ráðherra, væri órökstutt ryk, til að slá í augu þjóðarinnar.

Það er undarlegt, að menn skuli binda sig svo fast við skoðanir ákveðins flokks, að þeir verði algerlega blindaðir. En væri hv. þingm. ekki alveg blindaður af megnasta flokksfylgi, þá hlyti hann þó að sjá, að hér hafa verið færð fram *ljós rök*, og sannað hvert einasta atriði í aðfinslunum við ráðherrann.

Eg skal þá fyrst að eins minna á *sambandsmálið*. Er það ekki hverju orði sannara, að hæstv. ráðherra hefði aldrei átt að láta hafa sig til þess að hafa »grútinn« á boðstólum?

Það eitt, að ráðherra gerist *svo* lítilþægur að sigla heim með jafnlítilsvirðandi tilboð, sem og hitt, að hann gerir þeim síðan *svo hátt* undir höfði, að hann boðar fjölda þingmanna á »prívat«-fund, rétt fyrir Jólin, *það eitt ætti að nægja* til að sýna inum háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ól.), að hér hefir sízt verið um of harða dóma í garð ráðherrans að ræða.

Jafnvel það *eitt*, að nánustu flokksbræður ráðherra tóku þessum málaleitunum hans jafndauflega sem þeir gerðu, hefði vissulega átt að vera *eitt* nægt til þess, að hann sæi, að í ráðherra-sessinum átti hann þá alls ekki lengur heima.

Þegar hann tók við ráðherraembættinu í fyrra, þá lýsti hann yfir því, að sambandsmálið ætti að vera *aðal-verkefnið*, aðal-málið, sem hann bæri fyrir brjósti, og ætlaði sér að fá til lykta leitt. En hann hefir nú sýnt sig þar, eins og kunnugt er orðið, — sýnt, að hann er eigi maðurinn, sem koma ætti nálægt því máli.

Ef við víkjum síðan að gufuskipamálinu, þá liggja þar fyrir ljósir og skýrir samningar, sem sýnir, hve afaróheppilega hæstv. ráðherra hefir tekist í því máli.

Það tjáir því ekki háttv. þm. V.-Ísf. að segja, að hér ræði um það eitt, að slá ryki í augu almennings.

Eða þá »rökstudda dagskráin« í lotterímálinu. — Var hún eigi borin fram og samþykt? Taldi hún eigi aðgerðir ráðherrans »mjög aðfinsluverðar«? Hvað er þá hér, er órökstutt sé?

Þá ætla eg og, að það hafi nú sýnt sig fullglögglega, hvernig hæstv. ráðherra lítur á þingræðið, sbr. atburðina, sem gerst hafa hér í deildinni í sumar.

Hann lætur sem ekkert hafi í skorist, þó að jafnvel öll deildin snúist á móti þeim málum, sem hann ber fram, — sbr. meðferðina á launahækkunarfrumv.

Vér heyrðum það og á ræðu hæstv. ráðherra í dag, hvern skilning hann leggur nú í þingræðið, þar sem hann gefur nú í skyn, að þó meiri hluti neðri deildar snerist á móti honum — þ. e. gæfi honum enn skýrari vantraustyfirlýsingar, en þegar er orðið, mun hann eiga við — þá mundi hann samt sitja, þ. e. hann vill skjóta sér undir meiri hluta alls þingsins, — geta notið stuðnings inna konungkjörnu, enda þeir, sem reynst hafa honum öflugust stoðin,

fyr og síðar, og án hverra mjög hæpið, ef ekki alóvíst, er að hann hefði nokkru sinni ráðherra orðið.

Hvað það stoðaði hann að þessu sinni, læt eg alósagt. — En víst er, að eigi ræður hann meiri hluta á þingi, er á flokkaskipunina er litið.

Annars hefir það einatt verið neðri deildin ein, sem hefir ráðið, er ráðherraskifti hafa orðið hér á landi, enda á það svo og að vera.

Neðri deild getur gert ráðherranum stjórnina alómögulega, ef henni svo sýnist, eða neytt hana til að gefa út bráðabirgðafjárlög, — sem og gert hluttöku hennar í löggjafarstarfinu að engu, eða sama sem engu, eins og átt hefir sér stað að þessu sinni.

Mér þótti það annars mjög undarlegt, er háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) taldi það þjóðinni skaða, ef ráðherra færi frá völdum. En hver er þá sú stéttin í landinu, er þess þyrfti að sakna? Einu mennirnir, sem stjórnin kennir til með, eru hæst launuðu embættismennirnir, og embættismannastéttin í Reykjavík yfirleitt, og engu líkara — er á stjórnarfrumvörpin er litið —, en hún ímyndi sér, að ekkert ami að neinni hinna stéttanna. —

Í sjálfu sér, þá er þetta og eigi óskiljanlegt — þótt eðlilegt sé það nú að vísu síður —, *eigi óskiljanlegt* þegar til þess er litið, hver ráðherrann er, þ. e. þess er gætt, að hann er maður, sem sjálfur hefir æ verið almenningi að mun betur settur, eða lifað alt öðrum lífskjörum, en hann.

Vellíðaninni fylgir það — því miður — *of oft*, að menn gleyma því eða gera sér eigi svo ljóst sem skyldi, hvað amar að öðrum.

Það er kvölin ein, sem kvölina fær bezt skilið, þ. e. að svo miklu leyti, sem skilin verður.

Sú nauðsynin því og æ *öllum brýnni*, að vér finnum til hver með öðrum, svo að úr því sé bætt, sem að kreppir.

Annnars var það ræða háttv. þingm. V.-Ísf. (M. Ól), sem knúði mig til að standa upp, og vil eg þá — gagnvart ræðu hans — endurtaka það aftur, að eg fæ ekki betur séð, en að allar ásakanirnar, sem bornar hafa verið á stjórnina séu, og hafi verið, svo fullkomlega rökstuddar, sem frekast eru föng á.

Og hvernig gat þá og öðruvís farið, en raunin er á orðin.

Muna menn eigi símskeytasendingarnar 1911, og símskeytalaunungina þá?

Muna menn eigi, hvað um þingræðið varð þá?

Það sem þjóðinni ríður mest á, er það, að enginn leyfi sér, eða sé látinn komast fram með það, að vera ráðherra eða fara með ráðherravöldin, nema í fullu samræmi sé við þingræðisregluna.

**Magnús Kristjánsson:** Mig furðar stórlega á því, að hv. 2. þm. Rangv. (E. P.) skuli bregðast reiður við, þótt eg reyni að bera hönd fyrir höfuð mér og flokksbæðra minna, eftir að hann hefir borið á okkur þær ásakanir, að við höfum greitt atkvæði í skattamálunum móti betri vitund. Það eru nokkuð stór orð, sem honum verður líklega erfitt að sanna. Enn fremur furðar mig það, að hann skuli bregða mér um stjórnarfylgi. Eg skal lýsa yfir því strax, að eg tel það miklu fremur heiður en last, að fylgja þeirri stjórn, sem nú situr við völd. Eg veit ekki betur, en að þessi sami hv. þm. hafi lengst af fylgt henni að málum, og eg hefi ekki álitið hann minni mann fyrir það. Þetta er nú breytt, hvort sem það er af því, að þingmaðurinn hafi séð í hillingum einhverja aðra stjórn, ellegar af öðrum ástæðum. Það er annars mikill misskilningur, sem virðist koma fram hjá mörgum, að það sé enginn maður með mönnum, sem ekki sé á móti stjórninni,

hvernig sem hún hagar sér. Eg skil þetta ekki, en mér finst það benda í þá átt, að þeir menn, sem þannig haga sér, vilji ekki hafa innlenda stjórn, heldur einhvers konar óstjórn, því afleiðingin af slíkum hugsunarhætti getur, að að mínu áliti, ekki orðið önnur, enda mun þessi skoðun ekki eiga sér stað í nokkru siðuðu landi nema hér. Eg get því ekki álitið að það sé hægt að tala um það í niðrandi merkingu, að einhver maður fylgi stjórninni, meðan hún ekki misbeitir valdi sínu. Um framkomu mína skal eg ekkert segja, en eg skal að eins leyfa mér að benda háttv. 2. Rangv. (E. P.) á það, að það getur verið álitamál, hvort sé betra, þetta svokallaða stjórnarfylgi, sem hann var að bregða mér um, eða hitt, að vera að vega salt milli flokka og vita ekki, hverjum þeirra maður vill fylgja, eins og mér virðist eiga sér stað með þennan háttv. þingmann.

**Matthías Ólafsson:** Eg ætla ekki að vera margorður út af ræðu háttv. 1. S.-Múl. (J. Ól.). Hann segir, að eg hafi farið með rangt mál og jafnvel að eg hafi gert það vísvitandi. Eg skal nú fyrirgefa honum það, því að honum eru þessi ósköp líklega ósjálfráð. Eg ímynda mér, að hann sé fyrir elli sakir farinn að sljóvgast. Eg ætla að eins að segja það, að eg hefði þolað það betur, að hann hefði brugðið mér um sljóleik, heldur en eg hafi sagt vísvitandi ósatt. Eg þori óhræddur að bera það undir deildina og yfir höfuð undir alla þá sem okkur báða þekkja, hvorum þeir trúi betur.

Þá skal eg víkja að háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) nokkrum orðum. Hann sagði, að eg hefði talað af blindu flokksfylgi. O-jæja, á nú að fara að bregða mér um flokksfylgi? Eg skammast mín raunar ekki fyrir að fylgja einum flokki öðrum fremur, þegar hann hefir rétt mál að verja.

Háttv, þm. N. Ísf. (Sk. Th.) mintist á lotterímálið og var þar að tala um glappaskot hjá ráðherra. En það er ekkert sannað ennþá, að ráðherra hefði getað fengið þessu máli framgengt, sem þingið glæptist til að samþykkja í fyrra, og svo, þótt ráðherra hefði fengið því framgengt, þá hefðu lögin ekki orðið að neinu gagni, af því að Danir hefðu alt af getað sett lög, er komið hefði í veg fyrir framkvæmd laganna, bannað framkvæmd þeirra.

Það hefir verið mikið um það talað, að stjórnin hafi komið svo seint fram með frumv. sín, að þjóðinni hefði ekki gefist kostur á að kynnast þeim. Það hefir engri stjórn hingað til tekist. Og hvers vegna á að heimta meira af stjórninni í þessu efni, heldur en af þingmönnum? Hvað veit þjóðin um það, þó að þingmaður sé að semja frumvörp á vökunni á löngu vetrarvöldunum? Hvað vissi þjóðin um lotterímálið? Hvernig er hægt að ætlast til þess af stjórninni í hverju einasta atriði, að hún fari undir eins að skýra mönnum frá því? Um mörg sttórnarfrumv. vissu menn líka áður en á þing kom, eins og t. d. um launafrumvarpið. Hvernig fór annars um það mál? Það var svo sett nefnd í það. Hún bætti það ekki að neinu leyti, tók enga þá agnúa af því, sem hættulegastir voru til þess að verða því að falli. Og þó hún með sjálfri sér vissi, að margt í því var sanngjarnt og alveg sjálfsagt, þá neyddi hún þó deildina til þess að drepa það. Svona er samvizkusemin þessara manna. En það hlálegasta af þessu öllu er þó það, að sömu mennirnir, sem voru með í að drepa frumvarpið, tóku mikið af því upp í fjárlaganefndarfrumvarpið.

Það var verið að minnast á að ráðh. ætti að fara frá, væri meiri hl. Nd. á

móti honum. Þá vil eg spyrja: Er nú þingið ekki orðið nema neðri deildin ein? Er engin efri deild til lengur? Er þetta ekki alveg frábær heimska? Í Ed. eru þó 8 þjóðkjörnir þingmenn — vel gæti verið að þeir væru allir stjórnarmenn. Getur nokkrum heilvita manni dottið í hug, að þessir þingmenn megi engu ráða um það mál eins og hvert annað mál? Þeir eru þó kosnir með alveg sama rétti og þingmenn Nd. Hafa þeir ekkert að segja þegar um þingræði er að tala? Slíkri fjarstæðu og hér hefir verið haldið fram, er ekki einu sinni svarandi.

Eg vil ekki minnast frekara á launamálið, það var alt skorið niður rétt með röngu. Það réttláta var drepið með því rangláta, og það sem allir vissu að var rétt, var drepið, bara til þess að hægt væri að skera það alt niður í sama trogið.

Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) mintist á fjáraukalögin og sagði, að þau ættu engin að vera til. En það er ekki rétt hjá honum. Eg hygg, að í landi þar sem þing er að eins haldið annaðhvort ár, sé alveg bráðnauðsynlegt að hafa fjáraukalög. Og með hverju ári eykst þörfin til að hafa þau. Hygg eg að erfittt yrði að fá nokkurn til þess að takast stjórnina á hendur ef fjáraukalögin væru ekki.

Háttv. sessunautur minn (Sk. Th.) mintist líka á fánamálið. Hingað til hefi eg ekki opnað munninn til þess að tala um það mál. En þá vil eg taka það fram nú, að það er rangnefni að kalla þessa bláhvítu veifu fána Íslendinga. Þessi fáni er ekki fáni Íslendinga, því hann hefir aldrei verið löggleiddur. Ef þetta fánafrumvarp kemst í gegn, þá er fyrst hægt að fara að tala um Íslandsfána. Því hefði það ekki verið meira brot þótt Rothe, foringinn á Fálkanum, hefði tekið vasaklútinn af Einari Péturssyni, heldur en flaggið. Brot Rothe er því ekki annað en það sem fara má með eins og hvert annað lögreglumál. Brot Rothe er því að eins það, að hann með valdi tekur af manni hlut, sem hann hefir ekki leyfi til að taka, en alls ekki brot á móti þjóðerni Íslendinga. Annað mál er það, að Rothe hefði kannske ekki gert þetta, hefði Einar Pétursson verið með vasaklút í staðinn fyrir þessa bláhvítu veifu. Þessi bláhvíti fáni er alveg réttlaus, nema Alþingi lögleiði hann, og naumast held eg að það verði gert vegna þess, hvernig hannn er tilkominn. Þessi fáni er Íslendingum ekkert ástfólginn og verður það líklega aldrei og eg teldi það ílt að lögleiða fána, sem ekki yrði þjóðinni ástfólginnn. Eg er einlægur vinur fánamálsins, en eg er á móti þessari gerð á honum.

Það hefir verið fundið að framkomu ráðherra í þessu máli, að hann vildi aldrei fara fram á annað en það sem hægt sé að fá. Sú regla er auðvitað ekki góð, en er hin þá betri, að fara aldrei fram á neitt annað en það, sem menn vita að er ómögulegt að fá?

Menn halda því fram, að óviðkunnanlegt sé að hafa einn fána innan landhelgi og annan fyrir utan. Það er rétt. En er það þá ekki enn þá hjákátlegra að hafa 2 fána á sama skipinu, því það yrði að gera, þar sem við getum ekki veitt fánanum neina vernd. En það er algengt, að þegar varðskipið sér skip inni í landhelgi, þá væntir það þess, að skipið sýni ríkisfána sinn, svo að varðskipið geti séð, við hvern það á. Enn setjum nú t. d. að skipið sýndi þennan bláhvíta fána, gæti þá ekki foringjum varðskipsins dottið í hug að á skipinu væru t. d. Englendingar, sem hefðu afl sér þessarar dulu til þess að blekkja varðskipið?

**Tryggvi Bjarnason:** Eg hafði

ekki ætlað mér að taka til máls í dag, en vegna eins atriðis í ræðu háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.), vildi eg segja örfá orð.

Það hefir slæðst inn í umræðurnar í dag, hvað eg hefði sagt við 3. umræðu fasteignaskattafrumv., að eg hefði greitt því atkvæði, af því að eg hefði haldið að frumvarpið kæmist ekki í gegn um Ed. Þetta er ekki rétt. Eg var búinn að þreifa svo fyrir mér meðal þm. Ed. um viðtökur frumv. í Ed. og búinn að fá vissu fyrir, að frumvarpið myndi ekki ganga óbreytt í gegnum Ed., mundi því að sjálfsögðu koma til Nd. aftur og áleit því rétt að Ed. fengi það frumv., ásamt hinum öðrum skattafrumv. til meðferðar. Áleit það nauðsynlegt fyrir málið, til undirbúnings fyrir seinni tímann. Þettta er því rangt hjá háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.).

**Jon Ólafsson:** Herra forseti! Má eg gera hér stutta athugasemd? *(Forseti:* Já.). Eg vil fullyrða, að háttv. 2. þm. Húnv. (Tr. B.) sagði, að þetta frumv. mundi ekki komast í gegn um Ed. Svo féllu orð hans; en hitt getur hann gert, að draga þau út úr ræðunni áður en hún verður prentuð. En það skiftir engu máli um atkvæði hans, hvort hann »bjóst við« því að lögin yrðu feld í Ed. eða ekki, úr því að hann »ætlaðist til« og vonaði, að þau yrðu feld þar.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. í einu hljóði.

---

Þau fjögur mál, sem eftir var að ræða, voru tekin út af dagskrá.

---

Á fundinum var útbýtt í deildinni:

1. Breyt.till. við frumv. til laga um mannanöfn (375).
2. Nefndaráliti um frv. til laga um ábyrgðarfélög. Frá meiri hl. nefndarinnar (370).
3. Nefndaráliti um frumv. til laga um mannanöfn. Frá meiri hlutanum (374).
4. Nefndaráliti um samgöngumál á sjó (368).
5. Ágreiningáliti um frv. til laga um ábyrgðarfélög. Frá minni hlutanum í nefndinni (379).
6. Breytingar- og við aukatill. við frv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915 á þingskjölunum 366, 384, 387, 388, 389.

Útbýtt var frá Ed. fundinum:

1. Frv. til laga um sauðfjárbaðanir Eftir 2. umr. í Ed. (385).
2. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 86, 22. Nóv. 1907. Eftir 2. umr. í Nd. (381).
3. Nefndaráliti um frumv. til laga um umboð þjóðjarða (380).

Fundi slitið.

---

## 34. fundur.

Fimtudag 14. Ágúst 1913, kl. 1 síðd.

Dagskrá:

1. Frv. til laga um breytingu á lögum nr. 18, 9. Júlí 1909, um styrktarstjóð handa barnakennurum (354); ein umr.
2. Frv. til laga um stækkun verzlunarlóðarinnar á Eskifirði (302); 3. umr.
3. Frv. til laga um stofnun Landhelgissjóðs Íslands (362); 3. umr.
4. Frv. til laga um vatnsveitingar (358, 376); 3. umr.
5. Frv. til laga um bæjanöfn (364); 3. umr.
6. Frv. til laga um íslenzkan fána (357, 363); 3. umr.
7. Frv. til laga um viðauka og breyting á lögum um bygging, ábúð og

úttekt jarða frá 12. Jan. 1884 (106, n. 321 og 349, 360); 2. umr.

8. Frv. til laga um gjafasjóð Jóns Sigurðssonar handa fátækum í Eyjafjarðarsýslu (140, n. 327); 2. umr.
9. Frv. til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbankans til að gefa út nýjan (4.) flokk (Serie) bankavaxtabréfa (305, 390); 2. umr.
10. Frv. til laga um breytingu á 16. gr. laga nr. 29, 16. nóv. 1907 (336, 378); 2. umr.
11. Frv. til laga um sérstaka dómþinghá í Öxnadalshreppi (343); 1. umr. [Ef leyfi fæst]

---

Allir á fundi.

Fundargerð síðasta fundar lesin upp, samþykt og staðfest.

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið í deildinni.

1. Breyt.till. við frv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915. Frá Kristni Daníelssyni og Skúla Thoroddsen (393).
2. Breyt.till. við sama frv. Frá Kristni Daníelssyni (392).
3. Breyt.till. við breyt.till. á þgskj. 350. Frá sjávarútvegsnefnd (391).
4. Breyt.till. við frv. til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbankans til að gefa út nýjan (4.) flokk (Serie) bankavaxtabréfa. Frá Tryggva Bjarnasyni (390).

Forseti skýrði frá, að lagt hefði verið fram á lestrarsal:

Erindi frá Höskuldi Guðmundssyni um 10,000 kr. styrk handa sjálfum sér og 3 mönnum öðrum, til þess að hafa vetrarsetu á Jan Mayen og stunda þar veiðar á sjó og landi.

Þá var gengið til dagskrár og tekið fyrir:

FRUMVARP til laga um breytingu á lögum nr. 18, 9. Júlí 1909, um styrktarsjóð handa barnakennurum (354); e i n u m r.

**Framsögm. (Jón Jónsson):** Efri deild hefir gert eina breytingu við þetta frumvarp, en breytingin er þannig vaxin, að okkur flutningsmönnum finst frv. ná tilgangi sínum, þó að hún sé samþykt. Við getum því fyrir okkar leyti aðhylst þessa breytingu og vonum að háttv. deild geti það einnig.

ATKV.GR.:

Frumv. samþykt með 14 samhljóða atkv. og afgreitt til ráðherra sem *lög frá Alþingi.*

---

FRUMVARP til laga um stækkun verzlunarlóðarinnar á Eskifirði (302); 3. u m r.

Enginn tók til máls.

ATKV.GR.:

Frumv. samþykt með 17 samhljóða atkv. og afgreitt til Ed.

---

FRUMVAP til laga um stofnun Landhelgissjóðs Íslands (362); 3. u m r.

**Framsm. (Matthías Ólafsson):** Eg ætla ekkert að segja, óska að eins, að frumv. verði borið undir atkvæði, þar sem eg hefi von um góðan byr.

ATKV.GR.:

Frumv. samþykt með 19 samhljóða atkv. og endursent til Ed.

---

FRUMVARP til laga um vatnsveitingar (358, 376); 3. u m r.

**Framsm. (Sigurður Sigurðsson):** Það eru komnar fram 2 breyt.-tillögur frá nefndinni og standa þær á þgskj. 376. Vil eg leyfa mér að vekja athygli hv. deildar á þessum br.tillögum.

1. liður br.till. er í því fólginn, að í niðurlagi seinni liðsins í 17. gr. frumv. komi »fimtánföldum« í stað »tólfföldum«. Þessa br.till. hefir nefndin komið með af því að nefndinni þykir tólffaldur eftirgjaldsaukinn of lágt ákveðinn, og í öðru lagi til þess, að koma þessu í samræmi við frumv. um breyting á lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða, sem verður hér til 2. umr. í dag.

Hin br.till. er sú, að aftan við 18. gr. bætist það, að sé leiguliði öreigi, megi ganga að landsdrotni um áveitukostnaðinn, og miðar þessi tillaga að því, að laga greinina eins og hún nú er úr garði gerð.

ATKV.GR.:

Br.till. 376, 1 við 17. gr. var samþ. með 21 samhlj. atkv.

Br.till. 376, 2 við 18. gr. var samþ. með 20 samhlj. atkv.

Frv. með á orðnum breytingum samþykt með 18 samhlj. atkv. og var endursent til Ed.

---

FRUMVARP til laga um bæjanöfn (364); 3. umr.

**Framsm. (Jón Ólafsson):** Herra forseti! Þetta er 3. umræða málsins og engin breyt.till. fram komin, svo að eg sé ekki ástæðu til þess að tala neitt um það.

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. með 19 shlj. atkv. og endursent til Ed.

---

FRUMVARP til laga um íslenzkan fána (357, 363); 3. umr.

**Framsm. (Lárus H. Bjarnason):** Eg lít svo á, að í raun og veru sé búið að greiða atkvæði um báðar breyt.till. háttv. þm. Dal. (B. J.) á. þgskj. 363, ef ekki að forminu til, þá að minsta kosti að efninu til. Meiri hluti nefndarinnar getur ekki aðhylst þær. Fyrri br.till. er ekki annað en uppvakningur frá fyrri umr., því að ef fyrri hluti orðsins »landsfáni« væri tekinn framan af, þá mundi háttv. þm. segja, að fáninn væri sama sem siglingafáni, enda þó að áherzlan liggi í rauninni á orðunum »hér á landi«, en siglingafána hefir háttv. deild kastað með nafnakalli. Hin breyt.till. fer fram á það, að óheimilt skuli vera að *nota annan fána* en þenna á húsum þeim hér á landi, sem við alþjóð eru kend. Meiri hlutinn lítur svo á, að í fyrsta lagi sé þessi br.till. óþörf, og í öðru lagi komi hún í bága við það, að einstaklingunum er ekki gert ið sama að skyldu. Hví á að *skylda* opinberar byggingar til þessa, úr því að einstaklingar eru ekki skyldir til þess? Og svo er eg sérstaklega hræddur um, að slíkt ákvæði gæti orðið frumvarpinu að falli hjá hvorum sem er af þeim þáttum löggjafarvaldsins, sem enn eiga eftir að fjalla um það. Nú er frumvarpið líklegt til framgangs bæði í hv. Ed. og hjá h. h. konunginum, enda þó að núverandi flutningsm. vor hjá konungi mundi líklega ekki hafa sig mjög frammi. En verði frumv. breytt, er það lagt á hættu hjá báðum, konungi og Ed.

En það mundi verða fánahreyfingunni til ins mesta ógagns, ef það gengi ekki fram nú. Eg gat vel búist við því, að gengi frumvarpið ekki fram nú, þá færi líkt um fánamálið og um lotterímálið. Danir yrðu fyrri til að setja lög um allsherjar ríkisfána, fána, er tæki svo vel til Íslands sem til annara landa konungs, og þá mundi ráðh. segja líkt og í lotterímálinum, að hann væri sýkn í

fánamálinu, þar sem allsherjarlög hefðu verið komin um flaggið, áður en íslenzka frumvarpið varð borið upp fyrir konungi. Og þá hefðum við danska flaggið hér, á sjó og landi, og varið af íslenzkum stjórnvöldum, en íslenzku litirnir væru gerðir útlægir um land alt og eltir með íslenzku lögregluvaldi. Eg veit, að háttv. þm. Dal. (B. J.) vill ekki styðja að sliku en svona gæti farið ef ekki er gætt hófs, sérstaklega úr því að ráðherra er svo óvingjarnlegur í garð fánans. Við höfum dæmið fyrir okkur í lotterímálinu. Má mikið vera sé ekki ætlast til að eins fari um fánann.

Eg legg svo málið á vald háttv. deildar, en biðja vil eg hæstv. forseta að hafa nafnakall bæði um breyt.till. og frumvarpið sjálft. Vona, að spá hæstv. ráðherra, um að frumvarpið falli hér í deildinni við 3. umræðu, rætist ekki; vona jafnvel að háttv. Ed. láti það ekki eftir ráðherra að lóga frumv.

**Jóhannes Jóhannesson:** Eg hefi ekki greitt atkvæði við undanfarandi umræður um þetta mál og skal leyfa mér að skýra frá, hverjar ástæðurnar hafa verið til þess.

Eg er alveg samla minni hluta nefndar þeirrar, er skipuð var hér í deildinni, um það, að mjög lítið sé unnið fyrir íslenzku þjóðina við að fá löggilt an »sérfána«, »heimafána«, »landsfána«, eða hvað sem það nú er kallað, og að hreyfing sú, sem vakin hefir verið hér á landi fyrir sérstökum íslenzkum fána, hafi alls eigi átt við slíkan fána, heldur verzlunar- og siglingarfána, er öll íslenzk skip gætu notað, hvar sem væri. Eg get því vel skilið, að þeir menn, sem vakið hafa þessa hreyfingu, eða orðið hafa snortnir af henni, líti svo á, að það sé í raun og veru ekki annað en bjóða mönnum steina fyrir brauð, er farið er fram á að löggilda heimafána, eða landsfána, og þykist þess fullviss, að frumv. þetta myndi eigi fullnægja neinum þeirra, þótt það yrði að lögum.

Hins vegar er eg eins samdóma meiri hluta nefndarinnar um það, að það sé gersamlega ókleift, meðan engar bætur eru fengnar á sambandinu milli Íslands og Danmerkur, að fá sett lög um sérstakan verzlunar- og siglingafána fyrir Ísland, og vænti eg, að mönnum fari þá að skiljast, að eg læt mér í mjög léttu rúmi liggja, hvernig fer um þetta frv. á þessu þingi.

Háttv. minni hluti hefir tekið það réttilega fram í nefndaráliti sínu, að eigi sé nein þörf á tilhlutun löggjafarvaldsins til þess að þeir Íslendingar, er það vilja, geti notað sérstakan heimafána. Þeir þurfa ekki annað en koma sér saman um það, og um gerð fánans. *Bláhviti fáninn* hefir aldrei verið samþyktur af þjóð né þingi og eg tel mér óhætt að fullyrða, að fullt eins margir mundu eins vel óska, að t. a. m. fálkinn yrði lögleiddur sem heimafáni eins og hinn.

Atburður, sá er varð hér á höfninni 12. Júní, er alveg einstakur í sinni röð og vér þurfum alls eigi að óttast, að slíkt komi fyrir aftur, eftir upplýsingum þeim er hæstv. ráðherra hefir gefið hér í deildinni, og er því eigi nægileg ástæða fyrir löggjafarvaldið til þsss að fara nú að setja fánalög hans eins vegna. Að því er gerð fánans snertir, ef landsfáni verður lögleiddur, get eg verið samdóma meiri hluta nefndarinnar um það, að hún skifti í sjálfu sér ekki miklu, en það teldi eg þó mikinn kost, að sem mestur hluti þjóðarinnar gæti fallist á hana, og felt sig við hana. Það mundi auka að miklum mun vinsældir fánans. Hitt finst mér óviðfeldið að slá gerðinni fastri með lögum, áður en nokkur vissa er fyrir því fengin, að Hans hátign konungurinn geti fallist á hana. Fáninn er eins og háttv. framsögum. meiri hl. nefndarinnar (L. H. B.) tók svo skýrt

fram við 2. umr., ekki tákn neins sérstaks þjóðernis, heldur sérstaks ríkis eða ríkishluta og tekur að því leyti miklu frekar til stjórnenda ríkjanna en önnur mál.

Ef frumvarpið því ætti að verða að lögum, væri réttast að mínu áliti, að í því væri ákveðið, að gerð fánans skyldi ákveðin með konungsúrskurði. Gæti ráðherra þá, áður en hann bæri það mál upp fyrir konungi, verið búinn að afla sér upplýsinga um það, hver gerð fánans væri þjóðinni kærust, svo að konungi væri það kunnugt, er hann ákvæði hana.

Eg get því ekki greitt atkvæði með þessu frumv. út úr deildinni, því að eg álít mjög lítið eða ekkert við það unnið.

**Framsögum. minni hl. (Bjarni Jónsson):** Eg sit hér daglega og undrast orð manna í svo að segja hverju máli. Það er eins og það sé mjög djúpt innrætt mörgum háttv. þingmönnum, að Ísland sé óaðskiljanlegur hluti Danaveldis, og þó hafa þessir sömu menn lýst yfir því á þingi 1911, hver á sinn hátt, að þau lög, sem svo mæla fyrir, hafi ekki bindandi lagagildi hér á landi. Og samt benda enn öll orð þeirra og verk á þessa rótgrónu sannfæringu um það, að vér höfum ekki rétt til annars né frekara en þetta. Einkum má sjá þessa sorglegan vott í þessu fánamáli. Þegar þetta atvik kom fyrir, að óhæfa var höfð í frammi við íslenzka fánann, þá er að vísu hlaupið upp til handa og fóta, en til hvers? Til þess að löggilda alt annan fána, en þann, sem svívirtur var. Ef einhver slær mig á vinstri hendina, þá ætti eg að hugsa sem svo: Þetta skaltu ekki gera aftur, góðurinn minn, saga síðan af mér höndina og læt jarða hana, til þess að vera viss um að þetta komi ekki fyrir aftur. Sá fáni, sem tekinn var, og sá fáni, sem Íslendingar vilja hafa, er sýnilegt tákn þess, að þessi þjóð krefst þess fullkomna réttar síns, að eiga siglingarfána, hvort sem þess verður lengur eða skemur að bíða, að hún fái hann. Það var sá fáni, sem tekinn var og vegna hans sem þjóðin reiddist. En þegar á að fara að gera úr honum það sama, sem »fálkinn« var, gera hann að innlimunarvottorði, þá hætta menn að finna til hans vegna, því að þá er hann orðinn alt annað en það, sem meint var.

Háttv. framsögum. meiri hl. (L. H. B.) mátti ekki til þess hugsa, að orðið fáni stæði eitt út af fyrir sig, því að þá yrði það sama sem siglingarfáni. Já. Auðvitað gekk eg svo stutt í breyt.till. minni, sem unt var, og þá lá beinast við, að hafa þetta ótiltekið; til þess að taka ekki af oss rétt vorn með lögum. Með þessu er ekki annað gert, ef það verður samþykt, en að útvega Íslandi sérstakan fána, eins og önnur lönd hafa, en því er slept, að við um stundar sakir notum annarar þjóðar fána með fullu samþykki hennar. Síðar má svo, þegar þar að kemur, nema öll þau lög úr gildi, sem heimila oss þennan landsfána og standa á móti ótakmörkuðum rétti íslenzka fánans. Þetta er það sem liggur í breyt.till. minni, og þess vegna vil eg hafa um hana nafnakall og mundi hafa beðið um það, ef annar hefði ekki orðið fyrri til, til þess að það sjáist, hverjir vilji þetta nú og hverjir ekki. Því að það mega menn vita, að þó að þetta frumv. verði samþykt hér óbreytt og staðfest, þá verður málið aldrei útrætt, fyr en þeir menn eru allir undir lok liðnir, sem leyfa sér að halda því fram, að við höfum ekki rétt til að eiga fánann hreinan og einan.

Þá er in síðari breyt.till. mín, sem hv. framsögum. meiri hlutans sagði um, að

hún skyldaði menn til þess að nota íslenzka fánann á byggingum, sem væri alþjóðareign. Þetta er ekki rétt. Þar stendur að eins, að óheimilt sé að nota *annan* fána. Í því liggur, að það verði framvegis útilokað, að stjórnin reisi upp mastur undir fána, sem ekki kemur okkur við, eða að Alþingi noti merki, sem ekki á þar heima, og þetta mundi fyrirbyggja, að sett yrðu alríkislög um fána Danmerkur ríkis, sem líka ættu að ná til Íslands. En ef þessi landsfáni verður samþyktur hér án breytinganna, þá liggur undanþágan opin fyrir handa þessum byggingum. Þá mundi blakta þar framvegis inn »löglegi ríkisfáni«, eins og hæstv. ráðherra Íslendinga svo meistaralega komst að orði og embættisbróðir hans, sá inn danski, í svari sínu. Þá væri þessi staðarfáni engin vörn. Hann mundi ekki sjást á opinberum byggingum.

Aðferðin er svona, að þegar Danir ráðast á fánann hér inni á höfn, sem þeir eiga engan rétt yfir, eins og háttv. framsögumaður meiri hlutans hefir sjálfur sagt, þá er hlaupið til að löggilda staðarfána. En Danir munu fljótt sjá, hvað þeir eiga þá að gera, þegar búið er að friða fánann á þessum stað. Þeir vita, að hann er upptækur fyrir utan landhelgina. En næst koma þeir líklega og taka hann ofan af húsunum og verða þá um það nýjar skriftir, þar sem Danir og yfirvöld þeirra halda því fram, að þeir geri þetta eftir gömlum lögum, dönskum; þá verður Alþingi líklega næst að samþykkja sveitarfána og þegar hann er upptækur ger, þá afrértarfána og síðan fjallafána og nái Danir sér þá í truntur og takist að elta hann uppi, hvar sem þessir frelsisgarpar þá kunna að hafa falið hann, þá verður ekki annað eftir en að samþykkja skýjafána. og mundi það þykja skýjaglópslega að verið, ef eg ætti í hlut.

Háttv. 1. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.) áleit að »fálkinn« væri betri. En þar skjátlast honum illilega, því að síðan hann varð stallbróðir grænlenzka bjarnarins í innlimunarmerkinu, sem Albjartur bjó til, hafa honum algerlega þorrið vinsældir hér á landi og nota hann þeir einir, sem neyddir hafa verið til þess að draga niður »Dannebrog«. Því að þeir vita, að Dönum er ekkert illa við hann. Og ekki mundi Knútur Berlín einu sinni ganga svo langt, að finna að þeirri meinleysu, þó að við hefðum þann bleðil í þessum óaðskiljanlega hluta Danaveldis til þess að tákna sérstöðu okkar í undirlægjuhættinum. Því að annað táknar hann ekki.

Sami háttv. þingmaður mintist á atburðinn, sem varð 12. Júní, og hélt, að slíkt gæti ekki komið fyrir oftar, eftir skýrslu hæstv. ráðherra um það nýl. En þar skjátlast honum nú. Því að í svari danska ráðherrans er ekkert orð í þá átt, sem tryggi oss, að slíkt geti ekki komið fyrir oftar. Þar er þvert á móti haldið fram, að þetta hafi verið gert að lögum og að eins gert ráð fyrir að hitta Íslandsráðherra seinna til skrafs og ráðagerða.

Og einu gleymdi eg í gær, þegar talað var um þetta mál. Það er athugasemdin í niðurlagi bréfsins um það, að þetta sé smámál og vel farið «at det ikke fører til noget videre«. Í þessu liggur einmitt hótun, líklega um það, að taka önnur eins mál og þetta fyrir framvegis, svo sem hér væri um landráð að ræða. Það er ekki meira en þegar verið var að skrifa um mig í »Telegraphen« og fleiri blöð og ógna mér með hegningarlögunum dönsku, ef eg segði frá því, sem prentað er í íslenzkum alþingistíðindum.

Ef það ætti að kosta svo mikið, þá er líklega til einhver dönsk lagagrein, sem teygja má út yfir íslenzk fánamáls-

afbrot og það er það, sem býr undir þessum orðum i bréfinu.

Mér er það ljúft, eins og eg sagði áðan, að nafnakall verði viðhaft, því að þá er það sýnt, að þeir sem fella br.-till. mína, ina fyrri, setja nafn sitt undir það, að vér höfum ekki rétt til meira en þessa sérfána, og þeir sem eru móti inni síðari breyt.till., vilja greiða »Dannebrog« veg á opinberar byggingar vorar, eins fyrir því, þótt staðarfáninn verði samþyktur.

Ef þeir segja já við þeim, hafa þeir þar með lýst yfir vilja sínum, að minsta kosti að því leyti, að þeir vilji ekki að lögin fari frá þinginu nema þau feli í sér fulla kröfu um þann fána, er þjóðin vill fram hafa. Og þó að það verði ekki annað en yfirlýsing, er það betra en ekkert, því að það er drengilegt svar við þeirri árás sem á okkur var gerð. Þar með féllu niður allar röksemdir meiri hlutans, sem hann því miður hefir látið prenta, því að þær verða ekki skafnar út úr þingtíðindunum. En þær yrðu sem ótöluð orð, ef þetta yrði samþykt.

Með þeim formála, sem eg hefi nú sagt, vil eg láta bera upp breytingartillögur mínar og greiða atkvæði um þær með nafnakalli.

**Jón Magnússon:** Eg greiddi atkvæði með þessu frumvarpi um daginn til 3. umræðu, af því að eg áleit að við gætum unnið nokkuð með því. Samt sem áður sé eg mér ekki fært, að greiða atkvæði með því út úr deildinni, því að eg álít það ekki svo mikils vert, að tilvinnandi sé að stofna með því til deilumála bæði inn á við og út á við. Eg býst nú ekki svo mjög við inu síðara, en það gæti þó hugsast, og þá er tilefnið of lítið.

**Framsögum. meiri hl. (Lárus H. Bjarnason):** Háttv. þingm. Dal. (B. J.) ætla eg ekki að svara. Við höfum áður haft tækifæri til að deila um þetta efni, og sundið á milli okkar er svo mikið, að það er óbrúandi.

Mér kom engan veginn á óvart það sem háttv. 1. þingm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.) sagði, eftir að hv. ráðherra hafði sagt mér, að hann hefði von um, að frumvarpið félli í deildinni. Hins vegar hefði mér átt að koma meir á óvart yfirlýsing hv. þm. Vestm. (J. M.), sem greiddi atkvæði með frumvarpinu til 3. umr., en það er líklega af sömu ástæðu. Maður veit venjulega, hvar þeir herrar lenda í málum, sem eru ráðherra áhugamál.

Háttv. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.), sem jafnframt er formaður Sambandsflokksins, sagði, að lítið væri unnið með því að samþykkja frumvarp um landsfána, það væri að bjóða mönnum steina fyrir brauð, við þyrftum engin lög um slíkan fána, við mættum alstaðar flagga með honum í friði, og engin hætta væri á því, að sá atburður, sem hér gerðist 12. Júní, kæmi fyrir aftur; en þetta er því miður alt saman rakalaust. Mér er alveg óskiljanlegt, hvernig hann, jafnskýr maður, getur talað svo frá eigin brjósti. Atburðurinn 12. Júní og afskiftaleysi landstjórnar og bæjarstjórnar er einmitt skýr vottur þess, að liti vora brestur lögvernd, enda svo langt frá, að bréfaskifti ráðherra vors og forsætisráðherrans verji oss fyrir slíkum tiltækjum framvegis, að það mætti miklu fremur búast við endurtekningu, þar sem *báðum* kemur hjartanlega vel saman um, að atburðurinn 12. Júní hafi verið »lítilfjörlegur«, og danska flaggið eitt sé »löglegt« flagg hér. Dönsk blöð og fleiri mikilmenni Dana hafa og tekið í sama strenginn, t. d. forstjóri flotadeildarinnar, enda ekkert líklegra en að útlendingar geri svo, þegar *ráðinn forvígismaður* þjóðarinnar, ráðherra, gerir alt sem í hans valdi stendur hér *heima* til

þess að gera rétt vorn sem allra minstan. Það er einmitt in mesta uppreisn, sem við getum fengið — úr því sem komið er in einasta — ef við lögfestum slíkan fána. Þá megum við veifa honum ekki eingöngu á þurru landi, heldur og að sjálfsögðu á íslenzkum höfnum og jafnvel í landhelgi, eða með öðrum orðum, svo langt sem valdsvið okkar nær. Þá ættum við lagalega heimtingu á vernd lögreglu og dómstóla, ef fánanum væri misboðið á líkan hátt og gert var 12. Júní. Er þetta einskis vert?

Háttv. þm. (Jóh. Jóh.) sagði, að gerð fánans væri lítils virði, en vildi þó breyta til, og fela konungi að ákveða gerðina með tilskipun og þá sjálfsagt eftir ráði stjórnarinnar eða ráðherrans, sem þá færi með völdin. Eg legg nú að vísu heldur ekki mjög mikla áherzlu á gerð fánans, en mér finst, að eftir því sem á stendur megi hún ekki vera önnur en ákveðin er, enda frumvarpið komið of langt til þess að breyta til. Það nær engri átt, að hér sé gengið fram hjá konungi. Það gildir sama aðferð um það og öll önnur þingmannafrumvörp.

Eg finn svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekara um málið. Nafnakalls hafði eg beiðst, svo að það var óþarfi af háttv. þm. Dal. (B. J.) að tala frekar um það.

**Ráðherrann (H. H.):** Eg hefi áður tekið fram, að form frumvarpsins er alveg ófullnægjandi. Frumvarpið er alt of stuttaralegt Ef það er meiningin að fyrirbyggja, að líkt komi fyrir aftur og það sem átti sér stað 12. Júní, þá þarf að taka skýrara fram, að nota megi flaggið á höfnum inni. Það liggur ekkert slíkt í orðinu »lands«fáni. Það liggur jafnvel beinast við, ef ekki er ætlast til að fánann megi nota alstaðar á landhelgissvæðinu, að skilja orðið þannig, að fánann megi hvergi nota nema á þurru landi.

Eg er samdóma háttv. framsögm. (L. H. B.) um, að breyt.till. háttv. þm. Dal. (B. J.) séu óhæfar. Fyrri tillöguna þarf ekki að ræða, hún hefir þegar verið feld hér í deildinni. Hin síðari er þannig orðuð, að hún gæti leitt til endema. Það á að vera óheimilt, að draga nokkurn annan fána á stöng á byggingum, sem eru opinber eign, en þennan »lands«-fána. Eg veit ekki, hvort háttv. þm. Dal. (B. J.) rekur minni til, að konungurinn kom hér árið 1907. Þá bjó hann í Mentaskólahúsinu, sem er opinber stofnun, og hafði þar fána sinu á stöng. Ef slíkt kæmi fyrir aftur, þá ætti konungi að vera óheimilt að draga upp konungsflagg sitt á því húsi, sem honum væri fengið til íbúðar, ef það væri landseign, t. d. Mentaskólinn eða ráðherrabústaðurinn. Það geta komið fyrir önnur tilfelli jafnfáránleg. *(Valtýr Guðmundsson:* Það mætti t. d. ekki sýna útlendum þjóðum kurteisi með því að draga upp fána þeirra). Nei, það ætti eftir þessu að verða lagabrot. Eg held að háttv. þm. hafi ekki hugsað út í þetta, þegar hann samdi tillöguna. Eg ætla að ljúka máli mínu með því sem eg hefi reyndar margsagt, að eg álít frumvarpið þess eðlis, að sérstaklega ætti við, að ráðherra ræddi málið við konunginn áður en Alþingi leggur sinn úrskurð á það. Það á þess vegna ekki að verða útrætt nú á þinginu. Það mætti t. d. afgreiða það með rökstuddri dagskrá um að vísa því til stjórnarinnar.

**Pétur Jónsson:** Eg tók það fram við 1. umræðu, að mér væri eiginlega ekki sérstaklega ant um fánamálið. Eg benti á ástæður fyrir því, og þó að þær væru persónulegar að vísu, þá voru þær þó jafnframt að nokkru leyti almenns

eðlis. Engu að síður hefi eg ekki lagt atkvæði mitt til hindrunar því, að það kæmist til 2. og 3. umræðu. Eg leit svo á, að rétt væri, að málið fengi fulla meðferð í deildinni úr því að það var nú einu sinni fram komið. Eg bjóst satt að segja við því, að þeim, er mestan áhuga hafa á þessu máli, gæti komið saman um frumvarpið, svo að fult samræmi væri fengið á milli þeirra, er málið færi út úr deildinni, og þá mundu þeir sætta sig við að það færi ekki lengra að svo stöddu.

Eg býst nú við, að málið gangi áfram út úr deildinni og hefi heldur ekki reynt að hindra það; hins vegar get eg ekki lóð því mitt atkvæði fyrir það, sér í lagi, að þeir menn, sem mestan áhuga hafa á málinu, eru algerlega sundurþykkir sín á milli, svo að það sem einn vill, þykir hinum fjarstæða. Þeir sem endilega vilja fá siglingafána, telja löggildan heimafána verri en ekki neitt. Þeir sem hafa áhuga á að fá löggildan heimafána, vilja ekki fara fram á siglingafána, af því það er ekki á okkar valdi að fá hann. Jafnvel þó að eg geti ekki fylgst með þessum áhugamönnum í þessu máli, verð eg að álíta rétt að taka tillit til hreyfingarinnar eins og hún hefir verið frá upphafi og fara nú ekki að löggilda þann fána, sem upphafsmennirnir eru óánægðir með.

Þá eru margir óánægðir með gerð fánans. Eg get fyrir mitt leyti sætt mig við þessa gerð, enda býst eg við, að með henni fengjust flest atkvæði, ef til almennrar atkvæðagreiðslu kæmi. En atkvæðagreiðslan mundi eflaust fá enn betri úrslit, ef málið fengi að bíða enn um sinn, og fáninn yrði notaður lengur án löggildingar, eins og verið hefir. Eg viðurkenni það líka, sem hæstv. ráðherra hefir tekið fram, að ekki er nógu nákvæmlega tiltekið í frumvarpinu, hvar þennan fána megi nota, og hvaða rétt hann hefir eða hvaða skyldur menn hafa gagnvart honum. Breyt.till. háttv. þm. Dal. (B. J.) í þá átt að ákveða það, er þó ekki þannig háttað, að eg geti greitt henni atkvæði. Eg býst nú við að mér verði brugðið um ráðherrafylgi í þessu máli, og verð eg að sætta mig við það, enda þykir mér engin skömm að því að taka tillit til þess er sá maður segir, sem allan veg og vanda á að hafa af því, að fá málinu framgengt. Mér finst það ekki taka tali, að þröngva því upp á ráðherra, ef hann álítur það þannig úr garði gert, að hann geti með engu móti flutt það. Bezt teldi eg, að málinu væri vísað til aðgerða stjórnarinnar, gæti það þá fengið ýmsan þann undirbúning, sem nú er ófenginn, Eg geri það ekki að tillögu minni, en málinu greiði eg ekki atkvæði lengur að svo búnu.

**Jóhannes Jóhannesson:** Háttv. frams m. (L. H. B.) sagði, að eg væri óánægður með gerð fánans og vildi fá henni breytt. Það er rétt, að eg álít það galla á frumvarpinu, að gerð fánans skuli vera óákveðin í því, en eg tel það ekkert aðalatriði. Það tel eg aftur á móti aðalatriði, að þetta frumv. fullnægir hvorki óskum né kröfum nokkurs manns, sem snortinn hefir orðið að fánahreyfingunni. Háttv. sama þm. þótti líka undarlegt, að eg skyldi ekki óttast, að það sem gerðist hér 12. Júní kæmi fyrir aftur. Eg skil bréf forsætisráðherrans danska svo, að hann álíti að þetta hefði ekki átt að koma fyrir, og þar sem hann gengur inn á að ræða það við ráðherra Íslands, hvaða ákúrur foringi varðskipsins eigi að fá, þá sýnir það ljóslega, hvaða augum Danastjórn lítur á málið, og í því felst viðurkenning fyrir því að foringjanum hefir yfirsést. Eg þori þess vegna óhræddur að fullyrða, að þetta komi aldrei fyrir aftur. Eins og eg tók fram, hefir bláhvíti fán-

inn aldrei verið samþyktur, hvorki af þjóð né þingi. Þjóðinni var því engin vanvirða sýnd 12. Júní, og þess vegna er engrar uppreisnar þörf. Eg er á því, að alt of mikið hafi verið gert úr þessum atburði, því að í raun og veru var það ekkert annað, en að einn danskur embættismaður misskildi stöðu sína í einu atriði og hljóp þess vegna á sig. Það er því engin ástæða fyrir löggjafarvaldið að hlaupa upp til handa og fóta út af þeim smámunum.

**Kristinn Daníelsson:** Við 2. umræðu þessa máls greiddi eg hvorki atkvæði með né móti tillögum minni hlutans. Eg reyndi þó að færa ástæður fyrir því, hvers vegna eg gerði það, því að eg vildi ekki láta telja mig af handahófi með meiri hlutanum. Ástæður mínar voru þær, að eg álít, að við í sjálfu sér eigum lagalegan og siðferðislegan rétt á siglingafána og þess vegna gat eg ekki fengið mig til að greiða atkvæði á móti minni hlutanum. Hins vegar er það, að önnur þjóð heldur með valdi hins sterkara réttinum fyrir okkur og þess vegna áleit eg ekki heppilegt, að greiða tillögu minni hlutans atkvæði að svo stöddu, þó að eg hefði mikla tilhneigingu til að fylgja honum að málum og halda þar með fram rétti landsins Háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) sagði, að um fyrri breytingartillögu háttv. þm. Dal. (B. J.) hefði verið greitt atkvæði við 2. nmr. og hún þá feld. Eg get ekki litið svo á, enda hefir hv. forseti ekki tekið það svo. Eg mun vel geta greitt atkvæði með þeirri tillögu af þeim ástæðum sem eg hefi nú greint, því að hún fer ekki fram á annað, en að við lögleiðum fána — ótiltekinn hvers konar fána — sem við getum síðar notað svo víða og að svo miklu leyti sem við fáum framgengt. Aftur sé eg mér ekki fært að greiða atkvæði með síðari breytingartillögu hv. sama þm. (B. J.). Mótbárur hæstv. ráðherra gegn henni voru ljósar, og að mínu áliti fullkomlega réttmætar. Þessa grein vildi eg gera fyrir atkvæði mínu, áður en til atkvæða er gengið.

Þá ætla eg að eins að vikja lítillega að gerð fánans, sem nokkrir háttv. þm. hafa minst á. Mér finst það ekki geta komið til nokkurra mála, að nokkur önnur gerð verði ákveðin, en sú sem fáninn hefir þegar fengið. Það er sá fáni, og enginn annar, sem álitinn er íslenzkur fáni. Það er sá fáni, sem okkur dettur alt af í hug þegar íslenzkur fáni er nefndur. Og það er sá fáni, sem tekinn var af piltinum hérna á höfninni, og varð til þess að Íslendingar gátu þó einu sinni orðið alveg sammála, ef til vill í allra fyrsta sinni síðan 874. Að fálkamerkið verði tekið upp sem fáni, það kemur ekki til nokkurra mála.

Áður en eg sezt niður get eg ekki stilt mig um að minna háttv. deild á, að þjóðin væntir þess af þinginu og ekki síst af þessari deild — þjóðkjörnu deildinni — að hún skiljist ekki svo við þetta mál, að ekkert hafi verið gert í því. Eg hygg, að kjósendur verði óánægðir með okkur, er við komum heim í haust, ef sú verður raunin á.

**Framsögum. minni hl. (Bjarni Jónsson):** Eg skal ekki halda langa ræðu, sérstaklega fyrir það hversu friðsamlega hefir verið tekið í tillögur mínar. Eg hefi enga mótbáru heyrt, sem nokkurs er verð. Um hæstv. ráðherra má segja, að »eldist árgalinn nú«, ef hann hefir þá ekki kastað þessu fram að gamni sínu. Þó að óheimilt sé að hafa annan fána en íslenzka fánann á opinberum byggingum, er ekki þar með útilokað að ekki megi sýna útlendingum kurteisi, í einstökum tilfellum, með því að draga fána þeirra á stöng. Slíkt dettur engum í hug. Eg held, að eg

megi fullyrða að í útlendum lögum sé sams konar bann, og eg man ekki betur en að eg rækist á það um daginn, að í Danmörku sé óheimilt að hafa annan fána en Dannebrog á opinberum byggingum. Þykja þó Danir full kurteisir. (*Lárus H. Bjarnason:* Það er ekki rétt). Eg þori reyndar ekki að fullyrða það, en eg hygg þó, að mig minni rétt. Þetta bann getur ekki komið í bág við neinar kurteisisvenjur, enda mun venjan vera sú, að dregnir séu upp báðir fánarnir, fáni landsins og fáni þess manns eða þeirra manna, er kurteisina á að sýna. Hv. ráðh. hefir eflaust verið að gera að gamni sínu með því að segja, að ef konungurinn kæmi hingað og byggi í Latínuskólanum, þá mætti ekki draga þar upp konungsfánann. En mér er nú spurn, þegar konungur Íslands kemur hingað, getur þá ekki fáni Íslands verið jafnframt konungsfáni? Eða ætli hann komi til þess að sýna, að hann sé ekki konungur Íslands? Þá held eg, að enginn skaði skeði, þó að hann byggi fánalaus í Latínuskólanum.

Menn hafa látið sér þau orð um munn fara, að gerð fánans hafi hvorki verið samþykt af þjóð né þingi. Bláhviti fáninn hefir verið samþyktur af þjóðinni á hverjum þingmálafundinum eftir annan og á Alþingi 1911 var hann samþyktur í neðri deild, og meira að segja sem fullkominn íslenzkur siglingafáni. Þetta er því einkennilegra, þar sem því er haldið fram af sömu mönnunum sem sátu hér á þinginu 1911 og spertust þá við að mótmæla fánanum.

Það er sjálfsagt rétt, sem háttv. 2. þm. G.-K. (Kr. D.) sagði, að þjóðin vilji láta lögleiða fána á þessu þingi. En henni stendur ekki á sama, hvers konar fáni það verður. Mér er t. d. ekki sama, ef eg á að fá hest upp í skuld, hvort eg fæ tréhest — barnaleikfang — eða gæðing. Og þetta er ekkert annað en leikfang í stað gagnlegs hlutar. — Það er líka rétt, að það er blái fáninn með hvíta krossinum, sem er fáni Islands. Það er hann, sem samþyktur hefir verið sem siglingafáni af þjóð og þingi. Það var hann, sem tekinn var hér á höfninni 12. Júní. Vegna hans urðu menn reiðir. En þegar hann hefir verið gerður að öðrum fána en hann nú er, þá tekur mönnum ekki eins sárt til hans. Þjóðin fagnar ekki þingmönnum sínum, er þeir koma heim í haust, ef þeir hafa tekið fánann og lagt hann í sorpið fyrir fæturnar á hverjum þeim sem vill traðka á honum.

Það ræður nú hver sínu atkvæði fyrir mér um þetta mál. Eg hefi reynt að setja skýrt fram ástæðurnar fyrir minni breytingartillögu, hvað þeir undirskrifa, sem »já« segja, og sömuleiðis hinir, sem segja »nei«. Mun eg nú láta staðar numið, því þetta mál er orðið auðskilið og lítt flókið. En að lokum vil eg geta þess, að þær myndbreytingar, sem farið hefir verið fram á hér á þinginu, að láta þetta tákn ekki merkja neitt eða það sama sem þorskurinn forðum, munu ekki mælast vel fyrir. Hygg eg, að þeir menn, sem að þeim stuðla, fái ekki þakklæti þjóðarinnar, heldur þungan dóm. Og það má eg fullyrða, að þeir munu verða taldir *sakhæfir*.

**Framsögum. meiri hl. (Lárus H. Bjarnason):** Eg er sammála hv. þm. Dal. (B. J.) um, að ekki þurfi að stæla lengi um breytingartill. hans, því þær eru með öllu óhæfar. Engin af þeim ástæðum, sem bornar hafa verið fram fyrir þeim, stendur óhrakin.

Háttv. þm. Vestm. (J. M.) sagði með *sínni* vanalegu varkárni, að frumvarpið mundi geta valdið mótspyrnu utan lands og innan. Virðist mér að hann ætli sér nú að greiða atkvæði þvert ofan í at-

kvæði sitt áður. Hann mun hafa verið hræddur um, að verða mundi stjórnarskifti út af því. En hann þarf ekki að vera hræddur um það, því ekki velviljaðri maður okkur en Knútur Berlín hefir lýst yfir því, að frumv. um landsfána muni ekki mæta mótspyrnu í Danmörku. Hæstv. ráðherra þóttist vera í vafa um, hvað landsfáni þýddi, hvort það þýddi að eins flagg á þessu landi, eða jafnframt flagg á höfn og í landhelgi. Hv. ráðherra hlýtur, sem löglesinn maður, að vita, að höfn og þurt land er eitt og sama í hér um ræddum skilningi, sbr. nýgenginn landsyfirdóm um áfengiskaup á höfn. Og líku máli gegnir um landhelgina. Þetta ætti sízt að þurfa að tyggja upp fyrir löglesnum mönnum dag eftir dag.

Það er algerður óþarfi fyrir hæstv. ráðherra að vera að leggjast á móti þessum lögum *hér*, því eftir því sem mér skildst á honum, þykist hann hafa efri deild í bakhönd, enda á jafnsamgróið mál þjóðerni voru og fánamálið að ræðast í báðum deildum og því þegar af þeirri ástæðu nauðsynlegt að það komist gengum þessa.

Eg hefi ekki fullyrt, að svo fari um fánafrumv. sem um lotterifrumv., en hitt hefi eg sagt, að líkt *gæti* um bæði farið. Það skifir ekki miklu máli, með hverju móti Danir fengju frest til lagasetningar um alsherjar flagg, hvort heldur fyrir fall frumv. eða fyrir uppburðarleysi ráðherra. Hvort heldur sem yrði, gæti ráðherra með sama rétti sagt, að nú væri búið að lögleiða flagg, sem næði til allra landa konungsins, og því væri ekki til neins að halda lengur fram íslenzkum fána.

Þegar 3 stjórnarflokksmenn höfðu staðið upp til þess að gera grein fyrir, að þeir litu nú — sumir — öðruvís á málið en áður, þá fór eg satt að segja að óttast, að flokkssamþykt lægi fyrir; en vera má að svo sé þó ekki, úr því að háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) ætlar ekki að greiða atkvæði á móti frumv., heldur láta það afskiftulaust, eða kannske hann hafi fengið hlutleysisleyfi. Sé svo, verður að reyna að komast af án stjórnarflokksins. Háttv. þingm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.) sagði aftur, að hann óttaðist ekki endurtekningu á tiltækinu 12. Júní, af því að forsætisráðgjafinn danski lýsti vanþóknun sinni á því. Háttv. þm. hefir víst ekki lesið bréf forsætisráðherrans. Þar stendur, að hann sé þakklátur ráðherranum fyrir verndun ríkisflaggsins, þetta sé lítilfjörlegt atriði, sem þeir geti spjallað um þegar ráðherra komi út. Það var ekki með einu orði vikið að neinum ákúrum eins og háttv. þm. var að tala um, heldur þvert á móti, enda var ekki nema eitt svar til af hendi Danastjórnar, sem sé að kveðja foringjann á Islands Falk samstundis heim. Háttv. flutningsm. breytingartillögunnar, hvers einlægni eg aldrei efa, en hefir þennan leiða galla, að láta sitt góða *hjarta* ráða fyrir sínu góða höfði, þóttist finna sárt til smánar þeirrar, er okkur var sýnd 12. Júní, en þeim mun kynlegra er, að hann skuli ekkert vilja gera til að fyrirbyggja að slíkt komi fyrir aftur. Það er annars afarkynlegt að sjá þá sem er illa við íslenzku litina og þá sem elska þá, taka saman höndum til að urða frumv. *(Bjarni Jónsson:* Eg er dauður, skyldi annars svara). Eg er ekki að skamma þingmanninn, sagði að eins að hans góða höfuð ætti að ráða meiru, en hans heita hjarta.

Eg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta mál, en vona, að úr því að það fór með 20 atkvæðum til 3. umræðu, þá takist að fleyta því með nægilegu atkvæðamagni til efri deildar, jafnvel þó að stjórnarflokkurinn leggist allur á móti því.

**Ráðherrann (H. H.):** Eg sakna

í hinni getátufullu ræðu háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) skýringar á því, hvernig hann ætlast til að gerð fánans sé.

1. gr. frumvarpsins er sömuleiðis svo óskýr, að ekki er viðunandi. Það er algerlega óforsvaranlegt að láta fara lög frá þinginu, sem skilja má á ýmsa vegu. Samkvæmt gildandi lögum mega engin skrásett skip nota annan fána en þann danska. Það getur því ekki verið um annað að ræða en báta í frumvarpinu, þótt nefndarálitið gefi í skyn, að átt sé við meira.

Frumvarpið er yfileitt þannig, að það líkist því fremur, að háttv. flutningsm. hefði ritað *í vasabók sína* sér til minnis, að hann ætlaði að búa til frumvarp, heldur en fullgerðu frumvarpi.

**Framsögm. meiri hl. (Lárus H. Bjarnason):** Hæstv. ráðherra minnist oft á vasabækur. Honum væri nær að halda vasabók og skrifa í hana að minsta kosti það, sem hann segir sjálfur, ef vera kynni að hann myndi þá eftir einhverju af því síðar.

Hann er altaf að klifa á því, hvar eigi að nota flaggið. Það er undarlegt um jafn skýran mann, að honum skuli ekki skiljast, að flaggið á að mega nota innan íslenzks valdsvæðis, og það orðatiltæki þýðir þurt land, hafnir og landhelgi.

Hæstv. ráðherra gat þess, að fánafrumvarpið kæmi í bága við gildandi lög, líklega 2. gr. skásetningarlaganna. Eg tel líklegt, að 2. gr. eigi að eins við flagg utan landhelgi, en þó svo væri ekki, þá veit eg ekki betur en að skrásetningarlögin séu *íslenzk* lög sem *íslenzkt* löggjafarvald getur breytt, svo að önnur verði, innan endimarka þess. Eg man ekki eftir neinu forboði í nokkrum lögum móti öðru flaggi en danska flagginu, hvort heldur á íslenzkum höfnum eða í landhelgi. Í skrársetningarlögunum frá 13. Desember 1895 stendur það að minsta kosti ekki. Þar er ekkert tekið fram um hafnir eða landhelgi. Skal eg heita á hæstv. ráðherra þeirri upphæð, sem hann sjálfur tiltekur, ef hann getur sýnt mér annað. Annars væri nógu fróðlegt að vita, með hverju ráðherra ætlar að verja frumvarpið fyrir Hans hátign konunginum komist það svo langt, jafn ólatur og hann hefir verið á að spilla fyrir því hér á þingi.

ATKV.GR.:

Breytingartill. á þgskj. 363, 1. liður, feld með 19 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Benedikt Sveinsson | Eggert Pálsson |
| Bjarni Jónsson | Jón Jónsson |
| Kristinn Daníelsson | Einar Jónsson |
| Sig. Sigurðsson | Guðmundur Eggerz |
| Skúli Thoroddsen | Halldór Steinsson |
| Þorleifur Jónsson | Hannes Hafstein |
| | Jóh. Jóhannesson |
| | Jón Magnússon |
| | Jón Ólafsson |
| | Kristján Jónsson |
| | Lárus H. Bjarnason |
| | Magnús Kristjánss. |
| | Matthías Ólafsson |
| | Ólafur Briem |
| | Pétur Jónsson |
| | Stefán Stefánsson |
| | Tryggvi Bjarnason |
| | Valtýr Guðmundss. |

Björn Kristjánsson greiddi ekki atkvæði og taldist með meiri hlutanum.

Breytingartill. á þgskj. 363, 2. liður, feld með 22 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Benedikt Sveinsson | Eggert Pálsson |
| Bjarni Jónsson | Jón Jónsson |
| Skúli Thoroddsen | Einar Jónsson |
| | Guðmundur Eggerz |
| | Halldór Steinsson |

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| | Hannes Hafstein |
| | Jóh. Jóhannesson |
| | Jón Magnússon |
| | Jón Ólafsson |
| | Kristinn Daníelsson |
| | Kristján Jónsson |
| | Lárus H. Bjarnason |
| | Magnús Kristjánss. |
| | Matthías Ólafsson |
| | Ólafur Briem |
| | Pétur Jónsson |
| | Stefán Stefánsson |
| | Tryggvi Bjarnason |
| | Valtýr Guðmundss. |
| | Þorleifur Jónsson. |

Björn Kristjánsson og Sigurður Sigurðsson greiddu ekki atkvæði og töldust með meiri hlutanum.

Frumvarpið óbreytt sþ. með 16 : 9 atkvæðum, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Benedikt Sveinsson |
| Jón Jónsson | Bjarni Jónsson |
| Björn Kristjánsson | Hannes Hafstein |
| Einar Jónsson | Jóh. Jóhannesson |
| Guðmundur Eggerz | Jón Magnússon |
| Halldór Steinsson | Magnús Kristjánss. |
| Jón Ólafsson | Matthías Ólafsson |
| Kristinn Daníelsson | Sigurður Sigurðsson |
| Kristján Jónsson | Skúli Thoroddsen |
| L. H. Bjarnason | |
| Ólafur Briem | |
| Stefán Stefánsson | |
| Tryggvi Bjarnason | |
| Valtýr Guðmundss. | |

Pétur Jónsson og Þorleifur Jónsson greiddu ekki atkv. og töldust til meiri hlutans.

Málið afgreitt til Ed.

---

FRUMVARP til laga um viðauka og breyting á lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða frá 12. Janúar 1884 (106, n. 321 og 349, 360); 2. umr.

**Framsögum. (Ólafur Briem):** Samskonar frumv. og hér liggur fyrir, hefir verið til meðferðar á þingunum 1911 og 1909. Í bæði skiftin áttu þau upptök sín í Nd., komust til Ed. og strönduðu þar. Þessi frv. voru nokkuð viðtækari en þetta er. Þetta frumvarp, sem hér liggur fyrir, snýst aðallega um 4 atriði.

1 gr. er um bygging jarða og ábúðarhúsa. 2. og 3. gr. er um endurgjald til leiguliða fyrir jarðabætur. 4. og 5. gr. er um bygging bæja og viðhald húsa. 6. og 7. gr. um rétt leiguliða til að losa sig við innstæðukúgildi á jörðum.

1. gr. frumvarpsins um bygging jarða fer fram á, að aldrei sé heimilað manni að byggja jörð skemur en til 10 ára, og svo er þar annað nýmæli, að ekkja haldi ábúðarrétti bónda síns. Um rétt ekkju til ábúðar á jörð eftir mann sinn, er sú regla, að hún haldi honum þangað til hún giftist aftur. Um þetta atriði var enginn ágreiningur í nefndinni.

Nefndin komst að þeiri niðurstöðu, að ekki væri rétt að setja samningsfrelsi manna þær skorður, að þeim væri ekki leyfilegt að byggja jarðir sínar til skemri tíma en 10 ára eða jafnvel þó ekki væri nema til eins árs. Slíkt gæti í einstökum tilfellum haft óþægilegar afleiðingar. Segjum t. d. að maður vildi láta son sinn taka við jörðinni, en hann væri ekki fulltíða, eða það stæði einhvernveginn svo á, að hann gæti ekki byrjað búskap á henni í bili. Þá gæti honum verið það mikill bagi að mega ekki byggja jörðina 1 ár eða svo þangað til sonur hans gæti tekið við henni. Nefndin leggur því til að feld sé úr 1.

gr. frumvarpsins og vill una við atkv. núgildandi ábúðarlaga.

2. gr. frumvarpsins er í fullu samræmi við 20. gr. ábúðarlaganna, sem nú gilda, um endurgjald fyrir unnar jarðabætur leiguliða, og það hvernig leiguliði á að haga sér, ef hann vill gera jarðabætur. Hér er að eins gerð sú breyting á, að hámark endurgjaldsins fyrir unnar jarðabætur er hækkað um $^1/_5$ eða úr tólffaldri upp í fimtánfalda afgjaldshækkun jarðarinnar. Þetta getur verið álitamál, hvort rétt sé, en nefndin hefir samt látið það standa. Nefndin hefir komið með breyt.till. við 3. gr. frumvarpsins, sem fer í þá átt, að landsdrottinn eigi jafnan kost á að líta eftir, hvernig jarðabætur á leigujörðum eru unnar. Enn fremur hefir nefndin komið með breyt.till. um upphæð endurgjalds fyrir unnar jarðabætur og fært það niður úr 1,50 kr. í 1,00 kr. fyrir hvert dagsverk, sem jarðabæturnar eru metnar. En þetta atriði vill hún samt ekki gera að neinu kappsmáli.

Nefndin hefir loks komið með þá breyt.till., að seinni liður 3. gr. falli niður. Svo stendur á, að vafi leikur á því meðal lögfræðinga, hvort ábúðarlögin frá 12. Jan. 1884 nái til prestssetra og kirkjujarða. En hvað sem um það er, þá vildi nefndin ekki, að þessi viðaukalög hefðu viðtækara gildi en sjálf ábúðarlögin og því leggur hún þetta til.

Nefndin hefir ekki getað orðið öll ásátt um 4. og 5. gr. frumvarpsins, er snertu byggingu og viðhald bæjarhúsa, og er það tillaga meiri hlutans, að þessar greinir falli burtu. Það sem þar er farið fram á, er algert nýmæli. Þar er haldið fram því fyrirkomulagi, að bæjarhús séu eign landsdrottins og að viðhald húsanna hvíli á honum, þannig, að hann sé skyldur að byggja þau upp algerlega á sinn kostnað, en taki þar á móti í notum þess hærri landskuld af jörðinni. Í gildandi ábúðarlögum hvílir viðhaldið á leiguliðunum, hann verður að halda húsunum og skila þeim í gildu standi eða með fullu álagi eftir úttekt. Nefndina hefir reyndar ekki greint svo mjög á um aðalefni þessa máls. Hún var sem sé öll sammála um það, að í sjálfu sér væri hentugast það fyrirkomulag, sem nefndar frumvarpsgreinar gera ráð fyrir, og að æskilegt væri, að það kæmist á sem fyrst, en meiri hluti hennar áleit, að tíminn til þess að lögleiða þetta væri enn ekki kominn.

Það má staðhæfa, að bæjarbyggingar eru enn sem komið er á tilraunastigi. Það lítur út fyrir að menn séu að hverfa frá torfbæjabyggingu, sem til skamms tíma var alment ríkjandi upp til sveita. Um nokkurt árabil gekk stefnan í þá átt, að byggja timburhús. En nú þykjast menn komnir að raun um, að timburhúsin séu mjög óhentug til sveita, bæði af því að efnið þarf að sækja langt til, og líka af því, að timbur, það sem flyzt til landsins í seinni tíð, er mjög óvandað, sem gerir húsin endingarlítil og alt viðhald kostnaðarsamt. Og auk þess þarf mikið til að hita upp timburhús, en erfitt að ná í kol. Þess vegna eru menn nú farnir að byggja steinhús á jörðum sínum, því að þau hafa þann kost, að þau eru lang endingarbezt af öllum húsum. Af þessu getum við séð, að húsin reynast ærið misjafnlega eftir því, hvernig byggingu þeirra er hagað, og að enn er ekki fengin full reynsla í þessu efni, enda allsendis ónógar upplýsingar um, hvað bezt hefir gefist, og því þarf að safna nákvæmum skýrslum um húsabyggingar og hvaða hús reynist bezt, áður en lagt er út í að lögleiða nýmæli, sem gerði það að verkum, að hægt væri að knýja eigendur jarða til þess að leggja út í kostnað við nýjar bæjabyggingar. Fyrir því vakti það aðallega fyrir meiri hluta

nefndarinnar, að nauðsyn bæri til að fyrst væri komist að einhverri niðurstöðu um, hvað bezt hentaði í því efni.

Um 6. og 7. gr., er snertir rétt leiguliða til að losast við jarðakúgildi með tilteknum skilyrðum, var enginn ágreiningur í nefndinni, og skal eg því ekki tala neitt um þær greinar.

Breyt.till. frá minni hlutanum við 8. gr. man eg ekki til að kæmi til orða í nefndinni. Tillagan er um, að ef land leigujarðar skemmist af náttúruvöldum, skuli meta, hve miklum hluta landsskuldar það nemi ár hvert, og eigi þá leiguliði heimting á að landskuldin lækki um þá upphæð, sem metin er. Í ábúðarlögunum, sem nú gilda, er það ákveðið í 17. gr., að leiguliði eigi heimting á helmingslækkun á afgjaldi, þegar jarðir skemmast til muna. Það má deila um, hvor reglan sé réttlátari. Þetta hefir ekki verið athugað í nefndinni. Mitt álit er, að ef á að breyta gildandi ákvæðum, þá þurfi að ákveða nánara en gert er grundvöllinn, sem matið er bygt á. Nú er mjög mismunandi, hvaða reglum er fylgt þegar svona mat fer fram. Til dæmis hafi skriða fallið á engi, þá ákveða sumir matsmenn skaðann eftir því, hve marga hesta engið, sem skemdist, gaf af sér. Hafi nú engið t. d. gefið af sér 100 hesta af heyi og slæjutollurinn sé metinn 30 aurar, gerir þetta samtals 30 krónur. Hafi nú alt afgjaldið af jörðinni verið 60 krónur, ætti landskuldin eftir breytingartillögu minni hlutans að lækka um helming, og sjá allir, að það nær ekki nokkurri átt, þar sem tún, beitiland o. s. frv. er alt óskemt og engjaskemdirnar nema ef til vill ekki nema litlum hluta af útheyskapnum. Það er öllum mönnum sjáanlegt, að svona grundvöllur getur ekki verið réttur, og meðfram af þeirri ástæðu verð eg að telja varhugavert að samþykkja umrædda breytingartillögu minni hlutans.

---

Þá var komið nón og ýmsir beðið sér hljóðs, frestaði því forseti þingfundi til kl. 5 síðdegis.

---

**Framsögum. minni hl. (Bjarni Jónsson):** Það eru aðallega tvö atriði, sem eg legg áherzlu á. Annað er um það, hver kosta skuli byggingar á jöðum, og hitt um það, hver bæta skuli ef jarðir skemmast.

Mér virðist mikil hætta vera á því, að húsakynni verði vanalega vond, ef leiguliðar eiga að byggja upp hús á jörðunum, vegna þess að leiguliðar eru vanlega fátækir. Þeir taka nú við jörðunum vanalega með álagi, og má geta nærri, að það er ekki svo vel úti látið, að bygt verði fyrir það. Mér finst hitt ólíku sanngjarnara, að eigandi jarðar eigi húsin og taki þá þess meiri leigu af jörðunum, sem hann kostar miklu til bygginga. Líka er miklu betra fyrir leigjandann að borga meiri leigu en að eiga álagið alt af yfir höfði sér. Hann veit þá, hvað hann á og hvað hann á ekki.

Eg gæti látið vera að tala um málið ef að eg væri viss um að þingmenn hefðu lesið álit minni hlutans. En af því að ekki stendur mikið af okkur upp úr skjalabunkanum, sem hleður niður á hverjum degi, þá get eg búist við því, að menn hafi ekki lesið það. Eg vil því leyfa mér að segja nokkur orð um breytingartillögur mínar.

Mér virðist það alveg röng stefna, að láta leiguliðana bera ábyrgðina á því, að jarðirnar skemmist. Það er líka gagnstætt almennri venju, að eigendur beri ekki ábyrgð á þeim skemdum á

eigum sínum, sem eru öllum ósjálfráðar. Það er miklu betra fyrir leigjandann, að borga hærri leigu og bera ekki ábyrgðina, heldur en að bera að sínum hlut ábyrgðina á skemdum og borga lágt eftirgjald. Mér finst það líka alveg óhafandi ákvæði í 17. gr. ábúðarlaganna, sem nú gilda.

Það er ekki tími til að reikna út hækkunina, sem verður á landskuldinni fyrir þessar kvaðir, sem leggjast á eigandann. Gerum samt ráð fyrir að hann byggi torfbæ, sem standi að öllum líkindum í 30 ár, þá ætti hækkunin að nema 6%, sem er ekki er of mikið, ef húsið er vel gert. Það er augsýnilegt, að eigendur, sem gerðu vönduð hús t. d. steinbæi, kæmust af með minna en að reiknuð væri 4%, því að húsin entust þá lengur. Eg reiknaði út einu sinni í öðru máli, að lán væri fullgreitt á 75 árum með 5% og mættu vextir þá vera 4,85. Eg hefi því miður ekki haft hentugleika til að reikna þetta nú, og hefi ekki tekið logarithmana með mér. Eg vona að mönnum skiljist, að þetta sé engin frágangssök. Með þessum hætti fellur kostnaðurinn jafnt á báða, leiguliða og jarðeiganda.

Að öðru en þessu er eg alveg sammála nefndinni. Það er að eins 4. og 5. gr., sem oss skilur á um. Um hag eigandans er nægilega séð í 5. gr. Á leiguliða legst viðhaldið að öðru en eðlilegri fyrningu. Þessar greinir eru meginatriði frumvarpsins, og ef þær eru ekki teknar með, sé eg ekki, að gagn sé í frumvarpinu. *(Sig. Sigurðsson:* 3. gr.). Þá grein met eg einskis. Ef nokkuð er, þá virðist mér hún helzti djarftæk á eignir manna, þar sem jarðeigendum er gert að skyldu að greiða fyrir jarðabætur, hvort sem þær eru haganlegar eða ekki.

Að öðru leyti gerði eg ekki ágreiningsatriði í nefndinni; eg taldi frumv. skaðlaust. Eg veit ekki, hvort höfundur frumvarpsins ætlar sér að blása lífandi anda í þær greinir, sem nefndin ætlar sér að drepa, en þó býst eg við því.

**Framsögum. meiri hl. (Ólafur Briem):** Það er rétt hjá háttv. þm. Dal. (B. J.), að ágreiningurinn er meira í orði en á borði. Nefndin er í sjálfu sér ekkert mótfallin 4. og 5. gr., en þykir viðurhlutamikið að leggja til að samþykkja þær nú. Nefndin játar, að það sé æskilegast, að lögin um skyld efni séu í heilum bálkum, en sá er galli á, að meðan menn eru að þreifa fyrir sér um, hvað hentast sé, þá er ekki unt að gefa út heila lagabálka; þá verða umbæturnar að koma í smápörtum, unz föst niðurstaða er fengin og þá fyrst getur verið að tala um að fella in dreifðu lagaákvæði inn í einn bálk. En það sem gerir, að nefndin treystir sér ekki til að mæla með 4. og 5. gr. frumv., er það, að bæði er málið vandasamt og ekki nægilega undirbúið. Stjórn búnaðarfélags Íslands hefir fjallað um málið og telur ekki ráðlegt að vinda bráðan bug að því. Það þarf að fá fasta undirstöðu, reynslan þarf að kenna mönnum, áður en ákvæði eru gerð hér að lútandi. Byggingarefni er enn ekki nægilega rannsakað. Og enn fremur má benda á það, að ef miklar breytingar ætti að gera á byggingarlagi sveitabæja og öðrum þeim sem standa í sambandi við það, mætti ekki minna vera en löggjafarvaldið sæi mönnum fyrir nægri leiðbeiningu í þessum efnum. En sá er enginn, sem það starf hafi með höndum. Guðmundur prófessor Hannesson hefir oft svarað fyrirspurnum viðsvegar af landinu um fyrirkomulag á húsabyggingum til sveita, en það hefir hann gert af því, að honum er málið áhugamál, en engin skylda liggur á honum í þessu efni. En þótt hann hafi um langan tíma haft sterkan áhuga á að rannsaka þetta

efni, þá er vitanlega ekki um jafnvíðtækar rannsóknir að ræða, sem gera mætti ráð fyrir, ef sérstakur maður væri fenginn til þess, sem ekki hefði annað starf með höndum. Sá maður, sem veitir leiðbeiningar um kirkjusmíð og íbúðarhús á prestssetrum, Rögnvaldur Ólafsson, hefir meira en nóg á sinni könnu. Það sem hér á ríður, er að gera sem mest af litlum efnum. Þótt það sé gott að bæta húsakynnin, þá er hagurinn að því að eins óbeinn. Í fyrri landbúnaðarnefndinni, sem að eins var skipuð 3 mönnum, var þetta atriði tekið til íhugunar, og taldi hún þörf á sérstakri leiðbeiningu í þessum efnum. Það getur verið örðugt jafnvel að fá góða smiði til verksins, og það er ekki lítið fé, sem menn hafa oft tapað á því, að smiðirnir hafa ekki kunnað nógu vel til verksins né verið nógu vandvirkir.

Það er nauðsynlegt, áður en út í meira er ráðist, að kynna sér húsakynni um landið og sambandið milli leiguliða og landsdrotna; ekki er víst, að alstaðar eigi sama við. Ef til vill græddist töluvert við það, að bera málið undir almanna dóm, og leita álits sveitarstjórna.

Það fer fjarri því, að meiri hlutinn leggi nokkurt kapp á það, að sporna við framgangi þessa nýmælis um húsabyggingarnar, en hann vill ekki bera ábyrgð á því, að þetta sé nú lögleitt.

**Framsögum. minni hl. (Bjarni Jónsson):** Það er satt, að vér höfum enn ekki reynt, hvernig bezt sé að gera hús. En þúsund ára reynsla er þó nokkurs verð, og hún er sú, að mönnum líður sæmilega í vel gerðum torfbæjum.

Mér skilst, að meiri hluti nefndarinnar haldi, að það sé ætlun mín, að þegar í stað skuli vera farið að endurbæta húsakynni hér á landi. En svo er ekki. Hér er um það eitt að ræða, að fyrningin lendi á eigendunum, en ekki á leiguliðum, en enga skyldu til húsgerðar fyr en þar að kemur.

Um kostnaðinn er það að segja, að hann er samur, hvort sem eigandi eða leiguliði gerir húsin. Hann er kominn undir því einu, hversu dýrt efni er valið, t. d. steinn; það er þá hentugra, að jarðeigandi beri kostnaðinn, heldur en leiguliði, sem ekki getur flutt steinhúsið og á ef til vill örðugt með sölu þess. Með þeim hætti sem nú er, getur ekki verið að ræða um annað en lélegar skemmur, þar sem lífi og heilsu fátæklinganna er hætta búin.

Það er satt, að þörf er á leiðbeiningum í húsagerð upp til sveita. Nú vill svo vel til, að fyrir þinginu liggur umsókn frá manni, sem numið hefir húsagerð í Noregi og steinsteypu að auki, ef svo mætti reynast hentara hér á landi. Er sá maður inn efnilegasti, hefir brotist áfram af eigin ramleik, við ágætt lof frá skólum þeim, sem hann hefir verið í. Eg veit ekki, hvort fjárlagalefndin hefir sint þessu, annað hvort beint eða þá hugsað sér, að styrkur til þessa manns fælist í fjárveitingunni til búnaðarfélagsins. Ef svo er ekki, er ekki annað fyrir en að þingmenn beri upp tillögu um þetta, og mætti þá gera ráð fyrir því, að háttv. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.) gerðist þar flytjandi að.

Eigandi og leiguliði þurfa jafnt leiðbeiningarinnar við. Þeir leggja báðir nákvæmlega í sömu hættu og í sama kostnað. En að leita til sveitarstjórna og sýslunefnda um þetta, er ekki til annars en að tefja fyrir málinu. Þær hafa engu meiri kunnáttu á þessum hlutum en sjálfir þeir, og geta þess vegna ekkert sagt nema það, sem hver maður getur sagt sér sjálfur. Það þarf ekki að leita til neins um það, hvort réttara sé að eigandi beri ábyrgð á eign sinni eða leiguliði. Það liggur í augum uppi.

Háttv. frámsögum. meiri hlutans (Ó.

Br.) sagði, að það gæti í einstökum tilfellum verið réttara, að maður legði fram fé til að bæta skemdir á bæjarhúsum, og það væri þegar hann byggi við lágan leigumála. En þessi jöfnuður þarf aldrei að koma til. Landsdrottinn getur hækkað landskuldina í staðinn fyrir þessar kvaðir, sem á hann leggjast. Og þá fyrst er rétturinn fenginn, er hver maður ber ábyrgð á eign sinni.

Þetta snertir einnig rétt mat á landinu og lánstraust þess. Það er ekki sama, þegar jörð er metin til dýrleika og farið er eftir landskuldinni, hvort hún er í réttu samræmi við landið og landgæðin eða hún er fólgin í einhverjum kvöðum, sem engum dettur í hug að meta, en eru þó til. Sú áhætta, að mega alt af búast við því, að þurfa að reisa hús af nýju, ef slys vildi til, sem alt af getur komið fyrir, er ekki reiknuð til peninga. Það eru miklar tekjur fyrir eigandann, að losna við þá ábyrgð. En ef hún hvílir á honum, sem sanngjarnt er, þá yrði hann að hækka afgjaldið, en við það yrðu kjör leiguliða ekkert verri. Með þessu móti yrði komist nær sannvirði landsins, og á því er engin vanþörf. Matið á landinu er svo hlægilegt, að það er ekki talið meira virði en sem svarar andvirði afurðanna á einu ári. Og þegar maður ætlar að taka lán út á jörð, þá segir hann að hún sé svo og svo stór, en kosti ekki meir en þetta.

Að svo mæltu læt eg útrætt um málið. Eg áfelli ekki varfærni meiri hlutans, en eg spái, að þegar málið kemur næst fyrir Alþingi, þá verði það jafnvel undirbúið.

**Pétur Jónsson:** Eg býst við að eg hallist að því, að greiða atkvæði með tillögum meiri hlutans. Ekki fyrir það, að þau ákvæði, sem meiri hlutinn leggur til að feld verði burt, hafi ekki minn samhug. T. d. ákvæðin í 1. gr. hafa fullkomlega minn samhug. Eg hefi séð, að ábúð á þeim jörðum, sem bygðar eru til eins árs í senn, er in athugaverðasta. En hvernig sem eg hefi brotið heilann um þetta atriði, hefi eg ekki getað séð, að meðan eignarréttinum er eins háttað og nú, sé hægt að kippa þessu í lag án þess að brjóta í bág við almennan hugsunarhátt manna. Eg er hræddur um, að þau ákvæði geti aldrei þrifist, sem hefta eignarfrelsi manna og særa réttarmeðvitund þeirra. Það er hart og nokkuð einhliða, að neyða jarðareiganda til að byggja jörð sína til svo og svo langs tíma, einkum þegar hann fær ekki sama rétt í móti, sem sé tryggingu fyrir því, að leiguliðinn haldi uppi ábúð á jörðinni jafnlangan tíma. Eg er þessu máli talsvert kunnugur, því að eg hefi haft með höndum að byggja jarðir nú undanfarið. Það kemur oft fyrir, að jarðir falla í leiguverði í bili, 1—2 ár, t. d. vegna Ameríkuferða eða annars burtflutnings úr vissu bygðarlagi, og geta þá á þeim tíma ekki bygst nema fyrir sáralitið eftirgjald. Ef jarðeigandi mætti nú ekki byggja jörð sína nema til langs tíma, yrði hann annað hvort að láta hana standa óbygða þennan tíma, eða byggja hana sér í stórskaða, því að venjulega líður ekki á löngu þangað til jarðirnar eru komnar í sæmilgt leiguverð á ný.

Eg get nefnt dæmi: Árið 1888 var eg á ferð um Húnavatnssýslu. Þá voru 14 jarðir í eyði í Víðidalnum og þar á meðal ein bezta jörðin í sveitinni. Ef jarðareigendurnir hefðu þá átt að byggja þessar jarðir til lífstíðar, eða þó að ekki hefði verið nema til 10 ára, hefði það verið þeim til mikils skaða, í stað þess að byggja þær til bráðabirgða með lágu eftirgjaldi, sem þeir gátu svo hækkað þegar batnaði í ári. Mér er kunnugt

um, að ekki leið á löngu þangað til Víðidalurinn hafði reist sig við aftur.

Ef halda ætti ákvæðunum í 1. grein, að enga jörð mætti byggja skemur en til 10 ára í senn, ætti að binda það því skilyrði, að afgjald fengist eigi lægra en áður hefði verið, eða jafnhátt og það væri metið af tilkvöddum mönnum.

Þó væri þetta enn tilfinnanlegra, ef jarðeigendum væri gert að skyldu að eiga dýr hús á jörðum sínum. Eg játa reyndar, að það er hvorki heilt né hálft, sem jörðunum fylgir af húsum, og fyrirkomulagið er yfirleitt ilt eins og stendur. Trassfengnir leiguliðar borga að eins lágt afgjald af jörðum, en níða niður alt sem á jörðinni stendur. Góðir leiguliðar, sem gera sér að skyldu að hressa við jarðarhúsin, borga með því skatt fyrir það sem trassarnir hafa nítt niður. Allar endurbætur húsanna koma þannig niður á þeim góðu leiguliðum.

Úr þessu þyrfti vissulega að bæta. En hugsunarhátturinn er nú sá, að menn vilja hafa landskuldina sem lægsta, og þess vegna er hætt við, að sá landsdrottinn, sem húsaði vel jörð sína, fengi aldrei skaplega rentu af því fé, sem hann legði í það. Og það verður ekki heimtað af nokkrum manni, að hann leggi fram það »kapital« sem hann fær enga eða ekki nema hálfa rentu af. Í sveitunum er það svo, að menn vilja hafa landskuldina sem lægsta, og hæfilega mikið hærri landskuld fyrir þau gæði, að jörðin sé vel hirt og vel húsuð, er ófáanleg.

Meðan svo standa sakir, verða jarðeigendur illa haldnir af því að húsa vel jarðir sínar. Þess vegna skaut eg því fram, einu sinni hér á þingi, hvort ekki mundi heppilegra að leiguliðar ættu öll hús á þeim jörðum, er væru bygðar upp á lífstíð. Þetta yrði líkt og á sér stað um erðafestulöndin, því að þar eiga ábúendurnir að jafnaði öll mannvirki. Auðvitað yrði að tryggja leiguliðum það, að þegar þeir fara burt, þá fengju þeir verð fyrir öll nauðsynleg hús sín eftir mati úttektarmanna. Þetta yrði ekki svo ýkja stór breyting frá því sem nú er, þegar litið er til þess, hvað jarðeigendur eiga fá hús á þeim jörðum, sem lengi hafa verið í ábúð. Eg er ekki í neinum vafa um, að þetta leysi gátuna eins vel, ef ekki betur, en að landsdrotnar legði til nauðsynleg hús að öllu leyti. Og þetta mundi hafa annað í för með sér, sem líka er gott, leiguliðarnir mundu verða bundnari við jörðina og ekki þjóta þaðan eins títt í burt og nú á sér stað. Þegar leiguliðinn hefir fengið sanngjörn kjör við að búa, má honum ekki vera gert alt of auðvelt að kasta öllu frá sér, hvað lítill vindblær sem blæs á hann af kringumstæðunum. Það verður að láta hann finna til ábyrgðarinnar, sem á honum hvílir, af því að hafa fengið þessi kjör, líkt eins og ef hann ætti jörðina sjálfur.

Sökum þess, að ekki er auðvelt að sjá, hvor vegurinn er betri, og af því að eg álít, að ekki sé svo nákvæmlega búið um þetta ákvæði í frumvarpinu, sé eg mér ekki fært að fylgja frumv. að sinni.

Loks er eitt atriði í 5. gr., það að fyrning á húsum skuli ekki hvíla á leiguliða. Það hefir alt af verið svo, að fyrning hefir hvílt á leiguliða. Hann hefir sömuleiðis bygt upp húsin þó að landsdrottinn hafi kostað bygginguna að einhverju leyti, t. d. þegar hús hafa brunnið eða því um líkt. Þetta er sanngjarnt. Því að í fyrsta lagi er það undir því komið, hvernig byggingin er gerð, hver fyrningarhættan verður, og í öðru lagi er það fyrst og fremst á valdi leguliðans sjálfs, hvað fyrningin verður mikil árlega. Hún veltur á því, hvernig viðhaldið er og hver hirðingin er. T. d. ef oft er látið hitna í hlöðu, þá fúnar

hún á fáum árum, eða ef ekki er hirt um að hafa stromp á henni. Eg tek þetta til dæmis. Það er því ekki sanngjarnt, að fyrningin sé á ábyrgð landsdrottins. Þetta er heldur ekki annað en reikningsspursmál, því að ef þessi skylda hvílir á leiguliðanum, geldur hann þeim mun lægra af húsunum í eftirgjald.

**Sigurður Sigurðsson:** Eg hefi skrifað undir nefndarálit meiri hlutans með fyrirvara, og vil eg að eins í stuttu máli gera grein fyrir, hvers vegna eg gerði það.

Fyrst skal eg geta þess, að mér er sárt um 1. gr. eins og hún er, og gat þess vegna ekki verið nefndinni sammála um að fella hana burt, jafnvel þó að eg gerði það ekki að ágreiningsatriði. Eg kannast við, að það er yfir höfuð erfitt að semja lög um samband landsdrottins og leiguliða. Það sem einna mest er talið leiguábúðinni til ókosts, er það, hvað ábúðartíminn er takmarkaður og jafnvel óviss, ef vanrækt er að setja fasta skilmála. Jarðeigendur vilja oft af ýmsum ástæðum komast hjá því að byggja jarðir sínar til langs tíma í einu. Stundum er það eðlilegt, ef þeir búast við að þeir sjálfir eða skyldulið þeirra taki við jörðinni. En stundum er það einungis af því, að þeir hugsa sér að geta við annað tækifæri komist að hærri leigumála. Þeir vilja því hafa vaðið fyrir neðan sig og byggja jarðirnar til sem styzts tíma, eða með því skilorði, að leiguliðarnir verði að fara þegar þeir vilji vera láta. Með þetta fyrir augum setti eg þetta ákvæði í 1. gr., að aldrei mætti byggja jörð til skemri tíma en 10 ára. Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) fer fram á það í þingsályktunartill. sinni, að allar jarðir séu bygðar ævilangt, en þeir sem telja 10 ár of hörð skilyrði, geta þá líklega ekki frekar felt sig við það. Þegar rædir um þetta mál, er það annars alt af inst í huga mínum, að hér ætti alls ekki að vera um neinar leiguliðaábúðir að ræða, heldur ættu allar jarðir hér á landi að vera annaðhvort landssjóðs eign eða þá í sjálfsábúð. En þessu takmarki verður eflaust erfitt að ná, hvor leiðin sem farin er.

Þá get eg ekki verið meiri hluta nefndarinnar sammála um að fella burt 4. og 5. gr. Minni hlutinn, háttv. þm. Dal. (B. J.), hefir gert breyt.till. við þær greinar, sem hann að líkindum hefir gert sér von um að eg gæti aðhylzt. En eg verð að segja, að breytingar hans hafa ekki bætt efnið, þó að mér sé sennilega skylt að viðurkenna, að orðalagið er betra, enda er það kunnugt, hversu orðhagur sá maður er. En þó að eg viðurkenni, að hann hafi klætt greinarnar í betri búning, get eg ekki fallist á þær að efni til. Hann (B. J.) sagði, að 4. og 5. gr. hefðu verið steindrepnar af meiri hluta nefndarinnar. Þetta er ekki rétt af þeirri ástæðu, að nefndin viðurkendi, að stefnan sem í greinunum felst, væri rétt. Þar að auki á það eftir að koma undir úrskurð deildarinnar, að minsta kosti ef tillögur minni hlutans verða feldar.

Háttv. þm. S. Þing. (P. J.) hafði ýmislegt að athuga við 4. og 5. gr. Mér þótti það undarlegt, því að eg man ekki betur en að þær eigi einmitt rót sína að rekja til hans frá þinginu 1909. Hann átti sæti í landbúnarnefndinni, sem þá var skipuð, og samdi hann þá þessar greinar, ef eg man rétt. Um athugasemdirnar við það, að leiguliði sé skyldur að halda jarðarhúsum við, svo að þau rýrni ekki að öðru en fyrningu, má geta þess, að því mætti breyta til 3. umræðu. Í greininni er reyndar ekki gert ráð fyrir því, að svo skuli endilega vera, heldur er

það gert að gert að samningsatriði milli landsdrottins og leiguliða.

Um það, hvort hentugt sé að fyrirskipa með lögum, hve mikið af húsum skuli fylgja jörðunum, og að jarðeigandi sé skyldur til að byggja upp á þeim jörðum, þar sem húsin álítast ekki nægileg, geta verið mjog skiftar skoðanir. Stefnan er sú, að jarðeigendurnir eigi húsin á jörðum sínum.

Ástandið hér sunnanlands, t. d. austanfjalls, er það, að jarðarábúendurnir eiga flest húsin, að minsta kosti þar, sem þau eru sæmilega góð. En þetta er að eins tímaspursmál. Þegar ábúendaskifti verða, kemst það smátt og smátt á, að húsin verða eign jarðeigandans. Þessu er líka svo háttað alstaðar í útlöndum, þar er sami eigandinn að húsunum og jörðunum, og hann leigir síðan hvort tveggja. Eg tel víst, að þó að ýmislegt kunni að vera athugavert við þetta, þá verði þetta framtíðarstefnan hér á landi.

Að svo mæltu skal eg ekki segja meira, en greiði atkvæði samkvæmt þessu, er eg hefi nú sagt.

ATKV.GR.:

Breyt.till. 321, 1 samþ. með 11 : 2 atkv.

1. gr. þar með fallin.

2. gr., sem verður 1. gr., samþ. með 16 shlj. atkv.

Breyt.till. 321, 2 samþ. með 14 shlj. atkv.

Breyt.till. 321, 3 samþ. með 15 shlj. atkv.

3. gr., þannig breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Breyt.till. 321, 4 samþ. með 10 : 3 atkv.

4. og 5. gr. þar með fallnar og sömuleiðis breyt.till. 360, 1 og 2, og breyt.till. 360, 3 við 6. og 7. gr.

Breyt.till. 360, 3 við 8. gr. feld með 17 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Benedikt Sveinsson, | Eggert Pálsson |
| Bjarni Jónsson | Jón Jónsson |
| Björn Kristjásson | Guðmundur Eggerz |
| Halldór Steinsson | Hannes Hafstein. |
| Valtýr Guðmundss. | Jón Magnússon |
| | Jón Ólafsson |
| | Kristinn Daníelss. |
| | Kristján Jónsson |
| | Magnús Kristjánss. |
| | Ólafur Briem |
| | Pétur Jónsson |
| | Stefán Stefánsson |
| | Tryggvi Bjarnason |
| | Þorleifur Jónsson. |

Lárus H. Bjarnason, Sigurður Sigurðsson og Skúli Thoroddsen greiddu ekki atkv. og voru taldir með meiri hlutanum.

Fjarverandi: Einar Jónsson, Jóhannes Jóhannesson og Matthías Ólafsson.

Breyt.till. 321, 5 samþ. án atkvgr.

Breyt.till. 321, 6 samþ. án atkvgr.

Breyt.till. 321, 7 samþ. án atkvgr.

6. gr., þannig breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

7. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Breyt.till. 321, 8 samþ. án atkvgr.

Breyt till. 360, síðasti liður, sjálffallin.

8. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frumvarpinu vísað til 3. umr. með 16 samhlj. atkv.

---

FRUMVARP til laga um gjafasjóð Jóns Sigurðssonar handa fátækum í Eyjafjarðarsýslu (140, nr. 327); 2. umr.

**Framsögm. meiri hl. (Stefán Stefánsson):** Eg þykist ekki þurfa að fara mörgum orðum um þetta mál að þessu sinni. Eg gerði grein fyrir því við 1. umr. hvernig málið er til komið. Að eins skal eg benda á, að tvö aðalatriði frumvarpsins eru þau, að vöxtum af gjafasjóði Jóns Sigurðssonar

frá Böggversstöðum handa fátækum í Eyjafjarðarsýslu megi verja til kornforðatryggingar innan sýslunnar. Og í öðru lagi, að allar fjárveitingar úr sjóðnum skuli veittar að tilhlutun sýslunefndarinnar í Eyjafjarðarsýslu og bæjarstjórnarinnar á Akureyri.

Um breyt.till. meiri hluta nefndarinnar er það eitt að segja, að hún ræðir um það, að bæjarstjórnin á Akureyri hafi sama tillögurétt um fjárveitingar úr sjóðnum og sýslunefndin í Eyjafjarðarsýslu, og bærinn njóti sömu hlunninda og sýslubúar, enda hefir svo verið, og byggist það á því, að Akureorarbær var óskiftur hluti Hrafnagilshrepps þegar gjöfin var gefin, og fekk fyrst sín sérskildu réttindi og aðskilinn fjárhag eftir 30 ár, það er því fyrir vangá, að þetta ákvæði var ekki skýrt tekið fram í frumvarpinu.

Eg sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál, en að því leyti sem nefndin hefir ekki getað fylgst að máli, veit eg að minni hlutinn muni gera grein fyrir þeim ágreiningi.

**Framsögum. minni hl. (Guðm. Eggerz):** Eg hefi þegar gert grein fyrir skoðun minni á þessu máli í nefndarálitinu. Eins og það ber með sér, tel eg það ekki rétt, að breyta síðasta vilja manna án þess að brýn nauðsyn krefji. Og eg sé ekki, að slík nauðsyn sé fyrir hendi.

Tilætlun meiri hl. nefndarinnar er sú, að tryggja það, að ætíð séu til nægar kornbirgðir í Eyjafj.sýslu. Eg hefi grenslast eftir því hjá nefndarmönnunum, hvernig þeir hugsuðu sér að framkvæma þetta, og skildist mér þá sem tvo vegi mætti fara. Önnur leiðin er sú, að nefndin ætlast til að keyptar séu árlega 1200 tunnur af korni, og skal þær geyma á ákveðnum stað þann tíma árs sem ísbætta er. Það vita nú allir, að ekki er hægt að geyma korn í fleiri tugi ára, og er því meining nefndarinnar, að því er mér virtist, að selja kornið aftur. Með þessu móti er sjóðurinn gerður að verzlunarfyrirtæki, og þá sjá allir, að svo gæti farið, ef korn lækkaði í verði, að sjóðurinn tapaði miklu fé, þó að hann á hinn bóginn gæti líka grætt, ef það stígur í verði. En eg get alls ekki felt mig við það, að svona sjóðir séu gerðir að verzlunarfyrirtæki. Þá er hin leiðin sú, að fá einhvern kaupmann til að hafa alt af fyrirliggjandi 1200 tunnur af korni, og greiða honum árlega 75 aura fyrir hverja tunnu. Það yrðu þá 900 kr. á ári, sem eyddust þannig af vöxtum sjóðsins. En eg sé ekki, hver trygging er fyrir því að kaupmaðurinn hafi í raun og veru 1200 tunnur af korni fyrirliggjandi, þó að honum sé lofað 75 aurum fyrir hverja tunnu, en hitt get eg skilið, að kaupmaðurinn vildi gjarnan fá þessar tekjur. Það er aðallega vegna þessa atriðis, sem eg er á móti frumv. Eins og eg hefi áður getið, stríðir það að nokkru leyti á móti síðasta vilja gefandans. Mér finst það ekki vera rétt, að skerða sjóðinn á þennan hátt, heldur ætti að láta vextina leggjast við hann þangað til hann væri orðinn t. d. 200,000 kr. eða svo, og fara þá fyrst að tala um, hvað gera skuli við vextina.

**Framsögum. meiri hl. (Stefán Stefánsson):** Eg virði þessa skoðun minni hlutans, að svo miklu leyti sem hún getur talist skynsamleg. En eg sé ekki, hvernig sjóðurinn getur eftir hans tillögum orðið að nokkrum notum í næstu framtíð, eða með öðrum orðum, að vilji gefandans geti orðið framkvæmdur. Eg held, að það megi treysta því, að þeir menn, sem ráða eiga úthlutun úr sjóðnum, fari svo hyggilega með hann sem kostur er á. — Reynslan sýnir það árs árlega, að kornbirgðir eru ekki fyrirliggjandi í verzlunum að haustinu til, eða í það minsta ekki við Eyjafjörð,

Menn búast ekki við að ís teppi samgöngurnar, og vilja því ekki liggja með miklar birgðir svo mánuðum skiftir. En íshættan vofir yfir og ógnar mönnum þegar minst var. Það hlýtur því að vera öllum sjáanlegt, að hér er að ræða um ið mesta nauðsynjarmál fyrir héraðið. Það er annars nokkuð undarlegt, að þeir menn, sem þetta mál skiftir ekki miklu, skuli vera að leggjast í götu fyrir það, og þannig koma í veg fyrir að vilji gefandans og tilætlun geti orðið í verkinu.

Þessar tvær leiðir, sem háttv. framsögum. minni hl. (G. E.) var að tala um, að meiri hl. hefði hugsað sér að kaupa 1200 tunnur af korni eða kornforðatryggingu hjá einhverjum kaupmanni, hafa mönnum báðar komið til hugar. En það er engu slegið föstu um þetta, og vel getur verið, að heppilegasta leiðin sé ekki fundin enn, til úrlausnar þessu merkilega máli. En því má þingið treysta, að þeir, sem með fé eiga að fara, fari með það svo tryggilega, sem unt er, því hér er sýslu- og bæjar-félaglð að fara með sitt eigið fé, en ekki annara.

Eg álít svo ekki þörf að fara fleiri orðum um málið, því eg ætla að háttv. þingdeildarmenn hafi gert sér ljósa grein fyrir, hvernig þeir greiði atkvæði.

**Framsögum. minni hl. (Guðmundur Eggerz):** Eg gleymdi áðan að minnast á eitt atriði, sem eg hefi tekið fram í áliti mínu, að ef á að breyta fyrirkomulagi sjóðsins, þá tel eg það réttast, að umboðslega leiðin sé farin. Mér hefir verið sagt, að menn hafi snúið sér til stjórnarráðsins með þetta mál, og að það hafi ekki viljað hafa neitt með það að sýsla. Og eg skil það mætavel, að stjórnarráðið kæri sig ekki um að breyta þessum reglum. — Annars skal eg taka það fram, að mér er þetta ekkert kappsmál, en þar sem talað er um vilja hins góða gefanda, þá efast eg um, að það hafi verið vilji hans, að verja vöxtum sjóðsins til þess að greiða einhverjum kaupmanni á Akureyri 900 krónur árlega. Eg býst við, að flestir verði mér sammála um það, að ekki sé ástæða til að búast við hallæri á næstu 20 árum. En á 20 árum nema vextir sjóðsins 30,000 kr. Og mér finst viðkunnanlegra að sjóðurinn eigi þessar 30,000 kr. eftir 20 ár, heldur en að hafa borgað þær til einhvers kaupmanns á Akureyri, hvort sem það væri tóbakssali eða kornvörukaupmaður.

**Magnús Kristjánsson:** Eg álít þessi mótmæli háttv. framsögum. minni hlutans (G. E.) stafi af ókunnugleika hans. Hann hefir líklega ekki kynt sér, hvernig til hagar á þessum hluta landsins, að það geta liðið missiri án þess að nokkrar skipagöngur geti átt sér stað á því svæði, sem hér er um að ræða. Það er þess vegna nauðsynlegt, að þau stjórnarvöld, sem hér að standa, geti fengið umráð yfir þessu fé, svo að það geti komið að tilætluðum notum. Allur útreikningur háttv. framsögum. minni hlutans er á röngum grundvelli bygður, því að það hefir ekkert verið ákveðið um, hvernig verja skuli vöxtum sjóðsins. Og eg hygg, að það muni vera óhætt að treysta því, að bæjarstjórn Akureyrar og sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu muni vera fult eins færar um að ráða fram úr því eins og háttv. framsögum. minni hl. (G. E.). Þess vegna er rétt, að deildin verði við framkomnum óskum þeirra manna, sem hlut eiga að máli, og geri ákvarðanir um notkun sjóðsins, svo hann geti náð tilgangi sínum. Eg skil ekki þá hugmynd, að halda áfram að safna þessu fé, án þess að við því sé hreyft. Ef vandræði bera að höndum, þá þarf að vera heimilt að nota fé sjóðsins. Og það er ekki víst, að það yrði eyðslufé. Kornið getur að

líkindum ekki orðið ónýtt, því að alt af er hægt að fá kaupendur að birgðunum. Það gæti komið fyrir í góðum árum, að lítil ástæða væri til að kaupa kornbirgðir, og það mætti líka draga það í lengstu lög, þangað til að búast mætti við hafís, enda þótt heimilað væri. Yfir höfuð get eg ekki annað sagt, en að útreikningur háttv. framsögum. minni hlutans sé á engum rökum bygðar, þar eð enn er ekki afráðið um, hvernig eða að hve miklu leyti því fé verður varið, sem heimilað kann að verða til þess að koma í veg fyrir bjargarskort.

Eg vona, að það þurfi nú ekki að fjölyrða meira um jafn-einfalt mál og þetta, og eg býst við að menn sjái, að meiri hlutinn hafi réttara fyrir sér en minni hlutinn.

**Framsögum, minni hl. (Guðmundur Fggerz):** Eg vil enn einu sinni leyfa mér að brýna það fyrir hv. deild, að það, að brúka alla vextina árlega af sjóðnum — og það jafnt í góðum árum og vondum — sem er á móti tilgangi gefandans. Frumv. yrði ekki til annars en þess, að vextirnir af sjóðnum færu bara í kaupmennina.

Háttv. þingm. fanst það undarlegt, að sjóðurinn ætti að aukast. Það finst mér og fleirum vera alveg sjálfsagt. Eg kann ekki við að löggjafarvaldið fari að breyta ákvæðum gjafasjóðsins þannig, að það fari í bág við síðasta vilja gefandans. En ef það er talin nauðsyn, til þess að breyta fyrirkomulagi sjóðsins, þá finst mér langeðlilegast að stjórnin geri það, eins og eg þegar hefi tekið fram.

ATKV.GR.:

Breyt.till. á þgskj. 337 var sþ. með 17:1 atkv.

Frvs.gr. með áorðinni breyt. samþ. með 14:2 atkv.

Að málið gengi til 3. umr. var samþ. með 14 samhlj. atkv.

---

FRUMVARP til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbankans til að gefa út nýjan (4.) flokk (Serie) bankavaxtabréfa (305, 390); 2. umr.

*Forseti* leitaði leyfis þingdeildarinnar til afbrigða á þingsköpunum svo að breyt.till. á þgskj. 402 mætti koma til umr. Var það samþ. í einu hlj.

**Framsögum. (Björn Kristjánsson):** Eg þarf ekki að vera margorður um þetta mál. Það var lítið rætt og ekkert haft á móti því við 1. umr. Síðan hafa fram komið fáeinar breytingartillögur og vil eg leyfa mér að skýra þær dálítið og um leið drepa dálítið á sumar frumvarpsgreinarnar, sem eru í einhverju frábrugðnar fyrri veðdeildarlögum.

Í 1. gr. er gert ráð fyrir því, að landssjóður leggi 5000 kr. á ári til þessa veðdeildarflokks fyrstu 5 árin, eftir að flokkurinn er settur á stofn. Er það nákvæmlega það sama sem gert var, er 1. veðdeildin var stofnuð.

Þá er í 3. grein berum orðum tekið fram, að landssjóður ábyrgist þessa deild, en þetta atriði er að því leyti frábrugðið eldri veðdeildarlögunum, að hér er það tekið fram með *berum orðum* að landssjóður skuli ábyrgjast þennan veðdeildarflokk, sem ekki hefir verið gert við þá fyrri. Þetta er tekið hér skýrt fram, vegna þess, að það þykir sjálfsagt að landið beri ábyrgðina — af því að ákvæðin í eldri veðdeildarlögunum eru þannig, að rentuseðlar veðbréfanna eru gjaldgengir í landssjóð, og að ómyndugra fé megi verja til að kaupa þau.

Flestir, ef ekki allir, lögfræðingar skilja þetta þannig, að landssjóður beri ábyrgð á bankavaxtabréfum veðdeildarinnar.

Önnur aðalbreytingin er sú, að í stað þess að áður var veðdeildunum gert að skyldu að hafa $^1/_6$ þeirra bréfa, sem í umferð voru, liggjandi í verðbréfum sem tryggingu fyrir hverjum flokk, er þar nú ákveðið, að lántakendur skuli bera sameiginlega ábyrgð, er nemi 10% af lánum þeirra. Beri tjón að höndum, þá má verja 10% af því sem menn skulda til þess að bæta hallann áður en tekur til ábyrgðar landssjóðs.

Við 7. gr. er gerð sú breyting, að bankastjórninni er gefin heimild til að láta fara fram skoðunargerð á fasteignunum, sem bankinn hefir í veði, á kostnað lántakanda. Þetta þótti nefndinni nauðsynlegt til þess að veðdeildinni sé ekki nein hætta búin af því ef veðið skyldi rýrna í verði.

8. gr. er in sama og áður, að öðru leyti en því, að þar er gert ráð fyrir því að, ef til óhappa kæmi, þá ábyrgist lántakendur sameiginlega skuldbindingar veðdeildarinnar um 10% af skuldum þeirra, eins og áður er sagt.

Í 9. grein er ákveðið, hvað mest megi lána út á fasteign og hvað megi minst lána úr veðdeild.

Fyrra atriðið er gert til þess, að eigi verði óeðlilega há lán veitt út á neina eina fasteign, sérstaklega hús, og síðara ákvæðið til þess, að fyrirbyggja of smá og ástæðulaus *viðbótar*lán úr veðdeild, sem bankarnir ættu þá heldur að lána.

Í 11. gr. er gert ráð fyrir, að hver lántakandi greiði 1% í varasjóð um leið og hann tekur lánið. Þetta er aðallega gert til þess að safna í varasjóð, en auk þess til þess að tryggja landssjóð og gera bréfin seljanlegri. Hér er farið svo varlega í sakirnar að ekki er tekinn nema 1%, þar sem dönsk lánsfélög taka meira, 2% í þessu skyni. En þegar eigandaskifti verða á fasteigninni, sem veðið hvílir á, þá skal kaupandinn greiða 2% af upphæðinni, sem þá hvílir á eigninni. Er þetta gert einnig til þess að auka varasjóð og tryggja landssjóð.

Í 12. gr. er gert ráð fyrir því, að nýr kaupandi, sem tekur lánið að sér, sem hvílir á eigninni, skuli innan 6 mánaða frá kaupdegi sanna eignarétt sinn yfir eigninni. Ætti engum að vera ofætlandi að gera það innan þessa tíma. Áður átti hann að gera það innan eins árs.

Aðrar verulegar efnisbreytingar eru ekki á þessum og fyrri veðdeildarlögum. Og formið að öðru leyti er það sama og áður. Aðalbreytingin er sú, að reynt er að komast hjá því að verðbréf þurfi að kaupa til þess að setja að veði fyrir deildinni.

Þá vil eg minnast á breytingartill., sem fram hafa komið við þetta frv.

Það er þá fyrst breyt.till. við 7. gr. frá háttv. 2. þm. Húnv. (Tr. B.) Stendur hún á þgskj. 390. Það hefir ekki verið tími eða tækifæri til þess að bera hana undir nefndina og get eg því ekki talað hér fyrir nefndarinnar hönd um þana. En eg hygg að nefndin sé á sama máli og eg um það, að hún geti fallist á fyrstu breytingartillöguna. En að hún hljóti að vera á móti hinum, sem miða að því að rýra tryggingu veðdeildarinnar. En í breyt.till. á þgskj. 402 er lagt til, að í stað: fullnægjandi skírteini, komi: skírteini sem bankastjórnin tekur gild. Er það bót á hinni breyt.till., því bankastjórnin verður að geta ákveðið, hvað fullnægjandi skírteini sé. Mæli eg með því að 1. br.till. á þgskj. 390 og br.till. við hana á þgskj. 402 verði samþykt.

**Tryggvi Bjarnason:** Eg gat þess við 1. umr. þessa máls, að það væri ýmislegt, sem eg gat ekki felt mig við.

Var það sérstaklega niðurlag 7. gr. Þar stendur: »Svo skal bankastjórninni heimilt þegar henni þurfa þykir, að láta skoðunargerð fara fram á fasteignum, þeim sem bankinn hefir að veði, á kostnað lántakanda«. Eg geri reyndar ráð fyrir að núverandi bankastjórn hugsi sér að beita þessu ákvæði á þann hátt, er framsögum. tók fram í ræðu um annað frumv., sem hér var til umræðu á dögunum um sama efni og stendur í þessari grein frumvarpsins, þannig, að bankinn mundi heimta vottorð um það að eignunum væri sæmilega viðhaldið, en fengjust ekki nein vottorð um það, að þá mætti bankinn senda menn til þess að skoða eignirnar. Þetta ákvæði sló miklum óhug á mig og mun hafa gert það á fleiri, því komið gæti sú bankastjórn, sem notaði sér þessa heimild helzt til freklega. Þetta ákvæði er talsvert varhugavert og mundi verða illa þokkað. Og víst er um það, að þegar þetta fréttist til Ísafjarðar, að frv. væri á leiðinni hér í þinginu um þetta efni, þá var kallaður saman borgara fundur, sem samþykki það að skora á þingið að fella þetta frumv. Þetta sýnir, hvernig menn mundu alment líta á þetta. Annars skal eg ekki tala mikið um þetta, þar sem háttv. framsögum. (B. Kr.) mótmælti ekki minni breyt.till. Eg er heldur ekki neitt mótfallinn breyt.till. við mína breyt.till. Eg þóttist altaf vita að það yrði bankastjórnin, sem myndi skera úr því, hvort skírteinin væru fullnægjandi, eins og hún sker úr því, hvvrt lántökuskjöl eru fullnægjandi.

En 2. lið breyt.till. minnar get eg ekki fallið frá. Mér finst þetta vera nokkuð hár skattur ofan á aðrar kvaðir, sem ekki hafa verið áður. Þetta er gert af því, að hér er svo mikil verzlun með fasteignir, oft án beinnar þarfar — og sem sumir kalla brask — og rétt sé að skatta þessa braskara. Það er ekkert á móti því, en skatturinn má þó ekki vera of hár, og það er hann hér, því það eru margir, sem kaupa og selja fasteignir af beinni þörf, og verða þeir að gjalda hinna og greiða þennan skatt. Þeirra vegna vil eg lækka þetta gjald. Mér sýnist því nægilegt að hafa þennan skatt 1%. Í þessu frumvarpi virðist mest vera hugsað um að tryggja veðdeildina, en minna um það að tryggja lántakendur. Það er ekkert út á það að setja, þó menn vilji tryggja fé bankans, en mér finst eiga að minsta kosti að taka eins mikið tillit til lántakendanna.

Samábyrgðina, sem talað er um í 8. gr., kann eg ekki við. Býst eg við, að mönnum stafi óhugur af henni. En annars skal eg ekki fara fleiri orðum um hana, né frumv. í heild sinni, en vænti þess, að breytingartillögur mínar verði samþyktar, því þá verður frumv. nokkuð aðgengilegra.

**Framsögum. (Björn Kristjánsson):** Þegar um það er að ræða, að stofna nýja veðdeild og að sjá fyrir því, að bréf hennar seljist vel á útlenda markaðinum, þá verður að horfa til tveggja handa: til þeirra, sem taka lánin, og þeirra sem kaupa verðbréfin. Þetta hefir nefndin líka reynt að gera. Hún hefir reynt að haga því þannig, að tiltækilegt verði að selja bréfin, og því að eins er hægt að taka lán, að verðbréfin seljist. Hér dugir því ekki að eins að líta á hag lántakenda, heldur verður líka að sjá fyrir því, að bréfin seljist. Það er ekki til neins að fara að stofna veðdeild, nema að auðið sé að sjá fyrir því að bréfin seljist.

**Pétur Jónsson:** Eg hafði ekki búist við þessari brýnu þörf á að stofna nýja veðdeild við Landsbankann. Bygði

eg þá skoðun mína á því, hve óglæsilegt það er að taka lán í veðdeildinni eins og nú er. En eftir upplýsingum háttv. framsögum. (B. Kr.) má það vel vera að nauðsyn beri til þessa, og hefði eg því búist við því, að greiða atkvæði mitt með þessu frumv.; en þó vil eg ekki greiða atkv. mitt með öllum þessum nýbreytingum frá fyrri veðdeildarlögum.

Í 1. grein er ákveðið, að landsjóður greiði tillag til veðdeildarinnar, 5000 kr. í 5 ár. Mér finst það óviðkunnanlegt að landssjóður borgi nokkurt tillag, og þá allra sízt svona hátt. Hitt er annað mál, að landssjóður borgaði tillag til 1. seríunnar vegna byrjunar-kostnaðarins. Í byrjuninni var það í óvissu, hvernig, gengi með veðdeildarbréfin. Þótti því ráðlegast að búa á allan hátt svo um hnútana, að bréfin þættu sem tryggust og að varasjóður safnaðist sem fyrst. Nú er kominn stór varasjóður og þess vegna minni ástæða til að landssjóður leggi þessa aukabyrði á sig. Það er afarnauðsynlegt fyrir Landsbankann og landssjóð, að bankinn standi á sínum eigin fótum. Það er því að eins óbein aðstoð, sem landssjóður á að veita bankanum. Þó tel eg þessa samábyrgð allra lántakenda samkv. 3. og 8 gr. mjög athugaverða og fráfælandi fyrir lántakendur; einkanlega er það athugavert fyrir þá, sem vilja taka lán út á jarðir. Þeir vilja, ímynda eg mér, ekki vera í samábyrgð með þeim sem taka lán út á hús. Er þar líku saman að jafna, hvort lengur stendur í stað, verð jarðanna og húsanna. Er eg hræddur um, að þetta ákvæði fæli menn frá að taka lán, jafnvel meir en hættan í rauninni er, og einkum þá með góðu veðin. Annars vil eg engu um það spá. Reynslan verður að skera úr því. En heppilegra held eg að það væri fyrir veðdeildina að hafa aðra tryggingu en þessa. Þessi trygging er heldur ekki svo mikils virði. Í augum útlendra kaupenda yrði hún lítils virði. Og það er heldur ekki venja, eftir því sem eg veit bezt, að hafa svona tryggingu hjá veðdeildum. Slík trygging á sér stað hjá lánsfélögum, sem eru nokkurs konar samlagsstofnanir eða samvinnufélög, og er þá öðru máli að gegna.

Þetta er nú það sem eg aðallega hefi á móti frumv. Eg vildi helzt greiða atkv. á móti þeim tveim gr. þess, sem eg get ekki felt mig við, af því að eg var ekki svo árvakur, að koma með breytingartill. við þessa umræðu. Þó býst eg við, að eg greiði atkv. með 1. gr. í þetta sinn, til þess að drepa ekki frumv., þótt mér falli hún alls ekki.

**Framsögum. (Björn Kristjánsson):** Eg skal ekki svara miklu til þessa. En þó vil eg segja það að eg held að allir hljóti að sjá, að það, sem eftir er af 3. veðdeild endist ekki lengi, einkum þar sem 100 þús. kr. af því eru nú þegar lofaðar. Þess vegna er ekki nema um tvent að gera, annaðhvort að bankinn hætti við öll veðdeildarlán, eða þá að stofna nýja veðdeild og reyna að útvega markað erlendis fyrir bréf hennar. Þetta hefir bankastjórnin viljað benda þinginu á, en það ræður því, hvort heldur gert verður.

Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) átti bágt með að fella sig við þá breytingu nefndarinnar, að landssjóður leggi til þessar 25 þús. kr. samtals í 5 ár. Hann hefir þó sennilega sjálfur greitt atkv. með sama styrk til 1. veðdeildar árið 1900, og var upphæð hennar þó ekki nema *1200 þús. kr.*, en hér er gjört ráð fyrir 6 miliónum kr., og má þá nærri geta, hvort hér er langt farið. Það er ekki til neins að gera ekki annað en setja veðdeildina á stofn að nafninu til og halda því svo fram, að landssjóður eigi engu til að kosta. Það á þá betur við að fella

frumvarpið og hætta að taka lán erlendis.

Þá álítur háttv. þm. samábyrgð varhugaverða. Það getur nú verið, að mönnum, sem fá lán út á jarðir, þyki hart að vera í samábyrgð með þeim sem lán fá út á hús í kaupstöðum. En eftirspurnin eftir lánum er svo mikil, að það er jafnvel ekkert á móti því, þótt þau séu gerð nokkuð óaðgengilegri. Og ef þessu ákvæði er slept, hvað kemur þá í staðinn? Eitthvað verður það að vera, og það verður auðvitað ekki annað, en að hafa $^1/_6$ *hluta fjárins fastan í verðbréfum.* Og hver á að leggja til þau verðbréf? Jú, landsjóður auðvitað. Þessu vildum við einmitt komast hjá, enda er þetta ákvæði í samræmi við gildandi ákvæði í lögum um lánsdeild Fiskveiðasjóðsins, og hana samþykti þó þingið vist mótmælalítið. Háttv. þm. sagði, að þetta væri ekki regla í bönkum, en í lánsfélöguw. Eg veit nú ekki, hvað eg á að kalla veðdeildina. Eg held, að hún sé ekki annað en nokkurs konar lánsfélag, félagsskapur til þess, að útvega lánsþurfandi veðhöfum í landinu peninga. Banki getur hún ekki heitið. — Að greiða atkvæði móti 3. gr. er sama sem að fella frumv. En hv. þm. getur auðvitað komið með breyt.till. við 3. umr., ef hann finnur einhverja aðra leið, sem er jafntrygg og þetta. Geti hann það ekki, þá er alt ónýtt, og þá er eins gott að fella frumv., og vera ekki að basla neitt við umhyggju fyrir almenningi, sem virðist svo illa séð.

**Pétur Jónsson:** Það getur ekki verið, að það tvent sé jafngilt sem tryggíng, verðbréf sem jafnast við $^1/_6$ af útgefnum veðdeildarbréfum, og þessi »solidariska« 10% ábyrgð. Mér verður ekki komið í skilning um það, að svo mikið þurfi til þess að jafnast við hana. Það mætti komast af með miklu minna til þess að það yrði þó tekið gilt í útlöndum sem jafnvirði slíkrar tryggingar. Í öðru lagi álít eg það ekki heppilegt, að fæla þá frá lántökum, sem bezt veðin hafa. Ef þeir fælast frá, sem jarðirnar eiga, þá taka þeir aðallega lánin, sem eru vestir skuldunautar, og það veikir álit veðdeildarinnar og er skaði fyrir hana og þá sem bréf hennar eiga.

Eg kannast við það, að eg hefi nokkuð aðra hugmynd um þörfina á auknu veðdeildarfé, síðan eg heyrði hv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) gera grein fyrir, hve lítið er eftir af 3. flokknum. En eg get ekki fallið frá hinu, að mér þykir upphæðin nokkuð mikil, 6 milj. kr., en eg skal nú ekki fara út í það. Eg veit ekki, hve mikla þýðingu það hefir fyrir málið. Eg býst hvort sem er við því, að tryggingin yrði alt af höfð í hlutfalli við það, sem út yrði gefið af bréfum. Auðvitað er það, að ef 3. grein yrði feld nú, þá yrði að koma með nýja grein. í staðinn við 3. umræðu.

Líka gæti verið að hæstv. forseti vildi bera 3. gr. upp í fleiri en einu lagi.

ATKV.GR.:

1. gr. frumv. samþ. með 18 samhlj. atkv.

2. gr. frumv. samþ. með 19 samhlj. atkv.

3. gr. frumv. samþ. með 16 : 1 atkv.

4. gr. frumv. samþ. með 18 samhlj. atkv.

5. og 6. grein frumv. samþ. með 19 samhlj. atkv.

Brtill. 402 við brtill. 390, 1. við 7. gr. samþ. í einu hlj.

Brtill. 390, 1. við 7. gr., svo breytt, sþ. í einu hlj.

7. gr. þannig breytt samþ. með 17 : 1 atkv.

8. gr. samþ. með 15 : 2 atkv.

9. og 10. gr. samþ. með 18 samhlj. atkv.

Brtill. 390, 2. (við 16. gr.) feld með 12: 7 atkv.

11. gr. samþ. með 14:2 atkv.

12.—22. gr. samþ. með 17 samhljóða atkv:

Fyrirsögn frumvarpsins samþykt án atkvæðagreiðslu.

Málinu vísað til 3. umræðu með 18 samhljóða atkvæðum.

---

Útbýtt hafði verið á fundinum:

Breytingartillögu við brtill. 390 við frv. til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbankans til að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa, og

Alþingistíðindum 1913 A, 8. hefti.

---

FRUMVARP til laga um breytingu á 16. gr. laga nr. 29, 16. Nóv. 1907 (336, 378); 2. umr.

**Lárus H. Bjarnason:** Eg vildi að eins leyfa mér í samráði við hæstv. ráðherra, sem á hér brtill á þgskj. 378, og skrifara sjávarútvegsnefndarinnar, að leggja það til, að málinu verði vísað til þeirrar nefndar og þessari umr. frestað.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til sjávarútvegsnefndar í einu hljóði og umr. frestað.

---

FRUMVARP til laga um sérstaka dómþinghá í Öxnadalshreppi (343); 1. umr.

Frumvarpið of seint fram komið, en deildin veitti í einu hljóði leyfi til að taka málið fyrir.

**Flutningsm. (Stefán Stefánsson):** Mér hefir nýlega verið sent erindi um það frá kjósendum mínum, að fá Öxnadalshrepp gerðan að sérstakri dómþinghá. Undir beiðnina hafa skrifað 50 kjósendur í hreppnum, og er ástæðan sú, að hreppurinn er nýlega aðskilinn frá Skriðuhreppi, og hafa hreppsbúar því bygt fundahús að Þverá, sem er í miðjum hreppnum, og óska að hafa þingstað sinn þar framvegis.

Eg sé nú ekki að neitt verulegt geti verið á móti þessu, miklu fremur í alla staði eðlilegt, að innan hreppsins sé þinghús, er bæði verði notað fyrir manntalsþinghald, og menn geti þar rekið réttar síns í einstökum málum, er fyrir kunna að koma innan sveitarinnar, enda erfitt fyrir hreppsbúa að verða að sækja manntalsþing í þann hrepp, sem búið er að aðskilja, eingöngu vegna legu sveitarinnar og þar af leiðandi erfiðleika að sækja sameiginlega fundi. Nú er það svo, að Öxndælir þurfa að greiða sérstakt gjald til viðhalds þinghúsi í Skriðuhreppi, þar sem þeir þó eiga innan hreppsins, og það á mjög hentugum stað, jafnvel betra hús til allra fundahalda. Þetta er sjáanlega svo óeðlilegt, að eg hygg að allir viðurkenni kröfu Öxndæla í fylsta máta réttmæta.

Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál, en vona, að það gangi óáreitt gegnum háttv. deild.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Fundi slitið.

---

## 35. fundur.

Föstudag 15. Ágúst 1913, kl. 12 á hád.

Dagskrá:

1. Frv. til laga um ábyrgðarfélög (130, 370 og 379); 2. umr.
2. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 39, 10. Nóv. 1903, um leynileg-

ar kosningar og hlutfallskosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum (242, n. 371, 372, 377); 2. umr.
3. Frv. til laga um sjódóma og réttarfar í sjómálum (340); 1. umr.
4. Frv. til laga um hallærissjóð (344); 1. umr.
5. Frv. til laga um strandferðir (367); 1. umr.

---

Allir á fundi.

Fundargerð síðasta fundar lesin upp, samþ. og staðfest.

Forseti tilkynti, *að* nefnd, sú sem kosin var til þess að íhuga frv. til laga um að leggja jarðirnar Bústaði og Skildinganes undir lögsagnarumdæmi og bæjarfélag Reykjavíkur, hefði kosið sér formann Sigurð Sigurðsson og skrifara Lárus H Bjarnason, og *að* nefndin, sem skyldi athuga tillögur P. J. Torfasonar, hefði kosið sér formann Matth. Ólafsson og skrifara Pétur Jónsson.

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið í deildinni:

1. Nefndaráliti um frumv, til laga um friðun æðarfugla (409).
2. Breytingar- og viðaukatillögur við frv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915, á þingskjölunum: 395, 396, 397, 398, 399, 400, 401, 403.

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið frá Ed.:

1. Frv. til laga um stækkun verzlunarlóðarinnar á Eskifirði. Eftir 3. umr. i Nd. (406).
2. Frv. til laga um stofnun landhelgissjóðs Íslands. Eftir 3. umræðu i Nd. (405).
3. Frv. til laga um bæjanöfn. Eftir 3. umr. í Nd. (407).
4. Nefndaráliti um frumv. til fjáraukalaga 1912—1913 (394).
5. Frumv. til laga um vatnsveitingar. Eftir 3. umr. í Nd. (408).
6. Frv. til laga um íslenzkan fána. Eftir 3 umr. í Nd (410).
7. Framhaldsnefndarliti í málinu: frv. til laga um hallærisvarnir (423).

Þá var gengið til dagskrár, og tekið fyrir:

FRUMVARP til laga um ábyrgðarfélög; 2. umr.

**Framsögum. meiri hl. (Ólafur Briem):** Jafnvel þó að fram hafi komið tvö nefndarálit, annað frá meiri en hitt frá minni hluta nefndarinnar, þá snertir ágreiningurinn að eins fá atriði. Nefndinni hefi komið saman um, að í frv. fælist þörf og góð réstarbót.

Meiri hl. nefndarinnar hefir leyft sér að bera fram 14 breyt.till. við frv, en þess er að gæta, að margar þeirra eru ýmist orðabreytingar eða litilfjörlegar og óverulegar efnisbreytingar. Þær munu vera 7, er svo er ástatt um, og og þær eru undir töluliðunum 1, 3, 4, 6, 7, 9 og 10. Breyt.till. undir tölulið 14 er að eins afleiðing af breyt.till. við 5. gr. og getur því í rauninni ekki heldur talist efnisbreyting. Verulegar efnisbreytingar eru þá eftir því að eins 6. Skal eg þá minnast á þær í þeirri röð, sem þær eru settar á þingskj.

Fyrst er breyt.till. undir tölulið 2. Í 1. gr. frumvarpsins er heimildin til ábyrgðarstarfsemi hér á landi bundin við hlutaafélög og félög með gagnkvæmri ábyrgð auk þeirra tveggja félaga, sem nafngreind eru.

Þetta þótti nefndinni of einskorðað, því að með þessu ákvæði eru útilokuð nokkur félög, sem ekki hafa þetta fyrirkomulag, en eru þó orðin kunn hér á landi sem trygg ábyrgðarfélög, svo sem »Den Københavnske Sø Assurance Forening« og nokkur fleiri. Þessi félög hafa það fyrirkomulag, að félagarnir ábyrgjast hver um sig tiltekna

upphæð, og þó að þetta sé yfirleitt ekki eins tryggilegt, þá hefir nefndin ekki viljað fyrir það útiloka þau félög, sem þegar hafa kynt sig að góðu hér á landi. Þess vegna er farið fram á í 2. br.till. að þau félög, er þegar hafa rekið ábyrgðarstarfsemi hér á landi í 2 ár, skuli hafa rétt til þess framvegis, ef þau að öðru leyti uppfylla skilyrði laganna.

Þá er næst efnisbreytingin undir tölulið 5, en eg kem að henni síðast, því að hún hefir einmitt valdið aðal-ágreiningnum milli meiri og minni hlutans.

Breyt.till. undir tölulið 8 er í sjálfu sé engin veruleg efnisbreyting, en er þó sjálfsögð. Hún tekur það einungis fram, að ábyrgðarskírteinin skuli vera á íslenzku, og að þar skuli tekið fram, hvar varnarþing sé.

11. breyt.till. hljóðar um það, að aðalumboðsmaður skuli tilkynna stjórnarráðinu, hverjir séu umboðsmenn, og er það ekki nema eðlilegt og sjálfsagt.

12. breyt.till. fer fram á, að 3. gr. frumv. falli burt. Þessi 3. gr. snertir skilyrði fyrir því, að hérlendir menn fái að stofna hér ábyrgðarfélagsskap og reka ábyrgðarstarfsemi. Það er vitaskuld, að um þetta væri full þörf á að semja lög, en nefndin var sammála um, að þetta væri ekki nægilega undirbúið og ekki svo bráðnauðsynlegt, því að þótt lögin væru samþykt með sérstöku ákvæði í þessa átt, mundu þau, að því er þetta snertir, ekki koma til framkvæmda í bráðina. Það eru aðallega þrjú skilyrði, sem í greininni eru sett, *að* stjórn félagsins, eða meiri hluti hennar skuli vera búsett hér á landi, *að* félagið hafi varnarþing hér og er það hvorttveggja sjálfsagt. En svo er þriðja skilyrðið, *að* félaginu sé skylt að endurtryggja, að minsta kosti að helmingi, skuldbindingar sínar í erlendum félögum, er stjórnarráðið tekur gild. Þetta ákvæði þótti nefndinni orka tvímælis. Hún telur fyrst og fremst, að það muni vera erfiðleikum bundið, að útvega slíkar endurtryggingar og vafasamt, hvort þær eigi við um öll ábyrgðarfélög. Nefndinni finst athugandi, hvort ekki væri eðlilegra að t. d. brunabótafélög endurtrygðu sínar skuldbindingar þannig, að miðað væri við hærri upphæðir, en smáar upphæðir væri aftur á móti ekki skylt að endurtryggja. Af þessum ástæðum og svo af því að nefndin taldi þetta ekki bráðnauðsynlegt, leggur hún til að þetta verði geymt þangað til betri undirbúningur er fenginn, og greinin falli þess vegna burt.

13. breyt.till. er við 4. gr. Fyrri hluti greinarinnar hljóðar svo: »Öll ábyrgðarfélög, er starfa hér á landi, skulu háð eftirliti stjórnarráðsins um það, að ekki séu sett nein ákvæði í ábyrgðarskírteini þeirra, sem koma í bága við gildandi lög«, og er það sjálfsagt. En síðari hlutinn: »Svo og að öll ákvæði í ábyrgðarskírteinunum séu svo ítarleg, skýr og greinileg sem framast er unt« o. s. frv., þótti nefndinni athugaverður. Það, út af fyrir sig, er mjög vafasamt, hvort hægt er að taka svo út fyrir allar æsar í ábyrgðarskírteinunum fremur en öðrum samningum, að enginn efi geti leikið á neinu atriði. Og því að eins eru dómstólar settir, að þeir eiga að gera út um vafasaman skilning á ýmsum atriðum, sem alt af getur komið fyrir. Það er erfitt, ef ekki ómögulegt, að skera úr því fyrirfram, hvort eitthvert ákvæði getur valdið ágreiningi eða ekki. Sérstaklega þótti nefndinni þetta varhugavert fyrir það, að hún taldi víst, að ábyrgðarfélögunum mundi þykja nærri sér gengið með þessu ákvæði, að þeim væri ekki trúað til að orða ábyrgðarskírteinin svikalaust. Það virðist vera kveðið nægilega að í 5. gr., að ef ábyrgðarfélag verði uppvíst að því, að hafa í verulegum atriðum vanrækt

að uppfylla skyldur sínar, þá missi það rétt sinn til ábyrgðarstarfsemi hér á landi.

Þá kem eg loksins að breyt.till. undir tölulið 5 við 2. gr. frumvarpsins. En sú grein hefir að geyma þrjú aðalskilyrðin fyrir starfsemi ábyrgðarfélaga hér á landi. Tvö fyrri skilyrðin, *að* félögin hafi aðalumboðsmann búsettan hér á landi og *að* varnarþing skuli vera hér, hafa engum ágreiningi valdið. En um þriðja skilyrðið, að félögin skuli setja þá tryggingu fyrir greiðslu ábyrgða, sem stjórnarráðið tekur gildar, hefir nefndinni ekki samið. Það er ekki fyrir það, að nefndin hafi ekki verið sammála um, að æskilegt væri að útlend félög hefðu tryggingu fyrir fé sínu, helzt í bönkum eða annarsstaðar, þar sem auðgengið væri að því. En það er tvent, sem meiri hlutinn er hræddur við að þessu leyti. Annað er það, að þetta mundi hvekkja félögin svo, að þau, ef til vill, mundu hætta starfsemi sinni hér á landi. Þar segir minni hlutinn, að önnur félög mundu koma í staðinn. Það getur verið; en meiri hlutinn getur ekki álitið að því sé fullkomlega treystandi. Hitt er það sem ef til vill er enn hættara við, að ábyrgðarfélögin mundu skoða þetta sem kvöð og vildu því fá eitthvað í staðinn. Og það sem verst er, þau gætu þá skamtað sér sjálf úr hnefa, með því að hækka iðgjöldin og það kæmi niður á öllum, sem til þeirra þyrftu að leita. Þetta yrði meiri skaði fyrir landið en svo, að tilvinnandi sé að setja þetta skilyrði um trygginguna. Það sem gerir mönnum hér á landi erfittt fyrir að ná rétti sínum gagnvart útlendum félögum, er ekki það, að þau hafi ekki nægilega tryggingu fyrir ábyrgðum sínum, heldur það, hversu dýrt er að sækja mál á hendur þeim. Það má telja einstökum mönnum ofvaxið fyrir það, hvað það kostar mikið. Fyrir það hefir það verið, að brydda hefir þótt á því hjá einstökum félögum, að þau hafa boðist til að greiða mönnum einhvern tiltekinn hluta af ábyrgðarfénu. Þau hafa treyst því, að ekki yrði farið í *mál* við þau. Það kom til orða í nefndinni að reyna að finna einhvern veg til þess að bæta úr þessu. Kom helzt til orða, að landsstjórnin skyldi sjá um, að slíkum dómum yrði fullnægt. Nefndin tók samt enga ákvörðun um þetta. En nú hefir háttv. minni hluti nefndarinnar (B. J.) komið fram með viðaukatillögu við frumvarpið, sem fer í þessa átt. Eg hygg, að meiri hlutinn geti gengið að henni, að minsta kosti var engum mótmælum gegn henni hreyft í nefndinni.

**Ráðherrann (H. H.):** Eg vildi að eins láta í ljós þakklæti mitt til nefndarinnar fyrir starf hennar og þær breyt., sem hún hefir gert á efrideildarfrv. Eg get aðhylzt allar breyt.till. háttv. meiri hluta og álít, að ef frumv. verður nú samþykt með þessum breytingum, þá sé það fullsæmilega viðunandi.

**Framsögum. minni hl. (Bjarni Jónsson):** Eg þarf eiginlega ekki að bæta neinu við það, sem stendur í nefndaráliti mínu. Það sem olli ágreiningnum var það, að eg trúi ekki að félögin mundu hætta starfi sínu hér á landi, þó að þeim væri gert að skyldu, að hafa þá tryggingu fyrir greiðslu ábyrgðanna, sem stjórnarráðið tæki gilda. Eg býst við, að menn séu svo hræddir við afleiðingarnar, sem háttv. meiri hluti nefndarinnar miklar svo fyrir sér að minni hyggju, að þeir samþykki tillögur hans. Þess vegna hefi eg borið fram viðaukatill. mína um það, sem kom til orða í nefndinni, en ekki varð annað úr. Þar sem háttv. meiri hluti getur aðhylzt hana og hæstv. ráðherra, að því er hann segir mér nú — honum gleymdist að taka það fram í ræðu sinni áðan — þá finn eg ekki ástæðu

til að fjölyrða meira um málið, en læt mér að eins lynda, hvað ofan á verður.

ATKV.GR.:

Br.till. á þgskj. 370, 1. lið, samþ. án atkvgr.

Br.till. á þgskj. 370, við 2. lið 1. gr., samþ. í einu hlj.

Br.till. á þgskj. 370, við 3. lið 1. gr., samþ. án atkvgr.

1. gr., svo breytt, samþ. í einu hlj.

Br.till. á þgskj. 370, við 2. gr., 4. liður samþ. án átkvgr.

Br till. á þgskj. 370, við 2. gr., 5. liður samþ. með 14 : 8 atkv.

Br.till. á þgskj. 370, við 2. gr., 6. l. samþ. án atkvgr.

Br.till. á þgskj. 370, við 2. gr., 7. l. samþ. án atkvgr.

Br.till. á þgskj. 370, við 2. gr., 8. l. samþ. með 20 shlj. atkv.

Br.till. á þgskj. 379, við 2. gr., samþ. með 21 shlj. atkv.

Br.till. á þgskj. 370, við 2. gr., 9. l. samþ. með 14 shlj. atkv.

Br.till. á þgskj. 370, við 2. gr., 10. l. samþ. án atkvgr.

Br.till. á þgskj. 370, við 2. gr., 11. l. samþ. með 22 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

Br.till. á þgskj. 370, 12. l., við 3. gr. samþ. með 12 : 7 atkv.

Br.till. á þgskj. 370, 13. l., við 3. gr. samþ. með 10 : 3 atkv.

3. gr. þar með fallin.

4. gr., sem verður 3. gr., samþ. með 15 shlj. atkv.

Br.till. á þgskj. 370, 14. l., við 5. gr. samþ. án atkvgr.

5. gr., svo breytt (er verður 4. gr.), samþ. með 17 shlj. atkv.

6., 7. og 8. gr. samþyktar með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

---

FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr. 39, 10. Nóv. 1903 um leynilegar kosningar og hlutfallskosningar til bæjarstjórna og í kaupstöðum (242, n. 371, 372, 377); 2. u m r.

**Framsm. (Jón Ólafsson):** Herra forseti! Eins og nefndarálitið ber með sér, hefir nefndin farið varlega í að gera breytingar á frumv. Málið er komið frá Ed. og hefir þar fengið góða meðferð. Meiri hluti nefndarinnar ræður deildinni til að samþykkja frumv. með þeim fáu breytingum, sem hún hefir gert á því. Það eru ekki nema 2 efnisbreytingar og svo 3 orðabreytingar.

Fyrsta breytingartill. nefndarinnar er við 3. gr. frumv. og er að eins orðabreyting. Önnur breytingartillagan við sömu grein er efnisbreyting. Þar hafði Ed. ákveðið að kjósandi, sem fyrir sakir sjónleysis eða annarar líkamsbilunar, getur eigi greitt atkvæði sjálfur, skuli geta kvatt hvern hann mann, sem honum þóknast, til að aðstoða sig við atkvæðagreiðsluna.

Við höfum gert grein fyrir því í nefndarálitinu, hvers vegna við viljum breyta þessu. Ef kjósandi, sem ekki þættist geta greitt atkvæði sjálfur, mætti taka hvern sem er, til að greiða atkvæði fyrir sig, væri með því greiddur vegur fyrir mann, sem vildi selja atkvæði sitt, til að láta kaupanda vita, hvern hann kysi. Vitaskuld má segja, að einhver úr kjörstjórninni gæti líka verið notaður til að grenslast eftir atkvæðum manna; en þá er á það líta, að það eru tiltölulega svo fáir og valdir menn í kjörstjórninni, að hættan er minni. Sömuleiðis er kjörstjórnin bundin þagnarskyldu með eiði. Eg álít því tryggara fyrirkomulag, það sem nefndin hefir stungið upp á, að aðstoðarmaður lasburða manns við kosninguna skuli tekinn úr kjörstjórninni.

Þá er breytingartillagan við 6. gr.

Hún fer að vísu að eins fram á að smækka brot, svo að minki mismunurinn, sem þar er um að ræða, svo að áhrif atkvæðanna á kosninguna fari eftir réttu hlutfalli með meiri nákvæmni.

Vona eg að menn sjái, að breytingartillögur nefndarinnar miða einvörðungu að því, að tryggja það enn betur, að tilgangi frumvarpsins verði náð.

Vona eg, að háttv. þingdeildarmenn fallist á þessa breytingartillögu, sem miðar ekki til annars en að koma á meiri nákvæmni og réttlæti við kosningarnar.

Minni hlutinn hefir komið fram með breytingartillögu um, að ekki megi reikna einum lista nafn, sem stendur á öðrum lista. Meiri hlutinn lítur svo á, að þessi breytingartillaga sé komin af misskilningi á anda laganna. Í sjálfu sér miðar ákvæðið í frumvarpinu til að gefa einstaklingsatkvæðinu meira gildi, án þess að raska nokkru.

**Framsögum. minni hl. (Bjarni Jónsson):** Eins og menn hafa heyrt á háttv. framsögumanni meiri hlutans, þá er eg honum sammála um flestar breytingartillögurnar.

Það sem eg legg til að falli niður úr frumvarpinu, er atriði, sem virðist hafa staðið þar af misgáningi eða misskilningi. Aðalatriðið í þessu kosningarlagafrumv. er, að hver flokkur fái atkvæðafjölda á sinn lista sem næst réttu hlutfalli við magn flokksins. Þetta er til bóta. En svo er í frumv. ætlast til þess, að maður, sem er á mörgum listum, hljóti atkvæðin af þeim öllum. Þetta getur komið sér mjög illa, því það getur breytt röðinni á listanum. Þannig getur maður, sem er neðarlega á lista, komist efst af alt öðrum ástæðum, sem ekki koma flokknum við, sem setur upp listann.

Við skulum setja sem svo, að eg sé í flokki, sem setur upp lista, sem nær 3 mönnum. En svo vill til, að sá maður, sem við höfðum sett neðst á listann, fær fleiri atkvæði en þeir, sem ofar voru settir, með þeim atkvæðum, sem hann fær af öðrum lista. Það fer því svo, að maður, sem við höfðum minst traust á, máske settum á listann að eins til uppfyllingar, kemst upp fyrir okkar beztu menn. Einn flokkur getur líka notað þetta bragð til að bola burtu einhverjum ákveðnum manni í mótstöðuflokknum.

Allir hljóta að sjá, að það er á móti anda laganna. Eg býst því við, að menn verði mér samdóma um að fella þetta ákvæði burtu, sem ekki á heima í lögunum.

**Ráðherrann (H. H.):** Um 2. br.-till. nefndarinnar, um það hver skuli aðstoða blindan mann við að kjósa, er eg henni samþykkur. Sú breytingartillaga er í samræmi við stjórnarfrv. og gildandi kosningalög. En eg vildi leyfa mér að skýra frá ástæðum efri deildar til að hafa það frjálst, hvern blindur maður kallaði sér til aðstoðar. Eg var viðstaddur þegar málið var til umræðu þar. Það sem réð úrslitunum, var, að einn þingmaður upplýsti, að í eitt skifti hefði staðið svo á, að blindur maður hefði orðið að fara til sýslumanns og fá leyfi hjá honum til að kjósa í annari þinghá, því að öll kjörstjórnin var svo andstæð honum, að hann treysti henni ekki til að kjósa rétt fyrir sig.

Hvorttveggja fyrirkomulagið getur haft mikið til síns máls, en yfirleitt verð eg að aðhyllast að hjálparmenn, þeir sem um er að ræða, séu teknir úr kjörstjórninni.

Að því er snertir 4. breytingartillögu meiri hlutans, er eg nefndinni þakklátur. En breytingartillögu minni hlutans get eg ekki verið samþykkur.. Háttv. framsögum. minni hl. (B. J.) áleit, að

þetta ákvæði, sem um er að ræða, komi í bág við anda hlutfallskosninga. En ef menn athuga það nánara, sjá menn, að það er í fullu samræmi við þá stefnu, að sem allra flestir ráði, *hverjir* eru kosnir, en séu ekki bundnir við annara manna röðun á lista.

Það situr í honum fyrirkomulagið, sem enn þá er, að þeir sem komi með listana, ráði röðinni á þeim. En það er ekki rétt. Þeir sem koma með lista eftir að þetta frumv. er orðið að lögum, geta engu um það ráðið, hvernig röðin verður hjá kjósendunum sett. Það er kjósendunum algerlega í sjálfsvald sett, hvernig röðunin verður.

Undirstaðan undir mótmælum háttv. þm. Dal. (B. J.) er þar með fallin burt.

Það hefir vakið mikla óánægju hér í Reykjavík, að þeir sem hafa fengið atkvæði á mörgum listum, en ekki staðið nógu ofarlega á neinum lista til þess að verða fulltrúi hans, hafa ekki getað notið þess, hve margir báru traust til þeirra.

Þegar sú breyting er komin á, að kjósendur mega ráða röðinni, þá er það, að sami maðurinn sé á mörgum listum, sönnun þess, að hann hefir mikið fylgi. Þetta fyrirkomulags atriði er alls ekki ný upp tekið af mér, heldur er það tekið eftir kosningalögum Finna, sem þykja ágæt.

**Framsögum. minni hl. (Bjarni Jónsson):** Eg hefi eigi gert ágreining út af þessu atriði, út af því, að það væri komið frá stjórninni, en það er ekkert betra fyrir það, hvaðan það er komið.

Það er rangt, sem hæstv. ráðherra sagði, að eg bygði á því fyrirkomulagi, sem nú er. — Þeir kjósendur, sem hafa komið sér saman um lista, geta eigi ráðið röðinni á honum, ef má taka atkvæði frá öðrum listum. Þetta er óhrakið enn, þrátt fyrir mótmæli hæstv. ráðherra.

Hefðu kjósendurnir traust á manninum, þá hefðu þeir haft hann ofar á listanum.

Hitt hlýtur líka að koma fyrir, að maður, sem kjósendur vilja síður, flytjist upp á listanum og upp fyrir þá sem þeir trúa betur.

**Ráðherrann [H. H.]:** Það er misskilningur hjá háttv. þm. Dal. (B. J.), að þetta sé þvert ofan í anda hlutfallskosninga. Andi hlutfallskosninga er, að hver kjörflokkur fái þá *tölu* fulltrúa, er honum ber að réttu hlutfalli eftir atkvæðamagni lista. Það raskar alls ekki þessu grundvallaratriði, þó einnig aðrir en þeir sem með lista hafa komið, geti haft áhrif á það, hverjir verða fyrir kjöri, þ. e. hverjir verða teknir til að fylla þá fulltrúatölu, sem listanum ber.

**Framsögum. meiri hl. [Jón Ólafsson]:** Herra forseti! Það sem hér er gert í þessum lögum, er að sjá um, að hver flokkur, sem sendir lista við kosningarnar, nái þeirri tölu kosinna fulltrúa, sem honum ber.

Eg held að það geti varla komið til mála, það sem háttv. þingm. Dal. var að segja, að með þessu móti kæmust þeir að, sem flokkarnir vildu ekki hafa. Því að eg gæti ekki hugsað mér þann flokk, sem setti mann á sinn lista, þann sem hann *vildi ekki* hafa. Að minsta kosti væri sá flokkur þá ekki vaxinn því að semja lista og semdi þá lista gagnstæðan tilgangi laganna.

Setjum t. d. að við kosningar kæmi fram 5 listar og að einn listinn fengi 3 menn kosna, en á honum stæði 7. maður í röð, sem væri svo vel þokkaður, að hann væri settur líka á lista *allra* hinna flokkanna. Ætti hann þá ekki að njóta þess að vissu leyti, að hann er í svo miklum metum, að *allir* flokkar treysta honum.

Eg get ómögulega skilið það hjá háttv. þingmanni, að menn setji þá á listana,

sem þeir vilja ekki hafa. Þeir mundu ekki setja þá þar, nema þeir vildu hafa þá hvern um sig. Um töluröðina á hverjum lista gerir aftur ekkert til, ef hver listi fær sína fulltrúa-tölu rétta.

Eg verð að halda fast við frumvarpið, m. a. af því, að mér er kunnugt um, að sterkir flokksmenn hafa kosið annan lista en síns flokks, af því að sá maður, sem þeir vildu helzt, stóð ofar á öðrum lista en þeirra eigin.

**Framsögum. minni hl. (Bjarni Jónsson):** Það sem hæstv. ráðherra sagði, var styttra en það sem frams.m. vildi segja. *[Jón Ólafsson:* En hvað *sagði* eg?). Hann er að dreyma háttv. þingmanninn. Hann er nývaknaður.

Hæstv. ráðherra hélt því fram, að þetta kæmi ekki í bág við anda laganna. Það kemur þó að minsta kosti í bág við þær umbætur, sem hann vill láta gera á lögunum, og gerir umbæturnar að skemdum. Þetta hefi eg ljóslega sýnt fram á. Það getur hver heilvita maður séð, að röðin, eins og hún var á listanum eftir kosningu fylgismanna hans, getur skekst og maður sem neðar var settur á listann, getur fluzt upp fyrir þá sem ofar voru settir. Þetta kemur í bág við anda laganna. Það er rangt, að flokkurinn missi betri manninn fyrir þetta; því það vita allir, að betra er betra en gott, o. s. frv. *(Jón Ólafsson:* Hvers vegna voru ekki allir góðir á listanum?). Af því að ekki eru allir úlfar auðþektir þegar þeir hafa yfir sér sauðargæru.

**Ráðherrann (H. H.):** Eg vil endurtaka, að tilgangi lagafrumvarpsins er einmitt fullnægt með þessu ákvæði, sem sé þeim tilgangi, að kjósendur ráði því sjálfir, en ekki flokksstjórnir eða félagastjórnir, hverjir komist að af þeim, sem á lista hafa verið settir.

Við kosningar til bæjarstjórna eru flokkarnir ekki svo skarpt aðgreindir. Þar er mest um alment traust hvers einstaks fulltrúaefnis að gera. Eg gæti betur skilið kappið, sem háttv. þm. Dal. (B. J.) leggur á þetta, ef um alþingiskosningar væri að ræða, og væri það þó ástæðulaust, því að einnig þar má haga kosningum og ætti að haga kosningum meira eftir almennu trausti en flokksfylgi, þó að flokkum sé jafnframt gefinn kostur á hlutfallslegri »repræsentation«.

**Framsögum. minni hl. (Bjarni Jónsson):** Það kemur ekkert málinu við, hvort hér er um bæjarstjórnarkosningar eða þingkosningar að ræða. Málin eru alveg eins vel aðgreind þótt þau séu í bæjum.

Hæstv. ráðherra hefir ekki fært nein rök að því, að þetta skerði ekki »princip« laganna eins og eg hefi haldið fram. Og eg held því fram enn, að rétta röðin á listanum skekkist, sem hún ekki má, ef þetta nær fram að ganga. Það er vissulega ekki í anda hlutfallskosningalaganna.

Þótt einn maður hafi svo mikið brot af trausti hjá kjósendunum, að hann sé á mörgum listum og neðarlega á öllum, þá er það ekki alment traust, sem sá maður nýtur. Ef hann hefði alment traust, þá væri hann efstur á öllum listunum.

**Ráðherrann (H. H.):** Það er hart að þurfa að vera að endurtaka það enn, að eftir að þetta frumvarp er orðið að lögum, sýnir það jafnmikið traust þeirra, sem koma með lista, á fulltrúaefnum, hvort sem *þeir* setja þá ofarlega eða neðarlega á listann, því þeir geta ekkert um það vitað fyrirfram, hvern af þeim flestir muni aðhyllast, og því mega þeir ekki taka á listann aðra en þá, sem þeir geta aðhylst sem fulltrúa fyrir kjörflokk sinn. Sá sem listasmiðirnir

setja fremstan, á eftir þessu frumvarpi ekki að standa neitt nær því að ná kosning heldur en sá, sem þeir setja neðstan.

**Framsögum. meiri hl. (Jón Ólafsson):** Herra forseti! Mér finst að háttv. minni hlutinn einblini á rétt hlutfallstölunnar, en gleymi aftur á móti að varðveita rétt einstaklingsins. Mér finst *það* réttur hvers einstaklings, að *atkvæði hans fari ekki forgörðum.*

Ef að háttv. þm. Dal. (B. J.) hefði viljað vera sjálfum sér samkvæmur, þá hefði hann átt að koma með aðra breytingartillögu um að nafn sama manns mætti ekki standa meira en á einum lista.

Eg skal taka dæmi.

Heimastjórnarmenn settu sem 4. mann á lista mann, sem þeir vildu fá kosinn og hafði alment traust. Sumir Heimastjórnarmenn vildu hafa hann ofar og fóru því til og stofnuðu annan lista og settu manninn efstan og þótti þá sjálfsagt, að nú yrði hann kosinn. Margir af okkar mönnum kusu þennan seinni lista og endirinn varð sá, að maðurinn var ekki kosinn. Slíkt *hefir* komið fyrir. Þetta er ekki heppilegt fyrirkomulag.

Annað mál væri það, ef ekki mætti nafn sama manns standa nema á einum lista, og maðurinn réði því þá sjálfur, á hvaða lista hann stæði.

**Framsögum. minni hl. (Bjarni Jónsson):** Hæstv. ráðherra ruglaði hér í ræðu sinni einhverju saman. Eg skildi ekki, hvað hann átti við, er hann talaði um að flokkarnir settu upp lista og vissu ekki, hverjir mundu kjósa þá.

Við því sem háttv. þm. S.-Múl. (J. Ól.) sagði um, að eg hefði átt að koma með þá breytingartillögu, að ekki mætti nafn sama manns standa nema á einum lista, þá er því að svara, að eg ræð því, hvaða breytingartillögur eg kem með og þingm. getur sparað sér að kenna mér. Annars er slíkt ákvæði ómögulegt, því að þá þyrftu flokkarnir að bera sig saman um, hvaða mönnum þeir vildu koma að, og eg býst ekki við góðu samkomulagi um það. Svo er líka annað, og það er, að hér er hver maður skyldur til að taka móti bæjarstjórnarkosningu.

**Framsögum. meiri hl. (Jón Ólafsson):** Herra forseti! Alt það sem háttv. þm. (B. J.) sagði nú síðast, var úti á þekju. Kjörstjórnin fær listana frá flokkunum og merkir þá A. B. C. o. s. frv. Gæti hún þá strykað út nöfn þeirra manna, sem væru á þeim listum, sem fyr væru komnir.

**Framsögum. minni hl. (Bjarni Jónsson):** Með þessu fyrirkomulagi ætti þá kjörstjórnin að bíða meðan flokkarnir væru að halda fundi og rífast um hverjir skyldu vera á þessum lista og hverjir á hinum. Allir sjá, hve gott fyrirkomulag það er. Vill annars ekki háttv. þingm. spara sína vizku þangað til hann er beðinn um hana.

**Kristinn Daníelsson:** Það er ekki svo gott að átta sig á þessu máli. Samt hygg eg að háttv. þm. Dal. (B. J.) muni hafa rétt fyrir sér í reyndinni.

Þó að kjósendur megi raða á listunum, þá mundu þeir alment ekki nota það. Flokkarnir mundu hver hafa sinn lista og fylgjast að um hann óbreyttan yfir höfuð og ætlast til að menn næðu kosningu eftir þeirri röð, sem á honum er. En þessi röð gæti haggast, ekki fyrir það, að kjósendur þess lista breyttu röðinni, heldur fyrir áhrif atkvæða á öðrum listum, ef þau eru talin með. Segjum, að öðrum flokknum sé illa við nr. 1 á A. listanum og vilji heldur nr. 2 á þeim lista, þá gætu þeir tekið hann á sinn lista til þess að hann fengi þar nokkur atkvæði, sem gætu orðið til að breyta röðinni og tilgangur hlutfalls-

kosningarinnar ekki nást. Yfir höfuð eiga listarnir ekki að geta gripið í og raskað hver annars röð, heldur á hver að hljóta kosning eftir þeirri röð, sem hann er í á sínum lista eða hlýtur fyrir umröðun þeirra kjósenda, er listanum greiða atkvæði.

ATKV.GR.:

1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Breyt.till. (372, 1) við 3. gr. samþ. án atkvgr.

Breyt.till. (372, 2) við 3. gr. samþ. með 14 : 4 atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Breyt.till. (372) við 5. gr. talin samþ. án atkv.

5. gr., þannig breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Breyt.till. (372) við 6. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Breyt.till. (377) við 6. gr. feld með 12 : 10 atkv.

6. gr., þannig breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Breyt.till. (372) við 7. gr. talin samþ. án atkvgr.

7. gr., þannig breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn frumv. talin samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

---

FRUMVARP til laga um sjódóma og réttarfar í sjómálum (340); 1. umr.

**Jóhannes Jóhannesson:** Eg stend að eins upp til þess að leggja til, að þessu frumvarpi sé vísað til siglingalaganefndarinnar, að umræðunni lokinni.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Frv. vísað til siglingalaganefndar með 16 shlj. atkv.

---

FRUMVARP til laga um hallærissjóð (344); 1. umr.

**Ólafur Briem:** Eg leyfi mér að leggja til að kosin sé 5 manna nefnd til að athuga málið, að umræðunni lokinni.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Till. um 5 manna nefnd sþ. með 18 shlj. atkv.

Kosnir voru:

Pétur Jónsson
Jón Ólafsson
Mattías Ólafsson
Ólafur Briem
Kristinn Daníelsson.

---

FRUMVARP til laga um strandferðir (367); 1. umr.

**Framsögumaður (Valtýr Guðmundsson):** Þetta frumv. er komið frá samgöngumálanefnd Nd. og er árangur athugana og yfirvegunar hennar. Þessi nefnd hefir rætt málið bæði ein sér og sömuleiðis með samgöngumálanefnd Ed. Þetta mál, samgöngumálið, sérstaklega strandferðirnar, hefir verið mesta vandræðamál í háa tíð, og úrlausnin á því alt af orðið sú að flýja á náðardyr útlendra félaga til þess að fá viðunanleg kjör. Það hafa verið vandræði að þurfa að sæta því, ekki að eins fjárhagslega, heldur hafa og mörg óþægindi af því stafað, að útlend félög hafa

verið fengin til að takast ferðirnar á hendur, t. d. má nærri geta, hver óþægindi eru að ferðast með skipunum fyrir alþýðfólk, sem ekki getur talað við þjónustufólkið á skipunum og fengið þá aðhlynning, sem þörf er á við veikt fólk. Bæði frá þessu sjónarmiði og eins frá fjárhagslegu sjónarmiði, þar sem alt tapið lendir á oss sjálfum í raun og veru, hefir nefndinni verið það ljóst, að brýn þörf væri að koma ferðunum á innlendar hendur. Það er einsætt, að fyrir eyland er það lífsspursmál að eiga einhverjar fleytur, bæði að því er snertir ferðirnar kringum landið sjálft og ferðirnar til og frá landinu. Þegar vér rekjum sögu landsins, þá leynir það sér ekki, að það hefir orðið landinu mest til hnekkis að eiga engin skip. Það hefir verið sagt, að Íslendingar hafi átt skip og annast siglingar sínar á söguöldinni. En þetta er ekki satt nema að nokkru leyti. Íslendingar áttu að vísu skip í förum, en megin-siglingarnar voru í höndum útlendinga. Verst var þó landið komið þegar siglingarnar hurfu alveg úr höndum Íslendinga og þeir áttu enga fleytu framar. Þessu ríður á að kippa í lag. Og niðurstaðan hjá nefndunum hefir orðið sú, að þetta væri markið, að koma siglingum vorum á innlendar hendur, fyr yrði samgöngunum ekki komið í gott horf. Báðar nefndirnar, sem skipaðar eru 10 mönnum eða $^1/_4$ hluta þingsins, hafa orðið einhuga um þetta mark: að samgöngur á sjó kæmust á innlendar hendur. En þá er spurningin, á hvern hátt það eigi að verða. Nefndunum kom saman um það, að bezt væri að skipin yrðu á privatmanna höndum. Þótti nefndarmönnum það ljóst, að skipaútgerð rekin á landsins kostnað yrði ekki eins arðvænleg og ef hún væri rekin á kostnað privatmanna. Það er nú einu sinni svo, að eigingirnin er meginfjöðrin í framkvæmdum manna. Reynslan sýnir, að menn leggja sig ekki eins fram í fyrirtækjum annara og í fyrirtækjum sjálfra sín. Privatmenn eiga mest á hættu sjálfir, ef illa gengur, en launaðir menn eiga minna í hætt unni, þótt tap sé að fyrirtækjum, þeim sem þeir eiga að sjá um. Fyrir því hölluðust nefndirnar að því að fá privatmenn til þess að takast á hendur strandferðirnar. Og með því að nefndirnar hafa viljað styðja þá hreyfing, sem komin er hér á landi í þá átt að gera millilandasamgöngurnar innlendar, þá hefir og þótt takanda í mál að fá félagið, sem er að myndast í þeim tilgangi, til þess einnig að taka að sér strandferðirnar. Var því formönnum nefndanna falið að leita fyrir sér um það við bráðabirgðastjórn félagsins, hvort það mundi vilja takast á hendur strandferðirnar. Svar bráðabirgðastjórnarinnar er prentað í nefndarálitinu, og sézt af því, að forgöngumennirnir lýsa yfir því, að það hafi verið hugsun þeirra frá upphafi, að félagið tæki líka að sér strandferðirnar seinna meir. Hér er ekki um neina bindandi samninga eða loforð að ræða, enda er ekki von til þess, stjórnin hefir ekki vald til þess, þar sem félagið er enn óstofnað. Hins vegar lýsir þessi bráðabirgðastjórn yfir því, að hún muni mæla með því, að félagið takist strandferðirnar á hendur. Og það er víst, að þessi bráðabirgðastjórn félagsins mun hafa talsvert mikið að segja hjá félaginu, hvort sem nokkurir úr henni komast í stjórn þess eða ekki, sem þó er líklegt. En þetta bréf stjórnarinnar er mjög varkárlega orðað. Stjórnin segist vilja leggja til með því, að félagið taki að sér strandferðirnar, ef útgerð félagsins reynist vel. Í því liggur, að félagið muni ekki taka að sér strandferðirnar fyr en reynsla er fengin um millilandaferðirnar. Þar með er útséð um, að félagið geti tekið að sér strandferð-

irnar fyrst um sinn. Það er gert ráð fyrir því, að félagið geti ekki tekið til starfa fyr en í ársbyrjun 1915, og með því að félagið mun ekki taka að sér strandferðirnar fyr en reynsla er komin um hinar ferðirnar, þá er ekki að búast við, að félagið taki að sér strandferðirnar fyr en í fyrsta lagi 1916. Þar sem það var nú niðurstaða nefndanna, að koma strandferðunum á innlendar hendur, jafnvel þó ekki tækist samningar við hið væntanlega eimskipafélag Íslands, þá tók nefndin til íhugunar, hver leið væri að komast samt að því marki. Og sá þá enga aðra leið en landssjóðsútgerð. Nefndirnar voru þó í vafa um það í fyrstu, hvort það væri gerlegt. En nefndirnar höfðu fengið upplýsingar um strandferðirnar, sbr. fylgiskjölin við nefndarálitið. — Þar af kom þó fígskj. 3 ekki fyr en nefndarálitið var samið — þá varð niðurstaðan sú, að ekki mundi hættulegt fyrir landssjóð að taka að sér útgerðina. Raunar má gera ráð fyrir því, að áætlun nefndarinnar reynist ekki alveg rétt og að landssjóður verði fyrir meiri halla. En þess er að gæta, að hallann af strandferðunum höfum vér sjálfir jafnan orðið að borga í raun réttri, hver sem hann er. Að því athuguðu þótti oss, hvernig sem veltur, réttast að láta landssjóð taka að sér ferðirnar, í stað þess að greiða útlendingum stórfé fyrir óviðunanlegar ferðir, sem landið hefir ekkert yfir að segja, nema hvað stjórnin hefir ofurlítið getað haft áhrif á ferðaáætlanirnar. Með þessari tillögu nefndanna er sá vinningur, að skipin yrðu innlend með áhöfnum, sem tala landsins eigin tungu.

Á þessu stigi málsins skal eg ekki fara út í einstök atriði. En geta vil eg þess, að nefndirnar búast ekki við, að útgerðin geti byrjað fyr en 1916. Því verður að gera bráðabirgðaráðstafanir þangað til. Þær hafa nefndirnar hugsað sér þannig, að stjórninni væri veitt heimild til að leigja skip Þau þyrftu ekki að vera dýr né mjög vönduð; menn mundu sýna þolinmæði svo stuttan tíma, sem hér er um að ræða, þótt strandferðirnar yrðu ekki eins fullkomnar og æskilegt væri.

Geta vil eg þess viðvíkjandi frumv., að þótt það þingskapanna vegna sé borið fram af samgöngumálanefnd Nd., þá er það í rauninni sameiginlegt frumv. nefndanna í báðum deildum. Skal eg með leyfi hæstv. forseta lesa upp bréf frá samgöngumálanefnd Ed.

»Samgöngumálanefnd Ed. lýsir yfir því, að hún er eindregið fylgjandi því frumv. til laga um strandferðir, sem samgöngumálanefnd Nd. ber upp. Hafa nefndirnar unnið að þessu frumv. í sameiningu og orðið ásáttar um það í öllum greinum.

Hins vegar hefir ekki getað komið til mála — eftir þingsköpunum — að nefndirnar semdu sameiginlegt nefndarálit, og fyrir því ber Ed. enga ábyrgð á nefndaráliti Nd. nefndarinnar, eða framsögu málsins þar, en mun trúlega fylgja frumv., ef það verður samþykt í Nd. og færa sín rök fyrir því í sérstöku nefndaráliti.

Þetta er samgöngumálanefnd Nd. heimilt að gera háttv. Nd. kunnugt.

Ed. Alþingis, 11. Ágúst 1913.

G. Björnsson formaður. Sig. Eggerz.

Til samgöngumálanefndar Nd.«

Þetta frumv. er þannig fram komið eftir samkomulagi beggja nefnda. Eru þær einhuga að fylgja frumv. fast fram og koma síðar með br.till. við fjárlögin.

Viðvíkjandi áætlunum skal eg að eins geta þess, að nefndin hefir áætlað kostnaðinn í öllum greinum mikið hærri en

kaupm. Thor E. Tulinius. Hann áætlar kostnaðinn við hvert skip mánaðarlega ekki nema 7500 kr., en nefndin áætlar hann 9413 kr. Og þar sem Hendriksen formaður Thorefélagsins áætlar nægilegt til fyrningar 5 %, hefir nefndin áætlað 10 %. Skipið borgar sig þannig á 10 árum í stað þess að nægilegt mun vera að borga það á 20 árum, þar sem um verzlunarskip er að ræða. Um fiskiskip — botnvörpunga — er öðru máli að gegna, og því er það vani að láta 10% ganga til fyrningar.

Þá er enn eitt atriði, sem er mjög mikilsvert. Nefndin hefir áætlað hvert tonn af kolum á 30 kr., þar sem Tulinius gerir ekki ráð fyrir meiru en 25 kr. Þetta gerir mikinn mismun. Kolaverðið og fragt á kolum er nú svo hátt, að engin líkindi eru til að það haldist. Sparast þannig mikið fé, þegar fram í sækir, ef ekki straks eftir fyrsta árið. Eg skal geta þess, að kolanefndin gerði ráð fyrir, að við gætum alt af fengið kol fyrir 20 kr. tonnið. Hefði þetta verið rétt, mundu hafa sparast 10 kr. á hverju tonni og nemur það eigi litilli upphæð, eins mikið og skipin þurfa að nota af kolum.

**Ráðherrann (H. H.):** Eg er samdóma háttv. þm. Sfjk. (V. G.) um það, að ekki þurfi að tala langt mál um einstök atriði við þessa umr. Eg er honum og nefndinni líka samdóma í því, að æskilegast væri, að vér fengjum sem fyrst samgöngur bæði milli landa og með ströndum fram, sem Íslendingar sjálfir önnuðust og réðu. En eftir því sem útlit er til nú, þá er engin von til þess, að Eimskipafélag Íslands geti komist á laggirnar og tekið til starfa á næstu tveim árum, að minsta kosti ekki næsta ár. Áætlanir þess eru alt of lágar eftir skipaverði nú. Mér er sagt, að eftir því sem verð er á skipum nú veiti ekki af 5—600 þús. kr. kapítali til að geta fengið bygð 2 skip af þeirri stærð og sniði, sem hér er til ætlað, þó að skipasmíðaverkstæði veiti lán og taki veð í skipunum fyrir því sem til vantar. En í próspectus eru að eins 340 þús. kr. áætlaðar til þess. Og enn eru ekki komnar inn nema 300 þús. kr. í peningum og loforðum um hlutabréfakaup. Það á því nokkuð langt í land, að þetta félag taki til starfa. Þess vegna er nauðsynlegt að gera einhverjar bráðabirgðaráðstafanir.

Eg vil leyfa mér að vekja athygli háttv. deildar á því, að hvenær sem strandferðirnar komast í hendur annara en þeirra, sem einnig halda uppi millilandaferðunum, eykst kostnaður við vöruflutninga til hafna út um land að miklum mun. Þá bætist við sérstakur flutningskostnaður frá staðnum, sem milliferðaskipið kemur til og varan er flutt til og til afhendingarstaðsins. Það er búið að koma mönnum upp á það, að borga sömu farmgjöld til allra hafna, nema hvað nú bætist við dálítill umhleðslukostnaður til smáhafnanna. Ef enn bætist þar við fragt, þá kvartar einhver. Það er því bráðnauðsynlegt að millilandaferðir og strandferðir séu á sömu höndina ef unt er. Þegar sami aðilinn annast um hvottveggja, má semja svo um, að hækkunin verði ekki meiri en umhleðslugjaldinu nemur. Tæki landið sjálft að sér strandferðirnar einar, en annað félag eða félög hafi millilandaferðirnar, þá bætist því talsverður kostnaður á flutning útlendu vörunnar til smáhafnanna, því ekki getur landið tekið að sér flutninginn endurgjaldslaust, hvort sem það kaupir skip, eða leigir. Þegar því um þessa bráðabirgðaráðstöfun að ræða, væri það óefað hentugast, ef hægt væri, að fá sama félagið, sem flytur mestar vörurnar til landsins, til þess að flytja þær einnig áfram milli hafna á landinu. Þetta næðist ef hægt

væri að fá Sameinaða gufuskipafélagið til þess að halda áfram strandferðum eins og nú, þangað til Eimskipafélag Íslands getur tekið við, og alt ætti að stefna að því, að Eimskipafélagið ætti að geta tekist hvorttveggja á hendur, bæði strandferðir og millilandaferðir.

Eg hefi skýrt háttv. nefnd frá því, að eg hefi gert miklar tilraunir til þess að geta fengið tilboð um strandferðir úr fleirri en einni átt. Það er nú komið tilboð frá Björgvinjarfélaginu, en það felur ekki í sér eiginlegar strandferðir í sama stíl og þær eru nú. Það er nefnilega ómögulegt að fá nokkurt utanríkisfélag til þess að takast slíkar strandferðir á hendur. Tilboð þessa félags gengur út á það, að það býðst til að halda uppi ferðum milli Noregs og Íslands 14. hvern dag, þannig að skipin fari í hverri ferð kringum land — komi í annari ferðinni sunnan um land, en fari vestur og norður um land. í hinni og *vice versa* — og komi við á mörgum stærri höfnum. Fyrir stærri viðkomustaði er þetta auðvitað ágætt fyrirkomulag, en þá verður að finna einhver önnur ráð viðvíkjandi þeim minni. Mér hefir hugkvæmst að fullnægja mætti þörfinni annaðhvort með því að láta eitt lítið flutningaskip þræða smáhafnirnar eða þá með litlum fjarðabátum, sem höguðu ferðum sínum eftir ferðum millilandaskipanna. Hefi eg í því skyni útvegað og sýnt nefndinni teikningar af bátum, sem gætu verið nothæfir til þessa, gerðir eftir fyrirmyndum frá Noregi. Norðmenn eru smátt og smátt að hverfa frá því að láta stór strandferðaskip fara inn á hvern vog og vík, heldur haga þeir strandferðunum svo, að þeir hafa fjarðarbáta með mótorvélum í sambandi við aðalskipin, sem flytja vörur og fólk inn á smáhafnirnar. Og þetta hefir reynst vel. Eg áleit því rétt að gefa þinginu kost á að athuga þetta, ef ske kynni að það vildi sinna því að einhverju leyti. Svo mikið er víst, að fyrir Suðurland gæti slíkir bátar komið að fullum notum, þegar sími er kominn til Víkur og Hornafjarðar. Einn flóabátur gæti haft stöð í Vestmannaeyjum og flutt þaðan fólk og vörur til hafnanna á Suðurlandi, þegar veður og brim leyfði. En það gætu menn alt af vitað um í símanum. Á sama hátt mætti hafa bát á Djúpavogi fyrir Austur-Skaftafellssýslu. Sá bátur, sem teikningin er gerð af, er ætlast til að hafi 40 hesta »mótor«, eyði 10 kilogr. af hráolíu á kl.st., fari 8 kilometra á klukkustund, kosti úr stáli 26 þús. kr., hafi lestarrúm fyrir 15 tons, sem auðvitað má stækka með því að minka farþegapláss, sem ætlast er til að taki 70 farþega með þilfarsplássi. Mér skilst sem nefndin hafi komist að þeirri niðurstöðu, að slíkur bátur gæti ekki orðið nothæfur, nema fyrir Suðurlandi, en fyrir Austur- og Vesturlandi ætlist hún til að gangi tvö stærri strandferðaskip, eins og nú er. Undir öllum kringumstæðum virðist hún vilja að slíku fyrirkomulagi sé haldið 1914 og '15.

Eg get fullyrt það, að slík skip til strandferða er hvergi hægt að fá nú, nema hjá »Sameinaða gufaskipafélaginu« og er það þó torsótt. Þegar fjárlagafrumvarpið var prentað, hafði stjórnin ekki fengið neinn ádrátt um það enn. Þegar eg átti tal við forstjóra félagsins í Maímánuði, vildi hann ekki lofa neinu um að endurnýja samninginn um »Skálholt« og »Hóla«. Og þegar eg kom til Hafnar í vor, var það fyrst í skilyrðum haft, að félagið fengi uppbót á kolatollinum, einnig fyrir strandferðaskipin. Þó leyfði hann mér — áður en eg fór heim — að lýsa því yfir, að félagið mundi ganga að því að endurnýja sam-

ninginn um 2 ár án þess skilyrðis, ef ekki byðist betra. Þessu vildi eg skýra háttv. þm. frá.

**Framsögumaður (Valtýr Guðmundsson):** Það er rétt, sem hæstv. ráðherra tók fram, að ef strandferðirnar komast á aðrar hendur en þær, sem líka annast millilandaferðirnar, þá hefir það í för með sér talsverðan aukakostnað, sem nemur fragtinni á vörum frá þeim stað, sem skipið kemur við á, til afhendingarstaðsins, sem skipið kemur ekki við á. Það er gefið, að jafnvel þótt landssjóður tæki að sér strandferðferðirnar, þá gæti hann ekki flutt þessar vörur endurgjaldslaust. En þess ber að gæta, að eins og nú er, þá fer talsverður aukakostnaður líka í umhleðslugjöld. Enn ber að líta á það, hvort sanngjarnt sé, að landssjóður borgi ferðirnar til þessara smáhafna, sem flytja þarf vöur til. Auðvitað væri það æskilegast að allir ættu við sömu kjör að búa — en það er nú svo, að þeir, sem lifa á fjarlægari stöðum verða að gjalda þess í mörgu. Það er t. d. munur til aðdrátta til búsins fyrir mann, sem býr upp til dala og þann sem býr við sjó. Kolin eru orðin nokkuð dýrari fyrir sveitamanninn, þegar hann er búinn að flytja þau heim til sín, en þann sem býr í sjóþorpi og fær þau beina leið. Og þó hefi eg ekki heyrt neinn ætlast til þess, að landssjóður borgaði þennan mismun.

Þetta vakti fyrir nefndinni sem það »primæra« að Eimskipafélagið tæki hvortveggju ferðirnar að sér. Hitt var að eins »secundært«, að lánaðist það ekki og gæti ráðherra ekki útvegað heppilegar strandferðir, þá væri lagt út í landssjóðsútgerð og landssjóður greiddi sérstaka borgun fyrir fragt til þessara staða. Eg gleymdi í fyrri ræðu minni að minnast á tilraunir stjórnarinnar til að ná í samninga um strandferðir. Eins og hæstv. ráðherra skýrði frá, liggur nú fyrir tilboð frá Björgvinjarfélaginu. Þetta tilboð virðist alveg óaðgengilegt eitt sér og það þegar af þeirri ástæðu, sem hæstv. ráðherra gat um á fundi við nefndina, að skipin eiga ekki að koma við annarstar í útlöndum en í Noregi. En viðskiftasambönd íslenzkra kaupanna eru að mestu leyti annarstaðar, ganga aðallega í gegn um Kaupmannahöfn og Leith. Ef gengið væri að tilboði þessa félags, ræki að því sama, sem hæstv. ráðherra talaði mikið um viðvikjandi strandferðum, að borga yrði sérstaka fragt af vörum, sem kæmu með öðrum millilandaskipum til landsins. En tilboðið er gallað að mörgu öðru leyti. Í fyrsta lagi felur það ekki í sér eiginlegar strandferðir, það er að vísu ætlast til að skipin fari kringum land til útlanda og »vice versa«. En þau eiga ekki einu sinni að koma við á jafn-mörgum höfnum og þau millilandaskip, sem við nú höfum T. d við Húnaflóa koma koma millilandaskipin nú við á 7 stöðum alls. Bergensku skipin áttu alls ekki að koma við á neinum af þessum höfnum. Þó gat hæstv. ráðherra þess, að hann mundi geta fengið þá tilslökun, að þau færu inn á eina höfn við Húnaflóa, en það stendur ekki í tilboðinu. Líka er svo ákveðið víkjandi vetrarferðum, að Norðurland hefir engar skipakomur á vetrum. Á Austurlandi koma skipin um þann tíma árs að eins við á Eskifirði og Seyðisfirði og svo á Suður- og Vesturlandi alt að Ísafirði. En alla leiðina milli Ísafjarðar og Seyðisfjarðar verða því engar samgöngur frá því í Nóvember til Marzloka. Þetta kemur auðvitað ekki strandferðunum við, því að þeim er heldur ekki haldið uppi á vetrum, en hefir þó þýðingu, þar sem millilandaskipin sem nú eru, koma við á þessum stöðum.

Hvað snertir þessar teikningar, sem hæstv. ráðherra hefir útvegað, af mótorbátum, sem hann upphaflega hafði hugsað sér 6, þá kemur það ekki til mála, að þeir séu nothæfir, í stað strandferða, nema þá kannske fyrir Suðurlandi. Ef til vill væri hugsanlegt, að þá mætti nota til þess að koma lagi á flóabátana og fækka viðkomustöðum inna stærri skipa. Flóabáta höfum við nú á Faxaflóa, Breiðaflóa, Ísafjarðardjúpi og Eyjafirði.

En þessir vélbátar eru svo lagaðir, að þeir eiga ekki við hjá okkur. Það er vafasamt, að þeir þoli sjóinn við strendur Íslands, og áreiðanlegt er, að lestarrúmið, sem gert er ráð fyrir, verður að stækka. 7 tonna lestarúm er alt of lítið. Jörundur, flóabáturinn á Eyjafirði, hefir 30 tonna lestarúm, og jafnvel það er of lítið. Aftur á móti virðist ekki nauðsynlegt að hafa farþegarúmið svona stórt, fyrir 70 farþega. En líklega er nú svo ráð fyrir gert, að meiri hluti þeirra verði á þilfari. Það getur verið, eins og eg hefi sagt, að slíkur bátur ætti við fyrir Suðurlandi, en þó því að eins, að höfn sé komin í Vestmannaeyjum. Að öðrum kosti yrði ekki tiltök á að nota minni bát en Ingólf, sem kostaði 70 þús. kr., og er þó spursmál, hvort hann dygði. Alt annað mál væri, ef höfn væri komin í Vestmannaeyjum. Þá væri hægt að hafa þar aðalstöð og fregna í símanum, hvenær sjór væri góður á viðkomustöðunum fyrir Suðurlandi.

Viðvíkjandi þeirri athugasemd, að ekki sé hægt að fá strandferðir, nema hjá því »Sameinaða«, þá er mér ekki kunnugt um, hvað reynt hefir verið í því efni. Það þyrfti hæstv. ráðherra því að gefa upplýsingar um. En það eru til bæði önnur skip og félög, sem reyna mætti við, áður en hægt væri að segja, að ómögulegt væri að komast að einhverjum samningum annarstaðar.

Það kom berlega fram í nefndinni mjög mikill andblástur gegn því, að eiga nokkurn skapaðan hlut við Sameinaða gufusklpafélagið framar. Menn þykjast hafa fengið sig fullsadda af því að eiga við þetta félag, og vilja gera alt til að losna við það. Og það eru ekki einungis Íslendingar, sem sjá þetta, að það er okkur til hnekkis að vera bundnir við Sameinaða gufuskipafélagið.

Eg átti nýlega tal við merkan danskan mann, sem nú er hér staddur, prófessor Lorentzen, og sagði hann, að það væri lífsspursmál fyrir okkur að losna við samgöngueinokun þessa félags. Þetta er danskur maður, sem þannig talar, en hann lítur óvilhalt á málið. Annars er nógur tími til að tala um þetta spursmál, því að nefndirnar hafa ekki tekið það til nægilegrar athugunar enn þá.

**Ráðherrann (H. H.):** Það eru að eins örfá orð viðvíkjandi þessu norska tilboði. Háttv. framsögum. sagði, að eg hefði talið það galla á því, að skip þess félags mundu ekki fást til að hafa viðkomustaði erlendis utan Noregs. En mér hefir aldrei komið það til hugar, að þessi skip kæmu í staðinn fyrir millilandaskip, þau er nú höfum vér.

Vér höfum enn samning við Sameinaða gufuskipafélagið um millilandaferðirnar til 6 ára. En þessar norsku ferðir eiga að koma í stað núverandi strandferða, ef til kemur, og utanferðir þeirra eru aukageta. Eg hefi litið svo á, að ef við sættum tilboði, því sem fáanlegt hefir verið frá þessu félagi, þá fengjum við meira af strandferðum eða hringferðum með viðkomum á aðalhöfnum landsins, heldur en nokkurn tíma áður. Og það kostar oss að eins helminginn af því sem strandferðatillagið er nú. Fyrir hinar 30,000 krónurnar mætti svo hafa

sérstakt skip eða nýja flóabáta til að flytja vörurnar út milli smærri hafna. En hvort sem það er eitthvert félag eða landssjóðsútgerð, sem hefir þær ferðir á hendi, þá hljóta að koma á aukafragtir. Sameinaða gufuskipafélagið hefir þann góða kost, að það sparar okkur aukafragtirnar frá aðal-viðkomustöðunum. Það er því stór sparnaður fyrir landið að halda þeim samningi áfram, ef unt er. —

Eg heyrði að háttv. framsögumaður sagði, að landssjóður myndi græða á að taka að sér aukaferðirnar. Eg vil í því sambandi leyfa mér að vísa til bréfs hr. Hendriksens, sem eg hefi fengið nefndinni, og væri fróðlegt að bera það saman við skýrslu Tuliniusar, sem nefndin hefir, að mér skilst, bygt á. Eftir því bréfi er langt frá að það hafi orðið gróði á ferðum Austra og Vestra, heldur beint tap. Og við getum ekki búist við að landið slyppi með minna tap, heldur mætti búast við að það yrði fyrir enn þá meiri halla.

Það er því ekki nein gróðavon að landið taki að sér strandferðirnar, heldur má það miklu fremur heita neyð arúrræði og yrði miklu dýrara fyrir landið heldur en að hlíta þeim kjörum, sem við höfum nú við að búa.

**Björn Kristjánsson:** Út af því sem hæstv. ráðherra sagði um bréf Hendriksens, skal eg leyfa mér að minna á, að það liggur líka annað bréf fyrir frá Tuliniusi. *(Ráðherrann:* Eg nefndi það líka). Það bréf sýnir nákvæmlega, hvað útgerð Austra og Vestra hefir kostað, og er miklu ábyggilegra en hitt bréfið, enda marka eg lítið hvað herra Hendriksen segir. Hann er gamall og nýr þjónn Sameinaða gufuskipafélagsins og eg hefi ekkert traust á honum. *(Ráðherrann:* Er það meining ins háttvirta þingmanns, að skýrsla hans sé ósönn?). Já, alveg ósönn, og eg býst við að hv. ráðherra hafi vitað, hvert hann átti að snúa sér með að fá upplýsingar í þessu máli. Eg ber ekkiið minsta traust til þessa Hendriksens, enda er það sami Hendriksen, sem var sendiboði félagsins á þinginu 1909, að mig minnir, og skýrði hann þá frá ýmsu, sem eg síðar komst að, að var ekki satt.

Enda þótt eg hafi skrifað undir nefndarálitið fyrirvaralaust, þá var eg meðnefndarmönnum mínum ekki sammála um sum atriðin. Eg var ekki ánægður með að fá strandferðirnar í hendur *neinu* félagi, en eg get sætt mig við það og mun fylgja því, úr því að það varð ofan á í nefndinni. Mín skoðun er, að *landið eigi sjálft að hafa á hendi strandferðirnar*, engu síður en landpóstferðir, síma o. s. frv. Ástæðan til þess er meðal annars sú, að hingað til lands sigla mörg samkeppandi félög, og eg verð að telja það mjög óheppilegt, að einu félaginu af mörgum samkeppandi félögum sé afhentar strandferðirnar, því öll félögin þurfa að koma vörum til smáhafnanna. Þar af leiðandi á landið sjálft að hafa þær í sinni hendi.

Þetta sem hæstv. ráðherra sagði, að það væri óhjákvæmilegt, að á vöruflutninginn milli hafna legðist sérstök fragt, eða tvöföld fragt, ef landssjóður ætti strandbátana, get eg ekki séð að rétt sé. Það þarf ekki að leggjast fremur á strandferðirnar, þótt landssjóður eigi skipin, en einstakt félag.

Eg er hátttv. framsögumanni alveg samdóma um það atriði. Strandferðirnar eiga einmitt að vera alveg aðskildar. Þá fyrst eru innanlandssamgöngurnar í því lagi, sem þær eiga að vera.

Viðvíkjandi smærri flóabátum skal eg geta þess, að nefndin gat ekki fallist á að taka upp fleiri flóabáta en verið hafa til þessa, nema ef vera skyldi Suðurlandsbát. En hann þyrfti þá að vera 80—100 smálestir til að vera sjófær á

því svæði. Ingólfur t. d. er ekki sjófær til að fara suður fyrir Reykjanes, nema í alveg einsýnu veðri. — Svo skal eg svara því, sem hæstv. ráðherra sagði, að báturinn ætti að vera í Vestmannaeyjum. Afleiðingin verður sú, að það legst meiri kostnaður á flutning vörunnar, heldur en ef báturinn væri í Reykjavík. Eg skal taka til dæmis, að ef stórkaupmaður í Reykjavík vill flytja vöru til Víkur, þá verður hann að borga sérstakt umhleðslugjald o. s. frv. í Vestmannaeyjum. Eg held, að það sé ráðlegra fyrir landið og þingið, að fylgja nefndunum í báðum deildum í því, sem þær ætlast til að gert verði í þessu máli, þó að eg sjái á því nokkra agnúa.

Þetta vonleysi hæstv. ráðherra um, að hlutafélagið komist á stofn, held eg að ekki sé á rökum bygt. Það mun nú vera safnað um 300,000 kr. og félagið hefir fengið upplýsingar um, hvað skipin muni kosta. Það er ekki ætlast til að eins mikið verði borið í útbúnað skipanna eins og í skip Sameinaða gufuskipafélagsins; þau eiga ekki að vera skreytt með kopar né fuglsaug-mahogni, og yfir höfuð er ætlast til að leggja meira í *þægindin*, heldur en í skrautið. Hvítmáluð fura setur verðið á bygging 1. farrýmis niður um 30 %. Þetta láta Norðmenn sér duga, og líta þeirra farrými á skipum eins vel út og hinna. — Eg held, að deildin geri rétt í að styðja þetta mál og taka það eins og það liggur fyrir. Nefndirnar úr báðum deildum hafa komið sér saman um þetta, og eg skoða það ekki neitt neyðarúrræði.

**Frams.m. (Valtýr Guðmundsson):** Það eru að eins fáeinar athugasemdir við ræðu hæstv. ráðherra. Hann talaði um, að norsku ferðirnar ættu ekki að vera millilandaferðir og það hefði því enga þýðingu, þó þau hefðu ekki viðkomustaði erlendis, nema í Noregi, en það hefði þó þýðingu fyrir aukafragtirnar. Hann vildi halda því fram, að það væri ómögulegt að forðast aukafragtirnar, nema með því að semja við Sameinaða gufuskipafélagið. Eg er honum ekki sammála um það, því að það er líka hægt ef Eimskipafélag Íslands tekur að sér ferðirnar. Þegar eg sagði, að landssjóður græddi á aukaferðunum, þá meinti eg, að það hlyti að bætast við tekjumegin liður, sem alls ekki er til í áætlun okkar í nefndarálitinu. Svo vitnaði hæstv. ráðherra í skýrslu Hendriksens. Eg skal nú ekki fara mikið út í þessar skýrslur fyrverandi og núverandi forstjóra Thorefélagsins, hvor þeirra sé réttari. Þeim ber ekki saman. Fyrir Tuliniusi getur ekki verið um neina hagsmuni að ræða. En öðru máli er að skifta um Hendriksen. Hann hefir verið þjónn Sameinaða gufuskipafélagsins og er því hliðhollur, og sumt í skýrslu hans er beint til að villa. Það er t. d. auðsjáanlega villandi í skýrslu hans, að skipin Austri, Vestri og Perwie er reiknuð á 500,000 kr. Svo reiknar hann vexti og fyrningargjald 50—55,000 kr. á ári, en það er mjög óréttlátt, því að það ber ekki að reikna nema fyrir þann tíma, sem skipin voru í strandferðum. Og það sér hver maður, að það er rangt reiknað, að skipin hafi kostað 500,000 kr., því að við vitum, hvað bygging Austra og Vestra kostaði, og það er ómögulegt að reikna Perwie nema 40—50,000 kr. Hann segir að þetta sé »bogfört Værdi«, en það hlýtur að vera rangt samt, þó svo hafi verið bókfært, og er auðsjáanlega gert til að villa. Við vitum vel, að Perwie er mjög lélegt skip og getur ekki hafa kostað meira en þetta, og Austri og Vestri vitum við að kostuðu, er þeir voru bygðir, 170,000 kr. hvor. Það voru að eins þessar athugasemdir sem eg vildi gera.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Á fundinum var útbýtt í deildinni:

1. Breytinga- og viðaukatill. við frv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915 á þingskjölum 411, 412, 413, 414, 415, 416, 417, 418, 419, 420, 421, 422, 426, 427, 428, 429, 430, 431.
2. Frv. til laga um gjafasjóð Jóns Sigurðssonar handa fátækum í Eyjafjarðarsýslu. Eftir 2. umr. í Nd. (425).
3. Frv. til laga um viðauka og breyting á lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða. Eftir 2. umr. í Nd. (424).

Fundi slitið.

---

## 36. fundur.

Laugardag 16. Ágúst 1913, kl. 12 á hád.

Dagskrá:

1. Frv. til laga um viðauka og breyting á lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða frá 12. jan. 1884 (424, 427); 3. umr.
2. Frv. til laga um gjafasjóð Jóns Sigurðssonar handa fátækum í Eyjafjarðarsýslu (425); 3. umr.
3. Frv. til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbankans til að gefa út nýjan (4.) flokk (Serie) bankavaxabréfa (402, 435); 3. umr.
4. Frv. til laga um sérstaka dómsþinghá í Öxnadalshreppi (343); 2. umr.
5. Frv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915 (stj.frv. n. 348, 350, 391, 388, 389, 399, 403, 411, 412, 415, 417, 422, 429, 443, 448); 2. umr.

---

Allir á fundi.

Fundarbók síðasta fundar lesin upp, samþykt og staðfest.

Forseti skýrði frá, að forseti efri deildar hefði tilkynt sér, að

> Frv. til laga um breyting á lögum nr. 32, 20. Okt 1905, um málaflutningsmenn við landsyfirdóminn í Reykjavík,

hefði verið samþykt þar í deildinni við eina umræðu, og verið afgreitt til ráðherra sem lög frá Alþingi.

Enn fremur að forseti Efri deildar hefði sent sér:

> Frumv. til laga um sauðfjárbaðanir (441).

ásamt ósk um, að það yrði lagt fyrir neðri deild.

Forseti skýrði frá, að frá efri deild hefði verið útbýtt:

1. Breytingartillögu við frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1912 og 1913. Frá Hákoni Kristóferssyni (444).
2. Nefndaráliti um frumv. til laga um breyting á lögum um vörutoll (438).
3. Framhaldsnefndaráliti um frv. til laga um stofnun Landhelgissjóðs Íslands (434).

Forseti skyrði frá, að útbýtt hefði verið í deildinni:

1. Frv. til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbankans til að gefa út nýjan (4.) flokk (Serie) bankavaxtabréfa. Eftir 2. umr. í Nd. (432).
2. Breytingartill. við sama frv. Frá landsbankanefndinni (435).
3. Frv. til laga um ábyrgðarfélög. Eftir 2. umr. í Nd. (442).
4. Frv. til laga um breyting á lögum um leynilegar kosningar og hlutfallskosningar til bæjarstjórnar í kaupstöðum. Eftir 2. umr. í Nd. (440).
5. Frv. til laga um sauðfjárbaðanir. Eftir 3. umr. í Ed. (441).
6. Ágreiningsáliti um frv. til viðaukalaga við lög nr. 24, 9. Júlí 1909, um samþyktir um kornforðabúr til skepnufóðurs (443).

7. Breytingar- og viðaukatillögum við frv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915 á þingskjölum: 436, 439, 443, 445, 446, 447, 448, 449, 450.

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið áður og aftur á fundinum:

Breytingar- og viðaukatillögum við frv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915 á þingskjölum: 388, 389, 391, 399, 403, 411, 412, 415, 417, 422, 429.

Forseti las upp svo hljóðandi símskeyti frá ekkju Guðlaugs bæjarfógeta Guðmundssonar á Akureyri:

»Um leið og eg þakka Alþingi innilega fyrir hluttekningu, þá er það sýndi mér við fráfall mannsins míns sáluga, óska eg, að guðs blessun fylgi störfum Alþingis framvegis.

C. Guðmundsson«.

---

Þá var gengið til dagskrár og tekið fyrir:

FRUMVARP til laga um viðauka og breyting á lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða frá 12. Jan. 1884 (424, 427); 3. u m r.

**Framsögum. (Ólafur Briem):** Eg vil að eins minnast á þær tvær breyt.till., sem eru komnar, báðar frá háttv. 2. þm. G.-K. (Kr. D.). Önnur breyt.till. er við 1. gr. frumv. Hún miðar að því, að það séu jafnan inir lögskipuðu úttektarmenn hreppsins, sem virði allan kostnað við jarðabætur leigulióa, sem endurgjald á að greiðast fyrir, og hve mikið eftirgjaldið eigi að hækka, í stað þess að í frumv. er þetta orðað á þá leið, að til þessa séu valdir óvilhallir menn. Þessi breyt.till. er í samræmi við lík lög, sem hafa verið til meðferðar á þessu þingi, t. d. landskiftalög, girðingalög og vatnsveitulög. Þessi breyting er því mjög eðlileg.

Hin breytt.till. er við 4. gr. frumv. og miðar að því, að í stað þess að miðað sé við almenna peningarentu, þar sem talað er um, að landskuld bækki, þegar kúgildi eru tekin af jörð og kúgildaleigan þar með fellur niður. Í frumvarpsgreininni stendur svo: »Fellur þá kúgildaleigan niður, en landskuldin hækkar um mismun þann, er metinn verður á kúgildaleigunni og almennri peningarentu af verði kúgildanna«. Br.till. fer fram á að í stað »almennrar peningarentu« komi 4% rentu. Nefndin er samþykk því, að betra sé að tiltaka ákveðna rentuupphæð. En þó að sumum ef til vill finnist þessi renta nokkuð lág, þá vill nefndin ekki gera þetta að ágreiningsatriði. Meiri hluti nefndarinnar er því með þessum breyt.tillögum.

ATKV.GR.:

Breyt.till. við 1. gr. (427, 1) samþ. með 17 shlj. atkv.

Breyt till. við 4. gr. (427, 2) samþ. með 14 : 2 atkv.

Frumv. með áorðnum breytingum samþ. með 14 : 2 atkv. og afgreitt til Ed.

---

FRUMVARP til laga um gjafasjóðs Jóns Sigurðssonar handa fátækum í Eyjafirði (425); 3. u m r.

Enginn tók til máls.

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. með 14 : 1 atkv. og afgreitt til Ed.

---

FRUMVARP til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbankans til að gefa út nýjan (4.) flokk (Serie) bankavaxtabréfa (402, 435); 3. u m r.

**Frásögum. (Björn Kristjánsson):** Eg vil að eins geta þessara breyt.till., sem nefndin hefir komið með. Eru það að eins orðabreytingar.

1. breyt.till. er við fyrirsögnina: Veðdeild Landsbankans skal vera heimilt að gefa út nýjan (4.) flokk bankavaxtabréfa. Þetta orð »nýjan« flokk finst nefndinni óþarft. Má telja þetta orðabreytingu.

Við 1. gr. er samhljóða breyt.till., sem líka má telja orðabreytingu.

Í enda 17. gr. fer þar betur á því að sagt sé í stað þess sem í greininni stendur: »Um ógilding glataðra bankavaxtabréfa fer eftir því sem reglugerð deildarinnar ákveður«, að í stað þessa ákvæðis komi: eftir almennum lögum. Sú breyting er gerð eftir bendingu eins lögfræðings í deildinni.

Í 22. gr. frumv. er ekki gert ráð fyrir borgun til endurskoðunarmanna. Finst nefndinni rétt, að sú borgun sé ákveðin, eins og ávalt hefir verið gert í fyrri veðdeildarlögum. Fleiri breyt.till. eru ekki efnisbreytingar, heldur mestmegnis orðabreytingar. Vona eg að háttv. deild samþykki þær og eins frumvarpið með þessum breytingum.

ATKV.GR.:

1. og 2. liður breyt.till. á þgskj. 435 taldi forseti samþ. án atkvgr. og eins fyrirsögnina.

Breyt.till. við 17. gr. (435, 3) var samþ. með 18 shlj. atkv.

Breyt.till. við 22. gr. (435, 4) samþ. með 15 shlj. atkv.

Frumv. með áorðnum breyt. samþ. með 17 shlj. atkv. og verður afgreitt til Ed.

---

FRUMVARP til laga um sérstaka dómþinghá í Öxnadalshreppi (343); 2. u m r.

Enginn tók til máls.

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögina taldi forseti samþykta án atkvgr.

Vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

---

FRUMVARP til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915 (stj.frv., n. 348, 350, 391, 388, 389, 399, 403, 411, 412, 415, 417, 422, 429, 443, 448, 450); 2. u m r.

**Forseti [M. A.]:** Þetta frumvarp verður rætt í 5 köflum. Fyrst 1.—6. gr., tekjukaflinn, svo 7.—12. gr., svo 13. gr., svo 14. og 15. gr., og svo verður í síðasta kafla tekið það, sem þá er eftir. Nú verður því til umræður tekjukaflinn, 1.—6. gr. frumv., með þeim breyt.till., sem fram eru komnar, og að eins eru frá fjárlaganefndinni.

**Framsögum. [Pétur Jónsson]:** Eg ætla að gera hér almenna yfirlýsingu, ekki að eins um þennan kafla, tekjukaflann, heldur um tillögur fjármálanefndarinnar yfir höfuð. Hún er sú, að eg hefi hugsað mér að ræða ekki hvern einstakan lið í nefndarálitinu og breytingartill. fyrir sig, heldur skirskota til nefndarálitsins. Hitt, að vera að tala um hvern lið fyrir sig, álít eg tíverknað og óþarfa eyðslu á þingtímanum. En ef menn óska skýringar á einhverju atriði, er sjálfsagt að gera þar nánari grein. Þetta vildi eg sagt hafa fyrirfram um frammistöðu mína sem framsögumanns fjárlaganefndarinnar.

Við þennan kafla, tekjukaflann, hefi eg ekkert að segja, nema breyt.till. undir tölul. 6, breyt.till. nefndarinnar. Sú tillaga kom inn eftir að nefndarálitið var fullsamið. Þar stendur í síðari málsgrein: Af láni Barðastrandarsýslu frá 22. Júní 1897 úr viðlagasjóði, veitist uppgjöf á 625 kr. Þetta lán er gamalt lán, sem Barðastrandarsýslu var veitt til vegabóta. Af því láni eru nú 1250 kr. eftir. Þess hefir verið farið á leit við fjárlaganefndina, af þingm. Barðstrendinga, að þingið veitti uppgjöf á öllu láninu. Nefndin er nú yfirleitt fremur á móti því, að lán séu uppgefin, en um þetta lán er þó dálítið öðru máli að gegna. Barðastrandarsýsla hefir það

ég til veit aldrei fengið neinn styrk úr landssjóði til sýsluvega, eins og margar aðrar sýslur hafa fengið. Enginn þjóðvegur er í sýslunni nema yfir lítinn hluta austan til og nálega allar vegagerðir verða Barðstrendingar sjálfir að kosta. Nefndin vildi því rétta þeim hjálparhönd í þessu og létta undir með þeim með því að veita þeim uppgjöf á nokkru af láninu.

Mér hefir verið bent á, viðvíkjandi athugasemdinni um árgjaldið af Breiðabólsstaðarprestakalli, að það væri 3 prestaköll, sem kend væru við Breiðabólsstað, og þetta er rétt. Þótt nú ekki sé nema eitt af þessum prestaköllum, sem árgjald er goldið af, þá vil eg samt lýsa yfir því, að hér er átt við Breiðabólsstað í Fljótshlíð.

Um tekjuhækkun nefndarinnar vil eg geta þess, að nefndin er stjórninni sammála í því að orða varlega áætlun. En nefndin heldur því fram, að áætlun hennar sé alls ekki óvarleg.

Skal eg svo ekki orðlengja þetta meir.

ATKV.GR.:

1. grein frumv. sagði forseti að yrði ekki ákveðin fyr en síðar.

1. brtill. við 2. gr. 4. (350, 1) samþ. með 20 shlj. atkv.

2. brtill. við 2. gr. 10. (350, 2) samþ. með 18 shlj atkv.

3. brtill. við 2. gr. 11. (350, 3) samþ. með 18 shlj. atkv.

4. brtill. við 2. gr. 12. (350, 4) samþ. með 18 shlj. atkv.

5. brtill. við 2. gr. 14. (350, 5) samþ. með 15 shlj. atkv.

2. gr. frumv. með áorðnum breytingum var samþykt með 20 samhljóða atkvæðum.

3. gr. (óbreytt) samþ. með 20 samhlj. atkv.

Brtill. 350, 6 a (aths. 1.) samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtill. 350, 6 a (aths. 2.) samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtill. 350, 6 b samþ. með 15 samhlj. atkv.

4 gr. þannig breytt samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtill. 350, 7. samþ. með 18 samhlj. atkv.

5. gr. þannig breytt sþ. með 20 shlj. atkvæðum.

6. gr. (óbr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

1. gr., breytt samkv. atkv.gr. um 1.-6. gr., samþ. með 22 shlj. atkv.

---

II. kafli. (7.—12. gr.).

**Framsögum. (Pétur Jónsson):** Eg vil fyrst gera þá athugasemd, að það er gáleysisvilla hér í nefndarál. við 13. gr. D. III. 2. a. Það hefir orðið skökk tala um laun herra Smiths símastjóra, sem eru tilgreind 2.800 kr., en eru 2.600 kr. Eg get þessa til þess, að háttv. þingmenn fái ekki skakka hugmynd um þetta við atkv.gr. Svo er líka prentvilla á bls. 6, neðarlega, sem ekki er mér að kenna: »umgerð« á skólahúsinu á Akureyri fyrir »umbót«.

Annars skal eg ekki gera margar athugasemdir við greinar, þær sem fyrir liggja. Eg skýrði frá því við framh. 1. umr., hverju brtill. nefndarinnar næmu við hverja grein og í heild sinni. Þær nema til hækkunar 3000 kr. við 11 gr. og 4400 kr. við 12. gr. Sparnaðartill. eru engar, en svo hafa komið fram aðrar tillögur, sem nema til hækkunar 14 þús. kr. á 11. gr. og 2000 kr. á 12. gr. Skal eg svo með fám orðum taka einstakar brtill. til athugunar.

Fyrst er brt. frá sjávarútvegsnefndinni, þar sem farið er fram á það, að fjárveitingin í 11. gr. til eftirlits með fiskveiðum úr landi sé hækkuð upp í 10 þús. kr. á ári.

Í tillögu fjárlaganefndar er farið fram á að hækka þessa fjárveitingu úr 1500 kr. upp i 3000 kr. Þetta hefir háttv. sjávarútvegsnefnd ekki þótt nóg, en fjárlaganefnd hefir ekki borist nein áætlun eða greinagerð fyrir því, hvernig þessu eigi að verja, og getur ekki búist við eða fallist á meiri hækkun en hún sjálf gerir tillögu um. Nú sem stendur munu þurfa til þessa 2 þús. kr., eftir þeim skírteinum, sem nefndin hefir haft, en hún vill sjá um að dálítið meira sé að grípa til, ef nauðsyn beri til viðbótar.

Þá er önnur brtill. við 12. gr. á þskj. 443 frá háttv. 2. þm. G.-K. (Kr. D.), um að Magnúsi lækni Júlíussyni verði veitt úr árlegur styrkur, eins og öðrum sérlæknum, sem stunda hér lækningar, og er enn fremur ætlast til, að hann standi þá fyrir Röntgens-áhöldunum án frekari borgunar. Nefndin hefir nú ákveðið fjárupphæð, 1000 kr. á ári, til manns, til þess að starfrækja þau áhöld við háskólann, og ætlast til að hann þá stundi hér sérlækningar eða sérfræðikenslu við háskólann jafnframt fyrir þá upphæð. Og hún heldur fast við það, að þessi fjárveiting sé alls ekki veitt á nafn, heldur falin læknadeild háskólans til meðferðar. Nefndin getur því ekki fallist á þessa brtill.

Fleiri brtill. eru ekki við þessar greinar, og hefi eg því ekki fleira að segja.

**Kristinn Daníelsson:** Eg stend á þeim tveim brtill., sem háttv. framsögum. gat um. Brtill. á þgskj. 391 kom frá sjávarútvegsnefndinni og hefir hann getið um, hvernig þar er ástatt.

Háttv. fjárlaganefnd hefir nú gengið nokkuð í sömu áttina, þar sem hún hefir þó viljað hækka styrkinn til þessa eftirlits upp í 3000 kr. úr þeim 1500 kr., sem stjórnarfrv. gerir ráð fyrir, hvort árið. Síðan farið var að gera tilraun með þetta eftirlit, hefir það reynst, að hversu ódýrt sem það hefir verið, þá hefir styrkurinn ekki getað nægt. Nú hefir það þó verið reynt með góðum árangri, og þá verða eðlilega fleiri til þess, að vilja verja þannig atvinnu sína, og þótt eg virði vel góðan vilja háttv. fjárlaganefndar, þá dylst mér það ekki, að hækkun hennar á þessum lið er ófullnægjandi. Ekki þyrfti annað en að sama tilraunin væri gerð að eins á 2 stöðum, þá hrykki féð ekki. Það mætti auðvitað hugsa sér einhvern milliveg milli upphæðanna, og eins held eg að réttara væri að setja orðin »alt að« framan við krónutöluna, til þess að ekki yrði notað meira en komist verður af með, en því gleymdi eg.

Eg vænti þess að háttv. fjárlaganefnd sé ekki sérstaklega kunnug þessum efnum, því að þótt hún kunni að vilja hlynna að sjávarútveginum, þá er þó enginn sérstakur talsmaður hans í henni.

Og eg vil minna á það, að menn hafa fundið til þess löngum, hve sá atvinnuvegur hefir verið hafður útundan á móts við það, sem landbúnaðurinn hefir verið styrktur. En ekki skal eg fara út í það frekara nú. Þaðer mál, sem er hv. þingmönnum kunnugt. Það má laga þessa brtill. til 3. umr., t. d. skjóta inn orðunum »alt að«. Það er alt af ilt, ef þörfin er fyrir, að geta ekki stutt það sem á liggur að styðja, án þess að grípa til þess fé utan fjárlaga.

Þá hefi eg tekið upp á þingskj. 443 fjárbeiðni fyrir hönd eins læknis. Það er Magnús Júlíusson, sem sent hefir þinginu beiðni um sams konar styrk og aðrir sérfræðingar njóta. Í þessu felst eiginlega tvent. Fyrst það, að hann fái styrk sem sérfræðingur í húðsjúkdómum, sem að sögn eru hér alltíðir og margs konar, og mjög svo auðsynlegt að stúdentar hér við læknadeild háskólans fái góða tilsögn í öllu, er að þeim

lýtur. Svo er hitt, að hann býðst til að standa fyrir notkun væntanl. Röntgens-áhalda.

Þetta þarf ekki að útiloka það, að fjárhæð, sú sem háttv. fjárlaganefnd hefir ætlað til notkunar áhaldanna, standi. En það má jafnframt spara fé á þenna hátt. Magnús Júlíusson hefir nýlega skrifað mjög fróðlega og rökstudda grein um húðsjúkdóma. Hann hefir verið erlendis í 3 ár til þess að fullkomna sig í fræðigrein sinni og einkis styrks notið til þess af opinberu fé, eins og annars er títt. Eg get fullyrt, að hann er reglusamur og iðjumaður, og hann hefir notið leiðbeiningar og samvinnu beztu og merkustu lækna í Danmörku í sinni grein og hafa meðmæli hans frá þeim legið hér frammi á lestrarsalnum, en eins og vant er, býst eg við að háttv. þm. hafi ekki haft tíma til að kynna sér þau.

Eg skal minna á það, að hann hefir bæði verið á Frederiksbergs Hospital og Frederiksbergs Klinik og undir handleiðslu dr. Ehlers, sömuleiðis á 4. deild í Kommune Hospitalet. og eru vottorð um alt þetta til sýnis, ef óskað er. Hann vill ganga að sömu skilyrðum og aðrir, um að veita ókeypis kenslu og og »klinik«. Að því er snertir Röntegs-áhöldin, er það að segja, að hann hefir einnig stundað þær lækningar og hefir beztu meðmæli frá yfirlæknunum á Finsens-stofnuninni og Röntgens Klinik á Kommune-spítalanum. Og ef Röntgens-áhöld eru fengin, þá er álitið sjálfsagt að taka upp ljóslækningar Finsens um leið, því að við það er lítill viðbótarkostnaður, þar sem aflfærin eru in sömu. Og ef það væri gert, þá ætti þessi maður að standa nærri því, að honum væri trúað fyrir þessu, því að þótt fleiri Íslendingar kunni að beita Röntgens-tækjum, þá er hann sá eini, sem lært hefir lækningaraðferð Finsens. Og þó að um fleiri geti verið að ræða til þess að taka þetta að sér, þá er það ekki þessari tillögu til falls, því að það er ekkert á móti því, að fleiri séu en einn, sem kunna slíkt. Það á ekki að klípa um of við nögl sér fé til þeirra manna, sem geta gert gagn og varið hafa til þess miklu fé og tíma að búa sig undir það. Vér viljum hafa framfarir og fullkomnun í þessu og öðru, eins og aðrar þjóðir, og það fáum vér ekki nema með því að eignast góða sérfræðinga í fleiri og fleiri greinum, og þeim á að fjölga og þarf að fjölga í sambandi við háskólann, og því fé er ekki á glæ kastað, sem til slíks er veitt.

Eg vona, af því að hér er ekki um mikla fjárhæð að ræða, að háttv. deild líti svo á, að rétt sé að sinna þessu og veita viðurkenningu þeim manni, sem svo mikið hefir fyrir þessu haft. Læt eg svo úttalað um þetta.

**Ráðherrann (H. H.):** Eg vildi að eins skjóta fram almennri athugasemd. Eg vona, að háttv. þingm. hafi það hugfast, þegar þeir greiða atkvæði um breytingartillögur, þær sem fram hafa komið, að ekki er hægt að ávísa á viðlagasjóðinn nema 116 þús. kr. bæði í umframgreiðslur og lánveitingar. Meira handbært fé hefir hann ekki á fjárhagstímabilinu 1914—1915. Ef samþyktar verða allar þær breytingartill., sem fram hafa komið við frumv., þá nemur það 577 þús. kr. alls, sem ætla þarf viðlagasjóði að greiða. Eg vona að menn sjái, að slíkt getur ekki blessast. Ef gjöldin verða aukin, þá verður líka að auka tekjurnar með einhverju móti.

Viðvíkjandi þessum kafla, sem nú liggur fyrir, hefi eg lítið að athuga. Við hann eru einar tvær breyt.till. fyrir utan breyt till. nefndarinnar. Á þgskj. 391 er tillaga frá sjávarútvegsnefndinni

um hækkun á styrknum til eftirlits úr landi með fiskiveiðum útlendinga, úr 3 þús. upp í 10 þús. kr. á ári, væntanlega gegn jafnstórri upphæð annarstaðar frá. Ástæðan til þess, að stjórnin setti þessa upphæð ekki hærri en hún gerði, var sú, að henni þótti bresta upplýsingar um, að hvaða gagni þetta eftirlit kæmi. Úr einu héraði hefir verið sótt um styrkinn og hann notaður, en um gagn það sem hann hefir gert, hafa enn engar upplýsingar komið til stjórnarráðsins. Eg get hugsað mér að gagnið sé helzt fólgið í því, að veiðarfæri manna megi verja að einhverju leyti með þessu móti. Að öðru leyti hygg eg, að botnvörpungarnir óttist ekki mikið þennan litla eftirlitsbát, ef strandvarnarskipið er hvergi nærri. Það kann að vera rétt, að hækka styrkinn eitthvað dálítið, en eg hygg, að tæplega sé ástæða til að fara svona hátt — 20 þús. kr. á fjárhagstímabili — meðan ekki er fengin meiri vissa um það, að hvaða gagni styrkurinn, sem veittur var í fyrra, hefir komið. Að öðru leyti ann eg sjávarútveginum alls góðs, og vil ekki spilla fyrir frekari tilraunum í þessu.

Þá er breyt.till. á þgskj. 443 um 1000 kr. styrk á ári til húðsjúkdómalæknis Magnúsar Júlíussonar. Eg hefi ekkert sérstakt að athuga við það, að sérfræðingum í læknisfræði sé veittur slíkur styrkur, ef peningar eru til þess. Og eg efast ekki um, að það sé alt rétt sem háttv. flutningsm. breyt.till. (Kr. D.) sagði, að þetta sé vel mentaður og reglusamur ungur maður. En síðari hluta tillögunnar verð eg að mótmæla, að því sé slegið föstu, að þessi maður skuli veita forstöðu Röntgens-áhöldum háskólans. Þrír menn, sem allir hafa lært sérstaklega til þess, hafa sótt um þennan starfa, og eg verð að telja sjálfsagt, að stjórnarráðið velji á milli þeirra, og ákveði, hvern þeirra skuli taka. Og það gerir stjórnarráðið ekki fyr, en það hefir heyrt tillögur læknadeildar háskólans um það efni, því að viðbúið er að sá maður, sem kosinn verður, hafi mikið saman við hana að sælda. Hann verður líka eflaust hafður til að kenna þar einhverja sérstaka grein. Eg skal geta þess í viðbót, að tveir af umsækjendunum hafa sannað, að þeir eru þegar fullnuma til þess að þjóna Röntgens-áhöldum og þurfa þannig ekki frekari námstíma til þess að geta tekið þetta starf að sér. En einmitt þessi maður hefir sótt um 1000 kr. styrk til þess að læra þetta, því að kennarar hans hafa talið honum nauðsynlegt, að afla sér frekari æfingar í þeirri grein. Þetta kemur ekki við aðalfræðigrein hans, húðsjúkdómunum, Röntgens-áhöldin eru notuð til margs konar fleiri lækninga, t. d. við berklaveiki, beinbrot o. fl. Hvað sem háttv. deild gerir við aðaltill., þá legg eg til að síðari liðurinn verði feldur, enda hefir hv. fjárlaganefnd séð fyrir því, eftir tilmælum stjórnarinnar, að sérstök upphæð er ákveðin í fjárlögunum, handa manni til að stjórna Röntgens-áhöldunum.

**Magnús Kristjánsson:** Eg skal fullkomlega játa, að varlega verður að fara í að auka útgjöldin, ef ekkert er gert til þess, að auka tekjurnar, enda hefi eg ekki ætlað mér að koma fram með breytingartillögur fyrir kjördæmi mitt, sem miða til þess að auka útgjöld landssjóðs. Samt sem áður verð eg að mæla eindregið með tillögunni á þgskj. 350 um styrk til eftirlits úr landi með fiskiveiðum útlendinga. Sjávarútvegsnefndinni hafa borist tilmæli um, að fara fram á slíka fjárveitingu, því að eftir að árangurinn af þeim tilraunum, sem gerðar hafa verið hér sunnanlands, hefir orðið kunnur, hefir vaknað áhugi manna víðsvegar um land á því, að gera eitthvað í þessa átt.

Mín sannfæring er sú, að þetta sé heppilegur vegur til að bæta eitthvað úr þeim vandræðum, sem stafa af ólöglegum fiskiveiðum útlendinga hér við land. Þetta ber heldur ekki að skoða sem beinan styrk til sjávarútvegsins, því að einmitt þetta aukna eftirlit er einkum nauðsynlegt til þess, að einhver viðleitni sjáist í þá átt, að reynt sé eftir megni að koma í veg fyrir, að landsins lög og réttur innlendra manna sé fótum troðinn af þessum útlendu yfirgangsseggjum. Eg er fullviss um, að þó að 3000 til 4000 kr. væri varið í þessu skyni fyrir Norðurlandi úti fyrir Eyjafirði og Siglufirði, þá mundi sú upphæð fást fullkomlega aftur sem sektarfé fyrir ólöglegar veiðar útlendinga, sem ann ars tapast fyrir ónógt eftirlit. Það hagar svo til á þessu svæði, að ef til væri bátur, sem hefði þetta eftirlit, þá væri í mörgum tilfellum hægt að sekta lögbrjótana. Það er annað með útlendu botnvörpungana, því að þó að hægt sé að taka númer þeirra, þá er engin trygging fyrir því, að þeir verði handsamaðir. Síldveiðaskipin eru aftur á móti neydd til að koma inn á hafnir nærri dags daglega, og þegar þau hafa verið staðin að ólöglegum veiðum, er ekkert hægara en koma ábyrgð á hendur þeim sem þar eiga hlut að máli.

Heyrt hefi eg, að þegar sé vaknaður svo mikill áhugi á þessu máli á Norðurlandi, að þar sé í smíðum skip í þessu skyni. Eg tel víst, að einstakir menn muni leggja fram fé til þess, en við því er ekki að búast, að þeir kosti það að öllu leyti, því að kostnaðurinn verður eflaust talsvert mikill. Það verður óhjákvæmilegt að hafa tvo lærða menn, sem eru færir um að gera þær mælingar og þá útreikninga, sem til þess þarf að vita með vissu, hvort skip eru að ólöglegum veiðum eða ekki. Eg býst við, að kostnaðurinn verði ekki minni en 6 þús. kr., ef skipinu er haldið úti í tvo mánuði. Mér hefir dottið í hug, að landið legði fram helminginn af þessum kostnaði, á móti því, að það taki sektarféð eins og það væri. Eg veit ekki eins vel, hvernig til hagar á Austurlandi og Vesturlandi og skal ekki fara út í það, enda eiga aðrir menn sæti hér í deildinni sem því eru kunnugri. Eg þykist þó v.ss um, að þar gæti þetta einnig komið að talsverðum notum, þó að það yrði ekki til þess að auka eins tekjurnar.

Það hagar svo sérstaklega til fyrir Norðurlandi, ef útlendir veiðimenn haga sér þá eins hér eftir og hingað til. Strandvarnarskipið eitt er alveg ónógt til eftirlits á jafn-stóru svæði, frá Langanesi til Hornstranda. Það er til of mikils ætlast, að það geti verið alstaðar á sama tíma. Og þó að Valurinn fái skip til aðstoðar í ár, verður strandvarnarskipið ekki nema eitt fyrir það, ef Valurinn þarf að fara til Grænlands eins og að undanförnu.

Ef 3000 kr. á ári verða veittar á þessu fjárhagstímabili til þess að halda uppi slíku eftirliti norðanlands, er eg í engum vafa um að útvegsmenn á Norðurlandi mundu leggja annað eins á móti. Eg skal svo ekki fjölyrða frekara um málið, en bið einungis átekta, hvernig þessari breytingartillögu verður tekið.

**Kristinn Daníelsson:** Eg get verið þakklátur hæstv. ráðherra fyrir undirtektirnar. Það var fjarri mér, að eg vildi ámæla stjórninni fyrir það, að hún hefir ekki ætlað hærri upphæð en 1500 kr. til eftirlitsins með fiskiveiðum útlendinga. Þegar fjárlagafrv. stjórnarinnar var samið, var ekki einu sinni byrjað á tilraununum, og því engin reynsla fengin fyrir því, hvernig þetta mundi gefast eða hve mikið fé mundi þurfa. Það var ekki fyr en á útmánuðum í vetur að hægt var að koma

þessu á laggirnar. En þar sem hann hélt því fram, að gagnið væri enn óséð og að öllum líkindum ekki eins mikið og af væri látið, þá get eg ekki verið á sama máli. Gagnið er einmitt séð og og fullreynt. Botnvörpungarnir þora ekki inn í landhelgina ef eftirlitsbáturinn er þar fyrir. Eg hefi sjálfur séð þá voka við landhelgislínuna til að bíða eftir, að mótorbátur, sem var þar á ferð, færi í land, en þegar þeir sáu að báturinn lá kyr, þá lögðu þeir frá. Það er einróma álit sjómanna hér suður frá, að afli sá, er fékst í vor og sumar, hafi beinlínis verið að þakka vörn mótorbátsins, annars hefði enginn fiskur veiðst, sérstaklega ekki í vor. Það fer því fjarri, að botnvörnungarnir óttist ekki þessa vörn, þeir flýja blátt áfram undan henni. Viðvíkjandi styrkhækkuninni skal eg geta þess, að Vestmanneyingar hafa í hyggju, að koma sér upp eftirlitsbát, og telja mikla þörf á honum, eins og sjá má í Lögréttu 13. þ. m., þar sem þess er getið, að upp við Eyjarnar liggi oft 40—100 botnvörpungar. — Þess er líka að gæta, að fé, því sem í þetta er lagt, er ekki á glæ kastað. Bátarnir taka númer skipanna, svo að í þau er hægt að ná síðar og sekta þau. Eg held að eg megi fullyrða, að eftirlitið hér suður frá hafi þegar borgað sig. Fyrir það hefir einn lögbrjóturinn komist undir manna hendur og upp úr því mun hafa hafst alt að 2 þús kr., 1000 kr. peningasekt og aflinn gerður upptækur.

Þá skal eg víkja að hinni breytingartillögunni. Hæstv. ráðherra tók vinsamlega í aðaltillöguna, en síðari liðinn skildi hann ekki rétt. Eg ætlaðist als ekki til, að með þessu væri bundinn réttur stjórnarinnar til að veita þennan starfa að verðleikum, og sem hæstv. ráðherra sagði að þrír menn hefðu þegar sótt um. Í þessum síðari lið er umsækjandanum að eins gert að skyldu, að takast þennan starfa á hendur, ef þess er óskað, en stjórninni aftur á móti alls ekki gert að skyldu að veita honum starfann fremur en einhverjum öðrum sem henni sýnist betur til þess hæfur. Það er engu slegið föstu um það. Hann fer að eins fram á þennan styrk til þess að stunda sérfræðisgrein sína og býður auk þesss fram þjónustu sína til hins starfans án frekara endurgjalds, ef á þarf að halda. Eg skal manna síðastur verða til að mæla á móti því, að tveir menn fái slíkan styrk. Hæstv. ráðherra sagði, að tveir af umsækjendunum hefði þegar lagt fram fullkomin skilríki fyrir því, að þeir væru færir um að taka að sér þennan starfa. Það hefir þessi maður líka gert. Það var í fyrra, að hann sótti um styrk til undirbúnings undir hann, en síðan hefir hann lært til fullnustu alt sem að þessu lýtur. Og hann mun eins og eg áður tók fram, vera sá eini maður hérlendur, sem jafnframt hefir búið sig undir að veita forstöðu Finsens ljóslækningastofnun, sem eflaust verður komið á fót í sambandi við Röntgensáhöldin.

Eg skal svo ekki þreyta menn með lengra máli.

**Bjarni Jónsson:** Eg hefi heyrt á kennurum læknadeildar háskólans, að sár þörf væri á að embætti væri bætt þar við. Þeir hafa ekki farið fram á það nú, af því að þeir hafa ekki búizt við áheyrn. Kennarar læknadeildarinnar hafa hver um sig þriggja manna manna verk að vinna, eða álíka starf og 3 eða 4 menn eru um við aðra háskóla. Úr því að svo þröngt er um vinnukraftinn, er það mikilsverð og réttmæt stefna, að festa við háskólann sem flesta duglega sérfræðinga. Eg vil ekki láta kalla þá peninga sem þeir fá styrk, heldur kaup eða þóknun fyrir

það, að þeir vilja láta háskólann njóta kunnáttu sinnar. Það er að sínu leyti eins og alt séu kallaðir bitlingar hér á landi og aldrei tekið tillit til þess, sem landið þiggur í móti. Þess vegna ætla eg að greiða atkvæði með þessu kaupi til Magnúsar Júlíussonar fyrir að kenna við háskólann sérfræði sína. Af sömu ástæðum ætla eg að mæla með öðrum styrkbeiðnum, sem fram hafa komið. Eg veit um eina, sem liggur frammi á lestrarsalnum frá Olafi lækni Gunnarssyni um sams konar fé, til þess að hafa með höndum hér í Reykjavík það sem eg vil kalla beinskekkjufræði á íslenzku, en kallað er »orthopedi« á læknamáli. Guðmundur háskólakennari Magnússon hefir lýst yfir því, að þetta sé mjög þörf lækningategund, enda er auðséð á öllum þeim bægifótum, sem ber fyrir augu manns hér í Reykjavík, að gott hefði verið að einhver maður hefði getað læknað þá, meðan þeir voru svo ungir, að það var hægt. Og þó að þriðji maðurinn, sem er sérfræðingur í barnasjúkdómum, bættist við, þá ætti mönnum ekki að vaxa það í augum. Eg tel það gróða fyrir landið, að sem flestir ungir, atorkusamir og greindir menn, sem hafa sérfræðiskunnáttu, fáist til þess að láta háskólann njóta hennar fyrir jafnhlægilega lítið verð og einar 1000 kr. Það er hlægilega lítið í samanburði við það sem háskólar í öðrum löndum bjóða sérfræðingum, en náttúrlega ekki í samanburði við það sem mönnum er boðið hér, sérstaklega þeim sem lagt hafa stund á það sem lítið gefur í aðra hönd. Þá er náðin sérstaklega skömtuð úr hnefa. Það er miklu fremur, ef menn hafa það með höndum, sem eitthvað er hægt að hafa upp úr, að meira fylgir af náðinni. Það er út af þeirri grundvallarreglu, að »mikið vill meira«, eða að »þangað vill auður sem auður er fyrir«. Eg er á sama mali sem ráðherra um seinni lið tillögunnar á þgskj. 443. Það er gott að vita þetta tilboð, en það er engin þörf á að samþykkja það. Þar að auki stend eg sérstaklega að vígi, en eg mundi ekki vilja gera upp á milli þessara manna; er mér vel við þá alla, og mundi eg telja mig til meiri hlutans, er til atkvæða kæmi. Finst mér sjálfsagt, eins og ráðherra tók fram, að stjórnin veiti fé eftir umsögn háskólaráðsins. Væri ekki um of, þó þessir 3 menn fengju sinar 1000 krónurnar hver. Eg endurtek það, að það er ekki styrkur, heldur að eins lítilfjörlegt endurgjald fyrir starf þeirra. Skal eg svo hverfa frá þessu efni.

Eg ætla með örfáum orðum að minnast á tillögu nefndarinnar um að hækka styrkinn til landhelgisvarnarinnar. Tel eg stefnu nefndarinnar í þessu máli rétta, og væri ef til vill rétt, að hækka styrkinn meira en þessar 1500 kr., sem nefndin hefir lagt til. Eg legg reyndar ekki eins mikið upp úr þessari landhelgisvörn og margir aðrir, því víðast hvar mun fisksins vera mest að leita fyrir utan landhelgislínuna. En á stöðum eins og t. d Faxaflóanum geta þessir útlendu fiskimenn spilt veiðarfærum landsmanna. Fyrir fiskigöngur hafa þessar strandvarnir enga þýðingu. Tel eg vel borga sig að verja 20—30 þús. kr. til að verja landhelgina kringum landið. En hitt tel eg ekki tilvinnandi, að gera okkur minkun vegna landhelgisvarnarinnar, og eg tel það minkun að hafa hér þennan bát, sem mest liggur á höfnum, en einstöku sinnum fer út og tekur einn og einn lögbrjót, en sýnir sig svo í því upp á siðkastið, að fara að verða húsbóndalegur og siða okkur Íslendinga. Þætti mér vel farið, ef hægt

væri að koma strandvörnunum í það horf, að hægt væri að senda fleytu þessa heim, svo hún hætti að vera njósnar- og yfirgangssnekkja í stað þess að verja landsmenn yfirgangi.

Aðalástæða mín til þess að vera með þessu máli er ekki eingöngu sú, að verja landhelgina, heldur og að leysa okkur undan þeirri sneypu, að hafa hér njósnardall við strendurnar. Þá þyrfti ekki að vera að telja hann eftir okkur eins og einhverja velgerð, eða tala um að við getum ekki án Dana verið, eins og maður nokkur, er eg eigi vil nefna, er alt af að klifa á.

**Benedikt Sveinsson:** Það er að eins lítilfjörlegt atriði viðvíkjandi 7. og 8. lið 12. gr., sem eg ætla að minnast á. Það er við sundurliðunina á kostnaðinum við sjúkrahúsin á Kleppi og í Laugarnesi. Það er sitt formið á hvorri skýrslu. Sé eg ekki betur en að rétt sé að hafa formið eins fyrir báða spítalana, því að það er hægara fyrir menn að átta sig á þeim með því fyrirkomulagi. Af því að það er kostnaðarlaust og fyrirhafnarlítið, álít eg formið ætti að vera eins og ætti nefndin að lagfæra þetta. Við annan spítalann eru laun læknisins talin með launum annara starfsmanna, en við hinn eru þau talin út af fyrir sig. Væri betra að hafa þetta alt sundurliðað við báða spítalana, svo að auðvelt sé að bera saman kostnaðinn við þá.

Eg þarf tæplega að mæla með breyt.-tillögunni á þgskj. 371. Það hefir verið gert svo rækilega af háttv. þm. Dal. (B. J.) og háttv. 2. þm. G.-K. (Kr. D.). Að eins vil eg geta þess, að það er óþarfi að vera að tala um, hvað miklar tekjur landssjóður geti haft af þessum strandvörnum, heldur er það gagnið, sem landsmenn hafa af því, að útlendir og innlendir yfirgangsseggir ekki geta verið fyrir innan landhelgislínuna, sem mestu varðar í þessu máli. Menn ættu ekki að vera að skera við neglur sér styrk til sjávarútvegarins. Það játa allir, að landssjóður hefir mjög miklar tekjur af sjávarútveginum, og væri ekki úr vegi að taka tillit til þess.

**Matthías Ólafsson:** Eg get tekið undir með háttv. 2. þm. G.-K. (Kr. D.), að þakka fjárlaganefndinni fyrir að hækka fjárframlagið til eftirlits með fiskiveiðum í landhelgi. Þegar stjórnin samdi fjárlagafrumvarpið, vissi hún ekki hve mikið gagn hafði leitt af þessum landhelgisvörnum; hefði hún vitað það, er eg viss um að hún hefði veitt ríflegri styrk, kannske enn þá ríflegri en fjárlaganefndin hefir lagt til. Nefndin hefir haft fyrir reglu, að vera varfærin í fjárkröfum sínum. Hún þykist líka hafa verið það þrátt fyrir tillöguna á þgskj. 371, þegar tekið er tillit til þess, hve lengi sjávarútvegsmenn hafa þagað. Nú eru menn búnir að fá vissu fyrir, að koma muni fjárbeiðnir úr fleiri áttum til að hafa eftirlit með fiskveiðum í landhelgi. Mér er kunnugt um, að slíkar kröfur munu koma af ýmsum stöðum á Vestfjörðum. Þar hefir víða orðið mikill skaði af atferli útlendra botnvörpunga. Það er t. d. sannreynt, að Arnarfjörður, sem var áður einn af fiskisælustu fjörðum á landinu, hefir verið gereyðilagður af útlendingum, sem hafa sópað burt fiskinum og veiðarfærum manna, svo menn hafa ekki einu sinni þorað að leggja veiðarfæri sín í sjó.

Bátarnir, sem hér er um að ræða, hafa að vísu ekki lögregluvald, en það er staðreynt, að botnvörpungarnir hafa beyg af þeim. Þeir forðast að koma inn fyrir landhelgina, þegar þessir bátar eru á sveimi. Þeir hafa meira að segja stundum þann sið, að breiða yfir nafn sitt og númer til þess að þeir þekkist

ekki. Sýnir það bezt, hvílíkur ótti þeim stafar af bátunum. Mér sýnist ekki rétt að telja tekjurnar, sem af þessum vörnum kynni að leiða, til tekna landssjóðs. En hvort sem það er gert eða ekki, heyra þær undir tekjur landsmanna.

Þessi upphæð er svo lítilfjörleg, þegar tekið er tillit til, hve mikið gagn getur af þeim leitt, að þrátt fyrir bágborinn hag landssjóðs mun eg greiða atkvæði með henni.

**Guðmundur Eggerz:** Mér fyrir mitt leyti er það áhugamál að deildin vilji veita þennan styrk, ekki sízt fyrir það, að mér er vel kunnugt um, hvílíkan skaða útlendir botnvörpungar gera árlega við strendur landsins.

Eg get ekki séð, að það sé rétt, sem háttv. þm. Dal. (B. J.) sagði, að það væri að eins í Faxaflóanum, sem botnvörpungar veiddu í landhelgi. Það hagar mjög víða svo til við strendur landsins, að ekki er hægt að fiska annarstaðar en einmitt í landhelgi. T. d. er mér kunnugt um, að þegar botnvörpungar eru að veiðum fyrir utan Olafsvík, munu þeir nálega alt af vera í landhelgi. Þar eru staðhættir svo, að þeir eiga erfitt með að veiða fyrir utan landhelgislínuna, en skafa botninn í sífellu og það 4—5 stundir á bátamiðunum. Enda er svo komið að til vandræða horfir, ef ekki verður eitthvað úr þessu bætt að því er Ólafsvíkur- og Sandmið snertir. Hefi eg orðið var við, að þegar þeir hafa séð bát koma, sem þeir hafa grunað um að hafa hreppstjóra eða sýslumann innan borðs, hafa þeir strax lagt á flótta.

Hæstv. ráðherra virðist vera í vafa um, að þessar varnir geti komið að nokkru gagni, en eg þykist viss um, eftir þeirri reynslu sem eg hefi fengið, að þær muni koma að allmiklum notum.

**Framsögum. (Pétur Jónsson):** Þessi breytingartillaga um, að auka eftirlit með fiskveiðum í landhelgi, hefir fengið mikil meðmæli. En eg held samt að eg geti ekki fyrir nefndarinnar hönd gefið loforð um að fylgja henni. Eg skal ekkert fortaka um það, hvort nefndin vildi veita eitthvað hærri upphæð. En eg fullyrði, að hún vill ekki falla frá öðrum tillögum sínum til þess að geta hækkað þennan útgjaldalið. Hún hefir haft nógar tilhneigingar til þess að vilja lækka hér og þar meira en hún hefir árætt að gera. En einhverstaðar verður staðar að nema. Það má vel vera að þetta fyrirtæki sé mjög gagnlegt, og er gott ef svo er, en reynslan hefir ekki farið mjög í þá átt fyr en í vetur, í Garðsjó. Þar var auðséð að þessi fjárveiting bar ávexti. Það hefir verið veitt fé til þessa í fjárlögunum síðustu 10 árin, að vísu ekki mikið, en þó nægilegt til að gera tilraunir. Ef það hefði sýnt sig, að þetta væri eins árangursmikið og mikilsvert eins og nú er verið að fullyrða, þá mundu menn hafa lagt fé til á móts við það, sem þingið veitti. Tilfellið er, að féð, sem hefir verið veitt á fjárlögunum, hefir ekki verið notað til fulls fyr en nú síðastliðið ár. Það er ekki gott að hlaupa á sig bara af því menn segja hitt eða þetta. Það á að á sýna sig, að þessar tilraunir geti komið að góðu haldi, og verða menn að sætta sig við minni upphæð þangað til. Sennilegt virðist, að varnir þessar gefist ekki alstaðar eins vel og á Faxaflóa nú í vetur, af því þar er sérstakur veiðiútvegur. Eg skal ekki mótmæla því, sem háttv. þm. Ak. (M. Kr.) sagði um síldarveiðar við Norðurland, en mig furðar á, að þessar landhelgisvarnir skulu ekki hafa verið reyndar þar styrklaust úr því svo mikil hagsvon er að þeim.

Menn eru að tala um að þetta séu fjárútlát, sem borgist landsajóði í auknum botnvörpungasektum etc. En menn verða að athuga, að það er þegar búið að ráðstafa tekjunum af landhelgisvörnunum. $^2/_3$ hlutar þeirra ráðstafað í landhelgissjóð, en $^1/_3$ í fiskveiðasjóð. Ef í botnvörpunga næst til að sekta þá, eru tekjurnar af því hreinn ágóði fyrir þessa 2 sjóði, en það hefir verið vanrækt að láta þessum tekjum fylgja þá kvöð, að sjá um eftirlit með fiskveiðum, það sem hér ræðir um.

Eg læt svo hér við lenda. Það þarf ekki að brígzla mér um, að eg sé á móti nauðsynlegum fjárveitingum til þess að styrkja sjávarútveginn. Öll þau ár sem eg hefi verið á þingi, hefi eg verið eigi síður með stuðningi til sjávarútvegar, en annara atvinnuvega, þegar það hefir verið að sama skapi hyggilega til stofnað. En sá er gallinn, að nálega enginn undirbúningur eða skipulag hefir komist á af hálfu sjávarútvegsmanna, sem stuðningur fjárveitingarvaldsins gæti komist að, fyr en loks nú, að Fiskifélag er stofnað og hefir haldið sitt búnaðarþing. En þá er líka hiklaust veitt til félagsins það sem það fer fram á, eftir till. nefndarinnar, og þessu er eg samþykkur, þó landbóndi sé.

Þá ætla eg að snúa mér að tillögunni um styrk handa Magnúsi Júlíussyni lækni. Það er langt frá því að nefndin hafi nokkuð á móti manninum eða vilji hindra að honum sé veittur styrkur í sama skyni og tillagan gerir ráð fyrir. Nefndin vill einungis þetta, að þessi fjárveitingin, sem hún leggur til, að veitt sé til háskólans vegna starfrækslu Röntgens-áhaldanna, sé *ein* látin duga. Enn fremur vill nefndin ekki veita fjárhæðina upp á nafn. Hér er um fleiri góða og efnilega menn að velja og vill hún að stjórnarráðið úrskurði með ráði læknadeildar háskólans, hver af þessum mönnum hljóti styrkinn. Hefi eg svo ekki meira að segja að þessu sinni.

**Bjarni Jónsson:** Eg hefi eins og ætíð heyrt heilmikið af barlómi, að ekki megi fara fram á fjárveitingar nema svo örlítið, viðlagasjóður sé ekki nema 116,000 kr. o. s. frv.

Eg vil spyrja fjármálaspekinginn, hvernig á því stendur, að áætlunin er alt af vitlaus. Til hvers er að vera að fara í skollaleik við sjálfan sig, telja þingheimi trú um að tekjuhallinn sé svo og svo mikill, þegar reynslan sýnir að hann er enginn, þrátt fyrir það að hann hefir verið áætlaðar hálf milíón. Menn eru alt af að tala um að spara; mér finst að menn ættu heldur að spara með því að tala dálítið minna um það í þingsalnum. *(Pétur Jónsson:* Þingmaðurinn getur byrjað). Nei, það væri nær að sá ódauðlegi, sem alt af er að berja lóminn, byrjaði. Hann sagði um landhelgisvörnina, að ekki væri sannað, að hún gengi eins vel annarstaðar og í Faxaflóa. En þó ekki sé fengin vissa um óreyndan hlut, ætti það ekki að verða veitingunni að falli.

Þá vill hv. framsögum. fjárlaganefndarinnar (P. J.) ekki veita neinum einum manni styrk til að stýra Röntgens-áhöldunum og eigi þessi maður líka að kenna sérfræðigrein sína við háskólann. En það þarf alls ekki að kenna læknaefnum að fara með Röntgens-áhöld, því það á áreiðanlega langt í land að læknar hér fari alment að nota þau. Það er því alveg laust við þetta mál. Húðsjúkdómar og beinskemdir standa í mjög nánu sambandi við notkun Röntgens áhaldanna.

Eg vildi gjarnan heyra ástæður fjárlaganefndarinnar til þess að neita um fjárveitinguna, þegar henni bjóðast jafnódýrir kenslukraftar — einar 1000 krónur — en veita samt jafn-mikinn styrk til kenslu í tannsjúkdómum. Bein-

skekkjur og barnasjúkdómar eru þó ólíku hættulegri en tannpína.

**Valtýr Guðmundsson:** Eg skal alls ekki lá háttv. fjárlaganefnd og hæstv. ráðherra, þótt þau séu hikandi við að hækka ina ýmsu útgjaldaliði. En það er einn liður á þgskj. 391, sem hljóðar um hækkun á styrk til eftirlits úr landi með fiskveiðum í landhelgi, sem mér sýnist mikil nauðsyn á að hækka; stjórnin lagði til að veita 1500 kr., fjárlagsnefndin hækkaði það um helming og fiskiútvegsnefndin fer nú fram á að veittar séu 10,000 kr. í þessu augnamiði. Eg held að full ástæða sé til að veita alt það fé, vegna þess að mér virðist sönnun þegar fengin fyrir því, að fjárveiting þessi komi að miklum notum. Sönnunin er sú, að héraðsbúar, þar sem þetta eftirlit er notað, leggja á sig þunga skatta til þess að styðja þetta eftirlit, og mér virðist ekki líklegt að þeir mundu gera það, væri ekki reynsla fengin fyrir því, að það kæmi að talsverðum notum.

Hvað gagnið, sem þetta eftirlit getur gert, snertir, þá er það ekki einungis fólgið í því, að fá botnvörpungana sektaða, svo að tekjur renni í landssjóðinn. Það er miklu fremur það, að hindra botnvörpungana frá að veiða í landhelgi, að skemma og eyðileggja veiðarfæri manna. Stundum moka þessir botnvörpungar upp fiskinum, svo að landsmenn grípa í tómt þegar þeir koma út á miðin. Eg gæti nú hugsað, að afli landsmanna mundi hækka, ef hægt væri að hindra þessar botnvörpungaveiðar í landhelgi, svo að landssjóður mundi fá meiri tekjur í útflutningsgjaldi en áður. Væri gróðinn af þessu eftirliti þá óbeinn, þótt ekki fengist beinn gróði af sektunum.

Upphæðin, sem farið er fram á að veitt verði, 10,000 kr., verður heldur ekki notuð nema að jafnmikið tillag komi frá landsmönnum sjálfum, svo að mér sýnist ekki vera hundrað í hættunni, þótt fé sé veitt, því að komi beiðni um styrk frá einhverju héraði, þá er um leið fengin sönnun fyrir, að nauðsyn sé á slíku eftirliti, fyrst þeir vilja sjálfir leggja á sig sérstakan skatt fyrir það.

Það er rétt, að tekjuáætlun þarf að vera varleg, og líka að brýn þörf er á að fara varlega í fjárveitingum, en það á því að eins að gera, að eitthvert vit sé í því. Það dugar ekki að kasta fé út fyrir óþarfa, en láta nauðsynjarnar bíða.

**Lárus H. Bjarnason:** Hæstv. ráðherra sagði hækkun á gjöldum og launum 577,000 kr., ef allar breytingartillögurnar yrðu samþyktar. Eg get ekki sagt, hve mikla hækkun það hefði í för með sér, ef allar breyt till., sem hafa komið fram hér í deildinni, yrðu samþyktar, enda er þarfleysa að að gera ráð fyrir slíku, en fjárlaganefndin fer ekki fram á nema 193 þús. króna hækkun á útgjöldunum.

Út af breyt.till. á þgskj. 391 skal eg segja nokkur orð. Nefndin hefir ekki getað fallist á að styrkurinn til eftirlits úr landi með fiskveiðum í landhelgi yrði hækkaður upp í 10 þús. kr., en hún hækkaði um helming þann styrk, sem stjórnin lagði til að veittur yrði. Fyrir fjárl.nefndinni lá engin yfirlýsing frá útvegsnefndinni um það, með hvern, lægstan styrk nefndin gerði sig ánægða, og engin skýrsla um fengna reynslu af eftirlitinu. Mér finst að breyt.till. útvegsnefndarinnar því fara helzt til langt að svo stöddu, en hún væri töluvert aðgengilegri, ef bætt væri framan við fjárhæðina orðunum »alt að«, því að þá gæti stjórnin meiru um ráðið. Eg veit ekki, hvort háttv. útvegsnefnd vill taka

tillöguna aftur nú og bera hana svo lagaða fram við 3. umr., skýt því til hennar, hvort hún vill ekki fremur gera það en láta »slag« standa um hana nú.

Mér fanst skýrsla háttv. framsögum. (P. J.) um skoðun nefndarinnar á br.till. á þgskj. 443 ekki alls kostar fullkomin, hafi eg þá skilið nefndina rétt. Mér skildist nefndin byggja afstöðu sína til br.till. aðallega á því, að læknadeildin hefði ekki farið fram á fjölgun aukakennara og sízt aukakennara í tiltekinni grein.

Læknadeildin hefir farið fram á, að einum föstum prófessor yrði bætt við, en stjórnin varð ekki við þeim tilmælum, og fjárlaganefndin sá sér heldur ekki fært að gera tillögu um það að svo stöddu. Að vísu mun það satt, sem háttv. þm. Dal. (B. J.) sagði, að læknadeildina vantaði tilfinnanlega kenslukrafta að því er snertir föstu kennarana, enda hafa þeir fleiri kenslugreinir og stundir en embættisbræður þeirra í öðrum löndum, og hér er deildin líka betur sett en aðrar deildir að því leyti, að hún hefir marga aukakennara, ef eg man rétt þá eru þeir 7.

Viðvíkjandi því skilorði á þgskj. 443, að sérfræðingurinn kunni ljóslækningar, má geta þess, að læknadeildinni þótti ekki þörf á neinni kenslu í þeirri grein, vegna þess að hún mundi ekki koma að notum, þar sem læknar út um land gætu ekki útvegað sér nauðsynleg verkfæri til hennar. Það væri heldur ekki hægt að ætlast til að einar 1000 kr. nægðu til þess að starfrækja Röntgen og halda uppi sérkenslu í húðsjúkdómum og ljóslækningum, enda mundi þá vafalaust þurfa að leggja fram töluvert fé til áhaldakaupa o. s. frv.

Loks finst mér réttast að láta læknadeild háskólans ráða sem mestu um það, hvaða sérfræðigreinar séu kendar við háskólann og þá hvaða mönnum sé falin sú kensla, enda svo áskilið í lögum og reglum háskólans, og alt af viðsjárvert auk þess að nafnfesta fjárveitingar að þarflausu. Af þessum ástæðum sá fjárlaganefndin sér ekki fært að vera með þessari styrkveitingu.

**Matthías Ólafsson:** Það var um breyt.till. á þgskj. 391 sem eg vildi segja nokkur orð. Háttv. framsögum. fjárlaganefndarinnar sagði, að sektir fyrir ólöglega veiði í landhelgi kæmu ekki landssjóði að gagni. Þetta er alveg rétt. Landssjóður á ekki að ætlast til þess að fá endurgoldið beinlínis alt sem hann lætur úti. Hann á ekki að ætlast til að fá dal í hvert skifti sem hann lætur eyrir úti. Því sem landssjóður lætur úti, á að verja til þess að hagur þjóðarinnar batni.

Landhelgissjóðurinn á að standa óhaggaður þangað til hann er orðinn nógu mikill til þess að kaupa fyrir hann varðskip.

Háttv. framsögum. (P. J.) sagði, að þau héruð, sem gagn hefði af þessu bátaeftirliti, mundu kosta það sjálf. Þetta er mjög erfitt. Héröðin eru oft fátæk og þeim mikil vorkunn þótt þau biðji um styrk.

Eg heyrði að háttv. þm. Sfjk. (V. G.) sagði, að ekki væri víst að öll upphæðin yrði notuð, þótt hún yrði veitt. Eg vildi óska að hún yrði samþykt öll, 10,000 kr., og líka að hún yrði notuð öll.

**Valtýr Guðmundsson:** Eg skal ekki halda langa ræðu, eg vildi að eins geta þess út af því sem háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) sagði, um að breyt.till. sjávarútvegsnefndarinnar væri aðgengilegri ef í henni stæði: »alt að 10.000 kr.«, að mér er óskiljanlegt, á hvern hátt það bætti tillöguna. Féð yrði ekki notað nema jafn mikið kæmi frá öðrum stöðum, það er tekið fram í fjárlaga-

frumvarpi stjórnarinnar. Og svo þó að stæði »alt að«, þá mundi stjórnin nota féð ef nauðsyn væri á, en nauðsynin væri strax og styrks væri leitað, eins og eg hefi áður sýnt fram á. Munurinn er því enginn. Annars er nefndinni ekkert áhugamál að hafa styrkinn endilega 10.000 kr. Hún gæti vel fært hann niður í 8000 kr., þó að eg líti nú svo á, að þessi styrkur, sem farið er fram á, sé ekki of hár. Einkanlega af því að hér er verið að styrkja stærsta atvinnuveg landsins og þann sem mjólkar landssjóði bezt.

**Ólafur Briem:** Eg verð segja það, að eg hefi jafnan haft tilhneigingu til að fylgja tillögum fjárlaganefndarinnar, með því að hún hlýtur að hafa svo miklu gleggra yfirlit en aðrir, ekki eingöngu yfir það, hvort eitt fyrirtæki sé æskilegt, heldur líka yfir það, hvort hægt sé að koma því fram, og hvaða fyrirtæki eigi að ganga fyrir. En nú er eitt atriði í tillögum fjárlaganefndarinnar, sem eg ekki get felt mig við. Hún sýnist gera það að reglu að hækka laun embættismanna, sem um slíkar launabætur sækja, á þann hátt, að láta þá fá persónulega launahækkun.

Í fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar er ekki minst á neina launahækkun til Laugarnesspítalalæknisins, en fjárlaganefndin fer fram á að veita honum persónulega launaviðbót 300 kr. á ári. Það ætti þó ekki að vera meðmæli með þeirri launahækkun, að umsóknin um hana kemur beint til þingsins, en ekki ina eðlilegu leið í gegnum hendur stjónarinnar.

Um þennan mann segir nefndin að hann sé alls góðs maklegur. Eg skal ekki hafa neitt á móti því, og tel víst áð svo sé. En svo er guði fyrir þakkandi, að sama er hægt að segja um allan þorra embættismanna hér á landi, þótt ýmslegt megi finna að gerðum sumra þeirra.

Þá er að líta á þörfina á þessari launahækkun. Mér finst að þörfin sé hér minni en víðast annarsstaðar. Þessi maður er vel settur til þess að geta haft aukatekjur af sínu starfi. Hann á heima hér í bænum og getur stundað og stundar lækningar hér.

Það er ekki skemtilegt verk að tala um þessi persónulegu launamál, en eg gat ekki stilt mig um að taka þetta fram, og vænti þess að háttvirtir þingmenn hugsi sig vel um, áður en þeir samþykkja áminsta tillögu fjárlaganefndar, þar sem hún hefir í för með sér árlegan útgjaldaauka fyrir landssjóðinn um ófyrirsjáanlegan tíma, án þess að neina nauðsyn beri til.

**Ráðherrann (H. H.):** Eg var ekki inni þegar háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B) var að tala, en eg hefi heyrt að hann hafi vefengt tölur þær sem eg gat um, viðvíkjandi útgjaldahækkuninni.

Eg fór rétt með tölurnar áðan eftir þeim tillögum, sem þá lágu fyrir, og hygg þær hafi ekkert breyzt síðan. Ef háttv. þm. vildi telja saman á þeim breyt.till., sem komnar eru fram, hve miklu hækkunin nemur, þá mundi hann fá sama út sem eg hefi fengið.

**Framsögum. (Pétur Jónsson):** Eg þarf í rauninni ekki að svara fleiru en þegar er gert þeim háttv. þm., sem talað hafa fyrir þeim 2 breyt.till., sem fram eru komnar frá einstökum þingmönnum, enda munu menn ráðnir í því, hvernig þeir greiða atkv.

Virtust þeir vera í mótsögn hvor við annan, háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ól.) og háttv. þm. Sfjk. (V. G.). Háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ól.) sagði, að ekki væri von að menn vildu leggja á sig aukin útgjöld til þess að prófa varnir úr landi. En háttv. þm. Sfjk. (V. G.) sagði, að

það, sem landssjóður legði fram í þessu skyni, endurgyldist við vaxandi afla. Eg held nú, að þar sem tekjur landssjóðs eru að eins 10 aurar af hverjum 100 pundum af saltfiski, að þá þurfi aflinn að vaxa við þessar varnir býsna mikið til þess að það fé borgist landssjóði aftur, sem hann leggur í þetta. Og *ef* aflinn vex svo mikið, þá standa þau svæði, sem varnanna njóta, enn betur við kostnaðinn, þótt þau hefði hann allan meira að segja. En hvorugur mun hafa alveg rétt fyrir sér, og nefndin lítur svo á, að þetta mál sé ekki nægilega undirbúið.

Háttv. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.) fann að því, að nefndin leggur til að hækka laun holdsveikra-læknisins. Nefndinni er það ekkert kappsmál, en heldur þó fast við tillöguna, af því að hún álítur hækkunina sanngjarna. Mér skildist á sama háttv. þm. að honum þætti óheppileg sú stefna fjárlaganefndarinnar að hækka á fjárlögunum laun embættismanna. Eg get ekki fallist á að sú stefna sé óheppileg, ef hægt er að sanna, að hún sé sanngjörn. Hér er að ræða um mann, sem lengi hefir haft þetta starf á höndum. Þessi maður hefir í rauninni lægri laun en honum voru ætluð í fyrstu. Honum var ætlaður ókeypis bústaður í spítalanum, en af atvikum gat hann ekki búið þar, enda er íbúðin alveg ófullnægjandi fyrir spítalalækni, það verð eg að votta. Því hefir læknirinn orðið að setjast að hér, enda hefir hann og kenslu á hendi við háskólann. Enginn vafi er á, að hann hefir borið verra úr býtum við það að binda sig við holdsveikraspítalann, heldur en ef hann hefði haldið áfram sinni fyrri braut. Hann mundi vafalaust hafa náð miklu áliti við lækningar almennt og mundi vera kominn í betri stöðu en hann nú hefir. Þessar ástæður þykja nefndinni mæla með launahækkuninni.

**Lárus H. Bjarnason:** Örfáar athugasemdir út af ræðu hæstv. ráðherra. Hækkun sú, sem fjárlaganefndin leggur til að gera brúttó, nemur samtals 226630 kr., og lánsheimildirnar 54 þús. kr. Nú þótt nokkuð meira verði samþykt en brtill. nefndarinnar, þá getur sú upphæð ekki numið svo miklu sem hæstv. ráðherra sagði. Fjárlaganefndin fór svona að í útreikningnum: Öll hækkun útgjalda, sem nefndin leggur til að gera, nemur sem sagt 226630 kr. Þar við bætast 116 þús. kr., sem feldar eru niður tekjumeginn, afborganir í viðlagasjóð. Summa: 342630 kr. Þar frá dregst aftur tekjuhækkun nefndarinnar, 128000 kr. Eru þá eftir 268,630 kr., en þar frá dregst tekjuafgangurinn að upphæð 75.586 kr. Og verður þá tekjuhallinn samkvæmt reikningi nefndarinnar 193-044 kr.

Háttv. þm. Seyðf. (V. G.) þótti litlu máli skifta, hvort orðunum »alt að« væri bætt inn í á undan fjárveitingunni í 11. gr. B. 4. Eg er honum ósamþykkur um það. Þau orð tákna, að upphæðin, sem sett er, sé hámark, tákna hingað og ekki lengra.

Viðvíkjandi ummælum háttv. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.) skal eg leyfa mér að benda á það, að það hefir komið fyrir, að persónulegar launabætur hafa verið veittar í fjárlögum. Svo hefir t. d. verið um póstmeistara, sem í raun réttri hefir að eins 1700 kr. í lögmælt laun, ef eg man rétt, en hefir smám saman fengið persónulegar launabætur, svo að nú hefir hann 4000 kr. Fjárlaganefndin hefir ekki tekið launahækkunar stefnuna á kennurum upp hjá sjálfri sér; hún hefir tekið í þann enda, sem launanefndin rétti að henni, farið að hennar ráði um að hækka lítið eitt á launalægstu mönnunum, en gert það með mestu varúð.

**Ráðherrann (H. H.):** Viðvíkjandi

samanburði hv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) skal eg geta þess, að eg var alls ekki að saka háttv. fjárlaganefnd um neitt. Eg gat þess eingöngu, að eg hefði reiknað saman brtill., bæði tillögur nefndarinnar og tillögur einstakra þingmanna, og nefndi, hver tekjuhallinn yrði, ef þær yrðu allar samþyktar.

ATKV.GR.:

8. brtill. (350) við 8. gr. I. sþ. með 22 shlj. atkv.

9. brtill. (350) við 8, gr. II. talin sþ. án atkv.gr.

8. gr. þannig breytt samþykt í einu hljóði.

Brtill. 10 a (350) við 9. gr. 5 sþ. með 19 shlj. atkv.

Brtill. 10 b (350) við 9. gr. 6 talin sþ. án atkv.gr.

9. gr. þannig breytt sþ. með 24 samhlj. atkv.

10. gr. (óbreytt) sþ. í einu hlj.

Brtill. 11. (350) við 11. gr. B. 4. sþ. með 23 shlj. atkv.

Brtill. á þgskj. 391 við 11. gr. B. 6. sþ. með 13:7 atkv.

Brtill. 12 (350) við 11. gr. B. 6. þar með fallin.

11. grein þannig breytt samþykt með 22 shlj. atkv.

Brtill. á þgskj. 443, fyrri liður, við 12. gr. 6. feld með 12:6 atkv.

Brtill. á þgskj. 443, síðari liður, þar með fallin.

Brtill. 13 (350) við 12. gr. 7. 1. sþ. með 14:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli eftir ósk nefndarinnar, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Benedikt Sveinsson |
| Jón Jónsson | Einar Jónsson |
| Bjarni Jónsson | Guðmundur Eggerz |
| Björn Kristjánsson | Jón Ólafsson |
| Jóh. Jóhannesson | Ólafur Briem |
| Jón Magnússon | Sig. Sigurðsson |
| Kristinn Daníelsson | Stefán Stefánsson |
| Kristján Jónsson | Tryggvi Bjarnason |

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Lárus H. Bjarnason | Þorleifur Jónsson |
| Magnús Kristjánss. | |
| Matthías Ólafsson | |
| Pétur Jónsson | |
| Skúli Thoroddsen | |
| Valtýr Guðmundss. | |

Atkvæði greiddi ekki og var talinn til meiri hlutans Halldór Steinsson Fjarstaddur Hannes Hafstein

Brtill. 14 (350) við 12. gr. 9. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtill. 15 (350) við 12. gr. 10. g. sþ. með 21 shlj. atkv.

12. gr. þannig breytt samþykt með 21 shlj. atkv.

---

Fundur hafði nú staðið til nóns, og frestaði forseti því umr. til kl 5 síðd.

---

Kl. 5 var aftur haldið fram fundi og tekið fyrir:

Fjárlög 1914—15, III. kafli, 13. gr.

**Framsögum. (Pétur Jónsson):** Eg hefi ekki haft tíma til að gera yfirlit yfir, hve miklu allar framkomnar brtill. nema. Það sem samþykt hefir verið til viðbótar við 11. og 12. grein nemur alls 21400 kr., þar af 7400 kr. frá fjárlaganefnd, en 14 þús. kr. frá einstökum þingmönnum.

Við 13 gr. A. er að eins brtill. frá nefndinni. Hefir nefndin komið með viðaukatillögu um að hækka pósthúsfjárveitinguna úr 30 þús. kr., sem nefndin hafði lagt til að veita, upp í 35 þús. kr. Nefndin hafði búist við, að 35.000 kr. til sama yrði tekið upp í Ed. á fjáraukalögin, en það eru að eins 30.000.

Við 13. gr. B. nema brtill. nefndarinnar 87600 kr., en einstakra þingmanna 63200 kr. Við 13. grein C. er að eins ein brtill., sem fer fram á 12 þús. kr.

hækkun og er hún frá utannefndarmanni. Við 13. grein D. er tillaga frá þingmanni um 14 þús. króna hækkun. Alls nemur hækkunin á þessari grein og 11. og 12. gr. 130 þús. kr. eftir br.-till. nefndarinnar og 105 þúsund krónur frá eirstökum þingmönnum, þegar frá er talið það sem felt var í dag.

Aftur á móti nema sparnaðartillögur nefndarinear á liðunum D. og E. í 13. gr. ekki nema 3900 kr. og frá einum þingmanni 800 kr. Það getur hugsast að þeir menn, sem flytja þessar viðbótartillögur, ætli sér að greiða atkvæði á móti einhverjum af tillögum nefndarinnar og stjórnarinnar og koma þannig jafnvægi á — en hinu býst eg þó fremur við, að meiningin sé og niðurstaðan verði, að útgjöldin hækki um þessar upphæðir, ef þær verða samþyktar.

Verði áframhaldið á meðferð fjárlaganna eftir þessu, þá virðist mér horfa mjög illa um fjárhaginn. Eg verð því alvarlega að benda mönnum á, að gæta allrar varúðar við þessar gr., þegar til atkvæðanna kemur, og fremur að rifa seglin heldur en hitt.

Um pósthústillagið þarf eg ekki að tala meira.

Þá kem eg að vegamálunum í heild sinni. Það hefir vakað fyrir nefndinni að gera það sem hægt væri til aukinna vegagerða. Í rauninni hefir hún ekki gert annað viðvíkjandi flutningabrautum, en fylgja tillögum verkfræðings og gengið lengra í því enfni en stjórnin, sem ekki sá sér fært að taka alla þá vegi, sem verkfræðingurinn benti á, upp í frumvarp sitt. En nefndin hefir farið feti framar og bætt við 26000 krónum á fjárhagstímabili til þjóðveganna. Sumar af þessum tillögum eru þær sömu og verkfræðingsins. En þegar stjórnin spurði hann, hvaða vegabótum hann héldi að helzt mætti sleppa, þá voru sumt af þeim einmitt þeir vegir, sem nefndin hefir tekið upp í tillögum sínum. Nefndin hefir í þessu efni teygt sig eins langt og hún hefir frekast séð sér fært, og verður því að sjálfsögðu að leggja á móti þeim brtill., sem komið hafa frá einstökum þingm. um hækkun fjárveitinga til vega.

Eg skal geta þess, að þetta stafar ekki af því, að nefndin viðurkenni það ekki fúslega, að mikil nauðsyn mæli með flestum þessum brtill., en það er komið svo nálægt því takmarki, sem lengst má fara með hennar eigin tillögum, að litlu verður við aukið.

Þá verð eg að geta þess, að nefndin hefir ekki séð sér fært að sinni að gera nokkrar tillögur um fjárveitingar til strandferða og fjarðabáta, vegna þess að hún hefir orðið að bíða eftir tillögum samgöngumálanefndarinnar. Og þótt henni sé loks nú kunnugt álit þeirrar nefndar, hefir hún ekki tekið afstöðu til þeirra. En við búumst við að taka til óspiltra málanna að þessari umræðu lokinni og búa málið rækilega undir fyrir 3. umr. Þess vegna væri æskilegt, að þeir háttv., sem tillögu eiga viðvíkjandi þessu, haldi þeim ekki fram að sinni. Á eg þar t. d. við till. frá háttv. þm. Dal. (B. J.), sem eg vildi mælast til að hann tæki aftur nú. Það getur ekki spilt fyrir henni á neinn hátt.

Þá kem eg að inum öðrum br.till. og skal leyfa mér að taka þær í köflum.

Það eru þá fyrst inar smærri, sem í raun og veru eru ekki annað en orðabreytingar. Svo er um till. á þgskj. 446, sem fer fram á það, að athugasemdin við liðinn B I 16 og liðurinn D VI. orðist dálítið öðruvísi. Nefndin getur fallist á þessa breyt.till. og álítur að hún sé til bóta. Breyt.till. á þgskj. 429 er sömuleiðis orðabreyting til þess að gera skýrari ákvörðunina viðvíkjandi starfssviði verkfræðingsins, sem vitamál hefir á hendi. Þar sem stendur:

»aðstoði landsstjórn og héraðsstjórnir«, verði bætt inn í: »og bæjarstjórnir«. Nefndin hefir fallist á þessa breyt.till. Raunar ætlaðist hún til að þetta lægi í sinni tillögu, en það spillir ekki til að hafa það sem nákvæmast.

Þá er að minnast breyt.till. um þjóðvegi annars vegar og svo sýslu- og hreppavegi hins vegar. Þær sem snerta þjóðvegina, nema als 36,900 kr., en hinar, sem snerta sýslu- og hreppavegi 26,300 kr.

Frá háttv. 1. þm. Rang. (E. J.) hefir komið fram breyt.till., sem fer fram á 18,000 kr. tillag til brúar á Eystri-Rangá. Nefndin hafði áður haft þetta mál til meðferðar, en var dræm á að taka það upp. En hins vegar hefir henni virzt svo brýn þörf á þessari brúargerð. Á þessi hefir verið fær vögnum áður, en hefir nú gert þær skemdir á vaðinu, að vögnum er ekki fært og ekki útlit á að það lagist eða verði lagað. Nú liggur flutningabraut að vestanmegin og sjálfgerð á löngum kafla þegar austur yfir ána kemur. Þetta er því svo óþægilegur þröskuldur, að bráð nauðsyn er á, að úr því verði bætt. Verkfræðingur hefir og látið það í ljós, að úr þessu verði ekki bætt á annan hátt en þann, að gera brú. Þess vegna vill nefndin ekki leggja á móti þessari tillögu, jafnvel þótt hún fari fram á nokkuð mikla hækkun á þjóðvegafénu. Það er heldur ekki að vita, að brúin verði svona dýr, því ekki liggur fyrir nema ófullkomin áætlun — mjög gömul. En verkfræðingur hefir látið það í ljós, að upp úr 18,000 kr. muni kostnaðurinn aldrei fara, heldur líklega verða minni. Það er því von um, að brúargerðin geti orðið nokkru ódýrari en ráð er fyrir gert.

Þá liggja fyrir 3 aðrar breyt.till, sem fara fram á talsverða hækkun, á þgskj. 388, 3900 kr. til brúargerðar á Bleikdalsá, á þgskj. 399 5000 kr. tillag til þjóðvegarins í Austur-Skaftafellssýslu, og á þgskj. 448 10,000 kr. til brúargerðar á Fáskrúð í Dalasýslu. Nefndin hefði viljað geta verið með öllum þessum breyt.till., en hún hefir ekki séð sér fært að fara lengra en þegar er komið.

Viðvíkjandi sýsluvegunum er það að segja, að nefndin hefir forðast að taka nokkurn þeirra upp, þó að beiðnum um það hafi rignt niður. og nefndin viðurkenni, að góðar ástæður hafi verið færðar fyrir þeim ýmsum. Nefndin hefir ekki séð sér fært að koma fram með tillögur um slíkar fjárveitingar, því á meðan neita verður um nauðsynlegar umbætur á landssjóðsvegunum, getur landssjóður ekki staðið við að kosta fé í sýsluvegi. Upphæðin til vega alls er líka eftir tillögu nefndarinnar hærri en nokkru sinni hefir staðið á fjárlögunum áður. Þó hefir nefndin getað fallist á breyt.till. á þgskj. 403, sem fer fram á lítinn styrk til þess að gera akfæran veg frá Kláffossbrú upp í Reykholtsdal gegn tvöföldu tillagi annarstaðar frá. Þetta verður áframhald af brautinni frá Borgarnesi, og þar sem upphæðin er ekki nema lítil og tillagið annarstaðar frá svona mikið, hefir nefndin getað fallist á tillöguna. Aftur á móti hefir nefndin ekki séð sér fært að styrkja aðra vegagerð í sama kjördæmi, sem líka hefir verið farið fram á, jafnvel þótt hún viðurkenni, að þörfin sé mikil. Það er frá Skipaskaga upp í Melasveit.

Þá er till. frá háttv. 2. þm. Húnv. (Tr. B.), sem fer fram á 2000 kr. til Hvammstangavegarins. Þetta er vegur, sem hefir verið styrktur áður af landssjóði og var lagt út í að leggja hann með því fé. En það stendur svo á, að hann getur ekki komið að gagni ennþá, vegna þess að það vantar beggja megin við endann á honum. Nefndin

gat ekki í heild sinni verið þessu máli meðmælt, og eru því atkvæði háttv. nefndarmanna óbundin í því efni. En eg hefi nú fengið þær upplýsingar, að þetta sé ekki annað en endurveiting á fé, sem í raun og veru standi á fjárlögum. Þrátt fyrir það hefi eg ekki »fullmakt« til að svara fyrir meðnefndarmenn mína, en eg mun af þessari ástæðu greiða tillögunni atkvæði, eins og eg gerði á seinasta þingi. Með þessu móti verður líka hægt að tengja þennan veg við þjóðveginn yfir Miðfjarðarháls.

Aðrar breyt.til. um tilög til sýsluvega þarf eg ekki að tala um. Nefndin hefir ekki getað fallist á þær, af sömu ástæðum og eg hefi þegar fært. Hún hefir ekki tekið upp annað en það sem hún eftir atvikum áleit rétt að sæti fyrir. Hitt verður að bíða betri tíma, þótt margt mæli með því.

Að svo mæltu hefi eg ekki meira að segja, en leyfi mér að öðru leyti að skírskota til nefndarálitsins.

**Benedikt Sveinsson:** Eg hygg ekki, að mér verði borið það á brýn, að eg sé heimtufrekur eða vilji umturna öllum fjárlögunum, þótt breyt.till., þær sem eg hefi leyft mér að bera fram, nái fram að ganga. Eg er ekkert hissa á því, þótt háttv. framsögum. (P. J.) hafi lýst yfir því, að nefndin hafi ekki getað fallist á þessar tillögur, þar sem hún er öllum ástæðum ókunnug. En eg hygg að vera megi, að hún taki þær til greina, þegar eg hefi sýnt fram á, hvernig á stendur. Og vona eg, þar sem ekki er nema um lítilfjörlegar upphæðir að ræða, að nefndin sýni sanngirni í þessu máli sem öðrum.

Fyrri breyt.till. er á þgskj. 422 og fer fram á styrk til þess að ryðja akfæran veg frá Kópaskersvogi inn að Jökulsárbrú í Axarfirði. Vegalengdin er 35 kílómetrar. Þar hagar svo til, að mjög greiðfært er yfir og þurlent. Vegurinn liggur ýmist á hörðum sjávarbökkum eða árbökkum. En hann er ekki akfær, nema hann sé ruddur. Þetta er kaupstaðarvegur fyrir norðurhluta Norður-Þingeyjarsýslu, bæði fyrir Axarfjarðarhrepp og Kelduhverfishrepp. Menn hafa alment óskað þess lengi, að landssjóður veitti einhverja upphæð til þess að gera þennan veg greiðfærari, en það var ekki fyr en á tveim þingmálafundum í vor, að það var opinberlega látið í ljósi, hve mikið áhugamál það væri sýslubúum, að fá styrk til að ryðja veginn. Mönnum var það ljóst, að ekki mundi tjá að fara fram á akbraut, þar sem um fámennar sveitir er að ræða. En þó eru sömu skilyrðin fyrir hendi og fyrir flutningabraut, því að þetta er vegur frá kaupstað upp til landsveita. Féð, sem fram á er farið, er hverfandi lítið, ekki nema 1500 kr. hvort árið. Menn hafa ekki æskt eftir meiru — hafa treyst sér til að leggja fram úr eigin vasa það sem á vantar. Raunar hefir engin áætlun verið gerð í þessu efni, en beztu bændur og skynsamir menn, sem staddir voru á fundinum, fullyrtu að þetta mundi duga ásamt framlagi frá sveitafélögunum. Auðvitað er ekki um annað að ræða en slétta götubakka, týna grjót af veginum o. s. frv. Þetta mundi að sjálfsögðu ekki nægja, ef vetrarflutningar væru miklir, en sem sumarvegur yrði hann ágætur og akfær. Og það er héruðunum líka alveg nóg, því að allir flutningar þar ganga að mestu leyti fyrir sig á sumrum. Menn hljóta að sjá, hver nauðsyn er á því, að landsmenn geti notað þau skárstu flutningatæki, sem föng eru á, og hve mikill hagur mönnum er að því, að vegirnir séu svo greiðfærir, að vögnum verði komið við á þeim. Það er fátt, sem meira hefir stuðlað að framförum í Árnessýslu en einmitt það, hve greiðfærir vegir þar eru.

Ef fjárlaganefndin vildi líta á þessa nauðsyn, mundi eg, fyrir hönd umbjóðenda minna, sætta mig við, að tillagið yrði fært úr 1500 kr. niður í 1000 kr., og það skilyrði yrði sett, að jafnmikið fé kæmi annarstaðar frá. Fengi eg vilyrði um þetta, þá væri eg líka fús á að taka tillöguna aftur að sinni og breyta henni til 3. umr.

Um hina tillöguna er það að segja, að þar stendur nokkuð svipað á. Hún fer fram á 500 kr. tillag til þess að fullgera færan reiðveg yfir Flöguflóa í Þistilfirði. Þegar brýrnar voru settar á Högná og Sandá, voru þær settar á öðrum stað en gamli vegurinn hafði legið um. Það hefir því orðið að ryðja langan veg, yfir fúaflóa eða svarðlenda mýri, og er slíkt örðugt fátækum héruðum. Þau hafa þó sýnt mikinn dugnað í þessu efni, og mælast nú til að fá einar 500 kr. til þess að lúka verkinu. Héraðsbúar eru þinginu þakklátir fyrir brýrnar. Sveitirnar eru óðum að byggjast upp aftur, og þótt það sé auðvitað meðfram árgæzku að þakka, þá leikur enginn vafi á því, að brúargerðirnar eiga mikinn þátt í þessu. Þeim peningum hefir því ekki verið á glæ kastað. Mönnum mundi þykja vel bundinn endi á þetta mál, ef þessi lítilfjörlegi styrkur yrði veittur. Þótt ekki sé tiltekið neitt tillag annarstaðar frá á móti í br.till., þá er það auðvitað, að svo verður, því að þessi vegagerð kemur til að kosta miklu meira en hér er farið fram á. En ef hv. deild kann betur við að slíkt ákvæði verði sett, þá má lagfæra það til 3. umr. Það mælir líka með þessari br.till., að brýrnar, sem landssjóður veitti fé til, kostuðu talsvert minna en tillagið nam. Þetta vona eg, að háttv. þm. taki til greina. Fátæk sveitafélög munar um, þó ekki séu hærri upphæðir en þetta, en landssjóð skiftir það litlu.

Eg hafði hér br.till., sem reyndar er lítið annað en orðabreyting, á þgskj. 429, viðvíkjandi vitaverkfræðingnum. Þar er farið fram á, að gera honum skylt að vera til verklegrar aðstoðar auk landstjórnar og héraðsstjórna einnig bæjarstjórnum eftir ákvæðum landstjórnar. — Háttv. framsögum. segir, að þetta sé meinlaus orðabreyting því að þessi skilningur hafi legið í ákvæðinu. En það er þó ekki að ástæðulausu, að þetta sé tekið upp. Svo stendur á, að sams konar ákvæði hefir áður staðið í fjárlögunum, en verið misbrúkað, af því að það var ekki skýrt tekið fram, að bæjarstjórnir ættu að njóta aðstoðar verkfræðingsins. Verkfræðingur einn gerði í fyrra áætlun fyrir bæjarstjórn Reykjavíkur og setti upp 3000 kr. fyrir vikið. Bæjarstjórninni þótti þetta of mikið, og skírskotaði til þess, að hann ætti að gera þetta fyrir ekki neitt, en vildi þó til samkomulags borga honum 1000 kr. Það þótti honum of lítið og höfðaði mál gegn bæjarstjórninni og veit eg ekki, hvort það er útkljáð enn. Þess vegna tel eg rétt að setja í tíma undir þennan leka til þess að fyrirbyggja slíkan misskilning framvegis. Annars eru þessir verkfræðingar nokkuð dýrir á sér, ef þeir vinna upp á eigin spýtur.

Þá hefi eg leyft mér að koma fram með br.till. á þgskj. 422, um vegabætur í kjördæmi mínu. Eg veit, að viðvíkjandi ýmsum óskum, sem fram hafa komið um tillög úr landssjóði til sýsluvega, sem landssjóði ekki ber að kosta eftir vegalögunum, þá eru sumir svo strangir að segja, að landssjóði komi þeir ekki við. En það er svo um vegalögin, að þau eru ekki vel samin í fyrstu, en öll frumsmíð stendur til bóta. Eg skal geta þess, að það er engin flutningabraut í því kjördæmi, sem eg er þingmaður fyrir, og enginn almennileg-

ur þjóðvegur heldur, því að eg tel ekki þjóðveg veginn frá Mývatni til Möðrudals. Þingið hefir sýnt það áður, að það einskorðar sig ekki svo mjög við bókstaf laganna, heldur lítur það meira á nauðsynina, enda hefir háttv. fjárlaganefnd tekið vel í tillögur mínar. Eg skal ekki skifta mér af br.till., sem aðrir hafa flutt fram, en þó skal eg leyfa mér að benda á það, að þar sem mælt hefir verið með fjárveitingu til sýslu- eða hreppsvegar í Reykjadal, þá virðist ekki nema sanngjarnt að veitt sé fé til Hvammstangavegarins, jafn nauðsynlegs og þarflegs blutar og það er, að hann nái þjóðveginum. En hv. flutningsm. þeirra tillögu mun gera grein fyrir nauðsyn þess máls, svo að eg þarf ekki að fara út í þá sálma.

**Bjarni Jónsson:** Eg hefi leyft mér að taka saman á þgskj. 448 þær fjárbeiðnir, sem þingmálafundir í Dalasýslu hafa samþykt að leggja fyrir þingið. Auðvitað býst eg ekki við, að öllum þessum fjárbeiðnum verði sint, enda hafa kjósendur mínir lagt meiri áherslu á sumar þeirra, heldur en aðrar, en eg hefi viljað láta menn sjá þennan lista til að minna á, að þessi sýsla, sem menn virðast hafa gleymt, þarf líka á peningum að halda til ýmsra framkvæmda. Um langan aldur hefir enginn styrkur verið veittur til vegabóta í Dalasýslu, þegar frá er tekið, að á þingi 1909, ætla eg væri, fékk sýslan 2000 kr. til brúargerðar á Austurá og 1000 kr. til vegarspotta á Fáskrúð. Menn muna það frá síðasta fjárlagaþingi, hvað eg stritaðist við að fá brú á Ljá, og lýsti eg þeirri á þá nokkuð. En eg hafði þá heldur andróður af verkfræðingi landsins, því að hann hafði þá hugsað sér að fá fjárveitingar til brúargerða á öðrum stöðum, og þótti leitt, að eg skyldi vera að grípa fram í verkahring hans. En nú stend eg betur að vígi, því að nú er hann á mína hlið, og hefir lagt það til, að brú verði sett á Ljá, og stjórnin hefir tekið það upp í fjárlagafrumv. sitt. En brú á Ljá kemur ekki að hálfu gagni nema Fáskrúð verði líka brúuð. Eg sé hér víða í stjórnarfrumv. og í tillögum fjárlaganenfndarinnar, að fé er varið til vega, sem ekki kalla eins brátt að eins og brú á Fáskrúð. Eg held, að stjórnin hafi slept brú á Fáskrúð vegna þess, að verkfræðingurinn hafi látið falla orð um það, að þessi á væri alt af fær á fjöru. En ef hann hefir sagt þetta, sem eg ætla, þá er það sprottið af ókunnugleika hans, því hann veit ekki, hvernig þar hagar til á vetrum. Þá liggur oftast í fjörunni krapahrönn og móður, sem ómögulegt er yfir að komast, nema fyrir fuglinn fljúgandi. Eg veit ekki, hvort menn hér skilja þetta orð »móður«, en það er algeng mállýzka fyrir vestan. En þegar frost hafa lengi gengið, þá fer aftur að verða fært á ís. En á meðan krapi og móður er í fjörunni, þá er áin vita-ófær. Svo stendur líka svo á, að áin er á leið þeirra manna úr norður-sýslunni, úr Skarðstrandarhreppi, Saurbæ, og af Fellsströnd og úr Hvammsveit, sem þurfa að vitja læknis; þeir komast ekki yfir ána, og sjúklingurinn má deyja heima þess vegna.

Menn muna það frá fyrri þingum, að eg hefi borið fram frumv. um að skifta Dalasýslu í tvö læknishéruð. Þetta var neyðarúrræði, sem gripið var til vegna þess, að Dalamenn gerðu sér ekki von um að fá umbætur með brýrnar og símana Þegar eg kom þangað vestur í sumar og gaf þeim nokkra von um að fá síma og brýr, þá hurfu þeir frá að fara enn þá einu sinni fram á að læknishéraðinu yrði skift í sundur. En þessi brúargerð er líka nauðsynjamál vegna póstferðanna. Það er langtum meiri nauðsyn á þessu heldur en að koma

Hvammstangavegínum í samband við þjóðveginn. Það er að eins samgöngunauðsyn, en þetta er lífsnauðsyn. Eg ætla þó ekki að leggja á móti Hvammstangavegínum, en eg nefndi þetta bara til þess að sýna, að það er enginn óþarfi, sem eg er að fara fram á, það er engin hreppapólitík, heldur hrein og bein lífsnauðsyn.

Sú eina samgöngubót önnur, sem hefði þýðingu í þessu máli er sú, að lagður væri sími frá Búðardal að Tjaldanesi vestur í Saurbæ. Það skal nú enginn ímynda sér, að eg ætlist til að læknirinn fari með símanum, heldur ætlast eg til að hægt sé að síma til læknis um að koma. Nú þykir mönnum kannske undarlegt, að læknirinn geti komist yfir á, sem engir aðrir komast yfir. En í Búðardal eru til skip, og ef sjór er fær, þá getur hann látið flytja sig þá leiðina yfir í Skarfsstaðanes. En þetta geta hinir ekki. Það þarf 3—4 tíma til að ríða frá Fáskrúð niður að Skarfstöðum, og þar er þá ef til vill enginn bátur til. En í Búðardal er altaf hægt að fá menn bát, ef sjór er fær. Það gæti því líka verið góð hjálp að fá síma.

Nú get eg vel ímyndað mér, að þeir sem hér eru saman komnir, ætli ekki að greiða atkvæði með öllum upphæðunum í brtill. minum, þótt rétt væri; en eg trúi ekki öðru, en að þeir láti mig annað hvort fá Búardalssímann eða brú á Fáskrúð. Hinar fjárveitingarnar eru reyndar nauðsynlegar líka. Í Búðardal, þar sem Hvammssveitin og Suðurdalirnir hafa verzlun sína, er útfiri svo mikið, að menn ná ekki til að afferma skip á fjöru, en skipin láta illa yfir að þurfa að bíða. Nú nýlega hefir bátur hlaupist þaðan með trjávið, sem búið var að bíða eftir í mánuð. Báturinn fór með viðinn norður á Borðeyri, og þangað urðu menn svo að sækja hann á hestum. Yfir þessu hefir svo verið kært til stjórnarráðsins. Eg býst nú við að menn sjái, hversu óþægilegar afleiðingar þetta bryggjuleysi getur haft. Þessar 2000 kr., sem farið hefir verið fram á, munu ekki nægja til bryggjugerðar, en það gæti orðið góð hjálp að fá þær. Eins og menn sjá, er þetta ekki eins mikil nauðsyn og hitt. Þetta er bara samgöngunauðsyn, en hitt er jafnframt lífsnauðsyn. Eg reikna svo, að samgöngur geti verið góðar og peningahagnaður sömuleiðis, en þó ekkert í samanburði við lífið.

Eg er ekki þeirrar skoðunar, hvað sem allir fjármálafræðingar segja, að hægt sé að meta til peninga sorg þeirra, sem missa ástvini sína. Það kann að vera að eg hafi minni sorgir heldur en margir aðrir, en eg vil ekki hafa neina verðlagsskrá yfir sorgir mínar.

Alveg sama nauðsyn er á bryggju gerð í Salthólmavík. Til hennar er farið fram á lítið, og mun hreppurinn leggja þar meira til. En bryggja er þar nauðsynleg, því að skip geta ekki legið þar nema mjög langt frá landi. Eins og annarstaðar í Breiðafirði er þarna útgrynni mikikið; er eg nákunnugur um þessar slóðir og álít það mikið til bóta, ef þarna yrði gerð dálítil bryggja.

Þá hefi eg fyrir sjálfs mín hönd og háttv. þm. Snæf. (H. St.) og háttv. þm. Barðstr. (H. Kr.) leyft mér að bera fram brtill. viðvíkjandi bátaferðum á Breiðafirði. Eg skal leyfa mér að lýsa nokkuð skoðun Dalamanna á því máli. Þeir telja það sjálfsagðan hlut, að landið ætti sjálft sín strandferðaskip, eitt eða fleiri. En það skip ætti ekki að vera látið hlaupa inn á hverja skerjavík og bíða þar eftir fjöru til að geta afgreitt sig. Til þess ættu að vera hafðir flóabátar, hver á sínum flóa, einn á Ísafirði, einn á Breiðafirði og einn á Húnaflóa o. s. frv. Þessir bátar ættu svo að vera settir í samband við strandbátinn og

taka úr honum vörurnar og flytja inn um flóa og firði. En til þess að þessar þrjár sýslur, sem að Breiðafirði liggja, gætu ráðist í að kaupa bát, þyrfti styrkurinn að vera nokkru hærri en hingað til. Það hagar illa til með þessar ferðir fyrir vestan, því að það hefir undanfarið verið svo, að ein sérstök verzlun í Stykkishólmi hefir átt bátinn, sem til ferðanna er hafður, og hirt féð úr landssjóði. En það er alveg skakt, að ein verzlun, samkeppandi við aðrar verzlanir, sem þurfa að nota bátinn til að flytja út varning sinn, eigi ein þennan bát. Eg hefi viljað lýsa þessu nú þegar, þótt eg hafi orðið við tilmælum hv. framsögum. og tekið tillöguna aftur. Hann hefir heitið mér, að eg skyldi einskis í missa fyrir það, og eg hefi skilið það svo, að fjárlaganefndin ætli sjálf að taka þetta upp til 3. umr.

Um tillögu mína um símalagningu skal eg ekki tala margt, en fari svo að menn felli tillögu mína um brúna, þá læt eg þessa standa og koma til atkvæða, með því einu er hægt að bæta úr brúarleysinu.

Eg hefi þá sagt það sem eg ætla að segja í bráð, um þessar fjárbeiðnir Dalamanna, og eg vona að það hafi skilist, að þær hafa við full rök að styðjast.

Þá kem eg að tillögu, sem við höfum komið fram með, eg og hv. þm. N.-Þing. (B. Sv.), um að breikka veginn á Kömbunum. Fyrir þá sök, að krókarnir á Kambaveginum eru helzt til krappir, er vegurinn of mjór fyrir vagna, svo að það getur komið fyrir og hefir komið fyrir, að vagnar hafa farið fram af honum. Fé þarf ekki mikið til þessa, því að það þarf ekki að hlaða neitt nýtt, heldur að eins að moka úr brúninni fyrir ofan götuna. Líka er það ef rennireiðar fara að tíðkast, hreinn og beinn lífsháski að fara þennan veg.

Þá er og annað, sem þarf að lagfæra á veginum austur. Þar sem fjalir eru lagðar yfir ræsi, og sandurinn, sem að þeim hefir verið mokað, er fokinn frá, þar er ógerningur fyrir hesta að ná þungum vognum upp á þrepin, sem þannig hafa til orðið. Eins er það með rennireiðarnar, þegar þær rekast á þessi þrep, þá kastast allir í faðmlög sem í þeim eru, þótt þeir hafi ekki ætlað sér að faðmast áður. Til að gera þetta somasamlega úr garði, hyggjum við að duga megi 5000 kr. til að byrja með. Þetta er eins og allir sjá ekki í Norður-Þingeyjarsýslu og ekki í Dalasýslu, svo að menn hljóta að viðurkenna, að til þessarar tillögu hefir ekki dregið okkur in svo kallaða hreppapólitik. Við höfum fengið tilmæli um það frá fjárlaganefndinni, að láta hana hafa þetta til meðferðar og taka tillöguna aftur nú; en við tökum hana upp aftur til 3. umræðu, ef fjárlaganefndin gerir það þá ekki sjálf, eins og við vonum.

Eg held að eg þurfi ekki að sinni að segja meira um mínar fjárbeiðnir, sem ekki eru voðalegar. Það er reiðilaust af mínum kjósendum og mér, þótt ekki fáum við nú bæði símann og brúna, en eg vona, að við fáum að minsta kosti brúna, því að eg býst við að háttvirt fjárlaganefnd líti svo á, að það sé brýn nauðsyn fyrir þetta hérað að fá brú á Fáskrúð. Eg ætla ekki að vera meinmaður neins sérstaks, þótt eg sjái að margt muni illa ráðið í þessu fjárlagafrumvarpi. Maður getur séð það við þessa atkvæðagreiðslu, sem nú fer í hönd, hvaða brt. maður þarf að koma með til 3. umræðu.

**Kristján Jónsson:** Eg ætla að minnast á breyt.till., þá sem eg hefi borið fram á þgskj. 403, og er undir tölulið 42 á atkvæðaskránni. Breyt.till. fer í þá átt, að gerður verði akvegur frá Kláffossbrú að Reykholti í Reykholtsdal, gegn tvöföldu tillagi úr annari

átt. Eins og sést á öðrum stað í fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar, er gerð tillaga um fjárveitingu næsta ár til að fullgera svokallaða Borgarfjarðarbraut. Þessi braut á að liggja frá Borgarnesi, fyrir norðan Hvítá og upp að Kláffossbrú á Hvítá. Þannig liggur enginn hluti þessarar brautar í Borgarfjarðarsýslu, og þó er ætlast til þess að Borgarfjarðarsýsla leggi til $^2/_9$ af viðhaldskostnaðinum af því að vegurinn er talinn verða til hagsmuna bæði fyrir Borgarfjarðar- og Mýrasýslu. Er talsverð óánægja yfir þessu í Borgarfjarðarsýslu. Finst mönnum það þungbært að þurfa að leggja fé til vegar, sem ekki að neinu leyti liggur í sýslunni. En þessi akvegur gæti orðið Borgarfjarðarsýslu að verulegu gagni, ef honum yrði haldið áfram frá Kláffossbrú upp Reykholtsdal og upp í Háfsasveit. Þar í sýslu munu menn því sætta sig við að greiða fé til viðhalds Borgarfjarðarbrautarinnar, ef þeir aftur á móti fá nokkra hjálp til þess að gera flutningabraut frá Kláffossi og upp Reykholtsdal. Menn hafa hugsað sér að byrja á því að leggja veg að Reykholti. Þennan veg ætla þeir sér að gera á einu ári, og þurfa þeir að leggja mjög mikið á sig, ef það á að geta tekist. Þeir vonast til þess og fram á það er farið, að landsjóður leggi til þessa einar 2000 kr. Sjálfir ætla þeir að leggja til 4000 kr., það er að segja hreppurinn, Reykholtshreppur 2000 kr., og sýslan aðrar 2000 kr. Samkvæmt þessu er breytingartillagan orðuð.

Vegurinn er áætlaður að muni kosta 5731,75 kr., eða því sem næst 6000 kr. Mæling og matsgerð er gerð af Árna Zakaríassyni. Hefir hann líka gert kort af veginum, sem eg hefi hér í höndum, ásamt álitsskjali hans. Þessi skjöl, önnur en kortið, hafa legið á lestrarsalnum.

Mikill áhugi er fyrir þessu máli í uppsveitum Borgarfjarðarsýslu. Þykir mönnum þar sanngirni mæla með því að Alþingi verði við þessari beiðni, þar sem það í síðustu 6 árin hefir ekki veitt neitt fé til vega þar í sýslunni. Og ekkert hefir heldur verið gert við þjóðvegina þar síðan 1907 eða 8. Og þar í sýslu eru engar flutningabrautir. Þykir það því vera vel rökstudd og réttmæt beiðni, að þetta fé verði veitt, einkanlega þegar farið er fram á svo lítið í samanburði við það sem sýslubúar og hreppsbúar verða að leggja á sig til þess að fullgera veginn. Er það virðingarvert og viðurkenningarvert, að þeir geri það, því að vegagjaldið er þar hátt, þar sem sýslan hefir marga aðra erfiða vegi, eins og t. d. veginn frá Akranesi upp yfir Skilmannahrepp og upp í Leirársveit. Er það mjög vondur vegur eða réttara sagt vegleysa. Hefi eg umboð sýslubúa til þess að sækja um fjárveitingu til þessa vegar, en eg mun ekki gera það að sinni. Legg eg meiri áherzlu á að fé verði nú veitt til vegarins frá Kláffossi upp að Reykholti.

Skal eg svo ekki fjölyrða meira um þetta mál. Sé eg ekki ástæðu til að mala eins um það eins og háttv. þm. Dal. (B. J.) malaði um brýrnar sínar og vegina. *(Bjarni Jónsson:* Eg get þá kannske mulið fyrir þingmanninum fjárveitinguna til vegarins). Nei, það veit eg að þm. gerir ekki.

**Kristinn Daníelsson:** Eg vildi minnast á breyt.till. á þgskj. 389, undir tölulið 41 á atkvæðaskránni, sem eg ber fyrir brjósti. Og skal eg vera stuttorður. Flyt eg þetta erindi eftir beiðni frá sýslunefndinni í Gullbringusýslu.

Í nokkur ár hafa í fjárlögunum verið veittar 15000 kr. á fjárhagstímabili til sýsluvega í Gullbringusýslu. Hér er farið fram á að haldið verði áfram þessum upptekna hætti, þörfin er hin sama nú og áður, og búist er við, að fjárveitingin sé sömu skilyrðum bundin sem

áður, að jafnmikið fé komi annarsstaðar frá. Nú er kominn vegur frá Hafnarfirði til Keflavíkur, en við það er ekki hægt að nema staðar. Þessi vegur er ekki að hálfu gagni fyr en bygðarlögin í kring komast í samband við veginn og nú er fyrst og brýnust þörfin á vegi til Grindavíkur. Þetta hafa menn fundið og sést svo áþreifanlega bæði á því, að nú vill þessi litli hreppur kosta 10, 000 kr. til þessa vegar og að sýslan, sem þegar undir er í stórum skuldum, hygst þó að leggja fé í þennan veg. Vegurinn er áætlaður að muni kosta 40—45 þús. kr. Er áætlunin gerð af Erlendi Zakaríassyni í umboði landsverkfræðingsins. Má því treysta á áætlun hans. Vil eg nú með leyfi hæstv. forseta leyfa mér að lesa upp 3—4 línur úr álitsskjali þessa manns til landsverkfræðingsins:

»Frá Grindavík eru vegir inir verstu í allar áttir hvert sem farið er. Læknir þeirra situr í Keflavík og ekkert skip kemur þar viljandi allan veturinn, svo þörfin á veginum er mjög mikil, svo óvíða hér nærlendis er jafn brýn þörf og þar«.

Þetta segir nú sá maður, sem flestum mönnum er kunnugastur vegum um alt land. Þarf eg því ekki að tala um þörfina á þessum vegi. Sumum þykir mælst til nokkuð mikils þar sem farið er fram á að landssjóður leggi til jafnmikla fjárupphæð og komi annarsstaðar frá. Hér á þinginu koma alt af margar beiðnir um fjárveitingu til vega. Finst mér þá, að þeim eigi helzt ávalt að hjálpa, sem vilja leggja fram jafn-mikið fé og farið er fram á að landssjóður veiti. Má líta svo á, að þeir séu með þessu einmitt að hjálpa landssjóði til að gera vegi, sem hann annars yrði neyddur til á sínum tíma að gera upp á eigin spýtur. Háttv. framsögum. fjárlaganefndarinnar tók það fram, að landssjóður yrði að takmarka sig nokkuð um fjárveitingar til vega, og ætti hann því helzt að veita fé til þeirra vega, sem tvöfalt fjárframlag kæmi á móti. Eg mótmæli því alls ekki, að landssjóður verði að takmarka sig að þessu leyti. En hitt finst mér til mikils ætlast, að tvöfalt komi í móti, þótt það geti borið sig, þar sem um smáupphæðir er að ræða. Það getur staðið misjafnt á, og hér er um stórfé að ræða í móti fyrir lítið sýslufélag. Hygg eg það eins dæmi, að nokkur sýsla hafi lagt svo mikið í móti landssjóði.

Vil eg svo ekki orðlengja þetta meira. Eg vona að mér hafi tekist að leggja málið nógu skýrt fram. Vona eg að háttv. deild sjái sér fært að halda þessu máli fram.

**Þorleifur Jónsson:** Á þingskj. 399 er brtill. frá mér, sem fer í þá átt að veittar verði til þjóðvegar í Austur-Skaftafellssýslu 5000 kr.

Eins og kunnugt er, liggur þjóðvegur eftir sýslunni endilangri, og sýslan er afarlöng, en víða er það, að það er ekki vegur nema að nafninu til. Á stórum köflum eru samanhangandi sandaöræfi með stórvötnum og á öðrum stöðum ýmsar torfærur. Í seinni tíð hafa verið gerðir nokkrir vegarkaflar yfir verstu torfærurnar, en enn þá eru eftir allmörg stykki, sem þarf að leggja vegi um. Sýslunefndin hefir látið uppi álit sitt um, hvar helzt bæri nauðsyn til að gera viðbætur á þessum vegarköflum. Hefi eg látið prenta hér með á brtill. útdrátt úr sýslufundargerð Austur-Skaftfellinga þ. á. Sýslunefndin skorar þar á þing og stjórn að leggja fé til þriggja vegakafla, en mér dettur ekki í hug að fara fram á þá upphæð alla í einu, sem til þess myndi þurfa, að bæta alla þessa vegakafla. Sú upphæð, sem eg fer fram á, 5000 krónur,

mundi ekki nægja nema til eins þeirra eða máské tveggja. Breyt.till. mín fer sérstaklega fram á, að veitt sé fé til vegar frá Almannaskarði suðvestur á Hafnarveginn í Nesjum. Þar er mikið mýrlendi, sem ilt er yfirferðar. Er það bráðnauðsynlegt að gera veg vegna kaupstaðaferða úr Lóni og yfir höfuð fyrir alla umferð eftir þjóðveginum á þessu svæði. Nú er vanalega krækt fyrir mýrina og farið með fjallinu, en þar er sama sem enginn vegur. Hér þarf því að gera veg, og með því að mikill krókur er að fara með fjallinu, þá er sjálfsagt að leggja hann þvert yfir mýrlendið.

Eg vil taka það fram, að kaupstaðarvegurinn er illfær, alveg ófær fyrir vagna, og illfær fyrir hesta. Ef þessi upphæð fengist, sem farið er fram á, er sennilegt, að hægt yrði að gera þennan veg í stand til vagnferða.

Um hina vegina, sem sýslunefndin fer fram á að fé verði veitt til, er það að segja, að yfir Suðursveit hefir verið gerður vegur á nokkuð löngum kafla. En sýslunefndin fer fram á, að þessi Suðursveitavegur verði framlengdur frá Uppsölum og austur úr Smyrlabjargafæti. Eru þetta réttmæt tilmæli. Á þeim kafla eru vegleysur, þegar ekki er hægt að fara leirur fyrir framan Smyrlabjargafót. En þar er ós, sem »stendur uppi« með köflum, og þá eru þessar leirur ófærar. Er því mikil þörf á að framlengja Suðursveitarveginn austur að Kolgrímuaurum.

Þriðji vegarkaflinn, sem sýslunefndin fer fram á að bættur sé, er í Öræfunum. Þar í Hofslöndum hefir verið vegur áður, en nú er þar varla orðið eyvi eftir af, að eins brúarslitur á pörtum. En með því að þar er mjög votlent og ilt yfirferðar vegna bleytu, er nauðsynlegt að vegarkafli þessi sé gerður að nýju. Enda er þar ekki um mjög langan eða kostnaðarsaman kafla að ræða.

Þegar eg sá, að fjárlaganefndin tók upp í tillögur sínar fjárframlag til vega, sem stjórnin ekki tók upp í sitt frumv., þá setti það í mig kjark, svo að eg kom fram með þessa beiðni mína. Eg efast ekki um það, að vegirnir, sem fjárlaganefndin leggur til að fé verði veitt til, séu nauðsynlegir, en þó hygg eg ekki, að þessi vegir, sem eg fer fram á að fé verði lagt til, séu ónauðsynlegri. En því miður eru þm. þessu ókunnugir og geta varla sett sig inn í allar þær torfærur, sem Austur-Skaftfellingar verða við að búa á vegum sínum.

Eg hefi ekki tekið þessa fjárbeiðnir upp hjá sjálfum mér, svo enginn getur núið mér því um nasir, að eg komi með þetta út í bláinn. Eg hefi tekið hana upp eftir ósk þingmálafunda og ítrekuðum áskorunum sýslunefndarinnar. Á 4 þingmálafundum hefir verið farið fram á þetta, og sýslunefndin hefir — eins og eg hefi áður sagt — tekið málið upp; eg að eins borið það fram hér í deildinni.

Ið eina, sem ætlað er til samgöngubóta í A.-Skaftafellssýslu í fjárlagafrv. stjórnarinnar, er það, að þessi litli styrkur til mótorbátsferða fær að halda sér. Það er nú þakkarvert, því þessi styrkur kemur að góðum notum En það gat heldur varla minna verið, sem gert var fyrir sýsluna, þegar þess er gætt, að við erum nærri því sviftir strandferðunum. Áður kom strandferðaskip á Hornafjörð 16 sinnum. En í sumar á strandferðaskip að eins að koma þar 5 sinnum. Og væri gott, ef sú skylda hefði verið uppfylt. En sú hefir raunin á orðið, að »Hólar« hafa tekið sér það bessaleyfi að koma alls ekki inn í ósinn, þegar svo býður við að horfa. Svo útfallið verður, að þeir koma þar að

eins þrisvar sinnum. Þegar við þannig erum sviftir samgöngum á sjó, er ekki ólíklegt að ætlast til þess, að Alþingi veiti ofurlítinn styrk til vegabóta, til samgöngum á landi. Ekki liggja heldur margar beiðnir fyrir Alþingi frá Austur-Skaftfellingum. Og eg legg kapp á að þetta mál fái framgang. Þar sem nú Austur-Skaftfellingar eru bæði símalausir og samgöngulitlir, þá tel eg það ekki neitt ósanngjarnt þó að farið sé fram á að eitthvað verði lagt fram úr landssjóði til þessara vegabóta. Skal eg svo ekki fara fleiri orðum um þetta — ekki mala svo mjög mikið um þetta, eins og sumir háttv. þm. komast að orði. Vænti eg þess, að háttv. deild líti á þessar málaleitanir með sanngirni.

**Stefán Stefánsson:** Eg hefi ekki margar tillögur hér fram að bera. Eru það að eins 800 kr., sem eg óska til brúargerðar á Syðri-Þverá í Eyjafirði. Þar hefir verið timburbrú, sem nú er orðin algerlega ónotandi og sama brúarstæðið verður heldur ekki notað, og veldur það meiri kostnaði en annars hefði orðið við nýja brúarbyggingu. Hafa nú sveitarbúar rætt þetta mál all-ítarlega, og komið sér saman um að byggja ekki brúna aftur úr timbri, þótt það yrði nokkru kostnaðarminna, heldur úr steinsteypu, svo séð sé fyrir því, að ekki þurfi í náinni framtíð að leggja fé til viðhalds eða endurbyggingar brúarinnar. Er áætlað að sú brú muni kosta 3000 kr. Reynt hefir verið að safna þessu fé saman, bæði með samskotum og tombólum, en þó hefir ekki safnast meira en það, að enn vantar nær 2000 kr. upp á inn áætlaða brúarkostnað. En þó ekki hafi safnast meira en þetta, þá veit eg þó ekki betur en að hreppsbúar séu búnir að kaupa efni til brúarinnar og ætla sér að byggja hana nú í sumar. Hafa þeir nú sent mér erindi og beðið mig um, að fara þess á leit við þingið, að þeir fengju 1000—1200 kr. styrk til brúargerðarinnar. Þetta erindi sendi eg fjárlaganefndinni til íhugunar, en hún hefir ekki séð sér fært að leggja það til, að sú fjárveiting yrði veitt.

Vona eg nú, að háttv. deildarmenn samþykki þessa litlu fjárveitingu, þegar þeir sjá, hvað hreppsbúar vilja leggja mikið á sig til þess að koma brúnni upp, þegar líka tillit er tekið til þess, hve aðrar vegagerðir liggja þungt á þeim, svo sem mjög há gjöld til sýsluvega og hreppavegagjöld þeirra svo há sem lög leyfa, eða 3 kr. á hvern verkfæran mann. Hvort hér er um nauðsynjafyrirtæki að ræða, verður bezt séð á því, hvað sveitin vill til vinna, þegar hún auk inna miklu vegagjalda, bæði til sýslu- og hreppavega, vill leggja þennan afar-tilfinnanlega brúarkostnað á sig, og engum mun geta fundist það óeðlilegt þótt forgöngumenn málsins sendi til þingsins tilmæli um 1000—1200 kr. fjárframlag úr landssjóði til brúargerðarinnar. En þegar eg sá, að fjárlaganefndin tók enga fjárveitingu í þessu skyni upp í sínar tillögur, þá hefi eg þó álitið þá leið tiltækilega, að fara fram á að eins 800 kr., eða rúman $^1/_4$ af brúargerðarkostnaðinum. Annars finst mér verða að taka tillit til þess, þegar um styrki til brúa- og vegagerða er að ræða, hve lengi það mannmirki muni geta staðið.

Hér er um mannvirki að ræða, er stendur sem menn segja um aldur og ævi, eða með öðrum orðum verulegt framtíðarverk. Eg veit að þingmenn hafa tekið eftir því, hvaða nauðsynjaverk það er, sem hér er um að ræða, og skal eg þá ekki tala frekara um málið að sinni.

Þá vildi eg minnast nokkrum orðum á góðan greiða, sem fjárlaganefndin hefir gert með því að leggja til, að veittar verði 5000 kr. til vegar um Þelamörk. Eg hafði skrifað nefndinni

um þetta mál og skýrt henni frá öllum inum helztu ástæðum, er að því lúta, og margendurteknum óskum manna, en treystist þó ekki að svo stöddu að fara fram á meira fé en þessar 5000 kr. Nú er upphleyptur vegur kominn fyrir nokkrum árum frá Akureyri og að eins út fyrir Moldhaugnaháls, en hugmyndin var að hann sem allra fyrst kæmist alla leið til Bægisár, en á þessari leið er vegurinn víða bráðófær bæði fyrir kerrur og vagna. Nú hefir þess verið óskað, að vegurinn yrði gerður svo, að hægt væri að fara með vagna og kerrur alla leið inn að Bægisá. Þessi vegarkafli frá brautarendanum á Moldhaugnahálsi til Bægisár mun nema 12 kílómetrum, og hefir mér dottið í hug, að allra-verstu eða ófæru kaflarnir á þessari leið mundu vera sem næst $2^1/_2$—3 kílómetrar og mun því kosta um 5000 kr. að gera þá akfæra. Eg er þess vegna fjárlaganefndinni sérlega þakklátur fyrir að hún hefir tekið málaleitun mína til greina og óskir héraðsbúa undanfarið, enda er það í sannleika nauðsynlegt að veita fé til þessarar vegagerðar. Er sú beiðni svo sanngjörn, að eg læt mér ekki detta í hug, að greitt verði atkvæði á móti henni.

Einn póstur var það í fjárlagafrumv. stjórnarinnar, sem mig furðar á að fjárlaganefndin skyldi stryka út. Það er sá póstur, sem leggur til að veittar verði 70.000 kr. til brúar á Eyjafjarðará. Þennan gjaldlið vill fjárlaganefndin fella í burtu og setja í staðinn fjárveitingu til brúar á Jökulsá á Sólheimasandi, sem nemi alt að 78.000 krónum. Landsverkfræðingurinn gerði áætlun um brúargerð á Eyjafjarðará árið 1908, og hafa menn því alt af talið það sem fulla vissu, að brúin yrði bygð ið bráðasta, enda skorað á okkur þingmenn kjördæmisins á undanförnum þingmálafundum, að vinna sem mest og bezt að þessu máli. En nú í vor datt víst engum kjósanda í hug að minnast neitt á slíkar málaleitanir, þar sem stjórnin var búin að taka það upp í frumv. til fjárlaga fyrir árin 1914—1915. Því gat enginn búist við, að fjárlaganefndin færi svo að ráði sínu, sem nú er raun á orðin, þegar stjórnin hafði loks tekið upp fjárveitinguna, beint eftir tilmælum landsverkfræðingsins, af því að hann álítur að þetta sé sú brú, sem ætti að ganga fyrir öllum öðrum brúm á landinu.

Eg hefi nýlega átt tal við verkfræðing landsins, og taldi hann sjálfsagt að þessi brú væri látin ganga fyrir öðrum og ólíkt hve umferðin væri þar meiri, en yfir Jökulsá, og eins hve miklu lengri tima árs nauðsynin væri á brú yfir Eyjafjarðará, því að Jökulsá áleit hann að væri mjög fáa daga af árinu ófær, Þegar nú litið er til alls þessa: að ekki er neitt samanberandi umferð yfir hana og að hún er mestan tíma árs vel fær, þá furðar mig á því, að hv. fjárlaganefnd skuli leggja þetta til. En þó einkum og sérílagi þegar þess er gætt, að verkfræðingurinn (J. Þorl.) telur enga tryggingu fyrir því, að Jökulsárbrúin standi árí lengur. Hann hefir sagt, að þar komi þau jökulhlaup, sem myndu sópa brú og stöplum fram í sjó. Þó að því sé til lagastafur fyrir þessari brúarbyggingu, þá ætti hún ekki að standa fyrir öðrum nauðsynlegri brúm, sem gætu staðið svo að segja um aldur og ævi.

Enn má geta þess, að þetta brúarmál hefir legið fyrir sýslunefnd Eyfirðinga, og hefir hún samþykt skarpa áskorun til þingsins, um að fá brú á ána (Eyjafjarðará), svo að hvernig sem þetta mál er skoðað, þá virðist það undarlegt að þessi brú, sem sett hefir verið inn í

fjárlögin að vilja verkfræðingsins og stjórnarinnar, eigi að þurkast út af þinginu. Þegar talað var um brú á Jökulsá hér á þingi áður, þótti mörgum það fyrirtæki óskynsamlegt og með öllu óskiljanlegt, að slíkt mannvirki gæti komið að nokkru gagni. En það mál var sótt af svo miklu kappi hér 1911, að það komst í gegnum báðar deildir, hversu óhyggilegt sem ýmsir þingmenn þá álitu það. Eg veit, að háttv. fjárlaganefnd þykist hafa ástæðu til þess, að gera þessa brúabreytingu að eins vegna þessara laga, en allkynlegt er það, þegar hún hlýtur þó að sjá, hver fjarstæða þetta er.

Eg skal svo ekki fjölyrða frekara um þetta, en það hygg eg, að ekki líði svo nokkurt þing úr þessu, að ekki komi áskoranir úr Eyjafirði, um að fá þessa brú, *ef* svo ólíklega kynni til að vilja, að ekki fengist fé til hennar nú, sem enginn efi er á að kemur mönnum þar mjög á óvart, því að í vor hafði enginn maður grun um að það mundi koma til tals, að fara að brúa Jökulsá að svo stöddu.

**Eggert Pálsson:** Við þingmenn Rangvellinga eigum hér brtill. á þgskj. 411 og 412. Í brtill. á þgskj. 412 er farið fram á það, að Rangárvallasýslu verði endurgreitt það, sem hún hefir kostað til flutningabrautar frá Rauðalæk og að Ægissíðu. Ástæðurnar til þessa eru þær, að í upphafi lét landið ekki leggja brautina lengra en að Rauðalæk, en þá tók sýslan að sér framhaldið að Ægissíðuvaði, því að brautin var með öllu ónýt, ef hún endaði í mýri við Rauðalæk, og þess vegna varð að halda henni áfram. En eftir vegalögunum er landssjóður skyldur til að kosta lagning flutningabrautanna. En svo tekur verkfræðingurinn þennan vegarspotta, sem sýslan, en ekki landssjóður hafði lagt, og afhendir sýslunefndinni hann til viðhalds.

Sýslunefndin áleit nú að landið væri skyldugt að kosta lagningu jafnt þessa hluta brautarinnar sem hins kaflans. Og að minsta kosti mælir öll sanngirni og réttlæti með því, að landssjóður endurgreiði sýslunni kostnað, þann sem hún hefir haft við lagningu þessa brautarkafla, þótt eg hins vegar skuli ekkert um það segja, hvort sýslan mundi vinna, ef í mál færi. Það er lögfræðinganna, en ekki mitt, að dæma um það.

Eg veit nú að háttv. fjárlaganefnd hefir ekki viljað sinna þessu máli, en hitt veit eg ekki, hvernig háttv. deild kann að líta á það, en við flutningsm. álítum það skyldu okkar, að gefa henni færi á að greiða atkvæði um það, og gerum okkur von um að meiri hluti deildarmanna reynist hér sanngjarnari í dómi en meiri hluti fjárlaganefndar hefir reynst.

Hin brtill. er um brú á Eystri Rangá. Það er ekkert ánægjulegt, að þurfa nú að biðja um hana. Eg er fyrir mitt leyti búinn að fá nóg af því, að berjast fyrir því á hverju þingi frá 1903, að fá brúna á Ytri-Rangá, þangað til hún fekst loks í fyrra, og eg bjóst ekki við því, að þurfa nú að koma með þessa fjárbón til þingsins, og Rangæingar yfir höfuð ekki heldur. Það datt engum í hug, að það mundi kalla svo bráðan að. Eystri-Rangá hefir fram á síðustu tíma verið fremur lítið vatnsfall, náð svona kviði og þar um bil, og oftast vel fær með vagn, og það var hún seinast í fyrrasumar, nema hvað hún hefir getað orðið ófær í stórrigningum. En í vetur hefir hún grafið sig svo niður við annan bakkann, að hún má heita ófær, að minsta kosti með vagn. Í sumar get

eg t. d. fullyrt, að hún hafi sjaldnast minni verið en í taglhvarf, og geta allir skilið, að slíkt sé vögnum ófært.

Í vor var talað um það við verkfræðinginn, hvort ekki mætti gera við vaðið á einhvern hátt, en hann áleit að það myndi kosta töluvert fé, en ekki verða til frambúðar. Það hefir verið reynt að moka skarð í bakkann að austan verðu, litlu ofar, en reynst árangurslítið. Áin grynkaði lítið sem ekkert, en botninn reyndist blautari og hestum þar því enn þá óhægara um dráttinn. Að áin hefir grafið sig svona ört og mikið orsakast víst mest af því, að vagnhjólin losa um sandinn í botninum, og hann er fljótur að renna burt, og því örara eftir því sem strengurinn verður harðari. Hins vegar var engin von til þess, meðan áin var góð yfirferðar, að verkfræðingurinn eða stjórnin tæki þessa fjárveitingu inn á fjárlagafrumvarpið. Þegar verkfræðingurinn gerði sínar tillögur til stjórnarinnar, fjárlagafrv. til undirbúnings, og eins þegar hv. stjórn samdi það, var engin knýjandi nauðsyn komin fram um þessa brúargerð. Það kom fyrst til í vor að þessi nauðtyn tók að sýna sig. En síðan þá veit eg ekki til að nokkur hafi komið flutningi yfir hana án þess að skemma hann meira eða minna.

Eg veit til þess, að læknir okkar hefir t. d. tapað á annað hundrað kr. virði í meðölum við flutning yfir á þessa, með því að allur farangurinn, sem á vagninum var, eyðilagðist, nema það eitt, sem var í heldum umbúðum eða á glösum. Sjálfur hefi eg sent vagna yfir ána með góðum mönnum, sem hafa gætt allrar varúðar, en þó fæ eg nú þær fréttir, að sumt hafi skemst til muna, enda getur ekki annað verið, þar sem áin er svo djúp. Sumir kynnu nú að segja, að þarna ætti að vera ferja. En nú hagar svo til, að þarna er enginn bær í grendinni, svo að þá þyrfti að byggja yfir ferjumanninn og mundi það slaga hátt upp í brúarkostnaðinn. Og hins vegar er hvergi annað vað nærri. Til þess að fá annað vað mundi verða að leita annað hvort niður undir Móeiðarhvol eða upp undir Minna-Hof. Og mundi það í fyrra tilfellinu kosta lestina fullan hálf-tíma og í seinna tilfellinu kl.st. að fara þann krók, auk þess sem vikið væri þá frá inum vagnfæra vegi og þeim yrði ekki við komið fyrir austan ána.

Það munu nú allir skilja, hve tilfinnanlegt þetta er fyrir alla sem austan Rangár búa, þegar þeir verða að flytja vörur frá Eyrarbakka eða úr Reykjavík fyrir alt að þrjá aura á hvert pund, að fá þær svo í þokkabót meir eða minna skemdar í Rangá. Og þó að nú þessi brú gangi eigi fram á þessu þingi, þá hlýtur hún þó að ganga fram næst, og kemur þá að eins til álita og samanburðar vaxtatap landssjóðs af brúarverðinu þangað til, á aðra hlið, og tap héraðsbúa á hina. Og öllum getur skilist, að ekki muni það vera svo lítið, þar sem Fljótshlíðar- og Hvolhrepps-búar sækja alt þessa leiðina, og Landeyjarnar allmikið, þótt þeir dragi megnið að sér utan úr Vestmannaeyjum. Það má líka nærri geta, hve örðugar samgöngurnar þá og verða að vetrinum að ýmsu öðru leyti sem er þeim mun tilfinnanlegra, þar sem áin rennur um mitt læknishéraðið.

Eg get skotið máli mínu um nauðsyn þessara brúagerða til háttv. þm. Vestm. (J. M.), því hann mun vera sá eini fyrir utan okkur flutn.m.. sem veit gerla, hvernig áin er nú. Hann fór austur fyrir þing og sá þá gerla, hvílíkur farartálmi hún er, enda þótt þá væru ekki rigningar.

Kostnaðurinn við þessa brúargerð á að verða 18 þús. kr., eftir áliti verkfræðings, sem kvaðst hafa gert áætlun

um hann fyrir nokkkrum árum. En þó get eg jafnvel trúað því, að brúin verði ódýrari þegar til kemur, þó að hann hafi ekki þorað að áætla kostnaðinn lægri. Þannig reyndist þegar Ytri Rangá var brúuð, að það var hægt að brúa Hróarslæk með afganginum og að nokkru leyti líka Steinslæk. Þetta stafaði einna mest af því, að héraðsbúar létu sér svo ant um að flutningar á efni yrðu svo ódýrir sem unt var, og má segja þeim það til hróss. Þeir fluttu pundið fyrir $^3/_4$—1 eyri, og sennilega mundu þeir enn greiða sem bezt fyrir flutningunum, svo að verkið verði svo ódýrt sem unt er. Um þessa breyt.till. hefir háttv. fjárlaganefnd látið í ljósi, að hún sé henni fylgjandi og vænti eg því að hv. deild verði yfir höfuð sömu skoðunar og líti á, hver nauðsyn er á þessu verki. Þess er ekki langt að bíða, að það verður að gerast, hvort sem er, en hins vegar mikið í húfi að fresta, þegar ekki er hægt að komast leiðar sinnar án þess að skemma allan varninginn, sem yfir ána þarf að flytja, meira eða minna.

Um brýrnar á Jökulsá og Eyjafjarðará skal eg taka það fram, að eg er því ekki fullkunnugur, hver meiri hefir réttinn á sér með tilliti til umferða. Eg hefi aldrei farið yfir þær ár. En allir vita það, þótt ekki hafi beinlínis reynt það sjálfir, að Jökulsá er ákaflega hættulegt vatnsfall. Hún hefir margan drepið, og á sjálfsagt eftir að drepa marga enn þá, ef hún verður óbrúuð. Og það er mér kunnugt að ákaflega mikill þröskuldur getur hún verið í vegi fyrir fjárrekstrum Skaftfellinga suður. Að minsta kosti reyndist hún þeim svo í fyrra haust. Þeir urðu að bíða við hana mjög marga daga sér til ómetanlegs tjóns. Enn fremur er á það að líta, að áin er á póstleið og á leið allra Skaftfellinga, er suður til Reykjavíkur fara, auk þess sem allur Austur-Eyjafjallahreppur og talsvert af Vestur-Eyjafjallahreppi sækir nú vezlun sína yfir hana austur í Vík. En aðallega er eg þó meðmæltur þessari brú og legg áherzlu á hana, af því að gert er ráð fyrir henni með sérstöku lagaboði. Mér finst að þingið verði að standa við það sem það hefir gert, og það hefir nú einu sinni mælt svo fyrir að Jökulsá skuli brúa. Og þess vegna verður það sem heiðarlegt þing að standa við orð. Eg get að vísu ímyndað mér að brúarstæðið sé vont, en ekki ætti það þó að vera frágangssök að brúa ána þess vegna. Verkfræðingi hefir einu sinni sýnzt það tiltækilegt að brúa ána, þegar hann gerði áætlun um kostnað við það. Því ef svo hefði ekki verið, þá hefði hann heldur ekki átt að vera að eyða tíma og fyrirhöfn í að gera slíka áætlun og gefa mönnum þar með tálvonir um það, sem aldrei gæti komið til að rætast. Eg tel það því víst, að þegar verkfræðingurinn samdi áætlunina, hafi hann talið brúargerðina tiltækilega. Og hafi hún verið tiltækileg þá, þá er hún það líka enn; og þess vegna vona eg að tillaga fjárlaganefndarinnar, sem hér að lýtur, nái samþ. háttv. deildar.

**Björn Kristjánsson:** Eg á hér dálitla breyt.till. á þgskj. 388 um brú á Bleikdalsá á Kjalarnesi. Yfir hana liggur þjóðvegur og póstvegur og það hefir staðið til fyrir löngu að brúa hana. Landsverkfræðingur gerði áætlun um það árið 1909, hvað brúin mundi kosta, og segir svo í bréfi frá honum, að járnbrú mundi kosta 3900 kr., en munnlega hefir hann tjáð mér, að steypt steinbrú mundi kosta annað eins. Eg bar fram tillögu um þetta á þingi 1909, en þá var ekki unt að fá þetta vegna fjárveitinga til annara hluta sýslunnar, þar sem brýnust var þörfin. Nú er þetta eina fjárbeiðnin úr Kjósarsýslu, og væri því sanngjarnt að veita hana. Auk þess

liggur leið læknisins yfir þessa á, og héraðið varð flestum eða öllum héruðum ver úti í læknaskipunarlögunum, er þeim var breytt síðast, þá tekið af þeim læknishéraðið, og verða því að sækja lækni yfir þessa á og fleiri ár suður í Hafnarfjörð. Áin getur orðið bráðófær, því að hún er mjög straumhörð, og síðast í vetur lá manni við slysi í henni, þótt hann slæddist upp á endanum. Það væri því meiri ástæða til þess að sþ. þetta, þar sem það hefir verið felt hér í deildinni að létta af þessari sýslu viðhaldsskyldunni á veginum héðan suður í Hafnarfjörð, sem er þó sannkallaður »almenningur«, því menn frá öllum landshornum fara um þann veg og mikið af útlendingum. Skal eg svo ekki orðlengja þetta meira, heldur reyna að vera stuttorður, eins og eg er vanur.

Um hinar breyt.till. okkar hefir hv. samþingismaður minn talað. Út af því vil eg benda á það, að stefna þingsins setti að vera sú, að láta þá sitja fyrir að fá vegi, hvað sem vegalögunum líður, sem eitthvað leggja fram til þeirra. Sumir fá þá nú án þess, og það þyrfti að breyta þessu þannig, að öll sýslufélög legðu eitthvað til.

Eg vona nú að háttv. deild líti á þessar þarfir, því að þá minka fjárbeiðslur úr þessum héruðum að sinni.

**Tryggvi Bjarnason:** Eg á ofurlitla breyt.till. á þgskj. 415 um fjárveitingu til viðbótar Hvammstangaveginum. Við þm. Húnv. skrifuðum fjárlaganefnd og fórum fram á talsvert meiri upphæð, en hér er nefnd. En nefndin sá sér ekki fært að ganga að því, af því að ekki er vant að veita styrk til sýsluvega yfirleitt. En henni mun ekki hafa verið ljóst, sem þó hefði mátt vera, að þetta er bara endurveiting, því að það stendur í núgildandi fjárlögum 2000 kr. til þessa vegar, þótt það hafi eigi verið notað enn þá af vissum ástæðum, og þess vegna er það tekið hér upp aftur. Það vantar enn mikið á að þessi vegur sé fullgerður. Annar vegar eru eftir 2 kilometrar til þess að hann nái austur á þjóðveginn, og til þessa spotta þarf 4000 kr. En svo eru þar að auk eftir 6 kilom. að vestanverðu til Hvammstanga, sem eru hrein vegleysa, og til þeirra þyrfti 12 þús. kr. eftir áætlun landsverkfræðings Jóns Þorlákssonar.

Þetta sem hér er farið fram á, er að eins til þess að bæta úr brýnustu þörf. Eg vonast eftir að undirtektir verði góðar og fjárveitingin sem veitt var 1911, endurtekin.

**Jón Magnússon:** Háttv. 2. þm. Rang. (E. P.) skírskotaði til mín um nauðsynina á brúargerð á Eystri-Rangá. Eg get eftir eigin raun staðfest, að ekki hefir verið ofsögum sagt af þeirri nauðsyn. Áin má heita algerlega ófær fyrir vagnflutning, því að eg kalla það ófært þegar í hvert skifti sem farið er með flutning yfir ána á vagni, þá hlýtur hann að skemmast, ef hann á annað borð getur skemst. Eg álít brúargerðina svo nauðsynlega, að hún megi alls ekki dragast, og þess vegna mælti eg með því, að féð sem farið er fram á verði veitt. Eg ímynda mér að flestum háttv. deildarmönnum sé kunnug leiðin hér austur, svo að þeir viti, hvílíkt nauðsynjamál er að hún teppist ekki, vegna innar afarmiklu umferðar sem þar er.

**Einar Jónsson:** Mitt nafn er á 4 breyt.till. Eina þeirra hefi eg tekið aftur og um tvær hefir verið talað allrækilega, svo að eg get verið stuttorður. Samt ætla eg að gera grein fyrir, hvers vegna eg tók aftur breyt.till. á þgskj. 447. Hún var við liðinn um persónulega launaviðbót við landsverkfræðinginn, að hann félli burtu. En þar sem það var sérstakur liður í breyt.till. fjárlaganefndarinnar, sem hægt var að greiða atkvæði um, samþykkja eða fella

sérstaklega, þá var breyt.till. óþörf og þess vegna tók eg hana aftur.

Það greip mig svo, að persónuleg launaviðbót til þessa manns væri óþörf. Í fjárlagafrumv. stjórnarinnar eru laun hans hækkuð úr 3000 upp í 4000 kr. Nefndin leggur til, að af þessari upphæð verði 3600 kr. skoðað sem landsverkfræðingslaun, en 400 kr. sem persónuleg launaviðbót. Eg hygg, að hann sé fullsæmdur af 3600 kr. launum, jafnvel þó að eg viðurkenni, að hann sé mjög vel starfinu vaxinn og hafi auk þess mikið verk með höndum. Svo hefir mér skilist, að hann bæri meira úr býtum en þessi laun, því að á fjárlögunum situr 500 kr. upphæð honum til ferðakostnaðar, og auk þess hefir mér dottið í hug, að ýmsir aðrir liðir væru honum heldur til tekna, svo sem sjá má á fjárlögunum.

Í sambandi við ferðakostnaðinn skal eg minna á breyt.till., sem eg ásamt öðrum hefi borið fram á þgskj. 446, um að ferðakostnaður og fæðispeningar landsverkfræðingsins og landsímastjórans skuli vera »eftir reikningi alt að« inni tilteknu upphæð. Þetta erið sama og t. d. fræðslumálastjóranum o. fl. er gert að skyldu, og getur ekki verið viðkomandi mönnum neinn bagi, en það er tryggilegra fyrir landssjóðinn.

Að eg held minni skoðun fram á þennan hátt gagnvart landsverkfræðingnum, kemur af því, að mér er illa við að laun embættismanna séu hækkuð til muna eins og á stendur.

Það lítur annars út fyrir, að háttv. deild sé að bregða á leik, þar sem hún fyrir nokkrum dögum hefir felt mörg launahækkunarfrumvörp, en nú er hún aftur farin að eyða dögum í það, að strekkja við að samþykkja það aftur, sem hún hefir áður felt. Það er erfitt að skilja framkomu sumra manna í þessu falli, nema ef vera skyldi löngun til þess, að sitja hér sem flesta daga á kostnað landsins.

Háttv. samþingismaður minn (E. P.) hefir talað svo rækilega fyrir brúnni á Eystri-Rangá, að eg þarf ekki að eyða orðum að því.

Það er að eins eitt atriði viðvíkjandi háttv. 1. þm. Eyf. (St. St), sem eg vildi athuga. Háttv. fjárlaganefnd leggur til, að fé það sem í fjárlagafrumv. stjórnarinnar er ætlað til brúar á Eajafjarðará, gangi til brúar á Jökulsá á Sólheimasandi. Hæstv. ráðherra og háttv. 1. þm. Eyf (St. St) halda því fram, að þetta sé svo mikið áhættuspil, að ekki sé leggjandi út í það. Eg hygg, að eg muni oftar hafa farið yfir ána heldur en nokkur annar viðstaddur og sé því kunnugastur manna hér í deildinni, hvernig Jökulsá hagar sér, og tel eg mig þess vegna hafa rétt til að lýsa skoðun minni á þessu máli. Það er langt frá því að eg telji þetta nokkurt áhættuspil, svo framarlega sem fé er fyrir hendi til þess. Eg skal með ljósu dæmi sýna, hvað eg hefi fyrir mér í þessu efni. Áin hefir legið í sama farveg svo lengi sem elztu menn muna. Tveir stórir steinar, nefndir »Stóru-steinar«, sitja við ána, einmitt þar sem brúin á að koma, og munu þeir jafnvel vera ætlaðir brúnni til styrktar. Þetta eru engin stórbjörg, á að gizka 4 álnir á hæð og jafnmargir faðmar ummáls. En þessir steinar hafa setið höggunarlausir og ekki farið úr skorðum svo langt sem menn vita. Ef þessir steinar væru hafðir undir brúna, þá væru þeir þess vegna tryggilegir, og sama gilti um steypta stöpla, sem væru vel grafnir niður og vandað til á allan hátt. Það er því fjarstæða hjá háttv. 1. þm. Eyf. að halda, að áin muni spyrna brúnni af sér. (*Stefán Stefánsson:* Það eru orð verkfræðingsins). Þá skil eg ekki orð

verkfræðingsins, því að hann hefir gefið í skyn, að ekki væri líklegt að brúin reyndist ótrygg. Um hitt skal eg ekki dæma, hvort sanngjarnt er að taka féð frá brúnni á Eyjafjarðará til þess að byggja brú á Jökulsá. En það er engin ástæða til að óttast, að Jökulsá spyrni brúnni út á sjó, þó að hlaup komi í hana. Eg hugsa að við lifum okkar ævi til lykta, okkar synir og þeirra synir áður en það kemur fyrir, þó að hlaupin séu ljót, því er sízt að neita.

Það var enn fremur fjarstæða, sem háttv. 1. þm. Eyf. (St. St.) sagði, að Jökulsá væri aldrei ófær nema stutta stund í einu. Er þar skemst á að minnast, að í haust sem leið teptust fjárrekstrar við hana í 7—8 daga, og var þó vitanlega að eins rigningatíð, en ekkert hlaup. Eg er auðvitað ekki kunnugur öllum vatnsföllum hér á landi, en þó hefi eg oft farið yfir mörg og vond vötn og hefi eg þó aldrei séð eins agalegt vatnsfall og Jökulsá á Sólheimasandi, enda er það því til sönnunar, að það vatn hefir drepið langflesta menn af öllum vötnum hér á landi.

Þessar upplýsingar, sem eg hefi nú gefið um Jökulsá á Sólheimasandi, eru það sannasta, sem eg veit. Vildi eg þess vegna að háttv. þingmenn veittu þeim athygli.

Eins og eg tók fram, ætla eg ekki að ræða um brúna á Eystri-Rangá. Og get eg að eins tekið undir með háttv. samþingismanni mínum (E. P.), að okkur var það óljúft verk að þurfa að fara fram á þessa fjárveitingu svona fljótt. En þörfin var svo brýn, að hjá því varð ekki komist, vegna þess að áin breyttist svo snögglega að ófær varð.

Vona eg svo að háttv. þingmenn taki þeirri og öðrum tillögum mínum svo vel sem þeir sjá sér frekast fært.

**Framsögum. (Pétur Jónsson):** Eg ætlaði, um leið og eg svara nokkrum orðum ýmsum atriðum, sem fram hafa komið, að skjóta því inn í, hvað mikilli hækkun breytingartillögur háttv. þingmanna nema. Að þeim tillögum sleptum, sem feldar hafa verið eða teknar aftur, valda allar breyt.till. samtals 146,500 kr. hækkun. Eg hefi áður tekið fram, hve mikilli hækkun br.till. við þessa grein nema. Það er þetta, sem eg vil leggja áherzlu á, að menn hafi í huga við atkvæðagreiðsluna, að spenna ekki bogann of hátt. Það voru nokkrir, sem héldu því fram, er skattamálin voru hér til meðferðar, að ekki væri brýn þörf á að auka tekjurnar sem stæði. *(Lárus H. Bjarnason:* Þar á meðal háttv. framsögum. sjálfur). Eg vona þess vegna að þeir hafi það nú fyrir augum, að halda svo spart á, að sá spádómur rætist. Eg segi þetta frá minni hálfu, eg hefi ekki verið beðinn að skila því frá fjárlaganefndinni, þó að vísu meiri hluti hennar greiddi atkv. með skattamálunum.

Eg hefi ekki mikla ástæðu til að svara einstökum ræðum, því að þær hafa allar gengið út á að sýna, hvað þessi og þessi breyt.till. hefði mikið til síns máls eftir ástæðum á þessum og þessum stað. Þessu vil eg engan veginn mótmæla. Eg kannast við að mikið og margt mælir með flestum þessum fjárbeiðslum, en segi einungis, að einhversstaðar verður að nema staðar. Að fara út í samanburð á milli þess sem fjárlaganefndin hefir fallist á, og þess sem hún hefir ekki fallist á, yrði alt of langt mál. Eg skal að eins geta þess, að fjárlaganefndin hefir viljað taka tillit til þess, hve héruðin hafa áður fengið eða fá nú mikinn eða lítinn styrk úr landssjóði til annara samgöngumála. Þar sem t. d.

er verið að leggja dýran síma, eða styrkja dýran innfjarðabát, er minni ástæða að láta veginn sitja fyrir í þetta sinn.

Eg hefi ekki minst á brúna á Jökulsá að öðru leyti en því, sem eg tók fram við framhald 1. umr. Út af ræðu hv. 1. þm. Eyf. (St. St.) skal eg að eins taka það fram, að hann má ekki skoða það svo, að fjárlaganefndin áliti rangt að brúa Eyjafjarðará. Hún hefir ekkert um það sagt, og eg held eg megi fullyrða að hún hafi ekkert á móti því, að þess sé full þörf. Fjárlaganefndin hefir einungis sagt, að Jökulsá yrði að sitja fyrir, úr því að ekki er hægt að brúa þær báðar á þessu fjárhagstímabili. Jökulsárbrúna er búið að ákveða með lögum, og þau lög skilur nefndin svo, að hún eigi að sitja fyrir öðrum brúm. Eg veit að svo muni fara, að eg fái ekki síður orð í eyra þegar heim kemur heldur en háttv. 1. þm. Eyf. (St. St), því að brú á Eyjafjarðará tekur í rauninni meira til míns kjördæmis heldur en nokkurntíma til hans. Mér verður því líklega síður en svo þakkað að hafa gert þessa tillögu. Eg veit, að það er mikl þörf á að greiða fyrir fjárrekstrum og öðru með því að brúa Eyjafjarðará, því að hún er til mikils farartálma, en hins vegar er hún ekkert manndrápsvatn, og ferðamenn komast venjulega ferða sinna yfir hana.

Það sem menn hafa á móti því að byggja brú á Jökulsá, er aðallega það, að hún sé ekki almennilega brútæk, og að hún hafi ekki meðmæli landsverkfræðings. Það er satt, að hann hefir ekki mælt með því, að hún verði látin sitja fyrir öðrum ám, en hann hefir samt mælt með, að brúin gæti staðið, og þess vegna hefir hann gert teikningu af henni, sem hér liggur fyrir, og áætlun um, hvað hún muni kosta. Eins og sjá má af teikningunni, á brúin að vera 226 metrar á lengd og bygð á stólpum, þannig löguðum, að mikið pláss sé fyrir ána að bylta sér til. Teikningin verður lögð fram á lestrarsalinn og önnur plögg brúnni viðvíkjandi. Þetta lá fyrir þinginu 1911 og það hafði þau áhrif á mig, að eg gat ekki greitt atkvæði á móti brúnni. Eg hafði álitið áður, að áin væri alls ekki brútæk, en undir eins og gefin var vís von um að hana mætti brúa, áleit eg að hún ætti að sitja fyrir öðrum ám. Ef eg má fá leyfi forseta til að lesa upp kafla úr bréfi verkfræðingsins, þá hygg eg að það geti orðið til fróðleiks og ef til vill, haft einhver áhrif í deildinni. Bréfið er skrifað til stjórnarráðsins 9. Júlí 1911, er verkfræðingurinn hafði gert teikningu af brúnni og áætlað kostnaðinn 78 þús. kr. Hann segir svo:

»Brúin er þannig gerð, að hún mun geta staðið öll væntanleg *vatnsflóð* í ánni. En eg get ekki með neinni vissu sagt, að hún muni standast jökulhlaup, þau sem koma í ána einstöku sumur. Smáhlaup, líkt og þau sem svo að segja árlega koma fyrir, munu alls ekki geta grandað henni, en eg hefi heyrt, að stundum hafi komið í hana verulega stór hlaup, stór stykki úr jöklinum hlaupið fram, og má ekki búast við að brú eða neitt annað mannvirki, sem fyrir verður, standist slík áhlaup. Því miður hefi eg ekki ábyggilegar upplýsingar um, hvenær slík hlaup hafa komið fyrir, eða hve tíð þau eru; stærsta hlaupið sem núlifandi menn muna, kom árið 1860, að sögn sama daginn og Katla gaus, og höfðu þálifandi elztu menn, að sögn ekki upplifað annað eins hlaup; í þessu hlaupi hagaði áin sér nú svo, að sá farvegur sem hér er áætluð brú á, stíflaðist, en áin hljóp eftir svonefndri Aurakvísl, sem er litlu vestar, vestan til í lægð, þeirri sem áin hefir grafið í sandinn, en sú

lægð er á þessum stað 600 metrar að breidd, og hvergi mjórri sem neinu nemur. Eftir hlaupið fór áin þó aftur í þennan farveg, sem hún er í, austast í lægðinni. . . . . Eftir því sem eg hefi getað spurt til, hafa 8 eða 9 menn druknað í á þessari á síðustu 80 árum«.

Þetta eru orð landsverkfræðingsins. Hann segir enn fremur, að á ánni megi hafa það sem hann kallar loftferju. En hann heldur að sá útbúnaður yrði í jafnmikilli hættu, ef veruleg jökulhlaup kæmu í ána. Það er alls ekki útilokað að svo mikil jökulhlaup geti komið, t d. í eldgosum, að brúna taki af, að minsta kosti að nokkru leyti. En það er sennilegt, að hún þyrfti ekki endilega að fara öll, og eftir því sem hlaupið 1860 hefir hagað sér, má telja líklegt að talsverður hluti hennar hefði bjargast. Fjárlaganefndin hefir komist að þeirri niðurstöðu, að það sé ekki verulegur voði að leggja út í brúargerðina, að minsta kosti ekki svo mikill, að það geti réttlætt að þingið fari að taka það aftur, sem það hefir lofað. Og hér er ekki um annað að ræða, en að þoka Eyjafjarðarbrúnni aftur fyrir, þannig, að hún kæmi ekki fyr en á næsta fjárhagstímabili.

Háttv. þingm. G.-K. (B. Kr. og Kr. D.) hafa báðir mælt með fjárveitingunni er þeir fara fram á til brúar á Bleikdalsá. Um það hefi eg ekkert að segja fram yfir það sem eg hefi sagt áður. Það má vel vera, að það sé nauðsynlegt, en eg segi enn: einhversstaðar verður að nema staðar. Um þetta atriði hafa engar nýjar upplýsingar komið fram, svo að fjárlaganefndin getur ekki fallið frá fyrra áliti sínu.

15000 kr. fjárbeiðnina til vegarins frá Keflavík til Grindavíkur hefir fjárlaganefndin líka íhugað sérstaklega. Hún leit svo á, að jafnvel þó að þörfin væri eins mikil og af er látið, þá hafi svo mikið verið gert fyrir þetta hérað undanfarið, að ekki væri nema eðlilegt, að öðrum héruðum væri nú sint um sinn og þetta látið bíða. Mundi það og eins holt fyrir héraðið, meðan það er að losa sig við þær skuldir, sem það hefir hleypt sér í fyrir vegi sína.

Það er ekki rétt, að vegur þessi hafi sömu þýðingu sem flutningabrautir hafa, sem allar eru lagðar frá kauptúnum upp í sveitir. Hann liggur strandlengis á milli tveggja verzlunarstaða, sem hafa gott samband á sjó, sem alt af er verið að styrkja með fjárframlögum til innfjarðabáts. Það eru einmitt vegaspottar, er liggja upp í in stóru héruð, sem verða að sitja fyrir þeim vegum, sem liggja strandlengis, þar sem sjóleið er allgreið.

Háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) talaði mjög lipurlega fyrir tillögum sínum. Kvaðst hann ekki vera ófáanlegur til að taka þær aftur að þessu sinni, ef fjárlaganefndin vildi veita minna fé gegn jafnmiklu fjárframlagi frá hlutaðeigendum. Mér er ómögulegt að lofa neinu um það fyrir nefndarinnar hönd. Frá mínu sjónarmiði get eg sagt, að ekki stæði á mér að mæla með því, enda er eg vel kunnugur, en eg get engu lofað fyrir nefndarinnar hönd. Háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) sagði, að það ætti að vera stefna í vegamálum að styrkja einkum vegi í þeim héruðum, þar sem vel væri lagt á móti. Þetta er sú stefna, sem þingið hefir fylgt hvað snertir sýsluvegina. Þess vegna er komið svo mikið í Keflavíkurveginn, að sýlsurnar hafa lagt til ríflega á móti. En eg vil benda á í þessu sambandi, að þeir vegir, sem landssjóði eru lagðir á herðar, eiga samt mestan rétt á sér. Það má eigi gleyma því, að þeir eiga að sitja fyrir sýsluvegum, hvað sem

framlögum héraðanna líður. Og vanalega eru það landssjóðsvegir, sem landssjóður vanrækir, í versta standi, því sýslunefndir og hreppsnefndir vilja ekki leggja fé í að endurbæta þá.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) talaði vel fyrir sinni tillögu um Fáskrúðsbrúna og er hart að þurfa að vera á móti henni, en fjárlaganefndin verður að leggja til að henni verði frestað í þetta sinn, en hún hlýtur að sitja fyrir í næstu fjárlögum. Viðvíkjandi till. sama þingm., á þgskj. 448, um styrk til bryggjugerða í Búðardal og Salthólmavík, vil eg geta þess, að nefndin lítur svo á, að einkum eigi að styrka til bryggju og hafna á þeim stöðum, þar sem skipakomur eru margar árlega og umskipun á vörum getur átt sér stað. Ef t. d. flóabátarnir kæmust í samband við flutningaskipin frá útlöndum, mundi bryggja á slíkum stöðum verða nauðsynleg. Nú liggja fyrir fjárbeiðnir í þessa átt, en ef ætti að fara að brytja niður í mjög marga staði fé, sem til þessa mætti verja, er eg hræddur um að lítið gagn yrði að því. Mér þótti vænt um, að þm. tók aftur tillögu sína um Borgarfarðarbátinn. Að vísu get eg engu lofað fyrir nefndarinnar hönd, en sjálfsagt er að sýna þar fulla sanngirni.

Mér skildist á háttv. þm. Dal. (B. J.), að hann mundi ekki vera ófáanlegur til að taka aftur fjárbeiðni sína til símalagningar í Dalasýslu. Þætti mér vænt um að hann gerði það, því eg tel óheppilegt að taka fyrir aðrar símalagningar næstu ár, en þær sem símlögin gera ráð fyrir, að sitji í fyrirrúmi.

Þá er breytingartilaga frá háttv. 1. þm. Rangv. (E. J.), sem að vísu hefir verið tekin aftur, um að afnema ina persónulegu launaviðbót landsverkfræðingsins. Nefndin hefir ekki gert aðrar breytingar við stjórnarfrumv., en að af þessum 4000 kr. verði 400 kr. skoðaðar sem persónuleg launaviðbót. Landsverkfræðingurinn hefir skýrt frá því, að hann geti ekki haldið þessu starfi lengur áfram, nema hann fái þá hækkuð laun. Honum hafa staðið til boða hærri tekjur við störf annarstaðar.

Nefndin er sammála stjórninni um, að við megum ekki við því að missa þennan mann, sem hefir staðið svo vel fyrir vegamálunum. Og það er meira um vert en einar skitnar 1000 kr., hvort forstaðan fyrir vegamálunum er góð, eða í meðallagi, eða þaðan af lakari.

Ef umskifti yrðu, fengist tæplega svo góður maður í staðinn, að tapið yrði ekki margfalt meira en þetta. Að þetta sé slæmt fordæmi og verki illa á þjóðina, eru mótbárurnar. Reyndar getur ekki verið að tala um fordæmi í þessu efni, nema þá sé bent á landsímastjórann. Hann setti upp og fékk hjá þinganu 5000 kr. laun og eftirlaunarétt að auki. Benda má á fleiri, t. d. vitastjórinn. Get eg því ekki álitið annað en fallast verði á tillögu nefndarinnar í þessu máli. Eg hefi fjölyrt um þetta vegna þess, að mér skildist á háttv. 1. þm. Rangv. (E. J.), að hann ætlaði að halda því til streitu að in persónulega launaviðbót landsverkfræðingsins yrði feld, þótt hann tæki till. sína aftur, af því að hún var óþörf í því efni.

Það má vel vera, að eg hafi gleymt einhverju, en ímynda mér að það saki ekki, því menn munu vera búnir að ráða við sig, hvernig þeir greiða atkvæði.

**Magnús Kristjánsson:** Eg ætla að eins að segja örfá orð út af brúnni á Eyjafjarðará. Eg get vel skilið, að háttv. framsögum. (P. J.) eigi erfitt aðstöðu í þessu máli, en eg geng út frá, að hann tali fremur fyrir meiri hl. nefndarinnar, en frá eigin brjósti, þegar hann talaði um að það yrði að fresta þessu máli. Eg álít að þessi mótspyrna sé fram komin af ókunnugleika nefndar-

innar, enda væri þess að vænta, því flestir nefndarmenn eru búsettir hér sunnanlands og þekkja að líkindum ekki, hvernig þarna hagar til, nema hv. framsögum., sem er sá eini af þeim, er nokkuð þekkir til.

Aðalástæðan til þess, að ekki sé hægt að brúa Eyjafjarðará á næsta fjárhagstímabili, er sögð sú, að á þinginu 1911 hafi verið samin lög um að brúa Jökulsá á Sólheimasandi. En eg veit ekki til, að annað standi í þessum lögum, en að hana skuli brúa þegar fé sé veitt til þess á fjárlögum. En eg sé ekki að þetta ákvæði hafi neitt að þýða, því að það er svo sem sjálfsagt, að allar ár landsins verði brúaðar þegar nægilegt fé er fyrir hendi til þess. Skil eg ekki, hvers vegna fjárlaganefndin álítur sig svo bundna við þetta ákvæði, enda álít eg hana ekki skuldbundna til að framkvæma ályktanir, sem fyrri þing hafa gert, ef þær við nánari athugun reynast misráðnar, eins og eg álít að hér eigi sér stað.

Ekki hefir enn þá komið fram nein verulega rökstudd ástæða fyrir því, að brúin á Jökulsá geti orðið tryggileg, heldur þvert á móti, hefir Jón Þorláksson ráðið frá að byggja hana

Eins og kunnugt er, er Eyjafjarðará stórt vatnsfall á einni fjölförnustu póstleið landsins, nálægt öðrum stærsta kaupstað landsins, Akureyri, sem er miðstöð alls viðskiftalífs norðanlands. Einmitt á þessum stað er því mikil þörf á brú, og er furða, að dregist hefir fram á þennan dag að leggja hana. Það yrði of langt mál að lýsa nákvæmlega hvernig til hagar á þessum stað, en eg ætla að drepa á það með örfáum orðum. Ain getur verið ófær um lengri tíma, einkum haust og vor, því þá eru það veikir ísar, sem hindra umferðina mjög tilfinnanlega. Það er því ekki eins létt verk og margur heldur, að komast áfram ferða sinna yfir hana, en en umferðin á þessu svæði er ákaflega mikil, oft mörg hundruð á dag. Eg get hugsað mér, þó eg hafi ekkert til að byggja á í þessu efni, að umferðin um Jökulsá á móts við umferðina yfir Eyjafjarðará standi í hlutfallinu 5 á móti 100.

Hvort öðrum finst það ástæða, skal eg ekki dæma um, en mér finst það, að þegar maður hugsar sér vatnsfall eða vaðla, sem eru 2 km. á breidd, þá er oft hrygðarsjón að sjá, þegar hestarnir verða að brjóta ísinn mikið af leiðinni, og svo þegar þeir koma í land blóðugir, klökugir, hríðskjálfandi og geta varla staðið á fótunum. Get eg ímyndað mér að margur kallaði þetta illa meðferð á skepnunum. En þegar mönnum er lífsnauðsynlegt að komast áfram, er úr vöndu að ráða, og flestir munu taka þann kostinn, að reyna að koma áfram ferð sinni þrátt fyrir ina miklu erfiðleika og þá jafnan hætt við slysum. Eg set þetta að eins fram hér af því mér finst það vera megn ókunnugleiki, sem bagar þessu máli. Mætti kannske líka taka til greina, að Akureyri og Eyjafjörður leggja töluvert meira til landssjóðs, en nokkuð annað hérað á landinu.

Eg skal svo ekki vera að orðlengja þetta meira, en mig langar að eins til að draga fram eitt dæmi áður en eg sezt.

Það hefir mikið um það verið rætt, að margir menn hafi farist í Jökulsá á Sólheimasandi, en það hafa líka farist margir menn í Eyjafjarðará. Eg veit ekki um tölu þeirra, en eg vissi til þess, að í fyrra þurftu 3 ungir efnisbændur í Eyjafirðinum að fara yfir ána. Var þá, sem oftar, á henni mjög ótryggur ís, en mennirnir þurftu nauðsynlega að koma áfram ferð sinni. Lentu þeir niður í hyldýpi og var það tilviljun ein, að

þessum mönnum varð bjargað, þar menn að í þessum svifum, hefðu þeir annars orðið að láta líf sitt. Þó mér sé brúargerðin áhugamál, tel eg samt vel farið, að ekki vildi til slys í þetta sinn, því það hefði verið of dýrt að offra þess um þremur mönnum til að færa þinginu heim sanninn um að þetta fyrirtæki sé nauðsynlegt. Vona eg að menn hugsi sig vel um áður en þeir fella brúna.

Þá ætla eg með örfáum orðum að minnast á vitamál. Það hafa komið fram raddir um að setja upp vita á Ingólfshöfða, en þar held eg ekki sé sem heppilegastur staður. Eg hefi að vísu ekki svo mikla þekkingu á þessu máli, en eftir viðtali við botnvörpungaskipstjóra, held eg að því sé ekki að ástæðulausu haldið fram. Það er alveg nauðsynlegt að vanda sem bezt til vitanna að öllu leyti, því illir og óhentugir vitar eru verri en engir. Þess vegna verður það að vera stefna þingsins, að spara enga fyrirhöfn eða peninga til þess að koma vitunum upp á þeim stöðum, þar sem þörfin fyrir þá er mest, og þá eru það íslenzku skipstjórarnir, sem hafa mesta reynslu fyrir, hvar mest er þörf fyrir þá. Eg vildi að eins benda fjárlaganefndinni á, hvort hún ekki vildi athuga þetta mál. Eg veit að allir sjómenn, sem vit hafa á málinu, óska eftir að vitinn sé hafður á Meðallandi, en ekki á Ingólfshöfða. Sé hann hafður á Ingólfshöfða, kemur hann mest að notum útlendum skipstjórum, sem máske aldrei koma hingað og aldrei borga vitagjald, en sé hann settur Meðallandstangann, kemur hann Íslendingum langtum fremur að notum.

**Ráðherrann (H. H.):** Eg ætla að eins að gefa þá upplýsingu, að viti á Meðallandstanga mundi eftir umsögn verkfræðingsins kosta um 80,000 kr., en á Ingólfshöfða ekki nema 20,000 kr. Hér er því að ræða um 60,000 kr. mismun fyrir landssjóð.

**Bjarni Jónsson:** Eg stend upp að eins til þess að taka aftur brtill. mína 4. lið á þgskj. 448, um símann frá Búðardal að Tjaldanesi. Eg hefi nefnilega von um að brtill. um brúargerðina á Fáskrúð nái fram að ganga, og sé eg ekki til neins að fara fram á símann, ef hún verður samþykt. Ef hún verður ekki samþykt, þá mun eg bera fram þessa brtill. við 3. umr.

**Benedikt Sveinsson:** Eg ætla að taka aftur brtill. mína nr. 44 á atkvæðaskránni, um að ryðja akfæran veg frá Kópaskersvogi inn að Jökulsárbrú í Öxarfirði. Aftur á móti tek eg ekki aftur tillöguna um að fullgera færan reiðveg yfir Flöguflóa í Þistilfirði. Upphæðin er svo lítil, að eins 500 kr., sem til þess þarf. Það liggur í hlutarins eðli, að þann veg þarf að fullgera, úr því að byrjað hefir verið á honum.

Eg get ekki annað en tekið í sama strenginn sem háttv. þm. Ak. (M. Kr.) um vitana. Mér sýnist, að ekki sé hyggilegt að reisa vitann á Ingólfshöfða. Meðallandstangavitann ætti að reisa í staðinn. Eg hefi talað við marga skipstjóra og segja þeir allir, að þar sé lang hættulegast eins og dæmin sýna líka, þar sem skipin eru alt af að stranda þar. Það er ekki til neins að bera þann vita saman við Ingólfshöfðavitann, því að hans þarf hvort sem er.

Annars finst mér kostnaðurinn við stjórn vitamálanna orðinn nokkuð mikill. Umsjónarmaður vitanna og aðstoðarmaður hans éta upp meira en laun 17 vitavarða nemur.

**Framsögum. (Pétur Jónsson):** Eg skal reyna að vera stuttorður. Hv. þm. Ak. (M. Kr.) vildi endilega fá brú á Eyjafjarðará nú þegar, og færði margar ástæður fyrir því, hve sú brú er

nauðsynleg. Það var nú óþarft gagnvart mér og nefndinni. Hér er að eins um það að gera, að brúin bíði eitt fjárhagstímabil. Á hverju einasta þingi eru margar beiðnir, sem fram koma, um að brúa ár. Það er ekki hægt að gera alt i einu, þar er allur galdurinn.

Viðvíkjandi vita á Ingólfshöfða er það að segja, að það er rétt, sem háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) sagði, að ekki væri hægt að bera saman Meðallandsvitann og hann Bæði er að Meðallandsvitinn er meira en 5-falt dýrari, og svo mundi rekstrarkostnaðurinn við hann verða 6 falt meiri.

Háttv. þm N. Þing. vildi gera nokkuð mikið úr, hve kostnaðurinn við stjórn vitamálanna væri orðinn mikill. En umsjónarmanni vitanna er ekki ætlað að gera meira en að hafa umsjón með þeim. Hirðing vitanna er vandasamt verk og afar áríðandi, því að leiðarljós, sem bregzt, er miklu verra en ekkert ljós. Eftirlitið þarf því að vera ríkulegt og örugt, ef hirðingin á að vera nægilega trygg.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Eg stend upp til að taka í sama streng og háttv. þingm. Akureyrar um vitamálin. Það má vel vera, að vitinn á Meðallandstanga sé dýrari að öllu leyti. En þá er betra að geyma að byggja vita; því að vitinn á Ingólfshöfða er ekki til neins verulegs gagns. Eg mun koma með breytingartillögu við 3. umræðu um þetta efni.

ATKV.GR.:

20. brtill. 350, 16. samþ. með 20 : 3 atkv.

21. brtill. 350, 17. samþ. með 18 samhlj. atkv.

22. brtill. 350, 18 a. samþ. með 16 : 1 atkv.

23. a. brtill. 450 sþ. með 21 : 1 atkv.

23. b. brtill. 350, 18 b. þar með fallin.

24. brtill. 350, 19 a. samþ. með 20 shlj. atkv.

25. brtill. 447 tekin aftur.

26. brtill. 350, 19 b. samþ. með 13 : 5 atkv.

27. brtill. 446, 1, samþ með 20 shlj. atkv.

28. brtill. 350, 20, samþ. með 22 shlj. atkv.

29. brtill. 350, 21, samþ. með 17 shlj. atkv.

30. brtill. 350, 22, samþ. með 16 shlj. atkv.

31. brtill. 411, sþ. með 19 shlj. atkv.

32. brtill. 448, 1, samþ. með 15 shlj. atkv.

33. brtill. 350, 23, samþ. með 16 shlj. atkv.

34. brtill. 350, 24, fyrri hluti, sþ. með 15 : 6 atkv.

34. brtill. 350, 24 síðari hluti sþ. með 11 : 10 atkv.

35 brtill. 399, samþ. með 15 : 2 atkv.

36. brtill. 388, fyrri hluti, feldur með 10 : 7 atkv.

36 brtill. 388, síðari hluti, feldur með 9 : 9 atkv.

37. brtill. 350, 25, samþ. með 14 shlj. atkv.

38. brtill. 415, sþ. með 18 shlj. atkv.

39 brtill. 350, 26, samþ. með 23 shlj. atkv.

40. viðaukatill. 412, feld með 11 : 6 atkv.

41 brtill. 389, feld með 12 : 11 atkv.

42. brtill. 403, samþ. með 21 shlj. atkvæðum.

43. brtill. 417, feld með 9 : 9 atkv.

44. brtill. 422 a., tekin aftur.

45. brtill. 422 b., samþ. með 17 shlj. atkv.

46. brtill. 448, 2, fyrri liður, feldur með 12 : 5 atkv.

46. brtill. 448, 2, síðari liður, feldur með 11 : 4 atkv.

47. brtill. 448, 3, tekin aftur.
48. brtill. 350, 27, samþ. með 19 shlj. atkv.
49. brtill. 448, 4, tekin aftur.
50. brtill. 350, 28, samþ. með 17 shlj. atkv.
51. brtill. 350, 29, samþ. með 16 shlj. atkv.
52. brtill. 350, 30, samþ. með 21 shlj. atkv.
53. brtill. 350, 31, samþ. með 21 shlj. atkv.
54. brtill. 350, 32, samþ. án atkvæðagreiðslu.
55. brtill. 350, 33, samþ. án atkvæðagreiðslu.
56. brtill. 446, 2, samþ. með 23 shlj. atkv.
57. brtill. 429, sþ. með 22 shlj. atkv.
58. brtill. 350, 34, samþ. með 22 shlj. atkv.
59. brtill. 350, 35, samþ. með 19 shlj. atkv.
60. brtill. 350, 36, samþ. með 23 shlj. atkv.
61. brtill. 350, 37, samþ. með 21 shlj. atkv.
62. brtill. 350, 38, samþ. með 18:5 atkv.
13. grein þannig breytt samþykt með 24 samhlj. atkv.

---

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið á fundinum:

1. Breyt.till. við brtill. fjárlaganefndar við fjárlagafrumvarpið. Frá Jóni Ólafssyni o. fl. (454).
2. Breyt.till. við frumv. til laga um ábyrgðarfélög. Frá nefndinni (445).

Og að frá efri deild hefði verið útbýtt:

Framhaldsnefndaráliti um frumv. til laga um bæjanöfn (451).

Fundi slitið.

## 37. fundur.

Mánuudag 18. Ágúst 1913, kl. 12 á hád.

Dagskrá:

1. Frumv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915 (stj.frv., n. 348, 350, 366, 373, 384, 386, 387, 392, 393, 395, 396, 397, 398, 400, 401, 413, 414, 416, 418, 419, 420, 421, 426, 428, 430, 431, 436, 439, 445, 454, 459, 460); framh. 2. umr.

---

Allir á fundi.

Fundarbók síðasta fundar lesin upp, samþ. og staðfest.

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið í deildinni:

Breytingartill. við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915 á þingskj. 459 og 460.

Og að útbýtt hefði verið áður og enn á fundinum:

1. Breytingar- og viðaukatillögum við frv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915 á þingskjölunum 366, 373, 384, 386, 387, 392, 393, 395, 396, 397, 398, 400, 401, 413, 414, 416, 418, 419, 420, 421, 426, 428, 430, 431, 436, 439, 445, 454.

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið frá Ed.:

1. Frv. til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbankans til að gefa út 4. flokk bankavaxtabréfa Eftir 3. umr. í Nd. (452).
2. Frv. til laga um gjafasjóð Jóns Sigurðssonar handa fátækum í Eyjafjarðarsýslu. Eftir 3. umr. í Nd. (453).
3. Frv. til laga um viðauka og breyting á lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða frá 12. Jan. 1884. Eftir 3. umr. í Nd. (456).
4. Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1912 og 1913. Eftir 2. umr. í Ed. (457).

5. Breytingartill. við frv. til laga um forðagæzlu. Frá nefndinni (458).

Forseti skýrði frá, að lagt hefði verið fram á lestrarsal:

1. Erindi frá Árnesingum um 5 ára einkarétt til þess að gefa út og selja jólamerki og skuli ágóðinn renna til spítalabyggingar fyrir Suðurlandsundirlendið.
2. Erindi frá Þorkeli Þ. Clemenz um 2000 kr. utanfararstyrk til þess að afla sér frekari þekkingar á fiskþurkunaraðferðum o. fl. þar að lútandi (1. figskj.).
3. Erindi frá Ólafi lækni Gunnarssyni um 1500 kr. árlegan styrk til þess að veita mönnum orthopædiska læknishjálp og kenna orthopædiska kirurgi við Háskóla Íslands (1. figskj.).
4. Erindi frá 1002 konum um aukin kvenréttindi.

Þá var gengið til dagskrár og tekið fyrir:

FRUMVARP til fjárlaga 1914—'15 (stjfrv., n. 348, 350, 366, 373, 384, 386, 387, 392, 393, 395, 396, 397, 398, 400, 401, 413, 414, 416, 418, 419, 420, 421, 426, 428, 430, 431, 436, 439, 445, 454, 459, 460); framhald 2. umr.

14.—15. gr.

**Framsögum. (Pétur Jónsson):** Eg ætla í bráðina að láta mér nægja með stutt yfirlit það, sem samþykt var hér í fyrradag; það hafði þau áhrif, að útgjöldin í 11.—13. gr. hækkuðu um 152.900 kr.

Þá ætla eg að benda á, hve mikil hækkunin yrði, ef allar hækkunartillögur við 14. gr. og aftur úr yrðu samþyktar. Hækkunartillögur nefndarinnar við 14. gr. nema 57080 kr., einstakra þingm. 1200 kr., eða alls 58.280 kr. Stærstu hækkanirnar á þessari grein eru því, eins og sézt á þessu, eftir tillögu nefndarinnar og dregur þar mest um einn lið, nfl. viðgerð á dómkirkjunni.

Viðvíkjandi 15. gr. fer nefndin fram á 3150 kr hækkun, en einstakir þingm. 15.000 kr. Það gerir 18.150 kr.

Við 16. gr. fer nefndin fram á 53.600 kr. hækkun, en einstakir þm. 37.400 kr. — eða þa 91.000 kr. alls.

Og loks við 18. gr. fer nefndin fram á 700 kr. hækkun, en einstakir þingm. 900 kr., eða 1600 kr. alls.

Ef allar þessar hækkunartill. verða samþyktar, er hækkunin gjalda megin um 322 þús. kr. Hvað lækkanir snertir, þá er þegar búið að samþ. 78.200 kr. lækkanir. Aðalupphæðin er brúin á Eyjafjarðará, sem stóð á stjórnarfrv. En tillaga nefndarinnar um brúargerð á Jökulsá náði heldur ekki fram að ganga. Hitt eru smávægis lækkanir. Er hér því um vafasaman sparnað að ræða; því líklegt er að önnurhvor þessi brú komi inn síðar.

Við 14. gr. hafa komið fram frá þm. breyt.till., sem fara fram á 1600 króna lækkun nettó, og við 15. gr. 10.900 kr. lækkun. Nái nú allar þessar sparnaðartillögur fram að ganga, nema lækkanirnar samtals 90.700 kr. En ráð geri eg fyrir því, að vanhöld verði á þessu, ef að vanda lætur. Líka þykir mér ekki ósennilegt, að sá sparnaður, sem þegar er gerður, verði ekki eins drjúgur og menn halda, vegna þess, að ekki er ósennilegt, að háttv. Ed. setji inn aðra hvora brúna, sem feld var burtu hér í Nd. Enda álíti eg það óheppilegt, ef hvorug þessi brú kæmist upp á þessu fjárhagstímabili. Það veitir ekki af því að halda sleitulaust áfram að að ryðja úr vegi þeim torfærum, sem örðugastar eru á alfaravegum.

Eins og áður get eg skírskotað til nefndarálitsins viðvíkjandi þeim br.till.,

sem nefndin hefir leyft sér að koma fram með. Þó verð eg að minnast lítið eitt á 69. brtill., vegna þess, að hennar er ekki minst í nefndarál.; hún kom ekki til fyr en álitið var fullprentað. Þessi till. stafar af erindi frá Landsbókaverðinum, þar sem skýrt er frá því, að óhjákvæmilegt sé að setja einhverja girðingu kring um Safnahúsið, gera við gólfið í bókhlöðunni o. fl. Nefndin áleit, að svo búið mætti ekki standa með hirðingu á þessari byggingu. Að minsta kosti þyrfti myndarlega girðingu fyrir framhliðinni á húsinu og til bráðabirgða um alla lóðina til að friða hana. Ennfremur hefir Landsbókavörður mælst til þess að veitt væri upphæð til þess að gera við gólfið í húsinu. Kostnaður við þetta hvorutveggja er áætlaður 2550 kr., og hefir nefndin gert það að tillögu sinni, að þetta fé verði veitt. Eg hygg að öllum sé svo ant um þessa myndarlegu byggingu, að þeir sjái ekki í svona litla upphæð, sem nauðsylegt er til þess að hún geti orðið landinu til sóma en ekki minkunar

Þá skal eg víkja að breyt.till. einstakra þingmanna.

Við 14. gr. liggja ekki fyrir br.till., nema á tveim þgskj. Önnur er frá hv. þm. V.-Ísf. (M. Ól.) og fer fram á það, að unglingaskólinn á Mýri í Dýrafirði verði tekinn úr öðrum unglingaskólum og styrktur með sérstakri fjárveitingu. Með þessu móti mundi skólanum áskotnast 600 kr. meira en hann fengi, ef hann að eins nyti góðs af sameiginlegri fjárveitingu til unglingaskólanna. Eg geri ráð fyrir, að háttv. þm. mæli sitt bezta með þessari breyt.till., en meiri hluti nefndarinnar leit svo á, að jafnvel þótt þessi skóli sé ef til vill að einhverju leyti fullkemnari en aðrir unglingaskólar, þá væri ekki næg ástæða til að taka hann út úr og veita honum sérstakan styrk. En þó virtist nefndinni það athugaverðast, að þá myndi hver unglingaskólinn af öðrum vilja skilja sig á sama hátt út úr og fá sérstakan styrk. Og kannast allir við það hnotabit, sem inn í þingið kæmi með því fyrirkomulagi. Þá er till. háttv. þm. Dal. (B. J.) um það að fella niður sérstaka fjárveitingu til unglingaskólanna á Ísafirði, Seyðisfirði og Hvítárbakka og koma þeim inn undir almennu fjárveitinguna til unglingaskóla. Viðvíkjandi Hvítárbakkaskólanum skal eg geta þess, að hann á eiginlega ekki heima undir þeim almennu unglingaskólum, fremur en t. d. skólinn í Flensborg. Hann hefir það fram yfir að lagt hefir verið úti með miklum kostnaði, að reisa honum sérstakt hús og hann er talsvert fjölmennari en hinir skólarnir. Þingið tók upphaflega þátt í að koma honum á áður en styrkur til unglingaskóla kom á fjárlögin og hefir styrkt hann síðan. Það væri því óneitanlega hart, ef það hlypi nú undan bagga, þegar búið er að leggja svo mikið í sölurnar. Því að það er alveg áreiðanlegt, að hann getur ekki staðist, nema með sérstakri fjárveitingu, eða meiri en þeirri sem unglingaskólar fá. Að minsta kosti virðist ekki ástæða til að taka þennan skóla undir unglingaskóla heldur en Flensborgarskólann. Þótt hann sé að vísu nokkuð eldri, er hann litlu nær því að geta heitið gagnfræðaskóli. Annars ætla eg mér alls ekki að fara í neinn samjöfnuð um þessa skóla. Eg er enginn skólamaður. Viðvíkjandi Ísafjarðar- og Seyðisfjarðarskólunum skal eg geta þess, að það munar minstu, hvort þeir eru inn undir unglingaskólunum eða ekki. En nefndin sá ekki ástæðu til að breyta frumv. í því að hafa þá sérstaka og leggur það til að báðir þessir skólar njóti jafn-hárrar styrkveitingar.

Þá kem eg að beyt.till. við 15. gr. Eg tek fyrst þær tillögur, sem fara fram á hækkun útgjaldanna.

Það er þá fyrst tillaga frá háttv. þm. Dal. (B. J.), sem fer fram á það, að bætt sé við málarann Jóhannes Kjarval 800 kr. seinna árið. Nefndin félst á að láta þessa fjárveitingu standa við það sama og ákveðið var í frumv. stjórnarinnar — 800 kr. fyrra árið. Nefndin hefir ekki getað fallist á þessa breyt.till. og hefir heldur ekki getað tekið til greina þær styrkumsóknir, sem komið hafa frá ýmsum málaraefnum, sumum með engu lakari meðmælum en styrkbeiðni Kjarvals. Skal eg nefna umsókn Kristínar Jónsdóttur, sem hefir ágæt meðmæli, en nefndin þó ekki séð sér fært að taka til greina. Yfirleitt vill hún ekki verða þess hvetjandi, að fleiri en nú er fari að leggja sig eftir slíkum íþróttum eða listum.

Það virðist svo sem það sé einhver þörf hjá allmörgum Íslendingum, að snúa sér alveg frá framleiðslustörfum og leggja einkum stund á listir og vísindi. Auðvitað er það gleðilegt, að eiga efnilegt fólk að þessu leyti, sem sýnir talsverða hæfileika í þessa átt. En það er orðið nokkuð iskyggilegt, hve mikill fjöldi er farinn að snúa sér að þessu og vilja vera alt annað heldur en framleiðendur. Það er ekki laust við að mér finnist, að sem flestir Íslendingar vilji vera kaupmenn eða þess háttar, rithöfundar, vísindamenn eða listamenn. Hverjir eiga þá að framleiða það, sem allur þessi fjöldi á að lifa af? Þetta segi eg alment, en alls ekki með sérstöku tilliti til þessa manns, sem hér er um að ræða. Hann hefir sýnt það, að hann nennir að vinna. En eg vildi óska, að gætilega væri farið í þessum efnum. Það er engin meining í því, að veita hverjum sem hafa vill styrk til þess að nema listir. Meiri hluti nefndarinnar getur því ekki fallist á þessa br.till. háttv. þm. Dal.

Þá eru 2 br.till. frá háttv. 2. þm. Rvk. (J. J.). Önnur þeirra fer fram á það, að veita styrk til þess að skrásetja handritasafn Landsbókasafnsins. Nefndin hefir ekki getað fallist á þessa br.till. og verður henni því ekki fylgjandi. Það hefir orðið að neita svo mörgu þarflegu, að þetta verður líka að bíða betri tíma.

Sama er að segja um hina breyt.till., sem fer fram á aukinn styrk til útgáfu Alþingisbókanna. Nefndin vill hvað þetta snertir láta sitja við frumv. stjórnarinnar, gerir ráð fyrir, að hún hafi athugað málið vel og fundið það nægilegt, sem hún fer fram á í frumv. sínu. Annars virðist mér það álitamál, hvort þetta er ekki fremur óþarfur kostnaður, ýmislegt í því sem út er komið þannig, að því hefði vel mátt sleppa, að minsta kosti sé ekki rétt, að þenja slíkar bækur sem þessar út takmarkalaust með því sem litla sögulega þýðingu hefir. Menn mega ekki skilja þetta svo, að eg eða nefndin séu í sjálfu sér að leggja neinn verulegan dóm á bækurnar, en meiri hlutinn getur ekki fallist á br.-tillöguna.

Þá eru tvær br.till. við br.till. nefndarinnar, sem fara fram á að hækkaður sé styrkurinn, sem nefndin leggur til að veittur sé skáldunum Einari Hjörleifssyni og Þorsteini Erlingssyni. Þær eru á þgskj. 430 og 454 og vilja færa styrkinn upp í 2400 kr. Meiri hl. nefndarinnar getur ekki fallist á þessar till. En þar sem nefndin er hrædd um, að mörgum kunni að vera það ásteytingarsteinn, að Guðmundi Magnússyni skáldi eru ætlaðar 2400 kr. og þeir vilji því, að þessum skáldum sé öllum gert jafnhátt undir höfði, þá er hún fús á, og kemur fram

með breyt.till. í þá átt, að styrkurinn til hans verði líka færður niður jafnt hinum. En verði þessar br till. samþyktar, þá tekur hún að sjálfsögðu slíka br.till. aftur. En af þeim ástæðum, sem eg gat um áðan, að nefndin vill ekki vera hvetjandi þess, að menn fari hópum saman að gefa sig að þess konar störfum og láti rigna styrkbeiðnum yfir þingið, verður nefndin að leggja á móti þessum breyt.till.

Þá er lítil br.till. á þgskj. 400, sem fer fram á það, að styrkur verði veittur þeim Reyni Gíslasyni og Þórarni og og Eggert Gunðmundssonum til að fullkona sig í hljóðfæraslætti. Nefndin hefir af þeim ástæðum, sem eg hefi áður minst á, ekki getað fallist á þessar br.till. og greiðir því atkvæði á móti þeim.

Þá er br.till. frá háttv. þm. G.-K. og háttv. þm. Dal. á þgskj. 414, sem fer fram á að styrkur verði veittur til þess að flytja hingað heim listaverk Einars Jónssonar. Nefndin hafði — með hann fyrir augum — lagt það til, að veittar yrðu 2400 kr. til að kaupa höggmyndir fyrir og vill ekki fara lengra. Ef lagt yrði í þann kostnað að flytja allar myndirnar heim, þá yrði líka að reisa sæmilegt hús fyrir myndirnar, þar sem fólk gæti skoðað þær. En það sér nefndin enga möguleika til og vill því láta sitja við sína tillögu.

Þá er á þgskj. 426 br.till. frá hæstv. ráðherra, sem fer fram á 600 kr. styrk til þess að koma Íslandi inn í Bernarsambandið, til þess að tryggja rétt íslenzkra rithöfunda í útlöndum. Nefndin álítur þetta sjálfsagt og mun því greiða tillögunni atkvæði.

Þá er tillaga um það, að veita Sighvati Grímssyni 300 kr. styrk til þess að kynna sér skjöl og handrit hér á Landsbókasafninu. Nefndin vildi ekki taka þessa tillögu upp og lætur hana alveg liggja milli hluta.

Þá er tillaga frá háttv. 1. þm. Eyf. (St. St.) um styrk til Kristínar Jónsdóttur, til að ljúka námi við listaháskólann í Khöfn. Nefndin hefir ekki getað fallist á þessa tillögu, þótt hún hafi átt kost á að kynna sér góð sýnishorn af verkum þessarar stúlku, eins og eg hefi skýrt frá áður.

Þá er eg búinn með þær br.tillögur við þessar greinar, sem fara fram á hækkun.

Þá koma nokkrar aðrar sparnaðartillögur, sem eg vildi minnast á í fáum orðum. Það er þá fyrst br.till. á þgskj. 431 frá háttv. 1. þm. Rangv. (E. J.) um að lækka styrkinn til skáldanna. Fjárlaganefndin hefir fært ástæður fyrir því, hvernig á því stendur, að hún hefir ætlast til að skáldin hefðu styrk að eins fyrra árið, en en ekki föst árslaun eins og áður hefir verið. En nefndin hefir ekki viljað svifta þessa menn styrknum, því að þeir hafa staðið á frumv. stjórnarinnar og hlutaðeigendur bygt á því að fá sömu styrki áfram. Nefndin verður því á móti tillögum háttv. 1. þm. Rangv. (E. J.).

Þá hefir háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) borið fram br.till. á þgskj. 445 um, að fella niður styrkinn til Hannesar Þorsteinssonar til að semja sögu lærðra manna á síðari öldum. Líka hefir komið fram br.till. um sama efni frá háttv. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.), um að lækka styrkinn niður í 1500 kr. á ári, eða til vara, að fella styrkinn niður seinna árið.

Nefndin hefir ekki getað fallist á þessar tillögur, því að þessi maður, sem hér á hlut að máli, er að semja og safna til mjög merkilegs ritverks, enda er hann maður óvenju-samvizkusamur og verkinu fyllilega vaxinn. Hann hefir starf við skjalasafnið með mjög lágum

launum, og kom það til tals í nefndinni að hækka laun hans við safnið, en lækka styrkinn, en nefndinni þótti réttara, að láta standa við það sem er, og veita honum heldur styrkinn. Og þetta starf verður ekki fengið sæmilega af hendi leyst fyrir minni styrk af opinberu fé. Þá skal eg að lokum minnast á br.till. háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) um að fella algerlega niður styrkinn til Goodtemplarafélagsins. Þetta er nú að líkindum í síðasta skifti sem það getur komið til mála, að þetta félag fái styrk, en það mun að hinu leytinu hafa búist við styrknum og hafa hans mjög brýna þörf, og þótti nefndinni því ekki rétt að synja styrksins í þetta sinn.

Eg skal svo ekki orðlengja þetta meira. Eg hygg, að flutningsmenn tali fyrir sínum tillögum, en vona þó að umræðurnar verði sem styztar. Niðurstaðan mun hvort sem er verða sú sama, því að það munu allir vera búnir að hugsa sér, hvernig þeir eigi að greiða atkvæði.

**Bjarni Jónsson:** Eg hafði hugsað, að háttv. framsögum. (P. J.) talaði lengra og itarlegra, og er eg því vanbúinn við tilmælum hans um, að tala fátt um greinarnar eða tillögur fjárlaganefndarinnar yfir höfuð. Eg get tæplega trúað því, að háttv. framsögum. eða nokkur annar þm. komi svo undirbúinn undir umræðurnar, að hann hafi gerhugsað hvert einasta atriði, eða með svo ákveðnum hug, að hann geti ekki breytt skoðun sinni í einhverju. Það er til nokkuð mikils mælst af háttv. framsögum., að hafa stuttar umræður, einkanlega þar sem hann hefir sjálfur óskað eftir athugasemdum við gerðir fjárlaganefndarinnar. Enda efast eg ekki um, að háttv. framsögum. hefði gott af að heyra aðrar skoðanir heldur en skoðanir þeirra manna, sem hann hefir átt kost á að tala við síðustu dagana.

Eg hefi minst á það, hvað rangleg aðferð það er í fjárveitingum, að láta unglingaskólana í kaupstöðum hafa meira fé, heldur en sams konar skóla til sveita. Í kaupstöðunum, þar sem hver maður gengur heiman að frá sér í skólann, þurfa menn ekki að ráða sig í matvist annarstaðar, heldur hafa menn þar fæði og alla aðhlynningu heima hjá sér. En um þetta er alt öðru máli að gegna í sveitunum; þar geta menn ekki gengið heiman og heim í hvaða veðri sem er. Þess vegna verða menn þar að kaupa sér fullkomna matvist og þjónustu annarstaðar. Það ætti ekki að vera gert örðugra fyrir sveitamenn að afla sér dálítillar mentunar, heldur en fyrir kaupstaðarbúa. Landsjóðsstyrkurinn á sjálfsagt að vera til þess að jafna kjör landsmanna, og sveitabúum er ekki síður nauðsyn á að fá mentun heldur en kaupstaðarbúum. Þetta er auðskilið og það hljóta allir að sjá, og tillaga mín byggist á þessu. Eg vil taka í burtu sérstakar fjárveitingar til skólanna á Seyðisfirði, Ísafirði og Hvítárbakka, en veita eina fjárhæð til unglingaskóla yfir höfuð, sem skiftist þannig milli skólanna, að skólar í kaupstöðum fengju 600—700 kr., en hinir þar á móti 1200—1500 kr. Eg býst við, að allir geti orðið sammála um þetta, og eg vil segja fjárlaganefndinni það, og þeim öðrum, sem vilja skera við nögl styrk til þeirra manna, sem nema listir, að þeir ættu að ganga inn á að lækka styrk til þeirra skóla, sem ekki þurfa á styrk að halda. Um Hvítárbakkaskólann vil eg segja nokkur orð sérstaklega. Það kom fram í ræðu háttv. frams.m., að þann skóla bæri ekki að telja til unglingaskóla. Hann er þá víst einhver æðri mentastofnun, og forstöðumað-

ur hans á þá víst að vera færari til starfs ins heldur en forstöðumenn hinna skólanna. Eg þekki forstöðumenn þessara skóla á ýmsum stöðum, og veit að þeir þeir eru lærðir menn, sem að engu leyti standa að baki þessum manni, nema fremri séu. Eg fékk því til leiðar komið á þingi 1911, að þessi skóli væri settur undir sams konar eftirlit og aðrir unglingaskólar. Nú vil eg spyrja stjórnina, hvers konar eftirlit hefir verið haft með þeim skóla. Eg hefi spurst fyrir um það, og komist að þeirri niðurstöðu, að með honum hafi ekki verið haft neitt eftirlit fremur en fyr. En það er of mikið færst í fang, að halda því fram í alvöru, að hann sé önnur tegund skóla heldur en unglingaskólar yfir höfuð. Hann er að engu leyti fremri öðrum unglingaskólum, nema síður sé. Eg hefi lesið skólaskýrslur frá honum og öðrum skólum, og hefi ekki betur vit á, en að fyrirkomulag annara slíkra skóla sé betra, hollara og hagkvæmara heldur en þar. Eg vil taka það fram, að eg segi þetta ekki af því, að eg vilji þessum skóla eða formstöðumanni illa, heldur vil eg að eins að sá styrkur, sem skólanum er veittur, komi að gagni. Undanfarið hefir verið veitt til þessa skóla meira af kappi en forsjá, og þegar spurt hefir verið, hvers vegna, þá hefir orðið steinhljóð, því að það var aldrei nein ástæða til að styrkja hann. En svo að menn misskilji nú ekki tillögu mína, þá skal eg taka það fram, að eg ætlast ekki til að styrkur sé tekinn af skólanum. Það sem eg vildi hafa lagt áherzlu á með minni ræðu, er það, að þeim skilyrðum, sem sett eru í lögum fyrir styrkveitingunni, á að fullnægja. En þessi skilyrði eru til athlægis í fjárlögunum, ef þeim er ekki fullnægt, og fyrst að þau eru framkvæmd á sumum skólunum, þá eiga þau að vera framkvæmd á þeim öllum.

Þá skal eg minnast nokkuð á 15. gr., en eg er ekki viss um, að eg geti orðið við tilmælum háttv. framsögum. um að vera fjarska stuttorður, en eg skal reyna að takmarka mig alt hvað eg get. Mér verður þá fyrst fyrir að minnast á það ofsahatur, sem kemur svo alment fram hjá kjósendum, þingmönnum og öðrum, gegn þeim hlut, sem kallaður er bitlingar. Hvað er svo þetta, sem menn nefna bitlinga? Bitlinga nefna menn þá fjárstyrki, sem veittir eru einstökum mönnum til þess að halda áfram störfum, sem eru nauðsynleg fyrir landið. Eg skal nefna eitt dæmi, sem mér er vel kunnugt, og þó að það sé bróðir minn, sem þar á hlut að máli, þá skal eg taka hann til dæmis upp á þessa menn. Þegar við bræðurnir vorum unglingar í skóla, þá fórum við ætíð í fristundum okkar upp um fjöll og heiðar og út um eyjar til að safna grösum og jurtum. Hugur Helga bróður míns hneigðist snemma að grasafræðinni, og hann vildi vinna það til, að leggja út í einsýnan sult til þess að geta stundað þessa fræðigrein. Hann hefir verið duglegur starfsmaður frá því fyrsta, sívinnandi að þessum áhugamálum sínum, en jafnan haft lítil laun starfa sinna.

Fjárlaganefndin hefir nú lagt til að lækka þann styrk, sem hann hefir undanfarið haft, og skal eg koma að því atriði síðar. Hann hefir lagt út í þetta af áhuga, jafnvel þótt hann sæi fyrir fram, að það gat ekki orðið lífvænlegt hér á landi. Hefði hann orðið prestur eða bóndi, þá hefði hann sjálfsagt getað álnast, engu síður en aðrir menn í þeim stöðum.

Þannig er þetta um alla okkar listamenn og vísindamenn. Hvernig geta þeir gert sér vonir um að álnast eða efnast af sinni ment hér á Íslandi? Nei, þeir verða að gera sér að góðu að fá vanþakklæti og eftirtölur að launum

fyrir starfa sinn. Þessir áhugamenn, sem vilja fórna lífi sínu til að fylla þau skörð, sem auð standa, fá það eitt fyrir, að þeir eru kallaðir betlarar. En hvað gerir svo þingið? Þingmönnum varð ekki ilt af því í fyrra að hækka sitt eigið kaup, svo að nemur mörgum slíkum styrkveitingum, sem til listamanna ganga. Þó að eg beri mikla virðingu fyrir okkur þingmönnunum og starfi okkar, þá er ekki hálft gagn að setu okkar hér á móti verki eins slíks manns. Og sízt getum við staðið okkur við að brigzla þessum mönnum um betl, þegar við erum að auka okkar eigin tekjur. En hvað segjum við svo um almenning, bændur og fólk út um land? Það kann ekki verri löst á neinum manni heldur en þann, að hann hafi einhverntíma fengið bitling. Eg veit það, að mínir kjósendur sumir hverjir bera til mín þungan hug fyrir það, að eg er hlyntur skáldum og listamönnum, og eg býst við að það sé það alvarlegasta, sem þeir hafa á móti mér.

En ef við lítum nú á fjárlögin, þá sjáum við að bæudur og búalið hefir líka sína bitlinga. Er ekki veittur styrkur til að búa til almennilegt smjör? *(Sigurður Sigurðsson:* Nei, ekki lengur). Eg ætla þó að enn þá hafi nokkrir verðlaun fyrir smjörgerð. Þeir hafa styrk til að búa til smjör og styrk til að slétta tún, en þetta kalla þeir ekki styrk til einstakra manna, heldur til búnaðarins. Það eru þó einstakir menn, sem fá sína bitlinga af þessum styrkveitingum. Það er alveg eins hægt að segja, að það sem eg er að biðja um, sé ekki styrkur til einstakra manna, heldur sé það styrkur til listarinnar eða vísindanna. Skiljanlega kemur sá styrkur niður á einstökum mönuum eins og búnaðarstyrkurinn.

Eg þykist nú hafa gert mönnum það ljóst, að þessir menn eiga einmitt skilið að fá styrk, því að þeir hafa lagt lífið í sölurnar til þess að halda uppi heiðri þjóðarinnar. Og það er svo gott að vita, að vísindamenskan kemur eins að haldi að því er snertir framleiðsluna eins og öll önnur störf. Eg skal t. d. minna á, að grasafræðin á ekki svo lítið skylt við búnað og jarðrækt. Eins og allir viia, þá er hér ekki til neinn sjóður til að styrkja vísindamenn og listamenn. Á þá alt að fara í kaldakol þess vegna, eða á sá að styrkja, sem getur það, og það er landið sjálft?

Eg hefi leyft mér að fara fram á, að Jóhannesi málara Kjarval verði veittur lítilfjörlegur styrkur annað árið til að lúka námi sínu. Hann er framúrskarandi efnilegur maður í sinni ment, meðferð hans á litum er furðanlega góð, og má mikils af honum vænta. Hann hefir brotist áfram í fátækt, og var sjómaður á botnvörpung þangað til hann tór utan, og þarf því enginn að segja, að hann hafi ekki nent að vinna. En það getur enginn verið í listskóla og á fiskiskipi á sama tímanum. Eg ímynda mér að engum geti blandast hugur um, að rétt sé að styrkja þennan mann.

Þá sagði háttv. framsögumaður, að úr því að stúlka sú, er Kristín heitir, hafi ekki verið tekin upp, þá hafi fjárlaganefndin ekki viljað leggja til að þessum manni yrði veittur styrkur. Eg ætla ekki að fara að lasta neinn, sízt stúlkur, og ætla því ekki að fara út í neinn samanburð á þeim. En því má ekki veita þeim báðum styrk?

Eg tel enga hættu á því, að allir vilji fara að mála. Ef allir vilja fara að taka til þess, þá skal eg lofa fjárlaganefndinni, að þá skal eg ekki vera á móti henni í því efni, að taka fyrir nokkra fjárveitingu til málara. En á meðan ekki eru nema 1 og 2 eða kannské 3 menn í hverri ment, málaralist og myndhöggvara, *(Sigurður Sigurðs-*

*son:* Og söngmanna), sem einnig eru frábragðs hæfileikum búnir, þá finst mér ekki ofmikils til ætlast af okkur Íslendingum, að við viljum hjálpa þeim að einhverju dálitlu leyti 1. þingm. Árn. bætti söngmönnunum við. Já, það er alveg rétt, en mér kemur það ókunnuglega fyrir sjónir, að þessi bending kom úr þeirri átt. Eg held að háttv. þingmaður sé farinn að ganga í endurnýjungu lífdaganna. Veit eg það vel, að söngurinn er hér brauðlaus list, og er því háttv. þingmaður víst að vakna af einhverjum brauðadraumi. En það hygg eg, að bæði þingmanninum og öðrum Íslendingum veitti ekki af að heyra fagran söng. Goete segir:

Wo man singt, da lass dich ruhig nieder,
böse Menschen haben Keine Lieder,

Á íslenzku hefi eg snúið því svo:

Seztu hvar sem söngur er í rönnum,
söngur er ei til hjá vondum mönnum.

Nei, það þrífst enginn söngur hjá illþýðinu. Söngurinn er að eins inna góðu.

Yfir höfuð eru þær hlægilegar allar þessar umtölur um þessa styrki í 15. gr. Er undarlegt að menn skuli hafa svo á móti þeim, sem þó nema allir til samans ekki nema 20.000 krónum, ekki þriðjungurinn af þeim styrk, sem erlendu félagi er veittur til skipa, sem sigla hér með ströndum fram og draga fé frá Íslendingum. Þetta sýnir, hve litlir fjármálamenn þessir menn eru. Þeir verja mál sitt af mikilli andagift þegar þeir vilja veita styrki, sem nema mörgum tugum þúsunda, en horfa í barm sér og hrína, þegar minst er á nokkur hundruð króna styrk. Þeir eru miklir og örlátir þegar um þúsundirnar er að ræða, en þegar komið er niður í hundruðin, þá fara að renna á þær tvær grímur, því að þá fara þeir að skilja upphæðirnar.

Fjárlaganefndin hefir lagt það til, að afnuminn yrði styrkurinn til Einars Jónssonar myndhöggvara. Væri þetta mjög ilt, ef tillagan um 4000 kr. fjárveitinguna til að flytja heim verk hans, yrði feld. Ef hún yrði samþykt, væri það gott, því að þá þyrfti Einar þó ekki að mölva í sundur öll verkin sín, sem eg kalla að hann annars yrði neyddur til að gera, þegar hann hefir ekkert húsrúm fyrir þau. Og styrkurinn, sem hann hefir fengið hingað til, hefir ekki hrokkið fyrir öðru en leigunni á húsrúmínu fyrir þau.

Einar Jónsson hefir síðan 1894 unnið að þessari list sinni með frábærum áhuga og hæfileikum að þeirra manna dómi, sem vit hafa á. Og er því ekki hægt að ætlast til minna af Íslendingum, en að þeir forði honum frá því, að þurfa að mölva öll sín verk í sundur.

Í einu vil eg lúka lofsorði á fjárlaganefndina, og það er fyrir þá till. hennar, að veitt skuli fé til þess að kaupa listaverk. Bæði er þetta til þess að gefa Íslendingum kost á að koma sér upp listasafni og til þess að hjálpa listamönnum til lífsuppeldis, án þess að þeim verði lagt það til lasts, án þess að þeir verði kallaðir betlarar og ölmusumenn. En þessi till. nefndarinnar ár ekki fullnægjandi. Hér er stjórninni að eins gefin heimild til að verja svo og svo miklu fé til listaverkakaupa. Það er ekkert ákveðið um það, að stjórnin *eigi* að gera það. Myndi það nú, að mínum dómi, nægja, ef stjórnin vildi lýsa yfir því, að hún skyldi nota þetta fé, sem lagt er til að henni verði heimilað, til standmyndakaupa, og þá að hún skyldi kaupa þær af Einari Jónssyni. Þessa yfirlýsingu þarf, eða stjórninni verður að gera þetta skylt, svo að menn vaði hér ekki í blindni í þessu efni.

Háttv. framsögum. fjárlaganefndarinnar (P. J.) gat þess í mótmælum sín-

um gegn þessari tillögu um 4000 kr. styrk til að flytja heim verk Einars, að þá fylgdi sá böggull skammrifi, að þá þyrfti líka að veita fé til þess að byggja hús undir þessi verk. En ætli það þyrfti þá ekki líka að byggja hús undir þau listaverk, sem nefndin leggur til að keypt verði? Eða ætlar hann sér að stafla þeim á biðstofuborðið í Íslandsbanka, eða ofan á Útilegumanninn?

Með þessum orðum mínum hefi eg reynt að gera þeim mönnum það ljóst, sem ekki líta á þessar fjárbeiðnir með nægilegri sanngirni, að hér er ekki um neitt betl að ræða. Þessir menn eru ekki að biðja um neinar ölmusur, heldur eru þeir að bjóða landinu alla sína krafta, alt sitt líf. Þeir biðja ekki um nema lítinn styrk til þess að geta helgað landinu alla sína krafta. Og væri því hörmulegt ef þess væri synjað, þar sem mörgum mönnum er það borgað afarverði, hvað lítið sem þeir vinna í landsins þarfir.

Nú skammast menn sín fyrir þá menn, sem létu Sigurð Breiðfjörð drepast úr hungri í eymdarkofa hér í Reykjavík og eins Sigurð málara. Og væri það rétt, ef komandi kynslóðir yrðu að bera kinnroða fyrir okkur, sem ekki vitum, hvað verið er að gera undir handarjaðrinum á okkur, heldur látum okkar ungu listamenn drepast úr hungri vegna nokkur hundruð króna sparnaðar.

Vil nú ekki tala meira um þetta að sinni. Vil eg fyrst heyra tillögur fjárlaganefndar og annara þingmanna og mun eg tala ýtarlegar um þetta mál og gera samanburð á tillögum manna. Sumar fjárveitingatillögurnar eru að eins til athlægis, og aðrar, sem annara hluta vegna mega alls ekki fá að ganga fram; en þetta vil eg geyma til síðari ræðu minnar. Núna vildi eg að eins reyna að gera mönnum það ljóst, að hér sé ekki um neitt betl að ræða, heldur um líf landsins beztu manna.

**Matthías Ólafsson:** Eg vildi leyfa mér að fara nokkrum orðum um br.till. minar á þgskj. 366. Þar er fyrst farið fram á að tillög til ungmennaskóla sé lækkuð úr 8000 kr. niður í 7000 kr. Og jafnframt er farið fram að til ungmennaskólans á Núpi í Dýrafirði sé veittur 1200 kr. styrkur hvort árið, og auk þess 20 kr. fyrir hvern nemanda, sem á skólanum er minst 5 mánaða tíma á ári, alt að 400 kr. Þessi breyting mundi því að eins baka landssjóði í hæsta lagi 600 kr. útgjaldaauka. Skóli þessi fékk síðastliðið ár 1000 kr. styrk úr landssjóði af fé, því sem ætlað var til ungmennaskóla, og mundi því mega búast við því að hann fengi eitthvað líkt af þeirri upphæð, sem nú er í fjárlagafrumvarpinu ætlað til ungmennafræðslu.

Skýrslu um þennan skóla fyrir síðustu árin hefir verið útbýtt hér í deildinni, svo háttv. deildarmönnum er skólinn að nokkru kunnur gegn um skýrslurnar. En eg skal leyfa mér að fara nokkrum orðum um skólastofnun þessa, því mér er hún frá byrjun vel kunnug.

Þegar Sigtryggur prestur Guðlaugsson fyrir 9 árum flutti frá Þóroddstöðum í Köldukinn til Mýraþinga í Dýrafirði, hóf hann þar þegar ungmennafræðslu, sem var í heldur bágu ástandi. Séra Sigtryggur gekst og fyrir stofnun goodtemplarastúku, og var hann aðalforgöngumaður fyrir því að hún bygði hús á Núpi, þar sem hann ávalt hefir átt heima síðan hann flutti í Mýraþingin.

Þegar fyrsta árið sem hús þetta stóð, leigði séra Sigtryggur það til skólahalds, sumpart fyrir börn og sumpart fyrir ungmenni á 15—20 ára aldri. Einn veturinn var kenslunni þannig fyrir

komið, að annar skólinn hafði húsið fyrri hluta dagsins og hinn skólinn síðari hluta dagsins. Nú er þar á Núpi bygður allveglegur barnaskóli, sem hreppur inn á, og á séra Sigtryggur neðra lyfti þess húss og notar það nú fyrir svefnhús handa piltunum, sem eru á ungmennaskólanum. Skömmu eftir að séra Sigtryggur hóf starfsemi sína í Mýrahreppi, kom Björn Guðmundsson, sem nú um nokkur ár hefir verið kennari við ungmennaskólann, frá útlöndum. Hefir hann verið í ýmsum skólum í útlöndum, til dæmis á Askov í Danmörku og skólum í Noregi. Hefir hann framast vel í þeirri för. Hafa þeir séra Sigtryggur og hann nú í nokkur ár kent við ungmennaskólann og barnaskólann þannig, að Björn hefir kent náttúrufræði, teikning og leikfimi í ungmennaskólanum, en séra Sigtryggur hefir kent kristin fræði og reikning í barnaskólanum.

Björn þessi hygg eg að sé einhver með færustu kennurum út um land, og samvinna þessara tveggja manna hefir farið svo vel úr hendi, sem frekast má hugsa sér. Álít eg að skólinn megi án hvorugs þeirra vera, ef vel á að fara. Bætir hvor þeirra það upp, sem hinn skortir.

En nú getur séra Sigtryggur ekki boðið þessum manni þau kjör, sem hann getur unað við. Ungmennakenslan er nú í seinni tíð orðin svo umfangsmikil, að engin tök eru til þess að þessir tveir menn geti sint barnakenslunni ásamt henni, og þarf því að taka alt kaup Bjarnar af tekjum ungmennaskólans, en við því má hann ekki með þeim tekjum, sem hann hefir nú.

Séra Sigtryggur er smám saman að kaupa húseign skólans, og viðbót, sú sem gerð hefir verið við húsið, er eingöngu bygð fyrir hans fé. Má svo heita, að hann verji hverjum eyri af tekjum sínum í þarfir þessa skóla. Hann hefir og komið upp gróðrarreit í sambandi við skólann og er það mikið verk og dýrt, enda er þar nú orðin allblómleg gróðrarstöð. Er það nú orðin alvenja, að hver nemandi gróðursetur þar tré við burtför sína af skólanum, og flest árin vitja þeir þessara nýgræðinga sinna og hlúa að þeim.

Þessi starfsemi séra Sigtryggs er svo vaxin, að hún verðskuldar viðurkenningu, og mér virðist jafnvel, að enginn alþýðuskóli þessa lands þoli samanburð við þennan skóla, þegar á alt er litið, að minsta kosti meðan þessara manna nýtur við, sem nú standa að skólanum. Eg teldi það því illa farið og ómaklegt, ef þingið neitaði honum um styrk, þann er farið er fram á með br.till. minni, jafnsanngjarnleg og hún er.

Eg skal geta þess, að á öllum þingmálafundum í kjördæminu var það einróma ósk allra, að þessi stofnun yrði sett á fastari fót en hún er nú.

Háttv. fjárlaganefnd kvaðst óttast, að ef þessi skóli yrði settur á fastan styrk úr landssjóði, þá muni allir ungmennaskólar landsins fara fram á sama. Eg segi að eins: Gott og vel. Þegar jafnmikið liggur eftir þá og kennara þeirra eins og eftir þennan skóla, þá er sannarlega skylt að styðja þá; en eg býst ekki við að það verði á næstu árum.

Eg fullyrði, að þessi skóli, sem hér er um að ræða, hafi gersamlega umskapað sveitina kringum sig, svo að hún nú eigi stendur að baki neinni sveit í nágrenninu að menningu til. En það er ekki að eins Mýrahreppur, heldur og allir hreppar V.-Ísafj.sýslu, sem notið hafa góðs af þessum skóla. Hefir hann jafnvel verið sóttur úr Árnes- og Rangárvallasýslum. Skólinn nýtur svo almenns álits hjá héraðsbúum, að á öllum þingmálafundum var farið fram á,

að hann yrði tekinn upp á fjárlögin með föstum styrki.

Mér er illa við að fara í *matning* eða mannjöfnuð, en eg get ekki bundist þess að segja svo mikið, að það sé hart, ef synja á þessu eina kjördæmi um þennan lítilfjörlega styrk til þessa skóla, þar sem þetta er eina fjárbónin, auk lánsins, sem farið er fram á á þgskj. 373, og eg síðar mun minnast á.

Þessi fjárveiting virðist mér því sjálfsagðari, sem það er vitanlegt, að þau héruð, er að skóla þessum standa, eiga erfitt með að útvega ungum mönnum frekari fræðslu en börn fá í barnaskólunum, en sú fræðsla er engan veginn fullnægjandi fyrir lífið. Og er það öllum kunnugt.

Eg hefi leyft mér að æskja þess af hæstv. forseta, að hann viðhafi nafnakall um þessa breyt.till., því eg vil sjá nöfn þeirra manna, svört á hvítu, sem leggja það til, að þessi sanngjarna krafa verði feld. Ef hún yrði feld, væri ekki hægt að líta öðruvísi á, en að V.-Ísafjarðarkjördæmi sé olnbogabarn þingsins, sem ekkert megi fá, þegar önnur kjördæmi fá stórfé.

Eins og menn vita, er nú búið að gera áætlun um höfn á Súgandafirði og er áætlunin innan við 20 þús. kr. Hafði eg hugsað mér að fara fram á að landssjóður veitti þessa upphæð, en þegar eg vissi, að háttv. þm. N.-Ísf. (Sk.Th.) fór fram á fjárframlag til brimbrjóts í Bolungarvík, hætti eg við það.

Annars skal eg ekki orðlengja þetta meira. Vænti þess að hæstv. forseti láti það eftir mér að hafa nafnakall um breyt.till. mína.

**Björn Kristjánsson:** Það var um breyt.till á þgski. 400, sem eg vildi leyfa mér að segja nokkur orð. Þar er farið fram á að Reyni Gíslasyni sé veittur 600 kr. styrkur fyrra árið til þess — eins og kallað er — að fullkomna sig í hljómfræði og hljóðfæraslætti. Sömuleiðis er þar farið fram á að þeim bræðrunum Eggerti og Þórarni Guðmundssonum verði veittur 1200 kr. styrkur fyrra árið til ins sama.

Viðvíkjandi Reyni vildi eg segja það, að hann hefir stundað þetta frá því hann var drengur, og ekkert gert annað. Hefir hann nú í 2 ár verið á Konservatoríinu í Kaupmannahöfn og getið sér þar bezta orð fyrir dugnað og hæfileika. Þó hann hafi ekki haft tækifæri til þess að sýna list sína hér, þá hefir honum farið mjög mikið fram, að dómi manna, sem vit hafa á.

Foreldrar piltsins hafa hingað til kostað alt nám hans, bæði hér og erlendis. Hann sótti um dálítinn styrk til þingsins 1911, en fékk ekki. Nú á hann að eins eitt ár eftir, og það er ekki nema sanngjarnt, að hann fái styrk á því ári, þar sem hann hefir sýnt, að hæfileikarnir eru góðir og framfarir ágætar.

Hinir, bræðurnir, eru að því leyti betur settir, að þeir hafa þegar getað látið þingmenn til sín heyra. Það er eins ástatt með þá, að foreldrar þeirra hafa kostað þá og þeir hafa alist upp við þetta frá barndómi, lært fyrst það sem þeir gátu lært hér, og síðan farið til Kaupmannahafnar og lært þar í sönglistarskóla. Og þessa æfingu, sem þeir hafa nú, geta þeir ekki hafa öðlast á einum tveim árum, heldur hljóta þeir að hafa verið búnir að æfa sig afskaplega mikið áður en þeir fóru héðan, því að eftir aldri má sú æfing, sem þeir hafa, kallast alveg framúrskarandi.

Það hefir verið talað um það hér, hversu svokallaðir »bitlingar« séu illa séðir, og eg hefi orðið var við talsvert af því tæi. En það kemur alt af því. að menn hafa ekki gert sér ljóst, hvernig á stendur. Bitlingar eins og þessir,

sem eg hefi nefnt, eru eingöngu komnir af því, að hér eru engir skólar í landinu fyrir þá er slíkt vilja stunda. Þess vegna er þetta í raun og veru ekki bitlingar; ef svo væri, þá væru líka allir, sem á skólana okkar ganga, bitlingamenn. Því að þótt sumir, sem þar læra, fái engan námsstyrk, þá er þó að minsta kosti kenslan og skólahaldið ókeypis og flestir nemendur fá þess utan einhvern styrk. Þess vegna er það sjálfsagt, þegar listamannaefni eiga í hlut, sem hafa sýnt sig verðuga fyrir styrk, og foreldrar hafa lagt mikið á sig til að kosta, þá að veita þeim að minsta kosti styrk síðasta árið, því að í rauninni eiga þeir alveg sama rétt, eins og hinir, sem í skólana ganga hér heima. Eg verð því að mæla eindregið með því, að nálega allir þeir sem sótt hafa um þessu líkan styrk, og hans eru verðugir, verði hans aðnjótandi.

Þá er tillaga á þgskj. 414, um það að veita fé til þess, að flytja heim myndir Einars Jónssonar. Hann hefir ekki sótt um þetta, heldur hefi eg tekið það upp hjá sjálfum mér. Það stendur svo á því, að hann sagði við mig, að sig langaði til að flytja sig hingað, því að bæði mundi hann geta notið sín betur hér við störf sín, og svo væri ódýrara að lifa hér en ytra. Eg spurði hann þá, hvað hann ætlaði að gera við myndirnar sínar. »Eg veit ekki«, svaraði hann. »Eg verð líklega að brjóta þær, því að eg hefi ekki efni á að flytja þær með mér. Eg spurði, hvað það mundi kosta, og hélt hann að það mundu verða 4 þús. kr., umbúðir og flutningsgjald. Vegna þessa höfum við flutningsmenn leyft okkur að koma með þessa breyt.till. En í vændum er að við hana komi önnur br.till. í þá átt, að féð verði ákveðið »alt að« 4 þús. kr., því að ekki er hægt að segja, hvort þetta kostar fullar 4 þús. Eg er meðmæltur þeirri breytingu háttv. fjárlaganefndar, að kaupa þessi listaverk, en hún kemur ekki að haldi, nema þetta sé samþykt um leið. Þá var minst á húsrúmið, sem þyrfti til að geyma þessi verk í. Það þarf nú ekki að vera mikið, því að myndirnar eru heldur litlar, þó að þær séu nokkuð margar. Auðvitað þarf undir þær vænt herbergi, og það ætti ekki landið, eða að minsta kosti bærinn, að telja eftir sér að leggja til. Mér dettur t. d. í hug salurinn í hegningarhúsinu, þangað til landið sæi sér fært að reisa eitthvert húskríli yfir það, fyrir það sem það þá af slíkum munum. Eg held að með þessu mundi manninum vera bjargað og styrkurinn koma að fullu gagni.

Svo stendur nafn mitt á einni br.till. á þgskj. 454, þess efnis, að skáldlaun Þorsteins Erlingssonar verði færð úr 2 þús. kr., sem fjárlagan. gerir ráð fyrir, uppp í 2400 kr. fyrra árið, ef menn endilega vilja færa alt til fyrra ársins. En í rauninni er eg á móti þessari brt. sjálfs mín, að því leyti, að eg vildi helzt að látin væru standa 1200 kr. hvort árið, eins og verið hefir og stjórnin hefir lagt til. Það hefir staðið svo lengi, og var upprunalega *framboðið* af þinginu og gekk í gegn mótmælalítið, án þess maðurinn beiddi um það sjálfur. Hann var víst sá þriðji í röðinni, sem skáldstyrk fékk, og af því að hann hefir haft hann svo lengi, hefir hann auðvitað búist við að halda honum áfram. Hann hefir búist svo fastlega við því, að hann hefir bygt sér hús upp á þennan styrk. Nú eru 1200 kr. svo lítil laun, að hann getur ekki lifað á þeim einum, svo að það sé nokkurt líf, og sízt þegar hann þarf að borga afborganir af húsverðinu. En hann hefir nú samt hnitað alt svo vel niður, að það mundi hrökkva, með því, að styrkurinn héldist. Maðurinn hefir löngum verið heilsutæpur og auk þess farinn að eldast, svo að hann má

auðvitað ekki við stritvinnu. Við lifum ekki á einu saman brauði, eins og sagt hefir verið, og fáir munu vera meiri snillingar í sinni list hér á landi, en þessi maður, þó að eg sé nú ekki vel fær um að dæma um skáldskap. Það hefir stundum verið talað um hað hann afkasti litlu. Nú þarf ekki að berja því við. Nú er nýkomin út bók eftir hann, og önnur kemur næsta ár, og menn verða líka að muna það, að það er engin von til þess, að ljóðskáld afkasti jafn miklu og söguskáld, og sízt þessi maður, sem vandar kvæði sín meir en nokkur annar.

Eg vona því að allar þessar breyt.till. verði feldar, og styrkurinn látinn halda sér eins og hann er í sjálfu stjórnarfrv. Það er alveg rangt, þegar þingið hefir tekið upp á því af sjálfsdáðum, að styrkja slíka menn ár eftir ár og gefa þeim þannig öruggar vonir um áframhald, að kippa þá alt í einu að sér hendinni, því að þegar það er gert, þá standa þeir uppi atvinnulausir, af því að þeir hafa sjaldnast lært nein handverk. Það er alveg sama máli að gegna um skáldið Einar Hjörleifsson, sem nú er líklega bezt ritfær maður hér á landi á óbundið mál. Þingið hefir líka tekið hann að sér, þótt það hafi ekki verið svo að nægði. Hann er bezta söguskáldið okkar, og sögur hans hafa mikið siðmennilegt gildi, og það hefir ekki lítla þýðingu. Því er alveg eins farið með hann og hinn, að hann er heilsutæpur og hefir eigi numið neitt handverk, og hefir eigi annað fyrir sig að leggja, en þessa grein, sem hann hefir sérstaklega lagt stund á. Það er því sjálfsagt, að hann haldi þeim styrk, sem hann hefir haft. Það er ekki annað en skaði að láta þessa menn hafa svo lítinn styrk, að þeir neyðist til þess, að »skrifa til að lifa«, það er að segja, að verða ef til vill oft að skrifa alt annað en það, sem þeim er geðfeldast, og þá um leið gagnlegast þjóðinni. Þess vegna á landið heldur að taka þá í sína þjónustu og sjá um að þeir geti notið sín.

Það er satt, að þingið er hér einu sinni komið inn á skakka braut, að því leyti, að *of margir* hafa verið teknir með, í stað þess að styrkja fáa, og þá eina, sem yrkja svo vel, að til sé vinnandi að styrkja þá. En það er ekki gott að sleppa þeim fjárveitingum, þegar þær eru einu sinni komnar á. Og auk þess eru fleiri launa verðir, en þessir tveir menn. Guðm. Guðmundsson er t. d. líka sniilingur á sinn hátt. Hann er ef til vill yngsta skáldið, sem styrkt hefir verið af landsfé, en það væri engu að síður ranglátt, að taka nokkuð af honum. Sá sem líklega væri einna sízt ástæða til að styrkja, ef farið er eftir því sem þeir afkasta, er síra Valdemar Briem. Hann hefir ekki ort svo sem neitt á síðari árum og ekki beint unnið fyrir skáldstyrk. En úr því að hann hefir einu sinni verið álitinn verður þessa, þá vil eg að hann haldi því.

Eg skal svo láta staðar numið um skáldin, en vil að eins minna menn á að íhuga það. að það er ekki nema sanngirniskrafa, að þessir menn séu látnir halda þeim styrk sem þeir einu sinni eru álitnir eiga skilið að fá, svo lengi sem þeir þá eigi komast í efni, eður fá aðra sérstaka atvinnu.

Hefi eg svo ekki meira að segja um þessar greinar.

**Ráðherrann (H. H.):** Eg get verið stuttorður. Eg á að eins eina brtill. á þgskj. 426, þar sem farið er fram á það, að bætt verði við nýjum lið, 600 kr. hvort árið til Bernarsambandsins, til þess að vernda rétt íslenzkra rithöfunda.

Í 27. gr. laga 20. Okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt, er heimild til þess, að veita þeim lögum gildi, að því

er snertir þegna annara ríkja, með samningi, gegn því, að íslenzkar ritsmíðar njóti sömu verndar í þeim ríkjum. Nú stendur okkur til boða að verða teknir upp í ið svo nefnda Bernarsamband, sem er félagsskapur meðal ýmissa ríkja, stofnaður til verndar rithöfundum hvers ríkis hjá öðru. En það er skilyrði fyrir því, að komast í sambandið, að ríkin verða að borga til þess vissa fjárupphæð, eftir flokkum, í hlutfalli við stærð þeirra og fólksfjölda. Við mundum nú lenda í 6. eða síðasta flokki, og er gjaldið þar 600 kr. á ári.

Tillaga um þessa fjárveitingu lá líka fyrir þinginu 1911, og var þá borin fram af fjárlaganefndinni að tilhlutun stjórnarinnar og samþykt hér við 2. umræðu, en feld síðan illu heilli við 3. umræðu, af því að einn háttv. þingmaður bar það fyrir, að leikfélagið okkar mundi missa spón úr askinum sínum, ef þetta yrði samþykt. Það gæti þá ekki lengur þýtt útlend leikrit, án þess að gjalda fé fyrir, en það væri því ofvaxið. Þetta má nú samt ekki vera þröskuldur í vegi fyrir því, að Íslendingar fái borgun fyrir ritverk sín, sem þýdd eru erlendis. Það er nú farið að verða tíðara og tíðara, að íslenzk rit eru þýdd á erlendar tungur, og það er nú ekki lengur gert eingöngu í góðgerða skyni við oss, heldur er rétturinn yfir þeim tekinn að ganga þar kaupum og sölum.

Nýlega var að sögn eitt þýtt íslenzkt skáldrit selt þannig fyrir 4000 mörk á Þýzkalandi, en höf. hefir ekki séð grænan eyri af því. — Að vísu hafa þeir Íslendingar, sem gefa út bækur sínar í Khöfn, þessa vernd — sem Danir, en hér heima geta menn ekki skotið sér inn undir það, enda þótt einstöku útlendingar villist á þessu og viti ekki muninn. Og að neita rithöfundum vorum lengur um þenna rétt, til þess að vér getum óáreittir haldið áfram að hnupla frá rithöfundum annara þjóða, það getum vér eigi lengur látið um oss spyrjast. Nú með því að háttv. fjárlaganefnd mun vera málinu sinnandi, hefi eg góða von um að háttv. deild verði það líka, og skal eg vera þakklátur fyrir þær undirtektir.

Annars vil eg leyfa mér að leiða athygli háttv. fjárlaganefndar að því, að ef samþykt verður — og því geri eg ráð fyrir — tillaga hennar um það, að flytja styrkinn til búnaðarskólans undir kenslumálin, þá verður nauðsynlegt að breyta um leið fyrirsögninni fyrir 16. grein.

Sömuleiðis vil eg benda háttv. þingmanni Dalamanna á það, að ef samþ. verða tillögur hans á þgskj. 460, eins og þær eru orðaðar, þá kemur út alt annað, en hann mun hafa ætlast til. Hann vill draga saman í eina upphæð styrkinn til allra unglingaskólanna, en eins og brtill. hans er orðuð, mundi hún leiða til þess, að til unglingaskóla utan kaupstaða yrðu veittar 12 þús. kr. hvort árið í staðinn fyrir 8 þús. kr., en skólarnir í kaupstöðuuum fengju skkert. Þetta þarf að laga með orðabreytingu, því að eg veit að háttv. þm. hefir ekki meint þetta.

Mér vill það nú til, að sumt það sem eg ætlaði að minnast á, er þegar búið að segja. Eg er alveg samdóma háttv. þingm. Dal. og háttv. 1. þingm. G.-K. um það, sem þeir sögðu um brtill. hv. fjárlaganefndar á styrknum til skálda og listamanna. Eg er þeim alveg samdóma um það, að þegar um skáld er að ræða, þá er ómögulegt að binda styrkinn við einhver tiltekin verk, sérstaklega þegar um það er að gera, hvort þau eigi að gefa sig við skáldskapnum sem lífsstarfi eða ekki.

Spurningin er að eins sú, hvort þingið vill stuðla að því, að þessi og þessi maður geti varið kröftum sínum til þessa

starfs, og þurfi ekki að fá sér aðra fasta höfuðatvinnu. Og ef svo er, þá tjáir ekki annað, en að veita slíkum mönnum styrkinn áframhaldandi. Það tjáir ekki, að ginna þá fyrst til þess, að kasta frá sér þeirri atvinnu, sem þeir og fjölskylda þeirra gætu lifað á, og kippa svo að sér hendinni. Það er ekki hægt að skilja þau skáldlaun, sem veitt hafa verið undanfarið um langt áraskeið, öðruvís en svo, að þau skuli vera ævilangur styrkur, enda hafa menn skilið svo og bygt á því, að skáldin þurfi ekki að leita sér annarar atvinnu, heldur geti lifað við ritstörf. Það kemur ekki í bág við þessar skoðun, þótt þingið hafi í raun og veru ætíð skorið þennan styrk svo við nögl sér, að mennirnir hafa neyðst til að leita sér annarar atvinnu auk þessa. — Það væri sannarlega nær, ef við viljum ekki að oss miði aftur á bak í menningu, að auka heldur þennan styrk, en að minka hann. *(Lárus H. Bjarnason:* Hvers vegna hefir þá stjórnin ekki lagt til að hækka hann?) Eg skal gjarnan greiða atkvæði með dálítilli hækkun, ekki mjög mikilli, en nokkurri þó. Þetta eru svo litlar upphæðir, sem hér er um ræða að til eða frá, að það er næstum því hlægilegt, að vera að gera sér aðra eins rellu út af þeim, eins og gert er, jafnframt öllum austrinum í aðrar áttir. Fjárhagslega skoðað munar landið þetta svo sem ekkert til né frá, og þessi smámunasýtni getur naumast komið af öðru en því, að hér er um gamalt kjósendaagn að ræða, slagorð, sem brúkað hefir verið á þingmálafundum til þess að sýna sparsemi sína og búhyggindi, og umhyggjuna fyrir því, að ekki sé lögð óþarfagjöld á almenning. Það er verst, að umhyggjan er stundum ekki eins mikil í öðrum greinum, þegar á þing er komið.

Eitt atriði var þó í ræðu háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.), sem eg get ekki fallist á. Það var viðvíkjandi till. um að flytja heim verk Einars myndhöggvara Jónssonar. Eg get ekki verið honum samdóma um það, að ekki þurfi nema lítilfjörlegan járnskúr undir þau, eða að »eitthvert húskríli«, eins og hann sagði, mundi nægja til þess að geyma slíkt í, ef landið fer að safna listaverkum á annað borð. Verk Einars eru nú þegar orðin það mörg, að ekki veitir af stórum sal, ef á að sýna þau eins og þau eiga að sjást, og eins og slíkt er sýnt annarstaðar. Og eg vil ekki veita fé til þess, að sýna þau í pakkhúsi. Eg vil veita honum styrk eins og verið hefir. Hann getur hvergi fengið eins ódýrt húsnæði fyrir myndirnar hér, eins og í »atelieri« því er hann hefir sérstaklega í Khöfn.

Eg sé að háttv. fjárlaganefnd hefir lækkað um 200 kr. styrkinn til námsmeyjar við háskólann í Kaupmannahöfn, Lauyfeyjar Valdimarsdóttur. Eins og tekið er fram í ástæðunum við fjárlagafrumvarp stjórnarinnar, var þessi litla hækkun, sem stjórnin fór fram á, ekki alveg út í loftið. Kvenfólk er beitt því misrétti við háskólann, að það fær engan námsstyrk. Garðstyrkurinn er eingöngu fyrir karlmenn, og hann hækkar ár frá ári. Er það bygt á því, að það er viðurkent, að allar lífsnaunsynjar eru dýrari en áður, og þess vegna geti enginn komist af með þann styrk, sem áður nægði. Þessi stúlka, sem þingið hefir álitið þess verða að styrkja hana, hefir aldrei fengið neinn annan styrk. Hún hefir að eins fengið að búa í Hagemanns Institut með vægari kjörum en annarstaðar fæst. En þar fer líka alt hækkandi, vistin þar er orðin dýrari en áður, sem leiðir af því, að styrkurinn til karlstúdentanna hefir hækkað. Stúlkan getur ekki komist af með það, sem hún gat bjargast við áður. Úr því að þingið hefir sýnt, að það *vill*

styrkja stúlkuna og telur hana þess maklega, finst mér að maður megi vænta, að meiri hluti innar háttv. deildar vilji láta styrkinn koma að notum og láta sig ekki muna um þessa litlu upphæð — einar 200 kr.

**Jón Jónsson:** Eg á hér tvær breytingartillögur við 15. gr., sem því miður hafa ekki fundið mikla náð fyrir augum hv. fjárlaganefndar. Eg vildi samt gera frekari grein fyrir þeim, svo að háttv. þingm. sjái, að eg hafi ekki alveg að óþörfu borið þær fram.

Fyrri breytingartillagan er við 15. gr. 1. g., að á eftir þeim lið komi nýr liður, um 1500 kr. fjárveitingu hvort árið til að semja skrá yfir handritasafn Landsbókasafnsins. Fyrir fjárlaganefnd mun hafa legið beiðni um nokkuð hærri styrk í þessu skyni. En hún hefir ekki séð sér fært, að taka hana til greina. Af hvaða ástæðu, veit eg ekki með vissu, en eg hefi heyrt, að það muni hafa verið með fram af því, að beiðnin hafi ekki komið beint frá forstöðumauni Landsbókasafnsins sjálfum. Eg veit, að hann sér þörfina ekki síður en aðrir, og eg má fullyrða, að hann hefir látið í ljós við mig, hvað eftir annað jafnvel, að fram á þetta þyrfti að fara við stjórnina, og að hann hefir hugsað sér að gera það, hvort sem úr því hefir orðið eða ekki.

Af því að eg er þessu máli sérstaklega kunnugur, vil eg leyfa mér að gera stuttlega grein fyrir, hvernig til hagar. Þetta er sannarlegt nauðsynjamál fyrir Landsbókasafnið og alla þá sem þurfa að nota handritasafnið.

Það er ekki nema hálft gagn af því, að leggja fram ærið fé árlega handa safninu til handritakaupa, án þess að sjá fyrir því um leið, að menn geti átt kost á að vita, hvað safnið á af handritum. En meðan starfskraftar safnsins eru ekki meiri en þeir eru, er ómögulegt að skrásetja handritin nema lauslega, og að eins til bráðabirgða. Safnið á nú yfir 6000 handrit, en skrásetningin á þeim er svo ófullkomin, að menn þurfa oft að verja hálfum og heilum dögum til þess að leita að því, er þeir vilja finna. Þetta er svo mikill tímaþjófur, að það er nærri frágangssök að nota safnið nema fyrir þá, sem hafa nægan tíma yfir að ráða eða eru því annars vegar nauðakunnugir. Auk þess er skrásetningin svo ónákvæm, að aldrei verður bygt á neinni leit til fulls. Það er aldrei hægt, að leita af sér allan grun, því að margt í handritunum er enn alveg ótalið. Þegar þingið hefir lagt ár eftir ár svo tugum þúsunda skiftir í handritakaup, má ekki minna vera en að eitthvað sé lagt til þess að ganga svo frá þeim, að þau séu nothæf í safninu. Þau eru þó til þess keypt, að þau geti komið að notum þeim er vilja afla sér fróðleiks um sögu og bókmentir landsins. Það væri líka alveg þýðingarlaust, að hrúga upp handritunum, ef ekki væri séð fyrir því um leið, að hægt væri að nota þau nokkurn veginn greiðlega. Þetta ætti öllum háttv. deildarmönnum að geta skilist. Eg ætla að taka eitt auðskilið dæmi. Í safninu eru mörg skjöl, sem snerta landamerki jarða og annað þar að lútandi. Þessi skjöl geta verið afar áríðandi, ekki síst ef menn eiga í deilum og málaferlum út af landamerkjum. Eg veit til þess, að á síðari árum hafa margir skrifað hingað, eða komið sjálfir til þess að leita sér upplýsingar um skjöl, er þeir gætu lagt fram í þessum málum. En svo var það, meðan eg var við safnið, að þó að við hefðum allan vilja á að greiða fyrir þessum mönnum, þá var ómögulegt að komast að því með fullri vissu, hvort það var til eða ekki, sem þeir leituðu að, jafnvel þó að við gerðum okkur mikið far um að leita sjálfir.

Það sér hver maður, að skrásetningunni er mikið ábótavant, á meðan svo er ástatt Eg vona þess vegna, að háttv. deild líti svo á, að þetta sé ekki þýðingarlaus fjárbeiðni, jafnvel þó að svo fari, að hún sjái sér ekki fært, að verða við henni.

Þá er breytingartillaga mín við 15. gr. 13, á þgskj. 396, um aukinn styrk til Alþingisbókanna, ekki ófyrirsynju fram borin. Þingið tók upp hjá sjálfu sér að styrkja þetta verk, sem hefir að geyma svo merkileg gögn og þinginu svo náskyld, að eg sé ekki betur, en að það, sóma síns vegna, sé skyldugt til að leggja ríflega af mörkum til þess. Eg vona, að eg taki ekki of djúpt í árinni þó að eg segi, að engin þjóð í heiminum eigi samskonar ritasafn. Það vita allir, að ekki er langt þangað til að Alþingi hefir staðið í 1000 ár, þó að hlé hafi á orðið um einn tíma. Það vantar að vísu talsvert á, að við eigum menjar allra þeirra þinga, sem haldin hafa verið, en við eigum þó svo mikið, að þar kemst engin þjóð í heiminum til jafns við okkur. Þó að ekki væri nema vegna sóma síns sjálfs, að þingið vildi styrkja þetta, þá væri það næg ástæða til þess, að leggja ríflegar að mörkum en gert hefir verið, með því að verkið gengur mjög seint nú. Ef þessu verki yrði lokið fyrir þann tíma er Alþingi hefir staðið í 1000 ár, þá yrði það sá menjagripur, sem yrði þjóðinni til virkilegs sóma og Alþingi sjálfu um leið, því að það hefir einmitt verið Alþingi, sem oftast hefir barist í bökkum, og unnið það sér til ágætis, að vernda þetta sjálfstæði, sem við höfum. — Eg get ómögulega kannast við, að það hafi verið réttmæt aðfinsla, sem hv. frams.m. fjárlaganefndarinnar (P. J.) hreyfði, að meira væri tekið upp í þetta safn, en góðu hófi gegndi. Ef menn treysta sér ekki til, að gera það svo fullkomið sem frekast eru föng á, þá er betra að láta það ógert. Það er verk, sem ekki má káka við. Eg skal geta þess, að þeir sem um verkið fjalla eru vafalaust inir færustu menn, sem vér eigum á að skipa í þessari grein. Svo menn haldi ekki, að það sé í hagsmunaskyni fyrir þá, að fram á þetta er farið, skal eg taka það fram, að þeir fá blátt áfram hlægilega lítið fyrir vinnu sína. Aðalkostnaðurinn liggur í því, að til verksins er svo vandað, að varla eru dæmi til slíks um aðrar bækur hér á landi, og það er gert með það fyrir augum, að Alþingi megi verða sem mestur sómi að útgáfunni. Þó að menn gætu ekki sint þessu frekar en svo, að varatillagan yrði samþykt, þá væri talsvert unnið við það, og verkið gæti þá gengið betur en hingað til.

Úr því að eg tók til máls á annað borð, ætla eg að víkja nokkrum orðum að viðaukatillögunni á þgskj. 400, um styrkveitingar til listamannanna Reynis Gíslasonar og bræðranna Eggerts og Þórarins Guðmundssona. Þessir menn, sem farið er fram á að styrkja ofurlítið til fullnaðarnáms í list sinni, eru allir mjög efnilegir — efni í snillinga, liggur mér við að segja. Við höfum átt kost á, að heyra til bræðranna og eg hygg, að engum, sem ofurlítið skynbragð ber á þá list, geti blandast hugur um, að þeirra tilþrifa hafi orðið vart, sem gefa jafnvel mjög miklar vonir um framtíðina. Því miður kennir alt of oft þess hljóms, að fagrar listir og bókmentir vegi ekki þungt á metunum hjá þjóð og þingi. Eg verð að leyfa mér að efast um, að almenningur hafi gert sér fulla grein fyrir þessu, og eg er hræddur um, að það sé ekki annað en vana-hjal, sem búið er að hjala svo oft í eyru þjóðarinnar, af mörgum þeim sem lítið skyn-

bragð bera á þessa hluti, að þorri manna sé farinn að trúa því, og hjala það eftir hugsunarlaust. Svo mikinn unað og andlega auðlegð hafa skáld og rithöfundar veitt íslenzku þjóðinni, að það verður ekki metið til peninga. Þeim sem þekkja, hvernig högum flestra íslenzkra rithöfunda er háttað, er kunnugt, að þeir geta fæstir unnið að ritstörfum nema þeir séu styrktir til þess. Ritlaun eru hér svo lág, eins og eðlilegt er í fámenninu, að enginn getur á ritstörfum lifað. Eg veit ekki, hvað mikinn tíma skáld þurfa til sinna starfa, en eg get sagt frá því til gamans, að til eins ritsins, sem eg gaf út, varði eg tveimur árum, og 250 kr. fékk eg í ritlaun fyrir það. Og þó að þetta nái ekki til allra rithöfunda hér á landi, þá er óhætt að segja, að ritlaun eru hér yfirleitt mjög lág. Það sannar ekki, að ritin, sem um er að ræða, geti ekki verið fult eins mikils virði og þau rit, sem borguð eru með þúsundum og jafnvel tugum þúsunda í öðrum löndum. Hér er alt öðru máli að gegna. Alveg eins er því háttað um listamennina, hverju nafni sem þeir nefnast. Það verður, að minsta kosti, að létta undir með þeim meðan þeir eru að fullnuma sig, mýkja brautina fyrir þeim, meðan þeir eru að byrja, hún verður fyrir þeim flestum lögu þyrnum stráð fyrir því. Það er oft talað um, að nauðsynlegt sé að gera Ísland kunnugt útlendingum. Eg skal sízt mæla á móti því. En má eg spyrja, er þetta ekki bezti vegurinn, að styrkja unga og efnilega menn, í því skyni, að þeir fái getið sér og þjóð sinni frægð? Stórveldi verðum við aldrei í ytra skilningi. En eg fyrir mitt leyti hugsa svo hátt og finst ekkert á móti því, að við getum með tímanum orðið stórveldi í andlegum skilningi. Það þarf ekki að fara saman að hafa tugum bryndreka og tugum ágætra rithöfunda á að skipa. Eg veit með fullri vissu, að margur skínandi gimsteinn gáfna og andlegs atgervis er falinn með þjóð vorri, og það svo, að fæsta grunar. Það er margur frjóangi að grafa um sig í djúpinu, sem upp getur vaxið og orðið að fögrum meiði, ef ekki er alt kæft með skammsýni og smásálarskap. Hver var það sem fyrst vakti eftirtekt á frændþjóð vorri Norðmönnum? Það var fiðlusnillingurinn Óli Bull. Og hverjir voru það sem skipuðu Norðmönnum sæti með fremstu menningarþjóðum heimsins? Það voru skáldsnillingarnir Henrik Ibsen og Björnstjerne Björnson. Eg er fullviss um, að við Íslendingar eigum eftir að sýna heiminum ekki síðri snillinga en þeir voru Óli Bull, Ibsen og Björnson, þó að þessir menn, sem hér er um að ræða og nú eru uppi, verði það ef til vill ekki. Eg aðhyllist skoðun háttv. fjárlaganefndar, að réttast væri að stjórninni væri fengin ákveðin fjárupphæð til þess, að styrkja skáld og listamenn. Það er illa til fallið að karpa hér um það ár eftir ár, hverjum eigi að veita styrk og hverjum ekki og meta það til verðlauna, sem mörgum hér er ofvaxið að meta. Það er leiðinlegt að þurfa að vera að metast um það, hvort þessi eða hinn eigi að fá 200 kr. meira eða minna. Eg get þess vegna felt mig við að fjárveitingin til skáldanna sé bundin við fyrra árið, því að eg hygg, að það geti orðið til þess að stjórnin fái á næstu fjárlögum ákveðna upphæð í hendur, sem hún svo úthlutar í samráði við þá menn, sem til þess eru hæfastir að leiðbeina henni í þeim efnum.

Eg skal svo ekki fara frekari orðum um málið. Eg greiði atkvæði með því, að skáldin Þorsteinn Erlingsson og Einar Hjörleifsson fái sínar 2400 kr. hvor fyrra árið, hvað sem aðrir gera.

Að nóni gaf forseti fundarhlé, með því að umr. var enn eigi lokið, til kl. 5 síðdegis; var þá fundur settur á ný og umræðum haldið áfram.

---

**Stefán Stefánsson:** Eg hefi leyft mér að bera fram litla breytingartillögu á þgskj. 397 við þann kafla fjárlaganna, sem nú er til umræðu. Fer hún fram á að Kristínu Jónsdóttur verði veittar 400 kr. hvort árið til þess að lúka námi við listaháskólann Kaupmannahöfn. Þessi kvenmaður sendi beiðni um litinn styrk til þingsins 1911. Var sú tillaga flutt í efri deild og þar samþykt, en neðri deild sýndi henni ekki þá viðurkenningu að samþykkja styrkinn. Þrátt fyrir það hefir hún haldið áfram náminu bæði þessi ár fjárhagstímabilsins. Fyrst var hún í 2 ár í teikniskóla í Kaupmannahöfn, sem er til undirbúnings undir nám á listaskólanum, og síðan hefir hún verið 2 ár á listaháskólanum. Aðstandendur hennar hafa nú varið 2000 kr. til þess að kosta hana erlendis, sem þó engan veginn eru miklum efnum búnir, og þar sem hún á nú eftir 2 ár til þess að verða fullnuma, er sjálf félaus og ástæðurnar að öðru leyti þær sem eg hefi frá skýrt, þá er sjáanlegt, hve afar-óhægt hún á nú aðstöðu. En til marks um það, hve vel Kristín er gefin í þessa stefnu, er það, að af 60 manns, sem í raun og veru stóðu jafnt að vígi og hún, var hún ein af þremur, sem komust upp í efstu deild eða málaradeild háskólans og hlaut að eg meina hæstu einkunn. Þetta sýnir, hversu hún er framúrskarandi vel gefin að þessu leyti. Hún sótti nú um 600 kr. styrk hvort árið og hefir sú málaleitun legið fyrir háttv. fjárlaganefnd. En nefndin hefir ekki séð sér fært að taka hana til greina, jafnvel þó að eg viti, að sumum af nefndarmönnunum stóð mjög nærri að vilja sinna beiðninni að meira eða minna leyti, en sem sagt, það hefir nú ekki getað orðið ofan á. Og þess vegna hefi eg leyft mér að bera fram tillögu um, að þessum kvenmanni verði veittar 400 kr. hvort árið. Hingað til hafa aðstandendur hennar kostað hana til námsins. En nú stendur svo á, að bróðir hennar, sem hefir haft beztar kringumstæður á að kosta hana, enda lagt þar mest af mörkum, lagðist veikur í vetur og hefir legið lengi fram eftir sumri og getur þess vegna að líkindum ekki styrkt hana framvegis.

Tveir kennarar hennar hafa gefið henni sérlega góð meðmæli og ef háttv. þingmenn hefðu kynt sér þau, þá skil eg ekki í öðru en að þeir hefðu jafnvel talið það skyldu þingsins að hlaupa hér undir bagga. Eg skal jafnframt geta þess, að það var einmitt þessi kvenmaður, sem fengin var til þess að gera skrautmyndirnar á ávarpið, sem 200 menn í Eyjafirði sendu Þórarni Tulinius sem viðurkenningu fyrir góða framgöngu í samgöngumálunum hér við land Eftirmyndir af þessum teikningum eru í Eimreiðinni þetta ár, sem liggur fyrir framan mig hér á borðinu, og geta menn fengið að líta á þær. Þó að það sé reyndar talsvert hjáleitt eða óverulegt hjá frumteikningunni, þá gefur það vísbendingu um, hversu mikið listaverk þetta er, og það af nemanda, sem enn á eftir 2 ár til þess að verða fullnuma.

Eg get búist við að ritstjóri Eimreiðarinnar, háttv. þm. Sfjk. (V. G.), hafi átt kost á að sjá þetta verk, en honum far ast svo orð um í Eimreiðinni, ef háttv. forseti vill leyfa að lesa það upp:

»Listaskraut þess (þ. e. ávarpsins) alt hefir gert ung listakona íslenzk Kristín Jónsdóttir frá Arnarnesi, sem

stundar málaralist við listaháskólann í Kaupmannahöfn, og hefir hún mikinn sóma af, hve prýðilega hún hefir leyst það af hendi«.

Það eru sárfáar listakonur, sem við eigum. Minnist eg eigi að komið hafi fram samskonar styrkbeiðni í þessum fjárlögum og vona því að háttv. þm. kasti ekki frá sér styrkbeiðni þessari, mér liggur við að segja frá inni einu listakonu, sem við eigum. *(Lárus H. Bjarnason:* Þær eru tvær). Þótt svo kunni að vera, þá hefi eg að minsta kosti ekki séð neitt eftir hina, sem geti komist í nokkurn samjöfnuð við það, sem Kristín hefir gert og er hér til sýnis.

Eg skal svo ekki fjölyrða um þetta mál. Menn vita, hvers verið er að biðja, og eg vona að beiðninni verði vel tekið.

**Guðmundur Eggerz:** Eg get verið sammála háttv. framsögum. fjárlaganefndarinnar (P. J.) um, að æskilegt væri að sem minst væri hróflað við gerðum hennar. Finst mér lítil meining vera í því hjá háttv. þingmönnum að vera altaf að tala um sparsemi, en hrúga samt upp breytingartilögum, sem allar fara fram á að hækka útgjöldin. Eftir því sem eg kemst næst, mundu breytingartillögurnar, ef þær allar næðu fram að ganga, hækka útgjöldin um 300 þús. kr. Eg er sjálfur flutnigmaður nokkurra breytingatillagna, en þær miða í öfuga átt, miða til að minka útgjöldin. Það er þó ekki þannig ástatt, að eg hafi ekki ástæðu til að bera fram fjárbeiðnir fyrir mitt kjördæm. Eg hefi t. d. fengið áskoranir um að útvega styrk úr landssjóði til brúar yfir Grímsá, sem brýna nauðsyn ber til að gera og tvisvar hefir verið gerð teikning til. Enn fremur er sýslunni mikið áhugamál, að akvegurinn, sem liggur yfir Fagradal, nái alla leið að Eiðaskólanum. Eg bar þessi erindi upp við fjárlaganefndina, en hún vildi ekki sinna þeim og enda þótt mér félli þetta illa, vildi eg þó ekki koma fram með breytingartillögur, gegn vilja nefndarinnar, sem hefðu aukið útgjöldin um liðug 20 þús. kr. og er eg þó sannfærður um, að þær hefðu haft meiri rétt á sér en margar af þeim, sem fram hafa komið í deildinni. Mér er ekki ljúft að bæta við tekjuhalla landssjóðs, hann mun verða nægur samt.

Skal eg svo víkja nokkrum orðum að breyt.till. mínum á þgskj. 445. Þar hefi eg farið fram á að 2500 kr. styrkur til Hannesar Þorsteinssonar fyrir að semja sögur lærðra manna á Íslandi á síðustu öld, falli burt.

Fyrir þá sök hefi eg komið með þessa breytingartillögu, að eg álít þetta verk ekki svo mikils virði, að við höfum efni á að leggja í það 2500 kr. árlega. Hins vegar játa eg, að mér er ekki ljúft að bera breyt.till. fram, því Hannes Þorsteinsson er kunnur að því, að vera elju- og dugnaðarmaður og líklegast flestum núlifandi mönnum fróðari í því efni, sem hér er um að ræða. Það er þannig ekki af meinbægni við hann að eg vil afnema styrkinn, heldur af því að við höfum ekki efni á að veita hann, svo er eg líka hræddur um að ekki verði margir, sem lesa þá bók.

Þá kem eg að annari breytingartill. minni. og hana ber eg fram með glöðu geði; hún er um að tillag landssjóðs til Good-Templarafélagsins falli burt. Það er eigi svo að skilja, að eg ekki viðurkenni að þetta félag hefir unnið þjóðinni mikið gagn, en það hefir að minni hyggju líka unnið henni mikið ógagn; á eg þar við aðflutningsbannslögin. Með þeim hefir landið verið svift stórri tekjugrein. Ef aðflutningsbannið væri ekki, mundu tekjur landssjóðs vera hálfri milíón til 700 þús. kr. meiri á fjárhagstímabilinu. En breytingartillaga mín stafar aðallega af því, að Goodtempl-

arafélagið er nú orðið að miklu leyti pólitiskt félag. Á síðustu árum hefir það haft æði-mikil áhrif á kosningar til Alþingis. Félagið var gott meðan það hélt sér við stefnuskrá sína, en það fór alt í mola, er það fór að verða pólitiskt félag. Eins og nú er ástatt, mætti alveg eins sækja um styrk handa Heimastjórnarflokknum eða Sjálfstæðisflokknum. *(Benedikt Sveinsson:* Gert um daginn). Jæja, eg hefi þá ekki tekið eftir því.

Úr því þetta aðflutningsbann er líka komið á, er félagið gersamlega þýðingarlaust.

Þá ætla eg að snúa mér að skólanum á Núpi, sem mikið hefir verið rætt um í dag. Eg er á móti styrkveitingunni til hans þegar af þeirri ástæðu, að ef honum verður veittur styrkur, munu aðrir skólar koma á eftir og heimta sams konar styrk. Eg get ekki verið sammála háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) um að sjálfsagt sé að veita öllum unglingaskólum styrk. Annars talaði hann í prédikunartón um þennan skóla. Get eg ekki tekið allar ástæður hans gildar. Hann talaði um, að í sínu kjördæmi væru menn svo skynsamir, langtum skynsamari en annarstaðar. Þá ætti einmitt ekki að vera svo mikil þörf á skóla þar. En enginn vafi er á því, að hvað skynsamir sem þeir kunna að vera í kjördæmi háttv. þingmanns, mun þó mega segja, að engin regla er án undantekningar.

Eg get gjarna játað, að maður, sá er veitir skólanum forstöðu, er mesti sæmdarmaður, svo að því leyti er skólinn vel maklegur styrks. En aftur á móti er ýmislegt í skólaskýrslunni, sem ekki er til að auka virðingu manna fyrir honum. Einna helzt þar á meðal er ræða eftir Matthías Ólafsson. Slíkri ræðu held eg að skólinn ætti að sleppa þegar hann sækir um styrk næst.

Um skáldin skal eg ekki vera langorður. Eg er háttv. framsögumanni fjárlaganefndarinnar samþykkur um, að óviðkunnanlegt sé að virða menn og meta hér í þingsalnum. Skal eg því ekki fara út í þá sálma, en atkvæði mun eg greiða gegn skáldastyrknum.

Það vil eg taka fram, að það nær engri átt, eins og haldið hefir verið fram í deildinni, að styrkir þessir séu í raun og voru veittir skáldunum á meðan þau lifa.

**Ráðherrann (H. H.):** Eg ætla að eins að gera örstutta athugasemd út af ræðu háttv. 1. þingm. Rvík. og síðari hluta ræðu háttv. 2. þm. S.-Múl.

Háttv. 1. þm. Rvk. lét í ljósi, að hann mundi greiða atkvæði með tillögum fjárlaganefndarinnar, um að skáldunum væri að eins veittur styrkur til eins árs. í þeim tilgangi, að stjórninni gæfist tækifæri til að ráðstafa þessu máli og koma styrkveitingunni í betra horf.

Það geta verið skiftar skoðanir um margt af því, sem hann sagði, en eg er fullkomlegs samdóma honum um það, að óviðkunnanlegt sé að vera að meta skáldin hér í þingsalnum, tala um, hvers þeir séu verðugir og hvað þeir séu á marga fiska hver, og að heppilegt væri í ýmsum tilfellum að stjórnin hefði fé til umráða til þess að geta veitt styrk í sérstökum tilfellum, til sérstakra verka eða í sérstakri þörf. En slíkt getur ekki átt við um þá sem styrktir eru til þess að geta gert ritstörf að lífsstarfi sínu. Þeir verða að hafa fastákveðinn árlegan styrk eða laun. Það er ómögulegt fyrir menn að sleppa öðrum atvinnustörfum og leggja út í að gefa sig algerlega að ritstörfum í trausti til opinbers styrks, ef þeir eiga á hættu við næstu ráðherraskifti að missa algerlega það sem þeir þurfa til lífsviðurværis. Löggjafarvaldið þarf að slá því föstu um þá menn, sem ætlast er til að gefi

sig eingöngu við ritstörfum, hvort heldur þeir eru skáld eða rithöfundar, að þeir fái ákveðna árlega upphæð. Hitt, að stjórnin sé látin hafa sérstaka upphæð til að veita ungum mönnum styrk, er þurfa að fara utanlands til að lúka námi, eða þeim sem eiga að vinna eitthvert verk, álít eg til mikilla bóta.

En mér er spurn: Hvers vegna getur ekki stjórnin, sem sér um undirbúning fjárlaganna undir þingið 1915 — hver svo sem hún nú verður — tekið upp í frumvarp sitt upphæð í þessu skyni, þó að nú sé haldið styrkveitingunni fyrir bæði árin eins og verið hefir að undanförnu?

Eg álít því lang heppilegast að samþykkja ekki þessa breytingartill. fjárlaganefndarinnar, heldur stjórnarfrumvarpið óbreytt, en jafnframt leggja stjórninni á hjarta að koma fyrir næsta fjárlagaþing með uppástungur um aðra tilhögun á þeim styrkveitingum, sem ekki eru fastur skáldastyrkur eða skáldlaun.

**Kristinn Daníelsson:** Á þgskj. 399 er örlítil breytingartillaga, sem eg hefi leyft mér að bera fram. Hún er svo lítil, að það tekur því varla að vera að tala um sparnað eða eyðslu í sambandi við hana.

Háttv. framsögumanni fjárlaganefndar fórust vel orð um hana, svo eg vona að hún mæti ekki miklum mótmælum. Tillagan er um að veita Sighvati Grímssyni lítilsháttar styrk til að kanna skjöl Hólastiftis. Er háttv. þingmönnum ekki ókunnugt um, að hann hefir áður fengið slíka styrki til að vinna að sams konar verki. Maðurinn er fátækur alþýðu maður, en vel fróður um þessi efni. Þingið hefir að undanförnu góðfúslega lagt honum þennan styrk, og treysti eg því, að það veiti honum styrkinn enn þá, til þess að hann geti haldið áfram þessu starfi sínu. Hann er búinn að rannsaka skjöl, þau er snerta Skálholtsstifti, en á eftir að rannsaka skjöl Hólastiftis. Þótt hann sé nú kominn hátt á efra aldur, langar hann samt til að geta lokið því starfi.

Skal eg svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál, en vona að þingið sjái sér fært að veita þennan lítilfjörlega styrk.

Um aðrar breytingartillögur, sem fyrir liggja í dag, skal eg ekki fjölyrða. Enda þótt menn langi til að gera grein fyrir skoðunum sínum, verður það þó aðallega að sjást á atkvæðagreiðslunni, hvaða afstöðu menn taka til inna einstöku mála. En eg get ekki látið hjá líða að minnast á eitt atriði, sem hefir verið tilʹ umræðu i dag. Það er unglingaskólinn á Núpi. Eg vil styðja brtill. á þgskj. 366, um að honum verði veittur viðunanlegur styrkur.

Hin breytingartillagan um þetta efni á þgskj. 360, frá háttv. þm. Dal. (B. J.), fer fram á að veita eina fjárveitingu, er skiftist á milli allra unglingaskóla. Eg gæti að mörgu leyti gengið inn á þessa tillögu, en eins og á stendur, held eg að hún sé ekki heppileg, enda býst eg við, að hún nái ekki fram að ganga, og mun eg því styðja sem bezt tillöguna um styrk til skólans á Núpi.

Ekki er eg heldur ánægður með það, að háttv. þm. Dal komst að þeirri niðurstöðu, að styrkurinn ætti að verða lægri, því að styrkur, sem er ætlaður til alþýðufræðslu, á ekki að lækka, heldur fara vaxandi.

Það má ekki gleyma alþýðufræðslunni þegar verið er að tala um listir og vísindi, því hún er einmitt skilyrðið fyrir því, að menn geti notið árangursins af listum og vísindum. Það er fyrst fyrir hana að menn sjá, að »vísindin efla alla dáð«.

Eg vil mæla sem allra-bezt með skólanum á Núpi. Fyrir honum stendur maður, sem að allra dómi er mjög vel hæfur

til að standa fyrir slíkum skóla. Hefir hann lagt í skólann alt starf sitt. Ber nauðsyn til að hjálpa honum svo að ið mikilvæga starf hans verði ekki til ónýtis.

Eg skal ekki fara út í aðalumræðuefnið í dag, styrkinn til skálda og vísindamanna. Eg er samdóma þeim mönnum, sem tekið hafa fram, hvílíkur hagur þjóðinni er að slíkum mönnum. Að vísu hefir stundum verið sagt, að þeir verði mestir snillingarnir, sem mesta erfiðleikana eigi við að stríða, meðan þeir eru að komast áfram. Það kann að vera að eitthvert sannleikskorn finnist í þessu, að það herði og stæli, að eiga við erfiðleika að berjast, en það er hverfandi lítið í samanburði við ið ósanna, sem í því felst, því sannarlega er margt gullkornið og gimsteinninn, sem fer forgörðum af því að erfiðleikarnir urðu yfirsterkari. Að minsta kosti finst mér það óréttlátt að þeir sem hafa haft styrk að undanförnu, séu sviftir þeim styrk, sem þeir hafa búist við að halda.

Þá er ein tillaga, sem eg vil minnast á, það er sú á þgskj. 445 frá háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.). Hann fer fram á að styrkurinn til Goodtemplara falli niður. Hann sagðist greiða atkvæði með þessari tillögu með ljúfu geði, og er það þó ótrúlegt, þar sem hann þó viðurkendi, að Reglan hefði unnið margt þarft verk. Eg skil ekki, hvernig þm. fer að færa þetta fram samkvæmt rökfræðisreglum. Þessi svifting styrksins kæmi alveg að óvörum, því að Reglan hefir talið það víst, að hún héldi þessum styrk.

Háttv. þingm. bar fyrir sig bannlögin, að nú þegar þau væru komin í gildi þyrfti Reglan ekki lengur að starfa. Þetta er dálítið einkennileg staðhæfing af bannlaga-óvini, sem vildi afnema bannlögin ef hann gæti. Andbanningar fullyrða annars líka, að bannlögin muni ekki ná tilgangi sínum, því að vín verði flutt inn í landið jafnt fyrir þau sem áður. Skyldi Reglan ekki eiga að vera þá á verði að lögunum verði fylgt fram?

Eg vil ekki geta þess til, að þessi tillaga sé komin fram til hefnda á Templurum, en eg verð þó að játa, að eg skil ekki, hvaða verk hún hefir átt að vinna.

**Sigurður Sigurðsson:** Það hefir verið talað með miklum fjálgleik hér í deildinni í dag um skáld, rithöfunda og listamenn í sambandi við styrk til slíkra manna. Það er nú langt frá mér að fara að hefja umræður um þetta mál, og eg álít að það eigi alls ekki við að vera að meta gildi einstakra skálda og listamanna eða verk þeirra hér á þinginu Mér er yfir höfuð illa við að ræða nokkuð um einstaka menn, sem ekki eiga sæti hér í deildinni, hvort heldur sem það umtal er lof eða last í garð þessara manna. Og hvað snertir þá menn, sem styrks njóta samkvæmt 15. grein fjárlaganna, þá er mér fremur vel við þá flesta. Þeir eru allir einstaklega almennilegir menn, vammalausir og leiða af sér fremur gott en ilt, og það er meira en sagt verður um alla þá, sem sæti eiga á þessu þingi, og suma aðra, sem sitja í konunglegum embættum hér á landi. En af öllu má þó of mikið gera. Og það gengur lengra en góðu hófi gegnir, að fara að búa til fastar launaðar stöður handa skáldum og listamönnum.

Fyrir mér er það alveg nýtt að heyra því haldið fram. að styrkinn til skálda og listamanna beri að skoða sem *föst laun,* og eg vil fyrir mitt leyti mótmæla þessum skilningi.

Fjárlaganefndin hefir lagt til, að styrkurinn verði veittur *að eins* fyrra árið, og þykir það auðvitað stefnubreyting að því er snertir styrkinn til þeirra.

Hitt er ekki neitt aðalatriði meiri hluta nefndarinnar, hvort styrkurinn er hærri eða lægri upphæð. Eg sagði meiri hlutanum því, að eg fyrir mitt leyti kysi að þessi styrkur sé sem lægstur.

Langréttast og eðlilegast væri, að þingið veitti að eins eina upphæð til skálda, rithöfunda og listamanna og stjórnin úthlutaði svo fénu eftir tillögum nefndar, sem skipuð væri valinkunnum mönnum, eða þá eftir tillögum háskólaráðsins. Það er í mesta máta óviðfeldið að vera að hnotabítast á hverju þingi um þessa styrkþiggjendur, og út á við vekur það hneyksli, að það skuli standa á fjárlögum ár eftir ár heil halarófa af mönnum, skáldum og listamönnum, sem njóta styrks á þennan hátt, meðal annars af því að mjög eru skiftar skoðanir manna um verðleika þessara manna og ágæti þeirra yfir höfuð.

Það er langt frá því að þjóðin telji eftir styrk til skálda og listamanna eins og sagt hefir verið. En hitt er annað mál, að margir álíta að það séu ekki allir skáld þó að þeir yrki. Og þó að þessir styrkir hafi einu sinni verið veittir upp á nafn, þá er ekki þar með sagt, að þeirri vitleysu eigi að halda áfram til eilífðar. Það er síður en svo. Í þessu sambandi vil eg benda á eitt, og það er, að það er eins og engir menn séu til undir sólunni nema skáld og listamenn. Einlægt er verið að hossa þeim og lofa þá. Því er haldið fram, að þeir séu *einu mennirnir*, sem að haldi uppi áliti þjóðarinnar bæði inn á við og út á við. Þetta er oflof, sem ekki er bygt á neinni sanngirni.

Það er ekki verið að hrópa hátt um það, þó að menn leggi lífið í sölurnar til þess að afla þjóðinni og landssjóði fjár og til að bjarga sér og sínum. Það eru sjaldnar lofaðar framkvæmdir manna í verklegum efnum. En ef maðurinn fæst við að yrkja, mála eða syngja, þá er hann strax orðinn alls góðs verður og honum sungið lof og dýrð. Og þetta gengur svo langt, að það er undantekning ef út kemur svo skáldrit, jafnvel hvað lélegt sem það er, að því sé ekki hælt á hvert reipi.

Það var víst háttv. 2. þm. Rvk. (J. J.), sem óskaði þess með hjartnæmum orðum í sinni hjartnæmu ræðu, að við ættum tugi af skáldum og listamönnum. Það hefði víst enginn á móti því, ef að þessir menn væru þá sannir listamenn og hefðu eitthvað að gera og eitthvað til að lifa af. En fleira þarf nú að gera en að yrkja og mála, og við eigum helzt til marga, sem fást við þá hluti að nafninu til. Það er töluvert til í því, sem sagt var einhvern tíma, að þessir styrkir til skálda og listamanna kæmi mönnum til að yrkja og iðka listir.

Þetta sífelda sof og hól í garð skálda og listamanna hvetur menn til þess að fara að fást við þessa hluti og það þótt þeir hafi lítla eða enga hæfileika til þess. Þetta dregur þá svo frá öðrum störfum á öðrum sviðum lífsins, þar sem mennirnir væru líklegri til þess að gera gagn. Eg veit heldur ekki, hvar það lendir, ef allir ættu nú að fara að yrkja, mála og syngja. — *Hver sér þá um þurkinn á töðunni?*

Einhver gat þess — það mun hafa verið háttv. þingm. Dal — að vér hefðum farið illa með skáld vor og listamenn, og það svo, að þeir hefðu jafnvel dáið úr hungri. Voru þeir Sigurður Breiðfjörð og Sigurður málari Guðmundsson nefndir til þess. Eg skal ekkert um það segja, hvort svo hafi verið. En hitt er víst, að margur maðurinn, sem manntak var í og mikið hefði getað orðið úr, hefir dáið hér á landi úr hungri fyr meir. Annars vil eg segja það, að þingi og þjóð verður ekki álasað fyrir að hafa farið illa með skáld

sín og listamenn; eg efast mjög mikið um, að öðrum þjóðum farist betur í því efni. Eg meira að segja fullyrði, að hvergi sé skáldum og listamönnum sýnd önnur eins viðurkenning eða veittur annar eins styrkur, samanborið við fólksfjölda og efnahag þjóðarinnar, eins og hér á landi. og það fer illa á því að vera sífelt að vanþakka þjóð og þingi fyrir það, sem gert er og hefir verið gert fyrir okkar skáld og listamenn.

Þá sagði einn þm. að Valdimar Briem væri hættur að yrkja. Ekki er hann kunnugur þessi þingmaður. Eg ætla nú ekki að fara að halda hlífiskyldi fyrir Valdimar Briem, en þess vil eg geta, að hann yrkir enn og það meira en sumir aðrir, sem standa á skáldalistanum fjárlögunum, en það, sem hann yrkir, fer víst fyririr ofan garð eða neðan hjá þeim sem þetta sagði. Kvæði Valdemars Briems birtast víst helzt í tímaritunum Breiðablik, Kirkjublaðinu og víðar.

Áður en eg lýk máli mínu, vil eg minnast örstutt á br.till. háttv. þm. Dal. (B. J.) á þgskj. 460, er fer fram á að fella niður styrkinn til unglingaskólanna á Ísafirði og Seyðisfirði sem sérstakan lið á fjárlögunum, en hækka aftur að sama skapi styrkinn til unglingaskólanna. Þetta er óvanalega skynsamleg og heilbrigð tilaga miðuð við tillögur manna yfirleitt og mun eg greiða henni atkv. Eg álít einmitt að allir unglingaskólar eigi að takast undir einn lið á fjárlögunum og stjórnin eigi svo að úthluta styrknum eftir tillögum fræðslumálastjórans, sem byggjast vitanlega á verðleikum skólanna hvers um sig. Af þessu leiðir aftur, að eg get með engu móti aðhylst tillögu háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ól.) á þgskj. 366 að taka unglingaskólann á Núpi í Dýrafirði út úr og láta hann standa sem sérstakan lið á fjárlögunum með sérstakri fjárveitingu. Verði þetta gert, þá leiðir af því, að fleiri koma á eftir með sína skóla og heimta, að þeir verði teknir upp á fjárlögin með sérstakri fjárveiting. Svo verður farið að hnotabítast um þessa liði á fjárlögunum, þar sem hver togar sinn skækil. Þetta lengir umræðurnar um fjárlögin og eykur kostnaðinn við þingið. Auk þess mundi það auka á hreppa- og héraðapólitik þingmanna, sem nóg er af og aldrei skortir.

Af þessum ástæðum hlýt eg að vera á móti breyt.till. háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.). Að öðru leyti skal eg ekki lengja umr. Sjálfur á eg enga breyt.till., sem eg þarf að mæla með, og get því látið staðar numið.

**Matthías Ólafsson:** Háttv. þm. S.-Múl., sýslumaður með meiru, hélt snjalla ræðu um breyt.till. á þgskj. 446, sem er frá þeim virðulega herra sjálfum og er þess efnis að fella burtu styrk til Hannesar Þorsteinssonar til að semja ævisögur lærðra manna á síðari öldum. Það mun nú ekki mega geta sér þess til, að háttv. þm. hafi lagt á móti þessari fjárveiting af því að hann hafi búist við að hann yrði ekki tekinn upp í slíkt ritverk. Eg býst nú raunar við því, að hefði hann hugsað svo, þá hefði hann einu sinni á ævinni orðið getspakur. Eg hygg nú samt að ritið geti orðið læsilegt, jafnvel þótt nafns háttv. þm. yrði þar að engu getið.

Háttv. þm. hefir eflaust lengi hugsað um þessa ræðu sína og lagt mikið að sér til þess að vanda hana sem best. Honum hefir líka tekist snildarlega að leggja inn í ræðu sína, ekki einungis gáfnafar sitt, heldur líka mannkosti. Gáfnafarinu lýsir það bezt, að hann sagði að af einni brú fyrir austan hefðu verið gerðar 2 teikningar og jafnmargar kostnaðaráætlanir og samt væri hún ekki betri en svo, að stúlka fyrir aust-

an hefði druknað í henni. Það má vera undarlegt gáfnafar, sem kemst að þeirri niðurstöðu, að stúlka hafi druknað í brú, sem aldrei hefir verið til, þó aldrei nema 2 teikningar hafi verið gerðar af henni.

Mannkostina aftur á móti sýnir hann með því, að ráðast á mig alsaklausan, sem hafði þó gert honum greiða áður, þar sem eg losaði hann við þá óþægilegu kvöð, sem hann hafði á sig lagt sjálfur og hefir hann þannig launað mér gott með illu. Og eg get sagt hv. þm., að það var stór kvöð, því að það er verra að smala andarnefjum í hafinu hér við land, heldur en að elta alla landsins ketti til að drepa þá.

Hann kvaðst mundi greiða atkv., eða svo skildist mér, á móti br.till. minni á þgskj. 366, og þá helzt af þeirri ástæðu að í skólaskýrslunni frá Núpi væri einhver ræðustúfur eftir mig. Það er leitt ef skólastofnun þessi geldur þessa. Eða að þessi orð, sem eg sagði þar við skólauppsögn, yrðu til þess að skólinn yrði sviftur styrk, en ekki get eg ásakað mig um þetta, því engan hlut á eg í að þau eru komin þarna inn.

Háttv. þm. sagði, að eg hefði flutt ræðu mína í prédikunartón. Er það nú líka orðin synd? Um mentunina, sem hann var að tala, er það að segja, að eg hélt því fram og held því fram, að menn séu eins mentaðir fyrir vestan eins og annarstaðar á landinu. En hitt er annað mál að mentunin er ekki nóg og því er farið fram á styrk til að auka hana.

Viðvíkjandi breyt.till. háttv. þm. Dal. (B. J.) er það að segja, að eg álít að upphæðin, sem tiltekin er til skólanna sé of lítil, ef ekki á að taka neina skóla upp á fjárlögin með einstakri fjárveitingu.

Annars er það merkilegt að vera að telja styrk til skóla eftir, því að það er auðsýnlegt að mentuð og mönnuð þjóð stendur betur að vígi í öllu tilliti, en hin sem er það ekki.

Viðvíkjandi ræðu háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) er það að segja, að hann ætti að leggja sér það spakmæli á hjarta: »Þú nytsemd, láttu fegurð í friði«.

Skáldin beina hugsunum þjóðanna í rétta átt, og það er ekki búhnykkur, sem fjárlaganefndin vill gera, að svifta þá styrknum, sem þeir hafa haft, svo að þeir þurfi ef til vill að leita af landi burtu til þess að vinna fyrir sér.

Annars er eg alveg sömu skoðunar sem háttv. 1. þm. Árn. (S. S.), að það eigi illa við að veita þessar styrkveitingar upp á nafn. Álít eg, að veita beri stjórninni talsvert ríflega upphæð til styrktar í þessu skyni. Bæði tekur það sig betur út og losar þingið við úthlutunina. Vona eg, að þetta verði síðasta þingið, þar sem verið er að tönnlast á nöfnum skáldanna og listamannanna. Það væri ef til vill íhugunarvert, hvort ekki væri rétt að taka nokkura upphæð úr landssjóði og verja vöxtunum þar af til verðlauna skáldum og listamönnum.

**Ólafur Briem:** Eg á hér að eins eina br.till. á þgskj. 439, við 15. gr. 28, sem fer fram á það, að styrkurinn til Hannesar Þorsteinssonar, til að semja ævisögu lærðra manna íslenzkra, verði færður úr 2500 kr. hvort árið niður í 1500 kr. hvort árið, eða til vara 2500 kr. f. á.

Eg skal ekki leggja út í deilur um það, hvort þessi maður sé fær um að leysa verkið vel af hendi. En nær er mér að halda það, að upphaflega hafi þessi styrkur ekki verið veittur fyrir brýna þörf, eða eingöngu verksins vegna, heldur meðfram mannsins vegna, og að styrkurinn megi teljast til bitlinganna, sem svo eru kallaðir. Eg vil leyfa mér að minna á það, að þessi fjárveitign

var tekin upp í Ed. 1911. Það kom fram í nefndarálitinu þar og í framsögunni, að upphæðin væri miðuð við það, að maðurinn gæti varið öllum sínum kröftum óskiftum í þetta verk. Nú er það vitanlegt, að þessi maður hefir með höndum annað starf, sem gefur honum nálega 1000 kr. árlega, og kemur það í bág við það skilyrði, sem fjárveitingin var bundin, þótt ekki stæði það skilyrði í fjárlögunum. Er það því fyllilega í samræmi við tilætlun þingsins 1911, að styrkurinn sé færður niður í 1500 kr. Sama skoðun kom fram í fjárlaganefnd Nd. 1911, að hafa styrkinn 1500 kr., en féll, að líkindum af því, að menn höfðu það sama fyrir augum, sem sé að maðurinn gæti lagt krafta sína óskerta í starfið.

Þá kem eg að því atriði, sem mikilli deilu hefir valdið hér í dag, það er styrknum til unglingaskóla. Eg er þar alveg samþykkur háttv. þm. Dal. (B. J.), að það eigi betur við að tiltaka upphæðina í einu lagi fyrir alla unglingaskóla landsins, heldur en að þingið fari að hnitmiða niður styrk til hvers einstaks skóla. Aftur sé eg, að háttv. sami þm. hefir lagt til að lækka upphæðina úr 12800 kr. í 12000 kr., en það mun stafa af óaðgætni og mætti laga til 3. umr. Stjórnin hefir öll skilyrði langtum betri en þingið til þess að skifta styrknum réttlátlega niður. Fræðslumálastjórinn fær í hendur allar skýrslur skólanna og stendur betur að vígi til að athuga kenslu, nemendafjölda o. s. frv., heldur en vér þingm., sem ekki sjáum skýrslur, nema frá nokkurum skólum. Því fer það svo, eins og vant er, að hver þingm. reynir að afla skólum þess kjördæmis, sem hann er þingmaður fyrir, sem mestra hlunninda. Þetta: að tiltaka eina upphæð fyrir margar smáupphæðir, sem veittar eru í sama tilgangi, gæti komið til greina víðar í fjárlögunum. Það hefir viljað brenna við í fleiri málum, að þingið hefir til skaða verið að blanda sér inn í mál, sem það hefir engin skilyrði haft til að dæma um, í stað þess að fela það stjórninni, með þeim takmörkunum, sem þörf eru á.

Þá vil eg víkja að einu atriði viðvíkjandi kenslumálunum, sem lítið hefir verið athugað, en það er, hvort ekki gæti komið til álita að lögbjóða skólagjald við suma skóla hér. Menn verða vel að gæta að því, að ókeypis kensla er mikill styrkur, sem allir njóta jafnt. Það væri íhugunarvert, hvort ekki ætti að breyta þessu fyrirkomulagi á þá leið, að þeir einir gætu orðið aðnjótandi gjafkenslu, sem til þess eru verðugir eða að einhverju leyti eiga lakara aðstöðu. Það liggur engin br.till. fyrir um þetta, en þetta er þó eftirtektarvert, ekki sízt að því er tekur til skólanna fyrir embættismannaefnin. Embættisleiðin er mjög girnileg fyrir unga menn, og er ekki ástæða til þess að laða menn eða jafnvel ginna inn á þá braut frekara en góðu hófi gegnir. Það er eðlilegt, að beztu mannsefnin sækist eftir að ganga þá braut, og við það tapar framleiðslan góðum kröftum. En framleiðslan held eg að hafi að minsta kosti alveg sama rétt á sér, og mér er þó nær að halda, að þar sé meiri þörf á góðum starfskröftum heldur en í embættisstéttinni, sem hefir alveg afmarkað svið, þar sem aftur í framleiðslu landsins þarf að brjóta nýjar brautir til þess að koma þjóðinni áleiðis. Eg held, að til þess séu vandfengnari kraftar og þær leiðir séu vandrataðri en embættisleiðin. Þrátt fyrir allar prédikanir um listir og vísindi, þá er framleiðslan undirstaða ekki einungis undir því, að hægt sé að styrkja listir og vísindi, heldur og hlýtur velmegun manna að skapa löngunina til

þess. Þótt hægt sé að segja, að maðurinn geti ekki lifað af einu saman brauði, þá getur hann samt ekki lifað án þess.

**Einar Jónsson:** Þeir, sem talað hafa hér í dag, hafa minst á margt það, sem eg hefði viljað minnast á, svo að eg get sparað mér að tala um það.

Það er að eins eitt atriði, sem eg vildi minnast á, en það er skáldastyrkurinn. Eg vildi nú óska þess, að eg væri orðinn skáld, þá kæmist eg á skáldastyrk, og þyrfti ekki að kvíða vinnuhörkunni eftir á. Eg get verið þakklátur háttv. fjárlaganefnd fyrir tillögur hennar í þá átt að breyta fyrirkomulaginu, sem verið hefir á þessum skáldlaunum. Eg er einn þeirra manna, sem álít, að heppilegast sé að veita vissa upphæð til umráða í þessu skyni fyrir stjórnarráðið, háskólaráðið eða einhverrar tiltekinnar nefndar, sem hefði úthlutun fjárins, líkt því sem hv. fjárlaganefnd víkur að í nefndarálitinu. Eg játa það, að það er leiðinlegt að vera með þrætur og dóma um þá menn, sem maður ann og virðir, en fátæktar vegna getur ekki styrkt eins vel og æskilegt er. Það er fátt, sem lætur verr í eyrum þjóðarinnar en þessir svo kölluðu bitlingar. Það kom fram hjá hæstv. ráðherra, að þingmenn, sem leggja til að lækka þennan styrk, færu eftir þingmálafundaglamri. Hvað sem því líður, þá má þó benda á það, að umkvartanirnar koma frá gjaldendum landsins og það eru þeir, sem kaupa verk skáldanna. Með því að kvarta yfir skáldlaununum, sýna menn, að þeir vilja ekki vinna það til fyrir verkin skáldanna.

En þótt eg sé nú nefndinni þakklátur fyrir stefnuna, þá get eg samt ekki þakkað henni fyrir það, hve háar hún hefir tölurnar, og þess vegna hefi eg komið fram með brtill. á þgskj. 431. Eg álít það sanngjarnt, að halda sér sem mest við styrkinnn, sem hann var áður og hækka hann ekki, þótt að eins sé veittur fyrra árið. Það að leiðrétta þetta ekki, getur leitt til þess, að menn verði óánægðir síðar meir, ef þeir fá ekki sömu upphæðina. Eg er viss um, að þessir menn eru ekki svo tæpt staddir, að þeir geti ekki beðið eitt ár, ekki sízt ef þeir fá jafnt fyrir fyrra ár fjárhagstímabilsins, sem þeir mundu fá fyrir bæði. Eg er viss um það, að Reykvíkingar láta aldrei sín skáld deyja úr hungri, og eins er eg viss um, að Árnesingar halda tórunni í séra Valdemar Briem. *(Bjarni Jónsson:* Ætla þá Reykvíkingar að passa Þorstein Erlingsson og Guðmund Guðmundsson?). Eg þykist mega fullyrða það, að ef þeir koma austur, verða þeir ekki látnir drepast, og getið þið látið þá koma, ef þeir eru að sálast.

Háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) var að tala um smásálarskap og kallaði það skammsýni, að vera að klípa af þessum fjárveitingum. Eg er ekki viss um, þó að hann vilji sýna víðsýni sitt og skörungsskap í að eyða peningum, að hinir, sem ekki vilja fara jafn-langt, verði taldir skammsýnni, þótt þeir vilji draga af á þessum til þess svo að bæta á öðrum. Safnast þegar saman kemur. Ef tillögur mínar yrðu samþyktar, sparaðist landssjóði 4 þús. kr., og er það nóg til að hlaða fjórar bryggjur í Dalasýslu.

Að öðru leyti nenni eg ekki að eltast við setningar úr ræðum manna, t. d. háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.), sem sagði, að hagur landsins væri bundinn við skáldin, eða háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ól.), sem sagði, að skáldin hefðu kveðið í oss kjarkinn. Eg vil spyrja inn háttv. þingmann: hvenær hafa þau kveðið í oss matinn?

Eg skal svo ekki orðlengja um þetta. Eg fyrir mitt leyti væri feginn, ef hægt

væri að kaupa skáldin burt af fjárlögunum með þessu.

**Valtýr Guðmundsson:** Eg er svo heppinn, að eg á engar brtill. við frumv. nú. Þó skal eg leyfa mér að gera nokkrar athugasemdir.

Eg er samþykkur háttv. 1. þingm. Skagf. (Ó. Br.) um það, að tími sé kominn til þess að lögleiða skólagjald hér. Eg hefi vikið að þessu áður hér á þingi í samhandi við tillögur, sem eg þá gerði um lækkun námsstyrks við latínuskólann, sem þá voru teknar til greina. Eg álít, að ganga eigi lengra. Það mun vera einsdæmi, að nokkurstaðar sé svo létt að nema sem hér. Hér á landi er veitt bæði ókeypis kensla og námsstyrkur við skólana. Afleiðingin er sú, að vér höfum eignast mentaðan öreigalýð, sem bæði verður skyldmennum og landinu til byrði. Þessir menn vekja óróa og byltingar í landinu, og ekki er það einsdæmi, að ný embætti hafi verið stofnuð handa slíkum mönnum, aðallega til þess að þeir gætu fengið eitthvað að lifa á. Hugsunarhátturinn er sá, að ef einhver unglingur þykir efnilegur að gáfnafari, er talið sjálfsagt að senda hann í Latínuskólann, eða Mentaskólann, svo sem hann nú er kallaður. Þetta leiðir til þess, að góðir kraftar hafa dregist frá öðru, sem útheimtir alveg eins miklar gáfur. Þetta álít eg mjög óhollan hugsunarhátt. Og þess vegna álít eg, að vera ætti skólagjald, en þó nokkur fríplass handa efnilegum fáæklingum. Eg vil skjóta því til stjórnarinnar og fjárlaganefndarinnar, að taka þetta atriði til íhugunar.

Í fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar er lagt til að hækka styrkinn til stúdenta við háskólann, og í athugasemdunum aftan við frumvarpið segir stjórnin eitthvað í þá átt, að tillagan sé gerð til þess að verðlauna menn fyrir að sækja ekki til Kaupmannahafnarháskólans, þar sem Garðsstyrkurinn hefir nú nýlega verið hækkaður. Það er rétt, að Garðsstyrkurinn hefir verið hækkaður, en ekki meira en því nemur, sem allar lífsnauðsynjar hafa hækkað í verði á síðari árum, svo að Garðsstyrkurinn er engu hærri hlutfallslega en áður. Það er eðlilegt, að unga menn langi til að skoða sig um og komast þangað sem betri mentunarskilyrði eru fyrir hendi. Það er líka nauðsynlegt, og þarf ekki annað en að líta á sögu landsins til þess að komast að raun um, að þeir menn, sem orðið hafa þjóð vorri að mestu liði, hafa flestir farið utan og framast. Þetta er ekki heldur neitt einkennilegt fyrir oss Íslendinga. Það er svo með öllum þjóðum. Hver þjóð finnur til þess, að hún er sér ekki einhlít og þarf að læra það af annari, sem hún hefir ekki sjálf. Kínverjar eru gott dæmi upp á þjóð, sem staðið hefir í stað vegna þess, að hún hefir þvergirt fyrir alla utan að komandi menningarstrauma. Japanar aftur á móti eru gott dæmi upp á ið gagnstæða. Það er hart, ef á að halda mönnum frá að ná fullkominni mentun þar sem það er hægt, auk þess sem háskóli vor er svo ófullkominn, að margir þeir, sem vilja afla sér mentunar í ýmsum greinum, eru beint neyddir til að sækja hana til annara landa.

Þá skal eg snúa mér að tillögum hv. þm. Dal (B. J.), um styrkinn til unglingaskólanna. Hann þykst að eins leggja það til, að draga styrkinn saman og fela stjórnarráðinu úthlutun hans. En hann gerir meira: í meðförum hans hefir styrkurinn lækkað um 800 kr,

Sama háttv. þingmanni þótti ástæða til að lækka styrkinn til unglingaskólanna í kaupstöðunum. Ekki get eg fallist á það. Eg verð að líta svo á, að unglingaskólarnir á Ísafirði og Seyðisfirði séu fjórðungsskólar og samsvari gagnfræðaskólunum í Reykjavík og Ak-

ureyri. Það er ekki nema eðliegt, að þeir þurfi meiri styrk, vegna þess, að þeir eru ekki fyrir kaupstaðina eina og aðsóknin að þeim verður því miklu meiri, þar sem hægra er að sækja til þeirra en uppi í sveit. Eg get ekki séð, að ástæða sé til þess að láta úthlutun til þessara skóia liggja fremur undir stjórninni en hafa þá sérstaka á fjárlögunum, eins og nú er. Annars skal eg játa, að þetta skiftir ekki miklu máli í sjálfu sér.

Eg get ekki álitið annað, en að nefndinni hafi orðið nokkuð mislagðar hendur, að því er listamennina snertir.

Það er sérstaklega ein kona, sem háttv. 1. þm. Eyf. hefir minst á, sem verður beitt mikilli rangsleitni, ef henni verður neitað um lítilfjörlegan styrk, jafnframt og öðrum manni er veittur styrkur til ins sama, og er hún þó engu síður, ef ekki fremur góðs makleg en hann. Hún er bæði miklu lengra komin og hefir in beztu meðmæli frá kennurum sínum, en hann hefir ekki sýnt sig mikið enn þá, hafði jafnvel ekki náð upptökuprófi á listaháskólanum seinast. Eg get ekki séð neina ástæðu til að hafa hana útundan, nema kannske þá, að hún er í pilsum. Fjárlaganefndin hefir líka ráðist á aðra stúlku, Laufey Valdimarsdóttur, og klipið af henni 200 kr., vegna þess að hún er kvenmaður, er hún líka beitt misrétti við úthlutun Garðstyrksins í Khöfn og fær engan styrk þar. Eg vona, að háttv. deild leiðrétti þetta, því að það er misrétti.

Þá skal eg ekki fara út í fleira, nema viðvíkjandi skáldunum geta þess, að eg felst alveg á tillögur nefndarinnar, sem lúta að því, að í framtíðinni muni það heppilegra, að veita eina fúlgu til skáldanna, sem stjórninni svo sé falið að skifta á milli þeirra eftir verðleikum í samráði við skynsama menn, sem vit hafa á. Hitt þykir mér ekki heppilegt, að veita þeim alla upphæðina fyrra árið. Bæði er það óhentugt fyrir landstjórnina að. þurfa að borga út hærri upphæð fyrra árið og líka óheppilegt fyrir skáldin sjálf. Því er nú einu sinni svo farið, að þau hafa aldrei þótt »ökónómar«, og er hætt við að þeir eti upp á góðu árunum, en gleymi að byrgja sig upp til inna lakari. Þessu vildi eg skjóta til nefndarinnar, og mætti athuga það við 3. umr. Hitt er ekki nema sjálfsagt, að heimta það skilyrði fyrir styrknum, að skáldin sýni eitthvað eftir sig. Það er hart að vera að styrkja menn, sem ekkert sést eftir, kannske árum saman. Vona eg að athugasemd lútandi að þessu verði sett við liðinn.

Þá hefi eg ekki meira að athuga við þessar greinir að sinni.

**Tryggvi Bjarnason:** Það er búið að tala talsvert um skáld og listamenn, svo að eg þarf ekki að vera langorður um það; læt mér nægja að geta þess, að eg felli mig að öllu leyti við tillögur fjárlaganefndarinnar þar að lútandi.

Eg ætla að eins að minnast á eina breytingartillögu frá nefndinni. Hún fer fram á, að Jóni Ólafssyni rithöfundi sé veittar árlega 3000 kr. til þess að halda áfram að vinna að íslenzkri orðabók. Í ráði mun, að henni verði ekki *fyr* lokið en eftir 8 ár. Eg ætla ekki að neita því, að mikið sé gefandi fyrir að fá góða íslenzka orðabók með íslenzkum þýðingum, en mér virðist hún vera orðin nokkuð dýr, ef henni verður ekki lokið fyr en að 8 árum liðnum. Þessi maður hefir á líðandi fjárhagstímabili 1500 kr. árlega, og ef hann á á næstu 8 árum að hafa 3000 kr. á ári, þá kemur bókin til að kosta að minsta kosti 27000 kr. alls. Og það er ekki hægt að segja með neinni vissu, að starfinu verði lokið á tilteknum tíma,

Eg geri ráð fyrir að hann á þessum 2 árum hafi varið hálfum starfskröftum sínum til þessa verks, þar sem ætlast er til að hann hafi helmingi hærra kaup nú og verji til þessa öllum starfskröftum sínum, og árangurinn er 1 hefti með 1. bókstafnum í stafrófinu. Ef hver stafur ætti að kosta eitthvað álíka, þá er eg hræddur um að bókin yrði nokkuð dýr á endanum.

Það virðist óneitanlega talsvert varhugavert að kasta tugum þúsunda út í óvissu. Nefndin hefir ekki sett nein skilyrði um það, hversu miklu hann eigi að afkasta árlega. Eina skilyrðið, sem sett er, er það, að hann megi ekki hafa önnur launuð störf á hendi; eg hygg að hægt sé að fara nærri um það, hve miklu hann muni afkasta. Og eftir því sem út er komið, eru öll líkindi til að bókin muni kosta alt að 90000 kr., ef hver stafur kostar líkt og sá fyrsti. Eg býst við að þessu verði svarað svo, að það komi ekki til nokkurra mála, en eg er á nokkuð annari skoðun þar. Það væri ilt ef bókinni yrði ekki lokið á 8 árum — sem engin líkindi eru til — því að það er verra að snúa aftur þá en að gera það strax.

Annars datt mér í hug, að það mundi eiga við það sem háttv. 1, þm. Skgf. (Ól. Br.) sagði, þegar hann var að tala um styrkinn til Hannesar Þorsteinssonar, að það væri venjan að styrkirnir væru fyrst og fremst veittir vegna mannanna sjálfra. Þar talar hann af reynslu.

Eg greiði atkvæði móti þessari br.till., því eg vil ekki að landinu sé bökuð útgjöld, sem minst nema 27000 kr. og líklega meira, ef til vill miklu meira.

**Þorleifur Jónsson:** Eg er svo heppinn að eiga enga breytingartillögu við þennan kafla, en það er ein br.till. frá háttv. nefnd, sem mig langar til að minnast á. Það hefir verið hljótt um hana og eg man ekki til að háttv. framsögum. (P. J.) hafi minst á hana. Hún fer fram á 20,000 kr. fjárveitingu til aðgerðar á dómkirkjunni. Þetta er stór upphæð og því ekki óeðlilegt að það sé athugað, hvort þörf sé á henni eða ekki, og hvort þessi kirkja eigi að halda áfram að vera stöðugur baggi á landinu. Í nefndarálitinu stendur, að kirkjan sé í hættu og þurfi bráðra og mikilla aðgerða. Það getur nú verið að þetta sé rétt, því þetta er gamalt hús. En eg vil benda á, að sú stefna er ríkjandi hér í landi, að koma kirkjunum sem mest í hendur söfnuðunum. Það er ekki nema eðlilegt, þar sem það einnig er orðin ráðandi stefna í kirkjulöggjöfinni, að söfnuðirnir ráði sem mestu um sín mál. Mér er ókunnugt um, hvort nokkuð hefir verið reynt til að koma þessari kirkju í hendur safnaðarins. En það væri ekki óeðlilegt, að þessi söfnuður, sem er stærsti söfnuður á landinu, tæki að sér kirkjuna, og hefði eg þá ekkert á móti að landssjóður legði nokkuð ríflega til hennar, og væri svo *laus við hana*. Eg skil heldur ekki, hvaða ástæðu söfnuðurinn hefði til að kveinka sér við því. Um þessi atriði langar mig til að heyra eitthvað meira. Svo mikið er víst, að þessi kirkja hefir alt af verið talsverður baggi á landinu. Í landsreikningunum sjást ekki annað en útgjöld til hennar; en þar sem talað er um tekjur af kirkjum, þar er Reykjvíkurdómkirkja tilfærð og eyða fyrir aftan þar sem tekjurnar eiga að standa. Mér finst það óneitanlega talsvert ranglæti, að Reykvíkingar þurfi ekki annað en að rétta út hendina í landssjóðinn til hvers sem þá lystir, þar sem aðrir landshlutar fá engan eyri nema með miklum eftirtölum. Eg get ekki séð, hvers vegna landssjóður eigi að láta sér annara um dómkirkjuna en aðrar kirkjur, jafnvel

þó prédikað sé í henni við við alþingissetningu. Það mætti líka borga sérstaklega fyrir það. Eg vildi því mælast til, að háttv. nefnd léti í té skýrslu um efnahag kirkjunnar, og hvort ekki mætti reyna að koma henni í hendur safnaðarins eftir að landssjóður hefir kostað þessa aðgerð á henni. 1911 var kirkjan máluð, og mun það hafa kostað mikla peninga, sem kastað hefir verið í sjóinn, þar sem nú á að umturna öllu aftur. Eg er ekki beint með þessu að leggja á móti því að eitthvað sé veitt til aðgerða á kirkjunni, ef hún er í þeirri hættu, sem af er látið. En hitt vil eg að sé athugað, hvort þessum stóra bagga geti svo ekki að öllu leyti verið létt að landssjóðnum

Viðvíkjandi fjárveitingunni til lista og vísindamanna, þá hefi eg þá skoðun, sem líka hefir verið haldið fram af öðrum, að stjórninni væri veitt eitthvert fé til útbýtinga handa rithöfundum og listamönnum vorum. Það er ekki hægt að neita því, þar sem engir opinberir sjóðir eru til styrktar slíku hér á landi, að ekki er nema eðlilegt, að landssjóður leggi þá eitthvað af mörkum — og þá helzt með einni ákveðinni upphæð, því að það er leiðinlegt að þurfa ár eftir ár að standa hér og rífast um og metast á um ágætismenn þjóðarinnar. Það er ekki hægt að neita því, að þótt almenningur eigi kannske ekki að leggja mikið fé til þessara hluta, þá fagnar alþýðan þó alt af góðri bók, sem út kemur. Menn rífast um að ná í kvæðabækurnar eða skáldsögurnar, og eg efast ekki um, að þær hafi sáð mörgum góðum frækornum, sem hafa fest rætur, sérstaklega hjá ungu kynslóðinni. Góðar bækur með hollum lífsskoðunum hjálpa til að ala menn upp og gera þá að nýtari mönnum og færari í lífsbaráttunni.

En hvað sem öllu þessu líður, verður að gæta hófs í slíkum fjárveitingum. Við þurfum fé til svo margs og margs sem til nytsemdar horfir, en höfum úr svo litlu að spila, að við verðum alstaðar að slá af, verðum að láta margt bráðnauðsynlegt sitja á hakanum.

Í þessu öllu verður að gæta hófs á báða bóga.

**Ráðherrann (H. H.):** Að eins örfá orð viðvíkjandi einni br.till. nefndarinnar. Hún fer fram á það, að fjárveitingin til þess að semja spjaldskrá yfir bækur Landsbókasafnsins verði feld burt. Eg hefi átt tal um þetta við landsbókavörðinn og hann hefir tjáð mér, að engan veginn mætti það ske, að hætt verði við þetta verk. Hann hefir tjáð mér, að nú sé einmitt komið út að íslenzku bókunum, þar sem skráin verði mest notuð. Þeim peningum, sem varið hefir verið til þessa, er því sama sem kastað í sjóinn, ef hendinni er kipt að sér nú. Eg vona — og veit — að það að halda fjárveitingunni til þessa starfs, komi ekki í neinn bága við fjárveitinguna til hr. Jóns Ólafssonar, sem eg einnig er hlyntur. Það hlýtur að vera misskilningur hjá hv. deild, að enginn annar maður en hann sé hæfur til þessa starfs. Það getur hver meðal-mentaður maður lært að gera, ekki sízt þar sem hann hefir byrjun hr. Jóns Ólafssonar sér til fyrirmyndar.

**Framsögum. (Pétur Jónsson):** Eg er hræddur um, að það þýði ekki mikið að vera að halda langa ræðu — hygg að það muni lítið raska atkvæðum manna. Þeir munu vera búnir að ákveða þau fyrir fram. Þó getur það verið rétt, að gera athugasemdir og skýringar um einstaka breyt.till. Eg ímynda mér, að hafi ræður sumra hv. þingm. haft áhrif, án þess þó að skýra málin fyrir mönnum, þá hljóti þær að

hafa haft villandi áhrif. Því að til þess er mælskan, að hún geti tekið hugi manna á vald sitt — og oft mikið meira, en málsins vegna væri æskilegt. Eg geri mér nú ekki miklar vonir um að mér takist slíkt, því eg er ekki mælskumaður. En þeim mun áhættuminna er að gefa skýringum minum gaum og fara eftir þeim.

Eg skal fyrst geta þess, viðvíkjandi brtill. háttv. þingm. Dalam. um það, að Hvítárbakkaskólinn verði tekinn upp í hóp unglingaskólanna, að verði hún samþykt, þá hefir það þau áhrif, að þessi skóli fær ekki nema 1000 krónur árlega. Eg skal kannast við það, að í »teoriunni« væri ekkert á móti því, að hafa alla þessa skóla í einum flokki, en eins og fjárveitingunum til þessara skóla er nú hagað, þá verður því ekki að svo stöddu máli við komið. Og það er víst, að verði þessi brtill. samþykt, þá verður það til að eyðileggja þennan skóla.

Í þessum skóla voru síðastliðið ár 44 nemendur. Það hygg eg að sé meira en gerist á unglingaskólunum alment, eða að minsta kosti meira en verið hefir á þeim unglingaskólum, sem komast af með 1000 kr. styrk eða þar innan við. Annað er það, að þar er búið að koma upp miklum byggingum til heimavistar fyrir nemendur skólans, svo og leikfimishúsi, og þessar byggingar skólans hafa kostað svo þúsundum skiftir, eg ímynda mér alt að 20,000 krónur. Þar að auki hefir þessi skóli reynst afaródýr eftir námstíma og nemendafjölda. Það er vitaskuld, að jafn-ódýr skóli eins og þessi er ekki svo fullkominn að ekkert megi út á hann setja, en svo er um alla okkar skóla. Skólafyrirkomulagið er vitanlega gallað, og á það rót sína að rekja meðal annars til þess, að ekki hefir verið nægilegt fé fyrir hendi. Svo hygg eg að til þess þyrfti mikinn undirbúning, að geta komið þessum skólum og kaupstaðaskólunum undir sama hatt, og vil eg víkja því til stjórnarinnar og fræðslumálastjórans, hvort ekki mundi unt að undirbúa þetta til næsta fjárlagaþings. Eg vil ekki mælast til að í slíkt sé ráðist nú. *(Bjarni Jónsson:* Hvaða undirbúning þarf?). Það þurfa að liggja fyrir þinginu tillögur, jafn-greinilegar eins og um styrkveitingar til barnaskóla, til þess að styrkur, sá sem veittur yrði, skiftist eðlilega og hlutfallslega niður, eftir því sem skólarnir eiga skilið.

Þá talaði sami háttv. þingm. mikið um vísindi og listir, og verð eg að segja, að ræða hans var mjög áheyrileg að mörgu leyti, því það játa eg fúslega, að þeirri þjóð er ekki vel farið í menningarlegu tilliti, sem ekkert þekkir til vísinda og lista. Og það er ekki svo að skilja, að nefndin hafi ekki viðurkent þetta, en henni hefir þótt það álitamál, hvað mikið skyldi veita til slíkra fyrirtækja. En af því að hann fór út í samanburð á fjárveitingum til vísinda og lista og fjárveitingum til atvinnumála og búnaðar, þá vil eg taka fram, í hvaða hlutfalli þessar fjárveitingar standa hvor til annarar. Eg vil taka til dæmis heimili í sveit, því að eg er því kunnugastur, hvað af því útheimtist til þess að geta sýnt á sér menningarbrag. Fyrsta skilyrðið til þess er það, að búskapurinn fari vel fram og beri sig efnalega. En til þess þarf að vera vel unnið, mönnum kend iðjusemi, það þarf að sjá um að skepnurnar geri gagn og að heyskapurinn sé rekinn með dugnaði og áhuga, og yfir höfuð að undirstaðan undir allri framfærslu á heimilinu sé sæmileg. Þetta verður þá fyrsta skilyrðið fyrir góðu heimili, Næsta skilyrðið er, að rekstur búskaparins sé byggður á staðgóðri þekkingu, og er það annað skilyrðið. Í þriðju röð kemur

það svo fyrst til greina, sem fegrar heimilið. Ekki svo að skilja, að fátækt heimili hafi ekki skilyrði til að geta talist menningarheimili, en það verður þó jafnaðarlega neðar í röðinni. En þar sem minna er hugsað um búskapinn og mest hugsað um létt vinnubrögð, skrautleg húsakynni og skrautlegan klæðnað, þar lendir búskapurinn í skolum og basli, og ef stórt heimili ekki uppfyllir þessi undirstöðuskilyrði, sem eg nefndi, þá er þar draslarabúskapur, þá er þar ekki sönn menning, heldur tildursbragur á öllu. En alveg eins og um heimili í sveit verður þetta um landið í heild sinni. Eg vona, að menn verði mér sammála um það, að gæta verði hófs í því að hæna menn út á þá braut, sem dregur þá brott frá framleiðslustarfinu. Þá verður menning landsins tildur og líf þjóðarinnar basl.

Annað mál er það, að það er ekki nema gott, að sint sé um vísindi og listir, en það má ekki vera svo mikið, að allir verði hugfangnir af því einu. Það er sú stefna, sem nefndin vill vara við.

Hæstv. ráðherra mintist á till. nefndarinnar viðvíkjandi skáldastyrknum. Það er ekki gott að koma fram fyrir hönd heillar 7 manna nefndar í svona máli, því að vitanlega getur nefndarmenn greint á um einstök atriði. En eg skal leyfa mér að benda á þá skoðun nefndarinnar, sem kemur fram í áliti hennar, að ekki beri að skoða þessa svo kölluðu bitlinga sem árleg laun, heldur verði að skoða þá sem styrk til að vinna ákveðið verk eða verðlaun fyrir unnið verk. Eg ætla ekki að mótmæla því, að þessir menn þurfi að hafa árleg laun til að geta gefið sig við ritstörfum sínum, en eg álít það mjög óheppilegt, að *Alþingi* sé það veitingarvald, sem ræður menn til slíkra starfa, því að það eru dæmi til þess að mönnum hefir verið komið inn á fjárlögin af flokksfylgi, en ekki af því að menn hafi verið sannfærðir um að þeir væru sjálfsagðir í þesshátt stöðu öllum öðrum fremur. Eg tek þetta fram, án þess að eg vilji á nokkurn hátt skerða heiður þeirra manna, sem nú standa á fjárlögunum. En til þess að hæfustu mennirnir geti lifað sem rithöfundar með opinberum styrk, verður að fá eitthvað annað veitingarvald en flokkana á Alþingi.

Eg get gengið inn á það, sem hæstv. ráðherra sagði, að rétt sé að veita þeim mönnum styrk, sem styrks eru verðir, en eg álít að Alþingi sé ekki heppilegur dómari til að dæma um slíkt. Okkur bændunum er borið það á brýn, að við lítum meira á smjörbúin og búnaðarfélögin, heldur en á vísindamennina og listamennina. Og það er ekki nema eðlilegt að svo sé. En hvers vegna er þá verið að leggja undir okkar dóm, hvort þessi eða þessi vísindamaðurinn og listamaðurinn sé styrks verður?

Eg vildi nú skjóta fram annari hugsun frá sjálfum mér viðvíkjandi þessu. Eins og öllum er kunnugt, þá eru á hverju þingi veittar til vísinda og lista fjárveitingar bundnar við nafn einstakra manna, sem nema á hverju fjárhagstímabili upp undir 20 þúsund kr., og eru nú 22 þúsund kr. Þetta er eðlilegt, vegna þess að það eru ekki til neinir sjóðir, sem slíkir menn geti notið styrks úr, og verður því landssjóður að gera það lítið, sem gert er í þessu efni. Menn greinir einatt á um, hverjum skuli veita styrk og hve mikið. Mér virðist heppilegast, að veita þennan styrk í einu lagi, og ýmsir fleiri eru mér samdóma um það. En má nú ekki alveg eins setja sem undirstöðu til þessara fjárveitinga eitthvað af viðlagasjóði, eða með öðrum orðum stofna sjóð fyrir vísindi og listir? Fyrir þennan sjóð sé svo samin stofnskrá og ákveðið, hverjir

skyldu stjórna honum og hvernig verja styrkveitingum úr honum.

Það gæti farið svo, að þessi sjóður yrði styrktur með áheitum og gjöfum frá útlendum og innlendum mönnum. Þá væri hægt að gefa út reglur um að vísindamenn og listamenn fengju árlegan styrk úr þessum sjóði. Þetta vildi eg að stjórnin tæki að sér að undirbúa undir næsta fjárlagaþing. Fjárhagslega þýðingu hefir þetta ekki til eða frá, því að eg geri ráð fyrir að það yrði svipað, sem gengi til þessara manna með þessu móti sem hinu, en við slyppum við kostnaðinn af því að rífast um þetta hér í þinginu og óþægindin, sem af því geta hlotist, að einstakir menn séu dregnir inn í umræðurnar.

Háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) mælti með tillögu sinni um að fella niður styrkinn til Hannesar Þorsteinssonar. En hann gerði það naumast nema að nafninu til, því að hann mælti svo mikið með þessum vísindamanni, að það voru fullkomin mótmæli móti hans eigin tillögu og nóg til þess að mæla með því að þessi fjárveiting nái fram að ganga eins og hún stendur í frumvarpi stjórnarinnar.

Þá mintist einn háttv. þm. á kaupstaðaskólana og mælti með að þeir fengju að halda sínum rétti. Get eg að miklu leyti verið honum sammála, en þó var eitt atriði í ræðu hans, sem eg get ekki undirskrifað, og víst ekki fjárlaganefndin heldur, og það var þegar hann var að benda á, að þessa skóla mætti telja nokkurs konar fjórðungaskóla. Það var ekki ætlun nefndarinnar, þegar hún veitti þennan styrk, að skólarnir yrðu gerðir að fjórðungaskólum, í líkingu við Akureyrarskólann. Það er aðgætandi, að til þess að þessir skólar gætu heitið Vestfirðingafjórðungsskóli og Austfirðingafjórðungsskóli, þá þyrftu þeir að vera reglulegir realskólar. En eg hefi litið svo á, að þessir skólar væru öðrum sams konar skólum frábrugðnir að því einu, að þeir eru dálítið stærri og þurfa þar af leiðandi meira en alment gerist. *(Bjarni Jónsson:* Fer það eftir stærð skólanna?). Já, það fer dálítið eftir stærð, en vitanlega líka eftir öðrum kringumstæðum.

Hæstv. ráðherra mintist á spjaldskrárstyrkinn. Eg skal taka það fram, að mér hefir verið sagt, að ekki væri völ á manni, að Jóni Ólafssyni frágengnum, sem gæti haft þetta starf á hendi. En ef það vitnast, að þetta sé misskilningur, þá verður nefndin að taka það til íhugunar til 3. umræðu, hvort setja beri þennan spjadskrárstyrk inn aftur.

Það er sjálfsagt margt enn þá, sem ástæða er til að svara, en menn hafa ekki óskað frekari skýringar á nefndartillögunum, og læt eg því staðar numið að sinni.

**Björn Kristjánsson:** Eg gleymdi áðan að minnast á eitt atriði í tillögum fjárlaganefndarinnar, um að lækka styrkinn til dr. Helga Pjeturss. Á síðasta fjárlagaþingi kom fram svipuð tillaga, en hún náði ekki samþykki. Menn gerðu sér von um, að heilsu hans mundi fara fram, og henni hefir farið fram. Að hinu leytinn er hætt við, að það gæti haft slæmar afleiðingar fyrir heilsu hans ef styrkurinn yrði nú lækkaður. Þegar þessi styrkur er veittur, verður að taka tvent til athugunar. Fyrst það, að styrkþegi geti lifað sómasamlega af honum, og í öðru lagi, að hann geti kostað til ferðalaga til að rannsaka jarðlög hér á landi. Ef honum verða ekki veittar nema 1200 kr., þá getur alls ekki verið um nein ferðalög að ræða, heldur yrði þetta þá nokkurs konar fátækrastyrkur og myndi ekki ná tilgangi sínum. Þess vegna verð eg eindregið

að mæla með því, að upphæðin haldist óbreytt eins og stjórnin hefir sett hana í fjárlagafrumvarpið. Eg held, að nefndin hafi ekki athugað þetta atriði. Það er ekki nóg, að veita honum að eins styrk til að sitja á skrifstofu og skrifa, heldur þarf hann einnig að leggja töluvert í kostnað við ferðalög. Hann hefir ferðast nokkuð á þessu ári, og til ferðalaganna þarf hann ekki einungis reiðhest, heldur og koffortahesta til að flytja heim sýnishorn. Auk þess þarf hann að hafa ýmis áhöld, haka, skóflur og fleira. Það er að eins þetta, sem eg vildi athuga, og eg vona, að hv. deild láti tillögu stjórnarinnar standa óbreytta.

**Bjarni Jónsson:** Það eru eiginlega hrein svik af háttv. 1. þm. K.-G. (B. Kr.), að tala svona stutt. Eg hafði búist við hann flytti miklu lengri ræðu, og hefi því ekki til fulls áttað mig á því sem eg ætla að segja

Eg verð þá að byrja þessa ræðu með áframhaldi af inngangínum í dag. Það hafa nokkrir þingmenn tekið sér fyrir hendur, að gera samanburð á framleiðslunni á borðanlegum og seljanlegum hlutum og hinu, sem ekki verður látið í askana. Þessir menn hafa talað hóglega og að mörgu leyti réttilega um þessa hluti, svo að eg sé ekki ástæðu til að fara að mótmæla þeim sérstaklega. En það er að eins einn mikill misskilningur, sem eg vildi vekja athygli á og leiðrétta í inni fyrri ræðu minni, og það er þetta andstyggilega bitlinganafn á styrkveitingum til andlegrar framleiðslu. Með þeim orðum mínum vildi eg sýna, hve bitlinganafnið er fráleitt á þessum fjárveitingum í samanburði við þær sem veittar eru til annara framleiðslu og menn telja enga bitlinga. En þeim mönnum er talið það til skammar og svívirðingar sem fá styrki, sem kallaðir eru bitlingar! Þetta er in mesta háðung.

En hitt hefir mér aldrei komið til hugar, að styrkir til þessara manna, sem aðrir kalla bitlingamenn, eigi að verða til þess að sporna á móti fjárveitingum til framleiðslu á lands- og sjávarútveginum. Hefir mér það aldrei komið til hugar eins og sjávarútvegur vor er nauðsynlegur. Sjávarútvegurinn og landbúnaðurinn er skilyrðið fyrir því að við getum lifað. En einstakra manna styrkur raskar ekki hlutfallinu á milli innar andlegu og líkamlegu framleiðslu í landinu. Landsafurðirnar eru þeirra laun, sem auka framleiðsluna í þá áttina, líkamlegu áttina, og því meir gefur hún af sér sem meir er unnið að henni. En þetta er öfugt við þá andlegu framleiðslu, því meir sem menn stunda hana, því minna fá þeir til matar síns. Þetta verður að meta þegar um styrki er að ræða. Það hefi eg gert, en aldrei lastað það, að styrkur yrði veittur til búnaðarfélaga eða þess, sem hjálpa mætti atvinnuvegunum á Íslandi. En því hefi eg talað á móti og það tel eg andstygð, að svívirða þá menn, sem styrk fá til andlegra starfa, og kalla þá bitlingamenn eða ölmusumenn.

Í sambandi við það sem háttv. framsögum. fjárlaganefndarinnar sagði, þegar hann var að lýsa menningarbrag á heimili, þá er eg honum þar ekki í öllu samdóma. Fyrsta skilyrði sagði hann að væri góður búskapur, 2. góð efni og 3. það, sem fegrar lífið. Reynslan mótmælir þessu. Efnuðu heimilin eru oft þau, sem ekkert hafa af því, sem er til að fegra lífið, þó að þau hafi lítið fyrir að lifa. En aftur á móti þau heimili, sem erfiðast eiga uppdráttar, hafa oft mest af því sem fegrar lífið. Og það verður háttv. þm. að játa, að ekki sé svo fátækt heimili að það hafi ekki ráð á að eiga nokkrar góðar bækur, til þess að stytta sér langar kvöldvökur á veturna. Eg vil ekki mótmæla því, að

æskilegt sé fyrir hvert heimili að efnahagurinn sé góður, og að með góðum efnum sé hægra að veita sér það sem fegrar lífið. En eigi hygg eg, að venjan sé sú, að fyrst komi góður búskapur og svo fegurðin. Nei, fyrst verður fegurðin að koma og svo þá á eftir góður búskapur og góð efni. Eg tel það því fyrsta skilyrðið fyrir menningarbrag á heimili, það sem hv. framsögum. taldi ið 3. eða síðasta. Eg segi, að menningarbragurinn sé fyrst og fremst undir því kominn, hve mikið heimilið hefir af því, sem fegrar lífið. Mér dettur í hug í þessu sambandi maður, sem fór að biðja sér stúlku: Það var maður efnaður, sem vildi ná sér í prestsdóttur. Kom hann á bæinn, sem prestdóttir átti heima, og barði þar að dyrum. Prestdóttir kom til dyra. Maðurinn hóf þá bónorð sitt á þessa leið: »Viltu eiga mig? Eg vil eiga þig. Eg er sæmilega ríkur, sæmilega forstöndugur, en lítið gefinn fyrir bókarament«. Þessi maður hefir haft líka skoðun á menningarbrag og háttv. framsögum. fjárlaganefndarinnar. (*Sigurður Sigurðsson:* En hvernig fór um bónorðið?). Jú, stúlkan tók hon um. Enda kom þá fyrst menningarbragur á heimili hans.

Annars er eg ekkert hræddur um það, að Íslendingar með styrkveitingum sínum ginni menn út á vísindabrautir eins og hv. framsögum. sagði. Það er ekki svo ginnandi atvinnugrein. Eg hygg, að mönnum sé það ljóst, að emhættismannalaunin eru ekki einu sinni neitt ginnandi, hvað þá heldur þessir sultarstyrkir til vísindamannanna.

Á meðan eg man, ætla eg að minnast á spjaldskrána. Virðist mér það harla undarlegt, að 7 menn skuli hafa skrifað nöfn sín undir það, að ekki nema einn maður geti eftir prentuðum reglum skrifað bækur upp á lista og skráð þær eftir fyrirmynd, sem annar maður hefir áður gert. En nú hefi eg heyrt, að fjárlaganefndin ætlaði að taka þetta til nánari athugunar, og er eg henni þakklátur fyrir það.

Nú vil eg minnast nokkrum orðum á einstök atriði.

Eg er ánægður með undirtektir manna um breyt.till. mína, að slengja saman í eina heild styrkveitingum til unglingaskóla, svo stjórnin geti veitt styrk til skólanna, án þess að þurfa að rígbinda sig við ákvæði, sem Alþingi setur um einhverja einstaka skóla.

Þessi br.till. mín er og í sama anda og tillögur fjárlaganefndarinnar, að Alþingi veiti fé í einni fúlgu, sem stjórninni sé svo falið að útbýta. Skil eg því ekki, hvers vegna háttv. framsögumaður nefndarinnar er á móti þessari till. minni og það af þeim ástæðum að hún þurfi meiri undirbúning. Hvað langan? Ætli hún þurfi lengri tíma til undirbúnings en er á milli 2. og 3. umr.

Stjórnin og fjárlaganefndin er að tala um eftirlit með Hvítárbakkaskólanum. En það vantar skýrslu um það, í hverju það eftirlit sé fólgið. Langaði mig til að sjá þá skýrslu, en sé til skýrsla um það, þá hygg eg að fáir viti um hana. Sumir hafa hér haldið því fram, að Hvítárbakkaskólinn væri citthvað annað en ungmennaskóli. Þeir menn ættu að geta fallist á mína tillögu um unglingaskólana og ekki fella Hvítárbakkaskólastyrkinn frá 3. umr. Finnist þeim mín upphæð of há, þá verða þeir annað hvort að gera, að láta ekki of mikla upphæð, eða fella alveg styrkinn til Hvítárbakkaskólans.

Eg skil ekki, hvernig því hefir verið borið við, að eg hafi breytt upphæðinni til unglingaskólanna. Mér gleymdust þessar 800 kr. og var það ekki af ásettu ráði. En þann lið má líka hækka um 800 kr. við 3. umr. Mín regla er að eins sú, að veita ekki styrk upp á nafn,

heldur í sameiningu. Og gleður það mig að eg hefi fylgi margra manna til þessa.

Hér hefir verið talað um ýmsa sérstaka skóla. Vil eg ekki bera brigður á lofsorð, það sem lokið hefir verið á kennarana við Núpsskólann í Dýrafirði. Eg þekki dálitið prestinn, séra Sigtrygg, og er það í öllu ágætismaður, sem stundar starf sitt við skólann með mestu alúð. En þetta gera aðrir líka, og því er ekki hægt að veita fé til Núpsskólans upp á nafn, af því að þá myndu allir hinir skólarnir koma á eftir og heimta það sama. En ef mín tillaga verður feld, og Núpsskólanum veitt fé sérstaklega, þá kem eg undir eins við 3. umr. með beiðni um 1200 kr. fjárveitingu til unglingaskólans í Hjarðarholti í Dölum, og ið sama hygg eg að aðrir þingm. muni gera handa unglingaskólunum í þeirra kjördæmum. Úr því að fara ætti í veðhlaup í úthlutun fjárins til skólana, þá myndu þeir allir reyna að koma sínum skólum að sem fyrst.

Úr því að það hefir verið talað um, að eg hafi breytt npphæðinni, þá er eg fús á að breyta henni líka til 3. umr. — hækka hana. Eg er ekkert á móti því að hún yrði hækkuð. Og eg er sömu skoðunar og háttv. framsögumaður fjárlaganefndar, að rétt sé að Alþingi styrki þá skóla, sem landinu eru til gagns, sérstaklega alþýðu manna. En aftur á móti er eg á móti því að styrkja málamyndaskóla, þótt kallaðir séu lýðháskólar, þar sem alt er kent í miðlungi góðum fyrirlestrum af miðlungs kennurum, enda vafi á, hvort þeim skuli leyfa landvist. Það er gott að hafa fyrirlestra með, en þeir eru ekki nógir eingöngu. Það má deila um gagnið, sem þessir lýðháskólar gera, en það er engum efa bundið, að alþýðuskólarnir eru veruleg framför. Og er því rétt að hlynna að þeim, því að því meira gagn geta þeir gert. Og ekki hefi eg í neinu reynt að ráða Alþingi til þess að styrkja vísindamenn og listamenn á kostnað neins annars. Nei, það hefi eg ekki gert, heldur til þess að það megi verða landinu að gagni.

Eg læt vera að minnast á Bernarsambandið. Ástæðurnar eru óbreyttar frá því sem áður var. Það sem eg hefi nefnt áður um leikfélagið og þýðingar er jafn gott og gilt nú. Mér fyrir mitt leyti er þetta ekkert kappsmál, en vel get eg trúað því, að íslenzk bókagerð græði lítið á því að vér göngum í Bernarsambandið. Eg hefi nýlokið við þýðingu á Helheimum eftir Árna Garborg. Hefi eg unnið að henni í síðustu 6 árin í hjáverkum, en enginn hefir viljað gefa hana út og hefi eg þó reynt víða fyrir mér bæði í Noregi og hér á Íslandi. Loks nú hefi eg fengið tvo bókaútgefendur hér fyrir þrábeiðni mína til þess að gefa hana út. En það sem eg hefi fengið fyrir þýðinguna, er ekki meira en eg hefi hér í lófa mínum, ekki einn eyrir. Hvað þá að Árni hafi fengið nokkuð. Ef leita þarf framvegis leyfis til þýðinga og höfundar áskilja sér borgun fyrir, þá mun verða minna um það að menn þýði erlend ágætisverk á íslenzka tungu, því menn verða tregir til að gjalda fé við því að fá að vinna verk, sem ekkert gelst fyrir.

Leikfélagið hér í Reykjavík stendur nú höllum fæti og erfitt yrði því uppdráttar, ef það þyrfti að að borga fyrir að fá að leika. Eg væri með því að þessi tillaga fengi fram að ganga, ef að styrkurinn til leikfélagsins yrði hækkaður um 2—3000 kr. Eg játa það, að þegar skáld eiga völ á að verk þeirra séu þýdd, þá er það stórt fjárspursmál fyrir þá, en væru þeir sviftir þessu, þyrfti landið að styrkja þá. En þegar nú er svo komið að skáldin geta alt af búist við því að þeir verði sviftir þeim styrk, sem landið hefir veitt þeim, þá

sýnist mér það eina ráðið, að útvega þeim þetta Bernarsamband — en þó því að eins að styrkurinn til leikfélagsins verði hækkaður.

Einn þingmaður hérna, nefnilega sá, sem Seyðfirðingar hafa sent hingað, var að tala um einhverja bættu, sem Íslendingum stafaði af lærðum öreigum. Þingmanninn var víst farið að dreyma eitthvert útlent Proletariat, sem hann hefir lesið um í Kaupmannahöfn. En hann er víst ekki alveg útsofinn, fyrst hann er að tala um það hér á Íslandi, því það nær ekki nokkurri átt. Hér eru þeir mentuðu ekki fremur öreigar en þeir ómentuðu, en það er ekki von að þm. viti neitt um ástandið hér á landi, þar sem hann kemur aldrei hingað nema til þess að gegna þessu mikilvæga starfi fyrir hönd Seyðfirðinga. Ef þess konar öreigar eru til, þá veit eg ekki, hvar þeir eru, nema þá að háttv. þm. hafi fundið þá á Seyðisfirði. Þm. var að tala um, að þessir menn gætu komið á stað óheillavænlegum byltingum. (*Valtýr Guðmundsson:* Stakk það þingmanninn?) Nei, eg hygg ekki að þm. sé kominn svo hátt í flugnaröðina, að hann sé orðinn að býflugu, svo að hann geti stungið. En það er leitt að sjá gamlan öreiga vera að setja upp á sig þennan auðmannasvip og klappa sér á vömbina. Það stakk mig ekki að neinu leyti. Eg hefi engum byltingum valdið, en hefi heyrt um byltingar í öðrum löndum, sem ekki þarf þennan lærða þm. úr öðru landi til þess að romsa upp eins og páfagaukur. En þessi þm. er sá eini hér í deildinni, sem að eins hefir mælt fram með sinni tillögu og lagt á móti öllum öðrum. Hann hefir hér verið að segja sögur um Kjarval, til þess að spilla fyrir hans máli. Og eg held að við höfum eins mikið vit á málverkum og þeir menn, sem þm. er altaf að tönnlast á. Og þegar um styrk til einhvers er að ræða, þá á ekki að spyrja að, hve langt hann sé kominn í sinni ment, heldur hve efnilegur hann sé.

Eg segi þetta ekki af því, að eg sé að mæla á móti styrk til þessarar konu, sem þingmaðurinn ber fyrir brjósti. Eg skyldi síztur manna mæla á móti konum. Og komi fram mótmæli gegn styrknum til þessarar konu, þá koma þau frá sjálfum þingmanninum með því að mæla á móti styrk til Kjarvals. (*Valtýr Guðmundsson:* Eg hefi alls ekki mælt á móti styrk til Kjarvals). Nei, ekki það? Alt af er þingm. jafnfróður, eins og eðlilegt er, sem alið hefir aldur sinn í Kaupmannahöfn! Það hefir kannske ekki átt að vera mótmæli, en það getur orðið það. En haldi þingm. að hann sé að halda fyrirlestur til að fræða okkur aumingja smælingjana, þá má hann geyma sína vizku þangað til hann verður beðinn um hana. Og fær hann þá líklega að bíða með hana þangað til hann kemur til Hafnar aftur.

Eg vildi segja örfá orð um orðabókina. Ef menn eru sannfærðir um það, að með þessum höfundi verði fengin trygging fyrir því, að orðabókin verði góð, þá er eg ekki á móti því að honum verði veittur þessi styrkur. En eg hygg það, að ekki neinn einn maður — hvorki Jón Ólafsson eða annar — geti gert svona orðabók úr garði, svo að nokkru gagni verði. Eg ætla þó ekki að leggja neitt á móti þessu, ef þinginu þykir höf. tryggur, þá er fjárveitingin ekki of há. En því verður að mótmæla, að Boga Melsteð verði veittur þessi 800 kr. styrkur, sem farið er fram á. Eins og eg hefi áður sagt, eru þetta ekki annað en verðlaun, sem verið er að veita honum fyrir illa samda ritgerð, þar sem Bogi með fáránlegum rökum er að reyna að sanna, að Íslendingar geti ekki lifað nema í sambandi við Dani og á styrk frá þeim.

Niðurstaðan hjá honum er fyrir fram hugsuð, og svo er verið að reyna að verja hana og er því ritgerðin öll röng og bjöguð, svo andstyggilegt er að nokkrum manni skuli hafa getað dottið önnur eins vitleysa í hug og að fara að verðlauna slíka ritsmíð, sem ekki er annað en rógburður um okkur Íslendinga. Mun í Danmörku vera mikill málrófsmaður, sem hægt væri að fá til að sjá um það, þótt ekki væri farið að verðlauna Íslendingi fyrir það.

Fjárlaganefndin hefir lagt til að fella niður 600 kr. styrkinn handa Guðmundi Finnbogasyni til þess að skrifa um heimspekileg efni, en svo í staðinn að hækka laun hans sem varðar við landsbókasafnið um 500 kr., eða með öðrum orðum, að lækka styrk hans um 100 kr. Þetta er ekki réttlátt. Því að eins getur hann unnið að sínu starfi, sínu ævistarfi, að hann geti gefið sig við því að einhverju leyti. Er því ekki rétt að kippa burtu þessum litla styrk, sem hann hefir til þess að vinna að heimspekisstörfum Vilji einhver telja það óþarft af því að hér sé annar heimspekingur, þá er því til að svara, að heimspekin er ekki og verður ekki tæmd, þó að 2 menn hafi færi á að skrifa um þau efni. Eg skil ekki annað en háttv. fjárlaganefnd taki þetta aftur við nánari athugun. Þetta er svo fráleitt.

Eg hefi áður minst á það, að eg tel ekki rétt að lækka styrk við Helga Jónsson, en um það skal eg ekki fjölyrða, af því að hann er bróðir minn. En hér er nú síðan komin bók eftir hann á ensku, og er mest um þaragróður og þörunga á Íslandi. Það er að vísu verk Carlsbergssjóðsins, að eg ætla, að bókin er komin út, en ritlaun hefir hof. fengið lítil, nema svo sem fyrir prófarkalestur. Nú geta háttv. þm. skoðað bókina og athugað fyrst, hve lengi þeir eru að lesa hana og þar næst hve lengi muni vera verið að semja hana.

Eg tek undir með háttv. 2. þm. G.-K. (Kr. D.) um styrkinn til Helga Pjeturss. Annaðhvort á hann enginn að vera, eða halda sér eins og hann er. Annaðhvort er maðurinn veikur og getur ekki unnið, eða hann er ekki veikur lengur, og þá er því síður ástæða til að draga af honum, sem hann hefir verið svo óheppinn, að vera eitt ár frá verki. Hann er nú í rannsóknarferð eystra, og ef menn tortryggja árangurinn af því, þá verða þeir að bíða og sjá, hvað hann skrifar, þegar það kemur. Þá sést hvað hann getur. En það verður ekki fyr en á næsta fjárlagaþingi, og þess vegna á nefndin að taka þetta aftur og það ekki að koma til atkvæða.

Enn er hér ein einkennilag tillaga. Á síðasta fjárlagaþingi voru einum ungum manni veittar 600 kr. til þess að búa sig undir að rita um íslenzka bókmentasögu. Þetta hefir hann nú gert í 2 ár, ásamt fleiru, sem hann hefir orðið að vinna til þess að lifa. Nú er lagt til að taka þess að taka þessa peninga af honum. Þetta sýnir ið sama og víðar kemur fram, að þessar 600 kr. hafa átt að vera gjöf. Því að ekki getur þingið ætlast til þess að hann haldi þá þessu verki áfram, þótt hann geri það nú raunar sjálfsagt, af því að hann er eljumaður og vel að sér í íslenzkum fræðum. En engin skylda til þess getur hvílt á honum lengur, ef þannig er að farið. Þetta er alt svo stefnulaust, að ekki tekur nokkru tali. Eg hefði ekki haft mörg orð um þetta, ef síðasta þing hefði neitað honum í upphafi. En hitt nær engri átt, að byrja að veita manninum þetta og kippa því svo burt án þess að nokkur geti sagt, að hann sé ekki starfinu vaxinn. Hitt er annað mál, þótt eg hafi áður lagt til að hætta að veita

sagnfræðingi nokkrum svipaðan styrk sem lengi hafði haft hann. Það kom til af því, að þegar hann fór að gefa út ritsmíðar sínar, þá þótti mér ekki svara kostnaði að styrkja hann til þeirra, úr því að eftirtekjan varð ekki meiri né betri en þetta.

Nokkrir menn hafa sótt um styrk til þess að fullkomna sig í söng og hljóðfæraslætti, og er eg þeim fylgjandi, því að hér á landi er lítið um þá listina, sem mest gleði fylgir, og er það synd, því að ekki veitir af því, ef unt væri, að auka á lífsgleðina hérna. Eg held að eg hafi áður minst á það, hvað Goethe segir um þá list.

Þá vil eg minnast á Einar Jónsson. Það er farið fram á það, að landið veiti sjálfu sér 4000 kr. til þess að taka á móti gjöf frá honum og flytja hana heim. Hann er illa staddur og getur ekki varðveitt listasmíðar sínar. Það er ekki rétt hjá háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.), að hann geti geymt þær allar á þessum eina stað, heldur verður hann að kaupa þeim húsnæði víðar í bænum, og í þann kostnað ganga þessar 1200 kr., sem hann hefir haft héðan. Að vísu veit eg ekki, hvort það stenzt á endum upp á eyri, en nær mun það láta. Hann er maður einkennilegur, og sumar af smíðum hans eru ekki við allra skap, af því að hann er ekki sléttur og voðfeldur í list sinni, sem margir aðrir. Nú er nauðsyn að geyma handaverk hans, og ekki getur landið fengið þau ódýrara, en gefins. En verði þessi tillaga feld nú, þá skil eg ekki að nokkur maður verði til þess að fella fjárveitinguna, sem stjórnin hefir ætlað honum, 1200 kr. á ári, þangað til þetta nær fram að ganga.

Eg þyrfti að minnast á margt, en vera má, að háttv. þm. leiðist það og árangurinn verði ekki svo sem ætlað var. Raunar hefi eg tekist á hendur að sannfæra þá um það, að bitlingarnir, sem kallaðir eru, séu ef til vill einhverjar beztu og viturlegust fjárveitingarnar. Og eg ætla, þó að enginn vilji sjá mig né heyra nú, að koma seinna, þegar þeir eru komnir til sannleikans viðurkenningar, og sækja þá um bitling til þingsins fyrir það, hve góður kennari eg hefi verið nú. Eg ætla að halda fyrsta prófið núna við atkvæðagr., og eg vona, að sem flestir hv. þm. standist það.

Áður en eg þagna, ætla eg að nefna eitt enn. Það var það, að í gær fékk einn síma-starfsmaður laun sín hækkuð, og voru þau þó allgóð áður. Eg get þessa af því, að það ber vott um einhverja sérstaka stefnu gagnvart þessari stétt, einhverja sérstaka virðingu fyrir henni, sem útheimtir þó hvorki langan né dýran lærdóm né frábært hugvit. Það þykir sjálfsagt að bæta kjör manna, sem stunda þessa atvinnugrein, en aftur á móti stendur hnífurinn í kúnni, ef eitthvað skal leggja af mörkum til annars, sem ekki er einu sinni atvinnugrein, en þó þúsund sinnum vandameira, sem enginn getur, nema afburðamenn. Eg bendi á þetta til þess að það sjáist, hvaða samkvæmni verður í atkvæðagreiðslu þeirra manna í dag, sem greiddu hinu atkvæði í gær.

**Ráðherrann (H. H.):** Háttv. þm. Dal. (B. J.) spurði um það, í hverju eftirlitið með Hvítárbakkaskólanum væri fólgið. Eg get ekki svarað því svo nákvæmlega í fljótum hasti, enda var fyrirspurninni ekki hagað eftir þingsköpunum. En það get eg sagt háttv. þm., að frá ársbyrjun 1912, þegar skólinn var lagður undir umsjón stjórnarráðsins, hefir verið samin fyrir hann reglugerð og skólinn verið háður eftirliti fræðslumálastjóra eins og aðrir unglingaskólar. Honum á skólinn að senda skýrslur um

starf sitt og fræðslumálastjóri hefir eftirlit með því, að reglugerðinni sé fylgt. Eftirlit með kenslustarfinu í sjálfu sér verður auðvitað ekki haft frekara þar, en annarstaðar, en hitt veit eg, að fræðslumálastjórinn ætlar bráðum þar upp eftir. Frekara get eg ekki um þetta sagt að svo stöddu.

Úr því að eg stóð upp, ætla eg að minnast á fjárveitinguna til Bernarsambandsins. Hv. sami þm. gaf í skyn, að miklar ástæður væru á móti henni og að þær væru jafngóðar og jafngildar nú eins og síðast. Þetta er að því leyti satt, sem þær hafa alt af verið jafnillar og jafnógildar eins og þær eru enn, því að þótt svo illa vildi til þá, að 13 háttv. deildarmenn léðu atkvæði sín á móti þessu á þingi 1911, þá er það engin ástæða til þess, að láta menn halda áfram að missa rétt sinn í því skyni, að eitt félag hér geti haldið áfram að hnupla frá erlendum þjóðum. Það má með engu móti farast fyrir lengur að íslenzkir rithöfundar nái þeim rétti, er þeim ber, og sem getur verið þeim, sem vel duga, miklu meira virði heldur en jafnvel allriflegur skáldastyrkur af landssjóði.

Svo vil eg gera tvær athugasemdir við það sem háttv. framsögum. sagði. Hann kannaðist við það, að ástæða væri til þess, að láta þá rithöfunda, sem ætlast er til að gefi sig eingöngu við ritstörfum, hafa nokkru fastari kjör, en aðra. En þó áleit hann, að það væri óheppilegra að Alþingi úthlutaði þeim styrk, og væri betra að annað dómsvald gerði það. Taldi hann rétt, að mynda sérstakan sjóð af hluta viðlagasjóðs í þessu skyni, með sérstakri reglugerð, þar sem m. a. væri ákveðið, hverjir skyldu úthluta styrksupphæðum úr sjóðnum. Eg hefi ekki hugsað þessa tillögu, því hún er mér ný. En eg hefi litla trú á, að þetta yrði mikið vinsælla. Það mætti setja dómnefnd til þess að skitta árlega lausastyrkjum, sem fé væri veitt til í einu lagi. En mér virðist enn sem fyr nauðsynlegt, að föst skáldlaun, þegar á annað borð er um slíka sæmd að ræða, séu veitt af löggjafarvaldinu, enda mun það alstaðar tíðkast. Mér finst líka lítil bót að því í peningalegu tilliti, að taka féð á þennan hátt úr viðlagasjóði. Það má standa á sama, hvort hann missir eitthvað af tekjum sínum, eða geldur út sem því svarar, og alveg jafnmargar umsóknir mundu koma til löggjafarvaldsins um sérstakar styrkveitingar eftir sem áður, þótt svona sjóður væri til. Hann mundi naumast fullnægja öllum, fremur en þingið.

Þá er hér önnur br.till. frá hv. nefnd, þar sem lagt er til að breyta styrk, þeim er stjórnin hafði ætlast til að dr. Guðm. Finnbogason hefði til að rita um heimspekileg efni, alt að 600 kr. hvort árið, þannig, að upphæðin sé lækkuð um 100 kr., niður í 500 kr., og þeirri upphæð bætt við bókavarðarlaun hans við landsbókasafnið, sem persónulegri launaviðbót, en felt burt úr 16. grein. Það er satt, að þessi maður er nú 1. bókavörður, með afkáralega lágum launum, en veit nefndin að hann verði í þeirri stöðu framvegis? Eg veit það ekki, en eg hefi heyrt, að hann ef til vill hafi annað í hyggju. En hvers vegna á hann að missa styrkinn til heimspekisrita, þó að hann taki annað starf? Að binda þessa fjárveitingu við stöðu 1. bókavarðar, er ekki rétt, ef það er meiningin, að dr. Guðm. Finnbogason eigi að verða hennar aðnjótandi til ritstarfa, eins og mér skilst helzt á nefndinni. Það verður að binda hana við nafn hans eingöngu. En ef meiningin er að bæta laun 1. bókavarðar við landsbókasafnið, þá verður að gera

það hver sem í hlut á, en ekki binda þá réttarbót sem persónulega launaviðbót við tiltekinn starfsmann.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Það eru ekki nema 2 eða 3 atriði, sem eg ætla að tala um. Fyrst er það sem margir hafa talað um, styrkurinn til skáldanna. Það hefir verið sagt fyrir löngu, að vér mennirnir lifðum ekki á einu sama brauði, heldur á sérhverju því orði, sðm framgengur af guðs munni. En þau orð hygg eg nú að sé ekki eingöngu að skilja eins og vant er að skilja þau í bibliunni. Hún er að eins góð bók, en víðar er guðs orð, en í henni; eg hygg rétt að kalla svo hvert það orð, sem lifir gegnum aldirnar til gagns og blessunar fyrir þá þjóð, sem það hefir verið sagt hjá, og aðrar. Það er eins og eitt skáldið hefir sjálft sagt:

»*Guð* er sá sem talar skáldsins raust,
hvort sem hann vill oss gleðja eða græta«.

Það sem vér lifum á, fyrir utan brauðið, er alt gott sálarfóður, en til þess tel eg alt, sem ódauðlegt er í bókmentununum, og þá einkum í skáldskap.

Allir viljum vér vera *sjálfstæð* þjóð, og erum samdóma um *takmarkið*, þótt flokkana greini á standum um leiðina að því. En það sem styður oss mest til sjálfstæðis, veitir oss sterkasta réttinn og sterkustu löngunina til þess, er það, að vér eigum sérstaka tungu og bókmentir, fornar og nýjar, sem eru og eiga að verða einn liður í heimsmenningunni. Getum vér ekkert til heimsmenningarinnar lagt, þá eigum vér lítinn rétt á oss sem sérstök og sjálfstæð þjóð. Skáldin okkar hafa verið lítt kunn út um heiminn, en þau eru nú að verða það. Eg vil minna menn á það, að eg held að enginn efi sé á því, að Norðmenn hafi fyrst orðið kunnir umheiminum, svo heitið gæti sem sérstök þjóð, af því, hvílíka skáldsnillinga þeir hafa átt, og þá hefðu þeir tæplega átt, ef þeir hefðu ekki tímt að styrkja þá. Eg minnist þess, að hafa lesið ferðasögu í ensku tímariti, eftir stórmerkan enskan stjórnmálamann og fræðimann, þar sem hann segir frá viðtökum, sem hann fékk á einum stað í Indlandi. Þar hafði prinz nokkur boðið honum heim, og lýsir hann ýmsu, sem fyrir augun bar. Var þar margt með Norðurálfusniði, en fleira þó að hætti innlendra manna af þarlendu kyni, að honum þótti, og var hann að velta því fyrir sér, hvort þetta mætti kallast mentuð þjóð eða ómentuð. En um kvöldið þegar prinzinn var að mæla fyrir fulli yfir borðum, brá hann fyrir sig tilvitnun úr skáldritum Hinriks Ibsens. Eftir það kvaðst hann ekki hafa verið í vafa, »því að sú þjóð, sem þekkir Henrik Ibsen og ritverk hans, hún heyrir til mentaþjóðanna. Á því er ekki vafi«. Ef sá tími kæmi nú, að vér heyrðum sagt við heiminn annað eins og þetta: »Þessi þjóð er mentuð, hún kannast við þennan Íslending«, ætli vér mundum þá iðrast þess, þótt vér hefðum veitt þeim Íslendingi dálítinn styrk til að lifa?

Það var sagt hér af einum háttv. þm. (E. J.) að fyrst yrðu menn að hafa matinn ofan í sig, áður en þeir færu að ala skáld og listamenn, en rit skáldanna framleiddu ekki mat. Það var rétt sem hann sagði, að skáldin hafa aldrei ort mat, en eins og eg sagði áðan: maðurinn lifir ekki af einu saman brauði. Og þegar við verjum árlega hundruðum þúsunda til þess að efla matarframleiðsluna í landinu, þá er það ekki of mikið þó að við verjum 20—25 þúsundum til að afla okkur sálarfæðu. Dálitla rækt verðum við þó að leggja við sálirnar í okkur; því að hvað sem háttv. 1. þm. Rang. (E. J.) líður, þá hafa þó flestir af

okkur sál. Það sem veitt er til bókmenta og lista, gengur til sálarinnar. Eg játa, að það stendur talsvert ólíkt af sér um sagnaskáld og ljóðskáld. Sagnaskáldin eru venjulega miklu frjósamari en ljóðskáldin. Það liggur í forminu. Eg veit ekki til, að með nokkurri þjóð komist ljóðskáldin í nokkurn samjöfnuð við sagnskáldin að þessu leyti. Formið leggur svo miklar hömlur á þau, og þó á enga þjóð eins og Íslendinga. Og þess verða veslings ljóðskáldin að gjalda, þegar talað er um að þau afkasti litlu, því að sumum hættir svo við að meta það í pundum eða álnum, sem frá skáldunum kemur. En eg verð að segja, og eg býzt við, að við játum það allir — að minsta kosti þegar við erum ekki að tala við kjósendur á þingmálafundum, eða á þingmannabekkjunum fyrir kjósendur til að lesa — að skáldskapur verður ekki metinn í pundum og vættum né mældur í stikum. Verk Jónasar Hallgrímssonar eru ekki mikil að vöxtunum, en eg býst við því að nokkrum sinnum mætti bjóða okkur þunga þeirra í gulli til þess að við vildum vinna til, að þau hyrfu úr bókmentum okkar.

Þá er það eitt, sem á sérstaklega við um sagnaskáldin íslenzku. Þau hafa ekki fengið að njóta verka sinna, fyrir ófyrirgefanlegt ranglæti löggjafarvaldsins. Það hefir áður verið farið fram á það hér á þingu, að 600 kr. væru veittar á ári til Bernarsambandsins, til þess að íslenzkir rithöfundar gætu notið þeirrar verndar, sem aðrar þjóðir hafa komið sér saman um, að ríthöfundar þeirra skyldu njóta hverir hjá annari, eða með öðrum orðum til þess, að verkum þeirra skyldi ekki verða stolið öðrum til hagnaðar. Þetta hefir verið felt, og þó að eg sé ósamdóma háttv. vini mínum og sessunaut, þm. Dal. (B. J.) um marga hluti, þó hygg eg, að hann hafi fátt lakara gert, en er hann studdi að því, að þetta hefir ekki náð fram að ganga, — hann, sem annars er svo mikill vinur lista og bókmenta. Það þýðir ekki annað, en að við fórnum okkar eigin rithöfundum til þess að geta stolið frá öðrum þjóðum, með því að þýða rit erlendra höfunda endurgjaldslaust. Við segjum: heimurinn má stela frá höfundum okkar, ef við megum stela frá annara þjóða höfundum í staðinn. Þetta er sagt alment. En til þess að mönnum skiljist betur, hvað þetta hefir að þýða, skal eg nefna dæmi. Eins og háttv. ráðhera gat um, hefir Einar Hjörleifsson skrifað sögu, sem Þjóðverji nokkur vildi gefa út á þýzku. Hann gat stolið henni, því að löggjafarvaldið hafði ekkert gert til þess að hindra það, en hann var þó svo »skikkanlegur« að hann gaf höfundinum 100—200 kr. til þess að geta sagt, að bókin væri þýdd með leyfi. En hvað gerir hann svo? Hann selur þýzku dagblaði réttinn til að birta þýðinguna fyrst í blaðinu, áður en hún komi út í bókformi, og fyrir þetta fær *hann* 4000 mörk, en höfundurinn ekki neitt. Þessu hefir **Alþingi** *hjálpað til að* **stela** af Einari Hjörleifssyni með því að neita honum og öðrum íslenzkum rithöfundum um þessa vernd, sem svo lítið kostar, og aðrar mentaðar þjóðir nú veita rithöfundum sínum. Eg man eftir því, að fyrir mörgum árum bar eg fram tillögu um, að Gesti heitnum Pálssyni yrði veittur skáldastyrkur. Tillagan var drepin, því að á þeim árum mátti skáldastyrkur ekki heyrast nefndur á nafn. Sögur hans hafa verið þýddar á margar tungur, og þeim hefir öllum verið *stolið!* Hann fékk ekki einn eyri fyrir neina þeirra. Er þetta réttlátt? Og á sama tíma segja menn: »Nú hættum við að launa skáldum okkar!« Eg treysti svo mikið réttlætistilfinningu manna, að eg vona að þeir greiði atkvæði með till.

hæstv. ráðherra við 15. gr. um að veita hvort árið 600 kr. til Bernar-sambandsins, sem er nauðsynlegt skilyrði fyrir því, að íslenzkir rithöfundar fái að njóta þeirrar verndar, er útlendar þjóðir njóta hver hjá annari. Og eg vona að menn finni ennfremur hvöt hjá sér til að bæta skáldunum að einhverju leyti þann skaða, sem Alþingi hefir þegar bakað þeim.

Það má segja, að ljóðskáldin afkasta ekki miklu. Þau yrkja ekki eftir skipun og ekki mörg pund á ári. En þau geta verið nýt og góð fyrir því. Eg skal nefna t. d. Þorstein Erlingsson. Hann hefir í ár gefið út lítið hefti, en svo ljómandi fallegt, að þar er hver blaðsíðan annari betri. Þetta er fyrra heftið af ljóðaflokk, sem heitir »Eiðurinn«. Síðara heftið kemur út í vetur. Það er langt síðan að hann byrjaði á þessu verki. Hann mun einhverntíma hafa birt kafla úr því í tímariti, að eg held í Eimreiðinni.

Af þessu má sjá, að hann hefir ekki verið iðjulaus, hann hefir setið yfir að fága kvæðin, enda er hann svo vandvirkur, að hann er lengi að fága. En því betur sem gimsteinninn er fágaður, því dýrmætari er hann. Hann situr að minsta kosti yfir þremur stórverkum öðrum. Sum eru nærri fullgerð, en hann situr yfir að fága þau. Eitt er »Fjalla-Eyvindur«. Hann hefir lesið mér kafla úr honum, og eg veit, að ef háttv. þm. hefðu heyrt þá, þá vildu þeir ekki missa af því verki fyrir mikið fé. Við ættum ekki að sjá eftir að honum gefist kostur á að fága það þangað til honum sjálfum líkar.

Það var rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að við eigum að gera mun á þeim skáldum, sem þjóðin vill styðja til þess, að þau gefi sig að öllu leyti við skáldskap, og öðrum sem rétt er að styrkja um stundarsakir fyrir eitthvert sérstakt verk. Hér er aðallega að ræða um skáld, sem ástæða er til að styrkja áfram.

Þetta, sem eg hefi nú sagt um skáldskapinn, á við allar aðrar tegundir listarinnar, hverju nafni sem þær nefnast. Eg þarf ekki að tala um hvert einstakt atriði og læt mér nægja að benda til þessara almennu hugleiðinga.

Af framkomnum tillögum öðrum, ætla eg að minnast á eina frá háttv. 2. þm. Rvk. (J. J.), um styrk til þess að skrásetja handrit Landsbókasafnsins. Þetta er mikið nauðsynjaverk, sem þörf er á að styrkja, hver sem upphæðin verður.

Viðvíkjandi nokkrum orðum, sem hv. 2. þingm. Húnv. (Tr. B.) mælti í minn garð, ætla eg einungis að segja það, að reikningur hans var allur rangur, sem sjálfsagt hefir komið af skorti á upplýsingum.

**Jón Magnússon:** Það er einungis fyrir siðasakir að eg stend upp. Eg hefi leyft mér að bera fram eina breyttill., en eg þarf ekki að tala fyrir henni, því að hún hefir verið mikið rædd og fengið ágætan stuðning margra háttv. þingmanna. Eg læt mér nægja að nefnaa hana. Hún er um það, að fjárveitingin til Einars skálds Hjörleifssonar verði ekki færð niður. Hann hefir fjögur undanfarin ár haft 1200 kr. á ári og eg get ekki hugsað mér neina sennilega ástæðu fyrir því, að rétt sé að þessi upphæð verði lækkuð. Yfirleitt hafa ekki verið færðar neinar ástæður fyrir því, að réttmætt sé að færa niður þann styrk, er skáldunum hefir verið veittur. Að vísu bryddi á þeirri stefnu hjá þinginu 1907, að réttara væri að haga styrk til skálda svo, að hann kæmi fram sem borgun fyrir unnið verk, en ekki sem árleg laun. En eg hefi litið svo á, að þingið væri horfið frá henni aftur. Annars þarf eg ekki annað en að skírskota til ræðu háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) um

það atriði. Það væri ekki annað en hverflyndi af þinginu, ef það færi nú alt í einu að breyta þessu. Það er reyndar farið að brydda á þessu hverflyndi í öðrum efnum. Eg minnist sérstaklega eins, sem þingið hefir samþykt, en nú er farið fram á að það taki aftur. Það er lítil fjárveiting til cand. Sigurðar Guðmundssonar á núgildandi fjárlögum, til þess að undirbúa sig undir að semja íslenzka bókmentasögu, Það getur verið, að ekki hafi verið ástæða til að veita þetta í fyrstu, því að maðurinn var ungur og óreyndur. En úr því að það var veitt á annað borð, þá sé eg ekki, hvaða ástæða er til þess nú, að þingið fari að kippa að sér hendinni.

Alveg sama er að segja um styrkinn til Hannesar Þorsteinssonar, sem honum var veittur til að vinna ákveðið verk. Það er undarlegt, ef hann verður sviftur styrknum nú, þegar hann er farinn að verja kröftum sínum aðallega til þessa starfs.

Eg sé svo ekki ástæðu til að fara frekari orðum um þetta, enda býst eg ekki við, að það hafi mikla þýðingu.

**Halldór Steinsson:** Eg er svo heppinn, að eg á enga breytingartillögu við þann kafla fjárlaganna, sem nú er til umræðu. Eg ætla samt sem áður að minnast á eina breytingartillögu, sem talsvert hefir verið rædd áður. Hún er á þgskj. 366, um hækkun styrksins til skólans á Núpi í Dýrafirði. Eg sé ekki betur, en að öll sanngirni mæli með að taka þessa tillögu til greina. Ef litið er á skýrsluna frá þessum skóla, og litið er á hana með réttsýni, án þess að einblína á einstakar ræður, og ef tekið er tillit til sögusagna kunnugra manna, sem engin ástæða er til að efast um, þá verður það augljóst hverjum manni, að þessi skóli er í fremstu röð unglingaskóla hér á landi. Það hefir verið fært sem ástæða móti þessari styrkhækkun, að fleiri skólar mundu koma á eftir og heimta ið sama. Eg sé ekki, að það væri svo ægilegt, þó að fleiri skólar kæmu á eftir; ef þeir gætu sannað, að þeir hefðu jafn-góð skilyrði og Núpsskólinn, þá væri sannarlega ekki horfandi í styrkinn til þeirra. Yfir höfuð er eg þeirrar skoðunar, að unglingaskólarnir hafi gert mikið gagn hér á landi og að styrkurinn til þeirra hafi borið betri ávöxt en styrkur til margra annara skóla hér á landi. Eg vil mæla ið bezta með því, að styrkurinn verði veittur, og mér er því ljúfara að mæla með því, að eg þekki manninn, sem í hlut á (séra Sigtrygg Guðlaugsson) og veit, að hann er valinkunnur sæmdarmaður og er sérstaklega hneigður fyrir þetta starf. Þessi skóli hefir verið borinn saman við Hvítárbakkaskólann. Mér hefir heyrst, að menn vilji telja þann skóla hæstan allra unglingaskóla á landinu. Það er líklega fyrir nafnið — lýðháskóli. En það nær ekki nokkurri átt. Eg get ekki betur séð af skýrslu þess skóla, en að sömu námsgreinar séu kendar þar og við Núpsskólann. Eg get því ekki séð, að Hvítárbakkaskólinn verðskuldi nafnið »lýðháskóli« fremur en margir aðrir unglingaskólar hér á landi. Sannleikurinn er sá, að það verðskuldar enginn þeirra það nafn.

Þá eru bitlingarnir, sem mest hefir verið skrafað um á þessu og undafömum þingum. Eg get verið samdóma þeim mönnum, sem ekki vilja kalla allar þessar fjárveitingar bitlinga, því að margar af þeim eru eins nauðsynlegar og sumar aðrar fjárveitingar, sem veittar eru til atvinnuveganna á sjó og landi. Hitt er annað mál, hvort stefna þingsins hefir ávalt verið sem réttmætust í þessu máli. Þessar fjárveitingar hafa oft verið veittar af handahófi, maklegum sem ómaklegum.

Mér heyrðist á ræðu hæstv. ráðherra

og á ræðu háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.), að þeir álitu að ekki væri hægt að taka styrkinn af skáldunum, af því að það hefði upphaflega vakað fyrir þinginu að hann yrði endurnýjaður á hverjum fjárlögum. Þetta finst mér ekki geta komið til nokkurra mála; það sýnir meðal annars það, að styrkurinn hefir alt af verið hoppandi, það er að segja, hefir ekki verið inn sami á hverju einstöku fjárhagstímabili. *(Björn Kristjánsson:* Hann hefir farið hækkandi). Já, hann hefir farið hækkandi og lækkandi, eftir því hve miklum vinsældum hvert skáldið hefir átt að fagna hjá þinginu í það og það skiftið. Eg er í alls engum efa um, að styrkurinn á ekki að skoðast sem föst áframhaldandi fjárveiting. Eins og það er sjálfsagt og nauðsynlegt að styrkja þá sem eitthvað leggja af mörkum til lista og bókmenta, eins er það óhæfa að ala þá á landssjóðsfé, sem ekkert láta eftir sig liggja.

Þá ætla eg að minnast á breyt.till. háttv. nefndar, um að lækka styrkinn til Helga Jónssonar grasafræðings og Helga Péturss jarðfræðings. Eg get ekki fallist á þessa lækkun. Þetta eru einu sérfræðingarnir, sem við eigum í þessum fræðum, grasafræði og jarðfræði. Eg álít, að við megum vera mjög hreyknir af þeim, og að það sé vansæmd fyrir þing og þjóð að ýta þeim frá sér með því að veita þeim ekki það, sem þeir þurfa til að lifa af. Það vita allir, að þessar vísindagreinir geta ekki gefið neinum manni brauð hér á landi. Auðvitað geta þessir menn gefið út vísindaleg rit — og það hafa þeir gert — en það er lítill markaður fyrir þess háttar rit hér á landi, og fyrir bláfátæka menn er það ókleift að koma þeim á heimsmarkaðinn. Annaðhvort eigum við að svifta þessa menn öllum styrk eða þá veita þeim svo mikið, að þeir geti lifað af því, og þá má það sannarlega ekki vera minna en 2000 kr. árlega. Að fara að lækka þennan styrk ofan í 1200 kr. er ekki annað en að *smámurka úr þeim lífið.* Hitt er annað mál, ef þingið kemst að þeirri niðurstöðu, að starf þeirra sé hvorki til gagns né sæmdar fyrir þjóðina. Þá er sjálfsagt að taka af þeim allan styrkinn.

---

Klukkan var þá orðin 8 síðdegis og umr. um þennan kafla enn eigi lokið. Gaf forseti þá fundarhlé til kl. 9¼ síðd.

---

Kl. 9¼ var umræðum haldið áfram.

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið á fundinum:

1. Br.till. við br.till. á þgskj. 384 við fjárlagafrv. 1914/15 (462).
2. Br.till. við frv. til fjárlaga á þgskj. 465, 467.
3. Br.till. við frv. til laga um ábyrgðarfélög. Frá nefndinni (466).
4. Br.till. við br.till. á þgskj. 350. Frá fjárlaganefnd (471).
5. Nefndaráliti um stjórnarskrármálið.
6. Alþingistíðindum 1913 A. 9. hefti.

Forseti skýrði enn fremur frá, að samkv. bréfi dags. 18. Ágúst 1913 frá forseta efri deildar hefðu eftirnefnd frv.

1. Frumv. til laga um stofnun Landhelgissjóðs Íslands,
2. Frumv. til laga um breyting á lögum nr. 26, 11. Júlí 1911, um skoðun á síld,

verið samþykt þar í deildinni og verið afgreidd til ráðherra sem lög frá Alþingi.

---

**Framsögum. (Pétur Jónsson):** Mer finst engin sérleg ástæða fyrir nefndina til að taka þessar umræður um skáldastyrkinn og ýmislegt annað sem vott um óánægju með tillögur hennar. Flestir hafa talað um það, að skáldin mættu ekki missa þann styrk, sem þau hafa nú, og nefndin hefir lagt til einungis um 800 kr. lækkun alls í þessum

styrkveitingum. Eg hefi látið í ljósi skoðun mína á þessu málefni og nefndarinnar sömuleiðis. Hefi eg þar engu við að bæta.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) mintist á styrk til þeirra Helga Pjeturss og Helga Jónssonar. Viðvíkjandi Helga Pjeturss leit nefndin svo á, að ekki bæri að veita honum laun, þar eð hann á við heilsubrest að búa, svo hann er eigi fær um að vinna að starfi sínu, en vildi þó ekki svifta hann styrk til framfæris sér, í von um að hann næði heilsu aftur. Nefndin áleit samt ekki rétt að taka hann upp í 18. gr. fjárlaganna, þar standa þeir, sem hættir eru að starfa og komnir á eftirlaun.

Viðvíkjandi Helga Jónssyni áleit nefndin, að hvort sem honum væri veitt ar 1200 kr. eða 1500, þá væri hvorug upphæðin nægileg til þess að hann geti eingöngu gefið sig við sérfræðigrein sinni. Til þess þyrfti styrkurinn að vera helmingi hærri. En honum ætti að vera svo mikill styrkur að 1200 kr., að hann auk annarar vinnu gæti stundað fræðigrein sína á sumrum. Þorvaldi Thoroddsen voru veittar 1000 kr. á ári til jarðfræðisrannsókna, og vita allir, hvílíku starfi hann hefir afkastað fyrir þá upphæð.

Á styrkinn til Sigurðar Guðmundssonar mun eg minnast lítið eitt síðar.

Þá ætla eg að minnast á það, sem hæstv. ráðherra sagði um styrkinn til Guðmundar Finnbogasonar. Nefndin leit svo á, að ekki væri sérstök ástæða til að veita honum styrk til ritstarfa, en leggur til að laun hans við landsbókasafnið verði hækkuð um 500 kr. á ári. Það gerir hún af því hún álítur manninn mjög vel hæfan til að gegna þessari stöðu, en ekki af því að hann þurfi að verja svo miklum tíma dagsins til bókasafnsins. *(Jón Jónsson:* 6 stundum á dag). Ber því að skoða þessa persónulegu launaviðbót sem viðurkenning á hæfileikum hans, en nefndin ætlaðist ekki til að hann þess vegna yrði skuldbundinn til ritstarfa. Það er því misskilningur hjá hæstv. ráðherra, er hann skildi launaviðbótina svo, að maðurinn ætti að vera skyldur til ritstarfa fyrir hana.

Það voru vonbrigði fyrir mig, þegar hæstv. ráðherra tók svo illa í hugsun mína um að mynda sjóð til vísinda og lista. Eg hafði gert mér von um að hann tæki vel í þetta mál og vildi undirbúa það undir næsta þing. Þótti mér hann satt að segja gera helzt til lítið úr mér, þegar hann sagði að þetta hefði enga fjárhagslega þýðingu. Hafði eg tekið það fram sjálfur áður. Verð eg að halda því fast fram, að þingið sé eigi vel fallið til að úrskurða, hverir séu hæfir til að fá styrki. Held eg að auðvelt væri að koma því svo fyrir, ef sjóðurinn væri til, að fyrir úthlutunum úr honum stæðu menn, sem væru færir um að dæma hlutdrægnislaust hverjir væru hæfir. Að minsta kosti ætti að vera hægt að losa veitingarnar við pólitíska hlutdrægni. En reynslan hefir sýnt, að hér á þinginu er það ómögulegt.

Hæstv. ráðherra sagði, að í útlöndum væri siður að veita slíka styrki á fjárlögunum eða með sérstökum lögum. Má vel vera að það sé eitthvað til í því. En mér er kunnugt um, að fyrst þegar tillaga var borin fram í Stórþinginu í Noregi um að veita skáldinu Alex. Kielland styrk, var hún feld sökum pólitiskrar hlutdrægni. Eg sagði, að ef stofnaður væri sjóður, mætti búa svo um hnútana, að eigi kæmist pólitiskur flokkadráttur að við úthlutunina. Ef það er ekki hægt á þennan hátt, þá er ekki með *nokkru móti* hægt að losa mál vor við pólitíska flokkadrætti. Skipa mætti nefnd mætti nefnd manna til að úthluta

styrknum. Það ætti að vera völ á nægum mönnum í hana, t. d. mentaskólakennurum, háskólakennurum, stjórn bókmentafélagsins o. s. frv. Eg ætla svo ekki að tefja umræðurnar meira með þessu máli. En út af þessu vil eg minnast á það sem háttv. þm. Vestm. (J. M.) sagði um styrk til Sigurðar Guðmundssonar, eða hverflyndi það, sem lýsir sér þar hjá þinginu, ef till. er samþykt. En það er ekki sama fjárlaganefndin nú og í hittiðfyrra. Hún er samsett af öðrum mönnum nú. Slík ósamkvæmni er því ekki óeðlileg þegar um slíka smámuni er að ræða.

Í sambandi við þetta vil eg minnast á styrkveitinguna til Boga Melsteðs til þess að halda áfram að gefa út Íslendingasögu sína. Það var líka ósamkvæmni hjá þinginu, að taka af honum styrkinn eftir að hann um nokkurt skeið hafði verið styrktur til að búa hana undir prentun, og enn um nokkurt skeið til að gefa söguna út. Þetta hverflyndi vildi nefndin nú leiðrétta. Hvaða líkur eru nú til, að Sigurður sleppi nú betur við eftirtölur og hverflyndi eftirleiðis en Bogi? Að minsta kosti vill nefndin ekki draga hann út á sömu brautina og Boga, og leggur því til að fella styrkinn.

Það sem háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.) sagði, var þannig lagað, að eg get ekki svarað því. Hann var ekki að álasa nefndinni fyrir tillöguna um að veita 20,000 kr. styrk til viðgerðar kirkjunnar, heldur spurði, hvort ekki væri til þess ætlast, að söfnuðurinn tæki við kirkjunni. Stjórnarráðið ætti að geta svarað því. En eg býst við að ef söfnuðurinn fengist til að taka við kirkjunni, vildi hann að hún yrði stækkuð áður, því hún er of lítil nú. Spurningin yrði þá, hvort landssjóður ætti heldur að byggja nýja kirkju eða viðbot við þá gömlu, eða láti sitja við að gera við kirkjuna nú og hafa hana áfram. Annars liggur þetta mál ekki fyrir, heldur er verið að ræða um óhjákvæmilega viðgerð á kirkjunni. Það liggur fyrir bréf frá Rögnvaldi Ólafssyni, þar sem hann segir, að kirkjan þurfi bráðrar aðgerðar við, gæti jafnvel verið hættulegt fyrir söfnuðinn að vera í kirkjunni, ef landskjálfta bæri að höndum. Þar að auki þurfi að setja á hana tvær útgöngudyr, svo hægra sé um útgöngu, því að dyrnar, sem nú eru á henni, eru svo þöngar að hætt væri við meiðslum og manntjóni ef eldsvoða bæri að höndum. Hefi eg svo ekki ástæðu til að segja meira að sinni; man eg ekki til að neinu sé ósvarað.

**Kristinn Daníelsson:** Því sem háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.) sagði um dómkirkjuna í Reykjavík, hefir háttv. framsögum. fjárlaganefndar svarað. Það hefir oft verið farið fram á að Reykjavíkursöfnuður tæki að sér dómkirkjuna. Háttv. þm. A.-Sk. gat þess, að hann hefði leitað í landsreikningunum eftir tekjunum; en ekki fundið annað en punkta. Hann hefir leitað í landsreikningum fyrir 1910. Þar er eigi gerð fullkomlega grein fyrir tekjunum og stendur svo á því, að þegar breytt var sóknargjaldslögunum, gekk innheimtan svo tregt, að ekki var gerð skilagrein fyrir preststekjunum 1909—1910 fyr en haustið 1912, og fullnaðarskilagrein kom ekki fyr en nú á þinginu. Þannig stendur á, að ekki er hægt að sjá á landsreikningunum tekjurnar af dómkirkjunni á þessum síðustu árum En eg gáði í landsreikningana fyrir 1909 og sá þar, að árið 1908 var tekjuhalli af kirkjunni 586,84 kr., en árið 1907 var tekjuafgangur 1545,79 og árið 1906 tekjuhalli 596,00 kr.

Kirkjan hefir því í þessi 3 ár gefið

af sér heldur meira en útgjöldin eru. Má ætla, að kirkjan hefði borgað sig eftir gamla gjaldmálanum, en eg efast um, að hún geri það eftir þeim nýja. Þótti mér rétt að láta þessa getið, til þess að sýna, hvernig sóknargjaldalögin nýju gefast.

Úr því að eg stóð upp, get eg ekki látið hjá líða að minnast á skoðun, sem kastað var fram hér í deildinni af einum háttv. þingm., og eg get ekki látið ómótmælt. Hv. þm. Sfjk. (V. G.) stakk upp á að innleiða hér skólagjald Get eg ómögulega verið því samþykkur. Við flesta unglingaskóla er nú reyndar borgað kenslugjald, en að mínu áliti ætti það að hverfa. Unglingum á að gefast kostur á að sækja skólana án nokkurs kenslugjalds. Eg áleit það spor í framfaraáttina, að losa barnaskóla við skólagjald. Eg skal láta þess getið, að fjárlaganefndin hefir að vísu lagt til að hækka styrkinn til þeirra, en það þarf að hækka hann enn meira en hún hefir farið fram á, því eins og stendur eru skólarnir alt of þungur baggi á sveitarfélögunum.

Það getur ekki neinstaðar verið um skólagjald að ræða, nema þá ef til vill í mentaskólanum, ef menn óttuðust alt of mikla framleiðslu af inum svo köllnðu lærðu mönnum. Samt álít eg, að ekki beri að gera það, því með því móti yrði of erfitt fyrir allflesta að kosta syni sína og væntanlega hér eftir dætur í skólanum. Við vitum, að alþýðumenn eiga fult í fangi með að kosta börn sín í skóla, þó ekki bætist við þetta gjald. Eins er okkur vel kunnugt, að úr flokki alþýðunnar hafa komið margir af okkar beztu mönnum. Er eg ekki viss um, að þeir allir hefðu getað notið skólanáms og eigi orðið að sitja heima, hefði skólavistinni fylgt kenslugjald.

**Lárus H. Bjarnason:** Fjárlaganefndin má vera ánægð með þá dóma, sem kveðnir hafa verið upp yfir henni hér í deildinni. Dómarnir hafa að vísu verið dálítið misjafnir eins og gengur, en harðir hafa þeir ekki verið, þegar tekið er tillit til þess, að þakklátt er starfið ekki, enda á flest af aðfinningum háttv. þm. við fjárlagafrumv. ráðherra og má því búast við að ráðherra svari þeim.

Eg ætla að vikja að nokkrum atriðum, sem hefir verið minst á í dag, og vil þá bæta því við það, sem háttv. framsögumaður upplýsti um dómkirkjuna í Reykjavík, að eftir skoðun, sem húsameistari R. Ólafsson hefir gert á kirkjunni, er henni þannig háttað, að það liggur ekki meira við en að hún getur hrunið til grunna, ef snarpur jarðskjálftakippur kæmi. Það hefði því verið fullkomin ástæða til að veita þetta fé á fjáraukalögunum 1912—'13.

Eg heyrði hjal úr átt, sem eg hafði ekki búist við, nokkurs konar ákúrur til stjórnarinnar fyrir að hafa lagt til að hækka náms- og húsaleigu-styrk til háskólastúdenta. Nefndin hefir ekki hreyft við þessu atriði. Skildist mér á þm., að hann skoðaði þetta sem verðlaun til stúdenta, þeirra er lesa hér heima, og hann teldi jafnvel rétt, að innleiða skólagjald við háskólann hér. En ef hann hefir óttast of mikla framleiðslu stúdenta, þá hefði hann fremur átt að stinga upp á skólagjaldi við Mentaskólann, það er nær að stemma á við upptök, en ós.

Háttv. þm. vildi halda því fram, að rétt væri stúdentum héðan að leita sem mest til Kaupmannahafnarháskóla. Og það má til sanns vegar færa, að svo miklu leyti sem sé, sem í hlut eiga menn, sem ekki geta orðið fullnuma hér og jafnvel um menn, sem væru orðnir fullnuma héðan. Kandídatar héðan hefðu gott af að fara til útlendra háskóla að loknu námi hér. Hann vildi líka

halda því fram, að það væri aðallega meiri menningarvon, sem drægi stúdenta þangað. Eg býst nú að vísu við, að eðlileg utanþrá ungra manna valdi miklu, en samt held eg, að það sé aðallega inn mikli styrksmunur, sem dregur stúdenta héðan. Þeir fá við háskólann í Khöfn 70 kr. á mánuði hver, eða um 840,00 um árið. Aftur á móti verður hámark háskólastyrksins hér um 420 kr., eða réttur helmingur af Hafnarstyrknum. En sá galli er á, að svona háan styrk geta ekki allir feugið. Nei, það eru einungis 2—3 stúdentar á ári, sem fá svo háan styrk, af eitthvað liðugum 40 sem á skólanum eru. Mér fanst það því, að aðfinslur háttv. þm. séu ekki á góðum rökum bygðar, enda eyðist háskólastyrkurinn hér, hefir í rauninni að eins vasaskifti.

Viðvíkjandi Núpsskólanum vildi eg segja nokkur orð. Eg ætla að þora að segja nei við styrknum til hans, jafnvel þótt háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) hótaði nafnakalli um hann. Eg segi nei, ekki af því, að kennarinn við hann sé ekki alls góðs maklegur, eg heyri einmitt prýðilega látið af honum, ekki geri eg það heldur af því, að eg vilji hindra það að háttv. þm. V.-Ísf geti fært kjósendum sínum eitthvað. Eg segi nei af því einu, að eg vil ekki taka þennan skóla fremur en aðra undan eftirliti fræðslumálastjórans, sem mestu á að ráða um styrkveitingar til skólanna, enda væri það í rauninni skólanum sjálfum fyrir verstu, því að þá væri hann lagður undir mislynt pólitískt vald. Nú eru að vísu tveir skólar á landinu, sem njóta styrks beint af þinginu, skólarnir á Ísafirði og Seyðisfirði, en mér finst töluvert annað mál um þá, sem alt af hafa fengið styrkinn beint úr landssjóði, þó að þeir haldi sínum styrk áfram, heldur en um hitt, að fjölga slíkum skólum. enda munu Ísafjarðar og Seyðisfjarðarskólarnir ekki hafa búist við að verða sviftir styrknum án nokkurs fyrirvara. Yrði Núpsskólinn samþyktur, mundi heill sægur af öðrum unglingaskólum komast inn á fjárlögin, og eg get ekki forsvarað það að stuðla að því, að taka þá alla saman undan sjálfsögðu eftirliti fræðslumálastjórans og leggja þá undir vafasamt vald Alþingis.

Þá skal eg minnast lítilfjörlega á skáldin, sem svo mikið er búið að tala um í dag. Fjárlaganefndin var sér þess vel meðvitandi, hvað hún var að gera. Hún vissi, að hún myndi fá orð í eyra fyrir þessar tillögur sínar. Flestir, sem talað hafa, eru sammála um það, að styrkurinn til skáldanna sé ekki bitlingar, þeir vilja kalla það skáld*laun*, en það er ekki rétt heiti. Eg veit ekki betur, en að það eitt sé kallað »laun«, er goldið er kaup fyrir unnið verk, og ættu þá »bitlingar« gagnstætt því, að tákna framlög, sem annað hvort ekkert þyrfti að koma í móti eða þá það eitt, er viðtakandi vildi vera láta. Sé þetta rétt, þá er skáldstyrkurinn bitlingur, en ekki »laun«, enda líða stundum mörg ár, jafnvel tugir ára án þess nokkuð sjáist frá einstaka manni. Slíkt fyrirkomulag er ekki hentugt, hvort sem litið er til skáldanna eða almennings. Það verður að minna þau á, að þau fái því að eins mat, að þau nenni að vinna. Það er gert með því að sleppa fjárveitingunni síðara árið. Upphæðina lætur nefndin sig skifta minna máli, enda þó að mér hafi fundist verk sumra skáldanna ekki þung á metunum. (*Bjarni Jónsson*: Hún er þyngri lagakenslubók þingmannsins). Já, hún er að minsta kosti þyngri en skýrsla viðskiftaráðunautsins. Jæja, deildin og almenningur verða nú að meta tillögur nefndarinnar, svo sem

hverjum er lagið. Þó verð eg að geta þess, að ekki hafði eg búist við að lesa í fjöllesnu blaði brigzl um að »bræðingshatur« hefði ráðið tillögum nefndarinnar. Sumir þeirra manna voru ekki erfiðastir, enda datt víst engum neitt slíkt í hug.

Annars þekki eg ekki eitt einasta land, sem leggur jafn-mikið á sig vegna skálda eins og Ísland. Eg hefi leitað í dönsku fjárlögunum síðustu, þar sem mér datt í hug, og ekki getað fundið eina einustu krónu, sem Danir veita. Má vera að þar felist ef til vill einhver lítil upphæð í athugasemdunum við fjárlögin, því að eg vissi til að Schandorf og Drachman höfðu á sínum tima einhver skáldlaun. Þess má og geta í þessu sambandi, að dálítið kynlegt er það, að bezta skáldið okkar skuli standa í eftirlaunagreininni, en ekki innan um hin skáldin.

Nefndin hefir lagt til að veita málaranum J. Kjarval dálítinn styrk fyrra árið. Hann hefir hér í deildinni í dag verið borinn saman við Kristínu Jónsdóttur, sem líka sækir um styrk. Eg hefi nú raunar lítið vit á málverkum, en eg hefi þó fundið mikinn mun á þessum tveimur. Mér þótti myndir J. Kjarvals svo góðar, að eg keypti tvær þeirra, en þær myndir, sem eg hefi séð eftir Kristínu, sýndust mér vera teiknaðar eftir ljósmyndum, og slík eftirmyndun held eg satt að segja að sé fremur talin handverk heldur en list.

Þá kem eg að styrknum til samnings íslenzkrar orðabókar. Sá styrkur hefir af nefndinni verið hækkaður um réttan helming. Það sem út er komið af bókinni hefir að vísu mætt töluverðu aðkasti, svo sem flest flest ef ekki öll mannaverk. Manni verður því að spyrja: Er maðurinn fær um verkið. Eg skal sjálfur ekki leggja fullnaðardóm á það, eg hefi ekki nægilega kunnáttu til þess, en eg hefi hér í höndum dóm 4 »fagmanna«, þeirra prófessoranna Björns Ólsens og Finns Jónssonar og Mentaskólakennaranna Pálma Pálssonar og Geirs T. Zoëga. Af dómi þessara manna má sjá, að maðurinn er verkinu vaxinn og ætti þá því fremur að verða það sem hann getur helgað starfinu alla krafta sína, fái hann styrkinn.

Það hefir verið gert ráð fyrir því, að bókin myndi kosta landið að minsta kosti 27 þúsund krónur, en eg veit ekki hvernig hægt er að gera hana dýrari en á 24 þúsund krónur, svo framarlega sem 8×3000 eru 24 þúsund. Eg ímynda mér að þessi 27 þúsund kr. séu þannig til komin, að gert sé ráð fyrir jafnmiklu máli um alla stafina eins og um »a«ið. En hagyrðingar ættu þó að vita, að ekki er jafn-auðvelt að ríma á móti t. d. x og ö, eins og móti a, blátt áfram af því, að fyrnefndu stafirnir eru miklu orðfátækari en a-stafirnir. Þetta væri því fráleitur grundvöllur til þess að byggja kostnaðaráætlun á. Höfundur orðabókarinnar fullyrðir líka, að hann eigi auk útkominna 25 arka, 45 arkir fullbúnar undir prentun, og eg hefi enga ástæðu til þess að rengja þetta, enda hefir hann safnað til bókarinnar fjöldamörg ár.

Sumir bera kvíðbeyg fyrir því, að hann myndi græða á starfaskiftunum, en um það þarf sannarlega enginn að vera hræddur, enda minkar ekki í nokkurs aski við það, þó að hækki dálítið í öðrum. Þegar litið er til þess, að höfundurinn hefir haft mörg störf á hendi auk orðabókarinnar, svo sem bankaforstöðu, spjaldskráningu, kenslu við verzlunarskólann og ritstjórn, þá geta menn gengið úr skugga um, að hér verður ekki um gróðafyrirtæki að ræða.

Styrkveitingin til Hannesar Þorsteinssonar hefir orðið fyrir töluverðum aðfinslum. Ekki er það bitlingur. Þar er greitt fé fyrir unnið verk, enda hefir

styrkur til sagnfræðinga sjaldan verið talinn eftir hér, svo sagnelskir erum vér Íslendingar. Ekki er heldur hægt að halda því fram, að styrkþegi sé ónýtur, því að það vita allir, að hann er einhver inn fróðasti maður um mannsögu, enda inn samvizkusamasti.

Því hefir verið slegið fram, að efri deild hafi á sínum tíma ætlast til þess, að H. Þ. legði fram til þessa alla sína krafta og ynni ekki að öðru. Þetta er að vísu satt, en væri ákúrur til stjórnarinnar, ef sagt væri til hnjóðs, því að hún hefir borgað H. Þ. styrkinn, þó að hún viti, að þetta sé ekki hans einkaverk, og tekið sömu upphæð í fjárlögin og 1911. Fjárlaganefndin á ekki annan hlut að máli en að hafa látið fjárhæðina standa óhaggaða. En þó að störfin séu í orði kveðnu tvenn, ritstörf og skjalavarðarstörf, þá er þó ekki svo í rauninni. Styrkþegi er aðstoðarmaður á landsskjalasafninu, og þar er mest af því efni sem hann notar. Hann getur því vel þjónað báðum í senn, notendum landsskjalasafnsins og ritskyldu sinni. Það finst mér alveg fráleitt, að kippa að sér hendinni og ónýta þannig það sem byrjað hefir verið á, hvort heldur gert væri með niðurfellingu styrksins bæði árin eða síðara árið. Það mætti fremur forsvara að lækka styrkinn að einhverju leyti, en þá þyrfti líka að hækka aðstoðarskjalavarðarlaunin, og ekki væri það betra fyrir landssjóð, því að þeirri launahækkun mundi H. Þ. halda alla sína starfstíð, en hitt verkið verður búið innan fára ára. Verði það ofan á, að þessi styrkveiting verði feld eða lækkuð, þá mun eg koma fram með tillögu um að hækka skjalavarðarlaunin.

Háttv. sessunautur minn, 2. þm. S.-Múl. (G. E.) ámælti mjög templurum í ræðu sinni í dag og vildi jafnframt láta taka af þeim þann styrk, sem þeir hafa haft. Mér þótti honum ekki renna blóðið til skyldunnar, gömlum templaranum. Eg vona að bæði hann og aðrir sjái, að hafi reglan haft tilverurétt áður, þá hefir hún hann jafnt enn. Hann veit vel, að bannlögin ganga ekki að fullu leyti í gildi fyrri en 1. Janúar 1915, því getur ekki komið til mála að svifta regluna styrknum fyrri en í árslok 1914, þegar ekki verður hægt að fá neitt vín. Það sýnist vera ástæða til að styrkja góða viðleitni til eyðingar drykkjuskap meðan vín er til í landinu. Þá hélt háttv. þm. fram, að reglan væri pólitískt félag, en mér er óskiljanlegt, hvernig hann fær það út. Eg veit ekki betur en að í henni sén menn af öllum flokkum, jafnt heimastjórnarmenn sem sjálfstæðismenn. Ef hann telur hana »pólitiska« vegna þess eins, að hún berzt fyrir sínum skoðunum, þá veit eg ekki, hvern hann telur »ópólitískan« mann hér á landi. Templarar hafa alt af skiptst eftir pólitískum flokkum um önnur mál en bindindismál. Það gæti jafnvel komið til mála, að styrkja regluna eftir 1. Janúar 1915, sérstaklega ef templurum tekst með óskiljanlegu ofurkappi að fella bannlagabreytinguna, sem setja átti undir landsyfirréttardóminn, þá gæti hver maður flutt eins mikið af víni eins og hann vildi og gæti keypt.

Loks vildi eg, úr því eg stóð upp, leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ráðherra, hvernig rækt hefði verið eftirlit það, sem stjórninni er boðið að hafa með Hvítárbakkaskólanum. Mér skildist svo á svari hæstv. ráðherra til háttv. þm. Dal. (B. J.), sem ekkert eftirlit hefði verið haft með þeim skóla, og því hefir verið fleygt, að mikils væri áfátt um eftirlit við aðra skóla, t. d. við mentaskólann svo kallaða.

**Ráðherrann (H. H.):** Það sem eg átti við í svari mínu til háttv. þm. Dal. (B. J.) um Hvítárbakkaskólann, var ekki annað en það, að stjórnarvöldin

gætu ekki haft daglegt eftirlit með kenslunni í skólanum, fremur en í öðrum sams konar stofnunum.

**Tryggvi Bjarnason:** Að eins örfátt. Það hefir verið sagt, að eg hafi ekki reiknað rétt, hvað orðabók Jóns Olafssonar mundi kosta. Það kann að vera, að eg hafi reiknað upphæðina heldur lágt. Í 6 ár, 1908—1913, hefir verið veitt til orðabókarinnar 1500 kr. á ári. Ef allur sá styrkur hefir verið útborgaður, þá hefir verið greitt til þessa verks, að þessu ári meðtöldu, 9000 kr. Til stendur, að verkið vari í 8 ár enn að minsta kosti með 3000 kr. á ári, alls 24000 kr. Samtals fer þá til orðabókarinnar, ef alt hefir verið brúkað upp undanfarið, 33 þús kr., eða 6000 kr. meira en eg hafði gert ráð fyrir í fyrri ræðu minni. Eg hefi reiknað heldur lágt en hátt.

**Lárus H. Bjarnason:** Út af orðum háttv. 2. þm. Húnv. (Tr. B.) skal eg taka það fram, að mig minnir, þótt ekki finni eg það í svipinn, að ekki hafi verið útborgaður allur sterkurinn til orðabókarinnar, sem veittur var í fjárlögum 1910—11, enda er hér um tiltekið starf að ræða, og ekki afgreitt neina fyrir það, sem unnið er. Annars getur háttv. 1. þm. S.Múl. (J. Ól.) bezt upplýst þetta atriði. Eg skal enn fremur geta þess, að mér er kunnugt um, að 45 arkir eru fullbúnar til prentunar, auk þess sem prentað hefir verið; alt það hefir verið unnið fyrir það fé, sem veitt hefir verið á árunum 1908—13. og hefði háttv. þm. átt að gæta þess. Nú hefi eg fundið það, sem eg gat um í upphafi, hvað greitt hefir verið til orðabókarinnar 1910 og 1911. 1910 er greitt til hennar 960 kr. og 1911 720 kr. Þar með hefi eg sýnt, að eg reyni að fara rétt með tölur og gaspra ekki um óhugsað mál.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Að eins stutt athugasemd. Háttv. 2. þm. Húnv. (Tr. B.) hefir verið nokkuð fljótfærinn og virðist ekki hafa lesið síðustu fjárlög og jafnvel engin fjárlög frá og með 1908. Ef hann hefði lesið fjárlögin, mundi hann hafa tekið eftir því, að til orðabókarinnar hefir verið veitt **alt að** 1500 kr. árlega þessi 6 ár. Samtals eru fullsamdar tæpar 70 arkir, 25 prentaðar, ca. 43 óprentaðar. Stjórnarráðið hefir greitt styrkinn samkvæmt því sem tveir þar til nefndir menn hafa vottað um vinnuna, 60 kr. á örkina. Eg hefi þá fengið ca. 68 $\times$ 60 kr. = ca. 4080 kr. fyrir verkið, og skakkar það meira en helmingi frá því sem háttv. 2. þm. Húnv. sagði. Það, að eg hefi ekki getað unnið upp hálfa fjárveitinguna, stafar af því, að hún var svo lítil, að eg varð að verja meiri hluta tímans til að vinna önnur störf, sem betur voru borguð, því að eg er skapaður með þeim ósköpum, að eg þarf að *lifa*, og meira að segja vinna fyrir fjölskyldu minni — hefi því ekki getað varið $^1/_8$ tíma míns til orðabókar-samningarinnar. Prófarkalestur 25 arka af bókinni, sem út kom í fyrra, tók og talsverðan tíma það árið.

---

Einni kl.st. fyrir miðnætti lét forseti ganga til atkvæða, og fór atkvæðagreiðslan sem hér segir. [Raðtölur taka við af atkvæðaskrá frá síðasta fundi]:

ATKV.GR.:

63. brt. 350, 39, við 14. gr. A. b. 3., sþ. með 16 shlj. atkv.

64. brt. 350, 40, við 14. gr. A. b. 5., sþ. með 14 : 2 atkv.

65. brt. 350, 41, við 14. gr. B. I, a., sþ. með 20 shlj. atkv.

66. brt. 350, 42, við 14. gr. B. I. c, sþ. með 10 : 6 atkv.

67. brt. 350, 43, við 14. gr. B. I. d. 2., sþ. með 17 : 3 atkv.

68. brt. 350, 44, við 14. gr. B. I. d. 3., sþ. með 18 : 3 atkv.

69. brt. 350, 45 a, við 14. gr. B. I. e. talin sþ. án atkv.gr.

70. brt. 350, 45, b, við 14. gr. B. I. e., sþ. með 23 shlj. atkv.

71. brt. 350, 46, við 14. gr. B. I. e., sþ. með 22 shlj. atkv.

72. brt. 350, 47, við 14. gr. B. II. a., sþ. með 17:2 atkv.

73. brt. 350, 48, við 14. gr. B. II. b, sþ. með 13 shlj. atkv.

74. brt. 350, 49, við 14. gr. B II. c. 4., sþ. með 17 shlj. atkv.

75. brt. 350, 50, a, við 14. gr. B. II. c. 5., sþ. með 17 shlj. atkv.

76. brt. 350, 50, b, við 14. gr, B. II., sþ. með 11:8 atkv.

77. brt. 350, 51, við 14. gr. B III. a., sþ. með 14 shlj. atkv.

78. brt. 350, 52, við 14. gr. B III. b., talin sþ. án atkv gr.

79. brt. 350, 53, við 14. gr. B. III. b. 4., sþ. með 19 shlj. atkv.

80. brt. 350, 54, við 14. gr. B. III. b 7., sþ. með 16 shlj. atkv.

81. brt. 350, 55, við 14. gr. B. IV. b. 1. sþ. með 17 shlj. atkv.

82. brt. 350, 56, við 14. gr. B. IV. b. 2, sþ. með 17 shlj. atkv.

83. brt. 350, 57, við 14. gr. B. IV. 5, sþ. með 14 shlj. atkv.

84. brt. 350, 58, við 14. gr. B. V., sþ. með 22 shlj. atkv.

85. brt. 350, 59, a, við 14. gr. B. VI. 2—3., sþ. með 14 shlj. atkv.

86. brt. 350, 59, b, við 14. gr. B. VII., talin sþ. án atkvgr.

87. brt. 350, 60, við 14. gr. B. VII., talin sþ. án atkv.gr.

88. brt. 350, 61, við 14. gr. B. VII. A. 1., sþ. með 13 shlj atkv.

89. brt. 350, 62, við 14. gr. B. VII. B. 1., sþ. með 17:1 atkv.

90. brt. 350, 63, við 14. gr. B. VII. B. 2, sþ. með 17 shlj. atkv.

91. brt. 380, 64, við 14. gr. B. VII. B. 7. a., sþ. með 15:3 atkv.

91. brt. 467, við 14 gr. B. VII. B. 7, a., feld með 14:4 atkv.

92. brt. 460, 1, við 14. gr. B. VII. C. 1. a., tekin aftur.

93. brt. 366, 1, við 14. gr. B. VII. C. 1., feld með 10:8 atkv.

94. brt. 460, 2, við 14. gr. B. VII. C. 2., tekin aftur.

95. brt. 460, 3, við 14. gr. B. VII. C. 3., tekin aftur.

96. brt. 350, 65, við 14. gr. B. VII C. 3., sþ. með 12:9 atkv.

97. brt. 460, 4, við 14. gr. B. VII. C. 4. a, b., tekin aftur.

98. brt. 368, 2 a, við 14. gr. B. VII. 4, sþ. með 16:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Jón Jónsson | Eggert Pálsson |
| Benedikt Sveinsson | Guðmundur Eggerz |
| Bjarni Jónsson | Jóh. Jóhannesson |
| Björn Kristjánsson | Kristján Jónsson |
| Halldór Steinsson | Lárus H. Bjarnason |
| Jón Magnússon | Ólafur Briem |
| Jón Ólafsson | Sig. Sigurðsson |
| Kristinn Daníelsson | Tryggvi Bjarnason |
| Magnús Kristjánss | Valtýr Guðmundss. |
| Matthías Ólafsson | |
| Stefán Stefánsson | |
| Þorleifur Jónsson | |

Einar Jónsson, Hannes Hafstein, Pétur Jónsson og Skúli Thoroddsen greiddu ekki atkvæði og töldust með meiri hlutanum.

98. brt. 366, 2, 6, við 14. gr. B. VII. C. 4., sþ. með 15:10 atkv, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Jón Jónsson | Eggert Pálsson |
| Benedikt Sveinsson, | Guðmundur Eggerz |
| Bjarni Jónsson | Jóh. Jóhannsson |
| Björn Kristjásson | Kristján Jónsson |
| Einar Jónsson | Lárus H. Bjarnason |
| Halldór Steinsson | Ólafur Briem |
| Hannes Hafstein. | Pétur Jónsson |
| Jón Magnússon | Sig. Sigurðsson |

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Jón Ólafsson | Tryggvi Bjarnason |
| Kristinn Danielss. | Valtýr Guðmundss. |
| Magnús Kristjánss. | |
| Matthías Ólafsson | |
| Stefán Stefánsson | |
| Þorleifur Jónsson. | |

Skúli Thoroddsen greiddi ekki atkv. og var talinn með meiri hlutanum.

99. brt. 350, 66, við 14. gr. B. VIII. b., sþ. með 16 shlj. atkv.

100. brt. 350, 67, við 14. gr. B. VIII. c., sþ. með 14 atkv.

14. gr., svo breytt, sþ með 16 shlj. atkv.

101. brt. 350, 68, við 15. gr. 1. b. sþ. með 16 shlj. atkv.

102. brt. 350, 69 a., við 15. gr. 1. g., sþ. með 12 : 10 atkv.

103. brt. 413, við 15. gr. 1. g., sþ. með 11 : 7 atkv.

104. brt. 350, 70, við 15. gr. 3 g., (fyrri hlutinn) sþ. með 17 : 5 atkv.

104. 350, 70, við 15. gr. 3. h. (síðari hlutinn) sþ. með 14 : 8 atkv.

105. brt. 350, 69, b., við 15. gr. 5. c., sþ. með 16 shlj. atkv.

106. brt. 396 við 15. gr. 13., (aðaltillagan) feld með 14 : 3 atkv.

106. brt. 396, við 15. gr. 13, (varatillagan) feld með 16 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Jón Jónsson | Eggert Pálsson |
| Benedikt Sveinsson | Einar Jónsson |
| Bjarni Jónsson | Guðmundur Eggerz |
| Björn Kristjánsson | Hannes Hafstein |
| Jón Magnússon | Jóh. Jóhannesson |
| Kristinn Danielsson | Jón Ólafsson |
| Magnús Kristjánss. | Kristján Jónsson |
| Matthías Ólafsson | Ólafur Briem |
| Stefán Stefánsson | Pétur Jónsson |
| | Sigurður Sigurðsson |
| | Skúli Thoroddsen |
| | Tryggvi Bjarnason |
| | Valtýr Guðmundss. |
| | Þorleifur Jónsson |

Halldór Steinsson og L. H. Bjarnason greiddu ekki atkv. og voru taldir með meiri hlutanum.

107. brt. 426, við 15. gr. 14, sþ. með 19. shlj. atkv.

108. brt. 430, við brt. 350, 71, við 15. gr. 16, feld með 13 : 10 atkv.

109. brt. 431, við brt. 350, 71, við 15. gr. 16, feld með 14 : 6 atkv.

110. brt. 350, 71, við 15, gr. 16, sþ. með 11 : 10 atkv.

111. brt. 454, við brt. 350, 72, feld með 14 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Jón Jónsson | Eggert Pálsson |
| Bjarni Jónsson | Benedikt Sveinsson |
| Björn Kristjánsson | Einar Jónsson |
| Hannes Hafstein | Guðmundur Eggerz |
| Jóh. Jóhannesson | Halldór Steinsson |
| Jón Magnússon | Kristján Jónsson |
| Jón Ólafsson | Lárus H. Bjarnason |
| Kristinn Danielss. | Magnús Kristjánss. |
| Matthías Ólafsson | Ólafur Briem |
| Skúli Thoroddsen | Pétur Jónsson |
| Valtýr Guðmundss. | Sig. Sigurðsson |
| | Stefán Stefánsson |
| | Tryggvi Bjarnason |
| | Þorleifur Jónsson |

112. brt. 431, 2, feld með 17 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Benedikt Sveinsson | Eggert Pálsson |
| Einar Jónsson | Jón Jónsson |
| Guðmundur Eggerz | Bjarni Jónsson |
| Halldór Steinsson | Björn Kristjánsson |
| Ólafur Briem | Hannes Hafstein |
| Sig. Sigurðsson | Jóh. Jóhannesson |
| Stefán Stefánsson | Jón Magnússon |
| Tryggvi Bjarnason | Jón Ólafsson |
| | Kristinn Danielss. |
| | Kristján Jónsson |

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| | Lárus H. Bjarnason |
| | Magnús Kristjánss. |
| | Matthías Ólafsson |
| | Pétur Jónsson |
| | Skúli Thoroddsen |
| | Valtýr Guðmundss. |
| | Þorleifur Jónsson |

113. Brt. 350, 72 samþ. með 16:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Jón Jónsson |
| Benedikt Sveinsson | Bjarni Jónsson |
| Einar Jónsson | Björn Kristjánsson |
| Guðm. Eggerz | Hannes Hafstein |
| Jóh. Jóhannesson | Jón Magnússon |
| Kristján Jónsson | Jón Ólafsson |
| Lárus H. Bjarnason | Kristinn Daníelsson |
| Magnús Kristjánss. | Matthías Ólafsson |
| Ólafur Briem | Valtýr Guðmundss. |
| Pétur Jónsson | |
| Sig. Sigurðsson | |
| Skúli Thoroddsen | |
| Stefán Stefánsson | |
| Tryggvi Bjarnason | |
| Þorleifur Jónsson | |

Halldór Steinsson greiddi ekki atkv. og taldist til meiri hlutans.

114. brt. 431, 3 feld með 13:6 atkv.

115. brt. 350, 73 samþykt með 13:6 atkv.

116. brt. 431, 4 tekin aftur.

Brt. 471 við brt. 350, 74, samþ. með 11:10 atkv.

117. brt. 350, 74, þannig br., samþ. með 12:5 atkv.

118. brt. 350, 75 samþykt með 14:6 atkv.

119. brt. 431, 5 tekin aftur.

120. brt. 350, 76 samþykt með 12:9 atkv.

121. brt. 350, 77, fyrri liðurinn, samþ. með 14:7 atkv.

121. brt. 350, 77, síðari liðurinn, samþ. með 18 shlj. atkv.

122. brt. 459 feld með 16:6 atkv.

123. brt. 350, 78, fyrri liður, samþ. með 18 samhlj. atkv.

123. brt. 350, 78, síðari liður, samþ. með 20 samhlj. atkv.

124. brt. 397, samþ. með 16 samhlj. atkv.

125. brt. 350, 79 sþ. með 20:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Bjarni Jónsson |
| Jón Jónsson | Einar Jónsson |
| Benedikt Sveinsson | Sig. Sigurðsson |
| Björn Kristjánsson | Tryggvi Bjarnason |
| Guðmundur Eggerz | |
| Halldór Steinsson | |
| Hannes Hafstein | |
| Jóh. Jóhannesson | |
| Jón Magnússon | |
| Kristján Jónsson | |
| Lárus H. Bjarnason | |
| Magnús Kristjánss. | |
| Matthías Ólafsson | |
| Ólafur Briem | |
| Skúli Thoroddsen | |
| Stefán Stefánsson | |
| Valtýr Guðmundss. | |
| Þorleifur Jónsson. | |

Jón Ólafsson greiddi ekki atkv. og voru ástæður hans teknar gildar. — Kristinn Daníelsson og Pétur Jónsson greiddu ekki atkv. og voru þeir taldir til meiri hlutans.

126. brt. 350, 80 samþ. með 15 shlj. atkv.

127. brt. 445 (fyrri liður) feld með 15:3 atkv.

128. brt. 439 við 28. feld með 12:9 atkv.

Brt. til vara tekin aftur.

129. brt. 350, 81 við 28, sþ. með 15:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Benedikt Sveinsson |
| Jón Jónsson | Bjarni Jónsson |

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Halldór Steinsson | Björn Kristjánsson |
| Hannes Hafstein | Guðmundur Eggerz |
| Jóh. Jóhannesson | Ólafur Briem |
| Jón Magnsússon | Sig. Sigurðsson |
| Jón Ólafsson | Skúli Thoroddsen |
| Kristinn Daníelss. | Stefán stefánsson |
| Kristján Jónsson | Tryggvi Bjarnason |
| Lárus H. Bjarnason | Þorleifur Jónsson |
| Magnús Kristjánss. | |
| Matthías Ólafsson | |
| Pétur Jónsson | |
| Valtýr Guðmundss. | |

Einar Jónsson greiddi ekki atkvæði og taldist til meiri hlutans.

130. brt. 350, 82, við 31, feld með 17 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Jón Jónsson |
| Einar Jónsson | Benedikt Sveinsson |
| Jóh. Jóhannesson | Bjarni Jónsson |
| Kristján Jónsson | Björn Kristjánsson |
| Ólafur Briem | Guðmundur Eggerz |
| Pétur Jónsson | Halldór Steinsson |
| Sig. Sigurðsson | Hannes Hafstein |
| Tryggvi Bjarnason | Jón Magnússon |
| | Jón Ólafsson |
| | Kristinn Daníelsson |
| | Magnús Kristjánsson |
| | Matthías Ólafsson |
| | Stefán Stefánsson |
| | Valtýr Guðmundss. |
| | Þorleifur Jónsson |

Þessir greiddu ekki atkv. og töldust til meiri hluta: Lárus H. Bjarnason og Skúli Thoroddsen.

131. brt. 350, 83, við 32, samþ. með 13 : 8 atkv.

132. brt. 350, 84, við 33, feld með 11 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Jón Jónsson |
| Einar Jónsson | Benedikt Sveinsson |
| Kristján Jónsson | Bjarni Jónsson |
| Lárus H. Bjarnason | Björn Kristjánsson |
| Ólafur Briem | Guðmundur Eggerz |
| Pétur Jónsson | Halldór Steinsson |
| Sig. Sigurðsson | Hannes Hafstein |
| Skúli Thoroddsen | Jón Magnússon |
| Stefán Stefánsson | Kristinn Daníelsson |
| Tryggvi Bjarnason | Magnús Kristjánss. |
| Þorleifur Jónsson | Matthías Ólafsson |

Þessir greiddu ekki atkvæði: Jóh. Jóhannesson, Jón Ólafsson og Valtýr Guðmundsson.

133. brt. 350, 85, a., við 34, feld með 16 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Jón Jónsson |
| Guðmundur Eggerz | Benedikt Sveinsson |
| Jóh Jóhannesson | Bjarni Jónsson |
| Kristján Jónsson | Björn Kristjánsson |
| Lárus H. Bjarnason | Einar Jónsson |
| Pétur Jónsson | Hannes Hafstein |
| Sig. Sigurðsson | Jón Magnússon |
| Skúli Thoroddsen | Jón Ólafsson |
| Tryggvi Bjarnason | Kristinn Daníelsson |
| | Magnús Kristjánss. |
| | Matthías Ólafsson |
| | Ólafur Briem |
| | Stefán Stefánsson |
| | Valtýr Guðmundss. |

Þessir greiddu ekki atkv. og töldust til meiri hlutans: Halldór Steinsson og Þorleifur Jónsson.

134. brt. 350, 85 b., við 35, feld með 11 : 10 atkv.

135. brt. 400, við 35, fyrri liður, feldur með 10 : 9 atkv.

135. brt. 400, við 35, síðari liður, sþ. með 12 : 10 atkv.

136. a. brt 465, við brt. 414, 39, (of seint fram komin, leyfð), sþ. án atkv.

136. b. brt. 414, við 39, feld með 15 : 6 atkv.

137. brt. 445, við 41, síðari liður, feldur með 16 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Benedikt Sveinsson | Eggert Pálsson |
| Bjarni Jónsson | Jón Jónsson |
| Einar Jónsson | Björn Kristjánsson |
| Guðmundur Eggerz | Hannes Hafstein |
| Jóh. Jóhannesson | Jón Magnússon |
| Jón Ólafsson | Kristinn Daníelsson |
| Ólafur Briem | Kristján Jónsson |
| Tryggvi Bjarnason | Lárus H. Bjarnason |
| Valtýr Guðmundss. | Magnús Kristjánss. |
| | Pétur Jónsson |
| | Sig Sigurðsson |
| | Skúli Thoroddsen |
| | Stefán Stefánsson |
| | Þorleifur Jónsson |

Þessir greiddu ekki atkv. og töldust til meiri hlutans: Halldór Steinsson, Matthías Ólafsson.

138. brt. 350, 86, við 41, samþ. með 20 shlj. atkv.

139. brt. 350, 87, við 42, fyrri liðurinn (Liðurinn . . . burt), sþ. með 17 : 2 atkv.

139. brt. 350, 87, við 42., síðari liðurinn (»en í staðinn . . . 500«), samþ. með 15 shlj. atkv.

140. brt. 393, við 42. og 43, samþ. með 13 shlj. atkv,

15 gr., með áorðnum breytingum, samþ. í einu hljóði.

Fundi slitið.

## 38. fundur.

Þriðjudag 19. Ágúst 1913, kl. 12 á hád.

Dagskrá:

1. Frumv. til laga um breyting á lögum nr. 39, 10. Nóv. 1903, um leynilegar kosningar og hlutfallskosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum (440); 3. umr.
2. Frumv. til laga um sérstaka dómþinghá í Öxnadalshreppi (343); 3. umr.
3. Frumv. til laga um ábyrgðarfélög (442, 455, 466); 3. umr.
4. Frumv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915 (stjfrv., n. 348, 350, 373, 384, 386, 387, 392, 395, 398, 401, 416, 418, 419, 420, 421. 428, 436, 462, 472); frh. 2. umr.

---

Allir á fundi.

Fundargerð síðasta fundar samþykt og undirskrifuð.

Upplestri slept þar eð enginn óskaði hans.

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið í deildinni:

Viðaukatillögu við frv. til fjárlaga fyrir 1914 og 1915. Frá ráðherra. (472).

Og að útbýtt hefði verið frá Ed.:

Nefndaráliti um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 18, 3. Okt. 1903, um kosningar til Alþingis (461).

Loks skýrði forseti frá, að lagt hefði verið fram á lestrarsal:

1. Erindi frá Jóni héraðslækni Jónssyni um 1000 króna utanfararstyrk.
2. Grasafræði Íslands. Gefin út af Rosenvinge og Warming, 1. hefti.

Þá var gengið til dagskrár og tekið fyrir:

FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr. 39, 10. Nóv. 1903 um leynilegar kosningar og hlutfallskosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum (440); 3. umr.

**Framsögum. (Ólafur Briem):** Af því að engin br.till. er komin fram í þessu máli, þá býst eg við að enginn háttv. þm. hafi neitt við frumvarpið að athuga og væntir nefndin þess að frum-

earpið verði nú samþykt, eins og það liggur fyrir.

ATKV.GR.:

Frumvarpið sþ. með 15 shlj. atkv.

Endursendist til Ed.

---

FRUMVARP til laga um sérstaka Dómþinghá í Öxadalshreppi (343); 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKV.GR.:

Frumvarpið sþ. með 15 shlj. atkv.

Afgreitt til Ed.

---

FRUMVARP til laga um ábyrgðarfélög (442, 455, 466); 3. umr.

**Framsögum. (Ólafur Briem):** Við frumv. þetta eru 2. breyt.till., báðar frá nefndinni. Önnur er á þgskj. 466, að aftan við 1. lið 2. gr. bætist: »Að því er til sjóvátrygginga kemur, skal það þó vera á valdi þess, sem ábyrgðar leitar, hvort hann vill fá ábyrgðararskírteini á íslenzku eða á útlendu máli«. Þessi breyt.till. stafar af því, að það var samþykt hér við 2. umræðu, að slík skírteini skyldu vera á íslenzku. En nefndin ætlast svo til, að hér sé að eins verið að setja almenna reglu, en ekki beint valdboð, og séu menn sjálfráðir, ef þeim þykir annað betur henta. Og þetta getur haft þýðingu, ef framvísa þyrfti slíkum tkírteinum erlendis. Nefndin sér ekkert athugavert við það, þótt þetta yrði samþykt, og væntir því að svo verði gert.

Hin brtill., á þgskj. 455, er ekki annað en lögun á tilvitnun, af því að 3. gr. var feld burtu við 2. umr. Annars hefi eg ekkert við frumv. að athuga.

ATKV.GR.:

Br.till. 466 samþ. með 18 shlj. atkv.

Br.till. 455 samþ. án atkvgr.

Frumv. samþykt með 16:1 atkv. og endursent til Ed.

---

FRUMVARP til fjárlaga fyrir árin 1914—1915 (stj frv., n. 348, 350, 373, 384, 386, 387, 392, 395, 398, 401, 416, 418, 419, 420, 421, 428, 436, 462, 472); frh. 2. umr.

**Framsögum. (Pétur Jónsson):** Fjárlaganefndin getur verið háttv. deild fremur þakklát enn sem komið er fyrir meðferðina. Að vísu voru feldar í gær 4 till. frá nefndinni, en þær voru svo vaxnar, að henni var ekkert sérlegt kappsmál um neina þeirra. Enn fremur voru samþyktar 3 br.till., sem nefndin var mótfallin, og getur það ekki talist mikið, sérstaklega þar sem það voru engin kappsmál heldur.

Eg mun seinna gera grein fyrir því, hver áhrif atkvæðagreiðslan í gær hafi á fjárhaginn, en snúa mér að einstökum br.till frá háttv. þingmönnum. Um br.till. nefndarinnar sjálfrar mun eg fylgja sömu aðferð og áður, að skírskota til nefndarálitsins og bíða átekta.

Breyt.till. við 16. gr. nema alls til hækkunar 37,400 kr.

Fyrst skal eg minnast á br.till. 395, um að auka styrkinn til sambands ungmennafélaganna upp í 2 þús. kr., eða til vara 1500 kr. á ári. Nú hefir nefndin fallist á það, að veita Íþróttasambandi Íslands 500 kr. styrk hvort árið. En bæði þessi félög vinna að sama marki um íþróttir, og því þeim mun síður ástæða til þess að fara að hækka þennan styrk. Að minsta kosti getur nefndin alls eigi fallist á það, að hækka hann um helming. Hins vegar mun hún ekki gera varatill. að kappsmáli.

Í öðru lagi er brt. 398, frá háttv. þm. V.-Sk. (Þ. J.). Það er beiðni um 4 þús. kr. fyrra árið til þess að ryðja vör við Ingólfshöfða og gera veg upp höfðann. Nefndin hefir ekki séð neina áætlun um þetta mannvirki, hvorki hvað það mundi kosta né að hverju gagni það mundi koma, og af því að í mörg horn er að líta, en þetta hins vegar allmikil fjárhæð, þá getur hún ekki lagt til að þessi fjárveiting verði samþ. að svo komnu.

Þá er brt. 401, styrkur til Eggerts Briem til að læra rafmagnsvélafræði. Nefndin hefir nú lagt til að styrkja annan mann til þess að ljúka sams konar námi í Khöfn, og það vegna þess, að hann ætlar sér að hafa lokið því eftir 2—3 ár. En sá sem hér er um að ræða er ekki byrjaður á því enn þá, og mun það þá vera tilgangur tillögunnar að útvega honum árlegan styrk í 7—8 ár, eða námsskeiðið á enda. Að þessu vill nefndin ekki ganga, þar sem útlit er fyrir að við fáum hinn manninn eftir svo stuttan tíma. Þingið hefir líka ætíð verið tregt á það, að styrkja unga menn til náms alt *frá byrjun*. Það hefir átt sér stað, og ekki borið sérlegan árangur. Hitt er oft nauðsynlegt, að hlaupa undir bagga við síðustu ár rámsskeiðs, enda er þá nemandi búinn að sýna, hvers hann er verður.

Þá kem eg að brt. 421. Þar biður háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) um 200 kr. á ári handa bóndanum á Hrauntanga í Öxarfirði til þess að vera þar og veita ferðamönnum gistingu. Það er satt, að býli þetta liggur á miðri heiði, sem torvelt er að fara yfir á vetrum, og hæpið að dagur endist milli bygða í ófærð og dimmu, og er því ágætt að þar sé gistingarstaður. En hins vegar lítur nefndin svo á, að hæpið sé að þessi maður haldist þar við lengi, þótt hann fengi þennan styrk, og svo gæti orðið afleiðingarikt að veita slíkt, því að hætt er við að þar myndu fleiri á eftir fara og biðja ins sama. En annars er þessi styrkur svo lítill, að nefndinni er ekkert kappsmál um hann.

Þá tek eg brt. 428, frá háttv. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.), um fé til bryggjugerðar á Sauðárkróki, 6 þús. kr. annað árið gegn $^2/_3$ kostnaðar annarstaðar að. Þetta er að hálfu leyti endurveiting á 3000 kr. styrk, sem eigi er notaður enn. Kom sem sé í ljós, þegar betur var að gáð, að það fé, sem áætlað hafði verið, mundi ekki verða nóg til þess að gera bryggjuna svo sterka sem skyldi, og því er þessi br.till fram komin. Nefndin getur ekki lagt til að veita þetta fé nú, sízt svona mikið, enda telur hún ólíklegt að bryggjan kosti þessa upphæð þrefalda.

Þá er brt. 384, frá háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), um brimbrjótinn í Bolungarvík. Eg gjöri ráð fyrir því, að háttv. flutningsm. skýri nánara nauðsynina á honum, og nefndin viðurkennir að vert sé að styrkja slík fyrirtæki, enda hefir Krabbe verkfræðingur lagt mjög mikið með fjárveiting til þessa. En hins vegar sér nefndin ekki að þetta mál sé enn svo vel undirbúið, að rétt sé að leggja stórfé eins og þetta er til hafnarvirkja í smáþorpi. Svo er hér ekki farið að venju þeirri, sem tíðkast hefir um slíkar fjárveitingar. Því að hér á ekki að leggja á móti landssjóði nema $^1/_2$ kostnaðarins, en það er vant að vera $^3/_4$, að minsta kosti ekki minna en $^2/_3$.

Nefndin hefir þó viljað lita á nauðsynina í þessu máli, og hefir því komið fram með breyt.till. við þessa á þgskj. 462, og lagt til að lækka upphæðina um helming, seta skildaga tvöfalt framlag annarsstaðar að. Þar sem um talsverðar tekjur er að ræða frá bryggju sjóði Bolungarvíkur, þá ætti að vera hægt að útvega lán ef þörf krefur, og með því að þetta er áríðandi málefni

fyrir alla sýsluna, þá ætti hún líka að álíta sér skylt að hlaupa þar undir bagga. Nefndin er því meðmælt þessari fjárveitingu með þessum skilyrðum, sem fram koma í breyt.till. hennar á þgskj. 462.

Ennfremur er hér breyt.till. 436 frá báðum háttv. þm. S.-Múl., 1200 kr. styrkur hvort árið til þess að halda uppi mótorvagnaflutningi á Fagradalsbraut, handa Þór. E. Tulinius. Nefndinni finst það nú athugavert, að tengja þannig fjárveitinguna við nafn eins kaupmanns á Austurlandi. Hann gæti orðið nokkuð ráðríkur um þær ferðir, og notað þær meira sínni verzlun í hag, en öðrum, sem vegurinn nær til. Og tilgangur nefndarinnar með því, að leggja það til, að styrkur verði veittur til mótorvagnaferða hér austur í sýslur, er sá, að þar skuli gerðar tilraunir fyrir alt landið, áður en farið er að ráðast í að styrkja fleira af því tagi. Það þarf bæði að athuga, hvort vegirnir duga til slíkra ferða, og hvort vagnarnir spilla ekki vegunum, svo að af því leiði enn þá meiri kostnað. Þess vegna virðist fremur lítil ástæða til þess, að byrja þetta í tveim stöðum. Hitt er auðvitað, að ef reynslan bendir í þá átt, að hagur sé að þessum flutningatækjum, þá verða þeir sjálfsagt eigi annarsstaðar heppilegri en á Fagradalsbrautinni.

Þá er enn eftir þús. kr. fjárveiting til þess að lúka við byggingu mjólkurskálans á Hvítárvöllum. Nefndin mælir ekki með henni, en lætur hana afskiftalausa. Hún er frá einum nefndarm.

Svo skal eg minnast á tvær brtill. við 18. gr. Önnur er frá háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) þess efnis, að veita Jakob Hagalínsyni 300 kr. fyrra árið. Samskonar beiðni hefi legið fyrir þinginu áður, og er beiðnin miðuð við það, að maðurinn hafi átt um 20 börn í hjúskap og komið þeim öllum upp. Það væri nú í rauninni alveg rétt, að verðlauna slíka menn, sem hefir tekist svo vel og heppilega að koma upp svona stórum barnahóp, en það ætti þá helzt að gera með sérstökum lögum, en ekki í fjárlögum, enda er nefndin ekki með þessari breytingartillögu. Hitt er viðbót við eftirlaun ekkjufrúar Guðrúnar Péturs-dóttur, 300 kr., og hefir nefndin ákveðið að skifta sér ekkert af þeirri till.

Loks eru 5 breyt.till. viðvíkjandi lánum úr viðlagasjóði. Eg vil nú skýra frá því, að mér þykja þau lán orðin nokkuð mikil, ef allar þær tillögur ættu að ná fram að ganga. Í stj frv. nema lánshejmildirnar 55000 kr. Eftir nefndartill. hækka þær um 54 þús. að frádregnum 5 þús kr., sem hún vill lækka stj.frv. um. Þá koma út 104 þús. kr., og mætti ætla að þar mætti láta staðar nema, því ekki er að búast við því, að afgangur verði á fjárlögum eftir þetta þing, heldur miklu fremur halli. Nú hafa einstakir háttv. þm. auk þessa þó farið fram á að auka lánsheimildirnar um 72 þús. kr. samtals, svo að ef alt væri samþykt, þá yrði sú upphæð alls 176,000 kr. Nú sem stendur eru árlegar afborganir til viðlagasjóðs 116 þús. kr., svo að ef ekki þarf beinlínis að taka úr honum til þess að borga tekjuhalla, þá væri nokkurn veginn vís von til þess að þetta mætti lána út. En þetta er því að eins, að tekjur landsins fari svo mjög fram úr áætlun, að sá afgangur nægi til þess að standast þann halla, sem fyrirsjáanlegur er á fjárlögunum. Peningaforða landssjóðs, sem nú er talinn, má alls eigi skerða, því það kæmi landsstjórninni í inn mesta vanda, eins og hún varð í fyrir skömmu.

Það er samt eitt af þessum lánum, sem hér er farið fram á, sem fjárlaganefndin getur ekki annað en mælt með. Það er 20 þús. kr. lán til brimbrjóts í Bolungavík. Nefndinni virðist, að úr því

að farið er að styrkja þetta fyrirtæki á annað borð, þá sé rétt að hjálpa viðkomandi mönnum, með því að sjá þeim fyrir lánsfé, svo framarlega sem fé er fyrir höndum. Með öðrum lánbeiðnum getur nefndin ekki mælt.

Þó skal eg að eins nefna breyt.till. háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ól.) um lán til símalagningar til Súgandafjarðar á þgskj. 373. Það mælir talsvert mikið með þessari lánbeiðni og mun fjárlaganefndin láta laust og bundið, hvort hún verður samþykt eða ekki. Hinum tillögunum verður hún að vera alveg á móti. Eg fjölyrði svo ekki frekar um þetta að sinni.

**Björn Kristjánsson:** Eg á eina breyt.till. á þgskj. 401. Hún er um styrk til Eggerts sonar séra Vilhjálms Briem, til þess, ekki eingöngu að læra rafmagnsfræði, eins háttv. framsögum. (P. J.) sagði, heldur og jafnframt almenna vélfræði. Þetta er tvent ólíkt, því þó að við eigum völ á innlendum mönnum, sem geta gefið leiðbeiningar í rafmagnsfræði, þá eigum við aftur á móti engan íslenzkan vélfræðing. Það sýnir meðal annars það, að við þurfum að leigja útlending til þess að kenna vélfræði við þann eina skóla hér á landi, þar sem hún er kend. Háttv. framsögum. (P. J.) sagði, að umsækjandinn hefði ekkert lært í þessari grein. Þetta er að nokkru leyti satt, og að nokkru leyti ekki satt, hann hefir í engan skóla gengið. En hann hefir þrátt fyrir það lært svo mikið, að hann mun hafa meiri praktiska þekkingu í þessari grein, en flestir byrjendur, þó að þeir hafi verið nokkurn tíma að námi. Hann hefir lært járnsmíði — sem er sjálfsögð undirirstaða undir þetta nám — hjá Gísla járnsmið Finnssyni, og fylgir vottorð hans með umsókninni. Gísli Finnsson hefir sagt mér persónulega, að hann hafi aldrei þurft að sýna Eggert nema einu sinni, hvernig eitthvert verk ætti að gera, og þá hafi hann undir eins verið fullfær um það. En það er merki um verulegan hagleiksmann. Hér er ennfremur vottorð frá hr. Jóhannesi kennara Sigfússyni, sem hefir kent Eggert eðlisfræði í tvö ár. Honum farast svo orð um hann, ef eg má lesa það upp með leyfi háttv. forseta:

»Hann hefir aflað sér miklu meiri þekkingar í þeirri grein (þ. e. eðlisfræðinni) en alment gerist um fólk á hans reki, enda er hjá honum samfara óvenjulegur áhugi á námi hennar og að því er mér virðist fágætir hæfileikar. Þegar svo við þetta bætist mesta stefnufesta og þolgæði við að ráða fram úr erfiðum viðfangsefnum, þá má mikils vænta af pilti þessum«.

Af þessu er auðséð, að maðurinn er skapaður til þessa starfs. Það sýndi sig líka eftir að hann hafði verið hjá Gísla Finnssyni, hversu glögt auga hann hefir, að hann hefir komið af stað vélum, sem aðrir útlærðir menn hafa gengið frá. Hann hefir hugsað sér að fara til Mitweide-háskólans á Saxlandi. Námstíminn þar er 5 ár, getur orðið 6 ár ef tossar eiga í hlut, en eg hygg að hér þurfi ekki að gera ráð fyrir lengri tíma en 5 árum og ekki 8 árum, eins og háttv. framsm. (P. J.) gerði. Háttv. framsm. sagði enn fremur, að ekki væri brýn nauðsyn að fara til þessa skóla, en það hefir eflaust verið af því, að hann tók ekki eftir, að umsækjandinn ætlar sér aðallega að læra vélfræði. Eg veit ekki nema um einn Íslending, sem stundar það nám. Hann er í Kaupmannahöfn og hefir verið við námið í 4 ár. Það er full þörf á — einkum þar sem vélum er svo mjög að fjölga hér á landi — að til sé maður, sem fullkomið skynbragð ber á þessa hluti. Við eigum marga klastrara, sem klastrað geta við vélar, en fullkomna þekkingu

brestur hér tilfinnanlega, og það er mikill skaði fyrir landið. Það má gera ráð fyrir, að þessi maður setji á stofn vélaverksmiðju hér á landi, auðvitað í smáum stil, en sem þó gæti komið að afarmiklum notum.

Þá er á það að líta, að faðir umsækjandans er ekki svo efnum búinn, að hann geti kostað hann að öllu leyti. Eins og kunnugt er, varð hann að láta af prestskap fyrir skömmu sökum heilsubrests. Hann treystir sér því ekki til að leggja syni sinum meira en 600 kr. á ári, en námið mun kosta árlega um 1400 kr. Ef þessi styrkur fæst ekki, þá verður hann að láta son sinn læra eitthvað annað, annaðhvort í alm. mentaskólanum eða öðrum skólum. Og með því móti yrði honum veittur styrkurinn á annan hátt. Þess vegna mæli eg eindregið með því, að þessi styrkur verði veittur, jafnvel þó að það verði ekki í síðasta sinni. Menn ættu að hugleiða, að hér er völ á óvenjulega efnilegum manni, sem getur orðið landinu til stórmikilla nytsemda.

**Matthías Ólafsson:** Eg ætla að eins að segja nokkur orð viðvíkjandi viðaukatillögu sem eg á á þgskj. 343, og fer fram á, að Vestur-Ísafjarðarsýslu verði veitt 7000 kr. lán úr viðlagasjóði til þess að leggja talsíma til Súgandafjarðar. Eins og kunnugt er, var Súgandafjörður settur í 3. flokk, og því fékst ekki framgengt, þrátt fyrir margítrekaðar tilraunir, að hann væri færður í 2. flokk. Eg tók það fram hér í deildinni í fyrra, hve mikil nauðsyn væri á þessum síma, og eg get sparað mér að endurtaka það nú, þar sem hér eiga sæti flestir sömu mennirnir og þá voru hér. Eg tók það fram þá, að nauðsynin væri brýn, og síðan hefir ekkert breyzt í því efni, nema þá að þörfin hafi orðið enn meir knýjandi. Í vondu veðrunum í vetur var símavöntunin mjög tilfinnanleg, og þar sem það þótti auðsætt, að enn þyrfti að bíða lengi eftir símanum, sáu menn, að eina ráðið var að reyna að kosta hann sjálfir.

En þar sem ekki var nægilegt fé fyrir höndum, varð það úr, að leita fyrst láns hjá viðlagasjóði; enda verður að álíta, að honum sé skyldast að hjálpa þegar þannig stendur á. Sýslunefndin samþykti á fundi í vetur að leggja 1000 kr. til fyrirtækisins og hreppsnefndin hefir safnað öðrum 1000 kr. Það er um 7000 kr., sem vantar, og hefir sýslan tekið ábyrgð á þeirri upphæð, bæði vöxtum og afborgunum. Eg get ekki annað en óskað að háttv. deild taki þessum málaleitunum vel. Háttv. fjárlaganefnd hefir enga afstöðu tekið til hennar og háttv. framsögum. (P. J.) er henni mikið fremur hlyntur. Vona eg að fleiri sjái, hversu mikið nauðsynjamál þetta er, og ljái því fylgi sitt.

Um leið skal eg minnast á aðrar br.till., sem fram hafa komið, t. d. brt. háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) á þgskj. 384, um styrk til framhalds brimbrjótinum í Bolungarvík. Eg verð að segja, að það er mikið nauðsynjamál, að hægt verði að halda áfram með þennan brimbrjót, því að án þess getur þetta sem komið er ekki orðið að neinu verulegu gagni. Þó hefir það þegar orðið að svo miklu gagni, að það hefir sýnt, að brimbrjóturinn er einhlítt ráð til að verjast briminu, ef hann næði því að verða fullgerður. Mér liggur við að segja, að það sé sorglegt ef þessari fjárbeiðni verður neitað. Eg, fyrir mitt leyti, greiði hiklaust atkvæði með henni. Eg hefi kynt mér málið síðan í fyrra, verið í Bolungarvík nokkurn tíma, séð hvernig öllu er háttað, og átt tal við marga menn um þetta. Eru allir á einu máli um, að þetta sé eitthvert það nauð-

synlegasta fyrirtæki sem hægt sé að hugsa sér þar á staðnum, og til ómetanlegs hagnaðar.

Sami háttv. þm. (Sk. Th.) á aðra br.-till. á þgskj. 386, þar sem farið er fram á, að Hólshreppi verði veitt alt að 20 þús. kr. lán úr viðlagasjóði til sama fyrirtækis. Eg get sagt sama um það, og gefið mín beztu meðmæli með því. Því fyr sem þessu verki er aflokið, því fyr verður komið í veg fyrir það fjártjón og þau slys, sem þarna verða á ári hverju. Vildi eg óska, að háttv. deild liti vægum augum á málið, og sinti þessu hvorutveggja, ef nokkur tök væru á því. Sökum þess hve eg er kunnugur öllum málavöxtum og þar af leiðandi sannfærður um réttlæti þess sem hér er farið fram á, sé eg mér ekki annað fært, en að greiða atkvæði með báðum þessum tillögum.

**Skúli Thoroddsen:** Háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ól.) hefir þegar lagt br.till. minum, um brimbrjótinn í Bolungarvík, svo góð liðsyrði, að eg hefi því síður miklu við að bæta.

Eg skal geta þess, að því er snertir *brimbrjótinn*, að þörfin er *mjög rík*. Í Bolungarvík hagar svo til, að í norðan og norðaustanátt, þá er þar all-oftast því nær ólendandi af brimi, sé nokkuð verulegt að veðri. Og síðan farið var að nota vélabáta nær eingöngu, hefir þörfin orðið *enn ríkari*, vegna örðugleikanna við upp- og ofan-setningu þeirra, ekki sízt þegar brim er, og hafa þarf fljót tök á því, að bjarga þeim undan sjó, eða koma þeim á flot. Hefir slíkt hvað eftir annað orðið að slysi, næstum á hverum vetri nú undanfarið.

Til þess nú að bæta úr vandkvæðunum, sem lendingin í Bolungarvíkurverzlunarstað veldur, bæta úr vandkvæðunum, sem brimið, grynningarnar og fjöru-stórgrýtið veldur, hugkvæmdist mönnum í Bolungarvík seinast á öldinni, sem leið, að láta rannsaka, hvort eigi yrði þó að nokkru úr bætt, ef hlaðinn væri *brimbrjótur* eða öldubrjótur fram í sjóinn.

Rannsóknir þessar framkvæmdi *Sig. Thoroddsen* verkfræðingur litlu fyrir aldamótin, og nokkru síðar rannsakaði *Krabbe* verkfræðingur og málið.

Sigurður Thoroddsen gerði fyllri áætlun og mælingar, en Krabbe mældi styttra fram, að eins 21 meter; og báðir töldu þeir það vel framkvæmanlegt, að gera hér þær umbætur, sem þyrfti.

En áætlun Sigurðar Thoroddsen hefir fjárlaganefndin enn ekki getað náð í, þrátt fyrir það þó að skrifari hennar (P. J.) hafi gert sér mikið far um að hafa uppi á henni. Hún mun vera geymd í landsskjalasafninu, en skrásetning skjala þar enn eigi í það lag komið, að auðhlaupið sé að því, að finna þegar hvað eina. En hennar þurfti nú reyndar ekki við, því að álit *Krabbe* verkfræðings, er eg var mér í útvegum um og liggur hér frammi á lestrarsalnum, sýnir fyllilega, að því meira fé sem veitt er, og því meira sem gert er til að koma verki þessu í framkvæmd, því betra telur hann það vera.

Bolungarvík er, sem kunnugt er, aðalverstöðin við Isafjarðardjúp, og einna stærsta verstöðin hér á landi. Aðgætandi er, að verk þetta yrði ekki eingöngu unnið fyrir þá menn, sem þar búa, heldur og fyrir alla þá sem stunda þar róðra, en það eru — auk manna hvæðanæva úr Djúpinu, sem og úr Ísafjarðarkaupstað og Vestur-Ísafjarðarsýslu — menn úr Strandasýslu, Austur-Barðastrandarsýslu, Dalasýslu, Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu. Þingmenn þessara kjördæma mundu því létta undir með kjósendum sínum, eigi all-fáum — vinna þeim þarft verk — ef þeir styddu þessa tillögu mína.

Vekja má og máls á því, að þessi 20 þús. kr. styrkur, sem farið er fram á, yrði ekki eingöngu til hagnaðar Bolungarvík og Ísafjarðar-kjördæmunum, sem og öðrum héruðum, er nota Bolungarvík, sem verstöð að meira eða minna leyti, eða eiga þar útróðrarmenn, heldur yrði hann og beint *til hagnaðar fyrir landssjóðinn sjálfan.*

Það liggur í augum uppi, að yrði brimbrjóturinn bygður, þá fjölgaði að mun sjóferðunum, og því oftar, sem róðrarbátarnir geta komist á sjóinn, því meiri er æ afla-vonin, og því meira fær þá landssjóðurinn í útflutningsgjald af fiski.

Það eru því engar ýkjur, þó sagt sé, að með því að leggja fé til brimbrjótsins — sem svo mjög hlýtur að fjölga sjóferðunum frá því sem nú er — *þá sé landið að efla sinn eigin hag, landssjóðurinn að afla sér sívaxandi árlegra tekna.*

Mönnum í kjördæmi mínu er þetta einnig *svo mikið* áhugamál, að þegar hefir verið varið yfir 7 þús. kr. til þessa fyrirtækis, þ. e. á fimta þúsund úr lendingarsjóði Bolungarvíkur, en hitt hefir landssjóðurinn (1000 kr. + 1000 kr.), og sýslufélagið (1000 kr.) lagt fram.

Áhugi manna á máli þessu þar vestra, sézt og bezt á því, að í stað þess er menn áður greiddu að eins 1 kr. af hlut í lendingarsjóðsgjald, sem virtist þó full tilfinnanlegt, þá hafa þeir nú tvöfaldað gjaldið, þ. e. greiða nú 2 kr. af hlut, svo að árlegar tekjur lendingarsjóðsins nema nú nokkuð á 3. þús. kr.

Eg vona nú, þar sem héraðið hefir viljað jafn-mikið á sig leggja, og þegar lagt töluvert af mörkum, að háttv. þm. geri það þá með *því ljúfara geði*, að styðja tillögu mína, enda hefir fjárlaganefndin og — með tillögu sinni — sýnt, að hún kannast fyllilega við það, hve afar-þýðingarmikið nauðsynjamál hér ræðir um; en af því að um svo afarríka þörf er að ræða, þá nægir ekki sú upphæð, sem nefndin leggur til að veitt verði, og vona eg því, að háttv. þingmenn samþykki fremur tillögu mína, en hafni tillögu nefndarinnar.

Fjárlaganefndinni hefir orðið það á, að bera brimbrjóts-málið saman við það, er um það ræðir að byggja bryggju á Blönduósi, Sauðárkróki, Húsavík, eða einhverjum slíkum stöðum. En hér er þó tvennu alólíku blandað saman, því að brimbrjótinn ber alls eigi að skoða sem bryggju. Hann er alls eigi ætlaður til þess. Aðal-ætlunarverk hans á *ekki* að vera það, að hjálpa kaupmönnum, til að koma vörum sínum í og úr landi, þó að hann verði auðvitað jafnframt notaður til þess að einhverju leyti, er til kemur. Aðal-ætlunarverk hans er þvert á móti það, að bjarga lífi þeirra manna, er sjóinn sækja, því að oft kemur það fyrir, að gott veður er að morgni, en mesta forátttu- og skaðræðis veður komið, er í land er farið, og orðið þá ólendandi í Bolungarvík, svo að hleypa verður þá vestur á firði, eða til Aðalvíkur, Jökulfjarða, eða inn á Ísafjörð o. s. frv.

Ef brimbrjóturinn fengist, þá yrði á hinn bóginn lágur sjór, þegar inn á víkina kæmi, og þar þá því lendandi, eins og líka brimið hamlaði því þá mun síður, að á sjóinn yrði komist, að morgni, eða — réttara sagt — á nóttu, er sjóferðir hefjast nær einatt. En hvílíkt hagræði það væri, að geta þá látið vélarbátana liggja þar, og þurfa eigi að draga þá á land, verður eigi með orðum lýst.

Þegar á það er litið, að hér ræðir að eins um einar 20 þús. kr., þá er það og sízt fráfælandi upphæð, þegar litið er til þess, að í hlut á eitt af fiskauðgustu héruðum landsins, — hérað, sem landssjóður hefir líklega mestar tekjur af, að Reykjavík einni undanskilinni.

Þá má og enn fremur líta á það, að

í kjördæminu, sem hér á hlut að máli, þ. e. Norður Ísafjarðarsýsla, hagar svo til, að þar eru *engar* flutningabrautir, og *engir* þjóðvegir, nema ofur lítill spölur í alls einum hreppi, Nauteyrarhreppi, þ. e. póstleiðin yfir Þorskafjarðarheiði; né heldur er þar um brúargerðir að ræða.

Kjördæminu yfir höfuð *ekki lagt neitt* úr landssjóði, er teljandi sé, nema styrkur til gufubátsferða. En þess styrks nýtur og Eyjafjarðarsýsla, og aðrar sýslur nyrðra, en fá svo — auk þess — fé úr landssjóði, er tugum þúsunda skiftir: til flutningabrauta, þjóðvega, eður og sem stuðning til sýsluvega. Og þegar þær sýslur eiga í hlut, þá er ekki horft í 50, 60, eða jafnvel 70 þús. kr., ef brúa þarf eina á.

En þó að sú nauðsyn sé brýn, þá er hin nauðsynin þó sannarlega *enn ríkari*, að styðja að brimbrjótinum í Bolungarvík, því að engin brú á landinu mun svo fjölfarin, að ekki reynist þeir þó margfalt fleiri, sem lendingu þurfa að leita í Bolungarvík.

Kjósendum mínum datt annars ekki í hug, að það gæti valdið mótspyrnu, þó að þeir sæktu til þingsins um 40 þús kr. Eg hefi þó ekki farið svo langt, en að eins farið fram á helminginn af þeirri upphæð, — vissi hitt *ekki* til neins, eftir hljóðinu, sem eg heyrði í ýmsum þingmönnum — ekki síst flestum háttv. fjárlaganefndarmönnum —, og eftir undirtektum á fyrri þingum. Hitt ætlast eg þá til, að héraðsbúar leggi sjálfir fram, enda treysti því að þeim verði þá og betur til hjá þinginu, og því hefi eg þá einnig farið fram á, að þeir fái þann helminginn (20 þús kr.) lánaðan úr viðlagasjóði, með viðunanlegum kjörum, þ. e. 6 % í vexti og afborgun í 28 ár.

Eg tel héraðsbúum það og ekki ofætlun, að geta borgað vexti og afborganir af láni þessu, þar sem lendingarsjóður þeirra fær yfir tvö þúsund króna árlegar tekjur, enda veit eg að þeim verður það ljúft, þar sem um lífsnauðsynja-fyrirtæki ræðir, en landssjóður æ sá, er í mörg hornin hefir að líta.

Eg vona nú, að eg þurfi ekki að mæla betur með þessum tillögum mínum. Háttv. framsm. (P. J.) tók yfirleitt fremur vel í þær, og þó að fjárlaganefndin hafi viljað fá styrkinn, sem eg fór fram á, færðan niður um helming, og hafi og viljað, að héraðsbúar legðu tvöfalt fram gegn því, er þeir fengju úr landssjóðnum, vona eg þó, að henni sé það ekkert kappsmál, að tillögur mínar séu feldar. Treysti eg því og, að þær fái, nauðsynjarinnar vegna, góðan byr í inni háttv. deild.

Þá er eg riðinn við aðra lítilfjörlega breytingartillögu á þgskj. 387, er fer í þá átt, að veittur verði 300 kr. styrkur í eitt skifti fyrir öll til Jakobs bónda Hagalínssonar á Hrafnfjarðareyri.

Hann hefir átt 21 barn með sömu konu, og eru enn 12 þeirra á lífi, þ. e. sex synir og sex dætur. Allir sjá því væntanlega, hve miklu þessi bláfátæki barnamaður og einyrki hefir orðið að bjarga fyrir, og hve vel það væri gert og hve gaman það væri, að gleðja hann nú í ellinni með þessari litlu viðurkenningu, sem landssjóðinn munar eigi neinu.

Mestu barnamennirnir eru einatt einna nýtustu mennirnir í þjóðfélaginu, og leggja öðrum mest fram því til hagsmun að vissu leyti, er þeir annast uppeldi fjölda barna, þ. e. tilvonandi borgara þjóðfélagsins.

Má því *furðu* telja, að eigi skuli það föst venja, að þeir, sem eiga fyrir fjölda barna að sjá, skuli ekki fá einhverja viðurkenningu fyrir það, — skuli t. d.

eigi njóta einhvers sérstaks styrks frá þjóðfélaginu, eða þá skatta-ívilnunar eða því líkt.

En *svo* fer því fjarri hér á landi, að þess munu enda færri dæmin, að séð verði, að niðurjöfnunarnefndirnar geri nokkurn *verulegan* mun á því, *hvor alt líf mannsins* — eiginmannsins og eiginkonunnar — *er í raun og veru eigi annað*, svo sem altítt er hér á landi og víðar, en *óslitin þrælkun* eða inning — þótt ljúf og unaðsleg sé — þjónustuskyldunnar af hendi fyrir aðra, þ. e. fyrir börnin (og þá og fyrir þjóðfélagið) — samfara þá og margvíslegri sjálfsafneitun á sjálfsafneitun ofan — *eður* viðkomandi lifir að eins til þess að sjá fyrir sjálfum *sér* og veita sér nautnir og unaðssemdir. En hvers virði er þá ekki uppeldi eins barns fyrir þjóðfélagið? hvað leggur ekki barnamaðurinn fram á móts við hinn, sem or einhleypur?

Það er því hverju þjóðerni sannarlega íhugunarefni, hvort ekki ætti einatt að leggja einhvern *sér-skatt* á *hvern* mann — karlmaun eða kvenmann —, sem einhverju ákveðnu aldurstakmarki hefir náð, og enn hefir þó eigi gifst.

Fé, það er þannig gyldist, mætti þá og nota, ef sýndist, til þess að styrkja þá á einhvern hátt, sem — öðrum fremur — eiga fyrir fjölda barna að sjá.

Í sumum ríkjum Bandaríkjanna munu menn og þegar hafa stigið einhver sporin í þessa áttina, og ef til vill víðara, og því er eg í *engum* vafa um það, að sá tíminn kemur, er hér á landi verða og lög samin, er í svipaða átt fara.

Þegar þess er gætt, að sú er og æ tilætlun hjúskaparins, *að vér öflum oss þá og inna nánustu ástvinanna* — og eigi er ætlandi að þess sé kostur, er jarðlífinu er lokið —[1]), *þá er það og rétt, að löggjöfin geri þá og sitt til þess að örva til slíks* á fyrgreindan hátt.

Vel veit eg, að svara má að vísu, að *öllum* sé oss það ætlað, *að vera æ hverir öðrum sem góðir bræður og systur*, svo að síður skifti það þá máli, hvort sá eða sú hafi átt börnin.

En það er þó *æ nánast, sem nánast er*, og *eigi* þarf það að draga úr kærleika vorum til annara, og til *allra* — *ætti að sjálfsögðu miklu fremur að örva til hans en hitt* — þótt vér eignumst og þá, sem í hér um ræddum *alsérstökum* skilningi eru oss *nánastir*[1]).

Annars get eg *eigi* — jafnframt því er eg mæli sem bezt með styrkbeiðni minni til barnamannsins á Hrafnfjarðareyri — *varist þess, að drepa á atvik* (þótt svo eigi að vísu *alls eigi* að vera, þar sem um það ræðir, er í nefnd gerðist, og æ á að vera þagnarskyldu bundið), *sem gerðust á fjárlaganefndarfundinum*, er þessi tillaga mín var rædd þar, og *feld* — að því er mig minnir með öllum atkvæðum gegn atkvæði mínu *einu*. — En atvikin voru þá þessi:

Næsta tillagan, sem fjárlaganefndin ræddi — eftir það, er fyrgreind tillaga mín hafði *feld* verið — var *önnur tillaga, er fór í nokkuð svipaða átt*, nema hvað hún var að mun *stórfeldari*, þar sem í tillögu minni var að eins um það að ræða, að veita manni, *sem aldrei hefir neins styrks notið úr landssjóði* né á í vændum að njóta — *300 kr. í eitt skifti fyrir öll*, en hér var um það að ræða, að veita prófasts-ekkju, þ. e. ekkju síra Jens heitins Pálssonar í Görðum, alþingismanns, 300 kr. á ári hverju meðan er hún lifir, *til viðbótar* við eftirlaun þau, er hún að sjálfsögðu nýtur

[1]) Um það er ræðumaðurinn (Sk. Th.) í alls engum vafa, — lætur þess getið við yfirlestur og leiðréttingu ræðunnar.

[1]) Deyi ættliður út, missist og margbreytileikinn, sem séreinkennin í ætt hverri skapa æ meiri og meiri, — getið við yfirlestur og leiðréttingu ræðunnar.

að lögum, sem prestsekkjur aðrar hér á landi.

En nú brá svo við, er til atkvæða var gengið, *að fjárlaganefndarmennirnir risu upp allir sem einn maður og greiddu atkvæði með eftirlauna-viðbótinni árlegu til prófastsekkjunnar.*

Eg ætla mér og — af virðingu við prófastinn sáluga og í viðurkenningarskyni fyrir ævistarf hans — að greiða henni atkvæði. — *En hins gat eg þó eigi varist, að benda háttv. samnefndarmönnum mínum þó þegar á það*, á nefndarfundinum, *hvað hér væri að gerast*, og *hvort þeim þætti þetta fallegt — eða rétt að farið?*

En — annað var bónda-veslingur, en hitt *ekkjan prófastsins* og alþingismannsins sáluga.

Eg vona nú, að háttv. deildarmönnum — og þá og fjárlaganefndarmönnunum sjálfum — *fari þó alt öðruvís*, er til atkvæða kemur hér í deildinni um oftnefnda tillögu mína, og fjölyrði svo eigi um hana frekara.

Þá skal eg enn víkja nokkrum orðum að breyt.till. frá háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ól.), er fer í þá átt, að veita lán til símalagningar til Súgandafjarðar í Vestur-Ísafjarðarsýslu, og vil eg mæla sem bezt með henni, þar sem hér ræðir um einn af afskektustu hreppum landsins, en um hrepp, sem nú er þó í töluverð um uppgangi síðustu árin.

Háttv. framsm. fjárlaganefndar (P. J.) lagði á móti þessari breyt.till, og kvað fé það mundi reynast nægilegt, sem ætlað er til lána sýslufélögum alment til símalagninga; en það fé er þó svo óverulegt, að réttara er að greiða til lögu þm. V.-Ísf. atkvæði, eigi vissa að vera fyrir því, að Vestur-Ísafjarðarsýsla fái lánið til Súgandafjarðar-símans.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Eg stend aðallega upp til að minnast á breyt.till., þá sem liggur fyrir frá okkur þingmönnum Suður-Múlasýslu. Hefi eg von um að nefndin sé henni fylgjandi. Tillagan er um að veita 1200 kr. hvort árið til sjálfrenningsferða (»Automobil«) á Fagradalsbrautinni.

Undir eins og reynsla var komin fyrir því, að sjálfrenningar gætu gengið eftir vegum okkar samkvæmt þeim tilraunum, sem gerðar höfðu verið hér fyrir sunnan í vor, vaknaði sterk hreyfing í Múlasýslum til að nota Fagradalsveginn á sama hátt og vegina hér syðra. Það var símað til okkar þingmanna Suður-Múlasýslu og við beðnir að sækja um styrk til þessa fyrirtækis; jafnframt var lofað að senda beiðni með Hólum. Hún kom í gær og er undirskrifuð af 80—90 búendum. Ætlast er til þess, að sjálfrenningurinn hafi sama þunga og sá er hefir verið hér í sumar, svo þetta er alls ekki nein tilraun. Í beiðninni var farið fram álitlegan styrk, en ekki nefnd upphæðin. En síðan hefir komið tilboð frá Þórarni Tuliniusi um að taka að sér ferðirnar fyrir 2000 kr. hvort árið. Við höfum farið fram á að fá 1200 kr. af þessu frá landssjóði, afganginn, 800 kr. ætlumst við til að sýslan geti borgað.

Tulinius tekur fram í skýrslu sinni, sem skal lögð fram á lestrarsalinn, að vagnarnir skuli geta flutt minst 1000 kg. í einu og verði látnir ganga á milli meðan veður og færð leyfi. Hvað flutningsgjald snerti, hafi hann ekkert á móti, að það verði bundið við samþykki stjórnarráðsins. Vagninn á fyrir utan vörur að geta flutt póst og farþega. Væru stórmikil þægindi að því, að geta fengið póst fluttan með þessum vagni, sakir þess að á sumrin eru póstferðir ákaflega strjálar milli Héraðs og hafna.

Vona eg, að þegar litið er til þessa og hve styrkurinn er lítill, taki deildin vel í málið. Hér liggur fyrir hiklaust tilboð um að vinna verkið og lítið, sem

þarf til að kosta af landssjóði. Það hefir verið beðið um langt um meira fé til ýmissa ferða, sem langt um minni þörf hefir verið á en þessum. Vona eg að þingið líti svo sanngjarnlega á þetta mál, að það veiti styrkinn í þetta sinn Get eg ímyndað mér að svo fari, að sýslan taki sjálf að sér ferðirnar að fjárhagstímabilinu loknu, því að eg álít fyrirtækið líklegt til að borga sig. Enn þá er engin reynsla fengin um það, en líklega verður hún fengin að tveim árum liðnum.

**Sigurður Sigurðsson:** Það vill svo til að eg á 3 breytingatillögur við þennan síðasta kafla fjárlaganna. Ekki fara samt þessar breyt.till. fram á styrk til einstakra manna, heldur til landbúnaðarins. Sú fyrsta er viðaukatillaga á þgskj. 418, 144 á atkvæðaskránni. Hún fer fram á, að veittar séu 1000 kr. til að byggja mjólkurskála á Hvítárvöllum. Fjárlaganefndin sá sér ekki fært beinlínis að mæla með þessari tillögu. En búnaðarþingið, sem haldið var í sumar, lagði til að málinu væri vísað til Alþingis og því ber eg það hér fram.

Get eg hugsað að sú mótbára liggi á takteinum hjá mönnum: Hvers vegna lagði búnaðarfélagið ekki þetta fé úr sínum eigin sjóði? En til þess er því að svara, að búnaðarþingið hefir ráðstafað öllum tekjum félagsins, þannig að það á ekkert fé óráðstafað til að byggja skálann fyrir. Auk þess er á það að líta, að þó að mjólkurskólinn sé undir umsjón félagsins, getur hann samt að mörgu leyti talist landsskóli. Til skýringar skal eg taka það fram, að skólinn hefir starfað í mörg ár og á Búnaðarfélagið húsið og lóðina, sem skólinn stendur á.

Eg get líka búist við þeirri mótbáru, að ekki sé til neins að halda skólanum við, því rjómabúunum muni ekki fjölga. Nú starfa rúm 30 smjörbú hér á landi og er nokkuð til í því, að ekki séu líkindi til að þeim muni fjölga í bráð. En því er svo farið með bústýrurnar á smjörbúunum, að þær geta eins og annað fólk dáið, og ef til vill gifst, svo þær verði að hætta forstöðunni, og getur þá eðlilega farið svo, að hörgull verði á þeim. Það er því nauðsynlegt að halda skólanum við til að koma upp rjómabústýrum í stað þeirra sem frá kunna að fara, enda er ekki loku fyrir það skotið, að ný rjómabú rísi upp.

Skal eg svo ekki fjölyrða um þetta, en skal að eins geta þess, að hefði skólinn verið í Reykjavík, mundi ekki hafa staðið á fjárveitingunni.

Þá hefi eg aðra breytingartillögu á þgskj. 420, á atkvæðaskrá 171. Hún fer fram á, að hækka inn umræddda lið, heimild til lánveitingar til að koma á fót kornforðabúrum, úr 5000 kr. upp 10.000 kr. Búnaðarþingið í sumar samþykti áskorun til þingsins um að veita þessa sömu lánsheimild og hér er farið fram á. Er furða, að fjárlanefndin skuli ekki hafa sint þessari beiðni; hún hefir að vísu lagt til að veittar verði 5000 kr., en eg óttast að það verði of lítið. Það eru einmitt víða miklar hreyfingar í þá átt að stofna kornforðabúr, sérstaklega í Eyjafirði og Skagafirði. Þykir mér ekki ólíklegt að þau verði stofnuð á næsta ári bæði þar og ef til vill víðar. Eg get nú búist við, að menn muni segja að frumvarpið til breytinga á forðabúrslögunum frá 1909 bæti mikið úr skák í þessu efni, og þau gera það að nokkuru leyti. En þó þau séu nokkur bót í máli, eru þau samt ekki nægileg. Mér hefir aldrei dottið í hug að kornforðabúr yrðu stofnuð alment um alt land. En þar sem hætta er á, að ís loki höfnum á vetrum, eru þau nauðsynleg. Í þessum útkjálkasveitum eiga menn oft svo erfitt með að ná til sín korni eða fóðurbæti, jafnvel þótt hann

sé að fá í helztu kauptúnum í grend við þær, vegna snjóþyngsla og ófærðar. Kornforðabúr heima í sveitunum er því ið eina nauðsynlega, er bætt getur úr ástandinu, en til þess að koma þeim á fót þarf lán úr landssjóði.

Þriðja breytingatillagan mín á þgskj. 419 fer fram á, að Árnessýslu sé heimilað lán úr viðlagasjóði til áveitu úr Þjórsá á Skeiðin, alt að 30 þús. kr.

Eg skal geta þess, að í júlímánuði í sumar hefir farið fram undirbúningsmæling á þessu svæði. Gerði hana Sigurður Thoroddsen, en af því hann þurfti að fara til Vestmannaeyja til að gera þar mælingar, hafði hann ekki tíma til að gera áætlun um kostnaðinn, en hann gat þess lauslega við mig, að hann mundi verða um eða yfir 60 þús. kr. Í beiðni, þeirri sem liggur frammi á lestrarsalnum, er farið fram á að landsstjórninni verði heimilað í þessu skyni að lána 60 þús. kr. En eg hefi ekki farið fram á nema helminginn.

Fjárlaganefndin hafði það helzt á móti beiðninni, að það vantaði áætlun um kostnaðinn. Nú hefi eg skýrt hvernig á því stendur. En annnars man eg ekki til þess, þegar verið var að ræða um pósthúsið í Reykjavík, að spurt væri um neina áætlun. Það hafði ekki einu sinni verið ákveðið, hvort byggja ætti nýtt hús eða bæta við ið gamla. Það þótti þá ekki neitt athugavert að byggja á óvissunni og var fjárveitingin til pósthússbyggingarinnar samþykt með *öllum atkv.* gegn einu.

Vona eg að þessi breytingartillaga mín finni náð fyrir augum háttv. deildarmanna, þótt fjárlaganefndinni þóknaðist ekki að taka það upp á sína arma.

Áður en eg sezt, vil eg með fáum orðum minnast á það, sem háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) sagði um styrkbeiðni Jakobs Hagalínssonar. Það hefir komið fram beiðni frá þessum manni um 300 kr. styrk og upplýsingar um, að hann hefir átt 21 barn með konu sinni. Það er að vísu satt að fjárlaganefndin treysti sér ekki að mæla með þessari fjárveitingu, en ástæðan til þess var ekki sú, að hún ekki áliti hvern þann mann alls góðs maklegan, sem fjölgaði mannkyninu með konu sinni. En það vantar allar upplýsingar um þennan mann, og börnin, sem hann hefir eignast. En það er ekki minna um vert að ala börnin vel upp en geta þau. Af börnum þessa manns, eru ekki á lífi nema rúmur helmingur; hin dóu flest í æsku Og þó maður sé ekki herra lífs og dauða, er það samt viðurkent af læknum að uppeldið hafi mikil áhrif á heilsu barnanna og langlífi, og breytni þeirra og hegðun síðarmeir. Eins og það er lofsvert að geta mörg börn, er hitt ekki síður um vert að veita þeim gott uppeldi. Þegar rætt er um að veita mönnum *verðlaun* fyrir barneignir, ber ekki sízt að taka tillit til hins, hvert uppeldi börnin hafa fengið.

**Kristinn Daníelsson:** Eg á brt. þar sem farið er fram á, að ekkju Jens prófasts og alþingismanns Pálssonar sé veitt viðbót við eftirlaun, þau sem henni bera, Má vera að þetta sé í eðli sínu ekki vinsælt mál, þar sem þjóðin virðist vera mjög mikið á móti eftirlaunum og vilji takmarka þau sem mest. En það mun enginn vera á móti, að viðurkenning sé sýnd, þegar hún kemur niður þeim stöðum, þar sem unnið hefir verið vel og trúlega fyrir þjóðina. Það er hér á tvent að líta, verðleikann og þörfina. Það kann að vera, að menn ekki séu vissir um verðleika umsækjanda sjálfs, en allir, sem þekkja hana, vita þó, að hún var í öllu samboðin sínum ágæta manni. Það fara litt sögur af því starfi, sem konur vinna hér á

landi, en þær eiga samt oft mikinn þátt í því, sem mennirnir nú eru taldir vinna.

Hér er um þann mann að ræða, sem öllum ber saman um að starfað hafi alla sína ævi með eldheitum áhuga að öllum framfaramálum þjóðarinnar, og það ætíð án nokkurrar eigingirni. Það þarf ekki að fjölyrða um gagnið, sem hann hefir unnið hér á þinginu, það er þinginu kunnugt, því að það má rekja sporin hans í gegnum þingið. Hann naut ekki mikillar viðurkenningar í lifanda lífi fyrir sitt mikla og góða starf, og því er þetta góð leið, ef þingið vill sýna einhvern lit á viðurkenningu að láta þá ekkju hans njóta hans, svo að hún þurfi ekki að hafa áhyggjur af lífinu í elli sinni. Í því trausti að þetta verði gert, kem eg með þessa tillögu,

Eg tel víst að líkt þessu hafi vakað fyrir stjórninni, er hún fer fram á að veita ekkju Jóns alþingismanns frá Múla ellistyrk. Án þess að eg vilji á nokkurn hátt mæla á móti þeirri styrkveitingu, þá hefi eg heyrt að sú ekkja kæmist allvel af og sé efnalega allvel borgið. En hér er slíku ekki til að dreifa. Hér eru efnin að eg hygg lítil, án þess að eg vilji berja nokkurn barlóm fyrir hennar hönd. Og þótt eg viti, að ekki standi nein neyð fyrir dyrum, ef þetta verður felt, þá finst mér þó þörf á að þessu verði sint, og vona að háttv. deild sé mér samdóma um, að hér fari saman verðleikar og þörf í þeim mæli, að þinginu ætti að vera ljúft að láta þessa tillögu ganga fram í einu hljóði.

**Þorleifur Jónsson:** Eg á br.till. á þgskj. 398, sem eg vildi segja nokkur orð um. Þar er farið fram á að veittar verði 4000 kr. til þess að ryðja vör við Ingólfshöfða. Það er alþekt að sveitin, sem hér á hlut að máli, er einhver afskektasta sveitin á öllu landinu. Eg held eg megi segja að hún sé afskektust að af öllum, að Grímsey einni undantekinni. Öræfin liggja á milli tveggja eyðisanda og svo eru stórvötn beggja megin. Þaðan er afar-langt í kaupstað, t. d. 7 daga ferð með lest austur í Hornafjörð fram og til baka. Það væri því sveitinni mjög mikið hagræði, ef hægt væri að fá vörur fluttar einhversstaðar að söndunum. En nú er sá hængur á, að mjög óhægt er að koma þessu við. Það er við Ingólfshöfða, sem helzt er hugsanlegt að þetta mætti takast, ef að fé fengist til þess að ryðja vör til að lenda í. Þetta er nú ekki nýtt mál, það hefir verið um það hugsað áður.

Verkfróður maður Árni Zakariasson var sendur þangað austur. Hann gerði þar mælingar og samdi skýrslu um þetta til stjórnarráðsins og áleit verkið framkvæmanlegt. »Íslands Falk« hefir líka rannsakað þennan stað, en skýrsla sú sem gefin var af honum, mun ekki vera fullnægjandi sökum ókunnugleika á veðráttu o. fl. Á þingmálafundum þar eystra var þess óskað, að eg bæri þetta hér fram, og þess vegna er það hér fram komið.

Séra Gísli Kjartansson hefir skrifað mér allítarlega um þetta mál, og skal eg með leyfi hæstv. forseta lesa upp kafla úr bréfi hans:

> »Menn hafa lengi séð, að til var ein leið út úr þessum »Öræfaferðalögum«, sem sé, að fá þungavöruna flutta sjóveg. Í því augnamiði hefir þeirri umleitun oft verið hreyft, að þing og stjórn hlutaðist til um að bátalending væri gerð við suðvesturhornið á Ingólfshöfða. Þar, við svonefnt Eiríksnef, er vik, og þar er allstór urð undir berginu; hana þyrfti að ryðja, en aðdýpið er nóg og oftast brimlaust fiesta daga á vor- og sumarmánuðunum. Segja nákunnugir aldraðir menn, að þar mætti ferma

skip og afferma. En bjargið þar upp af er 25 faðmar á hæð, og á 60 feta bili yrði erfiitt að gera þar veg.

Landstjórnin hefir tvisvar látið skoða staðinn, »Islands Falk» og vegagerðarmann Árna Zakaríasson. Af skýrslu þeirri, sem Inspektionen á »Islands Falk« hefir gefið stjórnarráðinu, sést, að þá hefir vantað þekkingu á veðráttufari og staðháttum, sem t. d. má ráða af þessum orðum: ». . . men man savner statistiske Oplysninger om, hvilke Vinde der er fremherskende paa denne Del af Kysten for at afgøre, om der skal skærmes mod Øst eller Vest«. Skýrsla Árna Zakaríassonar er allítarleg; hann telur verkið framkvæmanlegt og áætlar að lendingarumbætur kosti 3000 kr. og vegurinn upp fjallið 2500 kr. Árni telur þennan stað heppilegan í austanátt og norðaustanátt, en það eru einmitt þær áttirnar, sem árið um kring eru lang tíðastar á þessum stöðvum, því að í vestanátt þarf aldrei að óttast að brim bagi á þessum fyrirhugaða stað«.

Síra Gísli hefir haft þetta úr skýrslunum sjálfum. Eg hefi aldrei haft þær með höndum, en býst við að þær sé að finna í stjórnarráðinu.

Það er gert ráð fyrir að verkið kosti 5500 kr. En eg hefi ekki farið fram á að fá meira en 4000 þús. kr. úr landssjóði. Eg veit að þetta er hærra tiltölulega en vant er að veita til slíkra fyrirtækja, en það er sanngjarnt að sveitin njóti þess að hún er afskektust af öllum sveitum á landinu, og svo yrði líka of mikið fyrir jafn fátæka sveit að leggja fram meira en 1500 kr.

Þótt nú háttv. fjárlaganefnd hafi ekki séð sér fært að legggja til að fjárveiting þessari væri sint, þá hefir mér samt heyrst á háttv. framsögumanni, að hann væri ekki harður á móti henni, honum þótti að eins vanta upplýsingar. Hann hefir sagt, að betur þyrfti að undirbúa áður en fé væri lagt fram til þessa. Ekki er talað um að gera neitt nema verkfróður maður álíti að not geti orðið að þessu. Mér hefir dottið í hug að umsjónarmanni vitamálanna yrði falið að hafa umsjón með þessu verki og framkvæmd á því, um leið og vitinn verður reistur á Ingólfshöfða. En álíti hann ógerning að verja fé til þessa, þá fellur þetta um sjálft sig, svo að eg sé ekki að hætta geti verið við að veita þetta.

Eg skal nú ekki fjölyrða um þetta mál, en vænti að deildin taki á því mjúkum höndum.

**Ráðherrann (H. H.):** Eg á að eins eina breyt.till. á þgskj. 472. Á fjáraukalögunum er veitt upphæð til þess að styðja 3. dýralæknisnemann til náms ytra, í viðbót við þá tvo, sem sfyrk hafa á fjárlögunum, og er ætlast til, að einn þessara þriggja taki við af þeim sem lengst er kominn, þegar hann hefir lokið námi, en hann verður ekki búinn fyr en í júlí næsta ár. Fjáraukalagaveitingin nær að eins til ársloka nú, svo að vantar styrk handa þessum þriðja manni fyrri hluta ársins 1914, og þá hefi eg leyft mér að koma með þessa litlu viðaukatillögu, sem eg tel afleiðing af fjáraukalögum.

Háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.) var að tala um tillögu sína um 4000 kr. upphæð til að ryðja vör við Ingólfshöfða og gera veg upp höfðann. Eg vildi láta mitt álit í ljósi um það mál. Eg álít, að svo framarlega, sem málið er ekki undirbúið að öðru leyti, en að rannsóknum Árna Zakaríassonar og »Fálkans«, þá sé það sama sem óundirbúið.

Þessi áætlun Árna er ekki annað en ausleg getgáta. Mér er dálítið kunnugt um þennan umrædda stað, því að eg hefi sjálfur farið þar upp að á bát

frá Fálkanum, þegar hann var að gera athuganir sínar. Vegurinn, sem um er talað að byggja, er að eins snarbratt einstigi, sem að eins færir menn gætu klifrað. En til þess að vör eða bátalending verði gerð nokkurn vegin brúkandi þar fyrir neðan, — sé það á annað borð unt — þarf að sprengja þar stóra kletta í burtu úr sjónum fyrir framan. Sú sprenging mundi sennilega kosta svo miklu meira en þær 4000 kr. sem fram á er farið hér, að ef hreppurinn ætti að leggja til alt það sem ávantar, þá mundi sumum þykja fara að grynnast í pyngjunni. Það má ekki taka orð mín svo, að eg vilji leggja á móti að þetta verk sé rannsakað eða undirbúið. Það væri æskilegt ef hægt væri að framkvæma það, svo að gagni yrði. Brúkleg lending og slarkfær sjógata á þessum stað gæti gert feikna-mikið gagn. En að veita þessa upphæð svona út í loftið til framkvæmdar óathuguðu verki er ekki til neins. Eg álít því að háttv. þm. ætti að koma með breyt.till. um að verja hæfilegri upphæð til þess að rannsaka staðinn og fá fulla vissu um, hvort verkið muni framkvæmanlegt og þá fyrir hve mikið fé.

Þótt það hafi ef til vill lítið að þýða, þá vildi eg samt minnast nokkrum orðum á lánin, sem farið er fram á hér í fjárlögunum, að veitt verði úr viðlagasjóði.

Það hefir þegar verið farið fram á í ýmsum viðaukatillögum, að 126 þús. kr. verði lánaðar út úr viðlagasjóði, *auk þess* sem stjórnin fer fram á að verja til útlána. En það er langt frá því að féð, sem fyrir hendi verður í viðlagasjóði, hrökkvi til fyrir tekjuhallanum, sem fyrirsjáanlegur er, svo að ekki verður að öllum líkindum einn eyrir til þess að lána út.

Eg veit að mér verður svarað því, að þetta sé að eins heimild fyrir stjórnina, sem hún þurfi ekki að nota fremur en hún vilji. En eg veit líka að þeir sem lánsheimildin er stíluð til á fjárlögum búast við að þeir fái lánin og líta á það sem hrein og bein rangindi eða svik af stjórninni, ef þeir ekki fá þau. Og mennirnir hafa töluvert til síns máls, því að hvers vegna er þingið að leika sér að því að veita heimildir, er það veit að þær geta ekki orðið uotaðar.

Alstaðar í þessum heimildum er leyft að lána gegn 4% rentu. Þau lán, sem landssjóður getur nú fengið í heiminum kosta öll miklu meira en þetta. Hvergi er hægt að fá lán handa landssjóði fyrir minna en $4^1/_2$% eða 5%, auk þess sem lánin vafalaust ekki mundu fást án stórra affalla, ef til vill alt að 10%. Þessi aðferð, að lána þannig út fé landsins, er því ekki hót annað en styrkveiting eða gjöf til þeirra sem lánin fá, og það er von að menn vilji ekki verða af slíkum bitum, og sæki fast að ná þeim. Sumt af því sem farið er fram á veita lán til, er þó þess eðlis, að ekki sýnist alveg bráðnauðsynlegt að veita til þess fé úr landssjóði. Eg get t. d. ekki séð þörfina á að lána fé úr landssjóði til að byggja hús á Siglufirði. Bæði þetta og fleiri lánsbeiðnirnar eru þess eðlis, að ekki virðist nein frágangssök fyrir beiðendurnar að sæta venjulegum lánskjörum. Eg tel það með öllu tilgangslaust að vera að bæta lánsheimildum við og legg til að þær verði allar feldar. Ef þær verða ekki feldar, þá ætti þingið þó að minsta kosti að lýsa yfir því, að ekki séu líkindi til að nokkuð verði til að lána, og því ekki líkindi til að heimildin komi að notum, til þess að valda ekki um of tálmunum og vonbrigðum.

**Jón Jónsson:** Eg á breyt.till. á þgskj. 395, sem fer fram á að veita ungmennasambandi Íslands dálítinn styrk. Í þessu sambandi eru nú 50 félög með um 2000 meðlimum. Þessi félög eru

dreifð um alla fjórðunga landsins, þótt þau séu flest í sunnlendingafjórðungi. Félagarnir eru flestir á aldrinum frá 16 til 30 ára, karlar og konur. Á fundum ræðir það áhugamál sín, og 2—300 fyrirlestra lætur það halda til alþýðufræðslu. Það hefir mikið lagt stund á að iðka íþróttir og auka útbreiðslu þeirra í landinu. Það hefir víða komið á stofn sundlaugum og látið kenna sund. Það hefir komið upp íþróttamótum, sem að öllum líkindum auka áhugann enn meir á íþróttum í landinu. Glímukenslu hefir það haldið uppi og margt fleira ótalið hefir það gert fyrir íþróttirnar. Skógræktina hefir það líka tekið upp á sína arma. Það hefir unnið að skógrækt með því að friða og girða skóglendi og með því að rækta nýgræðinginn. Auk þessa heldur sambandið úti mánaðarriti og hefir kostað útgáfu skógræktarrits, sem miklar vinsældir er að vinna sér í þessu landi og virðist ætla að gera mikið gagn.

Þetta næsta ár ætlar það sér að gefa út rit um heimilisiðnað og taka það mál að sér á sama hátt og skóggræðsluna.

Af þessu má sjá, hver áhugamál félagsins eru. Þau eru: alþýðufræðsla, líkamsmentir, skógrækt og heimilisiðnaður.

Nú ætlar það sér að fara að færa út kvíarnar og því fer það fram á aukinn styrk úr landssjóði.

Þessi styrkur, sem farið er fram á að sambandinu verði veittur, er nú samt ekki nema lítill hluti þess sem meðlimir sambandsins ætla sér að leggja til. Þeir gera sem sé ráð fyrir að leggja fimm króna nefskatt á mann, svo það sem þeir leggja fram mundi nema 10 þús. kr. í peningum, auk þess sem þeir leggja fram af vinnu, sem er mikið.

Hækkunin sem farið er fram á, mundi, þótt lítil sé, létta mjög mikið undir með að auka framkvæmdir sambandsins.

Mér finst fullkomin nauðsyn að styrkja þennan félagsskap, því allir hljóta að kannast við, hve ákjósanlegt það sé, að æskulýðurinn snúi sér með áhuga að nytsemdarmálum þjóðarinnar í stað þess að hlaupa eftir fánýtum og jafn vel oft miður hollum skemtunum. Mér finst því að þingið ætti að styðja þessa hreyfingu og veita sambandinu riflegan styrk.

Mér skildist á háttv. framsögum. fjárlaganefndarinnar, að þótt nefndin í heild sinni hefði ekki séð sér fært að sinna þessari beiðni, þá hefði samt meiri hluti hennar óbundnar hendur í atkvæðagreiðslu um þessa fjárveitingu. Eg vona að háttv. deild sjái, að hér er um nauðsynjamál að ræða og samþykki þessa breyt.till. mína.

**Stefán Stefánsson:** Eg á eina ofur meinlausa br.till. á þgskj. 406, sem fer fram á að veita Jósef Blöndal póstafgreiðslumanni á Siglufirði 5000 kr. lán til þess að byggja fyrir íbúðarhús. Hann hefir sent mér beiðni um að bera þetta fram hér á þinginu, og óskað eftir að eg leitaði umsagnar og meðmæli póstmeistara og landssímastjóra. Báða þessa menn hefi eg fundið viðvíkjandi þessu erindi, og hefir póstmeistarinn gefið beiðninni sín beztu meðmæli. Af vangá hefi eg ekki fengið meðmæli símastjóra, hann var farinn burt úr bænum áður en mig varði, svo eg get ekki lagt fram skrifleg meðmæli frá honum, en eg veit að hann er því hlyntur að þetta lán fáist.

Á Siglufirði er, sem kunnugt er, mikill fjöldi fólks á hverju sumri, bæði úr ýmsum sveitum landsins, en þó mestur fjöldinn útlendir fiskimenn, og annars konar starfsmenn. Af þessu leiðir, að mjög mikil afgreiðsla verður að fara fram næstum daglega á pósthúsinu. Það er því

mjög ilt, að þurfa að notast við aðra eins holu og pósthúsið er nú. Hvað símastöðina snertir, þá er hún að vísu nýlega flutt í plássmeira hús en hún var í áður, en þó svo lélegt að Siglfirðingar gátu ekki sjálfir notað það sem skólahús, og vilja þeir heldur baslast við þetta húsnæði til bráðabirgðu, heldur en rifa það niður, en gamall fiskhjallur er mér sagt að það sé. Annars finst mér það næstum sjálfsögð skylda þingsins að veita pósti og síma forsvaranlegan samastað. Það býðst Jósef Blöndal til að gera, ef hann fær þetta lán, og hann býðst til að veita fulla tryggingu fyrir endurgreiðslu lánsins, og enn fremur tekur hann það fram í bréfi til mín, að húsaleiga fyrir síma og póst skuli verða mjög rýmileg eða sanngjörn.

Það getur nú verið, að ekki séu mikil líkindi til þess að fé verði fyrir hendi til útlána úr viðlagasjóði, en þeim mun meinlausara er að samþykkja þessa br.-till., þótt hún verði þá gagnslaus fyrir þann sem annars hefði átt að njóta lánsins.

Eg sé ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta. Eg vona, að eg hafi skýrt svo ástæðurnar fyrir þessari tillögu, að menn sjái, að hér er ekki um neitt varhugavert fyrirtæki að ræða, þótt tilllagan verði samþykt.

**Ólafur Briem:** Eg á hér br.till. á þgskj. 428, um að veita til bryggjugerðar á Sauðárkróki, þó eigi yfir $^1/_8$ kostnaðar, alt að 6000 kr. Eg minnist þess ekki, að Alþingi hafi nokkurn tíma neitað um styrk til bryggjugerðar, þegar öll venjuleg skilyrði hafa verið fyrir hendi.

Annars stendur svo á á Sauðárkróki, sem kunnugt er, að þar eru meiri skipaferðir en víðast annarstaðar í verzlunarstöðum, þegar frá eru skildir kaupstaðirnir og þau kauptún, sem helzt er leitað til af útlendum fiskiskipum, svo sem Siglufjörður og Patreksfjörður. Árið 1911 hafa komið þar 61 skip talsins, 24 þús. smálestir. Útræði er þar nokkuð, en þó stopult vegna brima. Þar er góður botn og brúklegt skipalægi, en lending erfið. Úr þessu mundi bryggjan bæta. Háttv. framsögum. (P. J.) sagði, að upphæðin væri meiri en í núgildandi fjárlögum. Það er satt, en svo stóð á, að þegar til átti að taka, reyndist upphæðin, sem veitt var, 3000 kr., of lítil. Krabbe verkfræðingur hafði gert áætlunina. En síðan var leitað álits fleiri verkfræðinga, þar á meðal Geirs Zoëga, og álitu þeir, að bryggjan þyrfti að vera traustari og því dýrari.

Þar við bætist, að byggingarefni hefir stigið síðan Krabbe gerði áætlun sína, auk vörutollsins, sem bæzt hefir við síðan. Því hefir núgildandi fjárveiting reynst ófullnægjandi. Er hér því að ræða um endurfjárveiting að nokkuru leyti og tekin hæsta talan, þótt ekki sé víst og jafnvel ólíklegt, að svo mikið þurfi, en þá er girt fyrir að í sama farið sæki.

Ef þessi upphæð yrði feld, væri það einsdæmi í þingsögunni að tvennu leyti. Í fyrsta lagi af því, að sams konar fjárveitingum hefir aldrei verið neitað, þegar sömu skilyrði hafa verið fyrir hendi. Í öðru lagi er þetta endurveiting og hefir aldrei átt sér stað, að þingið hafi kipt að sér hendinni um fjárveiting, sem það einu sinni hefir veitt, enda er hér um alveg óviðráðanlegar orskakir að ræða.

Háttv. framsögum. gat ekki annars en að öll fjárlaganefndin væri á móti br.till. En því trúi eg ekki fyr en eg tek á.

**Eggert Pálsson:** Eg á enga br.-till. við þennan kafla fjárlaganna og ekki ætla eg mér að svara umræðum, þeim sem orðið hafa. En fjárlaganefndin hefir tekið upp 2 br.till., sem snerta

kjördæmi mitt og kjósendur, og tel eg mér því skylt að taka til máls og skýra nokkuð frá ástæðum þar að lútandi. Þessar brt. eru á þgskj. 350, 91 og 107. liður. Skal eg fyrst snúa mér að inni fyrri. Þar er farið fram á það, að veita til fyrirhleðslu fyrir Holtsá 3700 kr. f. á. Það er Holtsá undir Eyjafjöllum, sem hér er átt við. Þessi á hefir í mörg ár gert inn mesta usla undir Eyjafjöllum. Mér er persónulega kunnugt um, að öll sín búskaparár lagði prófasturinn sál. Kjartan Einarsson í Holti stórfé í að aftra skemdum á prestsetrinu. En á síðastl. ári sá hann, að sér mundi vera það ofurefli af eigin ramleik að halda ánni í skefjum, enda þótt hann nyti að fulltingis nágranna sinna eftir því sem þeim var auðið að láta í té. Var þá leitað til stjórnarráðsins, en það brást vel við og veitti til fyrirhleðslunnar 5247 kr., sem nú hefir verið leitað samþykkis þingsins á í fjáraukalögum. En þessi upphæð hefir samt ekki reynst fyllilega nægileg. Hún reyndist nóg til þess að bjarga bænum í Holti, en slægjur frá Holti og kirkjujörðum þar eru í voða. Fyrirhleðslan þarf sem sé að vera svo löng, að áin stefni beint út í Holtsós.

Til þess að sýna, hvílíka nauðsyn hér er um að ræða, skal eg leyfa mér að benda á, að landið er ágætt land, hreinn akur, má alt slá með sláttuvélum, jafnvel marga tugi hesta á dag. En ef ekki er að gert, fer alt þetta mikla og góða land í aur og verður til einskis gagns. Það má því sjá, að hér er mikið í húfi, og það því fremur sem hér er um eign landssjóðs að ræða, ekki 1 hndr., sem privatmenn eiga, heldur ekki kirkjujarðir tilheyrandi Holtsprestakalli. Það getur því ekki með neinu móti svarað kostnaði fyrir landssjóð að spara þessa fjárveitingu og láta þar með eyðileggjast svo mikla og góða eign.

Skal eg svo ekki fara fleiri orðum um þessa br.till. Eg hefi að eins viljað skýra háttv. þingdeildarm. frá, hversu hér er ástatt. Skjöl hafa að vísu legið fyrir hér um þetta mál, en getur þó hugsast að einhverjum hafi ekki verið fullljósar þær ástæður, sem hér að lúta, með því að ekki er hægt að heimta það, að háttv. þingm. geti kynt sér öll skjöl, sem þinginu berast.

Þá er hin brt., nr. 107 á þgskj. 350, sem fer fram á það, að viðlagasjóður megi lána Rangárvallasýslu alt að 14000 kr. til að kaupa jörðina Stórólfshvol, með hjáleigum, fyrir læknissetur, og til að hafa þar sjúkraskýli. Höfuðstóll og vextir lánsins greiðist með 6% árgjaldi í 28 ár. Þessi jörð er mjög fögur og gagnrík; þar eru ekki að eins mjög góðar slægjur, heldur og mikið land, sem hugsa má að eigi fagra framtíð fyrir höndum, á eg hér við Hvolsvöll, sem nú er kallaður, en í fornöld hét Rangárvellir hinir eystri. Ef járnbraut yrði lögð þar austur, er enginn vafi á því, að þar mundi rísa upp all-álitlegur bær, enda er völlurinn ið fegursta bæjarstæði, sem hægt er að hugsa sér, og öll skilyrði fyrir hendi til þess að bær geti dafnað þar; blómlegar og góðar sveitir hringinn í kring, og Eystri-Rangá þar rétt hjá, er veita mundi einum bæ vatn til neyzlu, rafmagn til lýsingar og leiða burtu allan sora. En þó þetta kunni að dragast, þá má og á annan hátt hugsa sér að gera Hvolsvöll vel arðberandi. Á ein lítil er þar fyrir ofan, er Fiská heitir; henni má veita, að vísu með nokkrum kostnaði, á völlinn og gera hann þannig gróðursælan. En hvorugt þetta hefir þó vakað fyrir sýslunefnd, er hún sótti um lánið. Meðfram hefir hún viljað ráða fram úr vandræðum, sem í sýslunni eru nú með læknissetur. Læknar þeir, sem í sýslunni hafa verið in síðari ár, hafa verið í vandræðum

með bústað, því að engin góð jörð hefir verið á lausum kili. Þótt allir vilji hafa lækna, vilja menn þó ógjarnan standa upp frá búum sínum læknisins vegna. Sýslunefndin hefir því ekki séð annað ráð vænna, en að kaupa jörð til læknisseturs. Og nú vildi svo til, að sýslunefndinni var gefinn kostur á þessari miklu og góðu jörð, raunar í öðrum tilgangi, sem sé til að setja þar upp lýðháskóla, sem menn hugsuðu sér að koma þar upp, en nú er sýnt að ekkert verður úr. En sýslunefndin hefir samt sem áður hugsað sér að halda áfram með að kaupa jörðina í því breyttu augnamiði, að hafa hana fyrir læknissetur. Með þessu vinst ekki eingöngu það, að með því sé fengið víst hæli handa lækninum, heldur lítur svo út fyrir, að menn þar eystra sætti sig við læknaskipunina, ef læknirinn er á Stórólfshvoli. En á undanförnum þingum hafa legið fyrir áskoranir frá Landeyingum og Eyfellingum um stofnun nýs læknishéraðs milli Þvarár og Jökulsár. Þessu munu menn falla frá, ef læknissetur yrði fastákveðið á Stórólfshvoli.

Eg get heldur ekki álitið neitt varhugavert fyrir landssjóð að veita þetta lán. Eg kannast að vísu við, að það er vel gert að veita lánið, en tel hér ekki um neitt principbrot að ræða, þótt þetta lán væri veitt, því landssjóður veitir þeim lán, sem kaupa kirkjujarðir og þjóðjarðir, og hví skyldi þá ekki vera eins réttmætt að veita sýslunefnd lán til að kaupa jörð, sem jafn brýn þörf er á að sýslan geti eignast eins og hér á sér stað.

Það er óskiljanlegt, að einstaklingum sé gert hærra undir höfði en sýslunefndum, ekki sízt þar sem hér er jafnframt um að ræða, að bæta úr þörf eða vand kvæðum alls þorra almennings í sýslunni. En þótt hér sé um að ræða jörð, sem hefir góð skilyrði í framtíðinni, eins og eg hefi bent á, þá er þó ekki að búast við slíkum umbótum þar í nánustu framtíð, og líklegast verður því jörðin til byrðar fyrir sýslusjóðinn fyrst um sinn. Því að ekki getur það komið til mála, að lækninum yrði leigð jörðin svo hátt sem svarar vöxtum og afborgun af kaupverði hennar. Sýslusjóði mundi því sennilega verða að blæða um full 200 kr. árlega, þótt hann komist að þeim lánskjörum, sem hér er farið fram á.

Þess vil eg að endingu geta, að landlæknir hefir mælt með lánveitingunni sterkt og vel í bréfi til stjórnarráðsins, og ættu hans meðmæli að styrkja málið, en eg vona, að mín ummæli hafi heldur ekki spilt neinu þar um.

---

Umræðunum var eigi lokið á nóni og var þá fundi frestað til kl. 5 síðd.

---

Kl. 5 síðd. var fundi haldið áfram.

Forseti skýrði frá, að útbýtt væri í deildinni:

Breyt.till. við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915. Frá Benedikt Sveinssyni (477).

Útbýtt var frá Ed.:

Breyt.till. við frumvarp til laga um forðagæzlu. Frá Jósef Björnssyni (478).

**Framsögum. (Pétur Jónsson):** Eg sé að hæstv. ráðherra er ekki við, en eg ætlaði að snúa mér að honum fyrst. Það er aldrei nema gott að brýna fyrir mönnum, að fara gætilega í fjárveitingum. Sérstaklega veik hæstv. ráðherra að lánsheimildum. Eg kannast við það, að of langt er farið, ef allar þessar tillögur verða samþyktar. En hæstv. ráðherra spurði, hvernig stjórnin ætti að fara að gagnvart þessum lánsheimildum. Sagði hann að menn væntust eftir að fá lánin, úr því að heimild

væri til í fjárlögunum, og ættu í rauninni nokkurs konar heimting á þeim. Eg vil nú benda á ummæli nefndarinnar um þetta efni í áliti hennar. Nefndinni var það ljóst, að eftir fjárhagsáætluninni, eins og útlit er fyrir að hún verði nú, þá má gera ráð fyrir töluverðum tekjuhalla. Því vill nefndin, að allur vari sé hafður og að menn geri sér ekki of háar vonir um heimildir þær, sem samþyktar verða. Þess vegna tekur nefndin það skýrt fram í álinu, að hér sé *að eins* um *heimildir* að ræða fyrir stjórnina, og leggur það alveg á hennar vald, hver lán eigi að sitja í fyrirrúmi. Þetta er ekki hægt að taka skýrara fram, og þar sem engin mótmæli hafa verið gerð gegn þessum ummælum, þá mega þau teljast gild fyrir stjórnina.

En hví leggur nú sjálf nefndin til að auka við þessar heimildir? Þegar menn líta til baka, hvernig þessi viðlagasjóður hefir orðið til, munu menn sjá það, að hann hefir ekki myndast við það, að áætlaður hafi verið tekjuafgangur í fjárlögunum, heldur við það, að tekjuáætlunin hefir verið gætileg, og niðurstaðan orðið sú, að næstum stöðugt hefir orðið tekjuauki fram yfir áætlun, svo mikill, að ekki einungis áætlaður tekjuhalli var greiddur þar af — sem stundum hefir verið 400—500 þús. kr. yfir fjárhagstímabilið — heldur einnig margar nauðsynlegar umframgreiðslur og óvænt útgjöld, svo sem t. d. móttökukostnaðurinn við konungskomuna og margt fleira. Þrátt fyrir þetta hefir oftast orðið töluverður afgangur. Og það er þetta, sem lánað hefir verið landsmönnum í fjöldamörg ár og er megineign viðlagasjóðsins. Það er að eins eitt fjárhagstímabil, svo eg muni, sem stjórnin hefir tekið fé til slíkra lána, sem landssjóður mátti ekki missa, og nú *varar* nefndin við því, að veitt verði nokkurt lán fyr en séð er, hvort fullnægt verði fjárveitingum í fjárlögum og nýjum lögum.

Þá skal eg snúa mér að einstökum breytingartillögum.

Viðvíkjandi brt. á þgskj. 428, um alt að 6000 kr. fjárveiting til bryggju á Sauðárkróki, skal eg geta þess, að nefndin legst ekki eindregið á móti henni, og býst eg við, að nefndin mundi greiða henni atkvæði, ef upphæðin væri sett nokkuru lægri, en þó hærri en í núgildandi fjárlögum, t. d. 4500 kr. Þessu skýt eg til háttv. flutningsm. (Ól. Br.) til athugunar, ef hann kynni að vilja taka brt. aftur og breyta henni til 3. umr.

Eg skal ekki fara nánara út í einstakar brt. nefndarinnar, læt mér nægja að vísa til nefndarálitsins. Að eins eina brt. langar mig að minnast á frá eigin brjósti. Það er 154. liður á atkvæðaskránni. Fyrri liðurinn er svo tilkominn, að eg hafði lagt fram fyrir Alþingi tillögu um nokkurs konar verzlunarerindreka. Eg hefi látið útbýta meðal háttv. þm. bréfi mínu þar að lútandi, þar sem ástæður eru færðar fyrir þessu. Eg þarf því ekki að vera langorður, get látið mér nægja að mestu leyti að skírskota til þessa bréfs míns. Hefi heldur ekki orðið var við, að neinum andmælum hafi verið hreyft gegn þessari uppástungu. Eg skal taka það fram, að það var upphaflega hugsun mín og okkar, sem að þessu stóðu, að sá maður, sem Kaupfélagasamband Norðurlands og Sláturfélag Suðurlands réðu, eftir samráði við stjórnarráðið, til þessa starfa, gæti meðfram orðið erindreki fyrir landið alt, þó að hann sérstaklega — einkum í byrjun — starfaði fyrir landbúnaðinn. Að minsta kosti gæti hann samrýmt við störf sín sölu á sjávarafurðum á Norðurlöndum. Eg skal

játa það, að eg tel það hæpið, að hann gæti tekið að sér erindisrekstur fyrir sjávarútveginn suður í löndum.

Eg vil líka benda á það, að meiningin var alls ekki, að hann starfaði fyrir sérstakar verzlanir, heldur landið alt í sameiningu. En þegar fjárlaganefndin gekk að því, að taka þessa tillögu upp, þá vildi hún jafnframt veita ámóta upphæð til erindreka fyrir sjávarútveginn, vegna þess að hún treysti því ekki, að sami maður gæti jafnframt unnið mikið að umbótum á verzlun sjávarafurða. Það var svo fjarri því, að eg væri þessu mótfallinn, að eg greiddi því atkvæði í nefndinni, þó að ekki lægi þar fyrir sams konar áætlun eða undirbúningur og í hinu tilfellinu. En nefndin bygði tillögu sína á því, að myndast mundu í þessari grein sams konar »korporationir« og kaupfélagasamböndin og samvinnufélagsskapurinn, sem þá mundi taka þetta að sér og yrði þá styrkurinn veittur þessum »korporationum«, gegn eigi minna framlagi annarstðar að, sem þá ekki væri á neinn hátt fengið með landssjóðsstyrknum til þessarar atvinnugreinar.

Eg vildi óska, að þessi byrjun gæti orðið til þess að við fengjum meira vald á erlendum markaði, en við nú höfum. Eg gæti haldið langan fyrirlestur um, hve nauðsynlegt það er, en hér er hvorki tími né tækifæri til þess. Þetta er ekki annnað en tilraun, en getur komið að góðum notum, ef vel er á haldið, og orðið byrjunin til annars meira. Og það er á valdi þingsins og þjóðarinnar að þetta haldi ekki lengi áfram, ef þetta kemur að litlu eða engu gagni.

Þá skal eg, áður en eg lýk máli mínu, geta þess viðvíkjandi brt. hv. þm. A.-Sk. (Þ. J.), að það er ekki af viljaleysi, að nefndin hefir ekki getað fallist á, að veita fé til þess að gera við lendinguna hjá Ingólfshöfða. Mér hefir alt af dottið í hug, þegar eg hefi farið þar hjá, hve mikið mein það væri, að hafa ekki góðan lendingarstað þar. En okkur fanst engin tryggin fyrir því, að þessi fjárveiting yrði annað en lítilfjörleg byrjun á afar-dýru fyrirtæki, sem ekki væri í neinu hlutfalli við hagsmuni þeirra fáu manna, sem þarna hafa gagn af.

**Magnús Kristjánsson:** Það eru að eins örfá orð viðvíkjandi verzlunarerindrekanum, sem háttv. framsögum. (P. J.) talaði um. Mér virtist hann hálfgert gefa það í skyn, að komast mætti af með einn mann, sem þá fyrst og fremst gætti hagsmuna landbúnaðarins, kaupfélaga og samvinnufélaganna. Auðvitað er erfitt að segja, hvað rétt er í þessu, en hræddur er eg um, að hann gæti ekki samrýmt öll þau störf, sem háttv. ræðumaður gat um, vegna þess, að þegar um sjávarafurðir er að ræða, þá fer sala á þeim fram á alt öðrum stöðum en sveitaafurðum. Það er því sennilegt, að eigi sami maðurinn að gæta hagsmuna allra atvinnuvega, þá verði það honum ofætlun. Hins vegar er ekki ástæða til að fara mikið út í þetta, þar sem nefndin hefir komist að þeirri niðurstöðu, sem áreiðanlega er heppilegust og notadrýgst — að hafa þessa erindreka tvo. — Sjávarútvegsnefndin hafði tekið þetta til athugunar, en þar sem hún var ekki skipuð fyr en talsvert var liðið á þingtímann og hefir ekki getað haldið nema fáa fundi, þá hefir hún orðið seinni til en fjárlaganefndin með þessar tillögur, en það er sama, hvaðan gott kemur, og sjávarútvegsnefndin getur því verið fjárlaganefndinni þakklát fyrir hana.

Eitt atriði er það þó, sem eg hefi dálítið að athuga við. Nefndin vill setja það skilyrði fyrir fjárveitingunni, að jafnmikill styrkur komi annarstaðar að. Það er ekki nema eðlilegt, að þeir menn, sem mestan hagnaðinn hafa af

þessu, leggi eitthvað fram sjálfir, ef hægt verður að koma því við.

Eftir tillögum nefndarinnar mega félög, sem landssjóðsstyrks njóta, ekki leggja neitt fram af þeim styrk, til þess að bera kostnaðinn við þessa fyrirhuguðu erindreki. Eg geri ráð fyrir, að tilætlunin sé, að þessu ákvæði verði stranglega framfylgt. En getur það ekki orðið örðugt að koma í veg fyrir það, sérstaklega þegar um félög er að ræða, sem landsstyrks hafa notið að undanförnu og kunna að hafa eignast einhverja sjóði á sama tíma. Mér virðist nokkuð vafasamt, hvort slík félög mættu verja nokkru af sjóði sínum í þessu skyni. Eg hefði ekkert á móti því, að af styrk, þeim sem Fiskifélagi Ísland ser veittur, mætti verja einhverju upp í þann kostnað.

Eg get nú ímyndað mér, að margir líti á þetta öðruvís en eg, en þótt þetta fengist ekki, þá efa eg ekki, að sú stétt, sem nýtur góðs af þessari tillögu, sé fús á að leggja eitthvað að mörkum.

**Framsögum. (Pétur Jónsson):** Mér þykir vænt um að heyra, að sjávarútvegsnefndin hefir orðið fegin tillögum fjárlaganefndarinnar og hún hefir hugsað um málið, þótt hún hafi ekki tekið það til meðferðar, eða komið með tillögu um það, sem þó hefði átt betur við. Eg hefði kosið, að málið hefði verið undirbúið af henni, en sökum tímaleysis áttum við ekki kost á að ráðgast um þetta við hana.

En eg verð að halda fast við skilyrði okkar fyrir fjárveitingunni. Í fyrsta lagi af því, að við, sem fyrir kaupfélagssamböndunum stöndum, höfðum aldrei hugsað okkur annað en við legðum fram helminginn af kostnaðinum og þá auðvitað með fé, sem ekki væri fengið úr landssjóði, vegna þess, að hann hefir aldrei styrkt þessi sambönd sem slík. Raunar hefir Sláturfélag Suðurlands notið styrks úr landssjóði, en það var ekki styrkur til annars en *stofnunarinnar*. Sama er að segja um styrkinn til smjörbúanna, sem nú er að hverfa úr sögunni. Það var að eins styrkur til þess að geta framleitt, en ekki til að greiða fyrir sölu á afurðunum.

Hugsun okkar er sú, að koma á erindrekum, sem landsstjórnin síðar meir geti að öllu leyti tekið í þjónustu landsins. En það er mikil áhætta að leggja út í slíkt — á kostnað landsins að öllu leyti — áður en nokkur trygging er fengin fyrir því, að þeir menn, er til starfsins veljast, séu því vaxnir og áður en þeir hafa fengið alment traust manna. Nú er ætlast til þess, að stofnanirnar leggi fram helming af áhættunni, þangað til það er séð, að þesssir menn komi að tilæluðum notum. Og það er vel til fallið. Þessir menn eiga ekki að hafa neitt óákveðið fyrir höndum, heldur er starfssvið þeirra alveg ákveðið, meðan þeir eru að kynna sér málin og æfa sig. Við höfum reynsluna fyrir því, hvernig það er að senda menn utan hluta úr ári, með alveg óbundnar hendur, og við þekkjum örðugleikana við það. Það kemur sjaldnast að tilætluðum notum. T. d. við saltkjötssöluna þurfum við að hafa mann að staðaldri erlendis, með fastri skrifstofu og föstum aðstoðarmönnum. En hann ætti líka að geta haft fleira með höndum, að minsta kosti með tímanum. Alt þetta á reynslan að sýna; við verðum að þukla okkur áfram og það er ekki nema sanngjarnt, að þeir menn, sem koma til að hafa aðalhagnaðinn af þesssu, leggi eitthvað í áhættuna líka. Mér dettur í hug, mönnum þyki kannske nokkuð hátt að ætla þessum manni 8000 kr. — eg hafði nú stungið upp á 10,000 kr. En menn verða að gæta

þess, að eigi góður maður að fást, þá verður hann að vera sæmilega launaður jafnvel þótt hann sé byrjandi. Slátturfélagið vil auðvitað engu kosta til, nema það geti sent sinn trúnaðarmann. Og hann hlýtur að verða nokkuð dýr. Hann þarf meðal annars að hafa talsvert í ferðalau, því að hann verður að fara bæði um Norðurlönd og Þýzkaland og líka heim til Íslands við og við, til að fylgjast með í því, hvernig þar stendur á og hafa tal af mönnum. Hann má heldur ekki hafa neina aðra atvinnu, sem kemur í bága við starf hans. Hagsmunir hans sjálfs mega ekki geta orðið þess valdandi að hann halli málum.

Annars er óþarfi að tala mikið meira um þetta. Það hefir ekki sætt neinum mótmælum. Og háttv. þm. Ak. (M. Kr.) er mér alveg sammála í aðalatriðunum. Að eins hefir hann þá trú, að einn maður mundi ekki nægja. En það var heldur ekki annað en það, sem eg skaut fram, að ef til vill mundi einn maður nægja í bráð. En það er svo langt frá, að eg muni greiða atkvæði á móti því, að tveir menn verði sendir — enda hefir og fjárlaganefndin gert það að tillögu sinni.

**Ólafur Briem:** Eg er þakklátur háttv. framsögum. (P. J.) fyrir skýringu hans viðvíkjandi afstöðu nefndarinnar til breyt.till. minnar um fjárveitingu til bryggjugerðar á Sauðárkrók, þeirri afstöðu, að nefndin er ekki fjarri því, að tekin verði upp endurveiting á þessari fjárveitingu, nokkuð hærri en 1911 — þá var fjárveiting 3000 kr. En mér skildist svo sem nefndinni þætti 6000 kr. í hæsta lagi. Það getur auðvitað verið álitamál, en annars er ekki mikið, sem milli ber. Þó að nefndar séu 6000 kr. í breyt.till., þá er það með því fororði, að það sé veitt alt að þeirri upphæð. Fjárveitingin takmarkast þannig á tvennan hátt. Í fyrsta lagi er það áreiðanlegt, að ekki þarf meira en þessar 6000 kr. og héraðið leggi fram $^{2}/_{3}$ hluta og í öðru lagi getur verið að 6000 kr. sé óþarflega há uppbæð, en þá sparast líka afgangurinn. En þegar um slík þarfa-fyrirtæki sem þetta er að ræða, þá skifta nokkur hundruð krónur fjárhag landsjóðs ekki miklu. Það ber og að líta á, að þetta er framleiðslu-fyrirtæki, þar sem það greiðir mikið fyrir sjávarúthaldi og kemur landssjóði óbeinlínis til gagns með auknum gjöldum. Og þar sem svo mikið er um skipaferðir þarna og það af þeim skipum, sem landssjóður styrkir til ferðanna, þá skiftir það miklu, að afgreiðslan geti gengið liðlega. Það geta tapast mörg hundruð krónur við það, að skipin tefjast. Eg get því ekki séð betur en viðunandi sé að breyt.till. standi eins og hún er framkomin, sérstaklega þar sem þetta hérað hefir ekki farið fram á háar kröfur á undanförnum þingum og þetta er eina fjárbeiðnin, sem kemur þaðan nú. Líka ber þess að gæta, að héraðið er stórt og gefur landssjóði allmiklar tekjur, einkum tolltekjur. Eg vona því að bæði háttv. nefnd og deild geti fallist á þessa breyt.till mína.

---

Fleiri tóku eigi til máls, og var þá gengið til atkvæða.

ATKV.GR. um 16.—21. gr.:

*16. gr.*

141. brt. 350, 88, samþ. án atkvgr.

142. brt. 401, feld með 14:10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Jón Jónsson | Eggert Pálsson |
| Bjarni Jónsson | Einar Jónsson |
| Björn Kristjánsson | Guðm. Eggerz |
| Halldór Steinsson | Jóh. Jóhannesson |
| Jón Ólafsson | Jón Magnússon |
| Kristinn Daníelsson | Kristján Jónsson |
| Magnús Kristjánss. | Lárus H. Bjarnason |

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Matthías Ólafsson | Pétur Jónsson |
| Stefán Stefánsson | Sig. Sigurðsson |
| Þorleifur Jónsson | Skúli Thoroddsen |
| | Tryggvi Bjarnason |
| | Valtýr Guðmundss. |

Benedikt Sveinsson fjarver. Hannes Hafstein og Ólafur Briem greiddu eigi atkv. og voru taldir til meiri hlutans.

143. brt. 350, 89, samþ. með 16 : 1 atkv.

144. brt. 418, samþ. með 9 : 6 atkv.

145. brt. 350, 90, samþ. með 21 : 1 atkv.

146. brt. 350, 91, samþ. með 17 shlj. atkv.

147. brt. 350, 92, samþ. með 17 shlj. atkv.

148. brt. 398, samþ. með 16 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Einar Jónsson |
| Jón Jónsson | Jóh. Jóhannesson |
| Bjarni Jónsson | Kristján Jónsson |
| Björn Kristjánsson | Lárus H. Bjarnason |
| Guðmundur Eggerz | Magnús Kristjánss. |
| Halldór Steinsson | Pétur Jónsson |
| Kristinn Daníelsson | Sig. Sigurðsson |
| Ólafur Briem | Valtýr Guðmundss. |
| Skúli Thoroddsen | |
| Tryggvi Bjarnason | |
| Þorleifur Jónsson | |

Benedikt Sveinsson fjarver. Hannes Hafstein, Jón Magnússon, Jón Ólafsson, Matthías Ólafsson og Stefán Stefánsson greiddu eigi atkv. og voru taldir til meiri hlutans.

Brt. 472 (of seint fram borin, en leyfð), samþ. með 17 shlj. atkv.

149. brt. 350, 93, samþ. með 16 shlj. atkv.

150. brt. 350, 94, samþ. með 16 shlj. atkv.

151. brt. 350, 95, samþ. með 15 shlj. atkv.

152. brt. 462, feld með 11 : 7 atkv.

153. brt. 384, samþ. með 19 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Guðmundur Eggerz |
| Jón Jónsson | Hannes Hafstein |
| Benedikt Sveinsson | Jóh. Jóhannesson |
| Bjarni Jónsson | Kristján Jónsson |
| Björn Kristjánsson | Lárus H. Bjarnason |
| Einar Jónsson | Pétur Jónsson |
| Halldór Steinsson | |
| Jón Magnússon | |
| Jón Ólafsson | |
| Kristinn Daníelsson | |
| Magnús Kristjánsson | |
| Matthías Ólafsson | |
| Ólafur Briem | |
| Skúli Thoroddsen | |
| Stefán Stefánsson | |
| Tryggvi Bjarnason | |
| Valtýr Guðmundss. | |
| Þorleifur Jónsson | |

Sig. Sigurðsson greiddi ekki atkv. og taldist til meiri hlutans.

154. brt. 350, 96, fyrri liður, samþ. með 20 : 2 atkv.

154. brt. 350, 96, síðari liður, samþ. með 19 : 1 atkv.

155. brt. 350, 97, samþ. með 20 shlj. atkv.

156. brt. 350, 98, samþ. með 19 shlj. atkv.

157. brt. 395, fyrri liður, feldur með 10 : 7 atkv.

157. brt. 395, síðari liður, samþ. með 17 : 2 atkv.

158. brt. 421, samþ. með 13 shlj. atkv.

159. brt. 350, 99, 29, sþ. með 12 : 5 atkv.

159. brt. 350, 99, 30, samþ. með 13 : 2 atkv.

159. brt. 350, 99, 31, samþ. með 15 : 2 atkv.

159. brt. 350, 99, 32, samþ. með 16 shlj. atkv.

160. brt. 428, samþ. með 14 shlj. atkv.

161. brt. 436, samþ. með 15 shlj. atkv.

16. gr., þannig breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

*17. gr.*

samþ. með 24 shlj. atkv.

*18. gr.*

162. brt. 350, 100, samþ. með 18 shlj. atkv.

163. brt. 350, 101, fyrri liður, samþ. með 14 shlj. atkv.

163. brt. 350, 101, síðari liður, samþ. með 14 shlj. atkv.

164. brt. 392, samþ. með 15 shlj. atkv.

165. brt. 350, 102, samþ. með 16 shlj. atkv.

166. brt. 387, feld með 11 : 5 atkv.

18. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

*19. gr.*

óbreytt var samþ. með 23 shlj. atkv.

167. viðaukatill. 350, 103, við 19. gr., samþ. með 19 shlj. atkv.

Þessi till. verður 20. gr.

*20. (21.) gr.*

168. brt. 350, 104, samþ. með 16 shlj. atkv.

169. brt. 373 við 3, feld með 15 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Benedikt Sveinsson | Eggert Pálsson |
| Bjarni Jónsson | Jón Jónsson |
| Björn Kristjánsson | Einar Jónsson |
| Jón Magnússon | Guðmundur Eggerz |
| Kristinn Daníelsson | Halldór Steinsson |
| Magnús Kristjánss. | Hannes Hafstein |
| Matthías Ólafsson | Jón Ólafsson |
| Skúli Thoroddsen | Kristján Jónsson |
| Tryggvi Bjarnason | Lárus H. Bjarnason |
| Þorleifur Jónsson | Ólafur Briem |
| | Stefán Stefánsson |
| | Valtýr Guðmundss. |

Þessir greiddu ekki atkvæði og töldust til meiri hlutans: Jóh. Jóhannesson, Pétur Jónsson, Sig. Sigurðsson.

170. brt. 350, 105 við 4, samþ. með 13 shlj. atkv.

171. brt. 420 við 350, 106, feld með 12 : 4 atkv.

172. brt. 350, 106 við 4, samþ. með 14 : 3 atkv.

173. brt. 350, 107 við 4, samþ. með 14 : 3 atkv.

174. brt. 386, samþ. með 11 : 7 atkv.

175. brt. 350, 108 við 4, samþ. með 12 : 4 atkv.

176. brt. 350, 109 við 4, samþ. með 10 : 8 atkv.

177. brt. 350, 110 við 4, sþ. með 15 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Jón Jónsson | Eggert Pálsson |
| Benedikt Sveinsson | Björn Kristjánsson |
| Bjarni Jónsson | Guðmundur Eggerz |
| Einar Jónsson | Halldór Steinsson |
| Jóh. Jóhannesson | Hannes Hafstein |
| Jón Ólafsson | Jón Magnússon |
| Kristinn Daníelss. | Matthías Ólafsson |
| Kristján Jónsson | Ólafur Briem |
| Lárus H. Bjarnason | Sig. Sigurðsson |
| Magnús Kristjánss. | Valtýr Guðmundss. |
| Pétur Jónsson | |
| Skúli Thoroddsen | |
| Stefán stefánsson | |
| Tryggvi Bjarnason | |
| Þorleifur Jónsson | |

178. brt. 350, 111 við 4, sþ. með 18 shlj. atkv.

179. brt. 416 við 4, feld með 13 : 4 atkv.

180. brt. 419 við 4, feld með 8 : 8 atkv.

20. (21.) gr., með áorðnum breytingum, samþ. með 23 shlj. atkv.

*21. (22.) gr.*

óbreytt, samþ. með 19. shlj. atkv.

7. gr. frv., með áorðnum breytingum, samþ. með 18 shlj atkv.

Fyrirsögnina taldi forseti samþ. án atkvgr.

Samþ. var í einu hljóði, að fjárlagafrumvarpið gengi til 3. umr.

Fundi slitið.

## 39. fundur.

Miðvikudag 20. Ágúst 1913, kl. 12 á hád.

Dagskrá:

1. Frv. til viðaukalaga við lög nr. 24, 9 Júlí 1909, um samþyktir um kornforðabúr til skepnufóðurs (190, 285, 308, n. 365 og 433); 3. umr.
2. Frv. til laga um að landssjóður leggi Landsbankanum til 100 þúsund krónur á ári í næstu 20 ár (123, 211, 254); 2. umr.
3. Frv. til laga um strandferðir (367, 368); 2. umr.
4. Frv. til laga um friðun æðarfugla (219, n. 409); 2. umr.
5. Frv. til laga um sauðfjárbaðanir (441); 1. umr.

Allir á fundi.

Fundargerð síðasta fundar samþ. og undirskrifuð.

Forseti skýrði frá, að samkv. bréfi dags. í dag, frá forseta Ed. hefði — Frv. til laga um bæjarnöfn verið samþykt þar í deildinni og verði afgreitt til ráðherra sem lög frá Alþingi.

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið í deildinni:

1. Breytingartillögum við frv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915 á þingskjölunum 488 og 489.

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið frá Ed.:

1. Frv. til laga um umboð þjóðjarða. Eftir 2. umr. í Ed. (483).
2. Frv. til laga um sérstaka dómþinghá í Öxnadalshreppi (480). Eftir 3. umr. í Nd.
3. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 30, 10. Nóv. 1903, um leynilegar kosningar og hlutfallskosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum. Eftir 3. umr. í Nd. (481).
4. Frv. til laga um forðagæzlu. Eftir 2. umr. í Ed. (470).
5. Nefndaráliti um frv. til laga um sölu á kirkjujörðinni undir Felli með hjáleignnni Snæringsstöðum í Vatnsdal í Húnavatnssýslu (473).
6. Breytingartillögu við frv. til laga um breyting á lögum um vörutoll 22. Okt. 1912. Frá Þórarni Jónssyni (485).
7. Breytingartillögu við breytingartillögu á þgskj. 485. Frá Eiríki Briem (490).
8. Breytingartillögu við frv. til laga um bæjanöfn. Frá Einari Jónssyni (491).

Forseti skýrði frá, að lagt hefði verið fram á lestrarsal:

1. Erindi frá sýslumanninum í Dalasýslu (fyrir hönd sýslunefndar), þar sem farið er fram á:
   1. að vegurinn frá Laxárheiði til Höskuldsstaða verði gerður að þjóðvegi.
   2. að veitt verði fé til brúar á Ljá, Fáskrúð og Kjarlagstaðaá.
   3. að veitt verði fé til lendingabóta í Búðardal (2000 kr.)
   4. að veitt verði fé til bryggjugerðar í Salthólmavík.
2. Erindi um ellistyrk frá Þorvarði Bergþórssyni, ásamt meðmælum þingmanns Dalamanna.
3. Erindi frá Axel V. Tulinius fyrir hönd bróður síns Þórarins, þar sem farið er fram á að veittar verði árlega 2000 kr. til þess að halda uppi reglubundnum flutningaferðum á

bifreiðum á Fagradalsbrautinni milli Reyðarfjarðar og Héraðs (8 figskj.).

FRUMVARP til laga um strandferðir (367, 368); 2. umr.

**Valtýr Guðmundsson:** Þetta frv. mætti svo góðum undirtektnm síðast hér í deildinni, að það fékk öll atkvæði til 2. umr. og engin br.till. var við það gerð. Þetta er merki þess, að háttv. deild hefir geðjast vel að því, enda fylgja samgöngumálanefndir beggja deilda því fram.

Markmiðið er að koma skipaferðunum á innlendar hendur, og eins og sjá má á frumv., hefir nefndin hugsað sér til þess tvær leiðir. Fyrri leiðin, sem ætlast er til að reynd verði, er sú, að einstaklingar — það er að segja félag — taki að sér strandferðirnar. Það er sem sé skoðun margra, að það fyrirkomulag muni borga sig betur. En ef þetta tekst ekki, þá álítur nefndin að það sé ekki hættulegt, að landið taki þær sjálft að sér, þótt búast mætti við að arðsvonin kynni að vera heldur minni með því fyrirkomulagi.

Eg vona, að háttv. þingm. hafi tekið eftir því, að í nefndarálitinu eru tvær áætlanir, önnur sem nefndin hefir gert, en hin eftir hr. Tulinius. Ef borinn er saman mánaðarkostnaðurinn við útgerðina í þeim áætlunum, þá sést, að nefndin hefir áætlað hann miklu ríflegri, sem sé 9413,33 kr., en Tulinnius, sem reiknar hann ekki nema 5730 kr. Munurinn er nær því 3,700 kr., og á $6^1/_2$ mánuði verður hann um 24000 kr. Svo varlega vildi nefndin fara til þess að vera viss um, að áætlunin verði ábyggileg og kostnaðurinn fari ekki fram úr henni. En þrátt fyrir þetta er þó niðurstaðan sú, að með líkum tekjum og að undanförnu, ætti samt að verða tekjuafgangur, samkv. áætlun nefndarinnar, 37,600 kr. á ári. Fyrningargjald er áætlað mjög ríflega, 10%, en vanalegt er að áætla það 5%, og í bréfi Hendriksens, sem mun þó heldur fara lengra en skemra í því efni, er það jafnvel ekki talið nema 5—6%. Nefndin miðaði þar við það sem tíðkast um fiskiskip og þar er siður að miða við 10 ár, en um verzlunarskip aftur á móti við 20 ár, en þá verður gjaldið helmingi minna.

Eg sé ekki ástæðu til að segja fleira, meðan engin mótmæli koma fram, heldur læt mér nægja, að vísa til nefndarálitsins.

**Ólafur Briem:** Eg skal viðurkenna það, að háttv. nefnd hefir hér haft mikið og vandasamt starf með höndum. Annað mál er það, hvort henni hefir tekist að leysa fyllilega úr þeim vanda, og eg verð að segja það, að eg er hikandi í því, að samþykkja sumar af till. hennar

Eg er fullkomlega samdóma henni um aðalmarkmiðið, að koma strandferðunum á innlendar hendur, svo fljótt sem auðið er. En um aðferðina til þess er öðru máli að gegna. Eg skal nú fyrst minnast á bending hæstv. ráðh., áhrærandi strandferðirnar, sem var sú, að millilandaskipin kæmu við á öllum helztu viðkomustöðum kringum land, og svo yrðu flóabátarnir hafðir til Þess, að sigla þaðan á smærri hafnirnar. Þá skilst mér svo, að sérstök strandferðaskip mættu falla burt. Með því væri fyrirbygt það stórhneyksli, að tvö skip, sem bæði njóta fjárstyrks úr landssjóði, séu keppinautar, þannig, að þau elti hvort annað á röndum kringum landið og fari frá sömu stöðum á sama tíma. Eg skal nú ekki dæma um það, hvort þetta fyrirkomulag kann ekki að öðru leyti að hafa einhverja agnúa. En hins sakna eg, að ekkert skuli standa um þetta í nefndarálitinu.

Það var rétt hjá háttv. framsögum.,

að í nefndarálitinu eru tvær áætlanir, önnur frá háttv. nefnd, en hin frá hr. Tuliniusi. En þó að in síðarnefnda sé að nokkru leyti áætlun, þá er þar svo ógreinilega ruglað saman skýrslu og áætlun, að það verður alt saman lítt ábyggilegt að minni hyggju. Hv. nefnd vitnar þó í þetta, og má sjá, að hún hefir bygt afar-mikið á þessu, sem hún kallar »greinilegar upplýsingar«. Eg er nú ekki á því, að kalla það því nafni, því að þar er jafnvel áætlun um það sem liðið er (1912) og sem svo er bygt á fyrir ókominn tíma. Áætlun á eftir eðli sínu að snerta framtíðina, en ekki það sem reynslan er búin að sýna, og þykir mér þetta því all-undarlegt.

Eins og eg sagði áðan, er eg samþykkur markmiði frumvarpsins, og þess vegna er eg meðmæltur 1. gr. þess, um að kaupa hluti í Eimskipafélagi Íslands. Það er beinasti vegurinn til þess að koma strandferðunum á innlendar hendur, sem hingað til hefir ekki getað orðið, af því að ekkert innlent eimskipafélag var til. Nú ætti að vera opinn vegur til þess. En þar sem háttv. framsögum. sagði, að það, að engin br.tilll. væri fram komin, benti á, að einstakir þingmenn myndu samþykkja frumvarpið, eins og nefndin hefir frá því gengið, þá er það ekki þar með sagt. Eg mun samþykkja 1. gr., en ekki 3 inar næstu, um landssjóðsútgerðina. Það er gömul reynsla fyrir því, og alment viðurkend, að margt, sem stjórn lætur gera, vill verða dýrara, en það sem einstakir menn gera, sem eiga eigin hagsmuna að gæta. Og þótt eg hafi mikla trú á því, að rekstur fyrirtækja á landssjóðs reikning gæti borið sig undir vissum kringumstæðum og verið æskilegur, þá lízt mér ekki á hana eftir þessu frv.

Æskilegur gæti þannig lagaður rekstur fyrirtækja verið, einkum vegna þess, að þá væri hægt að koma á föstu skipulagi í stað reglulausrar samkepni.

Eg veit, að frjáls samkepni þykir hljómfagurt orð, en hvort það er jafnhaldgott og fast skipulag, þegar bæði er litið til reynslunnar og þess, sem búast má við í framtíðinni, — það er annað. Frjáls samkepni getur orðið að því, þegar jafnir eigast við, að sá sem er meiri máttar, geri sér allmikinn skaða til þess að geta eyðilagt hinn og náð sér niðri með stórhagnaði eftir á. Skilyrðið, sem oftast er nauðsynlegt fyrir öllum landssjóðsrekstri á fyrirtækjum, er, að hann hafi einkarétt, svo að hann þurfi ekki að taka þátt í inni svo köllluðu frjálsu samkepni, sem svo oft tekur meiri og minni gönuskeið. Og þegar verið er að vitna í það, hve vel t. d. póstferðir og símar beri sig, þá verða menn að muna það, að þar hefir landið einmitt einkarétt. Og það væri því óeðlilegra, að landið færi að taka ríkan þátt í samkepninni um strandferðirnar, sem það stendur þar illa að vígi, sérstaklega — eins og bent var á við 1. umr. — af því, að það ræður ekki yfir millilandaferðunum, en að þær séu í sömu höndum og strandferðirnar, væri mikill hagnaður fyrir alla. Fyrir það félag, sem hefði hvorttveggja, væri það sá beini hagur, að þá væri ætíð fenginn viss flutningur handa strandferðaskipunum, með þeim flutningi. sem millilandaskipin færðu þeim. En gagnvart landsmönnum kæmi hagnaðurinn fram í því, að ekki yrðu aukin flutningsgjöld fyrir vörur til neinna staða á landinu með strandferðaskipunum, heldur yrðu þau jöfn fyrir alla.

Mig minnir að háttv. framsm. (P. J.) segði það við 1. umr., að honum þætti það ekki nema eðlilegt, að þeir staðir, sem vel er í sveit komið, nytu þess, en útkjálkarnir yrðu að sætta sig

við lakari kjör. Eg skoða nú þessa landssjóðsútgerð eins og nokkurs konar samvinnufélagsskap. En það er grundvöllur alls samvinnufélagsskapar, að allir meðlimir hans skuli hafa sömu kjör, þótt þeir eigi ólíka aðstöðu. Og það getur líka vel átt sér stað án þess að skaða þá, sem betri aðstöðu eiga. Dæmi þess er það, að ef ætti að senda vörur héðan í aðra fjórðunga með hækkuðu flutningsgjaldi, þá mætti vel vera, að menn vildu losast við það, með því að fá þær með með öðrum skipum — og þau eru til. Þá hefðu strandferðaskipin ekki einu sinni þetta lægra flutningsgjald, og ef þau hafa of lítinn flutning, þá væri skaði að þessari hækkun fyrir báða hlutaðeigendur.

Það sýnist reyndar svo á bréfinu frá bráðabirgðastjórn Eimskipafélagsins, sem þar ríki nokkur tregða á því, að félagið taki að sér strandferðirnar, þótt þar séu höfð góð orð. En eg skil ekki í því, að á því geti staðið, ef landið leggur til svo mikið stofnfé, að félagið þurfi ekki sérstaklega að leggja á sig neinar byrðar vegna strandferðanna, og í öðru lagi tekur að sér áhættuna, þannig, að félagið ábyrgist að eins að gefa rétta reikninga. Þá ætti þetta að vera aðgengilegt fyrir félagið, því að allar líkur eru til þess, að strandferðirnar borgi sig betur í höndum félagsins en stjórnarinnar.

Í fyrsta lagi af því, að félagið hefir sjálfsagt nokkrar millilandaferðir. Og þótt bráðabirgðastjórnin segi, að ekki sé gerlegt að halda úti 2 strandferðaskipum, en ekki nema einu millilandaskipi, þá ætti ekkert að draga úr afli félagsins til millilandaferða, ef landssjóður leggur nóg fé til strandferðaskipanna.

Í öðru lagi er miklu meiri trygging fyrir því, að þekking og framkvæmd verði í lagi hjá félaginu, en stjórninni. Þetta er ekki sagt af neinni tortrygni til hennar, heldur af því, að hún stendur þar vitanlega miklu ver að vígi, að eiga að bera ábyrgð á því, sem hana vantar þekkingu til að annast.

Eftir því sem mér skilst á áliti samgöngumálanefndarinnar, þá er þetta fyrirkomulag að eins hugsað til bráðabirgða. En það er einmitt sem bráðabirgðafyrirkomulagi, að eg er aðallega á móti því. Ef hugmyndin er sú, að landssjóður taki sjálfur að sér útgerðina, taki að sér áhættuna og tapið, sem hlýtur að verða töluvert í byrjuninni, í þeirri von, að hann mundi vinna það upp aftur er lengra léti, þá væri það fyrir sig. En ef hann á að sleppa því aftur, þegar þeir menn er með útgerðinga hafa haft að sýsla, eru orðnir hygnir af skaðanum og kunna betur með alt að fara, þá er það óumflýjanlegt að landssjóður bíði mikinn skaða. Þetta er það sem eg hefi aðallega á móti frumv. Jafnvel þó að eg telji æskilegt að koma fyrst þeirri hugsjón í framkvæmd, að koma skipaferðum kringum landið á innlendar hendur, þá tel eg hyggilegra að bíða við og hafa einfaldara bráðabirgðafyrirkomulag í því trausti, að Eimskipafélag Íslands geti tekið alt að sér innan skams.

**Bjarni Jónsson:** Það er að eins östutt athugasemd. Eg vildi lýsa yfir því sem fyrst, að eg er frumv. fylgjandi og tel það í alla staði vel ráðið, sem hér er farið fram á. Um leið vil eg lýsa undrun minni, ef Eimskipafélagi Íslands þykja sér ekki gerðir góðir kostir, þar sem það á að fá helming alls hlutafjárins úr landssjóði, og auk þess þann styrk, sem þarf til þess að láta strandferðirnar bera sig. Strandferðirnar í höndum Íslendinga eru ekki það háskafyrirtæki, að við þurfum að gjalda til þeirra mikið kenslufé, hvort sem stjórnin eða Eimskipafélagið hefir þær

með höndum. Þó að félögin, sem hafa rekið strandferðirnar, hafi ekki getað látið þær bera sig, er það svo auðsæum göllum að kenna, að úr þeim er enginn vandi að bæta. Eg nefni t. d. þann gallann, að láta hvorn bátinn ganga að eins meðfram helmingnum af ströndinni og mætast á Akureyri, í stað þess að láta þá báða ganga hringinn í kringum landið annan vestur um og hinn austur um, og sjá svo um, að hæfilega langur tími liði á milli þess að þeir koma á hverja höfn. Með þessu móti yrðu samgöngurnar greiðari, mönnum gert þægilegra að nota skipin, og þá væru öll líkindi til að flutningur og ferðalög færu vaxandi. Eg er fullviss um að Íslendingum verður engin skotaskuld úr að haga strandferðunum þannig, að þær gera miklu meira en að bera sig, eg nærri treysti mér að gera það sjálfur, þó að eg hafi aldrei fengist við skipaútgerð. Það er alt annað að vera innlendur maður og þekkja til frá fæðingu, hvernig öllu er hér háttað, eða útlendingur, þó að hann aldrei nema hafi náin kynni af viðskiftum landsins. Það er ekki til svo glöggur útlendingur, að hann sjái eins vel og innlendur maður, hvað bezt hentar hér á landi. En því betur sem reynt er að fylgja þörfum landsmanna, því vinsælli verða ferðirnar, og með því eina móti er hægt að láta þær bera sig.

Eg trúi því ekki, að Eimskipafélagið haldi áfram að hliðra sér hjá að taka þessu ágæta boði, en ef framkoma þess verður þannig, þá er það ið eina rétta, að landið sjálft taki að sér strandferðirnar. Það stendur á sama, hvort stjórnin eða Eimskipafélagið tekur að sér ferðirnar, því að í báðum tilfellunum verður skipunum stjórnað af mönnum, sem náin kynni hafa af landinu, svo að þeim getur aldrei stórlega mistekist. Þetta yrði þá auðvitað ekki til bráðabirgða, heldur tæki landssjóður að sér strandferðferðirnar fyrir fult og alt. Það mundi sýna sig, að hann tapaði ekki á þeim.

Eitt var það sem eg gleymdi áðan. Strandferðaskipin eiga ekki að lesa upp hverja vík og hvern vog hringinn í kringum landið. Þar eiga að vera smábátar, sem taka við af strandferðaskipunum.

Það má ekki láta annað eins mál og þetta bíða ár frá ári. Það er alveg rangt. Það getur verið gott að vera varfærinn, en þá verður maður að vera varfærinn í fleiru en einu tilfelli. Þegar biðin kostar svo mikið, að hún nemur andvirði strandferðaskips á einu ári, þá er það engin varfærni og því síður fyrirhyggja, að láta það bíða að kaupa það.

Eg læt nægja þessa stuttu athugasemd, sem eg hefi nú gert. Ef mér þykir þurfa, þá mun eg koma með nánara yfirlit við 3. umræðu. En eg hygg, að naumast sé þörf á því, því að nefndin hefir að minni skoðun unnið vel og gert rétt í öllu, sem hún hefir gert.

**Framsm. (Valtýr Guðmundsson):** Háttv. 1. þm. Skgf. hefir gert nokkrar athugasemdir við álit nefndararinnar, og eru þær náttúrlega mikils verðar að mörgu leyti, en eg held þó, að flest það sem hann tók fram hafi verið tekið til athugunar í nefndinni. Eg held því, að þegar öllu er á botninn hvolft, þá greini hann og nefndina ekki mikið á, þó að svo kunni að líta út í fljótu bragði af ræðu hans.

Að því er það snertir, að of lítið sé sagt um flóabátana í nefndarálitinu, þá getur það verið satt. En eg skal geta þess, að von er á framhaldsnefndaráliti, þar sem það spursmál verður tekið til rækilegrar meðferðar, og mun nefndin

koma fram með tillögur þar að lútandi.

Það var rétt, sem háttv. þm. (Ól. Br.) sagði, að því þurfti að koma svo fyrir, að flóabátarnir, strandferðaskipin og millilandaskipin tefðu ekki hvert fyrir öðru með því að koma á hafnirnar á sama tíma. Nefndin hefir tekið þetta til íhugunar og er sammála háttv. þm. (Ó. Br.), að nauðsynlegt sé að koma skipaferðunum í samanhangandi kerfi, svo að hvert skipið taki við af öðru. Mun verða gerð nánari grein fyrir þessu í framhaldi nefndarálitsins.

Annars hefir nefndin ekki treyst sér til að gera alt, sem gera þarf í þessu efni. Til þess þurfa svo margvíslegar upplýsingar, sem nefndin hefir engin tök á að afla sér. Tillögur hennar eru því engan veginn annað en bráðabirgðatillögur. Hins vegar hefir hún hugsað sér, að þetta mál verði tekið til rækilegrar íhugunar, og hún býst við að það verði gert af stjórnarráðinu. Til þess þyrfti sérstakan mann, er veitti stjórninni ráðunautsaðstoð til þess að rannsaka þetta mál til hlítar.

Samgöngumálin á sjó þyrftu að vera undir sérstakri stjórn, engu síður en póstmálin, símamálin og vegamálin. Er von á tillögum frá samgöngumálanefndinni í þá átt.

Nefndin hefir líka tekið það til íhugunar, hvort tiltækilegt væri að sleppa stærri strandferðaskipunum og láta nægja að millilandaskipin kæmu í þeirra stað og flóabátarnir tækju síðan við af þeim. Það var megn mótstaða móti þessu í nefndinni. Að því er virtist, þá voru skýr rök færð fyrir því, að ekki væri hægt að komast af án stærri strandferðanna, þó að flóabátarnir væru líka. Þá vill nefndin hafa næstum eins marga og hæstv. ráðherra stakk upp á, og álítur að ekki verði komist af án þeirra, jafnvel þó að stærri strandferðaskip verði höfð, eins og hingað til hefir verið.

Viðvíkjandi því sem háttv. þm. (Ól. Br.) sagði, að bréf Tuliniusar væri ekki greinilegt og að skýrslan fyrir árið 1912 væri einungis bygð á áætlun, þá er það auðséð, að hann hefir ekki fengið fullkomnar upplýsingar um þetta. Tulinius gefur þó greinilega skýrslu um strandferðaskipið Austra fyrir árin 1910, 1911 og 1912, og þar sem hann gaf þessar upplýsingar alveg afdráttarlaust, þá áleit nefndin, að hún gæti bygt á þeim. *(Ráðherrann:* Upplýsingarnar eru ekki réttar). Eg heyri að hæstv. ráðherra segir, að þetta séu ekki réttar upplýsingar, en eftir því sem eg þekki Tulinius, þá byggi eg meira á honum en á Hendriksen. Eg hefi ekki ástæðu til annars en að álíta Tulinius árðiðanlegan mann í alla staði og óhlutdrægan. Hér er ekki verið að veita honum fé til strandferða, svo að honum gat ekkert gengið til að gefa ranga skýrslu. Það vita allir, að honum er mjög ant um samgöngur Íslands á sjó.

Háttv. 1. þm. Skgf. (Ól. Br.) lét þess getið, að hann gæti samþykt 1. gr. frumvarpsins, en ekki hinar greinarnar þrjár. Þar greinir hann ekki heldur mikið á við nefndina. Hún vill líka stefna að því, að Eimskipafélagið taki að sér strandferðirnar að öllu leyti. En eftir því sem ráða má af bréfinu frá bráðabirgðastjórn félagsins, má gera ráð fyrir, að ómögulegt verði að fá félagið til að taka þær að sér, að minsta kosti fyrst um sinn. En úr því að það er tilætlunin, að koma strandferðunum á innlendar hendur, þá gat nefndin ekki séð annað ráð, en að landssjóður tæki þær að sér fyrst um sinn.

Eg veit ekki, hvort háttv. þm. (Ó. B.) getur bent á önnur ráð, ef Eimskipafélagið fæst ekki til þess. En væri svo, þá mundi nefndin fúslega taka þau til

íhugunar. Eg heyrði hann ekki benda á annað, en að það yrði að fara saman, að það félag, sem hefði á höndum millilandaferðirnar, hefði líka strandferðirnar, og þess vegna ætti Eimskipafélagið að taka þær að sér. Með því móti fengi það meiri flutning og gæti um leið orðið ódýrara, þar sem aukagjald sparaðist fyrir flutning áfram með strandferðunum. En það var einmitt þetta, sem nefndin hafði fyrir augum. Þess vegna vill hún gefa Eimskipafélaginu svo mikla hvöt til þess, sem unt er, að það taki að sér strandferðirnar með því að leggja til að það fái úr landssjóði helming alls hlutafjárins og ríflegan styrk að auki. Og þegar menn sjá tillögu við fjárlögin, sem er á leiðinni frá meiri hl. nefndarinnar, þá verður mönnum ljóst, að hann vill ganga enn þá lengra til þess að reyna að knýja félagið til að taka að sér strandferðirnar.

Þar sem háttv. þm. (Ó B.) leit svo á, að þetta væri að eins ráðstöfun til bráðabirgða, þá er það ekki alveg rétt. Þetta er ekki bráðabirgðaráðstöfun. heldur *vara*ráðstöfun. Hitt, sem tekið er fram í 4 gr. að stjórnin megi leigja skip til bráðabirgða, ef þetta verður ekki fullbúið nógu snemma, það má kalla bráðabirgðaráðstöfun. Annað, sem nefndin leggur til, er einungis til *vara*, og kemur ekki til greina, *ef* Eimskipafélagið fæst til að taka að sér strandferðirnar.

Það var alveg rétt, sem háttv. þm. tók fram, að landsjóðsútgerð yrði altaf tryggari, ef einkaréttur fylgdi. Það er einmitt einkarétturinn, sem tryggir póstmálin, símamálin og önnur þess konar mál. Hann tók til dæmis, að ef Eimskipafélagið hefði að eins millilandaferðirnar, þá yrðu þeir sem notuðu þær, að borga aukagjald fyrir flutning með strandferðaskipunum frá aðalhöfnunum og til smærri hafna víðsvegar kringum landið. Fyrir þetta mundi félagið oft missa af flutningi, og önnur skip, sem gætu flutt vörurnar beint, mundu ávalt verða látin sitja fyrir. Það er rétt, þetta getur komið fyrir og er óheppilegt. Og það var einmitt þess vegna, að nefndin vildi að Eimskipafélagið hefði líka strandferðirnar. En að veita einkarétt á samgöngum á sjó, er alveg ótækt. Þess vegna má ekki bera þetta saman við póstmálin eða símamálin.

Eg held að eg hafi nú svarað flestum athugasemdum háttv. þm. (O. Br.). Þær voru, eins og vænta mátti úr þeirri átt, skynsamlegar og bygðar á glöggum athugunum. En eg hygg þó, að þær hafi flestar komið fram í nefndinni og verið talsvert íhugaðar þar.

**Björn Kristjánsson:** Eg ætlaði ekki að taka til máls fyr en síðar, en eg sé mig knúðan til að svara nokkrum orðum, ámælum frá þremur háttv. þm. í garð bráðabirgðarstjórnar Eimskipafélags Íslands, fyrir tregðu sem hún sýni, að takast á hendur strandferðirnar fyrir félagsins hönd. Háttv. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.) lagði sérstaklega áherzlu á, að sér þætti það undarlegt, að félagið skyldi ekki vilja taka að sér strandferðirnar, þar sem landssjóður ætlaði að leggja svo mikið fé fram til þeirra. Eg vil út af þessu benda á að félagið er enn ekki stofnað. Það vantar fé til þess. Bráðabirgðastjórnin hefir sent erindi til Alþingis um að það veitti fé *til þess að hægt væri að setja félagið á stofn*, en hún hefir ekki sent neitt erindi um að félagið vildi taka að sér strandferðirnar. Og mér er spurn, hvernig átti hún að gera það, þegar enn er ekki útséð um, hvort hægt er að setja félagið *á stofn* eða ekki? Í útboðsskjalinu, sem þegar hefir verið sent út um alt land, er það sagt, að væntanlegt félag treysti sér ekki til að takast á hendur strandferðirnar

fyrst um sinn. *Eftir þessu* skjali hafa menn skrifað sig fyrir hlutum í félaginu. Þjóðinni hefir verið sagt þetta, og hún væntanlega hagað sér eftir því, og þess vegna hefir bráðabirgðastjórnin *enga heimild til* að semja um strandferðirnar. Það verður ekki gert fyr en félagið er komið á fót og *ný stjórn hefir verið kosin*. Nú hefir bráðabirgðastjórnin farið þess á leit við þingið, að það hjálpaði sér til að koma félaginu á stofn. Og hvað gerir svo þingið? *Það anzar þeim málaleitunum engu orði*, en býr til þetta frumv. til þess að þröngva strandferðunum upp á félagið, *sem enn er ekki til og engin trygging fyrir að verði nokkurn tíma til*, vegna þess, að 100 þús. kr. vantar til þess að hægt sé að stofna það. Af þessu, sem eg hefi nú sagt, held eg að öllum hljóti að skiljast, að bráðabirgðastjórnin á ekkert aðkast skilið, þó að hún sé treg til að verða við þessum málaleitunum þingsins.

Út í einstök atriði ætla eg mér ekki að fara. Háttv. þm. Dal. (B. J.) sagði, að strandferðaskipin ættu ekki að lesa upp hvern vog og vík hringinn í kring um landið. En eg verð að segja, að það sé einmitt nauðsynlegt. Fyr eru ekki strandferðirnar komnar í viðunanlegt horf. Allar vörur, og þó sérstaklega kornvörur, líða mikið við umhleðslu og auk þess þarf að tryggja vörurnar í hvert skifti sem skift er um skip. En það hefir ekki svo lítinn aukakostnað í för með sér. Og loksins þegar varan kemur í smábátana, er ekki hægt að tryggja hana nema fyrir geypiverð, ef það þá er hægt.

**Matthías Ólafsson:** Nefndin segir á 4. bls., að það virðist sem bátunum hafi ekki verið reiknað neitt farmgjald af þeim vörum, sem þeir hafa tekið við úr millilandaskipunum og flutt í kring um landið. Þetta er með öllu rangt. Bátunum mun hafa verið reiknað um 30% af öllu flutningsgjaldinu; en það mun hafa verið of lítið.

Út af bréfi Hendriksens og skýrslu Tuliniusar verð eg að segja, að mér er óskiljanlegt, hvernig nefndin fer að samrýma að Tulinius segir ágóðann af bátunum 30 þús. kr., en hinn tap af þeim 43 þús. kr. Hvernig er hægt að halda fram, að tekjur hafi verið af bátunum undanfarin ár, nema að segja að Hendriksen fari blátt áfram með ósatt mál. En þetta kemur málinu í heild sinni alls ert við. Ef við þurfum að hafa samgöngur, eigum við að kosta þær sjálfir, hvort sem við höfum hag eða skaða af þeim. Við eigum ekki að vera að bregða útlendum félögum um, að þau komi með falska reikninga. Landið þarfnast að við tökum ferðirnar að okkur og þá eigum við að gera það, hvort sem um tap á þeim er að ræða eða ekki. Eg geng að því vísu, að það verði tap á þeim, en það tap á enginn að bera nema við sjálfir.

**Bjarni Jónsson:** Eg ætla að eins að gera örstutta athugasemd. Eg skildi ekki vel háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.), er hann var að tala um umskipanir. Átti hann við að strandbátarnir yrðu hafðir til þess að fara inn á allar smáhafnirnar! *(Björn Kristjánsson:* Já). Þar er eg honum ekki sammála. Það er öldungis ókleift að láta strandbát þræða hverja vík, t. d. allar víkurnar inn úr Ísafjarðardjúpi og hvern viðkomustað í Breiðafirði. Með því móti færi heilt sumar í eina einustu ferð. Flóabátar eru því bráðnauðsynlegir. *(Björn Kristjánsson:* Það á ekki að taka þá af, sem nú eru). Þá skil eg ekki, hvað hann hefir verið að athuga við mína ræðu, því að eg talaði að eins um að flóabátar færu það, sem ekki borgaði sig að láta strandbátana ganga. Hitt veit eg vel, að það getur kostað töluvert að skipa vörum úr einu skipi í annað, en

eg hygg að það beri ekki að horfa í þann kostnað. Ef strandbátarnir verða látnir þræða allar víkur, mun fólk alls ekki taka sér far með þeim. Auk þess, hversu rík sem þjóðin væri, gæti hún samt ekki séð um að allir fengju hvað eina jafn-ódýrt, að til að mynda maður, sem býr á Hornströndum fá vörurnar fluttar heim til sín jafnódýrt og maður sem býr í Reykjavík eða einhverjum öðrum hafnarstað. Þótt landssjóður eigi að draga úr ójöfnunum sem mest, þá er honum samt eigi mögulegt að gera alla jafna, enda er eigi hægt að laga misfellur þær, sem leiða af náttúrunni eða eiginleikum landsins.

Það sem háttv. þingm. V.-Ísf. (M. Ó.) sagði, var margt gott; ef tap er á ferðum, er rétt að landssjóður beri það. Það er rangt, að slíkt tap lendi á útlendum eða innlendum mönnum. Hitt, sem hann sagði, að ekki bæri að væna menn um að halla reikningum, þá held eg að það sé engin synd Er eg í engum vafa um, að Þórarinn Tulinius hefir rétt fyrir sér. Enginn vafi er á því, að skaði félagsins byggist á þeim vitlausa samningi, að flytja vörur úr skipi keppinauts síns fyrir örlitla borgun Vildi eg gjarna sjá, hvað það hefir kostað að flytja vörur úr skipum þess Sameinaða í kringum landið. Það er hægt að gera svo vitlausar ráðstafanir, að hljótist af mörg þúsund króna skaði.

Viðvíkjandi þeirri undrun, sem háttv. 1. þm. G.-K. lét í ljós út af ræðu minni, skal eg geta þess, að upphaflega var ætlast til að félagið yrði eitt um hituna, en ekki gert ráð fyrir tillagi frá landssjóði. Held eg að engin hætta sé á því að menn fari að kippa að sér hendinni þótt landssjóður leggi til 400.000 kr. *(Björn Kristjánsson:* Þingm gleymir að félagið vantar 100.000 kr. til að geta komist á stofn). Það er einmitt það sem eg er nú að koma að. Kaupmennirnir eiga að sýna vizku sína hér, þeir hafa hvort sem er ekki gert svo mikið úr minni.

Eg mun nú leggja saman upphæðir, þær sem þeir leggja í þetta félag, því að samlagningu kann eg eins vel og þeir. Sjái nú á að þeir viti, hvað til síns friðar heyri; en þótt þessar 100,000 kr. komi ekki frá þeim, munu þær samt koma frá öðrum landsmönnum, er þeir sjá að full alvara fylgir þessu máli.

Skal eg svo ekki fjölyrða um þetta mál að sinni; held eg að það sem eg sagði í fyrri ræðu minni, hafi verið alveg rétt og ætti nefndin heldur að vera þakklát fyrir það en hitt. Mun eg klappa steininn betur er kemur til 3. umræðu.

**Ráðherrann (H. H.):** Eg stend aðallega upp til að minnast á það sem sagt hefir verið um þessa 6 flóabáta, er mér eru eignaðar tillögur um. Vildi eg skýra frá því, að eg hefi ekki komið með neina sérstaka uppástungu um þetta efni. Það sem eg hefi látið í ljós, stendur í sambandi við tilboð frá Bergenska félaginu. Hugsaði eg að það mætti nota með því móti að setja ferðirnar í samband við báta, sem flyttu vörur inn á hverja vík, annað hvort fleiri eða færri. En þetta er að eins varatillaga og getur því ekki talist mitt »prógram«. Í sambandi við þetta get eg tekið fram sem mína skoðun, að strandferðirnar muni aldrei borga sig, ef höfð eru til þeirra stór skip, sem fari inn á hvern vog, án tillits til þess hvort nokkuð er þar að gera eða ekkert. Norðmenn eru að hverfa frá því, að láta strandferðaskipin ganga inn á smáhafnir. Álít eg að það ætti að breyta svo til, að strandferðaskipin kæmu ekki á smáhafnirnar eða þá að minsta kosti ekki nema að þau hefðu þangað eitthvert erindi, þegar annað hvort um fólksflutning eða vöruflutning væri að ræða. Þetta er

það atriði, sem eg get kallað mína tillögu í málinu. Bergenska tilboðið og það sem stendur í sambandi við það, er til vara, ef það bregzt, sem aðallega er til ætlast, og var það skoðun mín, að það gæti aldrei skaðað, að hafa vaðið fyrir neðan sig og fleiri leiðir að vísa á, ef á þarf að halda.

Eg lýsti yfir því við 1. umr., að eg er sammála nefndinni um, að siglingarnar eigi að verða innlendar svo fljótt sem unt er, ekki einungis strandferðirnar, heldur og millilandaferðirnar. En eg get ekki álitið að við séum miklu nær í því, þótt þetta frv. nefndarinnar verði samþykt. Í fyrstu grein er landstjórninni að vísu veitt heimild til að kaupa hluti í Eimskipafélagi Íslands, en eins og háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) tók fram, er ekki mikið í það varið meðan félagið er ekki til og engin vissa fengin um að það verði til, þar eð enn vantar yfir 100.000 kr. til þess að það geti orðið stofnsett.

Hitt atriðið, að grípa megi til landssjóðsútgerðar, er ekki nýtt í frumvarpinu. Árið 1895 voru samþykt lög um að landssjóður mætti kaupa eða leigja gufuskip og halda því úti. Árið 1897 var samþykt að fresta framkvæmd þeirra um stundarsakir, og árið 1903 var framkvæmdinni loks frestað um óákveðinn tíma. Þessi lög eru aldrei feld úr gildi. Hvenær sem landstjórnin vill, getur hún keypt skip eftir þessum lögum; auðvitað þarf hún að sækja um fé til þingsins, en annað heldur ekki. En hvers vegna hefir þessi heimild ekki verið notuð síðan 1895? Ekki af því, að menn hafi ekki verið sömu skoðunar og nú um siglingarnar. Það hefir ávalt verið brennandi áhugi á því í landinu að siglingarnar yrðu innlendar. En ástæðan er sú, að menn hafa verið sannfærðir um að áhættan væri of mikil, búist við svo miklum fjárhagslegum skelli, að landssjóði væri ekki fært að bera hann.

Nú vill nefndin gefa í skyn, að það sé ástæðulaus hræðsla, að landssjóður muni tapa á þessu fyrirtæki, það muni jafnvel vera stór gróðavegur. Um þær röksemdir skal eg ekkert segja annað en það, að eg er persónulega sannfærður um að þær ná engri átt. Upplýsingar, þær sem nefndin hefir fengið, eru ekki réttar. Kostnaðurinn er meiri en hún gerir ráð fyrir. Auk þess má búast við því að tekjurnar yrðu minni í byrjun en nefndin ætlast til, því landssjóður gæti orðið fyrir samkepni af hálfu þeirra félaga, sem hingað til hafa haft siglingarnar á hendi og ef til vill vildu ekki hætta strax. Þó að þetta frv. verði samþykt, get eg ímyndað mér að svo kunni að fara, að menn álíti réttast að fresta framkvæmd þess eins og fyrri daginn. Það er langt frá að eg sé á móti frv., eg get samþykt allar greinarnar, en eg álít það ekki eins mikilsvert nýmæli og hv. framsögum. Það bætir að vísu ef til vill dálítið úr skák, að eftir því sem hann sagði, á að veita stjórninni aðstoð við undirbúning málsins. En sú aðstoð verður þá að vera góð og betri en eg í augnablikinu get hugsað mér að fáanleg sé.

**Magnús Kristjánsson:** Eg er samgöngumálanefndinni þakklátur fyrir það sem hún hefir gert í þessu máli. Nú er þó fenginn grundvöllur til að ræða málið á. Aftur á móti er álitamál, hvort alt, sem hún hefir gert í þessu máli, er óaðfinnanlegt, enda er heldur ekki við því að búast. Vegna staðhátta hljóta allar samgöngur hér á landi að verða dýrar í samanburði við efnahag þjóðarinnar; það er því eigi við því að búast, að úr samgöngumálunum ráðist vel á örstuttum tíma. Það er eitt atriði, sem eg held að nefndin hafi verið nokkuð bjartsýn á. Hún heldur því fram,

að strandferðir með tveim skipum geti borið sig jafnvel þegar í stað, meira að segja geti orðið hagnaður að þeim. Eg álít að varla sé hægt að reka þær nema með talsverðum fjárframlögum úr landssjóði. Það þarf að minsta kosti ekki að ganga gruflandi að því, að enginn hagnaður mundi verða við útgerðina.

Þá kem eg að því, sem aðallega kom mér til að standa upp. Eg álít nefnilega mikið vafamál, hvort rétt sé að vera að hugsa um 2 skip til strandferðanna. Eg álít, að 1 skip mundi nægja fyrst í stað til þess að annast ferðirnar, ef niðurstaðan yrði sú í þinginu að styrkja flóabátana til þess að halda uppi reglulegum ferðum. Réttara fynst mér vera, að styrkja flóabátana sæmilega, því þá þurfa strandferðaskipin ekki að koma á eins margar hafnir. Með því móti ættu ferðirnar að geta borið sig. Hitt er ekki líklegt, að þær beri sig nokkurn tíma meðan skipin þurfa að krækja inn á hverja vík.

Eg nefni þetta að eins til þess að benda háttv. nefnd á, hvort henni fyndist ekki rétt að taka þetta til íhugunar.

Eg hefi hugsað mér, að flóabátarnir mundu þurfa sex: á Faxaflóa, á Breiðafjörð, á Vestfirði og Strandirnar, að nokkru leyti á Húnaflóa, á Eyjafjörð, sem þá gengi milli Sauðarkróks og Raufarhafnar, á Seyðisfjörð, sem ætti að ganga milli Fáskrúðsfjarðar og Langaness. Um það, á hvern hátt að helzt yrði bættar samgöngur á suðausturströndinni, er eg ekki viðbúinn að tala í þetta sinn, til þess vantar mig kunnugleika, enda eru hér aðrir menn, sem færir munu um að leggja eitthvað til máls um það. En eins og eg þegar hefi sagt, eru þetta að eins lauslegar bendingar. Aðalatriðið fyrir mér er sú spurning, hvort ekki megi spara annað strandferðaskipið. Eg skal ekki tefja tímann meira í bráð, en að eins biðja háttv. nefnd að taka þetta til íhugunar.

**Lárus H. Bjarnason:** Háttv. þm. Ak. (M. Kr.) hefir tekið fram mest af því sem eg ætlaði að segja. Eg lét það í ljós þegar á þingi 1903, og hefi haldið þeirri skoðun fram síðan, að rétta stefnan í samgöngumálum á sjó, væri, að ætla flóabátum sem mest starf, en strandferðaskipunum að eins að koma á 1—2 staði í hverjum flóa. Mér skilst sem háttv. samgöngumálanefnd ætlist til að strandferðaskipin verði tvö, hvort sem Eimskipafélag Íslands eða landsjóður eigi að kosta útgerðina, en er víst að strandferðaskipið þurfi að vera nema eitt, ef horfið væri að því að fjölga flóabátum og styrkja þá svo, að hrykki hverjum flóa? Eg held t. d., að það mundi vera nóg að hafa einn eða tvo viðkomustaði við Breiðafjörð og líkt mun ástatt um aðra flóa á landinu.

Viðvíkjandi því, sem háttv. 1. þingm. Skagf. (Ól. Br.) sagði, að haganlegast væri að millilandaflutningur og strandflutningur væri í höndum sama félags af því að þá sparaðist umhleðslugjald, þá er það að vísu rétt, en tæplega framkvæmanlegt, því ekki verður girt fyrir það, að fleiri félög flytji vörur hingað, enda væri það ekki æskilegt, þótt hægt væri.

Eg vildi annars leyfa mér að stinga upp á því við hæstv. forseta og háttv. framsögum., hvort ekki mætti fresta 3. umr. um þetta mál, þangað til að lokið er 3. umr. fjárlaganna hér í deildinni, svo að einnig fjárlaganefndinni gefist kostur á að athuga það, áður en það yrði útrætt hér. Eg mun ekki taka fasta afstöðu til málsins nú við þessa umr., en að sjálfsögðu styðja það með atkvæði mínu til 3. umr.

Annars finst mér undirtektir samgöngumálanefndarinnar undir umsókn

Eimskipafélagsins um styrk dálitið undarlegar. Nefndin vill veita því háan styrk, en binda þá aftur þeim bagga að annast strandferðirnar. Það er með öðrum orðum svarað í vestur, þótt spurt væri í austur. Nefndin hefði mátt segja af eða á um umsókn félagsins. Raunar þarf ekki að furða sig á því, þó að eitthvað kynni að vera athuga við tillögu nefndarinnar, því að starfstími hennar hefir verið naumur, enda málið gersamlega óundirbúið af stjórninni. Eg vona, að nefndin fallist á að fresta 3. umr. þangað til 3. umræðu fjárlaganna er lokið, þá er eg fyrir mitt leyti ánægður í bráðina.

**Ólafur Briem:** Eg vildi að eins gera stutta athugasemd við það sem hv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) sagði. Eg get sem sé ekki séð, að nokkur ástæða væri til þeirrar ofanígjafar, sem hann beindi að mér. Eg sagði ekki neitt í garð Eimskipafélagsins eða bráðabirgðastjórnarinnar, er gæti skilist sem ásökun. Þó að eg gæti þess, að félagið væri tregt til að sinna strandferðum, þá féll ekki eitt orð í þá átt að sú tregða væri óréttmætt. Bráðabirgðastjórnin var í sínum fylsta rétti að færast undan því að sinna strandferðunum, og hún hefir meira að segja fært ástæður fyrir þeirri undanfærslu. Eg er algerlega samþykkur bráðabirgðastjórninni um, að strandferðirnar hafa hingað til verið þeim félögum fremur til byrði, sem hafa haft þær á hendi, enda hefir þetta verið alment álitið. Samgöngumálanefndin virðist hugsa annað, því að hún telur þessar ferðir þvert á móti gróðavænlegar. Þó að þess megi vænta, að sú komi tíðin, að siglingar umhverfis landið beri sig, þá tel eg varúðarvert, eins og nú er ástatt, að gera sér mjög glæsilegar gróðavonir af þeim. Að þessu leyti þykir mér samgöngumálanefndin hafa gengið alt of langt í því að gylla þetta fyrirtæki, með því að allar öfgafullar gyllingar vekja vonbrigði eftir á. Þegar leggja á út í slíkt fyrirtæki, er tilgangslaust að vera að gylla það fyrir sér á allar lundir, miklu nær að hugsa sem svo, að líklegt sé að menn þurfi að leggja eitthvað í sölurnar til þess að koma því í framkvæmd.

**Halldór Steinsson:** Háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) sagði, að samgöngumálanefndin hefði ekkert gert til þess að koma Eimskipafélaginu á fót, og háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) samsinti því. Eg skil nú ekki, hvernig háttv. þm. fara að koma með þessa fjarstæðu. Nefndin kom fram með þá uppástungu, að leggja félaginu til 400,000 kr. og svo 60,000 kr. til félagsins á hverju ári, til þess að halda uppi strandferðum og 40,000 kr. ári til millilandaferðanna Nefndin hefir því tekið mjög vel í málið og miklu betur en hægt var að búast við, og get eg því ekki betur séð, en að félagið geti vel gengið að þessum kostakjörum, og það færi að fara af því mesti þjóðræknisblærinn ef það gerði það ekki.

**Framsögumaður Valtýr Guðmundsson:** Nokkrir þm. hafa haldið því fram, að nefndin hafi ekki gert neitt til að koma Eimskipafélaginu á fót. Þeir segja, að hún hafi einungis hugsað um, að koma strandferðunum á það. Þetta er, vægast sagt, ekki rétt, því að nefndin hefir einmitt borið það fyrir brjósti, að félagið gæti komist á fót, en hún hefir jafnframt reynt að koma með tillögur um, að strandferðirnar kæmust í viðunanlegt horf.

Nefndin hefir lagt til, að landssjóður taki 400 þús. kr. hluti í félaginu. Þetta er ekki gert að öllu leyti vegna strandferðanna, því að það væri of mikið. Ef þingmenn vilja nú líta á nefndarálitið, þá sjá þeir, að þar er ætlað, að ef út í landssjóðsútgerð væri lagt, þá mætti fá 160 þús. kr. að láni, en 250

þús. kr. fengjust með því að setja skipin að veði. Eimskipafélagið gæti því farið eins að og þá er auðsætt að ríflega er tekið til að áætla 300 þús kr. til strandferða. Nefndin leggur líka til að félaginu séu ætlaðar 100 þús. kr. til þess að koma á fót millilandaferðum. Það er því fyllilega uppfylt beiðnin um það fé, sem félagið fór fram á. Auk þess á félagið að fá 40 þús. kr. á ári til þess að halda millilandaferðunum við. Félagið íslenzka fær því sama styrk sem það »sameinaða« hefir nú, það fær 60 þús. kr. úr landssjóði og 40 þús. kr. úr ríkissjóði. Ef að »sameinaða« getur haldið ferðunum uppi án þess að skaðast á þeim, þá ætti »Eimskipafélagið« líka að geta það. Eg trúi því heldur ekki, að »Sameinaða« héldi áfram með ferðirnar, ef það græddi ekki á þeim. Það gerir það áreiðanlega ekki að gamni sínu.

Háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) sagði ekki rétt, er hann sagði, að strandbátunum hefðu verið reiknaðar tekjur af vörum með millilandaskipunum. Eg vil benda háttv. þingmanni á bréfið frá Þórarni Tulinius, bls. 8. . . .

Eg get ekki séð neina ástæðu til að rengja það sem þar stendur. Háttv. sami þingmaður vitnaði í skýrslu hr. Hendriksens. Eg vil ekki byggja eins á henni eins og Tuliniusar, því að það er víða auðsýnilega farið þar með rangt mál. Þar er til dæmis reiknaður kostnaður við strandferðirnar alt árið. Það er auðvitað, að fyrninguna á ekki að reikna nema fyrir þann hluta ársins, sem skipin sigla.

Líka kostuðu skipin öll ekki nema 375 þús. í stað 500 þús., sem þar er reiknað. Það er því auðsýnilegt, að skýrslan er röng, svo að ekki er hægt á henni að byggja.

Eg er fyllilega samþykkur háttv. þm. Dal. (B. J.) og háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) um það, að hvernig sem fer, þá lendir skaðinn jafnan á oss. Það þarf enginn að hugsa sér það, að nokkurt útlent félag, hvorki Sameinaða gufuskipafélagið né annað, taki að sér strandferðirnar *sér* til skaða. Um það get eg verið samþykkur hæstv. ráðherra, að strandferðirnar beri sig aldrei með því laginu, að skipin séu látin elta upp hvern vog og vík. En hvernig stendur á því? Það er svo til komið, að þingið hefir verið að káka við áætlanir og hver þingmaður þá teygt sinn skika. Við þetta hefði þingið aldrei átt að eiga, heldur stjórnin átt að hafa það með höndum. En stjórnin hefir jafnan gert sér alt of lítið far um undirbúning þessa máls, aldrei komið með ákveðnar tillögur, heldur látið þingið algerlega skipa þessu máli, og því hefir alt farið í handaskolum. Þessu þarf að breyta og getur það haft áhrif á, hvort tap eða gróði verði að strandferðunum. Eg vona það, að ráðunautur, sá sem ætlast er til að stjórnin taki sér, safni svo upplýsingum, að hægt verði að kippa málinu í haganlegra horf en áður.

Hæstv. ráðherra sagði, að vér þyrftum engin ný lög um þetta efni; út af því vil eg benda honum á, að lögin um eimskipsútgerð landssjóðs giltu að eins um millilandaferðir. Hæstv. ráðherra sagði, að vér hefðum aldrei viljað nota þau lög, vegna þess að vér hefðum ekki treyst oss til að bera skellinn. En sú ástæða er ekki rétt; vér höfum ekki notað þau af því, að vér höfum ekki átt völ á neinum manni til þess að veita útgerðinni forstöðu. Og vitanlegt er það, að tapið lendir ætíð á oss, því að þegar in útlendu félög tapa, heimta þau landssjóðstillagið hækkað.

Háttv. þm. Ak. (M. Kr.) hélt því fram, að alt af mundi verða tap að strand-

ferðunum. Það er satt, svo lengi sem tekjur og útgjöld standast eigi á án tillags úr landssjóði, en það tap verðum vér að bera.

Sami hv. þingmaður sagði, að nefndin hefði verið of bjartsýn í áætlun sinni um tekjur og útgjöld. Þar hefir þó nefndin aðallega bygt á reynslunni. Eg vil benda á, að útgjaldaáætlun nefndarinnar er talsvert hærri en hr Tuliniusar, og einkanlega vil eg þó benda á, hve henni ber vel heim við útgjaldaáætlun bráðabirgðastjórnar ins fyrirhugaða íslenzka Eimskipafélags. Áætlun þess félags er í fyrstu samin af fagmönnum hér heima og síðan prófuð í Þýzkalandi og víðar. Þegar þessar áætlanir eru bornar saman, eru þær að kalla eins. Skip ins fyrirhugaða ísl. Eimskipafél. verða stærri en strandferðaskipin, eyða meiri kolum og ganga auk þess alt árið. Eftir áætlun nefndarinnar er inn árlegi rekstrarkostnaður 61186 kr., en eftir áætlun ins fyrirhugaða eimskipafélags 132 þúsund krónur. Ef þeirri upphæð er deilt með 2, er útkoman 66 þúsund kr., og munar þá ekki miklu um. En áætlun Eimskipafél. er margprófuð.

Sami háttv. þingmaður og háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) skutu því til nefndarinnar að íhuga, hvort oss mundi ekki nægja eitt strandferðaskip í sambandi við flóabáta. Nefndin hefir athugað þetta og komist að þeirri niðurstöðu, að ekki væri hægt að komast af með færri en 2 strandferðaskip og auk þess flóabáta svo kallaða. Þessir háttv. þingm. halda, að komist verði af með 6 flóabáta í sambandi við eitt strandferðaskip. Eg vil benda á, að bátarnir eru nú 6 og vill nefndin fjölga þeim upp í 9, þannig að 1 gangi um Faxaflóa, 2 um Breiðafjörð, 2 um Ísafjarðardjúp og Húnaflóa, 1 um Eyjafjörð, Skagafjörð og Þingeyjarsýslu, 1 milli Vestmanneyja og Víkur, 1 milli Vestmanneyja Rangársands og Stokkseyrar, og loks 1 um Austur-Skaftafellssýslu. Nú ríður á að fá allar þessar ferðir og báta í eitt kerfi, svo að þær komi að gagni. Þessu er ókleift að skipa nú. Það verður að bíða tillagna frá stjórninni, eftir nákvæma rannsókn; þar með ætti og að rannsaka, hverir vera skuli viðkomustaðir skipanna

Nefndin hefir fengið upplýsingar um það, að á sumum stöðum, sem skipin koma ekki á, sé miklu meira flutningsmagn og því meiri nauðsyn að skipin komi á, heldur en suma staði, sem eru áætlunarstaðir, svo er t. d. um Suðureyri í Súgandafirði o. fl. Þetta hefir einn maður í nefndinni tekið að sér að rannsaka eftir landhagsskýrslunum. En það er svo margt fleira, sem rannsaka þarf í sambandi við þetta mál, og verður stjórnin að gera það.

Eg er samþykkur háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.), að bezt sé fallið að geyma 3. umr. þessa máls, þangað til fjárlögin eru á enda kljáð.

**Ráðherrann (H. H.):** Eg álít ósæmilegt aðkast, það sem hr. Hendriksen hefir orðið fyrir hér í deildinni frá sumum háttv. þm. Hann hafði ekki ætlað að gefa innlegg í þessu stríði, en lét þó tilleiðast að fá nefndinni í hendur skýrslu, þá sem prentuð er sem fylgiskjal með nefndarálitinu eftir beiðni, sem eg flutti fyrir einn háttv. þingm. úr samgöngumálanefndinni. Eftir ummæli háttv. framsögum. (V. G.) við 1. umr. þessa máls, skrifaði hr. Hendriksen mér ítarlegt bréf og sagðist geta sannað fyrnefnda skýrslu sína í hverju atriði. Það bréf er nú í höndum formanns samgöngumálanefndarinnar í Ed., landlæknis Guðm. Björnssonar, og mun háttv. framsögum. (V. G.) hafa kynt sér það. Mér finst ekki viðkunnanlegt að gera þessum heiðursmanni þær getsakir hér í þingsalnum að ástæðulausu, að

hann gefi ranga skýrslu. Hann hefir miklu betri tök til þess að *vita* ið rétta í þessu efni en hr. Tulinius, sem farinn er úr stjórn félagsins.

Eg sakna þess meðal annars hjá hv. nefnd, að þar er ekkert áætlað um daglegan kostnað við skipsútgerðina, sem smám saman verður. Það er ekki nóg, að hafa skipsskrokkinn. Það þarf að mála skipið, fá verkfæri, akkeri o. s. frv. Þetta sé eg ekki, að nefndin hafi tekið til greina.

**Pétur Jónsson:** Hæstv. ráðherra tók það fram, að heimildarlög um, að landssjóður tæki að sér samgöngur á sjó væri ekki ný. Það er satt, enda er það ekki vert, að fara að hnotbítast um frægðina fyrir þá hugmynd. En eg vil taka það fram, að það er nýtt, að landið taki fult vald á strandferðunum ásamt millilandaferðum og skipi þeim í fast kerfi. Svo virðist sem forkólfar ins fyrirhugaða íslenzka Eimskipafélags eigi upptökin að slíkri hugmynd, og hún hafi verið gripin á lofti um land alt, og það er víst, að þa hugmynd hafa menn miðað við, meira en svo kallaðan prospectus félagsins, þegar þeir hafa verið að reyta af sér 25 kr. og 50 kr. hluti til félagsins. Þetta vil eg sagt hafa til að festa þá skoðun, að það er þessi hugmynd, þessi stórhugur, sem vakin er til lífsins.

Það hefir verið minst á, að álitamál væri, hvort strandferðaskipin skyldu vera tvö, eða að eins eitt í sambandi við smábáta. Eg álít nú, að þótt samgöngumálanefndin sé á þeirri skoðun, að vér komumst ekki af með minna en tvö strandferðaskip, og þótt svo standi í frumvarpinu, að skipin séu tvö, ekki lakari en t. d. »Austri« og »Vestri«, þá þarf þetta ekki að binda til skaða hendur Eimskipafél. Íslands, ef það tekur að sér strandferðirnar. Eg býst tæplega við, að horfið verði frá því að hafa slík strandferðaskip tvö. En þetta þarf ekki að vera því til fyrirstöðu, þó Eimskipafélagið komist að þeirri niðurstöðu, að heppilegast sé að fjölga smábátunum, því þá má láta þessi stærri strandferðaskip taka að sér millilandaferðir jafnframt. Eg sé ekkert á móti þessu, enda hefir það fyrirkomulag verið haft um eitt fjárhagstímabil, og hefir einn af helztu kafteinum ins Sameinaða sagt mér, að það hafi reynst miklu hagkvæmara fyrir útgerðina. Þetta atriði þarf auðvitað rannsóknar við eins og auðvitað alt, sem þessu máli viðvíkur, hvort sem stjórnin hefir framkvæmdirnar á hendi eða Eimskipafél. Íslands.

**Matthías Ólafsson:** Eg er þeirrar skoðunar, að bezt færi á því, að millilandaferðir og strandferðir séu í sambandi hvað við annað. Það er ekki víst, að ef félögin eru tvö, fái annað flutning hjá hinu. Auk þess fylgir sá ókostur því að flytja vörur úr einu skipi í annað, að vörunum er hætt við skemdum. Þetta var eitt með öðru, sem fundið var að Thorefélaginu. Þess vegna álít eg mikið unnið við það, að strandferðaskipin komi við í útlöndum í hverri ferð, enda mun það vera bezti bitinn í strandferðaútgerðinni, líkt og háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) tók fram. Þegar fiskur er sendur, er nauðsynlegt að láta hann óhaggaðan, þangað til hann er kominn alla leið þangað sem hann á að fara, og svo er um fleiri vörur. Með þessu lagi hygg eg ekki, að vér getum komist af með færri en 2 strandferðaskip.

Eg get ekki fallist á það hjá háttv. framsögum. (V. G.), að skýrsla hr. Tulinusar sé réttari en hr. Hendriksens. Eg álít hvoruga nákvæma, og þó sízt hr. Tuliniusar. Ef hann hefir haft reikningana við höndina, hvað þarf hann þá að gizka á? En hann segir sjálfur, að

hann hafi ekki reikninga við hendina. Eg hygg, að hr. Hendriksen hafi haft berti tök á að gefa rétta skýrslu heldur en sá, sem ekki hefir nauðsynleg skjöl við hendina. En hvað sem því líður, þetta raskar ekkert minni skoðun: Vér eigum að taka að oss strandferðirnar, hvort sem vér töpum á þeim eða ekki.

**Þorleifur Jónsson:** Eg hafði ekki hugsað mér að taka til máls, vegna þess að eg hélt ekki að þetta frumv. mundi sæta þeim andmælum, sem raun er á orðin.

Frumvarpið gengur í þá stefnu, sem fer mest að óskum landsmanna. Og ef litið er til þingmálafundagerðanna, þá er altaf helzta krafan, alstaðar, að lagi sé komið á strandferðirnar og samgöngurnar yfir höfuð. Menn hafa fundið þar einna sárasta þörfina, vegna þess, hve samgöngurnar eru nú óþjálar og örðugar, að minsta kosti á mörgum stöðum. Það hafa verið skiftar skoðanir um það, hvort það væri rétt, að landssjóður sjálfur tæki að sér strandferðirnar, ef Eimskipafélagið fengist ekki til þess. En frá mínu sjonarmiði er það ekkert vafaspursmál, að landið á að gera það. Heppilegast væri auðvitað, ef hægt væri að koma því við í sambandi við Eimskipafélagið og það þá nyti hlunninda og ríflegs styrks úr landssjóði, en fáist það ekki, þá verður að hefjast handa til þess að landið taki strandferðirnar sem fyrst að sér. Mér dettur ekki í hug, að landssjóður fái beinan gróða af því. En það er ekki aðalatriðið. Óbeinlínis græðir þjóðin mikið meira við það, að ferðirnar komist í hagkvæmara horf en nú er. Eg vildi því óska að stjórnin fylgdi fast fram hugmyndinni í 2. og 3. gr.; að lögin verði ekki neitt pappírsgagn, heldur komist ákvæði þeirra í framkvæmd. En aðallega knúðu mig til að standa upp ummæli háttv. þm. Ak. (M. Kr.), sem hélt því fram, að heppilegast mundi vera að hafa að eins eitt strandferðaskip með fáum viðkomustöðum, en hafa flóabáta til þess að flytja vörurnar frá aðalstöðunum. Eg hefi ekki mikla trú á að þetta gæti orðið til blessunar fyrir landið í heild sinni. Eg er hræddur um, að þetta skip mundi að eins koma við á þeim stöðum, sem millilandaskipin koma við á nú og mundi að eins fjölga skipaferðum á þeim stöðum, þar sem nægar samgöngur era fyrir. Það mundi því lítið bæta úr skák fyrir afskektari plássin. Eg held að ekki verði komist hjá 2 strandbátum líkum Austra og Vestra. Háttv. þm. hélt, að hægt væri að koma lögun á þetta með flóabátum. En þess ber að gæta, sem tekið hefir verið fram, að við höfum þessa flóabáta, eins marga og háttv. þm. gerir ráð fyrir nú, og samt hafa 2 strandferðaskip nóg að gera og fullnægja naumast þörfum landsmanna. Hitt er annað mál, að eg efa ekki, að hægt væri að koma sambandinu milli flóabáta og strandferðaskipa mikið betur fyrir en nú er. Háttv. þm. byrjaði á Faxaflóanum og þræddi svo firðina vestur og norður um alt að Fáskrúðsfirði — þar strandaði hann. Viðvíkjandi Suðurlandi og samgöngunum þar, sagðist hann treysta járnbrautinni. Það er nú gott og blessað, en eg er hræddur um, að það eigi langt í land, að hún komist austur á firði — og fyrir strandlengjuna frá Fáskrúðsfirði um Stöðvarfjörð, Breiðdalsvík, Djúpavog, Hornafjörð o. s. frv. alt að Stokkseyri dugar flóabátur alls ekki — og því síður járnbraut, sem alls ekki er gert ráð fyrir »í nánustu framtíð« að nái lengra en að Þjórsá. Og hún er líka ólögð ennþá og nógur tími að gera ráð fyrir samgöngubótum af henni, þegar ákveðið verður að leggja hana, sem óvíst er að verði bráðlega. Að minsta kosti geri eg mér ekki miklar

vonir um að hún verði lögð austur yfir sandanda og stórvötnin í Skaftafellssýslum. Eg álít líka skynsamlegra og heppilegra að nota þá braut, sem ekkert kostar að leggja, þarf enga teina, eða undirbyggingar — og það er sjóinn. Þar þarf ekki annars við en skipanna. Nei! Það verður ekki komist af með minna en tvö skip. Eins og nú hagar til, eru samgöngurnar milli Reykjavíkur og Austfjarða svo vondar, að illhægt er að komast þar á milli oftar en einu sinni á mánuði. Eini milliliðurinn er Seyðisfjörður og það er ljóst, hvílíkum óþægindum það veldur bæði fyrir fólks og vöruflutninga.

Eg get fallist á þá tillögu nefndarinnar, að settur verði sérstakur ráðunautur, stjórninni til aðstoðar í samgöngumálunum — og hann hefði ekki um annað að hugsa. Það er að mínu áliti mikið hyggilegra en að vera að setja upp hagstofuna svokölluðu, sem í raun og veru er ekki annað en að bæta einni skrifstofu við í stjórnarráðinu.

**Björn Kristjánsson:** Það er að eins dálítil athugasemd viðvíkjandi bréfi Þórarins Tuliniusar, sem oft hefir verið minst á í umræðunum í dag. Það hefir verið vefengt, að hann hafi getað vitað nokkuð með vissu um rekstur strandferðanna 1912.

Orsökin til þess, að þetta bréf er komið fram, er sú, að þegar eg var staddur í Kaupmannahöfn í vor, þá langaði mig til að grenslast eftir, hvaða reynsla væri fengin um rekstur strandferðanna og hvernig þær hefðu borið sig yfirleitt. Það hefir nefnilega altaf klingt í eyrum okkar, að félagið hafi stórtapað á þessum lið. Alt þetta hjal þótti mér ósennilegt og vildi vita vissu mína í því efni. Eg fór því á fund Tuliniusar og bað hann að gefa mér yfirlit yfir, hvað ferðirnar hefðu kostað og hvaða tekjur hefðu verið af þeim, þegar hann hafði þær með höndum. Og eg vissi, að þar fór eg til manns, sem enga ástæðu hafði til og engan hag hafði af, að segja öðruvís frá en satt var. Hann var orðinn laus allra mála við skipagöngurnar hér og því treysti eg honum manna bezt, bæði til að vita um þetta mál og líka til að segja rétt frá. Hann gaf mér, »privat«, skýrslu um þetta, svo að eg gæti vitað, hvernig svona fyrirtæki gæti borið sig. Helztu »punktunum« úr þessari skýrslu hans skýrði eg háttv. nefnd frá á fundum hennar. Eg gat ekki fundið, að hún rengdi einn staf, sem þar stóð, en vegna þess, að mér datt það í hug, að ekki væri ósennilegt, að einhverjum mótmælum yrði hreyft, þegar til sjálfrar deildarinnar kæmi, þá símaði eg til hr. Tuliniusar, sem þá var staddur á Akureyri, og spurði hann, hvort eg mætti ekki birta skýrslu, þá er hann hafði gefið mér. Hann kvaðst fús á að gefa það leyfi, vegna þess, að hvert orð, sem í skýrslunni stæði, væri rétt og skyldi hann mæta því hvar sem vera skyldi.

Það er dálítill skoðanamunur hjá hv. framsögum. og mér um þessar 400.000 kr. Hann sagði, að 100.000 kr af þeim ætti að verja til millilandaferða, en 300.000 kr. til strandferða. Það er mikið rétt, að um þetta var talað á seinasta nefndarfundi. En háttv. nefnd gáir ekki að því, að til þess að félagið verði stofnað, þarf að hafa fyrirfram það fé, sem áætlað er til þess að það geti farið millilandaferðir, en hvort það tekur að sér strandferðirnar, kemur auðvitað ekki til greina fyr en félagið er *stofnað*. Eg skal ekki segja um það lögfræðislega, hvort hægt er að stofna félagið, en til þess að hafa alt á því hreina, þyrfti beinlínis að taka það fram, að 100.000 kr. mætti verja til að kaupa

fyrir hluti í Eimskipafélaginu til *millilandaferða*, hvort sem það tæki að sér strandferðirnar eða ekki.

Hann sagði, að verið væri að styrkja félagið. Já, það er rétt, en styrkurinn er bundinn slíkum skilyrðum, að vafasamt er, hvort félagið getur óhikað tekið á móti honum. Og þegar félagið mætir þessum slagbröndum frá þinginu, sem hindra að málið komist eins vel fram, þá kemur hik á menn, sem vonlegt er, og það gefur keppinautunum byr í seglin til þess að leggja í samkepni við félagið þegar í byrjun, sem þeir mundu ekki þora, ef þingið tæki málið *einhuga* að sér. Það hefir ekki litla þýðingu, að sýna fullan vilja og festu í slíkum málum sem þessu.

ATKV.GR.:

1. gr. frv. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. frv. samþ. með 18 shlj. atkv.
3. gr. frv. samþ. með 18 shlj. atkv.
4. og 5. frv. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Málinu vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

---

Forseti skýrði frá, að á fundinum hefði verið útbýtt í deildinni:

Breytingartillögum við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915 á þingskj. 487, 492 og 494.

Og að frá Ed. hefði verið útbýtt:

1. Frv. til laga um ábyrgðarfélög. Eftir 3. umr. í Ed. (482).
2. Breytingartillögum við frv. til laga um forðagæzlu. Frá nefndinni (486).
3. Frv. til laga um breytingu á lögum um vörutoll, 22. Okt. 1912. Eftir 2. umr. í Ed. (484).
4. Framhaldsnefndaráliti um frv. til laga um vatnsveitingar (479).
5. Breytingartillögum við frv. til girðingalaga. Frá nefndinni (476).
6. Nefndaráliti um frv. til girðingarlaga (475).
7. Nefndaráliti um frv. til laga um samþykt um hringnótaveiði á Eyjafirði (474).

Forseti gaf fundarhlé frá kl. 3 til kl. 5 síðdegis.

---

Fundur settur aftur kl. 5 síðdegis og dagskrá haldið áfram:

FRUMVARP til laga um að landssjóður leggi Landsbankanum til 100 þúsund krónur á ári í næstu 20 ár (123, 211, 254); 2. umr.

**Framsögum. (Björn Kristjánsson):** Eg verð að byrja, þótt salurinn sé hálftómur, og þykir mér það leiðinlegt, því að þetta er mál, sem þingm. þurfa að skilja og þekkja, þar sem það grípur svo mikið inn í hag allra landsmanna. Þetta frumv. er ekki nema ein grein, svo að eg verð að tala um málið yfirleitt, og þar sem svo langt er síðan 1. umr. var, þá verða menn að fyrirgefa mér þótt eg taki upp einstöku punkta af því, sem eg sagði þá.

Hvaða veltufé hefir nú bankinn yfir að ráða? Það eru fyrst og fremst þessar 750 þús. kr., seðlarnir, sem hann starfar með. Það var honum afhent og má skoðast sem veltufjáreign. Annað hefir hann aldrei haft, nema lánsfé. Og svo hefir verið sá gallinn á, að síðan árið 1900, að veðdeild stofnaðist, hefir þetta veltufé einmitt verið smámsaman dregið úr veltunni og bankinn hefir ekki notið þeirra hagsmuna af því, sem hann hefði haft, ef það hefði mátt vera í veltunni.

Af þessu veltufé, sem stendur í verðbréfum, hefir bankinn alls fengið kr. 30,400 í vexti á ári:

| | | |
|---|---|---|
| Af 360,000 kr., $3^1/_2$% . . | kr. | 12,600 |
| — 200,000 — $3^1/_2$% . . | — | 7,000 |
| Og auk þess af veðdeildar-bréfum 240,000 kr., $4^1/_2$% | — | 10,800 |
| Alls | kr. | 30,400 |

En af þessu hefir svo bankinn orðið að greiða mikla skatta. Fyrst og fremst í landssjóð 1% og í byggingarsjóð 1%, sem verða um 15,000 kr. Enn fremur $^1/_4$% fyrir flutning seðla landa á milli af kr. 750,000, sem verða 1875 kr.

Þetta verða alls 16,875 kr., sem verða að dragast frá þessum 30,400 kr., sem eg nefndi áðan, og verður því allur hagur bankankans af þessu fé 13,525 kr.

Ef féð hefði nú mátt vera í veltunni, þá væru vextirnir (6%) af 750 þús. kr. = 45,000 kr.

En nú er gróðinn . . . 13,525 —

og er þá beint tap . . = 32,475 kr.

frá því sem mátt hefði vera, af því að þetta fé hefir verið dregið úr veltunni.

Alt annað fé, sem bankinn hefir haft með höndum, er *lánsfé*. Og þess vegna getur hann eðlilega ekki verið leiðarstjarna í því, hve háir vextir eru hér á landi af lánum, þó að hann sem þjóðbanki ætti að vera það og ætti að geta verið það.

Sparisjóðsféð er ekki nema $2^1/_2$ millión, og menn vita, að það er aldrei vel ábyggilegt. Loksins er það lánið frá 1907, 2 miljónir, sem að vísu var tekið í bankans þarfir, þótt vitanlegt væri, að bankinn gæti aldrei greitt það, því að alt af *eykst* útlánaþörfin með aukinni framleiðslu. Framfarirnar heimta alt af meiri peninga. Það getur ekki verið umtalsmál, að leggja það á bankann, að skila þessu fé aftur.

Það má benda á það í sambandi við lánsþörfina, að enn þá rignir inn lánbeiðnum í þingið, þrátt fyrir það þó bankarnir séu tveir. Það var eðlilegt, að slíkt ætti sér stað áður fyr, þegar enginn banki var til í landinu, því að þá var ekki í annað hús að venda. En nú, þegar bankarnir eru orðnir tveir, er það ólag, að menn skuli vera neyddir til að fara til þingsins með lánbeiðnir. Það ætti vitanlega ekki að eiga sér stað, því að þingið á ekki að vera neinn banki, en þetta liggur í fyrirkomulaginu, sem er mjög skakt.

Það er komin fram breyt.till. við þetta frumv. frá háttv. 1. þm. Árn. (Sig. Sig.) og háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) þess efnis, að bankinn haldi áfram að greiða vöxtu af þessu fé eins og áður, $4^1/_2$%, þó að landið taki að sér að greiða lánið sjálft. Eg geri ráð fyrir, að háttv. flutningsmenn þessarar brt. hafi ekki áttað sig á því, hvaða áhrif það gæti haft, ef bankanum yrði gert skylt að greiða þessa vöxtu. Fyrst og fremst getur þá ekki verið um neina veltufjáraukningu að ræða, ef bankinn gerði það. Það mun reka að því, þó svo færi að eg yrði ekki við þá stofnun riðinn framvegis, að þingmenn fengju að heyra það, að þetta nægir ekki, þótt féð jafnvel væri afhent bankanum sem lánsfé í 20 ár, þó að það væri vaxtalaust. Það er mikill munur á því, hvort féð er afhent bankanum sem *lánsfé* eða sem *veltufé*. Bankinn sendir reikninga sína út um alla veröld, að kalla má, til fjölda banka, sem hann hefir viðskifti við, bein eða óbein. Ef þessu væri nú svo fyrir komið, að þessir bankar sæju, að þessar tvær miljónir væru að safnast fyrir sem *eign* bankans, þá myndi það auka traust bankans og landsins mjög mikið út á við.

Annað atriði við þetta er það, að það stendur ekki á sama, hvað *vextirnir eru hátt settir*, ef bankinn er látinn svara vöxtum af upphæðinni. Eg tók það fram áðan, að af því, hvað veltufé bankans er lítið, og að það liggur í verðbréfum, tekið úr veltu, þá getur það ekki verið lagt til grundvallar fyrir því,

hvaða vexti bankinn tekur. Það eru þessar tvær miliónir, sem verða því að leggjast til grundvallar. En ef bankanum er gert að skyldu að borga $4^1/_2$ % vexti af þeim, þá er það sama sem að segja að vextir *af öllum lánum hér á Íslandi skuli aldrei komast niður úr 6%*. Sú stofnun, sem hefir *að eins lánsfé* til meðferðar, getur ekki gert ráð fyrir að munurinn á þeim vöxtum, sem hún borgar og þeim sem hún tekur af skuldunautum sínum, sé minni en $1^1/_2$%. Ef bankinn verður að greiða $4^1/_2$%, þá getur hann ekki sett útlánsvexti neðar en 6%, ef hann á að vera fær um að bera kostnað og töp. Eg skal sýna þetta með dálítið ljósari rökum, svo að menn geti verið vissir um að eg fer með rétt mál, og benda á, hvaða afleiðingar það getur haft fjárhagslega fyrir landið, ef bankinn verður látinn borga þessa $4^1/_2$% vexti. Hann verður að halda vöxtum sínum í 6%, þó að bankar í öðrum löndum t. d. í Danmörku taki ekki nema 5%. Nú voru útlán bankans 31. des. síðastl. 4,785,239,33. 1% skattur af því er 47,852 kr. En hér við bætist 1% af *öllum lánum* Íslandsbanka 31. des. kr. 6,457,712.86 öðrum en veðdeildarlánum, því að hann getur ekki sína vöxtu lægri. Og 1% af þeim er kr. 64,577,86. Það er líka skattur, sem legst á þjóðina, þegar vextirnir eru »normal«. Enn fremur getur aukist við veltufé Íslandsbanka samkvæmt lögum 2 miliónir, 1% af þeim er 20 þús. kr. Innlánsfé aukist o. s. frv. Skattur þessi gæti því numið af vöxtum þess banka enn *84 þús. kr.* Og þessi vaxtaskattur á þjóðina *færi út úr landinu*, því þó lítið eitt af hlutum þess banka sé íslenzk eign, þá er engin trygging fyrir að svo haldist framvegis, því hlutabréfin eru *handhafa*-pappír. Þetta eru þá afleiðingarnar af því að bankanum eru sett þau kjör, að hann getur ekki komið útlánsvöxtum sínum niður í »normalt« verð. Þetta kostar flutningurinn *úr vasa Landsbankans yfir í vasa landssjóðs, að eins skifti um vasa.* Eg skal koma seinna að því, hvenær þetta hverfur, en það er þegar vextirnir komast niður í $3^1/_2$%. Þessi flutningur milli vasanna getur orsakað það, að landið tapi 84,000 kr., eða þar um bil, í hvert skifti sem vextir eru 5% í útlöndum. Þetta bendir á, hvað mikla fjárhagslega þýðingu það hefir fyrir landið, að bankanum verði ekki gert skylt að greiða of háa vexti.

Nefndin hefir leyft sér að koma með breyt.till., þar sem farið er fram á að vextirnir verði ekki ákveðnir hærri en 4%. Það er ekki af því að nefndin álíti að bankinn eigi að greiða þessa vexti, heldur hefir hún gert þetta til samkomulags í bráðina. Það orsakar að vextir Landsbankans geta komist niður í $5^1/_2$% En ef deildin og þingið vildi nú færa vöxtuna niður í $3^1/_2$%, þá er öllu bjargað, því að bankinn getur þá komist niður í 5% með útlánsvöxtu sína. Eg vona, að þó að hvorki eg né nefndin beri fram tillögu um það, þá verði einhver til þess að koma fram með tillögu um það til 3. umr., þegar menn sjá, hvaða afleiðingar þetta getur haft. Eg hefi tekið þetta svona greinilega fram til þess að háttv. deildarmenn geti séð með opnum augum, hversu mikið nauðsynjamál þetta er, og geti áttað sig á því áður en gengið er til atkvæða. Eg þarf svo ekki að segja fleira að sinni, en skal að eins að lokum endurtaka það, að bankinn getur ekki borgað $4^1/_2$% vexti af þessu fé, svo framarlega sem hann á að hafa nokkur ráð til þess að geta haldið sæmilegum útlánsvöxtum.

**Ráðherrann (H. H.):** Eg vildi að eins láta það í ljósi, að það væri æskilegt, að þessi ræða ins háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) gæti sem allra fyrst komist á prent, til þess að þingmenn

fengju tækifæri til að kynna sér þær spánnýju kenningar í peningamálum, sem komu þar fram. Það væri heppilegt ef unt væri að útbýta ræðunni meðal þingmanna áður en 3. umr. þessa máls fer fram. *(Björn Kristjánsson:* Ekki hefi eg neitt á móti því). Að öðru leyti skal eg vekja athygli á því, að þar sem hann talaði um, að það væru vond kjör, sem bankinn hefði, að borga 2% af veltufé sínu til þess er leggur það fram, þá sýnist það ekki vera svo hræðilegt í samanburði við það sem Aktiubankar verða að borga af sínu veltufé. Þeir borga oft 6—7% af hlutafénu, sem nánast má bera saman við fúlgu þá, sem landssjóður hefir lagt Landsbankanum, og þykir engin ósköp. Landsbankinn hefir það fram yfir Aktiubanka, að hann þarf ekki að borga af starfsfé sínu neinn arð, ekkert annað en þessa 2%. Hitt græðir hann. Viðvíkjandi tillögunni um að bankinn borgaði vöxtu af þessari upphæð, sem hér er verið að tala um að leggja honum til, skal eg benda á, að það er í fullu samræmi við það sem heimtað er af öllum öðrum bönkum. Það er ekki nema sjálfsagt, að bankinn borgi vöxtu, ef menn á annað borð treysta landsjóði til að drífa upp þessar 200,000 kr. á hverju fjárhagstímabili handa honum. Að bankinn geti ekki borgað þessa vöxtu, er mér gersamlega óskiljanlegt. Það hlýtur að liggja í inum nýju kenningum, sem háttv. þm. kom með. Hann veit þó sjálfsagt fullvel, að Landsbankinn hefir eins og aðrir bankar fleira fé, sem hann getur grætt á, heldur en eigið veltufé sitt. Hann hefir líka í veltu innlánsfé manna, og þar að auki hefir hann tekjur af »provision« og innheimtu á skuldum, og ýmislegt fleira, sem getur numið talsverðri upphæð. Það er ekki verra fyrir bankann að borga landssjóði $4^1/_2$% vexti, heldur en að borga það mönnum, sem leggja fé inn í bankann. Annars væri fróðlegt að heyra, hvernig landið, sem nú ekki hefir tekjur umfram útgjöldum, á að útvega tekjur til þess að geta lagt bankanum 200 þús. kr. á hverju fjárhagstímabili. Á að gera það með nýjum skattaálögum, eða með sífeldri skuldastofnun?

**Framsögum. (Björn Kristjánsson):** Út af ræðu hæstv. ráðh. skal eg geta þess, að það er nokkuð annað fyrir banka, að vera bundinn við það með lögum að borga fé á hverju ári, hvort sem hann hefir nokkurn hag eða ekki, eða að þurfa ekki að borga nema af hag. Það er öðru máli að skifta með Íslandsbanka, heldur en með Landsbankann. Íslandsbanka er lagt fé vaxtalaust og hann þarf ekki að borga nema af hag sínum, en Landsbankinn verður að borga, hvort sem hann hefir nokkurn hag eða engan. Eg grundvallaði skoðun mína á því, að bankinn miðaði útlánsvöxtu sína við hag af veltufé sínu, en ekki við »provision« eða önnur tilfallandi störf.

Það sem vantar, er, að hæstv. ráðh. vill ekki gera Landsbankann jafn hæfan til að útvega sér aukkatekjur eins og Íslandsbanka. En eg vona að háttv. þingmenn sjái, að það er mikill munur á því að þurfa að borga hvort sem um nokkurn hag er að ræða eða ekki, ellegar fyrir hlutabanka, sem skilar arði ef hann hefir einhvern hag, en annars ekki Það getur líka átt sér stað að hlutabanki tapi ár eftir ár, en stjórn hans vilji ekki láta þera á því, og borgi þess vegna eins mikinn arð og vant er þegar vel gengur.

**Valtýr Guðmundsson:** Eg vil leyfa mér að skjóta fram þeirri athugasemd, að þegar það kom til umræðu í nefndinni, hvort greiða ætti vöxtu af til-

lagi landssjóðs til Landsbankans, þá kom mönnum ekki saman um það atriði. En eg skal minna á aðra hugmynd, sem kom fram í nefndinni og gæti verið eins hentug, að áskilja að Landsbankinn greiddi ákveðinn hluta af arði til landssjóðs. Mér skilst það vera rétt, að bankinn greiði eitthvað fyrir þetta, alveg eins og hlutabankar greiða hluthöfum árlegan arð. Íslandsbanki greiðir 10% af arðinum í varasjóð, en skiftir hinu upp á milli hluthafanna. Nú er veltufé Landsbankans $1^1/_2$ millión kr., 750 þús. kr. í seðlum og viðlika mikið í varasjóði. En svo hefir hann líka 2 milliónir, sem landssjóður hefir lagt honum til. Nú hugsa eg mér það þannig, að bankinn greiði landssjóði hlutfallslega af arðinum, en hitt gangi til bankans sjálfs. Og með því móti álít eg bankanum vel borgið. Hann fær þá talsvert af arðinum, ef hann greiðir að eins arð af 2 milí. í landssjóð. Það getur vel verið að þetta verði eins hentugt eins og að ákveða einhverja fasta vöxtu og eg hygg jafnvel að landssjóður geti haft meiri arð með þessu móti, því að eg ímynda mér að bankinn gefi meiri arð en $4^1/_2$%. Það hlýtur að vera sérstakt óhapp ef arðurinn verður undir því. Eg skýt þessu að eins fram fyrir þá sem eru á móti því fyriririrkomulagi, sem stungið hefir verið upp á, ef þeim þeim þætti þetta geðfeldara og mér hefir heyrst það á háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) að hann væri þessu ekki mótfallinn. Þá væri bankinn alveg eins settur að þessu leyti eins og Íslandsbanki. Hann hefði þá $3^1/_2$ millión kr. í veltufé. sem væri að skoða sem hlutafé.

**Framsögum, (Björn Kristjánsson):** Eg vil að eins benda á það út af því, sem háttv. þm. Sfjk. (V. G.) sagði, að þetta myndi líta alt öðru vísi út, ef því yrði hagað eins og hann stingur upp á. Þá yrðu þessir peningar að veltufé bankans og þá er honum ekki gert að skyldu að græða svo mikið, að hann geti borgað $4^1/_2$%, heldur að eins að græða eins mikið og hann getur. Þetta vinst alt með því sem háttv. þm. Sfjk. (V. G.) tók fram.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Eg hefi hér að eins litlu við að bæta það sem sagt hefir verið. Eg vildi að eins segja nokkur orð út af því sem hæstv. ráðherra sagði. Hann sagði, að Landsbankinn borgaði ekki nema 2% til landssjóðs af veltufénu. En hvers konar veltufé er það? Það er það sem landssjóður hefir lagt til í seðlum. Þegar Landsbankinn fyrst gaf út sína seðla, þá kostaði landssjóður efni þeirra (pappir) og gerð og var þá því ekki nema réttmætt að landssjóður fengi eitthvað fyrir snúð sinn að gefa út seðlana og ábyrgjast þá. En nú er alt öðru máli að gegna. Allan kostnað við útgáfu seðlanna annast nú bankinn. Og er því til nokkuð mikils ætlast, að bankinn borgi landssjóði 2% af veltufé sínu, í seðlum, sem landssjóður leggur ekki eyris-kostnað til í. Hefði landssjóðurinn lagt honum til 750 þús. kr. í gulli, í stað þess að gera það í seðlum einum, þá skyldi eg ekki lasta það þótt bankinn greiddi *vöxtu* af því fé, t. d. $4^1/_2$%. Annars vil eg ekki fara lengra út í þetta mál. Aðalatriðið er það, að bankinn hefir of lítið starfsfé. Er nauðsyn á að auka það, þar sem lánsþörf landsmanna er altaf að aukast með ári hverju. Þetta 2 milj. kr. lán, sem landssjóður hefir veitt Landsbankanum, er nú *komið í veltu sem útlánsfé*. Og ef bankinn ætti að fara að endurborga þetta, þá þyrfti hann að draga úr veltunni (þ. e. innheimta af skuldunautum) jafn mikið af þessu útlánsfé sínu, sem hann ætti að borga landssjóði. En mundi það vera að vilja landsmanna? Eg vil minna á, að það hefir verið óhappaár árið í ár. Að vísu hefir vel

fiskast, en það hefir komið að litlu haldi þar sem ekki hefir verið hægt að þurka fiskinn hér sunnanlands, og jafnvel vestra. Er nú svo komið, að útgerðarmennirnir hafa orðið að baka sér skaðabætur fyrir það að geta ekki staðið í skilum með þann fisk, sem þeir voru búnir að selja fyrirfram. Og þessir menn skulda bankanum fé, sem hart væri að fara að krefja þá um þegar verst gegndi.

Hér er því um tvo kosti að ræða, annan þann, að bankinn standi á svo föstum fótum, að hann geti staðist þann atvinnuhnekki, sem óhappaárin valda, eða hinn, að hann verði neyddur til að draga inn útlánsfé sitt, sem gæti orðið til þess að velta um koll nýtustu mönnum, þeim sem sízt skyldi, — mönnum, sem geta bæði staðið í skilum og aukið atvinnu sína að mun undir eins og batnar í ári. Eina úrræðið verður þá, að landssjóður losi bankann við endurgreiðslu lánsins, svo að hann þurfi ekki að ganga hart að mönnum með að innheimta nú fé af þeim, þegar svona árar og verst gegnir. Eg segi þetta ekki af vorkunnsemi við bankann, því hann er engin lifandi vera, heldur við þá lifandi landsmenn, sem þurfa að nota hann. Og það munar um hverjar 100 þús. kr. þegar um það er að ræða, að kippa fótunum undan efnahag landsmanna.

Viðvíkjandi því, sem háttv. þm. Sfjk. (V. G.) lagði til, þá er eg honum sammála. Eg hefi einmitt lagt þetta til áður um þessar 2 miljónir, sem landssj. hefir lánað bankanum, að hann legði þær nú bankanum sem »Interessent«, það er að segja, að hann fengi sinn hluta af ógóðanum. Þegar Landsbankinn væri búinn að borga alt, sem hann ætti að borga, leggja í viðlagasjóð o. s. frv., þá yrði arðinum skift og þá fengi landssjóður sinn hluta af honum, þannig, að þessar 2,000,000 kr. yrðu skoðaðar sem partur landssjóðs úr höfuðstól bankans. Þetta væri *bussinesslike*, eins og kallað er. Landssjóður væri »Interessent« í bankanum og fengi sinn hlut af arðinum eins og hver annar hluthafi, því Interessentar fá sama arð og hluthafar af eign sinni. Landsbankinn stæði þá ekki í neinni skuld við landssjóð og lánstraust hans myndi aukast að mun.

Þetta, sem alt af er verið að gera hér, þegar um lán er að ræða, að slá vöxtunum föstum, að menn eigi alt af að borga sömu vöxtu hvernig svo sem alt gengur og hvernig svo sem vextir standa annarstaðar, minnir mig á eitt félag, Gránufélagið. Það skuldbatt sig til þess að greiða alt af 6% arð, hvernig svo sem gengi, hvort sem það græddi eða tapaði.

Af þessum 2 br.till vona eg að menn aðhyllist fremur br.till. nefndarinnar. Það verður að fara varlega þegar ákveða skal fasta vaxtahæð Annars hefi eg hugsað, að einhver þingm. vildi taka upp til 3. umr. tillögu samkvæmt því sem eg hefi sagt hér. En það er ekki auðið að gera það í dag, á þessu stigi málsins.

Eg vil enda á því, sem eg byrjaði á, að brýna það fyrir mönnum, að hér er ekki eingöngu verið að líta á hag Landsbankans, heldur og hag landsmanna. Það á að fara svo með bankann, að hann komi að sem mestum notum fyrir landsmenn.

**Pétur Jónsson:** Eg vildi taka það fram, að þó að br.till. á þgskj. 211 sé heldur til bóta, þá er eg samt ekki fremur með málinu en áður, og ekki frekar en aðrir þingmenn, sem töluðu um málið við 1. umr.

Eg benti á það við flutningsmann frumv., að það er næsta undarlegt, að í frumv. er ekkert ráð fyrir því gert,

hvort þetta fé, sem farið er fram á að landssjóður leggi bankanum til, eigi að teljast sem eign bankans eða landssjóðs. Í greininni stendur, að landssjóður leggi Landsbankanum til 100 þús. kr. á ári í 20 ár. Hvort er það lán eða gjöf? Það stendur ekkert um það. Það mætti þó ekki minna vera en að þetta stæði skýrt í frumv., og ef landssjóður á að eiga þetta fé inni í bankanum, þá einnig með hverjum skilmálum.

En það, að landssjóður fari að leggja bankanum til 100 þús. kr. á ári til þess að auka og efla veltufé bankans væri engin fjarstæða, ef landssjóður væri svo efnaður að hann gæti það. Þetta eru líka hreinustu óyndisúrræði fyrir bankann, og er ótrúlegt, að ekki megi finna betra ráð en þetta honum til viðreisnar. Þetta er beinlínis til þess að veikja traust bankans, þegar það fréttist, að hann sé svo ósjálfbjarga, að hann þurfi stórt meðlag úr landssjóði.

Það er ætlast til, að þetta sé til þess, að fullnægja betur lánsþörf landsmanna, og mörgum orðum farið um það, hve illa menn verði staddir ef Landsbankinn fái eigi þennan stuðning. En þetta er misskilningur. Lánsþörf landsmanna í heild sinni verður ekki betur fullnægt. Landssjóður hefir að undanförnu lánað fé til inna þörfustu fyrirtækja í landinu, samkvæmt heimild á fjárlögum. Ef landssjóður á nú að borga þetta í bankann árlega, nemur það fullkomlega því, sem hann hingað til hefir haft til útlána. Þau lán verða að hætta, og er því þeirri lánsþörf landsmanna fyrirmunað. Landsbankinn fullnægir henni máske í staðinn að einhverju leyti, en nokkuð mun þó ganga til víxillána af þessu fé. Nei, Landsbankinn verður að finna einhver betri ráð en þetta til að hjálpa sér. Og held eg því að það væri eins gott að draga að gera þetta til næsta þings og vita hvort að bankastjóri eða bankasijórn hefir ekki fundið nein betri ráð. Eg er ekki bankafróður maður og get því ekki bent á ráðin, eða á úrlausn þessa máls. En eg vil að eins segja, að þetta, sem nefndin hefir borið fram, er ekki neinn vegur, og þetta er á móti grundvallarreglum allra banka, þeirri reglu, að standa á sínum eigin fótum.

Landssjóður styðar Landsbankann eins og vera ber með seðlaláninu eða ábyrgðinni og það sér að meinalausu. Sama er og með ábyrgðinni á bankaskuldabréfunum. Þetta hefir landssjóður getað gert sér að meinalausu, og slíkur stuðningur er sjálfsagður á meðan hann ekki rýrir lánstraust landssjóðs út á við. Í stuttu máli: allur óbeinn stuðningur af landssjóðs hálfu við Landsbankann er sjálfsagður.

**Bjarni Jónsson:** Eg er ekki maður bankafróður og ætla mér því ekki að fara að halda fyrirlestur um bankafræði, því það ætla eg þeim lærðu. Þeim lærðu ber reyndar ekki saman, en allir eru á sama máli um eitt, og það er það, að menn vantar hér fé til þess að geta ráðist í arðvænleg fyrirtæki og haldið þeim áfram. Þessir menn þurfa því að taka lán. En þegar Landsbankinn er eina stofnunin, sem þingið ræður yfir, er ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, að bankinn sé gerður fær um að lána þessum mönnum. En til þess að bankinn geti það, þarf landssjóður að hjálpa honum til þess, því ekki geri eg mikið úr því, sem einn þingm. mintist á, að þingmennirnir fari að veita lán úr landssjóði. Eða væri það viðkunnanlegt, að við hérna færum að fara með víxla inni í þingsalnum?

Þetta lán, sem farið er fram á að landssjóður láni bankanum, er ekki neinn styrkur til bankans, af því að hann sé svo illa staddur. Bankinn getur vel borgað lánið með því að taka

fé sitt úr veltu. En hér er að eins farið fram á að landið taki að sér þessa skuld, til þess að bankinn þurfi ekki að færa inn kvíarnar og hindra menn í að halda áfram fyrirtækjum, sem þeir eru byrjaðir á.

Eg tel það ekki hafa verið neitt um skör fram, þó að landssjóður veitti bankanum veltufé í seðlum, þó að bankinn hafi fengið víxil hjá landssjóði upp á svo og svo mörg hundruð þúsunda. Því það er ekki gjaldgeng vara. Eg hefi sjálfur gengið með íslenzkan seðil milli verzlana í nágranna-löndunum — að undanskilinni Danmörku — til þess að vita, hvort menn vildu taka hann. Nei, það þorði enginn. Er það gallað slíkt veltufé, — Hér er um það að ræða, að landssjóður hjálpi bankanum til þess að fá 2 milj. kr. í veltufé, og væri það ekki neitt mikið þó að landssjóður legði bankanum það til, og eftir því sem frv. er orðað, þá verða þessar 2 milí. — undir eins og búið er að samþykkja frumv. — orðnar að eign, að veltufé bankans. Það er því alveg sama sem að landssjóður taki að sér þetta lán, og mundi það auka mjög lánstraust bankans. Eg held, að ekki sé of mikið gert úr þeirri nauðsyn, að útlendir bankar sjái, að Landsbankinn hafi eitthvað veltufé. Það væri magur hagur fyrir bankann að hafa ekki annað en sparisjóð. Og þótt bankinn sé ekki neitt á hausnum, þá verður hann að hafa svo mikið fé, að hann geti borgað út sparisjóðsfé. Annars gæti það farið fyrir honum eins og Bikuben, þegar Adolf Steen stóð fyrir henni Það var gerður slíkur aðsúgur að henni, að þó að hún væri sterkrik, þá varð hún að gefast upp, þegar hún í nokkra daga var búin að útborga fé í mörgum stöðum í Kaupmannahöfn. En þá bauðst Tietgen, sem hafði komið aðsúgnum af stað, til þess að hjálpa henni. Og þegar hægt er að fara svona með eins sterka stofnun og Bikuben var, hvernig væri þá ekki hægt að fara með Landsbankann? Það er miklum mun tryggara, að bankinn hafi í raun og veru þessar 2 miliónir kr. í veltunni; og er sjálfsagt að landið geri þetta, sem farið er fram á. Umkvartanir manna út af peningaeklunni eru á rökum bygðar, því menn, sem hafa mikið með höndum, verða að geta snúið sér við þegar bráðan ber að, eða að öðrum kosti að verða öreigar.

Hitt skiftir minnu um vöxtuna, og vil eg ekki deila um það við háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.). Læt eg þá deila um það, hann og hæstv. ráðherra, sem báðir eru bankastjórar.

En hitt get eg skilið, að ef Landsbankanum á að vera gert það að skyldu, að borga landssjóði $4^1/_2$ af hndr., þá verður það ekki stórt svæði sem bankinn getur fært sig til á. Væri það ilt, ef að það yrði þess valdandi að bankinn gæti ekki ráðið vaxtahæð í landinu, svo sem landsstofnun ber. En með þessu móti yrði hann bundinn við borð, því að hann yrði að hafa sitt upp borið; þá gæti svo farið, að afleiðingin af vaxtagræðgi landsjóðs yrði sú, að erlendir hluthafar í hinum bankanum græddu því meira fé á landsmönnum.

Einn háttv. þm. hér í deildinni, þm. S.-Þing. (P. J.), gat ekki séð, að neitt betra væri að leggja Landsbankanum til þetta fé, heldur en einhverjum öðrum stofnunum. Þá duttu mér í hug tillögur fjárlaganefndarinnar og þingm. um lán úr viðlagasjóði, þar sem farið er fram á að lán verði veitt, sem ávaxtist og afborgist á 28 árum með 6% á ári. Það er að segja, að afborgað er með 2%, en 4% eru vextir af láninu. Ef nú vextir stæðu í 6% á ári í þessi ár, þá væri þetta sama, sem að landssjóður gæfi allan höfuðstólinn. Eru þetta ekki menn, sem ekki vilja setja

neina styrki í skáldin, heldur að eins hugsa um, að efla og styðja hag landssjóðs. Og þessir menn vilja láta landssjóð veita svona lán, eða réttara gjöf. Það má segja um þessa menn: Þeir reikna glögt og fimara heldur en fjandinn, en fá þó ekki nokkur úrslit rétt.

Eg gæti til gamans talið saman nokkur lán úr viðlagasjóði og reiknað út, hve mikið landið gefur þar burt á ári, og hvort það jafnast ekki á við það, sem nú er verið að telja mest eftir. Og hart er það, að sparnaðarmennirnir skuli ekki vita, hvort þeir eru að lána fé eða gefa. En svo vilja þeir endilega taka $4^1/_2$ % af bankanum, sem er alt of hátt, svo sem eg sýndi fyr. Hitt mætti við una, að hann borgaði $3^1/_2$ %—4 %.

Þá er till. þeirra háttv. þm. Sfjk. (V. G.) og háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) um, að landssjóður fái hluta af arðinum. Þykir mér hún aðgengilegust, þótt það sé raunar skrítið, ef landssjóður á að fara að verða meðeigandi að sjálfum sér, og vona eg, að allir skilji, hvað eg á við með þessu, þar sem hann á bankann. Og veltan væri ekkert of mikil, þótt hann fengi 200 þús. kr. á ári. Og venjulega hefir hann haft bolmagn til að gegna skyldum sínum gagnvart landinu. Hitt get eg vel skilið, að stjórnin segi sem svo: »Hvernig á landið að fara að því, að kljúfa þetta?« Það er alt annað mál, og út í það skal eg ekki fara að sinni, fyr en eg sé, hvernig lögunum reiðir af. Þó vona eg, að varla þurfi mikið að óttast í því efni, því að niðurstaðan hefir oftast orðið betri, en ráð var fyrir gert. Þó að fjárlögin sýni einhvern halla, þá verður vonandi ekki mikið úr því, því að hann hefir enn þá aldrei komið til skila þessi $^1/_2$ eða $^3/_4$ millióna króna tekjuhalli. Hann er áætlaður, en ekki verulegur, og þess vegna mun stjórnin geta lagt bankanum þetta fé til, án þess að taka nokkur ný lán.

**Framsögum. (Björn Kristjánsson):** Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) þótti formið á þessu frumv. undarlegt, þar sem ekki væri tekið fram, hvort þetta fé ætti að vera bankans eign, eða landssjóðs. Eg held, að nefndin hafi skilið svo, að það ætti að afhendast sem veltufé, eins og seðlarnir, sem voru afhentir þannig, til þess að bankinn hefði þeirra sem bezt not. Að þetta tillag sé ómynd og beri vottt um, að bankinn sé ósjálfbjarga, kannast eg ekki við. Ekki var það álitið svo á þingi 1907. Þá sagði hæstv. ráðherra svo (Alþt. bls. 2482):

»En eg álít rétt, að benda á, að það sem hér er farið fram á, er í rauninni ekkert annað en lántaka fyrir landssjóð í sérstökum tilgangi«.

Hann skoðar svo, að það hvíli alls ekki á bankanum, að sjá um þetta lán, heldur á landinu. Enn fremur segir hann á næstu síðu:

»Væri hin aðferðin höfð, að landið tæki í þessu skyni lán í einu lagi, og afhendi Landsbankanum peningana til meðferðar, gæti hugsast, að lánið fengist með lægri vöxtum, en $4^1/_2$ %, og fengi bankinn þá þeim mun ódýrara starfsfé«.

Þetta sýnir, að hæstv. ráðherra hefir verið á því þá, að lánið hlyti að lenda á landssjóði, og hví er þá eigi inu sama máli að gegna nú. Sömu skoðun hefir víst háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) haft þá, þótt eithvað hafi glapið fyrir honum síðan. Framsögum. fjárlaganefndarinnar, sem þá var Jón heitinn frá Múla, sagði svo við 3. umr.:

»Svo þýðingarmikið er það mál, sem vér höfum ráðið til lykta í dag (Íslandsbanki), og af þessum ástæðum studdi eg það mál, sem nýlega var bundinn endi á í þessari deild. Og eg mundi engu síður styðja að því, að auka starfsfé Landsbankans, ef eg sæi, að það væri hægt með góðu

móti. Eg vona að augu manna opnist svo til næsta þings, að þeir sjái, að svo búið má ekki standa, að því er Landsbankann snertir.

Eg sé ekki að vér getum bjargast með öðru móti út úr þessu ástandi, en með því, að búa svo um, að Landsbankinn geti í raun og veru fengið meira fé inn í landið. Lántökur hans eins og hingað til nægja ekki«.

Það var sem sagt ákveðin stefna þingsins þá, að styrkja bankann, og hæstv. ráðherra áleit alveg sjálfsagt, að landssjóður legði fé til þess.

Viðvíkjandi því, að ekki sé vert að taka þetta fé úr landssjóði vegna þess, að þá geti landið sjálft ekki lánað neitt lengur, skal eg segja frá dálitlu dæmi um landssjóðinn sjálfan, sem bankarekanda. Sýslunefnd ein hafði beðið Landsbankann um 7 þús. kr. veðdeildarlán, og höfðum við samþykt að veita það með mjög aðgengilegum kjörum. En þegar til kom, vildi sýslunefndin ekki taka lánið, heldur bjóst við að fara til 3. bankans, nefnilega þingsins eða landssjóðs, til þess að fá lánið með ofurlítið ($^1/_2$%) ódýrari vöxtum. Þetta sýnir ljóslega, að landssjóður er beinlínis keppinautur bankans, *sem lánsstofnun*, þar sem hann lánar fé út fyrir 4—4$^1/_2$%, ef hann getur til almennra fyrirtækja sem eiga að borga sig.

Eg álít nú, að það ætti fult svo vel við, að þingið neitaði þess konar lánum yfir höfuð, en styrkti heldur Landsbankann til að geta veitt þau. En nú á sýsla þessi á hættu að fá ekkert hjá bankanum heldur, þegar 3. veðdeild er að verða á þrotum. Bankinn stendur auðvitað við það sem hann hefir lofað að lána, ef þess er leitað, meðan hann hefir fé til þess. Svona er nú alt þetta óeðlilegt, í stað þess að landið styrki sinn banka, svo að hann geti fullnægt þörfum manna og kröfum. Að draga þessar umbætur til næstu fjárlaga, er sama sem að setja alt í kaldakol, og eg er hræddur um, að margur mundi kveina í næstu 2 árin, ef það yrði gert. Og að fyrirkomulagið er ekki ið sama og erlendis, kemur blátt áfram af því, að við förum ekki að eins og allir aðrir í heiminum. Annarstaðar *er veltufé lagt fram*, gegn einhverjum hluta ágóðans, en hér er ekki þannig farið að, og þess vegna er grundvöllurinn bygður á sandi.

Um það, hvar eigi að taka þetta fé, get eg fyrst og fremst verið samdóma háttv. þingm. Dal. En ef í harðbakkana slær með fjárl., svo að ekki verður hægt að koma því að þar, þá hefir einhverntíma verið ráðist í meira stórræði en þetta. Að minsta kosti þegar bætt var *30% á alla tolla*, til þess að vega á móti tekjuhallanum. Nú er nauðsynin þó enn meiri en þá. Því að ef þetta mál fær ekki greiða afgreiðslu hér á þinginu, því verður bankinn að hætta að veita lán, einnig veðdeildarlán, því þá verður honum um megn að kaupa veðdeildarbréf.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Hv. þingmaður Dal. taldi seðlana hafa þann galla, að þeir væru ekki gjaldgengir ytra. Eg er því nú ekki samdóma, að það sé neinn *sérstakur* galli á *vorum* seðlum, því að það er svo um *hvert einasta land*, að seðlar þess gilda ekki að lögum — eru ekki löggengir — í öðrum löndum. Hitt er annað mál, að t. d. brezkir seðlar eru teknir gildir mjög víða. En um smáþjóðir er ekki því að heilsa, og skozkir seðlar eru jafnvel ekki gjaldgengir í Englandi.

Þá vil eg minnast á nokkur orð, sem féllu hjá háttv. þm. S.-Þing. (P. J.). Það, að bankinn fer fram á meira starfsfé, er mikill misskilningur að taka sem vott þess, að hann sé ósjálfbjarga. Hann *getur* borgað hverja skuld, sem hann er í, og þetta líka. En hann getur ekki

tekið fé til þess undan nöglum starfsmanna sinna, eða upp úr gólfinu. Nei, hann verður að taka það þaðan, sem hann á það til, en það er frá skuldunautum sinum, landsmönnum sjálfum, og þetta ætti að vera nóg til þess, að sýna, hve holt það væri *þeim*, að geyma þetta frumv. til næsta þings. Þá er eg hræddur um, að einhverjum sviði í S.-Þingeyjarsýslu, því að þaðan eru líka lán, sem kæmi sér illa að yrðu krafin skyndilega, en bankinn *verður* að segja lánum upp í tíma, til þess að geta staðið í skilum. Það verður að gæta þess, að hér eiga sýslur landsins í hlut, og kjósendur í hverjum hreppi á landinu. Bankinn getur bjargað *sér*, en að eins með því að draga inn til sín fé, sem hann á úti, og greiðendum kæmi væntanlega verr uppsagnir lána alment, heldur en jafnhár halli á fjárlögunum.

Þá sagði háttv. þm. Dal. að við gæfum úr viðlagasjóði. Það er nú ekki alveg rétt, þó að við t. d. lánum gegn 6% afgjaldi í 28 ár. Við eigum þó höfuðstólinn á eftir. Og svo er annað. Síðasta grein fjárlaganna hljóðar svo, að væntanlegur tekjuhalli skuli greiðast úr viðlagasjóði. Ef til þess kemur, þá þýðir það að þá verður þeim ekki veitt lán, sem heimild var til að veita það. Því að þetta er að eins *heimild*, en *engin skylda*. Það þarf ekki nema eins fjárhagstimabils virkilegan tekjuhalla til þess að þær »gjafir« — þessi lán með tiltölulega vægum kjörum — detti úr sögunni.

**Pétur Jónsson:** Það er engin mótsögn, þótt eg segði að með þessu fyrirkomulagi yrði bankinn háður landssjóði. Hér er um alt annað og meira að ræða en 1907, þótt þá væri tekin ábyrgð á bankaskuldabréfunum. Það var alveg sama og þegar bankanum voru afhendir seðlarnir: landssjóður lánaði honum lánstraust sitt, og það var honum þó a. m, k. enginn skaði, og á svipaðan hátt getur hann máske stutt Landsbankann enn. Og hann getur ef til vill lagt fram eitthvert fé, en það er óvíst — og óheppilegt að skuldbinda landssjóð í því efni, því það veltur eins og að undanförnu á tekjuauka umfram áætlun. Og lánsþörfinni er engu fremur fullnægt eftir en áður, því að ef fé verður til, þá er það fé, sem ella yrði lánað landsmönnum á venjulegan hátt Þær lánveitingar eru engin venjuleg bankastörf. Mismunurinn er einkum sá, að landssjóður lánar ekki nema gegn öruggustu tryggingum, svo sem ábyrgð sýslu og sveitarfélaga, en bankinn gegn inum venjulegu. Sumt fer máske til sömu fyrirtækja, sem landssjóður lánaði til ella. En nokkuð gengi í víxillán, og þau verða ekki talin brýnni eða betri en hin.

En ekki er rétt að skilja orð mín svo, að bankinn þurfi ekki að hafa meira starfsfé, ef hann á að geta fullnægt lánsþörfinni. Þá hélt háttv. 1. þm. G.-K. að það hefði ekkert að þýða, að láta málið bíða næsta fjárlagaþings, það væri þvert á móti stórtjón. Ekki munar það nú nema 200 þús. kr., svo að ekki skil eg að bankinn þurfi að skera upp herör fyrir það. Ekki er það t. d. tekið mikið til greina, hvort hann skuldar Landmandsbankanum nokkur hundruð þúsund meira eða minna, eins og var í gamla daga, eða á þar inni upp undir 800 þús. kr. eins og var um síðustu áramót, eða ekki, og veltur þó á margfalt meiru þar.

Háttv. 1. þm. S.-Múl. var eitthvað að tala um kjósendur mína, og sagði að þeim gæti sviðið. Eg er nú ekki vanur að bera þá mjög á vörunum. Eg

hefi aldrei álitið mig þingmann kjósenda minna eingöngu, heldur miklu fremur alls landsins, svo að þetta var óþarfi.

**Framsögum. (Björn Kristjánsson):** Það getur verið að bankinn þyldi að bíða eftir 200 þús. kr. í 2 ár. En vill háttv. þm. þá sanna mér það, að næsta fjárlagaþing vilji veita þetta fé? Það getur hann ekki, og þess vegna verður bankinn að taka sína stefnu nú þegar, því að hann getur ekki bygt á öðru en því, ef þingið vildi gefa þá yfirlýsingu, að það ætti að veita þetta fé.

Það sem háttv. þm. sagði um Landmandsbankann, að það gerði ekki svo mikið, þótt Landsbankinn skuldaði honum, skal eg ekki segja annað en það, að eg hygg að bankanum detti ekki í hug að fá sér lán þar til þess að setja hér í löng lán; það væri óðs manns æði, enda sáu menn, hvernig bankinn var staddur 1907, einmitt af því að svo var gert. En til skjótra viðskifta er ekkert á móti því að taka slík lán, enda er það nú gert.

Eg skal svo ekki segja meira. Eg neyddist að eins til að drepa á þessi atriði, af því að hér hafa orðið nokkuð skarpar umræður.

**Lárus H. Bjarnason:** Í því trausti, að sæmilega góðviljuð stjórn Landsbankanum finni ráð til að afla þess fjár, sem hér um ræðir, og með þeirri greinargerð, að eg lít svo á, að þetta sé fremur lán en gjöf, þá ætla eg að greiða atkvæði með frumvarpinu til 3. umræðu, enda lít eg svo á, að þetta sé fult svo mjög landsmönnum í hag sem Landsbankanum.

**Kristján Jónsson:** Eg kannast við og vil láta það í ljós, að eg tel það mjög æskilegt, að fjárhagur landsins væri í svo góðu lagi, að landssjóði væri fært að byrja á að veita Landsbankanum þessa fjárfúlgu, sem um er að ræða — 100 þús. kr. á ári. En eg sé ekki, að landssjóður sé fær um að gera þetta. Eg hefi beðið eftir að heyra formælendur frumv. benda á einhver ráð til þess að gera landssjóði þetta kleift. En það fer fjarri því, að eg hafi heyrt bent á nokkur úrræði. Mér er kunnugt um, að eins og nú er komið fjárlögunum, er gert ráð fyrir á þriðja hundrað þúsund króna tekjuhalla, og ef að vanda lætur, þá verður tekjuhallinn ekki minni þegar fjárlögin fara út úr þinginu. Eg er svo gerður, að eg vil fá að vita, áður en eg greiði atkvæði með nýjum, mjög miklum útgjöldum, hvort nokkur tök eru á að landssjóði sé fært að standast þau. Mér virðist, sem hér sé ekki höfð sú fyrirhyggja sem ætti að vera í þessu efni.

Háttv. þingm. Dal. (B. J.) taldi þetta sjálfsagt. Hann er nú alt af svo góður í sér og vill öllum fé veita, en hann spyr ekki alt af að því, hvar féð eigi að taka, og því síður gæti hann svarað því, þó að hann væri spurður. En fjárvöntunin vill oft verða steinn í götu fyrir géðvild þeirra manna, sem eins eru gerðir og hann. Vöntun fjárins er venjulega þröskuldurinn, sem vér rekum oss á, er vér viljum veita fé til einhvers þess, er vér teljum æskilegt og nauðsynlegt. Þess vegna verðum vér ætíð fyrst að leggja þá spurningu fyrir oss og svara henni: er fé á reiðum höndum til þessa? Sé það ekki, verður að sýna ráð til að útvega peningana.

Eg er sammála þeim háttv. þingm., sem hafa haldið því fram, að hér eigi ekki að tala um gjöf, heldur um lán. Það verður að líta svo á, að féð sé lánað bankanum. En eg er ekki sammála háttv. framsögum. (B. Kr.) og hygg að hann hafi ekki skilið það rétt, sem talað var hér í þinginu árið 1907, er lög-

in um bankaskuldabréfin voru til meðferðar. Það er enginn vafi á því, að ráðherra og fiutningsmenn málsins þá voru þeirrar skoðunar, að innlausn bankaskuldabréfanna ætti að hvíla á bankanum, en ætti ekki að lenda á landssjóði. Eg hefi kynt mér umræðurnar nú samstundis og get ekki skilið þær á annan hátt. En ef landssjóður skyldi eiga að innleysa bankaskuldabréfin fyrir Landsbankann, það er: leggja fram fé til þess, en í þá átt fer frv., þá er það sjálfsagt, að mínu áliti, að þetta fé á að teljast lánað bankanum, og hann verður að greiða hæfilega vexti af því.

Annars verð eg að telja það alveg óviðeigandi, að gefa nú út sérstök lög um það, að landssjóður skuli næstu 20 ár greiða þennan árlega skatt til bankans. Það væri miklu eðlilegra að fara hina leiðina, að veita þessa upphæð á fjárlögunum fyrir hvert fjárhagstímabil 200 þúsund krónur. Það væri réttari leið í þessu máli; fjárveitingarvaldið mundi þá annað hvert ár athuga, hvort þörf væri fyrir fjárveitinguna, og hvort hún væri forsvaranleg. Eg býst ekki við að geta greitt atkvæði með frumvarpinu.

**Ráðherrann (H. H.):** Háttv. þm. Rvk. (L. H. B.) kvaðst ætla að greiða þessu frumv. atkvæði, í því trausti, að »sæmilega velviljuð stjórn Landsbankanum mundi finna ráð til að útvega það fé sem þyrfti«. Eg fer nærri um, að þetta muni eiga að vera uðdróttun til núverandi stjórnar, að hún beri illvilja til bankans. Eg veit vel, að þessi aðdróttun er ein af brellunum, sem notaðar hafa verið í seinni tíð úr vissri átt, til þess að reyna að ófrægja mig og vekja mótspyrnu. En eg hræðist ekki slíkt, og mun eg ekki greiða atkvæði með frv. nema eg viti, hvar á að taka peninga í þau útgjöld, sem leiða af því ef frv. verður samþykt. Það er ekki hægt að standast þau útgjöld með tómri »velvild». Til þess þarf líka máttinn.

**Kristinn Daníelsson:** Eg stend ekki upp til þess að bæta neinum bankafróðleik inn í umræðurnar. Enda vill nú svo vel til að engan bankafróðleik þarf til að sjá, að hér þarf úr áð bæta. Við vitum allir, að það er almenn krafa þjóðarinnar, að einhver ráð verði fundin nú þegar, og eg álít að þingið mundi spilla mjög trausti sínu meðal landsmanna, ef það skildi svo við þetta mál, að engar bætur væru fundnar á því. Það þarf ekki lengra að rekja en til 1907, menn muna, hvað þá gerðist. Þá stóð líkt á og nú, og þáverandi bankastjórn sneri sér til þingsins í fjárvandræðum bankans. Þingið tók það ráðið, sem kunnugt er orðið, af þeim tveimur, er voru fyrir hendi: að fá lán eða að gefa bankanum leyfi til að selja þessi bankavaxtabréf.

Það virðist liggja í augum uppi, að þegar ákveðið var að innleysa bréfin eftir 5 ár, þá hafa menn ekki hugsað sér, að bankinn ætti að draga inn þetta veltufé. Heldur hafa menn hugsað, að á þeim tíma mundu finnast einhver ráð, sem menn höfðu þá ekki á takteinum. Það er óhætt að fullyrða, að engum hefir dottið slíkt í hug, að bankinn ætti eftir 5 ár að draga inn 2 miljónir af veltufé sínu.

Menn hafa hlotið að sjá fram á, að allir atvinnuvegir mundu aukast, og þá hafa menn hlotið að kannast við, að bankinn mundi þurfa meira en ekki minna veltufé í framtíðinni. Eg sé sem sagt ekki fram á, að þingið geti skilið við þetta mál án þess, að finna einhver ráð til að leiða það til heppilegra lykta, jafnvel þó að grípa þyrfti til sömu ráðanna og gert var 1907, að taka beinlínis lán til styrktar Landsbankanum. Mér finst það koma nokkuð undarlega

fyrir að heyra talað um, að þetta sé gjöf til Landsbankans. Það er eins og þetta fé hljóti að fara forgörðum. En menn verða að gæta að því, að því fé, sem bankanum er veitt, er ekki á glæ kastað. Það verður alt af til í Landsbankanum og gefur góða vexti. Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) sagði, að þessi vegur væri alls enginn vegur. Eg skil ekki, hvernig hann fer að segja slíkt, þar sem með þessu er byrjað á að forða bankanum frá að þurfa að draga inn veltufé sitt. Eg sé ekki betur, en að sömu vandræðin verði á þessu, þó að málið verði látið bíða til næsta þings. Það hefir nú beðið síðan 1907, og þá var auðvitað hugsunin sú, að á þessum fresti yrði fundin einhver ráð til að bæta úr þessu. Með því að bíða alt af og bíða, er eg hræddur um, að biðin geti orðið nokkuð löng. Eg er hræddur um, að þolinmæði þjóðarinnar og traust hennar á þinginu verði spent í ofspennu, ef henni er nú engin úrlausn gerð að sjá vilja sinn í þessu efni. Mér finst málið svo mikilsvert, að eg vildi skjóta inn þessum fáu orðum, þar sem svo fáir hafa tekið til máls.

ATKV.GR.:

Breyt.till. 211 samþ. með 15:6 atkv.

Viðaukatill. 254 samþ. með 19 shlj. atkv.

Frv. með áorðnum breytingum samþ. með 20:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Einar Jónsson |
| Jón Jónsson | Hannes Hafstein. |
| Benedikt Sveinsson, | Kristján Jónsson |
| Bjarni Jónsson | Pétur Jónsson |
| Björn Kristjásson | |
| Guðmundur Eggerz | |
| Halldór Steinsson | |
| Jón Ólafsson | |
| Kristinn Daníelss. | |
| Lárus H. Bjarnason | |
| Magnús Kristjánss. | |
| Matthías Ólafsson | |
| Ólafur Briem | |
| Sig. Sigurðsson | |
| Skúli Thoroddsen | |
| Stefán Stefánsson | |
| Tryggvi Bjarnason | |
| Valtýr Guðmundss. | |
| Þorleifur Jónsson. | |

Jón Magnússon greiddi ekki atkvæði og taldist með meiri hlutanum. Jóh. Jóhannsson var ekki á fundiuum.

---

FRUMVARP til viðaukalaga við lög nr. 24, 9. Júlí 1909, um samþyktir um kornforðabúr til skepnufóðurs (190, 285, 308, n. 365 og 333); 3. umr.

**Framsögum. (Sigurður Sigurðsson):** Máli þessu var á sínum tíma vísað til landbúnarnefndarinnar, og meiri hluti hennar leggur nú til að frumvarpið verði samþykt með þeim breytingum frá flutningsmönnunum, sem eru á þgskj. 285. Um ástæður meiri hlutans fyrir þessari tillögu sinni, get eg vísað til nefndarál. á þgskj. 365. Það var viðurkent, að þessi viðaukalög við kornforðabúralögin frá 1909 væru til talsverðra bóta, og gætu oft og einatt komið að mjög góðu liði. Hins vegar skal eg láta þess getið, að meiri hluti nefndarinnar getur ómögulega séð sér fært, að ganga inn á tillögu minni hlutans, háttv. þingm. Dal. (B. J.) á þgskj. 398, sem fer fram á, *að skylda alla hreppa* landsins til þess að koma kornforðabúrum á fót hjá sér. Fyrst og fremst er þess að gæta, að með því móti væri svo stórt spor stigið, að það væri vart gerlegt á þessu þingi. Málið hefir ekkert verið rætt frá þeirri hlið úti um

sveitirnar, og þess vegna mundi það koma eins og skúr úr heiðskíru lofti yfir landsmenn, ef þessi breyting yrði samþykt. Ef þetta ætti að leiða í lög, þá þyrfti slíkt mál miklu meiri undirbúning en hægt er að veita því á þessu þingi.

Auk þess skal eg benda á, að víða hagar svo til hér á landi, að engin þorf er á að skylda menn til að koma sér upp kornforðabúrum. Fyrst og fremst af þeirri ástæðu, að margar sveitir eru svo settar, að þær geta hvenær sem er, með lítilli fyrirhöfn, aflað sér fóðurbætis, ef í harðbakka slær. Á Suðurlandsundirlendinu er því svo háttað um flestar sveitir, að ef þær tryggja sér nægan forða að haustinu, t. d. í Kaupfélögunum á Eyrarbakka og Stokkseyri, þá er það hrein undantekning, ef það kemur fyrir, að svo sé snjóþungt, að ekki sé hægt að koma forðanum að sér, ef á þarf að halda síðari hluta vetrar. Kornforðabúralög hafa aldrei verið hugsuð öðruvís en sem hjálparmeðul, til þess að tryggja menn fyrir fóðurskorti og horfelli í vondum árum, og þá helzt í þeim sveitum, þar sem ís getur útilokað menn frá að afla sér forða, er á þarf að halda. Enn vil eg benda á, að frumvarpið, eins og það nú liggur fyrir, bætir úr kornforðabúralögunum að því leyti, að það færir út kvíarnar, þannig, að heilar sýslur geta nú samið við eitt kaupfélag um forðann, t. d. Eyjafj.sýsla við kaupfél. Eyfirðinga, Skagafj.-sýsla við kaupfélagið þar o. s. frv.

Af þessum ástæðum getur meiri hluti nefndarinnar ekki fallist á tillögur hv. þm. Dal. (B. J.), en ræður til að tillögur flutningsmannanna verði samþyktar, svo og frumvarpið í heild sinni.

**Framsögum. minni hl. (Bjarni Jónsson):** Eg skal ekki þvæla málið lengi. Eg kannast við mótbárur meiri hlutans, að málið sé ekki nægilega undirbúið eða skeggrætt. Þetta er aðalmorðvopnið á allar hugmyndir, sem fram koma. Annars er hugmyndin ekki ný. Hún sýnist blasa við hverjum manni. Því að til hvers á að gera lög um að *menn megi* hafa kornforðabúr. Eg hygg, að menn megi hafa þau án allra laga, og þurfi ekkert leyfi til þess. Eg skal láta þess getið, að í Dalasýslu hafa menn þegar stofnað kornforðabúr í hverjum hreppi. Þeir voru ekki að bíða eftir þessum lögum. Nei, Dalamenn þurfa ekki þessara laga við, né heldur aðrir þeir sem hafa dáð í sér til þess að koma þessu í framkvæmd. En það eru hinir, sem ekki hafa mannrænu í sér til að sjá sinn eigin hag, sem þarf að ýta undir með lögunum. Það þarf að gera þeim að *skyldu* að koma sér upp kornforðabúrum, það er ekki nóg að *leyfa* þeim það.

Það er ekki hægt að segja, að slík lög mundu þröngva kosti manna eða koma í bág við persónufrelsi þeirra, að minsta kosti ekki fremur en mörg önnur lög. Embættismönnum er gert að skyldu að kaupa lífeyri handa konum sínum. Ekki er það síður haft á persónulegu frelsi. — Þetta er sannarlega ekkert nýtt ákvæði og þarf engan sérstakan undirbúning, það má samþykkja það í dag alveg undirbúningslaust. Eg vil að menn séu lausir við orðaskvald ur úr mér um þetta. Þess þarf ekki heldur við, það er öllum augljóst, að það er rétt sem eg segi. Eg vil að menn undirskrifi með nafni sínu skoðun sína.

**Stefán Stefánson:** Það eru að eins örfá orð, sem eg vildi taka fram. Eg tók ekki eftir að háttv. framsögum. meiri hlutans orðaði muninn á 2. gr. í breyt.till. á þgskj. 285 og 2. gr. frumvarpsins, en hér er um talsvert verulegan efnismun að ræða, því að ef frumvarpsgreinin verður samþykt, þá

sé eg ekki að sýslufélögunum sé gert heimilt, þótt þau eigi sérstaka tryggingarsjóði, að greiða úr þeim þann kostnað, sem af samningunum leiðir um kornforðann, en slíkt væri öldungis óhæfilegt fyrirkomulag. En eins og greinin er orðuð í breyt.till., að það komi að eins til kasta sýslunefndanna eða hreppsnefndanna að sjá um að kostnaðurinn verði greiddur, þá er það svo rúmgott ákvæði, að mér finst allir geta vel við það unað. Eg mæli þess vegna eindregið með því að greinin verði samþykt þannig breytt, eins og flutningsmennirnir leggja til.

Hvað snertir tillögu háttv. þm. Dal. (B. J.) að gera öllum hreppum skylt að koma upp kornforðabúri, þá get eg ómögulega fallist á að slíkt sé nauðsynlegt, jafnvel í sjálfu sér óþarft valdboð, á ýmsum stöðum.

ATKV.GR.:

Breyt.till. á þgskj. 285, 1. liður, sþ. með 13 shlj. atkv.

Breyt.till. á þgskj. 285, 2. liður, sþ. með 15 shlj. atkv.

Viðaukatillaga á þgskj. 308 feld með 18:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Bjarni Jónsson | Eggert Pálsson |
| Skúli Thoroddsen | Jón Jónsson |
| | Björn Kristjánsson |
| | Einar Jónsson |
| | Guðmundur Eggerz |
| | Halldór Steinsson |
| | Hannes Hafstein |
| | Kristinn Daníelsson |
| | Kristján Jónsson |
| | Lárus H. Bjarnason |
| | Magnús Kristjánss. |
| | Matthías Ólafsson |
| | Ólafur Briem |
| | Pétur Jónsson |
| | Sig. Sigurðsson |
| | Stefán Stefánsson |
| | Tryggvi Bjarnason |

Benedikt Sveinsson, Jóh. Jóhannesson, Jón Ólafsson, Valtýr Guðmundsson og Þorleifur Jónsson voru ekki viðstaddir. Jón Magnússon greiddi eigi atkv. og taldist með meiri hlutanum.

Frumvarpið, svo breytt, sþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

FRUMVARP til laga um friðun æðarfugla (219 n. 409); 2. umr.

**Benedikt Sveinsson:** Frumvarpið, sem hér liggur fyrir, kom frá Ed og hefir verið rætt þar ýtarlega, enda eru þar margir varpeigendur, er vel bera skyn á málið. Þar eru einnig menn, sem hafa viljað eyða þessu máli og má því gera ráð fyrir, að það sé vel úr garði gert, er menn hafa leitt hesta sína saman um það af svo miklu kappi. Nefndin hefir ekki gert miklar breytingar á frumvarpinu, það eru að eins tvær orðabreytingar, til þess að gera ákvæðin í 6. gr. ljósari og skýra 1. gr.

Annars miðar frumvarpið að því að gera æðarfuglalögin strangari og reyna að reisa sem beztar skorður við æðarfugladrápinu. Nú eru lagðar hærri sektir en áður við brotum gegn lögum; t. d. er það nýmæli, að byssan skal gerð upptæk, sem fuglinn hefir verið drepinn með. Í annari grein er bannað að selja eða kaupa æðaregg og er hert á ákvæðunum, sem áður voru, með því að banna mönnum að láta af hendi egg til annara utan heimila sinna. 3. grein er um, að enginn má hirða, kaupa eða selja dauða æðarfugla eða hluta af þeim.

Yfir höfuð eru aðrar greinar frumv.

svipaðar því, sem nú er í lögum, nema að hert er á sektum. Í níundu grein er nýmæli, þar sem ákveðið er, að sýslumenn skuli skyldir til að friðlýsa æðarvörpum á manntalsþingum árlega; er það gert til að brýna fyrir mönnum að fylgja lögunum og láta þau ekki falla í gleymsku. Er sennilegt, að allgóður árangur geti orðið af því ákvæði. Ennfremur er í 10. gr. ákveðið, að þýðingar af lögum þessum skuli koma út á öllum helztu málum álfunnar og að erlendum skipstjórum skuli vera birt þau. Sumir nefndarmenn vildu breyta ákvæðinu í 11. gr., um að tveir þriðju hlutar sekta skuli renna til uppljóstrarmanns; þótti þeim sem slík ákvæði mundu eigi auka uppljóstur, því að fáir væru svo skapi farnir að þeir gengist fyrir slíku; en nefndin hefir þó eigi breytt þessu ákvæði.

Tilgangur laganna er sá að friða æðarfugl betur en áður hefir verið; er það nauðsynlegt, því að ekki er vafi á því, að varp gæti víða aukist mikið þar sem nú er, og komist á þar sem það er ekki, ef fuglinn væri eigi drepinn svo mjög og nú er. Sjá allir, hve stór hagnaður landinu gæti orðið að því, ef vörpin ykjust. Í verzlunarskýrslunum 1911 er sagt, að æðardúnn hafi verið seldur fyrir 120 þús. kr. Má þó gera ráð fyrir að þar hafi eigi öll kurfl komið til grafar, má gera ráð fyrir að dúnn hafi verið seldur fyrir 150 þús. kr., ef það er talið með, sem selt hefir verið í landinu sjálfu eða án þess að fram væri talið. Síðan hefir dúnn hækkað mjög í verði og dúntekjan nokkuð aukist í landinu, svo að nú má óhætt fullyrða, dúntekjan nemi tveim hundruðum þúsunda króna. — Það er því sjálfsagt, að Alþingi hlynni að þessum góða og skemtilega atvinnuvegi og mælir nefndin þess vegna fram með því, að frumvarpið verði samþykt án frekari breytinga.

**Tryggvi Bjarnason:** Mér finst ekki vert að láta þetta frumvarp taka eins langan tíma hér og í Ed. og skal eg ekki lengja umræðurnar um það mikið. En eg skal geta þess, að eg get með engu móti fallist á að fara að herða á lögunum um friðun æðarfugla. Þykir mér alveg óhæft ákvæðið í frumvarpinu um, að ekki megi láta egg af hendi til annara utan heimilis síns. Það þykir sannreynt fyrir norðan, þar sem vörp eru, að það sé hreint og beint bót að því fyrir vörpin að nokkur af eggjunum séu tekin úr hreiðrunum. *(Matthías Ólafsson:* Það er ekki sannað). Eg skal geta þess til sönnunar máli, að árið 1840 byrjaði Árni Sigurðsson búskap á Höfða á Skaga. Þar var þá varp, sem gaf af sér 10 pd. af dún. Stundaði hann varpið af alúð og jókst varpið svo, að árið 1880 gaf það af sér 320 pd. Hann hafði fyrir reglu að skilja aldrei fleiri egg eftir í hreiðri en 4. Hann áleit, að ef kollan þyrfti ekki að sjá fyrir fleiri ungum, þá kæmi hún þeim vel af og þá yrðu þeir þróttmeiri til að standast óblíðu náttúrunnar eftir því sem þeir fengju betri umönnun í uppvextinum. Allir, sem við varp hafa verið, vita, að ungarnir drepast í hrönnum í vondum veðrum á haustin. Þeir rotast þegar brim er mikið, en mundu farast færri þannig lagað, mótstöðuaflið meira, eftir því sem umönnunin og uppeldið er betra.

Á Illugastöðum í Vatnsnesi er varp. Hefir sagt mér kona, sem þar er fædd og uppalin og stundað hefir varp um langan tíma, að sér fyndist bót að því að taka nokkuð af eggjunum úr hreiðrunum; en þau egg, sem eftirskilin væru í hverju hreiðri, ættu helzt að vera á líkum aldri; en auðvitað er ekki hægt að búast við að allir geti séð slíkt, því það vantar mikið á að allir, sem varp stunda, kunni með það að fara svo vel sé.

Ákvæðið í 3. gr. frv. er sama og í núgildandi lögum, að enginn megi hirða, kaupa eða selja dauðan æðarfugl. Það er sett til þess að menn drepi síður fuglinn og segi svo að þeir hafi fundið hann dauðan. En það er hart að banna mönnum að hirða dauðan æðarfugl, þegar hann fellur í harðindum. Í hörðum vetrum fellur hann oft hrönnum saman. 1902 var mikið ísaár fyrir norðan. Þegar fór að líða undir vor, fór fuglinn að færa sig nær varplöndunum, voru allir firðir og flóar fullir af ís, en örlitlar vakir í hann á stöku stað. Fuglinn leitaði í vakirnar á honum og lá þar dauður í hugum svo þúsundum skifti. Það er töluvert hart aðgöngu, að mega ekki hirða æðarfugl undir þessum kringumstæðum, t. d. í harðindum og bjargræðisskorti. Svo eru ekki litlir peningar í öllum þeim dún, sem fer þannig í sjóinn og enginn má nota sér. Finst mér að mætti hafa ákvæðið þannig, að menn mættu ekki hirða dauðan æðarfugl, nema að þeir gætu sannað, að hann hafi ekki drepist af mannavöldum. Þetta er hægt að sanna þegar fuglinn fellur í harðindum. En ef menn finna einn og einn fugl, sem oft getur komið fyrir, sem þeir treystast ekki til að sanna, að þeir hafi ekki drepið, verða þeir að gera eitt af tvennu, að láta hann vera eða eiga á hættu, að verða sektaðir.

**Guðmundur Eggerz:** Eg ætla að leyfa mér að segja örfá orð í tilefni af því, sem háttv. síðasti ræðumaður sagði. Það kom mér svo fyrir, að þessi ræða hans líktist mjög þeirri, sem 6. konungkjörinn hélt í Efri deild um daginn í þessu sama máli. Skal eg fyrst minnast á það, sem sagt hefir verið, að það sé hert á sektarákvæðunum. Þetta er ekki rétt, því sekt fyrir brot í 1. sinn er nú að eins 10 kr., var áður 11 kr. Sekt við að selja egg var áður 10 kr., en er nú að eins 5 kr. Ákvæðin eru því að engu leyti strangari, nema því, að byssan, sem fuglinn er drepinn með, skal gerð upptæk.

Háttv. þingm. sagði, að það væri reynsla á Norðurlandi, að betra væri að taka eggin frá fuglinum, en að láta þau vera kyr í hreiðrinu. Væri undarlegt, ef náttúran færi öðruvís með æðarfuglinn en allar aðrar skepnur á jörðunni. Eg held að háttv. þm. væri nær að tala um þau mál, sem hann þekkir eitthvað til. Hann var alt af að vitna til ýmissa manna fyrir norðan, en hefir auðsjáanlega aldrei í varp komið. Eg gæti líka vitnað til ýmissa góðra varpbænda á Breiðafirði, sem telja sjálfsagt, að ekki beri að taka eitt einasta egg. Það er mikil furða, að því skuli vera haldið fram hér í þingsalnum, að æðarfuglinn muni fjölga að því skapi sem færri ungar komast á fót. Háttv. þingm. staðhæfði, að ef ungarnir væru fáir, mundu þeir verða bústnari og þyldu betur brimsjói en ef margir væru í hreiðrinu. Eg fullvissa háttv. þingm. um, að þótt eggið væri að eins eitt í hreiðrinu, mundi unginn ekki koma fleygur úr því.

Þá sagði háttv. síðasti ræðumaður, að óhæfa væri, að ekki mætti hirða dauðan æðarfugl: fór hann að hjala um hallæri. Er undarlegt, að hér skuli alt af verið að klífa á hallæri, eins og menn mundu drepast úr hungri ef ekki væri leyft að hirða dauða æðarfugla. En ef þetta ákvæði, að dauða fugla megi ekki hirða, væri tekið úr lögunum, væri miklu erfiðara að gæta þess að þeim væri fylgt.

Vil eg benda á, að, eins og háttv. framsögum. sagði, er hér ekki litið í húfi þar sem um friðun æðarfuglsins er að ræða. Við vitum að dúnninn er í mjög háu verði, en hins vegar eiga varpeigendur við mikla örðugleika að stríða. Æðarfuglinn á óvin, sem heitir

svartbakur, og annan varg. Ef háttv. þingm. þekkir hann ekki, skal eg segja honum, að það er stór fugl, svartur á bakinu og hvítur á bringunni. Hann drepur æðarungana unnvörpum; hefi eg oft horft á það sjálfur, að hann hefir gleypt 2 og 3 í einu. Liggur í augum uppi, hvort þurfi að eyða eggjunum þegar fuglinn á svona skæðan óvin.

Vona eg að háttv. deild sé mér sammála um, að nauðsynlegt sé að eggin séu friðuð sem bezt. (*Kristján Jónsson:* Eg vil ekki banna eggjatökuna af því mér þykja eggin svo góð). Háttv. þm. getur ráðið sig sem kaupamann hjá varpbónda, því heimilisfólkinu er heimilt að éta eggin.

**Einar Jónsson:** Því miður hugsaðist mér svo seint að tala í þessu máli, að eg hefi ekki haft tíma til að punkta niður hjá mér, það eg ætlaði að segja. Eg ætla að biðja háttv. Efrideildarmenn að taka ekki orð mín svo, að eg sé að ámæla þeim fyrir þennan vanskapnað, sem hér liggur fyrir frá Ed. hendi, en það þarf ekki annað en lesa upp 1. gr. frumv. til að sjá, að það er vanskapnaður. Þar stendur svo:

»Hver, sem drepur æðarfugl af ásettu ráði, skal gjalda í sekt 10 kr. fyrir hvern fugl, sem skotinn er«.

En eg vil spyrja, hver veit sönnur á því, hvort æðarfugl er drepinn af ásettu ráði eða ekki. Skytta getur ekki verið örugg um að vita, hvaða nafn sá fugl hefir, sem hún miðar á á flugi á löngu færi, því æðarfuglar geta flogið æði fjarri skyttunni eins og aðrir fuglar.

Í annari grein stendur:

»Enginn má selja eða kaupa æðaregg, né á nokkurn hátt láta til annara utan heimilis síns, nema eggskurn til visindalegra þarfa«.

En mér er ekki kunnugt um neina fuglategund, sem ekki hefir það til að yfirgefa eggin sín. Í því tilfelli, er óþarfa meinsemi að lofa mönnum ekki að hirða eggin og selja þau. (*Sigurður Sigurðsson:* Það er lítið varið í að hirða fúlegg). Menn eru ekki allir eins seinir á sér eins og háttv. 1. þm. Árn. með köflum, og ef að varpeigandi er aðgætinn og vakandi yfir sínu varpi, getur hann hirt þau egg, sem foreldrið afrækir, áður en þau verða fúl, og þess konar get eg ekki séð að geti verið til skaða fyrir neinn.

Þá stendur í 3. gr.:

»Enginn má hirða, kaupa né selja dauða æðarfugla eða hluta af þeim«.

Ef einhver maður rekst á nýdauðan æðarfugl, á hann eftir þessu ekki að mega hirða hann og sjóða til átu, hve svangur sem hann kynni að vera. Þetta virðist einnig nokkuð hart aðgöngu, og eins og eg gat um í byrjun, hreinasti vanskapningur. Eg mun því leggjast með atkvæði mínu á móti þessu frumvarpi og vona að hið sama geri háttv. þingmenn fleiri.

Í 9. gr. frumv. eru ákvæði, sem gera það að verkum, að eg get ekki aðhylst frumv. Þar er það ákveðið, að enginn má koma á æðarvarpi heima hjá sér, nema senda ýmsar skýrslur til sýslunefndar og fá leyfi hennar jafnframt til þess að búa til eggvarp. Þetta virðist mér vera að ganga nokkuð nærri rétti mannsins, að banna honum að hagnýta sér hlunnindi sinnar jarðar nema með vissum skilyrðum, sem á aðra hlið eru erfið og á hina hlið mjög óviss til samþykkis. Þetta eitt er nóg til að gera frumvarpið óhæfilegt í mínum augum, og mun eg því nú sem fyr verða á móti frumvarpinu.

**Matthías Ólafsson:** Háttv. 1. þm. Rang. (E. J.) hefir nú gert ýtarlega grein fyrir áliti sínu á þessu frumvarpi. Hann var að tala um ákvæðið í frumv.,

sem leggur sektir við því að drepa fugl af ásettu ráði og gat ekki skilið, að menn gerðu það.

Hann var að tala um að maður gæti verið sjóndapur og skotið æðarfugl á löngu færi á flugi af því að hann hefði haldið það vera einhvern annan fugl. Það gæti alveg eins komið fyrir þann mann, að hann skyti mann af því að honum sýndist það vera fugl. (*Einar Jónsson:* Eg hefi aldrei séð mann fljúga). En ef nú þingm. sæi einhvern tíma flugvél, þá væri mjög leiðinlegt, ef honum skyldi sýnast það hrafn og skjóta á hana. Hann gæti að öllum líkindum ekki afsakað sig með sjóndeprunni.

Við 2. gr. hafði hann það að athuga, að menn mættu ekki selja og taka æðaregg. Þetta er gert til þess að hamla því, að fuglinum fækki vegna eggjatökunnar.

Háttv. sama þingm. var meinilla við 3. greinina. Honum fanst það óhæfilegt, að mega ekki taka og éta dauða æðarfugla, sem menn fyndu. Eg get sagt háttv. þingm. það, að hann ætti helzt aldrei að taka hræ dauðra dýra, hvorki æðarfugla né annara, til átu. Bæði er nú ljótt að leggjast á náinn, og svo er ekki að vita nema einhver hafi eitrað ræfilinn og ætlað að drepa bannsetta tóuna, en ekki neinn mann t. d. 1. þm. Rangv. (E. J.). Mennirnir ættu ekki að gera sig að hrædýrum nema í ýtrustu neyð.

Þó var háttv. þingm. allra verst við 9. greinina, um vandkvæðin, sem hann svo kallaði, við að koma á hjá sér æðarvarpi. Þetta er alt saman misskilningur hjá háttv. þingmanni. Vandkvæðin eru ekki á að koma á varpinu, heldur eru sett skilyrði, sem varpeigandinn verður að fullnægja til þess að fá það verndað. Það er »kunstin«.

Það var vel gert af háttv. þingmanni að vekja okkur, því að okkur var farið að syfja. En eg skal fullvissa hann um, að bann bíður aldrei tjón við það þó að frumv. verði að lögum, því að eg veit ekki til að hann eigi heima innan um æðarfugla.

**Framsögum. (Benedikt Sveinsson):** Eg get nú ekki annað sagt, en að gaman hefi eg haft af umræðunum, en annað mál er það, að ekki get eg fallist á röksemdirnar á móti frv.

Háttv. 2. þm. Húnv. taldi alveg óhætt að taka egg æðarfuglanna. Hann skírskotaði til reynslu bónda eins fyrir norðan, Árna heitins Sigurðssonar í Höfnum. Í hans tíð sagði hann að varpið hefði aukist úr 10 pundum upp í 320 pund, og hefði hann þó aldrei skilið eftir meira en fjögur egg í hreiðri. Þessi röksemdaleiðsla sannar ekki neitt, því að hver getur sannað, að varpið hefði ekki orðið miklu meira, ef ekkert egg hefði verið tekið þennan tíma. Þess er og að gæta, að Árni í Höfnum hefir samkvæmt þessu tekið miklu minna af eggjum en víða er títt, því að fyrrum voru víða ekki skilin eftir nema tvö egg eða í mesta lagi þrjú. Sumstaðar jafnvel að eins eitt i hreiðri. Ef leyft er á annað borð að taka egg, þá er erfitt taumhaldið, að ekki sé farið í kring um lögin. Menn, sem tæki varpsjörð á leigu, gætu látið greipar sópa um eggin til þess að hafa sem mest upp úr jörðinni í svip, enda munu þess dæmi.

Þá vildi 2. þingm. Húnv. fullyrða, að æðarkollur gæti ekki komið ungunum eins vel á legg, ef þeir væru margir. Hér talaði þingm. af algerðri vanþekkingu. Það er sem sé alkunnugt, að hver kolla hefir ekki endilega sína eigin unga fram að færa. Það kemur oft fyrir, að 30—40 ungar fylgja einni eða tveimur kollum, en svo aftur einn eða enginn annari. Fuglarnir þekkja ekki

unga sína frá öðrum, svo að það er algerð hending, hversu margir ungar fylgja hverri kollu í þann og þann svipinn Það er satt, sem háttv. þingm. sagði, að ungarnir farast hrönnum saman í haustbrimum. En hann ræður enga bót á þeim vanhöldum. Auðvitað er, að því færri ungar farast, sem færri komast lífs úr varplandinu, en ekki má heldur gleyma því, að þá komast einnig því færri upp, sem meira er tekið af eggjunum. Mér þykir sennilegast, að helzta ráðið til þess að afstýra sem mest vanhöldum unganna sé það, að stuðla að því, að æðarfuglinn ungi út sem fyrst á vorin, því að þá eru líkur til að ungarnir geti stálpast sem bezt til þess að standast óblíðu veðráttunnar. Af eggjatökunni getur líka ef til vill leitt, að fuglinn ofreyni sig á því að verpa meira en honum er beint eðlilegt og drepist því fremur ef eitthvað bjátar á.

Það er að öllum líkindum rétt, sem sami háttv. þingm. hafði eftir gamalli konu fyrir norðan, að nauðsyn bæri til að eggin, sem eftir væru skilin, væru á sem líkustum aldri. En þessu verður einmitt mest raskað með því, að egg sé tekin til muna í varpinu; þá er einmitt hættara við, að miseldri eggjanna geti orðið meira en ella mundi. Því finst mér einlægara að banna alveg alla eggjatökuna en að stefna í slíka vitleysu.

Eg veit ekki, hvað gamla konan, sem þingm. nefndi, kann að hafa fyrir sér, og get eg ekki bygt á því, en eg veit um annan mann, sem eg þori óhætt að leggja á móti blessaðri kerlingunni, og það er Eyólfur Guðmundsson Ketilssonar, er bjó á Eyjarbakka. Í ritgerð í Andvara segir hann, að bezta ráðið til að auka æðarvarp sé, að taka ekki nokkurt egg. Eg held nú að fult eins mikið sé að marka það sem þessi gamli varpbóndi segir eins og það sem aðrir segja.

Eg skal játa, að það er hart, að varpeigendur megi ekki hirða æðaregg né neinir megi hirða fugla. En sá hagur, sem af því fæst að hirða fugla eða taka egg, er hverfandi móts við tjónið, sem af því hlýzt, að fuglinn sé drepinn. Þeir sem drepa fuglinn, geta líka alt af skotið sér undan refsingu með því að þykjast hafa fundið fuglinn, þótt þeir hafi ef til vill lagt fyrir hann net eða skotið hann.

Um hafísinn, sem háttv. þingm. talaði um, þýðir mér ekki að þrátta. Hann kemur jafnt þrátt fyrir öll lög. Eg gæti einnig skírskotað til ritgerðar í Lærdómslista-félagsritunum eftir Ólaf Stephensen stiftamtmann, góðan mann og gegnan, sem áður bjó að Innrahólmi og síðar í Viðey. Í hans tíð var eggjatakan mikil í öllum varplöndum, en þó taldi hann bezta ráðið til þess að koma upp varpi, að taka ekki eggin meðan varpið væri lítið. Aftur hyggur hann, að eggjataka geri lítið þar sem varpið er mikið. En álit manna hefir nú breyzt til muna um fleira en þetta síðan á hans dögum.

Háttv. 1. þm. Rangv. (E. J.) þarf eg ekki að svara, það hefir háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ól.) gert allrækilega.

**Tryggvi Bjarnason:** Háttv. 2. þm. S.-Múl. talaði af miklum móði um þetta mál. Það sem hann lagði til málanna, fanst mér meira talað af kappi en forsjá, enda varð honum mismæli í öðru hverju orði. Hann hélt því fram, að skaði væri að taka eggin, og bar fyrir því föður sinn. Eg gat nú samt ekki sannfærst af ræðu hans. Eg þekki marga menn, sem halda fram því mótsetta, og sem eg trúi fult eins vel og háttv. þm. S.-Múl.

Það held eg að allir skilji, nema hv. þingmaður, að fuglinn getur betur komið upp fáum ungum heldur en mörgum.

Alveg á sama hátt sem ærin getur betur komið einu lambi á fót en tveimur. Þetta ætti þingm. þó að skilja.

Eg verð að taka það aftur fram, að mér finst töluvert hart að mega ekki hirða dauðan fugl, ef maður finnur, nema maður geti sannað, að hann hafi ekki drepist af manns völdum sjálfs. Eg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta mál, en vona að frumvarpið verði felt hér í deildinni.

ATKV.GR.:

Breyt.till. 409, 1, sþ. með 14:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Benedikt Sveinsson | Einar Jónsson |
| Björn Kristjánsson | Halldór Steinsson |
| Guðmundur Eggerz | Jón Magnússon |
| Kristinn Daníelsson | Ólafur Briem |
| Kristján Jónsson | Tryggvi Bjarnason |
| Lárus H. Bjarnason | |
| Magnús Kristjánsson | |
| Matthías Ólafsson | |
| Pétur Jónsson | |
| Sig. Sigurðsson | |

Eggert Pálsson, Jón Jónsson og Stefán Stefánsson greiddu ekki atkvæði og töldust með meiri hlutanum 6 þingm. fjarstaddir.

1. gr. þar með ákveðin.

2. gr. feld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Benedikt Sveinsson | Einar Jónsson |
| Björn Kristjánsson | Halldór Steinsson |
| Guðmundur Eggerz | Jón Magnússon |
| Kristinn Daníelsson | Kristján Jónsson |
| Lárus H. Bjarnason | Ólafur Briem |
| Matthías Ólafsson | Pétur Jónsson |
| Sig. Sigurðsson | Tryggvi Bjarnason |

Eggert Pálsson, Jón Jónsson, Hannes Hafstein og Stefán Stefánsson greiddu ekki atkvæði. 7 þingm. fjarstaddir.

3. gr. feld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Bened. Sveinsson | Einar Jónsson |
| Björn Kristjánsson | Halldór Steinsson |
| Guðm. Eggerz | Hannes Hafstein |
| Kristinn Daníelsson | Jón Magnússon |
| Lárus H. Bjarnason | Ólafur Briem |
| Matthías Ólafsson | Pétur Jónsson |
| Sig. Sigurðsson | Tryggvi Bjarnason |

Eggert Pálsson, Jón Jónsson, Kristján Jónsson og Stefán Stefánsson greiddu ekki atkvæði. 7 þingm. fjarstaddir.

4. gr. »*co ipso*« fallin.

5. gr. sþ. með 17:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Jón Magnússon |
| Benedikt Sveinsson | Tryggvi Bjarnason |
| Björn Kristjánsson | |
| Einar Jónsson | |
| Guðmundur Eggerz | |
| Hannes Hafstein | |
| Kristinn Daníelsson | |
| Kristján Jónsson | |
| Lárus H. Bjarnason | |
| Matthías Ólafsson | |
| Ólafur Briem | |
| Pétur Jónsson | |
| Sig. Sigurðsson | |
| Stefán Stefánsson | |

Jón Jónsson, Halldór Steinsson og Magnús Kristjánsson greiddu ekki atkv. og töldust með meiri hlutanum. 6 þm. fjarstaddir.

Breyt.till. 409, 2, sþ. með 11:2 atkv.

7. gr. sþ. með 11:2 atkv.

8. gr. sþ. með 11:2 atkv.

9. gr. sþ. með 12:3 atkv.

10. gr. sþ. með 11:3 atkv.

11. og 12. gr. sþ. með 12:1 atkv.

13. gr. feld með 9:6 atkv.

Fyrirsögn sþ. án atkv.gr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13:6 atkvæðum, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Einar Jónsson |
| Benedikt Sveinsson | Halldór Steinsson |
| Björn Kristjánsson | Jón Magnússon |
| Guðmundur Eggerz | Kristján Jónsson |
| Hannes Hafstein | Ólafur Briem |
| Kristinn Daníelsson | Tryggvi Bjarnason |
| Lárus H. Bjarnason | |
| Matthías Ólafsson | |
| Pétur Jónsson | |
| Sig. Sigurðsson | |

Jón Jónsson, Magnús Kristjánsson og Stefán Stefánsson greiddu ekki atkv. og töldust til meiri hlutans.

Fjarstaddir voru: Bjarni Jónsson, Jóh. Jóhannesson, Jón Ólafsson, Skúli Thoroddsen, Valtýr Guðmundsson og Þorleifur Jónsson.

---

Útbýtt var í deildinni:

Viðaukatillögu við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915. Frá Eggerti Pálssyni (495).

---

FRUMVARP til laga um sauðfjárbaðanir (441); 1. umr.

Frumvarpið tekið út af dagskrá.

Fundi slitið.

---

## 40. fundur.

Miðvikudag 21. Ágúst 1913, kl. 11 árd.

Dagskrá:

Frv. til stjórnskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um in sérstöku málefni Íslands 5. Jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. Okt. 1903 (36, n. 463); 2. umr.

---

Allir á fundi.

Fundargerð síðasta fundar samþykt og undirskrifuð.

Áður en til dagskrár væri gengið, gat forseti þess, að næstkomand Þiriðjudag, 26. þ. m., væru liðnar þær 8 vikur, sem lögheimilaðar eru samkv. 5. gr. stjórnarskrárinnar til þinghalds án sérstaks samþykkis konungs, þó væri störfum þingsins ekki lengra komið en svo, að mörgum aðalmálum væri ekki komið út úr deildinni enn. Leitaði forseti þess við ráðh., að hann fengi konugsleyfi til þess að þing mætti hafa setu til 6. September, að þeim degi meðtöldum.

Ráðherra lýsti yfir því í umboði konungs, að þingsetutími væri framlengdur til 6. September að þeim degi meðtöldum.

Þá var gengið til dagskrár og tekið fyrir:

FRUMVARP til stjórnskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um in sérstaklegu málefni Íslands 5. Jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. Okt. 1903 (36, n. 463); 2. umr.

**Framsögumaður meiri hlutans (Jón Magnússon):** Allmargir þm. hafa minst á það, að þeir hafi enn ekki athugað til hlítar tillögur nefndarinnar, vegna anna undanfarinna daga, og hafa kvartað yfir því, að frumvarpið sé fullfljótt tekið á dagskrá. En nú er farið að líða á þingið og ef stjórnarskrárbreyting á að ná fram að ganga nú, þá má ekki draga málið lengur. Eg býst nú við, að það sé rétt, að menn hafi ekki getað athugað breyt till. vegna anna í fjárlögunum nú undanfarið. Geri eg þá ráð fyrir, að frumvarpið verði sérstaklega rætt við 3. umr. Ekki liggja fyrir breyt.till. frá öðrum en nefndinni, sem klofnað hefir í tvo hluta. Ætti því ekki að þurfa að búast við miklum umræðum nú. Og eg skal vera stuttorður.

Eins og tekið er fram í áliti meiri hlutans, var frumvarpið mikið rætt á þinginu 1911, og þar sem margir háttv. þingdeildarmenn eru enn þeir sömu sem þá, er ekki eins mikil þörf að ræða það og ella mundi.

Aðal-breytingarnar hér eru rýmkun kosningarréttarins og skipun þingsins; önnur atriði eins og t. d. ákvæði um að konungur vinni eið að stjórnarskránni, dómarar í lands yfirrétti séu ekki kjörgengir, kjörgengi sé bundið við landsvist o. s. frv. ætla eg ekki að minnast á að svo stöddu.

Um kosningarréttinn skal eg taka það fram, að meiri hlutinn hefir fallist á að gera kosningarréttinn almennan, svo að hann nái jafnt til karla og kvenna, með þeim takmörkunum einum, sem hingað til hafa verið taldar sjálfsagðar hvervetna um heim allan. Aðal-munurinn á skoðun meira og minna hlutans lýtur ekki að efninu, heldur að því, hvernig koma eigi rýmkum kosningarréttarins á. Háttv. minni hluti vill rýmka réttinn alt í einu. En meiri hl. telur það varhugavert, og sumir hafa jafnvel verið tregir á að ganga svo langt sem meiri hl. þó hefir gert.

Eg verð að segja, að mér þykir það stakt vanþakklæti hjá háttv. minni hl., að vera ekki þakklátur meiri hlutanum fyrir tillögurnar um þetta atriði. Hvað eru 15 ár í lífi heillar þjóðar? Allir þeir menn, sem halda fram kvenréttindum, ættu að geta fallist á tillögur meiri hlutans og vera þeim þakklátir, því að þar með er kvenréttindamálinu hrundið áfram alveg fyrirhafnarlaust; eg get ekki talið það, sem konur hér á landi hafa á sig lagt til þess að afla þessu máli gengis.

Eg held ekki, að það sé rétt hjá hv. minni hl., að það muni vekja óánægju hjá þjóðinni, þótt breytingin um kosningarréttinn komist á smátt og smátt. Eg ímynda mér, að þeir séu ekki fáir, sem telja breytinguna varhugaverða, enda er og þetta lítt og óvíða reynt.

Hitt atriðið, tillögur meiri hlutans um deildaskipunina, býst eg við að mörgum kunni að þykja varhugaverðara. En þótt því kunni ekki að verða tekið vel, sérstaklega vegna þess, að farið er þar fram á fækkun kjördæma, sem mun vera nokkuð viðkvæmt atriði, þá eiga háttv. þingdeildarmenn sannarlega ekki að fara eftir því, heldur eingöngu eftir því, hvað þeir telja heppilegast.

Eg álít, að þetta fyrirkomulag, sem nefndin stingur upp á, hafi mikla kosti. Þegar kosningarrétturinn er gerður svo almennur, þá þarf að setja einhverjar skorður. Líka er það vitanlegt, að hreppapólitík ræður ekki svo litlu í deildunum og verða oft á því hrossakaup, en ef önnur deildin væri kosin fyrir landið alt, þá mundu auðvitað þingmenn þeirrar deildar skoða sig sem þingmenn þjóðarinnar í heild sinni. Þetta tel eg afarmikinn kost. Sú deild mundi verða skipuð reyndum og þektum mönnum og sennilega þeim einum, er áður hefðu setið á þingi. Eg býst nú við, að það kveði við, að verði þessir þingm. kosnir hlutbundnum kosningum um land alt, þá muni það helzt verða Reykvíkingar, sem kosningu næðu, og þá einkum ritstjórar. Eg efa nú að þetta sé rétt, en þó svo væri, þá álít eg ekki að væri stór skaði skeður, því að það er vitanlegt, að þeir — stöðu sinnar vegna — hljóta að sinna mest almennum málum og athuga þau. Og það hefir verið okkar skaði, að við höfum aldrei átt þá menn, sem eingöngu hafa getað gefið sig að pólitik. Flestir hafa orðið að hafa stjórnmálin sem hjáverk.

Annars skal eg ekki fara frekara út í þessi atriði, en að eins minnast lítið eitt á nefndarálit háttv. minni hluta.

Þar stendur, að kosningarrétturinn sé

eign hvers fullveðja manns, en engum sé óréttur gerður, þótt einhver sérstakur aldur sé tiltekinn. Eg skil það ekki vel, ef kosningarétturinn er eign hvers fullveðja manns, hvers vegna þá á að binda hann við 25 ár, en ekki við það að maðurinn verði fullveðja. En þetta er ekki rétt, þetta tvent þarf alls ekki að fylgjast að.

Það er heldur ekki rétt, þar sem hv. minni hluti er að tala um það misrétti, sem leiðir af því að allir fái ekki kosningarréttinn í einu. Þetta aldurstakmark hittir alla jafnt, og það var einmitt það sem nefndin vildi.

Að það sé alt af handahófi, getur auðvitað verið álitamál, en hitt verð eg að halda fast við, að það sé full ástæða til að veita réttinn ekki nema smátt og smátt. Það er hætt við að konur mundu, ef þær fengju kosningarréttinn allar í senn, skoða sig sérstakan flokk, er að eins mætti kjósa konur einar á þing. Að minsta kosti höfum við Reykvíkingar dæmin fyrir okkur í þessu.

Þá segir háttv. minni hluti líka, að kjósendur, þeir sem nú eru, missi ekki neins í af rétti sínum. Eg veit ekki, hvernig háttv. þingmaður fer að segja þetta? Það gæti ef til vill verið rétt út frá hans sjónarmiði, að segja, að þeir missi ekki annað en það, sem þeir ættu að missa. En réttinn missa þeir, að miklu leyti, þar sem þeir áður höfðu full ráð, en eiga nú, eftir tillögum minni hlutans, ekki að hafa nema hálf ráð.

Hann talar líka um, hve lítill munur sé á körlum og konum hér. Þau alist upp við sömu kjör, njóti sömu mentunar o. s. frv. Þetta getur nú verið álitamál. Þá er það ekkert sérstakt fyrir okkur Íslendinga, sem háttv. þingmaður getur um, að af 5 bræðrum geti einn orðið ráðherra, annar sjómaður, þriðji skósmiður, fjórði kaupmaður o. s. frv. Þetta getur komið fyrir og hefir komið fyrir í öllum öðrum löndum.

Annars skal eg ekki fara frekara út í málið fyr en eg hefi heyrt umræður manna um það.

**Framsögum. minni hl (Bjarni Jónsson):** Háttv. framsögum. meiri hl. (J. M.) vill hafa meira þakklæti af mér en eg hefi skrifað í nefndarálitinu. Satt að segja finst mér þakklæti mitt hafa verið um skör fram. Það ætti ekki að vera annars eðlis en það, að kennari þakki lærisveini fyrir að hann lærir það sem honum er kent. Þeir hefðu heldur átt að vera mér þakklátir og átt að fara að tillögum mínum, því að þá hefði verið stofnað til viturlegs framgangs þessa máls. Það þyrfti ekki hvað eftir annað að flækjast milli þinga og kjósendur mundu þá verða ánægðir með úrslit þess. En eg er eins sannfærður um það og að sólin er yfir mér, að gangi málið fram í því formi, sem háttv. meiri hluti leggur til, þá verður það sett oftar inn á þingið, og þingm. beðnir að gera það betur úr garði.

Það er rétt hjá háttv. þingmanni, að aðal-ágreiningsatriðið okkar á milli er um deildaskipunina, kosningarréttinn og kosningaraðferðina.

Eg hafði þá gleði, að allir nefndarmenn urðu sammála um það, að nema burt ákvæðið um, að málin væru borin upp fyrir konungi í ríkisráði. Háttv. þm. mintist ekkert á þetta atriði, svo að eg get líka látið mér nægja að vísa þar til nefndarálits míns.

Háttv. þm. vildi halda því fram, að það væri ekkert misrétti, að veita ekki þann kosningarrétt, sem viðurkendur væri, strax, heldur smátt og smátt á 15 árum. »Hvað eru 15 ár í lífi þjóðarinnar?« sagði hann. Auðvitað ekki neitt. Þess vegna dugir það ekki, að afstýra þessum byltingarvoða, sem hann er svo

hræddur við að verði afleiðingin af almennum kosningarrétti, í ein 15 ár. Ef hann á að koma yfir okkur, þá munar það minstu, hvort hann kemur strax, eða eftir 15 ár.

Þá sagði háttv. þm., að nauðsynlegt væri, þegar kjósendum fjölgaði að miklum mun, að reisa skorður við einhverju — eg held of mikilli byltingargirni. Það þyrfti að skapa íhald til þess að vega þar upp á móti. Þetta íhald vill hann fá með því, að láta kjósa aðra deildina fyrir alt landið með hlutbundnum kosningum. Þá fengjum vér reynda menn og þekta inn á þingið. Þekta menn fáum við, það er áreiðanlegt. Hitt er meira vafasamt, hvort þeir verða að sama skapi reyndir. Það er vitaður hlutur, að þeir menn eiga hægast með að komast á þing, sem kunnastir eru um land alt. En að hverju þeir séu kunnir, held eg að gæti ekki eins mikils. Eg gæti hugsað, að það yrðu einmitt brallarar, málrófsmenn og ákafamenn, sem kæmust að — hvassir og og frjálslyndir ritstjórar og byltingamenn. Og það eru enn meiri líkur til þessa þar, sem stjórnir flokkanna hafa aðsetur sitt og þær ráða mestu um listana. Hver flokkur mundi þá setja á listana þá menn, sem mestar líkur væru til, að mest fylgi hefðu. Öðrum megin mundu þá komast að óróasamir, rithvassir áhugamenn, sem ekki væru íhaldssamir, en hins vegar gamlir, útlifaðir, afturhaldssamir embættismannahjassar. Niðurstaðan yrði þannig þveröfug við það, sem háttv. meiri hluti ætlast til. Háttv. meiri hluti er óttalega hræddur við einhvern byltiugarvoða, ef mínar till. ná fram að ganga. En eins og sýnt er fram á í nefndaráliti mínu, þá er mikið fremur að óttast of mikið íhald. Það kemur af því, sem bæði þm. og allir aðrir vita, að konur eru mikið fastheldnari við það sem gamalt er en karlmenn. Það er alkunnugt og viðurkent í öllum bókum, sem um sálarfar manna ræða, og það er mjög skiljanlegt, vegna þess að kendirnar ráða meiru hjá þeim en umhugsunin. Það er einmitt vegna þess, hvað kendirnar ráða miklu, að oft tekur margar aldir að lagfæra það, sem hægt væri að lagfæra á hálfri mínútu, ef rétt hugsun réði ein. Þær halda dauðahaldi í venjurnar og hafa gert það svo lengi, að þær eru loksins skoðaðar sem heilagur sannleiki. Ef kvenfólk fer að hafa áhrif á almenn mál, þá verður íhaldið meira ráðandi. Eg segi þetta ekki af eigin reynslu, heldur er það viðurkent um allan heim. Háttv. þm. sagði, að konurnar mættu vera þakklátar fyrir að fá þennan rétt viðurkendan, þó hann sé skamtaður úr hnefa. Það má vera, að þær séu þakklátari fyrir hann fyrir það, heldur en að fá engan rétt. En eg býst við, að þeim gangi illa að skilja, hvers vegna þær fái ekki réttinn strax, fyrst hann er viðurkendur á annað borð. Og sú óánægja hygg eg að muni valda meiri byltingum, en þeim sem meiri hl. er að gera sér grýlu úr. Yrðu mínar tillögur aftur á móti samþyktar, mundi alt ganga þegjandi og hljóðalaust og konurnar ekki meira en svo nota þennan rétt.

Þá hélt háttv. þm. því fram, að konurnar myndu skoða sig sem sjálfstæðan kjósendaflokk, er konur einar mætti kjósa á þing, vegna þess að það hefir komið fyrir við bæjarstjórnarkosningar hér í Rvík. En af hverju var það? Það var af því, að karlmenn voru svo dráldnir, að þeir vildu ekki taka þær með á lista. Og þá urðu þær að taka til sinna ráða. Annars veit eg ekki til að nokkurt tjón hafi orðið að því. *(Benedikt Sveinsson:* O-jú). Eg veit ekki til, að þær reynist nokkuð ver en þær kerlingar, sem ganga í buxum.

Þá sneri háttv. þm. sér með nokkrum aðfinningum að nefndaráliti mínu. Honum þótti ýmislegt þar óviturlega sagt. Hann sagðist ekki skilja það, að kosningarétturinn væri eign hvers fullveðja manns, en engum einum væri óréttur ger, þótt einhver aldur væri tiltekinn. Þetta virðist mér ekkert óskiljanlegt. Það kæmi jafnt niður á öllum og engum sérstökum væri óréttur ger. Hitt er annað mál, hvort hann er mér samdóma um aldurstakmarkið eða ekki. En eg verð að álíta, að sá maður, sem alment er álitinn fær til að stjórna búi, vera kaupmaður o. s. frv., sé áreiðanlega eins fær um að kjósa til Alþingis og ráða um lagasetningu þeirra mála, sem að mörgu leyti lúta að því, sem þjóðfélagið álítur hann hæfan til að hafa með höndum.

Þá sagði háttv. þingm., að það væri ekki misrétti, að úthluta kosningarréttinum svo, að sumir fengju hann ekki fyr en að mörgum árum liðnum. Eg skil ekki, hvernig hann ætlar að fara að sannfæra menn um það, þegar hann viðurkennir þann grundvöll, að allir eigi réttinn 25 ára. En þegar að eins fertugir menn fá hann, þá er hinum, sem yngri eru, gerður óréttur. Og þegar 39 ára fá hann, þá er þeim gerður óréttur, sem ekki fengu hann fyr en þeir voru fertugir og svo koll af kolli. Það verður heil keðja af misrétti og tilbúin alveg af handahófi. Það mætti eins ákveða réttinn eftir kartnöglum, þannig, að fyrst fengi sú kerling kosningaréttinn, sem kartnögl hefði á hverum fingri, eða eftir því hve digrir þeir eru.

Þá var eitt atriði enn, sem hann réðst á í mínu nefndaráliti, að núverandi kjósendur myndu í raun og veru einskis í missa, þótt allir fengju kosningarétt í einu. Eg ímynda mér, að menn hafi tekið eftir því, að eg rökstuddi þetta með því, að þjóðin væri jöfn að ætterni og gáfnafari og mennig alment sú sama. Hér væri og enginn stéttamunur, kynin bæði eins uppalin og að engu leyti frábrugðin í skoðunum sínum og áhugamálum. Þetta eru nægar röksemdir fyrir því, að núverandi kjósendur missa í rauninni ekkert af valdi sínu, þótt allir fái sjálfsagðan rétt sinn í einu. Og fyrst að þetta er nú svona, þá verður heldur ekkert úr þeirri byltingu, sem talað hefir verið um; kosningar myndu fara alveg eins, þótt alt þetta gengi fram, eins og áður hefir verið. Það ber alt að sama brunni, og eg þarf ekki að vera að standa hér og segja Íslendingum frá því, gagnkunnugum mönnum, að hér getur sami maðurinn eitt árið verið bóndi, annað árið, lausamaður, og vinnumaður þriðja árið. Og hitt vita allir, sem farið hafa hér um sveitirnar og komið á bæi, að það eru að jafnaði alveg eins skír svör konunnar eins og svör bóndans, bæði um landsmál og hvað sem er. Stundum er konan skírari, stundum maðurinn.

Það er ekki rétt, sem háttv. framsm. meiri hlutans (J. M.) sagði, að það væri vanalegt erlendis, að bróðir ráðherra geti verið sjómaður eða skósmiður. Slíkt er ekki vanalegt í öðrum löndum, en það er vanalegt hér. Við vitum, að þeir sem nú sitja í embættum hér á landi, eiga skyldulið í öllum stéttum. Hér eru allir annaðhvort almúgamenn eða allir höfðingjar. Og það mun vera réttara að telja Íslendinga höfðingjaþjóð, það hafa þeir verið og munu verða meðan kynið helzt óblandað. Viðvíkjandi kvenfólkinu má benda á það, að konur hafa ætíð verið jafnokar karlmanna í ollum greinum. Það hefir sýnt sig meðal annars í fornsögunum, og þarf ekki annað en minna á systur Harðar, þegar hún kom á þingið og hótaði hefndum fyrir bróður sinn, en þögn sló á alla,

og get eg nefnt mörg dæmi, sem sýna það að íslenzkt kvenfólk stendur framar í mörgum greinum, heldur en kvenfólk í öðrum löndum. Þjóðin er höfðingjaþjóð frá upphafi. Það var þaulmentað fólk, sem settist hér að í öndverðu, og síðan hefir hafið og nafnið Ísland varðveitt okkur fyrir því að okkur bærust ýmsar hættur utan úr heimi.

Eg get ekki séð annað en að skoðanir mínar og röksemdir standi óhaggaðar, og jafnvel hefir háttv. framsögum. meiri hlutans hert á mínum röksemdum með ræðu sinni. Eg hefi ekki sagt neitt annað en það sem hver maður veit, og eg hefi sett það fram svo skírt og ljóst, að það verður ekki vefengt. Eg vil geta þess, að eg legg til, að allar aðalbreytingar meiri hlutans verði feldar, svo sem breyt.till. um tvöfaldan kosningarrétt, um að menn öðlist kosningarrétt smátt og smátt á 15 árum og um hlutfallskosningar, að önnur deildin sé kosin öðruvísi en hin. Eg legg til að þetta verði felt alt saman, en til vara hefi eg komið með br.till við br.till. meiri hlutans, og er aðalatriðið það, að ef menn vilja hafa hlutfallskosningar, þá verði ekki fleiri en 6 kosnir hlutfallskosningum um alt land, þ. e. a. s. jafnmargir og þeir konungkjörnu eru nú. Eg held, að það sé áreiðanlega rétt fyrir þá, sem vilja hafa hlutfallskosningu, að aðhyllast þessa miðlunartillögu mína, með því sleppur maður við að raska kjördæmaskipuninni, og breytingin verður þá að eins sú, að þjóðin kýs þá konungkjörnu í stað þess sem stjórnin gerir það nú. Eg þori að setja höfuð mitt í veð fyrir því, að þjóðin vill ekki að öll efri deildin verði kosin hlutbundnum kosningum, og hinir geta sett þingsæti sín í veð. Það mun sjást að eg held höfðinu.

Eg býst við, að atkvæðagreiðslunni verði hagað þannig, að mínar tillögur verði bornar upp á undan till. meiri hlutans, og verð eg að minna menn á, að ef mínar tillögur falla, þá verður ekki hægt að koma fram stjórnarskrárbreytingu í þetta skiftið. Eg skal nú geta þess að lokum, að eg stóð ekki alveg einn uppi í nefndinni, sem ætla mætti eftir nefndarálitunum. Eg veit ekki betur, en að háttv. 1. þingm. Eyf. (St. St.) sé fylgjandi aðalbr.till. mínum. *(Lárus H. Bjarnason:* Það hefi eg ekki heyrt). Eg er einmitt að segja þingm. frá því.

**Ráðherrann (H. H.):** Eg hefi áður látið það í ljósi, að eg áliti eftir atvikum ekki rétt að stjórnarskrármálið yrði til lykta leitt á þessu þingi. Til þess væru ýmsar ástæður, en aðalástæðan var yfirlýsing sú frá núverandi konungi, sem fyrverandi ráðherra (Kr. J.) flutti Alþingi 1912, að hann sæi sér ekki fært að undirskifa stjórnarskrárbreytingu, þar sem því ákvæði væri slept, að uppburður íslenzkra mála fyrir konungi skuli fara fram í ríkisráðinu fyr en nýir samningar væru komnir á um samband landanna. Eg er að vísu fullkomlega á sama máli og eg hefi alt af verið um það, að hér sé um íslenzkt löggjafaratriði að ræða, og að því leyti séum við ekki að fara út fyrir valdsvið Alþingis, þó að felt sé burt ákvæðið um uppburð málanna í ríkisráðinu. En þegar þess er gætt, að Alþingi er að eins annar þáttur íslenzks löggjafarvalds, en hinn þátturinn er konungur, þá er það ætíð mjög athugavert mál, hvort og hvenær rétt sé að stofna til sundurþykkis milli þessara tveggja þátta, sem hvorugur getur án hins verið. Þess vegna er rétt að fresta heldur málinu, heldur en taka upp það sem konungur hafði tjáð sig beint mótfallinn, en hins vegar var erfitt fyrir Alþingi að hverfa frá. En

nú er komin fram frá nefndiuni ný miðlunartillaga í þessu efni, sem eg fyrir mitt leyti álít sem framrétta hönd af Alþingis hálfu, því ef hún verður samþykt, þá geta báðir aðilar fengið því framgengt í framkvæmd, sem er aðalatriðið fyrir hvorum um sig. Eg er því þess vegna ekki mótfallinn, að þetta mál sé rætt og hrundið sem lengst áleiðis, en eg verð sem ráðherra að lýsa yfir því, að eg get alls ekkert um það sagt, hvort konungur muni vilja ganga að þeirri málamiðlun viðvikjandi ríkisráðsákvæðinu, sem felst í 4. gr. frumv. Það er útilokað, að það sé hægt að segja nokkuð um það atriði nú, hvernig konungur muni líta á þessa breytingu, hvort hann álítur hana fullnægjandi eða ekki. Það getur vel verið, að þetta þyki ekki fullnægjandi gömlum kenningum. Þetta orðalag hefir ekki áður komið fram á þingi eða verið samþykt í þingdeild, eins og nú lítur út fyrir að verði. En hvort sem málið gengur út úr þinginu eða ekki, er nú tækifæri til að bera þetta atriði undir konunginn.

Að því er málið snertir að öðru leyti, er eg samþykkur meiri hlutanum í öllum aðalatriðum og get eg því stutt tillögur hans með atkvæði mínu. En eg verð þó að segja, að það hefir verið fremur naumur tími til þess að átta sig á tillögum nefndarinnar. Eg hefi t. d. ekki haft tíma til að bera þær saman við stjórnarskrána; það getur vel verið að nefndinni hafi í einhverju yfirsést. En eg verð í bráðina að treysta vandvirkni hennar, og finn eg ekki ástæðu til að tala um sérstok atriði í breytingunum, frekara en framsögum. hefir gert.

Eg skal að eins taka það fram, að eg kann ekki við breytinguna um styttíng kjörtímans niður í 4 ár. Eg veit ekki betur, en að t. d. í Danmörku sé kjörtíminn, sem verið hefir, álitinn of stuttur, og er þar þó kosið til þriggja þinga. Þar hefir í grundvallarlagabreytíng, þeirri sem nú er til meðferðar, verið stungið upp á að *lengja* kjörtímann til 4 þinga, en hér er farið fram á að stytta hann niður í 2 regluleg þing, og get eg ekki skilið, að það sé til batnaðar, enda naumast neitt meginatriði. Þá er og annað atriði, sem mér hefir verið bent á, þar sem það er felt úr stjórnarskránni, að ráðherrann megi í forföllum sínum setja mann fyrir sig til að mæta á þingi. Eg lít svo á, að meðan ráðherrann er einn, þá sé honum alveg nauðsynlegt að geta sent fyrir sig umboðsmann til að mæta á þingi, ef hann getur ekki mætt sjálfur, sem alt af má búast við að geti komið fyrir.

Eg hefi að svo stöddu ekki meira að athuga við þetta, en endurtek það, að eg mun geta stutt tillögur meiri hlutans í öllum aðalatriðum með atkvæði mínu.

**Kristján Jónsson:** Eg þykist þurfa að standa upp sakir þess, að í einni br.till. nefndarinnar hefir verið komið fram með nýmæli eitt, snertandi kjörgengi til Alþingis. Í frumv. háttv. þingm. Dal. (B. J.) hefi eg ekki fundið neitt ákvæði í þessa átt, en hér í br.-till. nefndarinnar er farið fram á, að yfirdómendur skuli ekki hafa kjörgengi. Þetta er nýmæli hér á landi, því að það hefir verið svo frá aldaöðli, að dómarar hafa átt setu á Alþingi. Þannig var það á Alþingi inu forna alla tíð frá 930—1800 með lögmennina, og síðar með lögmenn og héraðsdómara, og á löggjafarþingunum 1845—1875 sátu dómendur, yfirdómendur og aðrir dómarar, þegar þeir voru til þess kosnir eða nefndir. Og síðan 1875 hafa þeir haft óskerðan rétt til þingsetu jafnt hverri annari stétt manna. Þetta sem nú er farið fram á að lögleiða, er því vissulega nýmæli og nýlunda hér á landi, og virðist vera nokkuð undarlegt, að

einmitt þegar kosningarréttur og kjörgengi er alment fært mjög mikið út, þá skuli um leið vissir menn vera sviftir þeim rétti, sem þeir hafa haft alla tíma. Nú er það svo, að allir karlmenn, sem komnir eru til vits og ára og hafa óflekkað mannorð, eiga að vera kjörgengir, og konur líka. Að eins eru það einir þrír menn, sem vegna stöðu sinnar eru svift ir þeim rétti, sem allir aðrir borgarar landsins hafa, eru ræntir almennum borgaralegum réttindum. Þetta er ið mesta misrétti. Hvernig stendur á því, að ekki hefir um leið verið stungið upp á, að þessir menn væru leystir frá borgaralegum skyldum og kvöðum, sem þeir hafa hingað til þurft að bera? Það hefir gleymst. En hverjar eru nú ástæðurnar? Eg get tæplega búist við því, að þetta sé bygt á því, að það sé til spillingar þingu, að yfirdómendur sitji þar, eða að menn þessir séu lakari hæfileikum búnir til að sitja á þingi, heldur en aðrir. Eg býst við, að þeir séu yfir höfuð ekki lakari hæfileikum búnir en aðrir menn, eða yfirleitt lakari en fólk er flest, svo að ástæðan getur ekki verið sú, að þeir spilli þinginu.

Þá er spurningin um það, hvort alþingisseta sé í ósamræmi við embætti þeirra, eða ósamboðin stöðu þeirra, svo að hún sé til spillingar dómunum. Varla býst eg við að því verði já-kvætt á þessum stað. Enda væri það alveg ný kenning, því að frá því er landið bygðist, hefir það ekki verið trú manna. Dómendur hafa setið á þingi, ef kjósendum eða konungi hefir þóknast að kveðja þá til þess. Þetta á ef til vill að vera til þess að tryggja sjálfstæði þeirra í embættunum. En eg hygg, að það nái ekki tilgangi sínum á nokkurn hátt. Það er ekki farið fram á að banna þeim að hugsa, lesa eða tala eða skrifa um pólitík, og ekki á að svifta þá kosningarrétti. Því er það ekki gert? Eg held að það gæti stafað eins mikil hætta af þessu fyrir þá eins og þó að þeir hefðu kjörgengi. Yfir höfuð get eg ekki séð, að nein frambærileg ástæða sé til þess að svifta þessa þrjá menn eina þeim réttindum, sem allir aðrir borgarar þessa lands eiga að hafa. Það er ekki frekari ástæða til að taka þessa embættismenn út úr, fremur en aðra, t. d. sýslumenn, bæjarfógeta, umboðsmenn eða presta. Hvaða frekari ástæða getur verið til að banna dómurum að taka þátt í stjórnmálum fremur en prestum, sem eiga að prédika guðs orð? Og vitanlega er eigi snefill af ástæðu fyrir því að svifta yfirdómendur kjörgengi, en láta undirdómara, sýslumenn og bæjarfógeta halda því. Hér er misréttið svo augljóst, og ranglætið kemur svo bert fram, að það átti ekki að geta dulist jafnvel nefndinni.

Annars er stefna nefndarinnar, að því er þetta snertir, alveg óskiljanleg, nema því að eins, að ákvæðið (réttarsviftingin) væri látið ná til allra þeirra manna, er hafa á hendi störf fyrir ið opinbera, fara með almenningssýslan.

Þetta á víst að vera eins dæmi fyrir þetta land. Eg veit ekki betur en að dómendur hafi kjörgengi til þings í öðrum löndum, svo sem í Svíþjóð, Noregi og Danmörku, þó að þess sé ekki neytt mikið þar vegna annara ástæðna, sem sé þeirra, að yfirdómendur hafa þar eigi tíma afgangs til að gegna öðrum störfum en dómstörfunum.

Eg skal svo ekki fara um þetta fleiri orðum á þessu stigi málsins, en að eins taka það fram aftur, að eg get ekki séð, að það sé á nokkurn hátt réttmætt eða viðeigandi, að svifta þessa þrjá menn þeim rétti, sem allir aðrir fullveðja menn á landinu eiga að hafa.

**Stefán Stefánsson:** Vegna þess,

að eg hefi ekki að öllu leyti getað fallist á álit samnefndarmanna minna og skrifað undir nefndarálitið með fyrirvara, þá skal eg leyfa mér að gera grein fyrir því, í hverju ágreiningurinn liggur. Það sem aðallega olli því að eg skrifaði ekki fyrirvaralaust undir nefndarálitið, var einmitt ákvæðið um skipun Ed. Mér finst að sú deild, eins og henni er fyrirkomið í áliti meiri hlutans, sé að nokkru leyti sett til höfuðs Nd. eða eigi að vera sem nokkurs konar tjóðurband til þess að sjá um, að Nd. fari ekki að neinu ógætilega í ráði sínu. En eg ber það traust til þeirra manna, sem kosnir verða í inum einstöku kjördæmum, að þess gerist alls ekki meiri þörf framvegis heldur en hingað til, að þeim sé skipaður eins konar yfirráðamaður með efri deildinni, enda sýnir reynslan að deildirnar jöfnum höndum breyta og bæta hver fyrir annari.

Það er líka annað, sem mér finst vera spilt með þessu. Það er spilt þeirri ábyrgðartilfinningu, sem hver þingmaður á að hafa fyrir sínu starfi. Og þegar Ed., sem hefir lítið samband við Nd., á að vera slagbrandur yfir þeim framkvæmdum, sem Nd. vill að komist á, þá er það bersýnilegt, hve mjög það dregur úr ábyrgðartilfinningu manna, að vita þann hreinsunareld yfir höfði sér. Enda finst mér sæmileg trygging fyrir því, að hyggilega sé unnið, þar sem ekki aðrir kjósa til Ed. en þeir sem eru orðnir 35 ára. Með því ákvæði er fullkomlega fullnægt því nauðsynlega íhaldi, sem Ed. á að vera og það jafnvel þó öll alþýða ekki eigi með hlutfallskosningu að kjósa alla þingmenn deildarinnar. Með þessum 6 mönnum finst mér nóg að gert, þar sem þeirra kjörtími er tvöfalt lengri en þeirra þingmanna, sem kosnir í sérstökum kjördæmum landsins. Þetta álít eg að setja nægilega festu í löggjafarstarfið, þar sem mun mega ætla að þeir, í samvinnunni við ina 8 óhlutkosnu þingmenn, verði sá ráðandi kraftur deildarinnar.

En þegar tillit er tekið til þess, hvaða áhrif það hefir, að hlutfallskosning fari fram um þessa 14 menn til Ed., þá er það tilfinnanlegt, hve mjög verður að fækka kjördæmum landsins, eður og á annan hátt að fella niður kosningu þingmanna í einstökum kjördæmum, 8 að tölu. Hygg eg að þetta muni misjafnlega mælast fyrir alment. Menn eru nú orðnir svo vanir því að koma sér saman um það innan sýslu, hvern eða hvaða fulltrúa þeir eigi að kjósa, og hygg eg þessu yrði illa tekið, væri nokkuð verulega úr kosningarrettinum dregið að þessu leyti. Og þeir menn, sem svona yrðu kosnir, eru heldur ekki eins kunnugir staðháttum og skoðunum manna í sínu kjördæmi, eins og þeir menn, sem þar eiga heima og hafa svo langt um nánari kunnugleika á ýmsum héraðsmálum, einmitt vegna þess að kjördæmi þeirra takmarkast og er bundið við sýslufélagið. En það er afarmikið undir því komið, að þingm. séu kunnugir staðhátt um og inum einstöku áhugamálum kjördæmisins. Þetta er sú aðalbreyting, sem mér finst eg alls ekki geta felt mig við, og eg þykist vita að almenningur fellir sig ekki við. Einnig skilyrðið fyrir kosningarréttinum, get eg ekki vel sætt mig við. Lít eg svo á, að 40 ára aldurstakmark sé ónauðsynlega hár aldur, og það þótt það lækki um 1 ár árlega þangað til 25 ára aldrinum er náð, því jafnvel þó húsfreyjan eða vinnuhjúin þurfi út af fyrir sig ekki að bíða nema $7^1/_2$ ár eftir kostningarréttinum, þá sé eg ekki hvers vegna þessi eðlilega og sjálfsaga breyting þarf að eiga svo langt í land, þar sem allir virðast viðurkenna réttinn fullkomlega. Með þessu fyrirkomulagi eru líkurnar miklar til þess að ekki svo fáir á þessu árabili,

sem þó eiga að fá að njóta réttarins, verði þá dánir, og þetta verði að eins sjón í hillingum.

Hver er líka sönnunin fyrir því, að fólkið sé færara til þess að nota kosningarrétt sinn, þó það eldist um öll þessi ár? Flestir munu vera orðnir að mestu fullþroska þegar þeir eru 25 ára. Eg hygg að margur maðurinn, sem ekki er nema 24—25 ára, sé jafnvel færari um að kjósa heldur en gamalmenni, sem varla líta í nokkurt blað eða fylgjast með almennum lands eða héraðsmálum Eins og nú hagar til mentunarástandinu, er yngra fólkið að mun fróðara um margt það sem er að gerast, en venja er til um gamalt fólk. Það er því ekki á neinum áþyggilegum rökum bygt, að draga svo á langinn aukning kosningarréttarins. Eg stakk upp á því í nefndinni að tíminn yrði færður niður um 5 ár, niður í 35 ára aldurstakmark, eða með öðrum orðum, að sá sem væri 25 ára þegar stjórnarskráin gengi í gildi, þyrfti ekki að bíða nema 5 ár eftir að fá kosningarrétt til Alþingis. Þetta var miðlunartilraun frá minni hálfu, sem hefir þó það sér til meðmæla, að þá gætu allir, sem annars eiga að fá kosningarrétt til Ed., notað rétt sinn strax við fyrstu kosninguna, en annars verða að bíða um mörg ár eftir að hafa þó fengið réttinn, *án* þess að geta neytt hans, en þeirri uppástungu minni var synjað. Þessi aldur var tekinn upp á þinginu 1911 og því hafa menn viljað binda sig við hana. En því óaðgengilegra og óréttlátara er þetta, sem lengur kann að dragast að þessir menn fái kosningarrétt.

Það hefir verið stungið upp á því, að kjörtímabilið yrði fært niður í 4 ár. Er eg óánægður með það, að kjörtímabilið sé stytt úr því sem nú er. Veit eg ekki, hvað það er, sem réttlæir það að kjörtímabilið sé stytt, því að því lengur sem þingm. er á þingi, því færari er hann um að vera það. Eftir því sem þingm. eldist í starfinu, því hæfari er hann í það. Og ekki finst mér heldur rétt að auka þann gauragang, sem alt af er um kosningar, eins og yrði gert með þessu. Nú er þessi breyting því ekki til bóta. Annað mál væri það, væri þing haldið á hverju ári — sem eg fyrir mitt leyti er ekkert á móti. En eins og nú er, að þing er haldið annanhvert ár og þingmenn því að eins sitja á þingi í 2 ár, þá er enn engin trygging komin fram fyrir því, að þingmenn á þeim tíma geti náð þeim þroska, sem þeir gætu náð, ef þeir væri þar lengri tíma.

Annars ætla eg mér ekki að svo stöddu að tala meira um þetta mál. Ef þörf er, gefst mér kostur á því síðar.

**Skúli Thoroddsen:** Eg skal geta þess, að eg hafði að vísu eigi ætlað mér að eiga þátt í umræðunum um mál þetta fyr en við 3. umr. þess, þegar séð væri, hvað ofan á yrði við þessa aðra umr. málsins. Á hinn bóginn sé eg þó nú, að nokkur eru þau atriðin í áliti meiri hluta nefndarinnar, sem eg vil eigi leiða hjá mér með öllu, og verð því að minnast á með nokkrum orðum.

Eg skal þá fyrst geta þess, sem eg að vísu vék töluvert að við 1. umr. málsins, að eg get ekki felt mig við þá tillögu meiri hlutans, að ráðherra skuli að eins vera *einn*, enda þótt gert sé nú ráð fyrir því, að fjölga megi tölu ráðherranna með lögum.

Eg álít réttara, sé það eigi beinlínis ákveðið í stjórnarskránni, að ráðherrarnir skuli vera þrír, að konungi sé þó að minsta kosti heimilað að fjölga þeim svo, ef sýnist, án þess sérstakra laga þurfi.

Hvað kostnaraukann snertir, er af fjölgunini leiddi, þá yrði hann eigi tilfinnanlegur, sbr. ummæli mín við 1. umr. málsins, þar sem landritaraem-

bættið dytti þá að sjálfsögðu úr sögunni, og fengjust þar þá þegar næg laun handa öðrum ráðherranum, sem við yrði bætt — alóþarft að ætla öðrum og þriðja ráðherrannm hærri laun en sex þús. krónur eða þar um — og yrði þá útgjalda-aukinn að einar sex þús. krónur.

Það sem ynnist við það, að ráðherrarnir væru fremur þrír en einn, væri á hinn bóginn:

1, það, *að stjórnin hefði meiri og fjölbreyttari þekkingu*, að því er til landsmála kemur, þ. e. að því er allan hag og þarfir þjóðfélagsins snertir;

2, það, *að íhugun hvers málefnis, sem er, yrði þá og að öllum líkindum mun vandaðri* — og þá og síður hætt við einræði, eða gerræði, og fljótræði, eða fljótfærni — en er alt hvílir á einum manni, þ. e.

3, *ályktunin*, eða niðurstaðan, sem komist yrði að í hverju máli sem er, yrði, eða ætti að minsta kosti að *geta* orðið, *réttari*.

*En að því skapi sem stjórnin býr yfir meiri þekkingu* og viðtækari að því er hag og þarfir þjóðarinnar og hverrar einstakrar stéttar hennar snertir, *því fremur má og ætla, að málefnum hennar verði sint* og *úr því bætt*, sem unt er, *sem að hverri einstakri stétt amar*.

Mörg geta og *ein* lögin að eins verið *þau, er svo þýðingarmikil eru fyrir þjóðina* —, eða einhverja stétt hennar —, *að eigi verði í peningum metinn hagnaðurinn, sem af því leiðir*, eða hefjandi og lyftandi áhrifin á þjóðlífið.

Dálítil aukning við stjórnarkostnaðinn — sé von um happasælli árangur af stjórnarstörfunum — ætti því og sízt að vaxa almenningi í augum.

Þá get eg ekki heldur felt mig við þá tillögu meiri hluta nefndarinnar, að gefa stjórninni heimild til þess að víkja manni úr embætti fyrir fult og alt, án þess að honum sé geymdur réttur til þess að fá máli sínu skotið til dómstólanna.

Stjórnin hefir nóg hald á embættismönnum, þó að eigi sé svona langt farið, þar sem hún bæði hefir vald til að *sekta* embættismenn og *víkja þeim frá um stundarsakir*, enda nauðsynlegt, að embættismenn geti staðið sem sjálfstæðastir gagnvart stjórninni, nauðsynlegt *eigi að eins sjálfra þeirra vegna*, heldur og *vegna þjóðarinnar*, — og það eigi sízt, er á það er litið, að hún kýs æ einhverja þeirra á þing.

Að því er því næst snertir þær tillögur meiri hluta nefndarinnar, að til efri deildar skuli kosið hlutbundnum kosningum um land alt í einu lagi, og kjörgengi og kosningarréttur vera bundinn við 35 ára aldur, þá get eg að vísu felt mig við ið fyrgreinda, en á hinn bóginn *alls* eigi við það, að binda þá kosningar- og kjörgengisréttinn við 35 ára aldur.

Það, sem hér vakir fyrir meiri hluta nefndarinnar, það er það eitt, að hún vill skapa *íhaldssama* efri deild, — láta hana hamla á móti, þyki neðri deildin ætla að fara of hratt.

En þá er að líta á það, hvaða rétt íhaldið eða íhaldsstefnan getur helgað sér í pólitíkinni.

Sé um það að ræða, að neðri deild vilji nema eitthvað það úr lögum, sem siðfræðislega rangt er — vitandi, að ið siðfræðislega ranga á eigi að fremjast, né heldur nokkur að láta viðgangast að framið sé —, þá getur eigi um réttmætt íhald eða íhaldsstefnu gegn slíku verið að ræða.

Fari því nýjungin, sem neðri deildin vill fá framgengt, í greinda átt, þá á íhaldið engan rétt á sér, þar sem vér allir vitum, að því sem gott er, ber

hvorki að fresta né heldur að hindra, að það nái fram að ganga.

Sama er og sé um það að ræða, að lögbjóða eitthvað, sem siðfræðilega skylt er, t. d. að sinna betur sjúkum en gert hefir verið, eða þeim er neyðin þrengir að, með því að slíkt hafi eigi að undanförnu verið svo vel af hendi int, sem skyldi —, þá á íhaldið og engan rétt á sér, ef það beitir sér gegn slíku, sem þá að sjálfsögðu hvorki ber á nokkurn hátt að fresta né hepta.

Í þeim efnum, sem hér um ræðir, verður aldrei of hratt farið.

Vilji neðri deildin á hinn bóginn lögleiða eitthvað það sem siðfræðilega er rangt, þá er eigi að eins rétt, en og skylt, að hindra, að slíkt fái framgang, — og íhald geta menn og kallað það, ef þeir vilja, þótt í raun og veru sizt eigi þá það nafnið skilið.

En að inu — í þessum efnum — rétta og skylda, og þá og æ heppilegasta, sé nokkru betur borgið, þótt kosningar og kjörgengisrétturinn til efri deildar sé bundinn við hærra aldurstakmark en til neðri deildar, — þ. e. bundinn við 35 ára aldur, fæ eg eigi séð, þar sem alls engin trygging né vissa er — þrátt fyrir hærri aldurinn — fengin fyrir því, að þeir séu almennu kjósendunum betri, þ. e. siðfræðilega lengra komnir.

Hitt á hinn bóginn öllum ljóst, að öll ber þjóðin í sameiningu — þ. e. allir, sem fulltíða eru orðnir — ábyrgð á því, að eigi sé af þjóðfélaginu, né í garð einstaklinganna þess, eða annara, eitt eða neitt framið, sem rangt er, og ber þeim því að sjálfsögðu öllum kosningar- og kjörgengisréttur, frá þessu sjónarmiði, hvort er um efri eða neðri deild ræðir.

Þá get eg eigi heldur felt mig við þá tillögu meiri hluta nefndarinnar, að ætla eigi »nýju kjósendunum« — þ. e. kvenfólki, vinnuhjúum o. fl. — að öðlast kosningar- og kjörgengis-réttinn þegar í stað, nema þeim, körlum og konum, sem fertugir eru orðnir, en næsta ár svo þeim, er þá eru 39 ára o. s. frv. niður á við, unz allir »nýju kjósendurnir« hafa réttinn öðlast.

Meiri hluti nefndarinnar kannast við það — eins og rétt var og skylt — að kvenfólki, vinnuhjúum o. fl., sem nú er ætlað að öðlast kosningar- og kjörgengisréttinn á fyrgreindan hátt með stjórnarskrárbreytingunni, hafi þá að undanförnu verið gert rangt til, þ. e. hafi ranglega verið rétti sviftir rétti sem þeim að sjálfsögðu bar, engu síður en þeim, er réttarins hafa til þessa notið að lögum.

En þar sem nú meiri hluti nefndarinnar er kominn til þessarar sannleikans viðurkenningar, þá er honum það og enn ljótara en ella, að vilja þó varna sumum »nýju kjósendanna« réttarins enn um hríð á fyrgreindan hátt.

Háttv. framsögumanni meiri hluta nefndarinnar fanst þetta eigi gera neitt til, þar sem hér væri að eins um fáein ár að ræða.

En hér til er því að svara:

1. Hvað getur eigi þjóðfélagið mist þessi árin, er fjölda einstaklinga þannig er varnað að neyta réttar síns?
2. Hvað getur háttv. framsögumaður meiri hluta nefndarinnar o. fl. hrept — bakandi þannig í nokkur ár fjölda einstaklinga, karla og kvenna, þann sársaukann, að finna sig æ vera þá, er rangt er gert, og neyddir til að þola það?

Setjum t. d., að kona, sem orðin er 25 ára og hefir brennandi áhuga á ýmsum þingmálum — langandi á þing og treystandi því, að kosningu næði, ef eigi væri henni eftir ranglátum lögum varnað þess réttar — setjum, að hún rendi þá hug-

anum til háttv, framsögumanns meiri hluta nefndarinnar.

Hvað finnur hún þá í kvölinni, sem aðferð löggjafarvaldsins bakar henni?

Myndi henni þá eigi geta farið líkt sem sumum brezku kvenréttindakvennanna, að hún fyndi sér heimilt — og enda skylt — að svifast þá jafnvel alls einskis gegn honum?

Hepni — hvað háttv. framsögumann meiri hluta nefndarinnar snertir — að hann er þá á Íslandi, en eigi á Bretlandi, eins og þar hefir gengið nú um hríð.

Loks er eg eigi síður ósamþykkur þeirri tillögu meiri hluta nefndarinnar, að vilja ekki láta yfirdómarana njóta kjörgengisréttar.

Þar sem þeir eru einu dómararnir hér á landi, sem stjórnin má eigi embætti svifta, nema með dómi, virðist mér tillaga meiri hluta nefndarinnar fara í svo þveröfuga átt, sem frekast er auðið.

Tilgangurinn — að gera þá óhlutdræga í dómarastörfum — næst og eigi, þar sem þeir geta engu síður, sem kjósendur og enda sem blaðlesendur að eins, orðið æstir í pólitík.

Svo skal eg ekki fara fleiri orðum um þetta að sinni. Eg vil fyrst sjá niðurstöðu þessa máls við 2. umr., og við 3. umræðu get eg þá komið fram með breytingu, ef mér finst ástæða til þess.

**Lárus H. Bjarnason:** Eg er sammála háttv. framsögum. meiri hlutans, að æskilegast væri að 2. umr. um þetta mál yrði sem styzt, því deildarmönnum hefir ekki gefist kostur á að íhuga það sem skyldi. Eg stend aðallega upp af því, að eg hefi skrifað undir nefndarálit meiri hlutans með fyrirvara og vildi eg með fáum orðum gera grein fyrir því, af hverju eg gerði það.

Aðalástæðan fyrir því, að eg skrifaði mig undir með fyrirvara, er sú, að mér þykir ekki reka nauður til að halda kjörgengi, hvorki til handa þeim mönnum, sem nú sitja í yfirdóminum né þeim útlendingum, er setu kynnu að eiga á Alþingi þegar lögin gengju í gildi.

Það hefir verið kallað nýmæli, að nefndin vill meina einkadómurum kjörgengi, þ. e. yfirdómurunum og öðrum, er síðar kynnu einungis að fara með dómsvald, en slíkt viðgengst ekki óvíða erlendis og sumstaðar eru margs konar embættismenn ókjörgengir. Hér á landi er það heldur ekki nýmæli, að löggjöf og dómsvald hafi verið aðskilin. Svo var það á þjóðveldistímanum. Lögsögumaðurinn tók t. d. engan þótt í dómum svo sem háttv. þm. Borgf. (Kr. J.) hélt fram, mér til mikillar undrunar.

Sumstaðar í útlöndum eru meðal annara embættismanna ýmsir dómarar, sérstaklega inir æðstu, og ókjörgengir til þings, svo sem í 4 af 5 ríkjum hér í álfu, þar sem báðar deildir þingsins eru þjóðkjörnar: Belgíu, Hollandi, Sviss og Frakklandi. Sama er um neðri málstofu enska þingsins.

Þótt það kunni að þykja hart, að svifta þá sem nú eru dómarar hér á landi, þessum rétti, þegar litið er á það eingöngu frá þeirra sjónarmiði, þá er hins að gæta, að þar standa á móti önnur dýrmæt réttindi, réttindi alls almennings til trausts á þeim mönnum, sem heita má að séu í framkvæmdinni æðstu dómarar landsins. Því að flest mál vor eru útkljáð hér, þó að komist gætu til hæstaréttar. Hér er ekki verið að væna þá menn, sem nú, þegar lagasmíðin stendur yfir, gegna þessum embættum, um hlutdrægni, heldur er verið að útvega þeim ómissandi traust alþýðu, sem óhjákvæmilega hlýtur að tapa sér, ef menn í slíkri stöðu gerast mjög riðnir við stjórnmál. Réttast væri það, meira að

segja, að losa dómara einnig við kosningarrétt til Alþingis, en sitt er þó hvað, fjarvígi og návígi.

Háttv. þm. Borgf. (Kr. J.) vildi halda því fram, að sömu ástæður ættu að vera til þess, að svifta aðra embættismenn kjörgengi, svo sem undirdómara og presta, en þar á er mikill munur. Undirdómarar dæma ekki mál til fullnaðarúrslita. Dómum þeirra er iðulega skotið til æðra réttar, og er því eigi alt úti þó að þeir kunni að skekkjast. Þar við bætist, að aðalverk sýslumanna og bæjarfógeta eru umboðsstörf, dómsmálin eru aftur á móti aukaverk og undantekningar.

Þá er hitt, að heimilisfestu-skilyrðið fyrir þingsetu á ekki að koma strax í framkvæmd. Eg veit ekki betur, en að það sé undantekningarlaust skilyrði alstaðar, að þingmaður verði að eiga heima innan takmarka þess lands, sem hann á að semja lög fyrir. Það nær ekki nokkurri átt, að gera undantekningu vegna eins manns, þótt svo vilji til, að hann eigi sæti á þingbekk nú og sé nýtur maður. Þá yrði líka að láta undantekninguna ná til allra þeirra, sem kjörgengi eiga hér og nú búa í Danmörku. Þá fyrst væru þeir sjálfum sér samkvæmir, sem þetta leggja til.

Þetta voru nú þau atriði, sem fyrirvari minn nánara var miðaður við. Að öðru leyti fylgdumst vér meiri hluta menn að málum. En ef framgangur málsins ylti t. d. á einhverjum smáatriðum viðvíkjandi skipun Ed., eða kosningarétti vinnumanna og kvenna, þá mundi eg þó verða fáanlegur til þess, að gera þar nokkrar tilslakanir, enda þótt eg álíti, að hömlur séu nauðsynlegar, ef við ekki ætlum okkur að kútveltast alt of mikið fyrst í stað. Háttv. þm. Dal. (B. J.) óttast ekki byltingagirni landa sinna eða tortrygna vanafestu og vill því engum hömlum vita af. En eg er honum ekki samdóma og hygg mig hafa rök fyrir. Eða hvað hyggur háttv. þm. að hefði orðið um ið mikla nauðsynjamál, ritsímann, árið 1905, ef allir hefðu mátt ráða, eigi eingöngu allir, þeir sem þá voru kjósendur, heldur og allur sægurinn af nýjum kjósendum? Afleiðingin hefði vitanlega orðið sú, að enn væri enginn símaspotti til í landinu.

Þá hefði líklega heldur enginn maður náð kosningu, af þeim sem meðmæltir voru millil. samningnum. Þess vegna er full þörf á því, að binda svo um, að kjósendaflóðið komi ekki alt í einu.

Og úr því að á að afnema kgkj. þm., þá ríður á að tryggja sem bezt skipun Ed., altjent jafnmarga og þar eru nú margir konungkjörnir. Það gæti komið til mála, að stytta tímann, sem ætlast er til að líði þangað til allir nýir kjósendur, sem náð hafa lögaldri, komast að, eða t. d. að inir hlutfallskosnu þm. í Ed. verði kosnir í fleiri en einu kjördæmi, t. d. 4 fjórðungskjördæmum, eða eitthvað annað þessu líkt. Því að þótt slakað væri til í þessu, þá væri þó grundvellinum haldið.

Þá skal eg víkja nokkrum orðum að ræðum hæstv. ráðherra og háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.). — Hæstv. ráðherra lét það í ljós, að eftir atvikum væri réttast að láta málið bíða, og þótt hann færði ekki ástæðu fyrir því, þá skildist mér að hann bygði þá skoðun sína aðallega eða eingöngu á því, að konungi hefði enn eigi gefist kostur á að láta uppi álit sitt á málinu, sérstaklega um breytinguna á ákvæðinu um uppburð mála fyrir konungi. Hæstv. ráðherra játaði þó, að hér væri um titslökun að ræða frá frumv. 1911, og að hún ætti að gefa von um það, að konungur myndi fallast á þessa breytingu, ef málið væri rækilega sótt og skulum við ætla, að svo

verði. Annars vil eg mega minna hv. ráðherra á það, að þetta frumv. hefði gjarnan mátt vera stjórnarfrumv., hefði jafnvel átt að vera það eftir undirbúningi, þeim sem það hafði fengið 1911 og undirtektum Alþingis 1912 undir sambands- og stjórnarskrár-málið; því að það, að stj.skrársamþykt var frestað í fyrra, bygðist eingöngu á því, að þá þóttust menn hafa góðar vonir um framgang sambandsmálsins. En það vakti fyrir mönnum, að ef það mál fengi ekki góðar undirtektir hjá Dönum, þá yrði frv. til breytinga á stjórnarskránni tekið upp af stjórninni.

Annars er egg þessara sífeldu spádóma um misjafnar undirtektir konungs vors og Dana, sem ef til vill er ætlað að draga þar úr Alþingi til frumkvæðis að lögum, vonandi farin að sljóvgast, enda mundi afleiðingin verða sú, ef að stýrinu væri látið, að Alþingi segði ekki annað en já og amen við uppástungum stjórnarinnar. Stjórnarskrársamþykt nú er og þegar af þeim ástæðum æskileg, að það mun hvorki vera tilhlökkunarefni fyrir þing né stjórn, að mæta hvort öðru óbreyttu.

Þá þótti hæstv. ráðherra það óráð, að stytta kjörtímabilið til Nd. En hins lét hann ógetið, að kjörtímabil Ed. á að verða 8 ár, þó svo, að helmingur þingmanna fari frá eftir 4 ár, að dæmi margra erlendra ríkja.

Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) var fyrst og fremst óánægður með það, að stjórnarskráin skuli ekki gera ráð fyrir nema einum ráðh. En hann gætti þess ekki, að ráðherratölunni má breyta með einföldum lögum. Ef það reynist, að þörf sé á fleirum, þá ætti Alþingi og konungi eins vel að vera trúandi til þess í sameiningu, að koma því í kring, eins og konungi einum. Háttv. þm. ætlaði sem sé konungi einum að gera út um það með ráðherra sínum, en það vald vil eg ekki leggja í hendur ráðherra. Það er ekki lítið í húfi hér, fjárhagslega, og ráðherrafjölgunin myndi draga meiri dilk á eftir sér, en háttv. þingm. sagði. Laun þriggja ráðherra yrðu meiri en laun ráðherra og landritara eru nú, og svo þyrfti líklega nýja byggingu undir jafnstórt skrifstofubákn og aukinn skrifukostnað. En hins vegar eru kostirnir ekki miklir. Aðalástæðan sem hv. þm. hafði fram að bera, var sú, að þá yrði síður *hætta* á því, að stjórnin misbeitti valdi sínu, en undir þann leka er sett með því, að aukaþing skal halda, ef meiri hlutinn vill svo vera láta. Hitt er álitamál, hvort stjórnin verður þekkingarmeiri, ef ráðherrum er fjölgað. Það þarf ekki að vera. Ráðherrar eru sjaldnast valdir eftir þekkingu.

Þá átaldi háttv. þm. það ákvæði, að stjórnin skuli geta vikið embættismönnum eftir sem áður frá, án undangengins dóms.' Mér skilst nú samt, að þetta ákvæði verði að haldast, svo framarlega sem ekki á að varpa burtu þeim hyrningarsteini undir þingbundinni konungsstjórn, að ráðherra beri ábyrgð á öllum gerðum embættismanna. Ef ráðherra á að bera þá ábyrgð, þá verður hann að ráða því, hve lengi hann lætur þessa meðhjálpara sína sitja í embætti. Enda er ekki svo, sem afsetningarmál sé tekin undan dómsvaldinu, því að hver embættismaður með eftirlaunarétti á rétt á því, að fara í mál, ef honum er vikið frá embætti án eftirlauna. Auk þess mætti fá Alþingi til þess, að kæra ráðherra eftir ráðherraábyrgðarlögunum.

Sami háttv. þm. var á móti skipun efri deildar eins og frumv. gerir ráð fyrir henni, af því að honum þótti þar stofnað til of mikils íhalds, en það nær engri átt og er að minsta kosti ekkert á borð við íhald það og ýmis óþægindi, sem leiðir af konungkjörinu.

Svo tók hann í sama strenginn og

háttv. þm. Borgf. (Kr. J.) um þingsetu dómara, en því hefi eg þegar svarað, enda voru ástæður hans inar sömu og hjá hv. þm. Borgf., en færri þó.

Eg endurtek það, að þótt eg greiði atkvæði með öllum tillögum meiri hlutans, nema bráðabirgðaákvæðunum, þá er ekki þar með sagt, að eg vilji ekki slaka eitthvað til síðar um skipun Ed. eða kosningarréttinn, þótt eg hins vegar muni aldrei ganga eins langt í því og háttv. þm. Dal. (B. J.).

**Einar Jónsson:** Eg verð að játa það, eins og aðrir háttv. þm. hafa þegar lýst yfir, að eg hefi haft stuttan tíma til undirbúnings eftir að þessu frumv. var útbýtt. En eg verð samt að minnast á einstök atriði, sem eg hefi getað kynt mér til hlítar, af því, að eg er í sumu með meiri hlutanum og í sumu með minni hlutanum.

Um ríkisráðsákvæðið eru nú báðir partar orðnir sammála, og þykir mér vænt um það, því að eg hygg að það sé sigurvænlegra en ósamþykkið, sem annars myndi eiga sér stað, jafnt og verið hefir að undanförnu í því atriði, og búast mætti við að yrði sama þrætueplið áfram milli konungs annars vegar og Íslendinga hins vegar.

Þá er það, hvort ráðherrar skuli vera einn eða þrír. Eg er nú sem fyr ánægðari með það, að þeim megi fjölga með sérstökum lögum, heldur en það ákvæði sitji fast í stjórnarskránni, og mun fylgja því.

Um kosningarréttar-ákvæðin er það að segja, að eg er þar hlyntari meiri hlutanum í því, að einhver takmörk séu sett fyrir því, að ekki fái allir strax kosningarréttinn takmarkalaust, sem eru 25 ára, hvort sem þeir t. d. hafa óflekkað mannorð eður eigi. Það er ekki rétt heldur, sem sumir hafa sagt, að menn þurfi að bíða í 15 ár, þ. e. alt aldurstakmarkið frá 25—40 ára, þegar hámark aldursins lækkar um 1 ár strax og áfram niður eftir. Það er því ekki nema um $7^1/_2$ ár að ræða, því að þeir mæta kosningarréttinum á miðri leið. En hitt finst mér skiljanlegt, að þeir sem rosknir eru, séu færari um að kjósa en þeir sem hlaupa til þess, án þess að hafa nokkurn undirbúning í málunum. Ef þetta ákvæði verður nú lögleitt, þá geta þeir notað tímann til undirbúnings, til þess að þeir verði þá því færari, þegar þar að kemur að kosningarréttur er fenginn.

Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) fáraðist um það, að veita ætti að eins fertugum körlum og kerlingum kosningarréttinn. En eg er honum ekki samdóma um þær nafngiftir, að allir fertugir séu sjálfsagðir í karla og kerlinga röð. Hann er sjálfur eldri en fertugur, og vil eg þó ekki kalla hann karl, og þó að einhver sé nefndur svo, þá ætti ekki að liggja í því nein lítilsvirðing. Þá mætti eins vel kalla 25 ára fólk stelpur og stráka og það er ekki betra.

Þá er eg á móti því, að Ed. sé öll hlutfallskosin. Eg vil að þeir séu að eins 6, sem þannig eru kosnir, en Nd. kjósi 8 til þeirrar deildar, eins og nú á sér stað, og færði eg til ástæður fyrir þeirri skoðun minni 1911. Það er ósannað, að þörf sé á þessu mikla íhaldi, og þótt það sé ekki víst, að t. d. í Ed. veljist tómir gamlir embættismenn og ungir þjösnar — eg vil biðja menn að muna það, að eg notaði ekki fyrstur þetta orð — þá er það víst, að þangað myndu veljast gamlir embættismenn, einkum úr Reykjavík, og endurtek eg enn, að eg hefi enga tröllatrú á þess konar vali.

Að því er snertir yfirdómarana, er eg ekki með því ákvæði að svifta þá kjörgengi, því að það má ekki skerða svo rétt neins manns, sem er borgari þjóðfélags-

ins, nema þá með því sem háttv. þm. Borgf. sagði, að undanþiggja þá um leið sköttum og skyldum. Eg skil ekkert í því, að vilja útiloka þannig frá kjörgengi að eins 3 — skrifum og segjum þrjá — heiðvirða borgara, sem auk þess eru líklega flestum færari til að neyta þess. En aðallega verð eg að halda því fram, að þessi réttindi séu jöfn fyrir alla.

Ýmsir halda því fram, að konungkjörnir þingmenn eigi ekki að hafa atkvæðisrétt um ráðherraval, en það nær ekki nokkurri átt. Það væri herfilegt misrétti meðal þingmanna, að þar hefðu ekki einnig allir sama rétt. Í þinginu hafa allir jafna ábyrgð á gerðum sínum og hví þá eigi allir sama rétt, sem löglega eru þar að starfi kvaddir?

Um athugasemd hv. 1. þm. Rvk. um það, að þetta frumv. hefði átt að koma frá stjórninni, má þræta. Það hefði ekki átt illa við, að það hefði komið þaðan, en þá hefði það líklega verið drepið, eins og flest þau frumvörp, sem frá þeirri hendi hafa komið, en það vil eg ekki að gert verði nú, heldur vil eg að málið verði afgreitt frá þessu þingi.

Að öðru leyti skal eg ekki þreyta deildina með löngum ræðum, heldur sýna afstöðu mína við atkvæðagreiðsluna og láta þar við nema staðar.

**Magnús Kristjánsson:** Eg ætla fyrst að geta þess, að á þingmálafundi í mínu kjördæmi var samþykt tillaga, um að skora á þingið að afgreiða ekki stjórnarskrármálið í frumvarpsformi á þessu þingi. Ekki fyrir það, að ef eg hefði talið framgang þess nauðsynlegan, þá hefði eg eðlilega fylgt því, þrátt fyrir þessa fundarsamþykt. En eg er ekki sannfærður um að svo mikið liggi á að afgreiða málið. Eg hygg, að það hafi vakað fyrir kjósendum í Akureyrarbæ, að það væri sjálfsögð, heilög skylda þingsins, að gera alt til þess, hve nær sem tækifæri gæfist, að leiða sambandsmálið til heppilegra úrslita. Og þá ætti að sjálfsögðu að taka upp stjórnarskrármálið í sambandi við það. Menn munu hafa litið svo á, að sambandsmálið væri ekki dautt mál og að innan skamms mundi það verða tekið upp aftur. En hvað sem því líður, þá tel eg það vel farið, að stjórnarskrármálið var tekið til meðferðar nú á þinginu.

Eg get lýst ánægju minni yfir því fyrir það, að einmitt nú við meðferð málsins, hafa þær umbætur komið fram, sem gera það langtum aðgengilegra en frumvarpið frá þinginu 1911. Málið hefir unnið það við að vera tekið upp nú, að það hefir komist í langtum viðunanlegra horf. Og eg get búist við því, að ef það yrði ekki afgreitt nú, en tekið til meðferðar á einu þinginu enn, þá fengist sá heilbrigði grundvöllur, sem nauðsynlegur er.

Um einstök atriði í nefndaráliti meiri hlutans skal eg ekki vera fjölorður. Ákvæðið um skipun efri deildar þykir mér satt að segja mjög varhugavert. Eg er hræddur um að nefndin hafi ekki komist að réttri niðurstöðu um það atriði. Eg álít það stórkostlega vafasamt, að það geti verið heppilegt, að allir 14 deildarmenn skuli kosnir hlutfallskosningum um alt land. Að sumu leyti kann þetta að geta átt við, en eg er meðal annars hræddur um, að petta fyrirkomulag hljóti að leiða til þess, að kjördæmum verði að fækka. Og það hygg eg að mundi valda þeirri óánægju um alt land, að menn geri sér það ekki fullkomlega ljóst.

Mér er ekki vel ljóst, hvernig á að ráða fram úr þessu, en þó hygg eg, að það mundi verða eðlilegast að landið væri alt eitt kjördæmi, en önnur skilyrði sett fyrir kjörgengi og kosningarétti til efri deildarinnar en til þeirrar neðri. Eg verð að minsta kosti tregur til

að greiða atkvæði með þessu fyrirkomulagi, nema eg fái að heyra tillögur manna, sem þessu eru fylgjandi, um það, hvernig kjördæmunum þá yrði hagað. *(Benedikt Sveinsson:* Heyr!). Það er ekki ósanngjarnt að krefjast þess af þeim háttv. þingmönnum, sem vilja halda þessu til streitu, að þeir leggi fram álit sitt um, hvernig þessu mætti haga svo, að allur þorri kjósenda gæti sætt sig við það. Að öðru leyti skal eg ekki fara frekara út í þetta ákvæði.

Þá er ríkisráðsákvæðið. Það er í sjálfu sér þýðingarmikið atriði. Þó að eg áliti það nokkuð fljórfærnislegt að breyta því 1911 eins og gert var, þá verð eg að vera þeirrar skoðunar, að nú sé afar-varhugavert að breyta því aftur í sama horfið og það var áður. Þegar krafa er gerð af minni máttar þjóð á hendur þeirri, sem hefir hann meiri, þá er óhyggilegt að falla frá henni undir eins og hún mætir einhverri mótspyrnu. Það getur skaðað aðrar síðari kröfur hennar. Sá sterkari getur sagt: Þeir hafa fallið frá kröfu sinni áður, það er bezt að bíða við og vera ekki alt of fljótur til að samþykkja þessar kröfur þeirra. Úr því að ríkisráðsákvæðið var einu sinni felt í burtu, þá er það mikið spursmál, hvort við eigum að víkja frá þeirri kröfu nú og setja alt í sama horfið og áður var. Þetta er svo mikilvægt atriði, að eg hefi ekki enn ráðið við mig, hvaða afstöðu eg á að taka til þessa máls. Eg hefi ekkert á móti að frumv. verði samþykt til 3 umr., og getur verið að eg greiði því atkvæði, án þess að eg vilji láta skoða það sem nokkra yfirlýsingu um að eg greiði því atkvæði út úr deildinni.

Það er engin furða þó að skiftar verði skoðanir um þetta mál, þar sem sjálfri nefndinni hefir ekki komið betur saman um það en svo, að hún hefir klofnað í marga flokka. Eg veit ekki, hvað marga, en eg tel líklegt, að þeir séu ekki færri en 5, þar sem þrír hafa skrifað undir nefndarálit meiri hlutans með fyrirvara og einn skorist alveg úr leik. Úr því að nefndin, sem hefir átt svo góðan kost á að íhuga málið frá öllum hliðum, hefir ekki komið sér betur saman um það en þetta, þá er ekkert undarlegt þó að þingmenn yfirleitt hafi ekki áttað sig á málinu til fullnustu Sem sagt, þá getur vel verið að eg greiði atkvæði með frumvarpinu til 3. umr., án þess að þar með sé sagt að eg greiði atkvæði með því út úr deildinni.

**Guðmundur Eggerz:** Mér verður fyrst fyrir eins og háttv. þm. Ak. (M. K.) að athuga, hvort það sé vilji þjóðarinnar að samþykkja nú stjórnarskrárbreytingu. Eins og menn muna, var samþykt tillaga til þingsályktunar á þinginu 1909 um að skora á stjórnina að leggja fyrir þingið frv. til stjórnarskipunarlaga, og þar voru tekin fram helztu atriðin, sem menn höfðu orðið ásáttir um. Þessi atriði voru: heimild til að fjölga ráðherrum, afnám konungkjörinna þingmanna, að veita konum kosningarrétt og rýmka kosningarréttinn að öðru leyti, og aðskilnaður ríkis og kirkju. Þegar fyrsti liðurinn er undanskilinn, má segja, að öll hin atriðin séu áhugamál þjóðarinnar, og sérstaklega er það öllum kunnugt, að þjóðin vill fá þá konungkjörnu afnumda, því að það er engum efa bundið, að almenningur er orðinn leiður á konungkjörnu sveitinni. En þó að þetta gerðist í stjórnarskrármálinu 1909, þá er það nú 1913 ekki komið lengra áleiðis en þetta. Fyrir mér vakir það, að ekki sé eftir neinu að bíða, því að sambandsmálið er í því horfi, að menn munu verða orðnir langleitir eftir stjórnarskrárbreytingunni, ef hún á að bíða

þangað til samkomulag fæst á milli Dana og Íslendinga í sambandsmálinu. Eg tel því sjálfsagt að greiða fyrir því, að málið gangi í gegnum deildina. Eg fyrir mitt leyti get fallist á frumv. með þeim breytingum, sem meiri hluti nefndarinnar hefir gert á því í flestum atriðum. Eg skal að eins minnast á það atriðið, sem mér er einna lakast við. Um þau atriðin, sem eg er meiri hlutanum sammála um, þarf eg ekki að vera langorður. Eg skal taka fram, að eg get fallist á þá leið, sem farin er, að því er ríkisráðsákvæðið snertir. Það fann eg þegar í byrjun, að hér var úr vöndu að ráða um þetta atriði. Eg hefði ekki getað gengið inn á, að ákvæðið væri tekið upp óbreytt frá 1903, að málin skyldu borin upp í ríkisráðinu. En nú fer nefndin fram á að þau skuli borin upp þar sem konungur ákveður. Þetta er í sjálfu sér andi frumvarpsins frá 1911

Það var ekki rétt að ákveða að ráðherrunum *skyldi* fjölga, en mér líkar vel að þessu megi breyta með lögum.

Skipun efri deildar er það ákvæðið, sem eg felli mig verst við. Eins og menn vita, leggur meiri hluti nefndarinnar til, að öll deildin, 14 menn, séu kosnir til 8 ára, þannig, að helmingurinn fari frá fjórða hvert ár, skuli kosnir hlutfallskosningum um land alt. Þetta þykir mér viðsjárvert atriði. Eg kannast að vísu við, að þegar kosningarréttarinn er aukinn eins og hér er farið fram á, þá sé nauðsynlegt að skipun efri deildar sé svo háttað, að hún verði nokkru líklegri til íhalds en neðri deildin. En því takmarki er þegar að nokkru leyti náð með því ákvæði, að til þeirrar deildarinnar séu menn kosnir til 8 ára í senn og að kosningarrétt til hennar hafi þeir einir, er náð hafa 35 ára aldri. Í sjálfu sér verða það eldri þektir stjórnmálamenn, sem í efri deildina veljast, hvernig svo sem þeir verða kosnir, hvort heldur með hlutfallskosningu eða á annan hátt. Ef þessu ákvæði nefndarinnar verður haldið, er eg hræddur um að efri deildin verði kaupstaðaþing eða jafnvel Reykjavíkurþing. Eg veiti ekki, hvernig kjósendur úti í sveitunum eiga að njóta sín í þessum kosningum. Í kaupstöðunum eiga menn hægara með að ná saman og koma sér saman um, hverja þeir eigi að setja á listana. En í sveitunum eiga menn erfiðara með þetta. Afleiðingin verður því sú, eins og mér líka heyrðist háttv. framsögum. meiri hlutans (J. M.) búast við, að efri deild verður skipuð kaupstaðamönnum og þó aðallega mönnum úr Reykjavík.

Því hefir verið haldið fram, að þessir menn, sem þannig væru kosnir, mundu ekki skoða sig sem fulltrúa neins sérstaks kjördæmis, heldur sem fulltúa alls landsins. Það er nokkuð til í þessu, það skal eg fúslega játa. En þó er eg hræddur um, að ef þessi deild ætti að greiða atkvæði um eitthvert stórmál, sem snerti Reykjavík, þá gæti svo farið, að hún hallaðist fremur á þá sveifina, er hagur bæjarins heimtaði. Við höfum dæmin fyrir okkur. Það er ekki langt síðan að þingið lagði fram stórfé til hafnarinnar hér í Reykjavík. Og það eru sumir, sem ætla, að sú fjárveiting hefði aldrei gengið fram, ef helmingur allra þingmanna hefði ekki verið búsettur í Reykjavík. *(Bjarni Jónsson:* Það er vitleysa). Eg hefi ástæðu til að taka þetta fram um höfnina, því að háttv. þm. Vestm. (J. M.) gat þess hér í deildinni, um daginn, að höfnin mundi sliga bæinn, ef járnbrautin kæmist ekki á. En eins og nýlega var tekið fram, átti helmingur þingmanna heima í Reykjavík, þegar þingið réðst í hafnarbygginguna eða lagði grundvöllinn undir hana.

Það mun einhver segja, að það sé ein-

ungis um hreppapólitík að ræða frá minni hlið. Eg veit ekki, hvort það getur heitið hreppapólitík, eg held að það sé einmitt eðlileg og sanngjörn pólitík, að séð verði um, að nokkurn veginn jafnræði verði á milli kaupstaða og sveita. Við sem búum upp í sveit þurfum líka að lifa.

Enn er það að athuga, að líklegt er að fækka þurfi kjördæmunum, ef þetta fyrirkomulag kemst á. En það mundi verða óvinsælt og vekja mikla óánægju á meðal landsmanna eins og háttv. þm. Ak. (M Kr.) tók fram. *(Lárus H. Bjarnason:* Það þarf ekki að fækka kjördæmunum). Þá þarf að fækka þingmönnunum, og það kemur alveg í sama stað niður. Því að hvaða kjördæmi á landinu vill sleppa sínum þingmanni og fá í staðinn örlítinn part af Reykjavíkurþingmanni, ekki stærri en sem svarar nöglinni á litlafingrinum á honum. Reykjavík mundi eiga allan hinn hluta skrokksins og sálina með. Fyrir þessa sök, get eg fremur fallist á breytingu minni hlutans, að 6 þingmennirnir verði kosnir með hlutfallskosningu til Ed, en að öðru leyti verði skipað í hana eins og nú er gert. Eg skal reyndar játa, að mér fellur þetta heldur ekki vel í geð. Þetta er eiginlega »princip«leysi, sem minni hlutinn fer fram á. En þegar á að velja um tvær leiðir og manni geðjast hvorug, þá verður maður þó heldur að velja þá skárri. Eg býst við því, að fleiri en eg verði óánægðir með þessa skipun Ed. og mun eg verða fús til samvinnu, ef til breytinga kemur, sökum þess að eg vil greiða sem bezt fyrir málinu — stjórnarskrárbreytingunni — í heild sinni.

**Matthías Ólafsson:** Á öllum þingmálafundum, sem haldnir hafa verið í Vestur-Ísafjarðarsýslu, hafa komið fram óskir um að frumv. til stjórnskipunarlaga yrði samþykt á þessu þingi, en með því skilyrði, að ekki væri sett í það neitt, það er gæti orðið því að falli, er til úrslita konungs kæmi. Það er með öðrum orðum, að ekki skyldi leggja út í þá tvísýnu að fella úr orðin »í ríkisráði«. Nú hefir verið fundin upp ný leið til að sneiða hjá þessu skeri. Eg get að vísu ekki sagt, hvernig kjósendur mínir mundu líta á þetta atriði nú, en eg fyrir mitt leyti felli mig vel við þessa leið, sem valin hefir verið, og hygg, að nú þurfi ekki að óttast að konungur synji frumvarpinu staðfestingar. Þetta er að vísu að nokkru leyti afturhald, en þó ekki svo leitt afturhald eins og það hefði verið að þurfa að taka upp orðin »í ríkisráði« óbreytt.

Eg felst á að málið hefir grætt talsvert á meðferðinni í nefndinni. Og ef meiri og minni hluti nefndarinnar hefði komið sér betur saman, þá hefði það komizt í viðunanlegt horf, svona fyrst um sinn. Eg er eiginlega á beggja máli, það er að segja, sumpart á máli meiri hlutans og sumpart á máli minni hlutans.

Eg skal nú minnast á, að hverju leyti eg er samdóma og ósamdóma hvorum hlutanum um sig. Eg felst á tillögur meiri hlutans við 5. gr., sömuleiðis við 6. gr. og einnig við 8. gr. En þegar kemur að 9. gr., þá get eg ekki lengur orðið samferða meiri hlutanum, þar sem hann ætlast til að öll Ed. verði kosin hlutfallskosningum um alt land. Eg er á móti þessu af þeirri ástæðu, að það mundi raska kjördæmaskiftingu landsins. Að vísu heyrði eg háttv. 1. þm. Rvk (L. H. B.) taka fram í áðan og neita þessu. Á landinu eru 8 tvímenningskjördæmi, og það vakir þá líklega fyrir nefndinni að gera þessi kjördæmi að einmenningskjördæmum. Það hygg eg að verði aldrei vinsælt. Eg er hræddur um, að þau kjördæmi mundu þá taka of lítinn þátt í landsmálum. Hitt væri

annað mál, að skifta þeim í tvo hluta. Reykjavík ætti t. d. að vera tvö kjördæmi. Sömuleiðis er eg hræddur um, eins og aðrir, sem hafa tekið til máls, að þetta fyrirkomulag mundi leiða til þess að að Reykvíkingar sætu hér um bil eingöngu í Ed. Í Reykjavík mundu listarnir verða búnir til, því að þar sitja miðstjórnir flokkanna, og þær mundu ráða því, hverjir yrðu efstir á listunum.

Þá kem eg að breytingartillögum nefndarinnar við 10 gr. Þar er meðal annars farið fram á að stytta kjörtímann um tvö ár. Meðan við höfum þing ekki nema annaðhvert ár, held eg að það sé vanráðið. Eg efast um að mjög margir þingmenn séu meir en svo búnir á tveim þingum að komast almennilega inn í málin, svo þeir geti notið sín fyllilega. Að vísu er það satt, að sumir gera það þegar á 1. ári og kemur þá strax reynsla fyrir, hvort þeir eru til nokkurs hæfir eða ekki, en svo er ekki um alla. Eg álít að það hefði verið miklu nær að ákveða þingsetuna 8 ár. Um kosningarréttinn er eg samdóma meiri hlutanum og hygg að hann hafi þar komist að mjög heppilegri niðurstöðu. Sama er að segja um kjörgengið.

Þá kem eg að 10 lið breytingatillagna nefndarinnar. Er eg henni bar ósamdóma og mun eg alls ekki greiða atkvæði með frumv., sem slíkt ákvæði stendur í. Það er sem sé um að skylda utan þjóðkirkjumann, sem eigi vill greiða fé til kirkjunnar, til að gjalda það háskólanum. Mér finst vera gengið svo á persónulegt frelsi manna með þessu ákvæði að þegar menn eigi vilja borga til eins, skuli þeir neyddir til að borga til annars. Það er eins og þetta eigi að vera refsing á mennina. En það er svo mikið misrétti í þessu ákvæði, að það með engu móti má standa í stjórnarlögum Íslendinga.

Út af kosningafyrirkomulaginu til Ed. skal eg geta eins, sem kom fram á fundi í Vestur-Ísafjarðarsýslu. Þar komust menn að þeirri niðurstöðu í þessu efni, að það mætti taka 8 af þeim elztu, sem kosnir hefðu verið til neðri deildar, og setja í efri deild, en hinir skyldu vera kosnir með hlutfallskosningu.

Get eg tekið undir með háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.), að eg get hvoruga tillöguna aðhyllst, hallast eg þó fremur að meiri en minni hlutanum. Býst eg við, að sumum þyki undarlegt, að eg greiði atkvæði með tillögum minni og meiri hlutans á víxl. Eg ákveð ekki að svo stöddu, hvort eg greiði atkvæði með þessu frumvarpi út úr deildinni, en eg mun greiða því atkvæði til 3. umræðu í von um að það batni eitthvað í meðferðinni.

**Jón Jónsson:** Eg ætla að eins að gera örstutta athugasemd. Eg get í allflestum atriðum fallist á skoðun meiri hluta nefndarinnar. Það er aðallega eitt atriði, sem eg er í vafa um; það er skipun efri deildar og kosningin til hennar. Mun eg greiða atkvæði með öllum tillögum meiri hlutans til 3. umræðu, en get ekki sagt, hvernig eg muni þá greiða atkvæði.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Þau tvö nefndarálit og breytingartillögur, sem liggja fyrir þingdeildinni í þessu máli, eru að því leyti ólík, að þau byggjast á gagnólíkri grundvallarskoðun. Eg skil vel skoðun minni hlutans, og þá því fremur skil eg skoðun meiri hlutans, sem eg tilheyri; en eg skil ekki þá menn, sem eru svo að segja með sinn fótinn í hvoru ístaðinu, annan hjá meiri hluta nefndarinnar og hinn hjá minni hlutanum. Sá maður, sem svo gerir, sýnir, að hann hefir ekki neina grundvallarreglu að fara eftir.

Það eru ekki mörg atriði, sem eg þarf að minnast á. Fyrst ætla eg að minnast á það, sem háttv. þm. Borgf. (Kr.

J.) sagði. Honum fanst óhæfilegt, að dómarar ættu ekki að vera kjörgengir eins og áður hefir verið. Kvað hann svo hafa verið frá alda öðli og nefndi sem dæmi lögsögumennina o. fl. En eg held að þetta þing eigi ósköp lítið skylt við þingið til forna, sem meðal annars var dómstóll — æðsti dómstóll landsins. Á því sátu engir þjóðkjörnir þingmenn, heldur vóru þeir allir sjálfkjörnir. Það getur því ekki verið að ræða um kosna dómara á þingi fyr en 1845; en þótt þeir hafi átt sæti þar síðan, þá er það engin sönnun þess, að það fyrirkomulag sé rétt eða holt fyrir þjóðina. Þær þjóðir, sem lengst eru á veg komnar, leyfa engum dómurum sínum að eiga sæti á þingi. Á Bretlandi eru það meira að segja óskrifuð lög, að hæstaréttardómarar skifti sér ekkert af stjórnmálum. Þetta ákvæði, að bægja dómurunum frá þingsetu, er einmitt til að gera stöðuna virðulegri. Menn verða auk þess að gæta að því, að landsyfirrétturinn er í mjög mörgum málum æðsti dómstóllinn, og í enn fleirum verður hann það sökum þess að menn hafa ekki efni á að skjóta málum sínum fyrir hæstarétt. Gangi þetta atriði fram, sem eg vona að verði, ætti að hækka laun dómaranna og þá jafnframt banna þeim að hafa önnur launuð störf á hendi, en dómaraembættið. Eg álít þetta atriði svo mikilsvert, að eg er ósamþykkur niðurlagsákvæðinu til bráðabirgða, að greinin skuli ekki taka til þeirra er nú skipa landsyfirréttinn.

Háttv. 1. þm. Eyf. (St. St.) sagði, að með þessu fyrirkomulagi á efri deild yrði kjördæmunum fækkað um 8. Þetta er misskilningur, því þótt fækki 8 þingmönnum, fækkar ekki nema 4 kjördæmum. Vil eg vekja athygli á því, að kjördæmaskiftingin er mjög óréttlát eins og hún er, og þyrfti að gerbreyta henni. Ímynda eg mér að það mætti fækka kjördæmunum nokkuð eðlilega með því að hækka önnur að fólksfjölda. T. d. mætti leggja Akureyri, Ísafjörð og Seyðisfjörð til þeirra kjördæma, sem þau hafa verið hluti af áður.

Háttv. sami þingm. fann það að fyrirkomulaginu á rýmkun kosningarréttarins, að hún tæki of langan tíma. Ojæja, er þá nokkuð í húfi þó það dragist? Mér fyrir mitt leyti finst það skaði ekkert, þótt kvenfólkið fái kosningarréttinn smámsaman. Biðin getur í lengsta lagi orðið $7^1/_2$ ár. Ef maður lítur til þess, hvað það tekur konur í öðrum löndum langan tíma að fá kosningarrétt, þá mega þær vera okkur þakklátar, og það því fremur, sem þær hafa ekkert gert til að öðlast þennan rétt. Eg hefi veitt því eftirtekt, að í dag, þegar verið er að ræða þetta áhugamál(?) kvenfólksins, þá er þetta fyrsti dagurinn á þinginu, sem ekkert pils sést hér. Þetta er þá sá mikli áhugi, sem þessi kynflokkur hefir á þessu málefni. Yfirleitt hefi eg ekki orðið var við hluttekningu kvenfólks í þingmálum, nema þegar hefir verið von á skömmum eða einhverju hneyksli, þá verður ekki þverfótað hér út úr þingsölunum fyrir pilsagangi.

Háttv. 1. þm. Eyf. (St. St.) sagði, að þessi bið hefði ákaflega mikið að þýða, fólkið gæti dáið hrönnum saman meðan það væri að bíða eftir að fá kosningarréttinn. En eg hygg, að það yrði ósköp lítil procenttala, sem dæi á þessum árum; enda er biðin ekki $7^1/_2$ ár nema fyrir þá, sem lengst bíða. Honum var líka illa við að vera að veita rosknum mönnum kosningarrétt. Vildi hann færa aldurstakmarkið niður, og hélt því fram, að allir væru fullþroska, er þeir væru orðnir 25 ára. En fyr í ræðu sinni um skipun efri deildar fanst honum það

vera trygging, að aldurstakmarkið væri 35 ár. Er þetta ósamkvæmni.

Háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ól.) var ákaflega óánægður yfir greininni um þá menn, sem ekki heyra til neinu trúarbragðafélagi, sem löghelgað er í landinu. Þar hefir meiri hlutinn lagt til, að bætist við nýr málsliður þannig:

»Nú er maður utan þjóðkirkjunnar, og geldur hann þá til háskóla Íslands eða einhvers styrktarsjóðs við þann skóla eftir því sem á verður kveðið, gjöld þau, er honum ella hefði borið að greiða til þjóðkirkjunnar, enda heyri hann ekki til öðrum trúarbragðaflokki, er viðurkendur sé í landinu«.

Minni hlutinn ber nákvæmlega jafnmikið skyn á þetta og háttv. þm. V.-Ísf. Nú sem stendur er það lög, að hver sem ekki heyrir til trúarbragðafélagi, sem viðurkent er í landinu, skuli greiða fé til þjóðkirkjunnar. Það hefir áður komið frumv. um að ráða bót á þessu ranglæti, en það var enginn vegur að koma því í gegn um þetta kirkjukæra þing. Held eg að það sé góð regla, af tvennu illu að velja ið skárra. Verða allir að játa, að það felst minna ranglæti í að láta menn greiða fé til háskólans en þjóðkirkjunnar, sem þeim ef til vill finst vera algerlega rangt að styrkja. Það er ið mesta óréttlæti, sem hægt er að hugsa sér.

Þá hefir mikið verið talað um skiptingu Alþingis í tvær deildir, sem reyndar væri réttara að kalla tvær málstofur eða tvö þing; því til þeirra á að verða kosið á gagnólíkum grundvelli. Hér er aðalþungamiðjan í frumvarpinu og aðalmismunurinn á skoðunum meiri og minni hlutans. Minni hlutinn hefir ekki haft áræði til að taka skrefið fult, því gerði hann það, ætti hann að stinga upp á einu óskiptu þingi. En sú tilhögun mun ekki reynast happasæl. Byggi eg það álit á þeirri skoðun, sem reynslan hefir staðfest að — svo að eg taki mér í munn opt notuð orð — þjóðin er næm fyrir að sveigjast eftir hverjum goluþyt. Þetta á sér stað hjá öllum þjóðum og er nokkuð eðlilegt, og ekki má síður búast við því eftir að kjósendatölunni er fjölgað. En þetta getur gert ið mesta tjón, því eitt þing, sem kosið hefir verið vegna skyndilegs þyts, sem hlaupið hefir yfir landið, getur gert svo mikinn skaða, að eigi sé hægt að bæta úr honum á mörgum næstu þingum — ef til vill seint eða aldrei. Þess vegna hafa flest öll þroskuðustu löndin tvö þing. Flest frjálsustu löndin í heiminum hafa langtum ríkara afturhald en hér er. Get eg tilnefnt Bretland. Þar eru efrimálsstofumenn flestallir íhaldsmenn og allur meiri hluti þeirra er fæddur til þingsetunnar. Í Canada er efri málsstofan að vísu ekki arfgeng, en menn eru kvaddir til að sitja í henni ævilangt. Ef við lítum til lands við Eyrarsund, sem oft er vitnað til, þá er þar nokkur hluti hluti efri málsstofunnunnar kosinn af konungi ævilangt, en hinn af efnuðustu mönnum landsins. Hér í þessu frumv. er eigi til meira ætlast, en að kjósendurnir séu menn með dálitið meiri lífsreynslu, en þorri kjósenda. Er örðugt að fá mælikvarða í því efni, því hæpið er að binda kosningarréttinn við efni, og að binda hann við stétt hefir líka sína ágalla. Það eina, sem hægt er að miða við í þessu efni, er aldurinn, því að með aldrinum kemur lífsreynslan. Að mína áliti væri réttast að tryggja *miklu meira íhald* í Ed., en hér er fram á farið; en láta hana aftur að eins hafa frestandi neitunarvald um tiltekið árabil.

Eitt skilyrðið fyrir aðhaldi í efri deild er, að til hennar kjósi eldri kjósendur. Annað er, að þingmenn hennar séu kosnir með hlutfallskosningum um land alt.

Með því að tryggja íhaldssemi í Ed., er því varnað, að Nd. hlaupi á sig eftir augnabliks goluþyt án nægrar umhugsunar. — Menn hafa það á móti, að þá geti hún líka stundum kæft nýtileg framfaramál. En ef þær hreyfingar, sem bera þau fram, eiga sér nokkra fasta rót íþjóðinni, þá munu þær lifa meira en eitt ár, en lifi þær ekki í 4 ár, þá eiga þær lítinn eða engan rétt á sér. Mér blandast ekki hugur um, hvort betra muni, að rasa fyrir ráð fram sakir of lítillar íhaldssemi í þinginu, eða hitt, að láta framkvæmdir góðs máls bíða um *fárra* ára bil. Mér finst ekki geta leikið neinn vafi á, að betra muni að draga málið, en hlaupa svo á sig, að ilt eða ef til vill ómögulegt sé að lagfæra það aftur.

Eg álít þetta atriði, þetta fyrirkomulag efri deildar, svo mikils vert, að verði það felt hér, þá greiði eg hiklaust atkvæði á *móti* öllu frumvarpinu.

Það var víst háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) sem kom með þá tillögu, að kjósa alla óbundnum kosningum, en láta svo 6 þá elztu fara til efri deildar, en kjósa hina 8 úr sameinuðu þingi! Kjósendur hans fyrir vestan hafa fundið upp þetta nýja þjóðráð! En eg er hræddur um, að þeir hafi hér ekki fundið upp púðrið. Þeir hafa ekki skilið, að íhaldstryggingin felst í aldri kjósenda en ekki þeirra kosnu. Ef *sami* meiri hlutinn kýs *alla* þingm., þá er engin trygging fyrir að þeir *elztu* geti ekki verið eins lélegir eða lakari en þeir yngstu. Það er ólíkt meiri trygging í jafnvel kornungum manni kosnum af íhaldssömum kjósendum, heldur en í afgömlum manni kosnum af ráðlausum ungum mönnum.

Það er ein mótbáran, sem alt af klingir í eyrum manna nú, að með því að samþykkja að kjósa alla efri deild með hlutfallskosningum, mundi efri deild verða samansett af tómum Reykjavíkur þingmönnum.

Þetta er í mesta máta undarleg mótbára. Lítið þið í kringum ykkur hér í deildinni; hér sitja nú **10** þingm. úr Reykjavík (af 26 alls í deildinni)! Eg get ekki séð neina sennilega ástæðu til að halda, að þeir yrðu hlutfallslega svo margir, því síður fleiri, ef kosnir eru með hlutfallskosningum um land alt. Tryggingin fyrir, að hæfir menn komist á þing, er einmitt miklu *minni* í smákjördæmunum. Þar komast miklu fremur að persónuleg áhrif og hreppapólitik, Tryggingin er meiri fyrir að fá hæfa menn, ef landið alt er eitt kjördæmi og kosið er með hlutfallskosningum. En *ef* fleiri hæfir menn eru tiltölulega í Reykjavík, heldur en annarstaðar á landinu, þá get eg ekki séð, hvað mælir á móti því að kjósa þá til Ed. Hin deildin á að gæta hagsmuna einstakra kjördæma.

Loks má minna á það, að af þeim Reykvíkingum, sem á þingi sitja í báðum deildum, er *ekki einn einasti* fæddur eða uppalinn í Reykjavík. Og flestir eða allir munu þeir nákunnugir í þeim kjördæmum, sem hafa kosið þá, og um þau mun þeim annast. Reykvíkingar eru þeir nefndir af því að þeir hafa átt hér heima fleiri eða færri ár, en eru flestir bænda-synir, og allir fæddir og upp aldir til sveita. En Reykjavíkurmönnum mundi nú að líkindum einmitt fækka, en ekki fjölga, á þingi, ef kosið væri með hlutfallskosningum. Fjölgun þeirra er ekki annað en grýla, sem búin er til, til þess að hræða kjósendur.

Það er eitt, sem eg mundi vel geta felt mig við, að það væri gert að skilyrði fyrir kosningu til efri deildar, að hafa setið á þingi áður sem þjóðkjörinn þingmaður. Þá væri miklu fremur trygt, að ekki kæmust að nema reyndir

og nýtir þingmenn. Eg væri til dæmis alveg viss um, að þá mundi Sigurður Stefánsson, Guðjón Guðlaugsson, Pétur Jónsson og fleiri mætir menn, sem nú sitja hér á þingi, vera taldir alveg sjálfsagðir að vera kosnir til efri deildar. En hitt væri lítill skaði, þótt örfáir þingmenn, sem hér hafa setið að eins öðrum til athlægis og sjálfum sér og landinu inu til vanvirðu, en einskis gagns, ættu lítið erindi til að bjóða sig fram við hlutfallskosningar um land alt.

**Sigurður Sigurðsson:** Það verða sennilega flestir sammála um það, að æskilegt væri, að koma fram stjórnarskrárbreytingu, sem væri til verulegra bóta og allir gætu orðið sammála um. En eftir því, sem fram er komið við umræðurnar hér í dag, þá sýnast líkindin til þess ekki mikil, sízt að allir verði sammála. Eg skal játa fyrir mitt leyti, að eg er ekki að öllu leyti ánægður með tillögur, hvorki meiri eða minni hlutans. Þó er eg af þessu öllu saman óánægðastur með skipun efri deildar eins og hún á að vera samkvæmt tillögum meiri hlutans.

Það hefir verið tekið fram af síðasta ræðumanni og fleirum, að þetta, hvernig deildin sé skipuð eða hvernig kjósa eigi til hennar, eigi að miða að því að skapa æskilega íhaldsstefnu í þinginu.

Eg er á sama máli og meiri hlutinn um að hæfilegt íhald væri æskilegt í efri deild, en mér er ekki skiljanlegt, að þetta geti á nokkurn hátt stuðlað að því, að þetta íhald skapist eða að það komi yfir höfuð nokkuð að gagni, að efri deild sé kosin með svofeldu móti. En það virðist vera orðið svo rótgróið í huga háttv. þingmanna sumra að þetta sé leiðin, að það er beinlínis orðið þeim trúaratriði. En eg verð að segja, að þetta er kenning, sem ekki hittir markið, og sem ekki byggist á neinni staðreynd.

Ef kosningum væri hagað eftir því sem háttv. meiri hluti leggur til, þá eru eins miklar líkur til að ungir, óþroskaðir angurgapar næðu kosningu, eins og gamlir í haldssamir menn. Að öllum líkindum yrðu kosnir menn af báðum þessum gegnólíku stefnum; en hvorir yrðu fleiri í deildinni, það myndi velta á ýmsu, og vera að eins undir hepninni og dugnaði þessara manna komið. Auk þess mundi megnið af þeim, sem í deildinni ættu sæti, vera Reykvíkingar, sumt gamlir og lítt nýtir uppgjafa embættismenn, en líka ungir, framgjarnir menn, sem þættust vera færir í flestan sjó, en samt lítt þarfir þjóðinni í mörgu.

Háttv. 1. þingm. S.-Múl. (J. Ól.) benti á, að nú ættu 10 Reykvíkingar sæti hér í deildinni. Þetta er rétt; en Reykvíkingar mundu verða kosnir eftir sem áður í ýmsum kjördæmum, og stuðlar þetta alt að fjölgun Reykvíkinga á þingi. Breytingin yrði þá einkum sú, að þeir Reykvíkingar, sem byðu sig fram og kæmust ekki að við óhlutbundnu kosningarnar, yrðu settir á listann við hlutbundnu kosningarnar og kosnir við þær. Með öðrum orðum, þeir óálitlegustu kæmust að, úrkastinu yrði dembt upp í efri deild.

Eg get sem sagt ekki séð, að sennilegt sé að æskilegt íhald myndist, þótt kosningunni til efri deildar yrði hagað á þennan hátt, sem lagt er til í tillögum meiri hlutans. Hins vegar tel eg vel fara á því, að skipun efri deildar væri þann veg fyrir komið, að þar kæmi fram festa og skynsamlegt íhald í löggjafarstarfinu.

Það var víst háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ól.), sem gat þess, að kjósendur sínir fyrir vestan hefðu viljað hafa 6 menn kosna hlutfallskosningum til Ed. og síðan velja 8 þá elztu úr sameinuðu þingi. Ekki get eg heldur felt mig við það. Miklu betra fyndist mér að láta t. d.

kjósa 6 menn hlutfallskosningu; síðan láta þá fjóra eiga sæti í Ed., er lengst hefðu átt sæti á Alþingi og loks kjósa þá 4, sem þá voru eftir, úr sameinuðu þingi. Með þessu fyrirkomulagi væri miklu líklegra að skaplegt íhald hjá Ed. myndaðist, heldur en ef að tillögur meiri hlutans yrðu samþyktar.

Eg vil líka benda á, að ef samþykt yrði hér að kjósa alla Ed. hlutbundnum kosningum, þá myndi það vekja megna óánægju um alt land. Almenningur mundi ekki vera neitt þakklátur þinginu fyrir að leggja 40 þús. kr. skatt á þjóðina með aukaþingshaldi, ef slík stjórnarskrár ómynd yrði samþykt.

Eg skal ekki fjölyrða um einstök atriði í frumvarpinu. En þess vil eg geta, að eg er á móti því, eins og fyr, að veita konum kosningarrétt. Eg álít að ekkert kalli að með það og að því síður sé ástæða til þess, sem áhugi kvenna fyrir að fá þennan rétt virðist ekki vera ýkja mikill. Þó get eg eftir atvikum felt mig við tillögur meiri hluta nefndarinnar, að því er snertir fyrirkomulagið á útfærslu kosningarréttarins.

Þá er eg ósamdóma breyt.till. við 20. gr. frv., þar sem ákveðið er, að maður, sem sé utan þjóðkirkjunnar skuli gjalda til styrktarsjóðs háskólans. Eg álít að ekki sé nein réttarbót í þessu fólgin. Ef vel hefði verið athugað málið, þá var auðsjáanlegt að nær lá að láta greiða gjaldið til einhverrar guðsþakkastofnunar t. d. til Heilsuhælisins. Það mundi betur samrýmast tilfinningum manna, *ef* annars er um það að ræða að lögleiða slíkt gjald, að því er þá menn snertir, sem ekki eru í neinu kirkjufélagi.

---

Útbýtt var á fundinum:

1. Breytingartillögum við breytingartillögur á þgskj. 463. Frá meiri hl. stjórnarskrárnefndarinnar (504).
2. Breytingartillögu við breytingartillögur meiri hluta nefndarinnar í í stjórnarskrármálinu. Frá minni bluta nefndarinnar (507).

Þessar tillögur voru of seint fram komnar, en voru leyfðar af ráðherra og deild.

Eftir all-langar umræður var frumvarpið tekið út af dagskrá.

Útbýtt var á fundinum, auk þess sem áður var getið:

I. Nd.-skjölum:
   1. Frv. til laga um friðun æðarfugla. Eftir 2. umr. í Nd. (499).
   2. Breytingartillögu við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915 (502).
   3. Frv. til laga um að landsjóður leggi Landsbankanum til 100 þús. krónur á ári i 20 ár. Eftir 2. umr. i Nd. (496).

II. Frá Ed.
   1. Breytingartillögu við frumv. til laga um breyting á lögum um vörutoll 22. Okt. 1912. Frá nefndinni (497).
   2. Breytingartillögu við sama frá Hákoni Kristóferssyni (501).
   3. Breytingartillögu við frumv. til laga um forðagæzlu. Frá Sig. Eggerz (500).
   4. Frv. til viðaukalaga við lög nr. 24, 9. Júlí 1909, um samþyktir um kornforðabúr til skepnufóðurs. Eftir 3. umr. Nd. (498).

Forseti brýndi fyrir mönnum að skila breytingartillögum við fjárlagafrumvarpið fyrir kl. 5 síðd. næsta dag.

Fundi slitið.

## 41. fundur.

Föstudag 22. Ágúst 1913, kl. 12 á hád.

Dagskrá:

1. Frv. til stjórnskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um in sérstaklegu málefni Íslands 5. Jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. Okt. 1903 (36. n. 463, 504, 507); framh. 2. umr.
2. Frv til laga um að landssjóður leggi Landsbankanum til 100 þús. krónur á ári í næstu 20 ár (496); 3. umr.
3. Frv. til laga um friðun æðarfugla (499); 3. umr.
4. Frv. til laga um sauðfjárbaðanir (441); 1. umr.

---

Allir á fundi.

Fundargerð síðasta fundar samþykt og undirskrifuð.

Forseti skýrði frá, að með bréfi dags. 21. Ágúst hefði forseti Ed. endursent sér:

1. Frv. til laga um breyting á lögum um vörutoll, 22. Okt. 1912 (512).
2. Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1912 og 1913 (510).
3. Frv. til laga um umboð þjóðjarða (511),

ásamt tilmælum um, að þau yrðu lögð fyrir Nd. að nýju.

Ennfremur skýrði forseti frá, að borist hefði frá Ed.:

Frv. til laga um forðagæslu (514), með tilmælum um að það yrði lagt fyrir Nd.

Útbýtt var í deildinni:

1. Frv. til laga um umboð þjóðjarða. Eftir 3. umr. í Ed. (511).
2. Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1912 og 1913. Eftir 3. umr. í Ed. (510).
3. Frv. til laga um forðagæzlu. Eftir 3. umr. í Ed. (514).
4. Breytinga og viðauka-tillögum við frv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915 á þingskjölunum 506 og 508.
5. Frv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915. Eftir 2. umr. í Nd. (503)

og hafði inu síðasttalda verið útbýtt áður (í gærkvöldi).

Útbýtt var frá Ed.:

Nefndaráliti um frumvarp til laga um gjafasjóð Jóns Sigurðssonar handa fátækum í Eyjafirði.

Þá var gengið til dagskrár og tekið fyrir:

FRUMVARP til stjórnarskipunarlaga o. s. frv. (36, n. 463, 504, 507); framh. 2. umr.

**Framsögum. minni hl. (Bjarni Jónsson:** Eg þarf að gera fáeinar athugasemdir út af orðum háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.), þeim er hann mælti til mín í gær undir fundarlok.

Hann sagði, að eg væri ekki sjálfum mér samþykkur, er eg færi ekki fram á það, að þingið væri haft óskift. En svo er í rauninni og er ætlast til, að Ed. sé nokkurs konar nefnd líkt og í Noregi. Í þingsköpunum á síðan að ákveða, hversu þessu sé nánara fyrirkomið, en ekki í stjórnarskránni. Er þar með girt fyrir töf málanna og tryggður betri undirbúningur, en að öðru er mér sama um, hvort menn sofa hér í þrjár umræður eða fjórar.

Sama háttv. þm. þótti nauðsynlegt að láta kvenfólkið bíða í $7^1/_2$ ár eftir kosningarrétti, en svo reiknaði hann nú að þessi 15 ára tími væri. En eg reikna svo, að 15 sé jafnan 15. Háttv. þingm, óttast byltingar af hálfu kvenfólksins, nema því að eins að konur fái réttinn smám saman. En óttast háttv. þm. þá ekki byltingar af höndum þeirra sem bíða verða? Eg skil ekki þessa röksemdaleiðslu. Háttv. þm. undraði það,

eins og hann sagði, að meðan umræður væru um þetta mál, sæist ekkert pils á áheyrendabekkjum, og þóttu honum því konur ekki eiga réttinn skilið, er þær sýndu slíkt áhugaleysi. Ýmist óttast háttv. þm. svo áhuga kvenna, eða hann bregður þeim um áhugaleysi. Hér rekur sig hvað á annars horn. Sér nú ekki háttv. þm. sjálfur, að röksemdir hans stangast eins og hrútar? Hann gerði lítið úr því, sem háttv. 1. þingm. Eyf. (St. St.) sagði, að margur gæti dáið, eins og allir skilja, á þessum tíma áður hann fengi rétt sinn, og ekki væri þeim bættur skaðinn, sem dauður er. Menn skilja ef til vill ekki, að menn deyi ánægðari, ef fengið hafa rétt þann sem þeir eiga kröfu til, en eg skil það vel.

Þá veik sami háttv. þm. að br.till. við 20. gr. um, að láta kirkjugjöld utanþjóðkirkjumanna falla til háskólans. Sagði hann, að ekki væri til neins að halda þessu fram, af því að það féll 1911. Eg veit ekki, hvernig hægt er að koma nokkurri tillögu fram, er inir langsterkustu fylgismenn snúast í móti. Háttv. þm. var með þessari tillögu 1911 og er með henni enn. Hér þarf ekki að spyrja Dani. Fylgi því háttv. þm. þeirri skoðun, sem hann fylgir í hjarta sínu, þótt sannfærður sé um það, að rangur málstaður vinni.

Eg vil benda á það, að yfirleitt hníga mínar tillögur að því, að fella tillögur meiri hl., þær sem koma í bág við frv. En varatillögur hefi eg komið með, þar á meðal um það, að hlutbundnum kosningum verði kosið í þeirra 6 konungkjörnu manna stað, sem nú eru. Á þá tillögu er langbezt að fallast, því að það gengur aldrei fram, að fækkað verði kjördæmum, svo sem meiri hlutinn vill. Það vilja kjósendur jafnt því sem sig að drepa. Eg hefi aldrei heyrt ákveðnari mótstöðu en gegn þessu. Menn bera það betur, að þau sæti, sem ráðherra hefir áður skipað menn í, verði skipuð á þessa leið; eru þá kjósendur engu sviftir og Ed. ekki meiri grautur en áður. Svo að háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) þarf ekki að segja, að þetta brjóti nokkura grundvallarreglu, þar sem engin grundvallarregla hefir í þessu verið. Hinar breytingarnar eru afleiðingar þessarar allflestar; hefi eg farið sem næst meiri hl. til þess að gera sem minst rask og sýna samvinnufúsleik minn.

Gleymst hefir mér að geta einnar br.-till. frá mér um það, að á eftir »landritari« komi: »eða skrifstofustjóri á 1. skrifstofu«. Ef svo kynni að fara, að landritarastarfið verði lagt niður, verður að hafa ákvæði um það, hver forustuna skuli hafa í stað ráðherra.

Eg hefi sagt það í nefndarálitinu, að ilt væri að svifta dómara kjörgengi, en það er *malum necessarium*. Í mínu kjördæmi var það vilji manna, að svifta líka kjörgengi þá dómara, sem fara með umboðsstörfin, og jafnvel bankastjóra. Hvorugt hefi eg þó sett í frumv. né br.-till. mínar, φιλον μοι θεδαίεται ήτορ, er því mitt kæra hjarta tviskift. Það rýrir traust dómaranna hjá almenningi, að þeir taki þátt í deilum manna um landsmál, sérstaklega meðan vér eigum baráttu við aðra þjóð. Þar er baráttan sárari og hvassari en í innanlandsmálum. Mér þótti í aðra röndina leitt að leggja til að svifta nokkurn mann kjörgengi. Hitt tel eg sanngjarnt, að þeir sem fengið hafa dómaraembætti án þess að þetta skilyrði væri þeim sett, fái að halda rétti sínum áfram. Minni ástæðu tel eg vera, að gera undanþágu um búsetuna, ekki af því, að eg vilji amast við þeim þingmanni, sem nú á hér þingsetu og búsettur er utanlands, heldur vegna þess, að þetta ákvæði er sjálfsagt. Ef þessi maður og aðrir, sem utanlands eiga heima, þykjast svo mikið hafa að vinna fyrir fósturjörðina, að hún

megi ekki missa þeirra, þá flytji þeir hingað; það er þeim ekki meinað. Það geta orðið aðrir en þingm. Sfkj., sem hér fái þingsetu áður fram gangi þetta mál, t. d. Knud Berlin. *(Jón Ólafsson:* Hann hefir ekki kosningarétt). Það hefir þm. Sfjk. (V. G.) ekki heldur. *(Jón Ólafsson:* Berlin kann ekki íslenzku). Mér sýnast þeir þó skilja hvor annan í »Reykjavík«, hann og háttv. 1. þingm. S.-Múl., sem annars er miklu geðbetri í dag en í gær, þegar eg tók fram í fyrir honum. *(Jón Ólafsson:* Eg er dauður). Verður ódauðlegur eftir er hann hefir fengið 3 þús. kr. verðlaun fyrir það, er hann orti Íslendingabrag, sem hann vildi nú aldrei kveðið hafa.

**Eggert Pálsson:** Eg kann betur við að segja nokkur orð til þess að sýna afstöðu mína gagnvart frumv.

Eg áleit í þingbyrjun, að bezt væri að hreyfa engum stjórnarskrárbreytingum á þessu þingi, og sömu skoðunar voru einnig margir málsmetandi menn í mínu kjördæmi. Nú sé eg, að nefndin hefir leyst þann hnút, sem mér og öðrum hafði ekki til hugar komið, að yrði leystur að sinni; eg á við ríkisráðsákvæðið. Eg lít svo á, að ef haldið hefði verið óbreyttum grundvelli frumv. 1911, að því er þetta atriði snertir, hefði verið stofnað til deilu við konungsvaldið, sem hefði getað komið til að hafa óheillavænlegar afleiðingar, og þótti því betra að láta frumv. hvíla sig, en leggja út í svo viðsjárverða baráttu. En nú er vegur fundinn, sem eg ætla að sé framkvæmanlegur, og skil ekki annað, en konungur geti felt sig við. Þar sem nú ráðið er fram úr þessu vandkvæði, get eg greitt atkvæði með frumv. og óskað því framgangs á þinginu.

Svo að eg snúi mér að inum einstöku br.till., þá hallast eg yfirleitt að flestum br.till. meirí hlutans. Raunar eru stöku br.till., sem eg get ekki felt mig við; en svo er oftast, að einn einstakur maður verður að rýma dálítið vegna skoðana annara, ef fylgjast vilja að til að hrinda einu máli áfram. Það liggur í augum uppi, að stjórnarskrárbreyting, sem allir verða ánægðir með í hverju einstöku atriði, verður aldrei samþykt.

Um ráðherrafjölgun skal eg taka það fram, að eg felli mig vel við það, að heimilað sé að fjölga þeim með einföldum lögum; alt af getur komið fyrir að fjölga þurfi ráðherrum, en óheppilegt að til þess þurfi stjórnarskrárbreyting.

Sömuleiðis get eg felt mig við tillögur meiri hl. um kosningarrétt kvenna. Eg er kvenréttindamaður, en hygg þó, að una megi við, að konur fái kosningarréttinn smám saman, því að þótt þær fái ekki réttinn að fullu til jafns við karlmenn fyr en eftir 15 ár, þá er biðin fyrir konuna, sem lengst verður að bíða kosningarréttar síns, samt sem áður ekki lengri en $7^1/_2$ ár, sem ekki getur talist svo tilfinnanlega löng bið og það því síður, sem sama lögmál er látið ná til þeirra karlmanna svo sem vinnumanna, er enn þá ekki hafa fengið kosningarréttinn.

Að því er snertir viðbótina við 20. gr., þá get eg fyrir mitt leyti felt mig við hana. Það voru sérstaklega þeir háttv. þm. Dal. (B. J.) og þm. V.-Ísf. (M. Ól.), sem mæltu mikið á móti því, að þeir menn, sem utan þjóðkirkjunnar stæðu, en til heyrðu þó ekki neinum viðurkendum trúarbragðaflokki, skyldu gjalda tilsvarandi gjald þjóðkirkjugjaldi, til Háskólasjóðs eða einhvers styrktarsjóðs. Það skiftir auðvitað ekki miklu máli, hvert þetta gjald á að renna, en ákvæðið er sjálfsagt og má ekki öðruvís vera. Tilheyri menn einhverjum sérstökum trúarbragðaflokki, þá rennur gjaldið að sjálfsögðu þangað. En telji menn sig ekki til neins trúarbragða-

flokks, þá mega menn þó ekki með neinu móti sleppa gjaldfritt. Það yrði ekki annað en nokkurs konar verðlaun fyrir það, að vera ekki í neinum trúarbragðaflokki. En það álít eg illa viðunandi fyrir þingið, að veita slík verðlaun á meðan við höfum nokkura þjóðkirkju. Þeir sem hafa horn i síðu þjóðkirkjunnar, eiga að koma hreinlega fram, og vinna að skilnaði ríkis og kirkju með ærlegu móti, en ekki stuðla að því, að gera sambandið, meðan það er, svo, að bæði meðlimir þjóðkirkjunnar og aðrir verði þreyttir á því Afleiðingarnar af till. háttv. þm. Dal. (B. J.), ef samþyktar væru, yðru sem sagt þær, að mönnum væri gefið undir fótinn með það, að vera ekki í neinum trúarbragðaflokki. En þær yrðu líka enn viðtækari, því að meðan riki og kirkja er í sambandi hvort við annað, ber landinu að sjá um presta þjóðkirkjunnar og launa þeim. En eigi menn að sleppa við ákveðin gjöld, þá vex líka að sama skapi útgjaldabyrði landssjóðs til þjóðkirkjunnar, því að hann þarf engu að síður að launa prestana þótt persónulega gjaldið til prestlaunasjóðsins lækki eða hverfi. Eg hygg því, að betur sé farið, að vinna að sæmilegum aðskilnaði ríkis og kirkju, en að vera að sýna svona lagaða áreitni í garð þjóðkirkjunnar, sem tillaga hv. þm. V.-Ísf. og hv. þm. Dal. ber vott um. Eg hefi alls ekkert á móti aðskilnaði og hefi aldrei haft, heldur álít jafnvel, að kirkjunni mundi betur borgið þá, en við það ástand, sem við nú búum við í kirkjulegum efnum.

Þá skal eg lítið eitt drepa á eitt ákvæði háttv. meiri hluta, sem eg get ekki felt mig alls kostar við. Það er skipun efri deildar — að þm. til hennar séu allir kosnir hlutbundnum kosningum land alt. Eg sé mikla agnúa á því fyrirkomulagi, og mér dylst ekki, að það mun skapa mikla óánægju, ef breyta þarf til muna kjördæmaskipuninni, að fækka þeim þingm., sem kosnir eru í sérstökum kjördæmum, sem óhjákvæmilegt mundi verða með því fyrirkomulagi. Hins vegar kann eg heldur ekki við br.till. háttv. minni hluta, að sex þingm. skyldu kosnir hlutbundnum kosningum um land alt, en hinir kosnir af sameinuðu þingi. Mér finst þetta satt að segja nokkurs konar grautargerð. En þótt eg sé fremur mótfallinn þessu fyrirkomulagi, sem hv. meiri hluti leggur til, þá get eg samt greitt því atkv. við þessa umræðu í von um, að betri leið kunni að finnast við 3ju umræðu. T. d. gæti eg hugsað, að það yrði vinsælla að landinu yrði við hlutfallskosningar skift í fleiri en eitt kjördæmi t. d. eftir fjórðungum. Þetta er ekki nema bending, sem eg skýt fram, í þeirri von að nefndin taki hana til íhugunar og aðgæti, hvort þessi leið gæti ekki verið fult eins heppileg og sú, sem meiri hluti hennar hefir stungið upp á.

Hvað br.till. um kjörgengi dómara, sem ekki hafa umboðsstörf á hendi, snertir, þá felst eg á hana, ekki vegna þess, að eg álíti ekki yfirdómarana jafn hæfa til þingmensku og aðra — þeir hafa ef til vill, stöðu sinnar vegna, enn þá meiri skilyrði til þess en aðrir — en eg álít, að það sé rétt ágizkun hjá háttv. nefnd, að afleiðingin af þessu ákvæði yrði sú, að yfirdómurinn mundi hafa mikið meira traust almennings, ef dómararnir ættu ekki sæti á þingi, að minsta kosti eins og flokkum í landinu er nú skift.

**Valtýr Guðmundsson:** Eg skal játa það, að frumv. þetta hefir, í höndum nefndarinnar, tekið talsverðum breytingum til bóta frá því sem það var, þegar það var fyrst borið fram. Þó held eg, að ástæða sé til að athuga

sumt dálítið betur, áður en það er samþykt. Skal eg þá leyfa mér að athuga inar einstöku greinar.

1. gr. ins upprunalega frumv. hafði felt burtu ákvæðið um, að mál skyldu borin upp fyrir konungi í ríkisráðinu. Nefndin hefir í þessu efni tekið upp aðra leið, til þess að komast í kringum þetta atriði, sem þó er ekki ný, því að háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) hefir fyrir löngu stungið upp á henni í blaði sínu. Þetta ríkisráðsákvæði er orðið mesta vandræðamál hjá okkur Íslendingum. Þingið og þjóðin hefir sýnt svo mikið festuleysi og hringlandaháttt í því, að menn mundu nú þakka fyrir, ef farin hefði verið sú leið, sem Valtýzkan stakk upp á, að halda spursmálinu opnu — láta óákveðið um það atriði í stjórnarskránni. En þingið samþykti 1903, að setja þetta ákvæði inn í hana, 1911 tóku menn það út aftur og nú eru menn í vandræðum með, hvernig komist verði í kringum það. Eg er nú hálf-hræddur um, að þessi leið, sem háttv. nefnd vill fara, verði ekki örugg. Eg býst við, að það mæti líkri mótstöðu og hitt — að nema ríkisráðsákvæðið alveg burt. — Ræð eg þetta af því, að þessi tillaga háttv. þm. N.-Ísf. var rædd í dönskum blöðum, stax og hann hafði sett hana fram í blaði sínu. Dönum þótti hún ekki aðgengileg. Það er heldur ekki eðlilegt frá þeirra sjónarmiði. Konungur gæti auðvitað ekki ákveðið, hvar málin skyldu borin upp, nema á ábyrgð og undirskrift ráðherra Íslands, en þingið mundi banna honum að skrifa undir það, að málin skyldu borin upp í ríkisráði. Ef það gerði það ekki, þá væri þetta ekki annað en »Komediuspil«, sem þingið væri að leika að gamni sínu. Eg er því hræddur um, að þetta ákvæði mæti að öllum líkindum sömu mótspyrnunni og ákvæði stjórnarskrárbreytingarinnar, sem samþykt var 1911.

Hvað snertir br.till. nefndarinnar um það, að tölu ráðherra megi fjölga með einföldum lögum, þá skal eg geta þess, að eg felli mig mikið betur við tillögu háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) í því efni, sem sé það, að konungur geti með tilskipun ákveðið tölu ráðherra. Svona er því komið fyrir í grundvallarlögum Dana og flestra annara þjóða. Þá er líka hægra um vik, hvort sem menn vilja fjölga þeim eða fækka. Reynslan getur sýnt það — ekki síður en hitt — að ástæða sé til að fækka ráðherrum og þá er hægurinn hjá, ef hægt er að gera það með konunglegri tilskipun. Það er algengt í flestum löndum, að tala ráðherra er mjög misjöfn — stundum eru þeir fleiri, stundum færri — t. d. í Danmörku er tala þeirra stundum 9, en stundum ekki nema 7.

Viðvíkjandi 5. gr. frumv., sem er breyting á 4. gr. stjórnarskrárinnar, þá þykir mér undarlegt að ákvæðið »engan má skipa í embætti, nema hann hafi rétt innborinna manna, tali og skrifi íslenzka tungu — —« á að falla burtu. Hvernig stendur á því, að menn vilja nú að skipa megi þá sem ekki hafa fæðingjarétt og ekki tali íslenzku. Er það til að hleypa dönskum mönnum eða öðrum útlendingum í embætti landsins? Mér þætti gott að heyra skýringar hv. nefndar á því, hvers vegna þetta er felt burtu, og eins hvers vegna afnema á úr sömu grein ákvæðið um það, að konungur megi flytja menn úr einu embætti í annað (án þess þó þeir missi nokkurs í af launum sínum). Hvers vegna er þessi heimild tekin af konungi?

Þá kem eg að 6. gr., sem á við 8. gr. í núgildandi stjórnarskrá. Í 8. gr. er sagt, að konungur geti rofið Alþingi. Þessu vill nefndin breyta og leggur það til, að sett verði, að konungur geti rofið neðri deild Alþingis. En þegar þetta

er borið saman við 23. gr. frumv., þá stendur þar, án þess að nokkur brtill. sé við það gerð, að konungur geti rofið Alþingi. Þetta er dálítið í mótsögn hvað við annað. Eða er það meiningin, að báðar deildir skuli að eins rofnar, ef stjórnarskrárbreyting verði samþykt, en að öðrum kosti ekki? Þetta væri gott að fá skýringu um frá háttv. nefnd.

Þá er það eitt atriði, sem hingað til hefir verið misskilið og misbeitt, og vildi eg skjóta því til háttv. deildar, hvort ekki væri rétt að lagfæra það. Það stendur í brtill., að þegar þing er rofið, skuli *stofnað* til kosninga áður en 2 mánuðir séu liðnir. Þetta hefir verið skilið svo í framkvæmdinni, að nægilegt sé að ráðstafanir séu gerðar til kosninga innan tveggja mánaða, þó að kosningar fari ekki fram fyr en mörgum mánuðum seinna. Beri maður þetta saman við 23. gr. frumv. eða 61. gr. stjórnarskrárinnar, þá stendur þar: »skal Alþingi rofið *þá þegar* og efnt til nýrra kosninga«. Er »þá *þegar*« sama og margir mánuðir? Það er auðvitað ið eina rétta, að láta kosningar fram fara 2 mánuðum eftir að þingið er rofið. Og það er líka meining stjórnarskrárinnar. Þess vegna virðist mér að ætti að orða þetta atriði svo í þessu frumv., að allur misskilningur eða misbeiting, eins og átt hefir sér stað að undanförnu, verði útilokuð.

Líka finst mér það athugavert, að þar sem stendur í frumv., að aukaþing skuli haldið innan árs frá þingrofi, en í till. nefndarinnar, að það skuli ekki haldið síðar en næsta ár. Þetta þykir mér of langur frestur. Aukaþingið á auðvitað að koma sem fyrst saman eftir að kosningar eru um garð gengnar. *(Sigurður Sigurðsson:* Við erum ekki staddir í Danmörku). Nei! en þetta er »parlamentariskt princip«, sem gildir ekki síður fyrir Ísland en önnur lönd. En ákvæðið í gildandi stjórnarskrá setur frestinn svona langan, heilt ár, vegna þess, að áðnr var stjórnin búsett í Kaupmannahöfn og samgöngur landa í milli mjög strjálar. Nú eru þær ástæður ekki lengur fyrir hendi og því er óþarfi að setja svona langan frest.

9. gr. er breytt þannig, að Ed. skuli kosin með hlutbundnum kosningum um landið alt, sem eitt kjordæmi. Eg get fallist á þessa tillögu, þvað það »princip« snertir, að Ed. sé skipuð annan veg en Nd. Eg álít nauðsynlegt, að Ed. sé kosin á annan hátt en Nd. og ekki af sameinuðu þingi. En eg gæti hugsað mér heppilegri leið í þessu efni, en að kjósa hlutbundnum kosningum um alt land. Eins og nú er ástatt, þar sem flokkarnir eru 4, þá held eg að erfitt væri að koma við hlutfallskosningum. Líka óttast eg það, að kaupstaðirnir komi til með að hafa mikið meiri áhrif á, hverjir kanídatar verða tilnefndir. Bæði hafa þeir blöðin, og ef til vill einnig völ á þinghæfari mönnum. Það er því hætt við, að fulltrúarnir úr kaupstöðum verði miklu fleiri. Eg held því að heppilegra væri, eins og háttv. 2. þm. Rangv. (E P.) benti á, að hafa kjördæmin fleiri. T. d. að skifta landinu í 4 kjördæmi með mismunandi fulltrúatölu eftir mannfjölda. Hlutfallskosning félli þá auðvitað burt. Réttast væri þá að láta ina almennu kjósendur velja kjörmenn, sem svo í sambandi við bæjarstjórnir og sýslunefndir kysu þingmenn til Ed. Þessu skýt eg að eins fram til athugunar. Í hinu er eg nefndinni alveg samdóma, að efri deild verður að byggja á öðrum grundvelli en neðri deild, ef skifting þingsins í deildir á að eiga sér stað. Hún verður að vera nokkurs konar stjóri eða íhaldsakkeri til þess að hindra það, að alt of

miklar byltingar geti átt sér stað á einu augnabliki og oftast nær lítt hugsað.

Nefndin fer fram á, að helmingur efrideildarþingmanna fari frá 4. hvert ár. Það þykir mér of mikið — kysi heldur, að ekki færi nema þriðjungur frá í hvert sinn. Þá tæki lengri tíma að endurnýja deildina. Eg álít það nauðsynlegt, að fá sem bezta staðfestu og reglulega framþróun í löggjöfinni, og tryggingin fyrir því fæst bezt með því að nokkuð mikill hluti deildarinnar verði áframhald af því, sem verið hefir áður. En við almennar kosningar geta komið fram miklar breytingar. Gömlu þingmennirnir geta fallið hrönnum saman og meira en helmingur þingsins geta verið alveg nýir og óreyndir menn.

Eg er heldur ekki ánægður með það, að kjörtíminn til neðri deildar er styttur úr 6 árum niður í 4 ár, fyrst ekki er gert ráð fyrir, að þing skuli haldið nema annað hvert ár. Eg held jafnvel að réttara væri að lengja hann heldur en stytta. Annars skal eg ekki fara frekara út í það.

Þá er 11. gr. Þær breytingar, sem nefndin fer fram á þar, eru skynsamlegar og mjög til bóta. Eg álít það mjög heppilegt, þar sem kosningarréttarinn er rýmkaður að svo miklum mun, að veita hann ekki fyr en smátt og smátt. Þeir sem nú eru 25 ára, þurfa ekki að bíða nema $7^1/_2$ ár, og það er ekki langur tími, en tryggingin fyrir, að miklar og skjótar breytingar verði ekki í svip, er miklu meiri, ef svona er farið að, heldur en ef öllum kjósendunum, konum og hjúum, er hleypt að í einu. Kjósendafjöldinn mundi þá aukast um meira en helming á einu ári.

Við 13. gr. hefir nefndin ekki haft neitt að athuga, en eg vildi þar athuga það, að þar sem tekið er fram, að reglulegt Alþingi skuli saman koma lögmæltan dag annaðhvert ár, hafi konungur ekki tiltekið annan samkomudag fyrir það ár, þá vil eg breyta þessu orði »fyrir« í »fyrri«. Það er auðsjáanlega meiningin að þingið komi saman á vissum degi, þó að konungur kalli það ekki saman, en ekkert á móti að það kæmi saman fyr. Þetta er tilgangurinn, en af því að þetta er þannig orðað í stjórnarskránni, þá gæti konungur alveg eins fundið upp á að kalla það saman síðar. (*Jón Magnússon:* Það er prentvilla; á að vera »fyrri«). Þá er eg ánægður, en viðvíkjandi seinni parti greinarinnar skal eg taka það fram, að mér þykir það vafasamt, hvort rétt sé að setja inn það ákvæði, að meiri hluti þingmanna geti krafist þess að aukaþing verði haldið. Eg tel það vafasamt, hvort það er heppilegt að þingmenn geti þannig gripið fram fyrir hendurnar á stjórninni og konungi. Væri þing haldið á hverju ári, þá yrði þetta ástæðulaust.

Þá hefir nefndin heldur ekki gert neina athugasemd við 18. gr. En mér þykir það skrítið, að nefndin skuli hafa gengið inn á að fella í burtu það ákvæði í 34. gr. stjórnarskrárinnar, að ráðherra megi í forföllum sínum veita öðrum manni umboð til að mæta á Alþingi fyrir sína hönd. Eg álít, að þetta ákvæði megi með engu móti missast meðan ráðherra er einn. Eg vildi fremur hafa það þannig meðan ráðherra er einn, að hann mætti, hvenær sem hann vildi, láta annan mann mæta fyrir sína hönd í annari hvorri þingdeildinni, jafnvel þótt hann hefði ekki nein forföll. Það gæti verið þægilegt fyrir ráðherrann þegar þingstörf eru orðin svo mikil að einum manni er ómögulegt að anna þeim öllum, ef hann mætti láta landritara mæta með sér á þinginu, eins og t. d. tíðkast á Englandi, þar sem »undersecretary« mætir með ráðherrunum. Sama á sér stað í öllum brezkum löndum. Í Mani-

toba er íslenzkur maður »undersecretary«. Hann var áður þingmaður, en varð að segja af sér þingmensku, og mætir nú í þinginu sem »undersecretary«. Það svarar til »Departementchef« í Danmörku og landritara hér.

Eg tel það vel ráðið hjá nefndinni, að leggja til að fella 24. gr. í burtu. Skal eg ekki fjölyrða um það, því að um það eru víst allir sammála.

Eg skal ekki fara langt út í ákvæði til bráðabirgða, því að það atriði getur snert mig. En eg skal segja háttv. þm. Dal. (B. J.) það, að það hefði ekki verið alls kostar heppilegt í tíð Jóns Sigurðssonar, að banna þeim mönnum þingsetu, sem búsettir voru annarstaðar. Og það gæti komið sá tími, að maður, sem væri búsettur fyrir utan landsteinana, væri svo góðum kostum búinn, að það væri ómetanlegur skaði fyrir þingið að missa af honum. Eg álít að þetta ákvæði hefði betur ekki verið sett inn, en eg skal nú ekki fjölyrða um það frekara.

**Framsögum. (Jón Magnússon):** Eg get verið stuttorður, sérstaklega vegna þess að flestum mótmælum hefir þegar verið svarað af háttv. formanni nefndarinnar og af háttv. 1. þm. S-Múl. (J. Ól.).

Eg er þakklátur hæstv. ráðherra fyrir inar góðu undirtektir hans undir tillögur nefndarinnar, og svo fyrir það, að hann vill styðja að því að þetta mál nái fram að ganga eftir því sem til vinst.

Eins og eg tók fram í upphafi, eru aðallega tvö ágreiningsatriði milli meiri og minni hluta nefndarinnar. Er annað þessara atriða ekki eins þýðingarmikið til frambúðar, nefnilega þetta hvort fjölga eigi kjósendum alt í einu eða smátt og smátt. Hitt er um skipun efri deildar eða efri málstofu eins og háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) vildi kalla það. Eins og kunnugt er, var það Jón Jónsson frá Múla, sem fyrstur kom fram með tilöguna um, að fjölga kjósendum smátt og smátt. Þessari tillögu, sem mörgum þótti þá nýstárleg, var samt vel tekið. Að þingið ekki samþykti tillöguna þá, hygg eg stafa af því, að það var ekki búið að átta sig. Nú tók meiri hluti nefndarinnar hana upp óbreytta, að því viðbættu að þetta næði til allra, en ekki einungis til kvenfólksins. Aðalástæðan til þessar aðferðar er sú, að margir eru smeykir við að fjölga kjósendum alt í einu um alt að $^2/_3$ hlutum, þannig að núverandi kjósendur yrðu $^1/_3$ hluti af öllum kjósendum eftir fjölgunina. Eins og menn vita, hefir reglan yfirleitt verið sú hjá öllum þjóðum að láta kjósendum fjölga smátt og smátt, taka ekki afar stór stökk. Það sem greinir aðallega á milli meiri og minni hlutans er það, hvort ekki megi fara ofurlítið varlega í þessa breytingu. Hitt, sem líka hefir sætt mótmælum af hálfu allmargra deildarmanna, er það að skipa þingið eins og meiri hluti nefndarinnar hefir farið fram á. Um það talaði hv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) mjög ljóst og greinilega, og hefi eg litlu þar við að bæta. Eg skal þó ofurlitla ögn víkja að því, sem einstakir menn hafa sagt um þetta mál, en mun verða stuttorður, því að eg get ekki ímyndað mér að það ráði atkvæðum manna, þótt eg færi að ræða þetta ítarlega.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) gat þess, að þessi deildarskipun, sem meiri hlutinn fer fram á, gæfist ef til vildi ekki vel og yrði ekki til að stjóra neitt niður, engin seglfesta, heldur þvert á móti. Inn háttv. þm. hefir breytt skoðun í þessu efni frá í fyrra, því að þá kallaði hann þetta stjóra, jafnvel þó ekki væri öll deildin kosin hlutbundnum kosningum um land alt. — Hann óttaðist óróa og óánægju og aðrir voru að tala um sprengikúlur, ef kjósendafjölgunin

kæmi ekki öll í einu. Eg get ekki séð að það geti valdið óánægju, þótt það dragist ofurlítið að allir fái kosningarrétt, þegar það er viðurkent í aðalatriði, að þeir eigi að fá hann, og hér er ekki nema stutta stund að bíða. Eg skal að eins benda á það, þótt það komi málinu ekki mikið við, sem háttv. framsögum. minni hlutans (B. J.) var að tala um, að engum *einum* er óréttur gerður, þegar þetta gengur jafnt yfir alla, og skal eg ekki orðlengja um það.

Að því er hæstv. ráðherra mintist á, að umboðsmanni ráðherra væri ekki ætlað að mæta á þinginu í fjarveru ráðherra, þá mun nefndin taka það atriði til íhugunar.

Þar sem háttv. þm. Borgf. (Kr. J.) talaði um, að það væri ekki rétt að svifta dómara, sem engin umboðsleg störf hafa, kjörgengi, þá hefir því verið svarað, en eg skal að eins bæta því við, að það er haft að orðtaki á Bretlandi, að ekkert þingmannsefni geti sloppið út úr kosningabaráttu með óskertu mannorði. Ef svo er á Bretlandi, ætli þá mætti ekki miklu fremur segja eitthvað líkt hér? og það var einmitt það sem við vildum forða dómurunum frá, að komast inn í slíka baráttu.

Háttv. 1. þm. Eyf. (St. St.) hafði það sérstaklega á móti hlutfallskosningunni, að þá yrðu kosnir menn, sem ekki væru kunnugir landsháttum á einstökum stöðum. Eg held, að það yrði ekki svo miklu hættara við því heldur en með því fyrirkomulagi, sem nú er. Hann virtist halda því fram, að það væri ekki líklegt að fólk, sem kallað er á bezta aldri, væri færara en ungt fólk. Þetta er ekki hægt að sanna, en hitt mun óhætt að segja, að það er alment álitið, að ef menn eru á annað borð heilbrigðir, þá séu menn færastir hvað hæfileika snertir á aldrinum frá 40—50 ára.

Sami þingm. og fleiri voru óánægðir með að stytta kjörtímann niður í 4 ár. Viðvíkjandi því skal eg láta mér nægja að taka það fram, að þetta er ekkert aðalatriði hjá nefndinni.

Þar sem háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) talaði um, að hann áliti rétt að hafa ráðherrana fleiri, þá getur það ósköp vel orðið samfara þessari stjórnarskrárbreytingu. Ekki er annað en að láta sérstök lög fylgja um það, þegar þessi stjórnarskrárbreyting verður samþykt í seinna skiftið. Eg álít ekki rétt, að láta konung einn ráða tölunni, heldur ætti þingið að segja til um það.

Þá var sami háttv. þingm. óánægður með það, að embættismönnum mætti víkja frá embætti án dóms. Nú er það svo, að það eru einungis dómarar, sem engin umboðsstörf hafa á hendi, sem ekki má víkja frá án dóms. Eg get ekki séð, að það sé neitt athugavert við þetta, því að eg ímynda mér að ef ráðherra misbeitti þessu, þá yrði það verst fyrir hann sjálfan. Enda tel eg það ekki óbætilegt böl fyrir mann að vera settur frá embætti, ef nokkur dugur er í honum, en ef enginn dugur er í manni, þá á að setja hann frá embætti.

Sami háttv. þingmaður talaði um, að það væri betra að eiga það á hættu að þingið hlypi á sig, heldur en að framgangur góðs máls hindraðist um lengri tíma. Þar er eg ekki á sömu skoðun, því að eg álít að það sé að öðru jöfnu meiri skaði að vont mál gangi fram, heldur en hitt, að gott mál bíði. Sé um reglulega gott mál að ræða, þá mun það sigra áður en langt líður.

Háttv. þm. Ak. (M. Kr.) talaði um, að það riði ekki á að flýta þessu máli. Nei, maður getur að vísu sagt, að það sé ekki alt undir því komið, að það gangi fram á þessu þingi. Ef inn háttvirti þingmaður gæti sýnt mér fram á, að eftir einhverju væri að bíða, þá skyldi eg vera honum fullkomlega sammála,

en ef hann getur ekki sýnt mér það, þá verð eg að álíta réttast að koma málinu sem fyrst áfram. Hann sagði, að réttast væri að bíða þangað til allir yrðu sammála. Það væri vitanlega bezt, ef nokkur von væri til þess að það yrði á fyrirsjáanlegum tíma, en eg er hræddur um að það séu ekki mikil líkindi til að menn verði það nokkurn tíma. Ið eina, sem hægt er að gera sér von um, er það, að þorri manna verði nokkurn veginn ánægðir með breytinguna í heild sinni, þótt margir kunni að vera miður ánægðir með sum einstök atriði.

Hv. 2. þm. S.-Múl. (G. E) fór nokkuð út í aðra sálma en beint við koma þessu máli. Hann var eins og margir fleiri að tala um að við þetta skipulag á Ed. væri hætt við að margir Reykvíkingar kæmust að. Eins og háttv. 1. þingm. S.-Múl. (J. Ól.) sagði, ætti það ekki að vera svo hættuleg grýla. Það má benda á, að þótt hér í deildinni sitji nú og hafi setið margir Reykvíkingar, þá er það ekki hlutbundnum kosningum að kenna.

Annars verð eg að segja inum háttv. þingm. það, að það var óheppilegt dæmi, sem hann tók, þegar hann talaði um hvað mikið hefði verið lagt til hafnargerðarinnar hér í Reykjavík.

Landið hefir ekki lagt meir til hafnarinnar hér en til annara hafna á landinu hlutfallslega. Til hafnarinnar hérna hefir verið lagt til það minsta, $^1/_4$ af kostnaðinum, sem annarstaðar hefir verið lagt til. Sumstaðar hefir verið lagð ur til $^1/_8$ af kostnaðinum, þótt hitt virðist máske mega telja aðalregluna. Þetta er því óheppilegt dæmi, sem þingmaðurinn kom með.

Hvað það snertir, sem háttv. 2. þm. S.-Múl. sagði, að eg hefði í járnbrautarmálinu haldið því fram, að Reykjavíkurhöfnin mundi sligast, ef járnbrautin kæmist ekki á, — þá er þetta ekki rétt. Eg hefi aldrei haldið því fram sem minni skoðun. Eg sagði það að eins, að þeir menn væri til, sem þetta hefðu látið í ljós, en eg tók það beint fram, að þetta væri ekki mitt álit. Mér þykir rétt að taka þetta fram, að leiðrétta þennan misskilning, þó að það komi ekki þessu máli við.

Háttv. þingm. V.-Ísf (M. Ó.) talaði á móti því ákvæði, að þeir sem væru fyrir utan þjóðkirkjuna, en ekki í neinu öðru viðurkendu kirkjufélagi, skyldu gjalda þau gjöld, sem þeir annars hefðu átt að gjalda til þjóðkirkjunnar, til háskóla Íslands eða til einhvers styrktarsjóðs við þann skóla. Nefndin eða meiri hluti nefndarinnar áleit nauðsynlegt að setja inn þetta ákvæði, til þess að forðast það, að menn sem annars heyrðu þjóðkirkjunni til, afneituðu henni til að komast hjá að gjalda neitt til hennar. Til þess að menn gætu ekki óráðvandlega komið sér undan gjaldinu, áleit nefndin nauðsynlegt að setja þetta ákvæði.

Háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) var á sama máli og háttv. þm. Dal. (B. J.) um það, að tilgangurinn með efri og neðri deildarskipuninni gæti mistekist, það mundu veljast eða gætu valist mestu angurgaparnir til efri deildar. Það er annars undarlegt, að nú koma menn með alt aðrar ástæður gegn þessu en áður. Áður var ástæðan sú, að með þessari skipun yrði ofmikið íhald eða afturhald í þinginu, en nú halda menn og eru hræddir við, að þessi skipun verði til þess gagnstæða. Eg neita því alls ekki, að það geti komið fyrir að einhver angurgapi veljist til efri deildar, en trúlegt þykir mér það ekki að það verði fremur fyrir það, þótt tillögur nefndarinnar verði samþyktar að þessu leyti.

Háttv. 1. þm. Árn. sagði líka, að til efri deildar mundu kosnir gamlir uppgjafa-embættismenn úr Rvík, og ekki er

nú trúlegt að þeir mundu valda miklum gauragangi. Þessi háttv. þingmaður er annars oft að leggja til embættismannanna. Hvað er hann sjálfur? Auðvitað ekkert annað en embættismaður, landsembættismaður, ég hygg mjög nýtur. Og ekki er hann verri fyrir það, þótt hann væri í Reykjavík. Eg á von á því, að hann eftir vel unnið starf, njóti í góðri elli eftirlauna sem »einn vel meriteraður» embættismaður.

Athugasemdir háttv. þingm. Sfjk. (V. G.) eru sumar máske á rökum bygðar, og mun nefndin taka til greina þær af þeim, sem þannig er háttað. Sumar eru aftur fjarri sanni En síðar mun verða tími til að tala um þær, er væntanlegar breytingartillögur koma frá honum.

Að því er snertir innborinna manna rétt, þá virtist nefndinni ekki nauðsyn, að gera hann að skilyrði fyrir kosningarrétti og kjörgengi, nóg að binda það við íslenzkan borgararétt.

Um flutning embættismanna, sé eg ekki ástæðu til að sakna ákvæðisins, er heimilar stjórninni að flytja menn úr einu embætti í annað. Fyrst og fremst mun það varla hafa komið fyrir að menn væru nauðugir fluttir úr einu embætti í annað, og þá virðist varla ástæða til að hafa slíkt ákvæði í stjórnarskránni. Ef það yrði ofan á, sem líklegt er, að eftirlaun embættismanna, yrðu afnumin, þá yrði ekki um það að velja fyrir embættismanninu, að taka heldur eftirlaun, en það er aðalatriði í hinu núgildandi ákvæði um þetta efni.

Háttv. þm. Sfjk. (V. G.) var að tala um það, að í dönsku blaði hefði verið mótmælt burtfelling ríkisráðsákvæðisins. Mig varðar ekkert um það, hvað staðið hefir í einhverju dönsku blaði. Alþingi verður að taka afstöðu til þessa máls án nokkurs tillits til þess, hvernig í það kann að hafa verið tekið í einhverjum dönskum blöðum.

**Framsögum. minni hl. (Bjarni Jónsson):** Háttv. framsögum. meiri hlutans (J. M.) skýrði, í hverju meiningamunur meiri og minni hlutans um 15 árin lægi. Skýrði hann þar ekki rétt frá. Hann sagði, að meiningamunurinn væri um það, hve varlega ætti að fara í það, að úthluta kosningarréttinum. Ágreiningurinn var ekki um það, heldur um það, hvort rýmkun kosningarréttarins verki í retta átt. Ef það er hættulaust, að veita öllum, konum sem körlum, sem hafa náð 25 ára aldri, kosningarrétt, því á þá að vera draga það? Eg hefi áður tekið það fram, að það er engin hætta á ferðum, þó að allir, sem hafa rétt á að fá kosningarrétt, fái hann í einu, því þjóðin er öll jöfn að máli, ætterni, gáfnafari og allri menningu. Þessi byltingagrýla er er því á engum rökum bygð. Háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) vitnaði líka í það, mínu máli til sönnunar, að það sýndi áhugaleysi kvenmanna, að engin þeirra væru hér viðstaddar til þess að hlusta á, þegar verið er að tala um kosningarrétt þeirra. Engin byltingarhætta getur stafað frá slíkum áhugalausum kjósendum.

Það hefi eg og sannfrétt, að jafn-aldraður og skýr maður og hæstv. forseti deildarinnar hér hefir haldið því fram á þingmálafundi, að engin hætta væri á ferðum þó allir, konur jafnt sem karlar, fengju kosningarrétt. Nefni eg þetta til að styðja mál mitt, því það er betra að styðja mál sitt með mönnum en röksemdum.

En hvort er nú varlegar farið, að láta alla fá kosningarréttinn í einu, eða ekki?

Eg vil segja að það sé varlegar farið, að láta alla fá hann í einu. Hitt er óvarlega farið, að gera upp á milli manna og skapar það óánægju hjá þeim, sem eiga fullan rétt á að fá kosningar-

rétt, en fá hann ekki. Fólk, sem ekki er 40 ára, mundi verða svo sáróánægt, að ekki að eins mnudu verða skærur á milli þeirra 40 ára innbyrðis, heldur og milli þeirra 40 ára og hinna, sem ekki eru 40 ára. Þá kemur óróinn, sem háttv. meiri hl. vill svo mjög varast.

Eg hefi áður haldið því fram, að meiri hlutinn næði ekki tilgangi sínum með því að hafa hlutfallskosningar um land alt. Það sem eg sagði þá, var rétt, og er það enn. Nefndi eg þá til ritstjóra og aðra byltingarmenn, sem yrðu kosnir á aðra hliðina, framsóknar og frelsis, en gamla uppgjafa embættismenn á hina.

Þá var háttv. þm. Vestm. (J. M.) að tala um það, að skoðun mín nú á þessu máli væri í mótsögn við skoðun mína á þinginu 1911, að eg teldi það engan stjóra nú, sem eg hefði talið þá. Þá verður háttv. þm. að gæta að því, að á þinginu 1911 stóð öðruvís á en nú. Í frumv. þá var bygt á 12 ára þingsetu, en nú á ekki nema 4 ára. Nú eru því teknir $^2/_3$ af stjóranum, og því alt öðru máli að gegna nú. Þessi langi kjörtími, 12 ár, var mjög óheppilegur, því með því að hafa kjörtímann svo langan, þá sofnar þjóðin á meðan. En með tíðum kosningum er þjóðinni haldið vakandi í áhugamálum sínum. Eg gerði þá í samráði við mína kjósendur að leggja það til, að kjörtíminn væri færður niður í 4 ár. Er það nógu langur tími, ef þingið er ekki nema annaðhvort ár. *(Jón Ólafsson:* En ef þingið er á hverju ári?) Eg væri ekkert á móti því, þó að þingið væri á hverju ári eins og einn hv. þingm. var að gelta hér fram í. Eg væri ekkert á móti því, þótt kosið væri á hverju ári. Væri þá hægara að losna við vonda þingmenn, en nú er.

Menn mega ekki gleyma því, að það eru kjósendurnir, sem eiga að hafa valdið og bera því ábyrgð á því, sem þm. þeirra gera. En það gætu þeir ekki, væru þingmenn kosnir til 12 eða 15 ára. Það verður því að kjósa þá oft. Og þingm. hafa þá dóminn yfir höfði sér, ef kjósendurnir eru vakandi.

Annars er yfir höfuð að tala grundvallarregla meiri hlutans sú, að halda sem fastast við það, sem rangt var í frumv. 1911, taka einmitt það, sem eg forðaðist og taldi óviðunandi í alla staði.

Kjósendur vilja alls ekki neinar hlutfallskosningar, en vilji þingið endilega halda fast í þær, þá er það þó því að eins hægt, að br.till. mín verði samþykt, að að eins 6 af þingm. efri deild ar skuli kosnir með hlutfallskosningum. Er br.till. mín það eina, sem getur bjargað málinu gegn um 2 þing. Annars eru tillögur meiri hlutans í þessu að eins afturganga frá 1911, sem var drepin þá, en nú vakin upp aftur. Svo er og t. d. um útrýmkun kosningarréttarins eftir aldri, deildaskiftingin, sem þá var í eilífum graut o. fl.

Um einstök atriði ætla eg mér ekki að þjarka í þetta skifti. Eg ætlaði að háttv. þm. Vestm. (J. M.) myndi eftir því, að manni var boðið að flytja úr embætti eða að missa það að öðrum kosti. *(Jón Magnússon:* Eg gerði það líka). Jæja. Annars er eg háttv. þm. sammála um það, að þegar vér Íslendingar erum að setja okkur stjórnarskipunarlög, þá varðar okkur lítið um það, hvað stendur í dönskum blöðum um það mál. *(Valtýr Guðmunsson:* Þau geta haft áhrif á konunginn). Ekki ætla eg að gera konungi þær getsakir, eins og þingm. gerir, að hann láti stjórnast af fleipri danskra blaða. Þó ekki sé eg neinn konungsvinur, þá tel eg það ósæmiegt að gera honum slíkar getsakir, eins og þm. Sfjk. (V. G.) gerir, ýmist að hann ætli að senda hingað herskip til að kúga okkur með hervaldi, eða það,

að hann ráði ráðum sínum eftir fleipri og þvættingi danskra blaða. Þm. talaði um það, að konungi myndi ekki finnast ríkisráðsákvæðið aðgengilegt. Þetta er gripið úr lausu lofti. Eins er það in argasta heimska að segja það, að stjórnarskrá Íslendinga geti ákveðið neitt um ríkisráð Dana. Stjórnarskráin kemur undir konungsúrskurð. Og að segja það, að konungur muni neita að staðfesta hana, það eru ósæmilegar aðdróttanir í garð konungs. Þessi þingm. talar alt af eins og hann viti konungsins leyndustu hugsanir, alveg eins og hann væri ráðherra eða jarl, eða jafnvel konungurinn sjálfur. Er það alveg óþarfi að vera að reyna að skelfa okkur á þennan hátt. Konungi dettur ekki annað í hug en að samþykkja stjórnarskrána, eins og við viljum hafa hana.

Eg hugsa, að menn hafi rætt þetta mál svo sem þörf er á, og muni því stoða lítið þó eg tali lengur. Eg býst við því, að ef deildin vill aðhyllast hlutfallskosningu um land alt, að hún sjái, að það sé sjálfsagt að taka br.till. mína, að að eins 6 þingm. efri deildar skuli kosnir með hlutfallskosningu, svo að kjördæmunum fækki ekki úr því sem nú er. Vona eg, að allir verði á einu máli um það. Skal eg svo ekki lengja umræðurnar. Eg hefi verið mjúkur í máli við alla, og vona því, að eg þurfi ekki að standa upp til að svara neinu, sem að mér kynni að verða kastað.

**Framsögum. meiri hl. (Jón Magnússon):** Eg gleymdi áðan að geta þess, að meiri hlutinn getur ekki aðhylst br.till. við 3. málsgrein í 1. gr., að í stað landritari komi: »landritari eða skrifstofustjóri fyrstu skrifstofu«. Meiri hlutinn var á þeirri skoðun, að meðan ráðherra sé ekki nema einn, beri ekki að afnema landritaraembættið.

**Kristinn Daníelsson:** Umræðurnar eru orðnar langar og vil eg því ekki lengja þær mikið. Eg vildi að eins í sem fæstum orðum gera grein fyrir afstöðu minni og atkvæði mínu í þessu máli.

Vil eg þá fyrst lýsa yfir því, að í öllum aðalatriðunum aðhyllist eg tillögur háttv. minni hlutans. Mun eg greiða málinu atkvæði mitt til 3. umr., ef eg sé mér það mögulegt, sem eg geri mér góðar vonir um.

Fyrsta umhugsunarefnið um þetta mál er: hvort það liggi nú nokkuð á því, að breyta stjórnarskránni. Um það er eg í engum efa að svo sé Þing og þjóð er fyrir löngu komin að fastri niðurstöðu um galla á stjórnarskránni, eins og hún er nú, sem hún ekki vill láta dragast að bæta úr og er því rétt og sjálfsagst að þingið leggist ekki undir höfuð að vinna þetta umbótaverk.

Þá er það annað atriði, að menn verða að komast að svo góðri niðurstöðu, að málið komist út úr þinginu og geti hlotið samþykki þjóðarinnar í þeirri mynd, sem þingið afgreiðir það. Eins og sakir standa nú, er útlit fyrir að svo megi verða, því að ágreiningurinn er ekki svo mikill á milli flokkanna. Eg fyrir mitt leyti vil lýsa yfir því, að þó að eg aðhyllist tillögur minni hlutans, þá gæti eg þó sætt mig við að meiri hlutinn yrði ofan á

Þegar að sjálfum atriðum málsins kemur, þá vil eg skifta þeim fyrir mér í 2 flokka, meiri háttar og minni háttar atriði.

Tek eg þau atriði á undan sem mér þykir minnu skifta.

Heppilegra teldi eg að ráðherrar væru þrír. Það mundi geta fyrirbygt einræði og margt misræði hjá stjórninni. Þó get eg vel sætt mig við till. meiri hlutans þar að lútandi, að þetta megi ákveða með einföldum lögum. Óviðkunnanlegt og óréttlátt tel eg það, að hægt sé að víkja embættismönnum til fulls frá starfa

sínum án undangengins dóms, og ekki get eg séð að það raskaði neitt grundvelli ráðherraábyrgðarinnar, sem mér heyðist einhver halda fram, þótt þessu ákvæði væri breytt. Þótt ráðherra eigi að bera ábyrgð á gerðum embættismanna, þarf hann ekki að geta sett þá af til falls, heldur fullnægir hann ábyrgð sinni með því að draga þá fyrir dóm.

Að svifta dómendur kjörgengi álít eg líka ranglátt. Þeir missa þar rétt, sem þeir eiga tilkall til, eins og aðrir menn.

Þá nefni eg gjaldfrelsi utanþjóð-kirkjumanna. Það kann nú að þykja þröngsýni af mér, en eg get ekki betur séð, en að meðan við höfum þjóðkirkju, sem ríkið verndar og kannast þannig við, að hún sé nytsöm stofnun fyrir þjóðfélagið, þá sé rétt að allir gjaldi til hennar og standi straum af kostnaðinum við að halda henni við.

Þá kem eg að þeim atriðum, sem mér þykir meira máli skifta.

Um ríkisráðsákvæðið og skipun efri deildar er það að segja, að eg álít það ekki viðkunnanlegt, sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Þetta nýja orðalag fyrir ríkisráðsákvæðið, að konungur ráði, hvar málin séu borin upp. Það er, virðist mér í raun og veru, ekki annað en ríkisráðsákvæðið grímuklætt, og mætti það sannarlega vera betra. Enda þótt konungur eigi að ákvarða, hvar mál eru uppborin, þá verður þó einhver ráðh. að bera ábyrgð á þeirri ákvörðun konungs, og ekki mun vera ætlast til, að danskur ráðherra geri það, svo að það verður þá ráðherra Íslands, sem ábyrgðina ber. Og þar sem búist mun við, að þetta verði hvergi annnarsstaðar en í ríkisráðinu, þá er mismunurinn að eins sá, að vér ljáum ráðherra vorn til þess og leyfum honum að ákvarða þetta, sem við vildum komast hjá.

Þá er kosningarrétturinn. Eg kann ekki við það, að háttv. meiri hl. skuli vilja vera að mjatla honum út til þessara nýju kjósenda í 15 ár. Eg sé ekki, hvaða ástæða er til þess, því að það hefir svo gott sem engin áhrif, þótt bætt sé við nýjum kjósendum öllum í einu. Það yrði sem sé ekki nema örlítið brot af tölu þeirra, sem notuðu kosningarréttinn fyrst í stað. Reynslan hefir sýnt það, að konur neyta enn mjög lítið atkvæðisréttarins í safnaða- og sveitamálum. Sama var áður, þegar karlar fengu kosningarrétt til Alþingis, t. d. hefi eg heyrt, að Jón Sigurðsson væri einhverntíma kosinn með einum 8 atkv. í Ísafjarðarsýslu. En svo koma smátt og smátt fleiri og fleiri. Þetta ákvæði í frumvarpinu gerir að vísu ekki mikið, en mér finst það álappalegt og auk þess yrði hálf-fyrirkvíðanlegt að semja kjörskrár meðan á þessu stæði. Eg er hræddur um, að einhverjum yrði skotaskuld úr því, að reikna út, hvenær þessi og þessi er búinn að ná kosningaraldrinum, sem altaf er að breytast. Og þó að þetta sé ekkert kappsmál, þá álít eg að það sé aðalatriðið, hvort þetta fólk eigi að hafa kosningarréttinn, eða ekki. Og eigi það að hafa hann, þá á það að fá hann strax, en ekki í þessum smáskömtum.

Þá kem eg að þessu meginatriði, skipun efri deildar; það er mér kappsmál. Eg get ekki hugsað mér, að frumvarpið fari hér út úr deildinni með því ákvæði, að efri deild skuli öll kosin hlutfallskosningu, enda líður þjóðin það aldrei. Við getum á þessu þingi samþykt það, en það verður aldrei kosið nýtt þing, sem samþykkir það. Það er einmitt grundvallaratriði, að samræmi geti verið milli beggja deilda þingsins, að sú stefna, sem hefir fylgi meiri hluta þingmanna, geti verið ráðandi í báðum deildum. Ef þetta samræmi vantar, þá

rifur hvor deildin niður það sem hin byggir, og alt visnar. Eg legg því eindregið á móti því, að þetta ákvæði verði samþykt. Bezt væri, eftir atvikum, að einir 6 væru hlutfallskosnir, en það ítrasta, sem hægt væri að ganga að til samkomulags, er, að þingið kjósi að minsta kosti 4, eins og ákveðið var 1911, og er það þó ekki aðgengilegt.

**Halldór Steinsson:** Á síðustu árum hefir verið rætt og ritað um þetta mál meir en nokkurt annað, að sambandsmálinu undanskildu. Það mætti því búast við því, að landsmenn væru orðnir nokkurnvegin sammála í því, hverjar breytingar á núgildandi stjórnarskrá þeir teldu nauðsynlegar. En því fer fjarri að svo sé. Raunar má segja, að menn séu sammála um nokkrar minniháttar breytingar á stjórnarskránni, en um þýðingarmestu atriðin, svo sem um tölu ráðherra, skipun efri deildar og rýmkun kosningarréttarins eru mjög skiftar skoðanir, svo skiftar og gagnstæðar, að það er með engu móti hægt að átta sig á, hver sé inn sanni vilji þjóðarinnar í því efni.

Þetta mál er svo vandasamt og þýðingarmikið, að það má sannarlega ekki hrapa að því, og eg fyrir mitt leyti lít svo á, að það hefði verið meiri ástæða til að skipa milliþinganefnd í það en nokkurt annað mál, sem hefir verið á dagskrá þjóðarinnar þessi síðustu ár. En þar sem það á hinn bóginn virðist vera vilji mikils meiri hluta þjóðarinnar, að málið nái fram að ganga á þessu þingi, þá álít eg, eftir atvikum, rétt að það fái framgang og mun því greiða því atkvæði mitt, ef það kemst í það horf, sem eg tel nokkurn veginn viðkunanlegt.

Eg skal svo snúa mér að einstöku greinum frumvarpsins og breytingartillögum meiri og minni hluta nefndarinnar við þær.

Við fyrstu grein frumv. vill meiri hl. nefndarinnar gera 2 mikilvægar breytingar og tel eg þær báðar til bóta; þar er ákveðið, að ráðherra skuli bera málin upp fyrir konung þar sem hann ákveður. Eg hygg, að hér sé farin heppileg leið til að leysa úr ríkisráðsákvæðinu, sem svo mikið hefir verið deilt um. Hitt er annað mál, hvort staðfesting konungs mundi fást á þessu atriði; á því getur, ef til vill, leikið nokkur vafi, en hitt blandast engum hugur um eftir yfirlýsingu ráðherra í þingbyrjun 1912, að algerð úrfelling ríkisráðsákvæðisins, eins og minni hluti nefndarinnar fer fram á, yrði til þess, að stjórnarskrárbreyting með því ákvæði fengi ekki eins og stendur staðfestingu konungs.

Þá leggur meiri hluti nefndarinnar til, að tölu ráðherra megi breyta með lögum, Þetta ákvæði tel eg einnig til bóta. Það hefir verið talsverður ágreiningur um það, hvort ráðherrar skyldu vera einn eða fleiri, en ef það má ákveða með einföldum lögum, ætti sá ágreiningur að hverfa.

Eg get einnig aðhylst breytingatillögur meiri hluta nefndarinnar við 4., 5., 6. og 8. gr. frumvarpsins. Sérstaklega tel eg nauðsynlega þá breytingu við 6. gr. frumvarpsins, að þingrof nái að eins til Nd. Það er nauðsynlegt, að einhver festa sé í Ed., en sú festa gæti ekki átt sér stað, ef þingrof ætti að ná til beggja deilda.

Þá kem eg að 9. gr. frv. Þar skiljast mínir vegir og vegir meiri hluta nefndarinnar. Að vísu get eg felt mig við þá tölu þingmanna, sem þar er farið fram á, sem sé 26 í neðri deild og 14 í efri deild, en þar sem meiri hluti nefndarinnar leggur til, að allir þingmenn efri deildar skuli kosnir hlutfallskosningum um alt land, þá er eg þar alveg á gagnstæðri skoðun. Eg hygg, að þær kosningar mundu ekki sýna

það, sem þær ættu að sýna, vilja kjósenda um alt land; heldur það sem þær ættu *ekki* að sýna, vilja annarra manna fjarri kjósendunum.

En þar sem þessi kosningaraðferð hins vegar hefir verið tekin upp annarstaðar og þótt reynast nokkurn veginn, þá mundi eg fyrir mitt leyti geta felt mig við, að 4—7 af þingmönnum efri deildar væru kosnir hlutfallskosningum, en hinir úr sameinuðu þingi. Með því móti mætti fá reynslu fyrir, hvernig hlutfallskosningar gæfust hér á landi, en að kjósa alla deildina á þann hátt, það mundi, ef illa tækist, verða alt of dýrkeypt reynsla.

Þá get eg ekki felt mig við 10. gr. frumv. Þar er farið fram á, að þingmenn skuli kosnir til 4 ára í stað 6, eins og nú er. Eg álít, að kjörtími þingmanna megi ekki vera styttri en 6 ár, því að eg hygg, að þeim nægi ekki minni tími yfirleitt til að verða vel vaxnir starfi sínu.

11. gr. frumv. ræðir um kosningarrétt til Alþingis. Þar skilur mikið meiri og minni hluta nefndarinnar. Eg verð að segja, að eg álít þar tillögur meiri hlutans mikið aðgengilegri. Ef á annað borð á að rýmka kosningarréttinn frá því sem nú er, þá álít eg hyggilegra, að taka ekki stórt stökk í einu, heldur smá-færa sig upp á skaftið eins og hér er farið fram á. Það eru yfir höfuð talsvert skiftar skoðanir landsmanna á því, hvort og að hve miklu leyti beri að rýmka kosningarrétt til Alþingis, og er því síður ráðlegt að fara geist af stað í því efni.

Í 20. gr. frumv. er ákveðið, að enginn sé skyldur að inna af hendi persónuleg gjöld til annarar guðsdýrkunar en hann sjálfur aðhyllist. Þetta verð eg að álíta rétt og nauðsynlegt ákvæði. Aftur get eg ekki felt mig við breytingartillögu meiri hluta nefndarinnar við þessa grein, er fer fram á, að utanþjóðkirkjumenn skuli gjalda til háskóla Íslands eða einhverra styrktarsjóða það gjald, sem þeim ella hefði borið að greiða til þjóðkirkjunnar. Það er í sjálfu sér jafn ranglátt og óeðlilegt, að maður utan þjóðkirkjunnar inni af hendi gjald fyrir þá guðsdýrkun, er þar fer fram, hvort sem þau eru borguð kirkjunni, háskóla Íslands eða einhverjum styrktarsjóð, enda hygg eg að ef þetta á að vera skyldugjald, þá sé mönnum nokkurn veginn sama, hvert það rennur, og ekki óljúfara að greiða það í kirkjusjóð en aðra sjóði.

Við aðrar greinar frumv. hefi eg ekkert sérlegt að athuga, en aðhyllist yfirleitt breytingatillögur meiri hlata nefndarinnar við þær.

Eg mun, sem sagt, greiða frumv. atkvæði mitt til 3. umræðu í þeirri von, að nokkrar breytingar verði gerðar á því, sem gerir það aðgengilegra en það nú er.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Eg ætlaði ekki að lengja þessar umræður, en háttv. þm. Snæf. (H. St.) knúði mig til að tala. Hann talaði um, að eg hefði eigi getað skilið það, að hann væri ýmist með minni eða meiri hlutanum í þessu máli. En hann gleymdi þeim ástæðum, sem eg hefi fært til þessa. Eg hafði þó tekið það fram, að meiri hlutinn og minni hlutinn bygðu á gagnandstæðum skoðunum, og mér féll illa að jafn skýr maður og hann skyldi ruglast í þessu.

Annars ætla eg ekki að fara mörgum orðum um þetta mál, en eigi að verða úr því grautargerð hér í deildinni, þá verð eg ekki til þess að greiða því atkvæði. Þá vil eg heldur að það sé drepið.

ATKV.GR.:

[Brtill. meiri hl. nefndarinnar á þgskj.

463 eru merktar með I, en brtill. minni hl. á sama þgskj. með II].

Brtill. 507 samþ. án atkvgr.

Brtill. 463, 1 (II), feld með 10 : 9 atkv.

Brtill. 463, 1 (I), samþ. með 13 shlj. atkv.

1. gr. frv. þannig ákveðin.

2. gr. frv. samþ. með 20 shlj. atkv.

3. gr. frv. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtill. 504, samþ. án atkvgr.

Brtill. 463, 2 (I), samþ. með 16 shlj. atkv.

4. gr., þannig breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtill. 463, 3 (I), samþ. með 15 : 8 atkv.

5. gr., þannig breytt, samþ. með 15 shlj, atkv.

Brtill. 463, 4 (I), feld með 15 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Benedikt Sveinsson |
| Jón Jónsson | Bjarni Jónsson |
| Guðmundur Eggerz | Björn Kristjánsson |
| Hannes Hafstein | Einar Jónsson |
| Jóh. Jóhannesson | Kristinn Danielsson |
| Jón Magnússon | Magnús Kristjánsson |
| Jón Ólafsson | Ólafur Briem |
| Kristján Jónsson | Sig. Sigurðsson |
| Lárus H. Bjarnason | Skúli Thoroddsen |
| Pétur Jónsson | Stefán Stefánsson |
| | Tryggvi Bjarnason |
| | Valtýr Guðmundss. |
| | Þorleifur Jónsson |

Halldór Steinsson og Matthías Ólafsson greiddu ekki atkv. og töldust með meiri hlutanum.

6. gr. frv. feld með 8 : 8 atkv.

7. gr. frv. samþ. með 17 : 1 atkv.

Brtill. 463, 5 (I), samþ. með 19 shlj. atkv.

8. gr. frv., þannig breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtill. á þgskj. 463, 3 (II), sþ. með 14 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Benedikt Sveinsson | Eggert Pálsson |
| Bjarni Jónsson | Jón Jónsson |
| Björn Kristjánsson | Halldór Steinsson |
| Einar Jónsson | Hannes Hafstein |
| Kristinn Danielsson | Jóh. Jóhannesson |
| Magnús Kristjánss. | Jón Magnússon |
| Ólafur Briem | Jón Ólafsson |
| Sig. Sigurðsson | Kristján Jónsson |
| Skúli Thoroddsen | Lárus H. Bjarnason |
| Stefán Stefánsson | Pétur Jónsson |
| Tryggvi Bjarnason | Valtýr Guðmundss. |
| Þorleifur Jónsson | |

Guðmundur Eggerz og Matthías Ólafsson greiddu ekki atkv. og töldust með meiri hlutanum.

Brtill. á þgskj. 463, 6 (I), svo breytt, sþ. með 14 : 6 atkv.

9. gr. frv. þar með ákveðin.

Brtill. á þgskj. 463, 4 (II), sþ. með 11 : 3 atkv.

Brtill. á þgskj. 463, 7 (I), svo breytt, sþ. með 15 : 1 atkv.

9. gr. frv. þar með ákveðin.

Brtill. á þgskj. 463, 5 (II), fyrri liður, feldur með 21 : 4 atkvæðum að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Benedikt Sveinsson, | Eggert Pálsson |
| Bjarni Jónsson | Jón Jónsson |
| Kristinn Danielss. | Björn Kristjásson |
| Skúli Thoroddsen | Einar Jónsson |
| | Guðmundur Eggerz |
| | Halldór Steinsson |
| | Hannes Hafstein. |
| | Jóh. Jóhannesson |
| | Jón Magnússon |
| | Jón Ólafsson |
| | Kristján Jónsson |
| | Lárus H. Bjarnason |
| | Magnús Kristjánss. |
| | Matthías Ólafsson |
| | Ólafur Briem |
| | Pétur Jónsson |

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| | Sig. Sigurðsson |
| | Stefán Stefánsson |
| | Tryggvi Bjarnason |
| | Valtýr Guðmundss. |
| | Þorleifur Jónsson. |

Brtill. á þgskj. 463, 5 (II), síðari liður, feldur með 20:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Benedikt Sveinsson | Eggert Pálsson |
| Bjarni Jónsson | Jón Jónsson |
| Kristinn Daníelsson | Guðmundur Eggerz |
| Skúli Thoroddsen | Halldór Steinsson |
| Þorleifur Jónsson | Hannes Hafstein |
| | Jóh. Jóhannesson |
| | Jón Magnússon |
| | Jón Ólafsson |
| | Kristján Jónsson |
| | Lárus H. Bjarnason |
| | Magnús Kristjánss. |
| | Matthías Ólafsson |
| | Ólafur Briem |
| | Pétur Jónsson |
| | Sig. Sigurðsson |
| | Stefán Stefánsson |
| | Tryggvi Bjarnason |
| | Valtýr Guðmundss. |

Björn Kristjánsson og Einar Jónsson greiddu ekki atkvæði og töldust með meiri hlutanum.

Brtill. á þgskj. 463, 8 (I), samþ. með 20:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Benedikt Sveinsson |
| Jón Jónsson | Bjarni Jónsson |
| Einar Jónsson | Björn Kristjánsson |
| Guðmundur Eggerz | Kristinn Daníelsson |
| Hannes Hafstein | Skúli Thoroddsen |
| Jóh. Jóhannesson | |
| Jón Magnússon | |
| Jón Ólafsson | |
| Kristján Jónsson | |
| Lárus H. Bjarnason | |
| Magnús Kristjánss. | |
| Matthías Ólafsson | |
| Ólafur Briem | |
| Pétur Jónsson | |
| Sig. Sigurðsson | |
| Stefán Stefánsson | |
| Tryggvi Bjarnason | |
| Valtýr Guðmundss. | |

Halldór Steinsson og Þorleifur Jónsson greiddu eigi atkvæði og voru taldir með meiri hl.

11. gr. þannig ákveðin.

Brtill. á þgskj 463, 6 (II), feld með 9:9 atkv.

Brtill. á þgskj. 463, 9 (I), fyrri liður, sþ. með 15:1 atkv.

Brtill. á þgskj. 463, 9 (I), síðari liður, sþ. með 19:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Kristinn Daníelsson |
| Jón Jónsson | Kristján Jónsson |
| Bened. Sveinsson | Magnús Kristjánss. |
| Bjarni Jónsson | Ólafur Briem |
| Björn Kristjánsson | Skúli Thoroddsen |
| Guðm. Eggerz | Tryggvi Bjarnason |
| Halldór Steinsson | |
| Hannes Hafstein | |
| Jón Magnússon | |
| Jón Ólafsson | |
| Lárus H. Bjarnason | |
| Matthías Ólafsson | |
| Pétur Jónsson | |
| Sig. Sigurðsson | |
| Stefán Stefánsson | |
| Þorleifur Jónsson | |

Einar Jónsson, Jóhannes Jóhannesson og Valtýr Guðmundsson greiddu ekki atkv. og töldust með meiri hl.

12 gr frv. þar með ákveðin.

13. gr. sþ. með 19:1 atkv.

14. gr. sþ. með 19 shlj. atkv.

15.—19. gr. sþ. með 21 shlj. atkv.

20. gr. sþ. með 18 shlj. atkv.

Brtill. 463, 10 (I), samþ. með 15:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Benedikt Sveinsson |
| Jón Jónsson | Bjarni Jónsson |
| Björn Kristjánsson | Einar Jónsson |
| Hannes Hafstein | Guðmundur Eggerz |
| Jóh. Jóhannesson | Halldór Steinsson |
| Jón Magnússon | Jón Ólafsson |
| Kristinn Daníelsson | Magnús Kristjánss. |
| Kristján Jónsson | Matthías Ólafsson |
| Lárus H. Bjarnason | Sig. Sigurðsson |
| Ólafur Briem | Skúli Thoroddsen |
| Pétur Jónsson | |
| Stefán Stefánsson | |
| Tryggvi Bjarnason | |
| Valtýr Guðmundss. | |
| Þorleifur Jónsson | |

21. gr. sþ. með 21 shlj. atkv.

Brtill. 463, 11 (I) samþ. með 16 shlj. atkv.

22. gr. þannig breytt samþ. með 17 shlj. atkv.

23. gr. sþ. með 21 shlj. atkv.

24. gr. feld með 20:3 atkv.

Brt. 463, 7 (II), fyrsti liður, sþ. með 15 shlj. atkv.

Brt. 463, 13 (I), fyrsti liður, þannig breyttur, sþ. með 15 shlj. atkv.

Brt. 463, 7 (II), annar liður, sþ. með 11:5 atkv.

Brt. 463, 7 (II), síðari liður, tekinn aftur.

Brt. 463, 13 (I), síðari liður, sþ. með 15 shlj. atkv.

Brt. 463, 13 (II) [2. málsgr. o. s. frv.], sþ. með 15 shlj. atkv.

Brtill. 463, 13 (I) (»Heimilisfesta« o. s. frv.), samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn sþ. án atkv.gr.

Frumvarpinu vísað til 3. umr. með 21:4 atkv.

---

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið í deildinni:

1. Breyt.till. við frv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915 á þingskjölunum 516, 517, 518, 520.
2. Breyt.till. við frv. til laga um frið un æðarfugla. Frá nefndinni (522).
3. Frv. til laga um breyting á lögum um vörutoll, 22. Okt. 1912. Eftir 3. umr. í Ed. (512).
4. Breyt.till. við frv. til laga um að landssjóður leggi Landsbankanum til 100 þúsund kr. á ári í næstu 20 ár. Frá nefndinni (521).
5. Breyt.till. við frv. til laga um strandferðir. Frá Ólafi Briem (519).
6. Framhaldsnefndaráliti um samgöngumál á sjó (505).

Ennfremur skýrði forseti frá, að útbýtt hefði verið frá Ed.:

Framhaldsnefndaráliti um frv. til laga um ábyrgðarfélög (515).

---

Forseti gaf fundarhlé frá kl. 3 til kl. 9 síðdegis. Þá var fundur settur aftur.

---

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið í deildinni:

1. Breyt.till. við fjárlagafrumvarpið 1914—1915 á þingskjölunum: 523, 526, 527, 524, 525, 528.
2. Alþingistíðindum 1913 A, 10. hefti.

Og að útbýtt hefði verið frá Ed.:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 18, 3. Okt. 1903, um kosningar til Alþingis. Eftir 2. umr. í Ed. (513).

Þá var dagskrá haldið áfram og tekið fyrir:

---

FRUMVARP til laga um að landssjóður leggi Landsbankanum til 100 þúsund krónur á ári í næstu 20 ár (406, 521); 3. umr.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Þótt þetta mál hafi gengið fram með töluverðum atkvæðafjölda við 2. umr., þá voru samt margir, sem að eins greiddu

því atkvæði til 3. umr. í von um að frv. yrði endurbætt undir hana. Nú hefir nefndin því komið fram með breyt.till. á þgskj. 521, sem eg vona að háttv. þingm. hafi kynt sér.

Svo er mál með vexti, að margir eru óánægðir með að landssjóður taki fasta vöxtu af þessu fé. Tillagan fer því fram á, að landssjóður verði innskotseigandi *(interressent)* að þessu fé. Með því vinst bæði að bankinn fær fast og stöðugt starfsfé og að landssjóður fær ágóða hlutfallslega við arð bankans. Þó að nú í ár og næstu ár verði prósent-talan ekki svo há, af því verið er að borga skuld, þá mun hún samt þegar verða rúm 4% og síðan hærri, svo að landssjóður hefir ágóða, en ekki tjón, af þessu fyrirkomulagi.

Þá er talað er um að skifta arði bankans eftir eign, þá er vitaskuld að arður af seðlum bankans verði taldur bankanum, en ekki landssjóði, þó að þeir sé kallaðir landssjóðs-eign í orði kveðnu. Bankinn, en ekki landssjóður, ber *allan* kostnað við gerð þeirra. Af þessum ástæðum er farið fram á að orða greinina eins og hér er gert. Þegar landssjóður hefir greitt bankanum fyrstu 100 þús., þá á bankinn að greiða landssjóði tiltölulega vexti af þeirri upphæð o. s. frv. Þetta er að mörgu leyti aðgengilegra fyrir landssjóð og líka aðgengilegt fyrir bankann, því að það hlýtur að auka tiltrú bankans og álit, að hann hefir svona mikið fé í veltunni og að landssjóður er meðeigandi (innskots-eigandi).

Við 2. umr. sætti þetta mál töluverðum andmælum frá hæstv. ráðherra og háttv. þm. S.-Þing. (P. J.). Eg hefi nú talað við þá báða og heyrt á þeim, að þeir teldu breytingarnar svo til bóta, að þeir myndu greiða atkvæði með frumv. við þessa umræðu, ef breytingartillögur okkar verða samþyktar. Eg vona því, að hver sá sem vill greiða fyrir þessu máli, muni greiða breyt.till. atkvæði.

Þá er loks farið fram á, að veitt sé heimild til að taka 200 þús. kr. lán í þessu skyni. Með þessu móti væri hægt að koma því svo fyrir, að þessi útgjöld yrðu landssjóði ekki til byrði að sinni. Ef til vill yrði þetta lán líklega tekið hér innanlands.

Þegar þingmenn nú íhuga alla málavöxtu, þá veit eg, að þeir sjá að þetta er ekki einungis bezti vegurinu, heldur líka lang-kaupmannlegast. Eg vona því að frumv. sæti nú góðum viðtökum og verði samþykt í einu hljóði út úr deildinni.

**Einar Jónsson:** Eg hefi ekki heyrt eitt einasta orð af því, sem háttv. framsögum. (B. Kr.) sagði. Eg vona því, að menn fyrirgefi mér að eg sný ekki máli mínu til þess sem hann var að tala um. Það sem kemur mér til að standa upp er það, að eg við 2. umr. þessa máls gerði enga grein fyrir atkvæði mínu. Þingm. hlýtur að hafa fundist það einkennilegt, að eg skyldi greiða atkvæði móti því þá, því að eg hafði látið í ljós við suma þeirra, að eg óskaði eftir að starfsfé Landsbankans væri aukið eftir því sem kringumstæður leyfðu.

Á atkv. mínu stóð þannig, að eg óskaði reyndar eftir að veltufé bankans væri aukið, en eg sá ekki að landssjóður mætti missa af svo miklu fé, sem hér er um að ræða. Þegar eg sá, hvaða stefnu þingið tók í fjárlögunum, þá nefnilega að spara ekkert útgjöldin, fyrir því þótt landssjóður væri ekki ríkari en raun gefur vitni um, heldur batt honum þungan bagga með alls konar fjárveitinum, þá sá eg að það væri ekki til annars en að leika sér að vera að samþykkja þetta frumvarp; bankanum

myndi ekki koma það að haldi, þar sem peningarnir yrðu ekki til.

Líka fanst mér, að lán þau sem veitt væru úr landssjóði væru síður veitt til óþarfa en þau sem bankinn veitti, og því væri nær að lána féð beint úr landssjóði, heldur en að leggja það fyrst bankanum til og hann svo veita lánin. Munurinn á landssjóðslánum og bankalánum er sá, að landssjóðslánin eru fremur veitt til félaga og framfara-fyrirtækja, en hin fremur til einstakra manna sem minni vissa er fyrir að hafi fullgildar tryggingar eða noti féð á réttan hátt. Br.till. þær sem nú eru komnar fram bæta aftur svo mikið úr skák, að eg hygg, að eg geti greitt frumv. atkvæði við þessa umræðu málsins, og svo hygg eg að muni fara um fleiri.

Eg vildi geta eins í sambandi við það, sem háttv. þm. Dal. (B. J.) sagði við 2. umr., að lán sem veitt væru með 6 % vöxtum í 20 ár væri gjöf eða styrkur, en ekki lán. Eg er nú ekki eins mikill reikningsmaður eins og háttv. þingm. þykist vera, en eg get þó reiknað 6 % af t. d. 1000 kr. í 28 ár. Ef nú 1000 kr. lán væri veitt til 28 ára með 6 %, þá væri eftir þessi 28 ár búið að borga af því 1620 kr. Þetta getur hver maður séð að er engin gjöf. Gerum nú ráð fyrir að landssjóður fái lán með $4^1/_2$ % og láni af því 1 þús. kr. til 28 ára með 6 %, þá græðir hann 420 kr. Af þessu er auðsætt, að það er engin gjöf að lána fá út með 6 % vöxtum á ári, þótt það sé veitt til 28 ára.

ATKV.GR.:

Br.till. 521 var of seint fram komin, en var leyfð aðganga.

Br.till. 521, 1 samþ. með 19 samhlj. atkvæðum.

Br.till. 521, 2 samþ. með 21 samhlj. atkvæðum.

Br.till. 521, 3 samþ. með 19 samhlj. atkvæðum.

Frumv. samþ. með 20 samhlj. atkv. og verður afgr. til Ed.

---

FRUMVARP til laga um friðun æðarfugla (499); 3. umr.

**Frams.m. (Benedikt Sveinsson):** Breytingartill. þær sem nefndin gerði við frumv., eru allar sjálfsagðar. Sumar eru leiðréttingar á prentvillum og sumar til þess að leiðrétta tölusetning greinanna. Mér sýnist nú að skrifstofan hefði átt að gera þetta, en úr því að hún hefir ekki gert það, þá varð nefndin að gera það.

Annars er frumv. nú svo limlest og umturnað, að því er engin lagfæringarvon í þessari deild. Við atkvæðagreiðsluna síðast vantaði marga þá menn, er helzt höfðu gert sér títt um frumvarpið og sætti það því hrakföllum í deildinni. Nú er að vísu kostur þessara manna við atkvæðagreiðslu, en nefndin hefir þó, úr því sem komið var, talið réttara að eiga ekki í höggi við deildarmenn, heldur senda frumvarpið aftur til efri deildar með þessum ummerkjum, því að henni er bezt treystandi til að lagfæra það, er ábótavant kann að vera. Þessi deild getur, hvort sem er, ekki boðið út þeim fræðimönnum, er sú deild hefir á að skipa um þessa hluti.

ATKV.GR.:

Br.till. 522, 1 og 522, 2 samþyktar án atkv.gr.

Frumv. svo breytt samþ. með 10:3 atkv. og afgreitt til Ed.

---

FRUMVARP til laga um sauðfjárbaðanir (441); 1. umr.

**Benedikt Sveinsson:** Eg legg til að málinu sé vísað til landbúnaðarnefndarinnar.

**Einar Jónsson:** Eg er samþykkur því, að málinu sé vísað til landbúnaðarnefndarinnar. En eg vildi benda nefndinni á, að í 6. gr. frumv. er atriði, sem er alveg óframkvæmanlegt. Eg skal ekki við þessa umræðu málsins tala um einstök atriði í frumv. Eg vildi einungis benda háttv. nefnd á, að hún ætti að taka þetta til íhugunar.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til 2 umr. með 15. shlj. atkv.

Vísað til landbúnaðarnefndarinnar með 13:1 atkv.

Fundi slitið.

## 42. fundur.

Laugardag 23. Ágúst 1913, kl. 12 á hád.

Dagskrá:

1. Frumv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915 (stj.frv., n. 348, 350, 366, 373, 384, 386, 387, 392, 393, 395, 396, 397, 400, 401, 413, 414, 416, 418, 419, 420, 421. 426, 428, 430, 431, 436, 439, 445, 454, 459, 460); frh. 2. umr.

---

Allir á fundi.

Fundargerð síðasta fundar samþ. og undirskrifuð.

Frseti tilkynti, að frá Ed. hefði verið endursent:

Frv. til laga um vatnsveitingar (531),

með tilmælum um að það yrði lagt fyrir Nd. að nýju.

Enn fremur tilkynti forseti, að með bréfi dags. 22. Ágúst hefði forseti Ed. tjáð sér, að felt hefði verið við 2. umr. þar í deildinni:

Frv. til laga um sérstaka dómþinghá í Öxnadalshreppi.

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið frá Sþ.:

Skýrslu um gjöf Jóns Sigurðssonar frá 1. Jan. 1911 til 31. Des. 1912 (537).

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið í deildinni:

1. Frv. til laga um vatnsveitingar. Eftir eina umr. í Ed. (531).
2. Frv. til laga um heimild til að veita einkarétt til þess að vinna salt o. fl. úr sjó. Frá nefndinni í málinu: Beiðni frá Páli J. Torfasyni um einkarétt til saltgerðar o. fl. (530).
3. Framhaldsnefndaráliti um frv. til laga um umboð þjóðjarða (532).
4. Framhaldsnefndaráliti um frv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915 (556).
5. Nefndaráliti um frv. til laga um hagstofu Íslands (533).
6. Breytinga- og viðaukatillögum við frv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915 á þingskjölunum 529, 534, 536, 538, 539, 540, 541, 542, 343, 544, 545, 548, 549, 554, 555, 557, 558, 560, 561 og 563.
7. Breytingartillögum við sama frv. á þgskj. 487, 488, 489, 492, 494, 495, 502, 506, 508, 516, 517, 518, 520, 523, 524, 525, 526, 527, 528, öllum þessum síðasttöldu hafði verið útbýtt áður.

Loks skýrði forseti frá, að útbýtt hefði verið frá Ed.:

1. Frv. til girðingarlaga. Eftir 2. umr. í Ed. (547).
2. Frv. til laga um friðun æðarfugla. Eftir 3. umr. í Nd. (553).
3. Frv. til laga um samþyktir um herpinótaveiði á Eyjafirði. Eftir 2. umr. í Ed. (535).

4. Frv. til laga um að landssjóður leggi Landsbankanum til 100 þús. krónur á ári í næstu 20 ár. Eftir 3. umr. í Nd. (552).
5. Breytingartillögu við frv. til laga um herpinótaveiði á Eyjafirði. Frá Einari Jónsyni (550).
6. Breytingartillögum við sama frv. Frá meiri hluta nefndarinnar (559).

Þá var gengið til dagskrár og tekið fyrir:

FRUMVARP til fjárlaga fyrir árin 1914—1915 (stj.frv., 503, n. 556, 487, 488, 489, 492, 494, 495, 502, 506, 508, 516, 517, 518, 520, 523, 524, 525, 526, 527, 528, 529, 534, 536, 538, 539, 540, 541, 542, 543, 544, 545, 546, 548, 549, 554, 555, 557, 558, 560, 561); 3. u m r.

**Framsögum. (Pétur Jónsson):** Þótt nú sé nokkuð liðið frá 2. umr., þá hefir fjárlaganefndin samt haft nauman tíma til að taka frumvarpið til athugunar, eins og það nú er orðið, og því síður breyt.till., sem nú eru framkomnar frá einstökum þingmönnum. Flestar breyt.till. komu ekki fram fyr en í gærkveldi, en ýmsar eru ókomnar, þar á meðal framhaldsnefndarálitið og brt. nefndarinnar. Geymi eg mér að minnast á þær þangað til þær eru komnar.

Eftir því sem mér hefir reiknast, nema hækkanir á fjárlögunum við 2. umr. samtals 254330 kr., að frádregnum lækkunum, sem nema nál. 90 þús. kr. Af þessum hækkunum stafar mikið frá nefndinni, en þó tiltölulega meira frá einstökum þingmönnum; eru þar á meðal ýmsar breyr.till., sem komu svo seint, að hvorki nefndin né deildin hafði nægan tíma til að athuga þær. Þessar hækkanir hafa þau áhrif á fjárhagsáætlunina, að komið hefir fram tekjuhalli, sem nemur rúmum 166 þús. kr., þrátt fyrir hækkunina á tekjuáætluninni. Þannig liggur frumvarpið fyrir nú. Þó er þess ennfremur að gæta, að gengið hefir verið alveg fram hjá 13. gr. C., samgöngum á sjó. Það má búast við því, að þar sem stjórnin hefir sett þennan lið nokkuru lægra en áður var, muni þurfa að hækka hann. Um samgöngumálin hefir nú fjallað sérstök nefnd og má búast við því, að tillögur hennar um þennan lið verði að mestu samþyktar. Þær breyt.till. eru nú fram komnar og nema hækkanirnar 71 þús. kr. og hefir fjárlaganefndin fallist á þær yfirleitt. Auk þess liggja fyrir frá einstökum þingmönnum tillögur til hækkunar á þessum lið. Loks er þess að gæta, að aðallækkunin, sem gerð var við 2. umr., stafaði af því, að menn urðu ekki ásáttir um, hvora ána ætti að brúa, Eyjafjarðará eða Jökulsá, og urðu þær lyktir á, að hvorug komst að. Hér er því naumast um sparnað að ræða, heldur að eins frest. En Ed. setur að líkindum inn aðra hvora brúna, svo þar má búast við, að bætist við tekjuhallann minst 70 þús. kr. Ef nú tekjuhallinn heldst, eins og hann er nú, og till. samgöngumálanefndarinnar verða samþyktar, sem gera má ráð fyrir og ef Ed. setur inn í fjárlögin aðra hvora brúna, þá er tekjuhallinn kominn upp í nærfelt 308 þús. kr.

Ein sparnaðartillaga liggur fyrir við 13. gr. E, um að fella burt Ingólfshöfðavitann. Mér þykir lítt sæmilegt að leggja ekkert til vitabygginga í þetta sinn; hvað sem um þetta vitastæði er að segja, þá kemur ekki til mála að setja engan vita í staðinn. Menn verða að athuga, að tekjur, sem landssjóður hefir af vitunum, nema fyllilega vitakostnaði, þótt einn viti sé bygður á fjárhagstímabili.

Þá er tillaga um að lækka um 10—15 þús. kr. fjárveiting til aðgerðar á dómkirkjunni. Það er spurning um, hvort þetta getur talizt sparnaðartillaga,

með því að viðgerðin er talin bráðnauðsynleg fyrir ekki minna fé en 20 þús. krónur.

Að öðru leyti virðast menn ekki hafa mikla löngun til að spara, nema þá helzt háttv. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.).

Þá skal eg snúa mér að hinum einsöku breyt.till. Um leið skal eg taka það fram fyrir nefndarinnar hönd, að henni þykir þessi straumur í fjáreyðsluáttina mjög óálitlegur og mun beita sér af alefli gegn honum; þótt hún hafi mestu tilhneiging til að hallast að nokkurum þeirra, þá verður nefndin yfirleitt andstæð öllum hækkandi tillögum.

Tek eg þá breyt.till. eftir röðinni.

Við 12. gr. er 1. breyt.till. á þgskj. 536. Það er að eins orðabreyting, og hirði eg ekki að stæla um hana.

Þá er 13. gr. B. Þar liggja fyrir brtill. um 15 þús. kr. hækkun á fjárveitingum til vega. Vegaféð er nú eftir frumv. með mesta móti og er nefndin mótfallin því, að hækka það meira. Læt eg það nægja, sem svar gegn öllum þessum brtill. Þó skal eg geta þess viðvíkjandi brtill. á þgskj. 548, um 5000 kr. fjárveiting til að breikka veginn í Kömbum og steinlíma ræsi í veginum milli Reykjavíkur og Ölfusárbrúar, að nefndin veit ekki til þess, að fyrir liggi nokkurt álit landsverkfræðingsins um þetta; ef þessa væri brýn þörf, mundi hann hafa komið fram með ósk um að hækka féð til viðhalds flutningabrauta. Þar ætti fjárveiting til þessa heima.

Þá eru hér og brtill. um fjárveiting til tveggja brúa, og er hvorttveggja uppvakning frá 2. umr., og álít eg hæpið, að þær geti komið til atkvæða nú, því að ef mönnum helzt uppi að fara slíka krókavegi, þá eru þingsköpin að vettugi virð. Brúin á Bleikdalsá er lækkuð um 100 kr. frá því sem var við 2. umr., sem Kjósarsýsla á að leggja fram, og sjá allir, að slíkt er engin teljandi efnisbreyting. Á móti þessu legst nefndin algerlega og sömuleiðis hinni brúnni, Þverá í Eyjafirði. Sama er að segja um fjárveiting til vegarins milli Grindavíkur og Keflavíkur, sem feld var við 2. umr.

Um brtill. á þgskj. 529, um fjárveiting til að ryðja akfæran veg frá Kópaskersvogi inn að Jökulsárbrú í Öxarfirði, er sama að segja, að nefndin hefir ekki getað fallist á hana. Úr þessu byðgarlagi lá fyrir fjárlaganefndinni umsókn um styrk til að brúa á eina á Langanesströndum; einn maður í fjárlaganefndinni fiutti hana þar, en hún féll við atkvgr. í nefndinni; samt er ekki loku fyrir það skotið, að hún komist að í Ed. Nefndin getur ekki fallist á þessa brtill. þm. N.-Þing., en verður þó að játa, að þessi brtill. á þgskj. 529 sé sanngjörnust þeirra, sem nú hefi eg nefnt.

Þá sný eg að brtill. á þgskj. 487 og 494 við 13. gr. C. Fjárlaganefndin hefir skýrt frá skoðun sinni á þessum brtill. í framhaldsnefndarálitinu, þgskj. 556, sem menn geta lesið, þegar það kemur úr prentun nú í dag. Nefndin hefir fallist á brtill. á þgskj. 487 í öllum aðalatriðunum, bæði um tilhögun og skilyrði. Nefndin litur svo á, að rétt sé að veita stjórninni nokkurt fé til að láta rannsaka samgöngur vorar á sjó, úr því að vér ætlum oss nú að taka þær í vorar hendur. Það er leitt, hve þingið hefir átt lítinn kost á upplýsingum um slík mál. Þótt stjórnin hafi útvegað tilboðin, hefir þingið engar skýrslur haft til samanburðar, hvorki um flutningaþörf, útgerðarkostnað né annað. Sama er að segja um bátana, nema Faxaflóabátinn. Sjálfsagt er að taka ferðir þeirra með í inni fyrirhuguðu rannsókn. Því að þótt þingmennirnir séu alstaðar af landinu, hafa fæstir þekking annarstaðar en rétt í kringum

sig, og enginn hefi haft næga yfirlitsþekking til að dæma um þetta mál. Þótt nú fjárlaganefndin hafi fallist á að veita fé til rannsóknar þessa máls, þá getur hún þó ekki lagt með því, að nú verði sett upp eins konar föst samgöngumálastjórn, og leggur því til, að breytt sé fyrirsögnni í 1. á þgskj. 487, þannig að fjárveitingin sé veitt til undirbúnings. Auðvitað hefir nefndin ekki á móti því, að stjórnin fái sérstaka menn til að rannsaka málið, en hún vill að eins ekki binda þingið framvegis við fastan starfsmann að svo komnu í því efni. Tilætlunin er, að ið fyrirhugaða ísl. eimskipafélag taki við öllum samgongunum og þar með stjórn þeirra, og hefir því stjórnin tæplega þörf til slíks aðstoðarmanns, þegar það er komið á laggirnar.

Viðvíkjandi þeim ágreiningi, sem varð í samgöngumálanefndinni og kom fram í brtill. um skilyrðið fyrir styrkveitingu til Eimskipafélugsins, þá er líkt ástatt í fjárlaganefndinni. Meiri hlutinn þar er sömu skoðunar og meiri hluti samgöngumálanefndarinnar, en sumir nefndarmenn eru aftur fylgjandi minni hluta hennar. Sérstakt kappsmál er þetta þó ekki, og hafa nefndarmenn nokkurn veginn óbundnar hendur, hvernig þeir greiða atkvæði.

Nefndin hefir fundið ástæðu til að hækka styrkinn til Faxaflóabátsins og Breiðafjarðarbátsins um 2000 kr. árlega til ins fyrri og 1000 kr. til ins síðari á árí. Væntir nefndin því þess, að tillögumenn brtill. um það, að hækka stykinn til Breiðafjarðarbátsins upp í 10.000 kr., taki þá tillögu aftur og láti sér þetta lynda. Ef samkomulag verður ekki, getur það spilt fyrir þeim gullna meðalvegi.

Þá hefir komið fram brtill. frá nokkrum háttv. þm. um það, að teknar sé á fjárlögin árlega 50.000 kr. til að kaupa hluti í Eimskipafélaginu. Nefndin hefir ekki getað fallist á þessa tillögu. Það er ekkert fé fyrir hendi til þessa, sérstaklega þegar litið er til fyrri samþyktar deildarinnar í fjármálum, að verja 100.000 kr. árlega til styrktar Landsbankanum. Um hlutakaup í Eimskipafélaginu vill nefndin láta sitja við frumv. samgöngumálanefndarinnar, sem nú er gengið til 3. umr. hér í deildinni. Þar er að vísu hluttaka landssjóðs bundin því skilyrði, að félagið taki að sér strandferðirnar. Meiri hluti nefndarinnar lítur svo á, að ekki megi ganga fram hjá þessu ákvæði og ástæðulaust sé að vera að styrkja félagið, ef það geti ekki eða vilji ekki taka að sér það, sem okkur er brýnust þörfin á — strandferðirnar.

Þá hefir háttv. þm. Borf. (Kr. J.) lagt það til, að styrkurinn til Hvítárbátsins sé færður upp í 800 kr. Nefndin getur ekki fallist á þá tillögu, en vill fara meðalmeginn og láta styrkinn vera 600 krónur.

Þá hefi eg ekki meira um samgöngur á sjó að segja.

Þá kem eg að 13. gr., D. og E. liðnum. Háttv. 1. þm. Skgf. (Ól. Br.) hefir borið fram brtill. á þgskj. 517, sem fer fram á það, að breyting, sú sem samkvæmt tillögum fjárlaganefndarinnar var gerð við 2. umr. á liðnum um rekstrarkostnað við símana, til hækkunar á launum 2 starfsmanna, verði færð aftur í samt lag. Þessi liður var hækkaður um 400 kr., sem var launaviðbót þeirra Gísla Jónssonar stöðvarstjóra og Smiths símaverkfræðings. Væntanlega færir háttv. þm. ástæður fyrir þessari brtill. sinni, en nefndin hefir ekki getað fallist á hana. Hún skoðar þetta eðlilega og sanngjarna hækkun, enda óviðkunnanlegt að kippa aftur að sér hendinni, þegar búið er að ákveða við 2. umr.

Þá er á þgskj. 492 brtill. frá háttv. þm. Snæf. (H. St.) um það, að veita 100 kr. árlega til leiðarljóss á Svartabakka við Stykkishólm. Þetta hefir staðið á fjárlögum áður með 75 kr. Og getur nefudin fallist á, að þetta fé sé veitt.

Þá er brtill. á þgskj. 526, frá háttv. þingm. S.-Múl. o. fl., um það, að fjárveitingin til vitabyggingar á Ingólfshöfða sé feld burt. Þessi tillaga er líklega fram komin fyrir það, að þeir álíta vitann illa settan á þessum stað og mun þá tilætlun þeirra, að háttv. Ed. lagfæri þetta á þá lund, að vitinn skuli settur í Meðallandi. Því að ekki get eg trúað því, að þeir ætlist til þess, að Suðurland fái engan vita á þessu fjárhagstímabili. Eg hefi átt tal um þetta við nokkra menn, sem vit hafa á, t. d. við kapteininn á Botniu, sem hefir farið hér um afarlengi og er flestum Íslendingum að góðu kunnur. Hann kvaðst hafa stungið upp á því fyrir löngu, að viti væri settur á þessum stað. Hann sagði, að það væri hiklaust réttast að setja fyrst vita á þeim stöðum, sem skærust lengst í sjó fram. Það væri því nauðsynlegt að setja vita á þessum stað. Hann kannaðist við það, að heppilegt legt væri fyrir fiskiskip að hafa vita á Meðallandi, en fyrir skip, er til landsins kæmu, væri mest þörf á vita á Ingólfshöfða. Viti á Meðallandi væri þeim skipum alls ónógur. Nefndin álítur því óhyggilegt að taka þennan lið burtu og leggur á móti brtill.

Þá er sparnaðartillaga frá háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) á þgskj. 523, um að færa styrkinn til aðgerðar á dómkirkjunni niður í 5000 krónur, eða til vara 10.000 kr. Eg veit ekki, hvað vakað hefir fyrir háttv. þingmanni í þessu efni. Geti hann sýnt sæmilega áætlun um það, að þetta fé muni nægja, þá býst eg við, að nefndin gæti fallist á tillögu hans. En eg er hræddur um, að hann hafi ekki betri áætlanir en þær sem fyrir nefndinni lágu og sýndu ljóslega, að ekki mátti veita minna fé til aðgerðarinnar, ef hún ætti að verða sæmileg, en nefndin fór fram á. Nefndin lítur svo á, að það væri ekki sómasamlegt, að hafa kirkjuna í þeirri hættu, sem hún er nú í, og ef gert væri við hana á annað borð, þá ætti að hafa verkið almennilegt.

Þá er brtill. á þgskj. 549, frá háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) o. fl., um 1000 kr. styrk til að láta afskrifa og ljósmynda skjöl, Íslandi viðkomandi, á ríkisskjalasafni Dana. Það væri skemtilegt, ef við gætum náð í slík skjöl og önnur, sem okkar sögu viðkoma, en nefndin getur ekki séð, að hægt sé að sinna sérhverju, sem skemtilegt er og gagnlegt. Fimtánda grein hækkar býsna mikið þótt þessu sé slept.

Þá eru 3 brtill. um styrk til málaranáms. Á þgskj. 542, um styrk til Júlíönu Sveinsdóttur til að lúka námi á listaháskólanum í Khöfn, 400 kr. hvort ár. Það er sams konar fjárveiting og veitt var Kristínu Jónsdóttur við 2. umræðu, en nefndin hafði mælt á móti, eins og öllum tillögum um að styrkja menn til málaranáms, nema tillögunni um Kjarval, sem hún lét afskiftalausa. Nefndin er í þessu efni sama hugar og áðnr, og verður því að leggja á móti þessum brtill. Sama er að segja um brtill. á þgskj. 540. Aftur á móti er á þgskj. 525, 1. lið, breyt.till. um það, að hækka styrkinn til Kjarvals um 200 kr. Nefndin lætur þessa tillögu afskiftalausa og hefir alveg óbundnar hendur. Fyrst honum er veittur styrkur á annað borð, munar minstu um þessar 200 kr.

Þá er seinna á sama þgskj. farið fram á, að styrkurinn til Íþróttafélagsins sé hækkaður um 300 kr. á ári, og á þskj. 535 er breyt.till. um, að sá styrkur verði hækkaður um 500 kr. fyrra árið. Nefnd-

in var í efa um, þegar þessi styrkbeiðni var fyrst rædd, hvort hún ætti að taka Íþróttafélagið inn á fjárlögin. Hún var hrædd um, að það kynni að draga þann dilk á eftir sér, að þessi styrkur yrði að staðaldri á fjárlögunum — og það væri í raun og veru dálítið vafasamt, hvort mikið væri í það varið, að vekja þá hugsun hjá mönnum, að flýja strax til landssjóðs og menn vildu koma einhverju nytsamlegu í framkvæmd. Samt sem áður komst hún að þeirri niðurstöðu, sökum þess, hve vilji og starfsemi félagsins er virðingar og viðurkenningarvert, að leggja til, að því yrði veittar 500 kr., og þetta var samþykt við 2. umræðu. Eg hefi átt tal við formann Íþróttafélagsins, og var ekki annað á henum að heyra, en hann væri þinginu mjög þakklátur og ánægður með þennan styrk. Nefndin álítur því ekki, að ástæða sé til að hækka þennan lið og verður því að leggja á móti breytingartillögunni.

Á þgskj. 555 fer háttv. þm. Dal. (B. J.) fram á það, að Ríkharði Jónssyni, sem veittar voru til náms við 2. umr. 1000 kr., verði í viðbót veittar aðrar 1000 kr. til Rómaferðar. Nefndin viðurkennir hæfileika þessa efnilega manns og vill gera sitt til að styrkja hann. Hafa nefndarmenn óbundnar hendur í þessu atriði.

Þá fer háttv. 2. þm. G.-K. (Kr. D.) á þgskj. 544 fram á það, að styrkurinn til Guðm. skálds Guðmundssonar verði hækkaður upp í 2000 kr., eða til vara 1600 kr. Nefndin hefir ekki séð ástæðu til að hækka fremur þennan skáldstyrk en aðra og leggur því á móti þessari tillögu.

Þá fer háttv. þm. Dal. á þgskj. 524 fram á það, að veittar verði alt að 4000 kr. til þess að þýða á þýzku og gefa út bók Einars háskólakennara Arnórssonar um réttarstöðu Íslands. Nefndin hefir ekki getað áttað sig á því, hve mikið væri í þetta borið. Þeir sem ekki hafa lesið bókina, treysta sér ekki til að mæla með breytingartillögunni. Eg fyrir mitt leyti kannast við, að eg hefi ekki vit á að dæma um slíka bók. En menn verða að vera vissir um að bókin yrði landinu ekki til neins vansa. Eg segi þetta ekki af því, að eg hafi neinn grun um neina sérstaka galla á bókinni. En mér finst athugavert að samþykkja slíka tillögu áður en menn hafa vissu sína um, að bókin sé til mikils gagns og sóma bókmentum vorum; því að um norræn sögu vísindi þurfum vér að vera afar-vandir að virðingu vorri. Meiri hluti nefndarinnar leggur á móti því, að tillagan verði samþykt.

Þá vildi þingm. Dal. breyta fjárveitingunum, sem samþyktar voru við 2. umræðu, 2400 kr. fyrra árið til kaupa á höggmyndum og 2000 kr. til málverkakaupa seinna árið í 2400 kr. hvort árið til höggmyndakaupa og það skilyrði sé sett, að $^5/_6$ hlutar fjárins gangi til þess að kaupa verk Einars Jónssonar. Nefndin hefir lagt á móti styrk til málara, en vildi bæta úr því með þessari tillögu sinni, að einhverju fé yrði varið til málverkakaupa — það væri kannske eins heppilegur styrkur málurunum og bein fjárveiting. Þess skal getið, að nefndin gekk út frá því sem gefnu, að það yrði einkum Einar Jónsson sem nyti góðs af þessu fé til höggmyndakaupa, án þess að hendur stjórnarinnar væru bundnar í því efni. Treysti hún stjórninni til að gæta allrar réttsýni og smekkvísi í þessu og verður því að leggja á móti brtill.

Breytingartillögur við 16. gr. nema til hækkunar samtals 35000 krónum.

Það er þá fyrst brtill. frá háttv. 1. þingm. Árn., um það, að styrkurinn sem ákveðinn er til rannsóknar vatnsveitu um Skeið og Flóa, gangi að eins til

rannsóknar Flóaáveitu. Nefndin hefir ekki séð ástæðu til að breyta þessu ákvæði. *(Sigurður Sigurðsson:* Rannsókn á Skeiðunum er lokið). Ef henni er lokið, þá gerir ekkert til, þótt þetta ákvæði standi, því að fénu verður þá ekki varið til hennar. En sé henni ekki lokið og ákvæðinu er breytt, þá er áreiðanlegt að beiðni kemur fram aftur um fé til rannsóknar þessarar á Skeiðunum — ekki sízt þar sem svo virðist, sem þessum héruðum sé það ákaflega viðkvæmt, að leggja út nokkurn eyri til þeirra framfarafyrirtækja, sem þar er lagt út í.

Á þgskj. 527 er brtill. frá háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) og 1. þm. Rangv. (E. J.) um 1000 kr. styrk í viðurkenningarskyni til Þorvalds bónda Björnssonar. Þessi tillaga hefir legið fyrir Alþingi áður og var eg þá á móti henni. Sama hugar er eg enn. Eg álít það sé til lítils sóma bændastéttinni, að verið sé að setja menn af þeirri stétt í þessa grein fjárlaganna. Og ef það er ekki henni til sóma, þá er það heldur ekki manninum sjálfum til sóma. Eg mun því greiða atkvæði á móti þessari tillögu.

Þá er á þgskj. 545 brtill. frá háttv. þm. Dal. (B. J.) um styrk til Þorv. hreppstjóra Þorvarðssonar í viðurkenningarskyni. Þessi maður hefir átt fleiri börn en flestir aðrir hér á landi, hefir komið þeim vel upp og einnig verið hreppstjóri í 40 ár. Ef honum virðist einhver sómi í þessari fjárveitingu, þá hefir nefndin ekki á móti brtill. En spursmál er, hvort ekki mætti sýna honum sóma á einhvern annan hátt viðfeldnari, því að þurfalingur er hann ekki með svo mörg mannvænleg börn uppkomin.

Þá er á þgskj. 541 brtill. frá 1. þm. Rangv. (E. J.) um það, að hlutafélaginu Ingólfi á Eyrarbakka sé veittur styrkur til þess að halda uppi vöruflutningum á bifreið milli Eyrarbakka, Stokkseyrar og Reykjavíkur og um Árnessýslu.

Fjárlaganefndin fór fram á sams konar fjárveiting til Sveins Oddssonar beinlínis sem tilraun, og er algerlega á móti því að farið sé að styrkja fleiri tilraunir heldur en þær, sem þegar er búið að samþykkja, frá Reykjavík austur um sveitir og á Fagradal. Nefndin hefir litið svo á, að það væri nóg að gera eina slíka tilraun í bráðina, því að það er ekki gott að segja, hvort þetta getur verið til frambúðar, nema með breytingu á vegunum, þó að þessi eina tilraun með mannflutninga hér sunnanlands í ár hafi gefist fremur vel. Hitt er ekki gott að segja, hvort nefndin hefði frekar sint þessari málaleitun eða Sveins Oddssonar, ef þessi hefði komið á undan. En það mælir helzt með Sveini, að hann hefir gert tilraunir á eigin ábyrgð og kostnað í ár, og væri því undarlegt, að hann væri ekki látinn ganga fyrir, þar sem hann hefir lagt töluvert í sölurnar.

Á þgskj. 554 er till. frá háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) um, að breyta orðalagi 29. liðs 16. gr. Það er viðvíkjandi fjárveitinguuni til eftirlits með silfurbergsnámunni í Helgustaðafjalli. Till. fer ekki fram á annað en að fjárveitingin sé fastbundin við núverandi eftirlitsmann. Jafnvel þó að fjárlaganefndinni séu ekki kunnar neinar ástæður móti því, að sami eftirlitsmaður verði framvegis og verið hefir hingað til, þá hefir hún ekki viljað binda fjárveitinguna við nafn, og getur því ekki verið með þessari tillögu.

Loks er við þessa grein br.till. á þskj. 546 frá þm. Dal. (B. J.), og veit eg nú ekki, hvað breyt.till. hans eru orðnar

margar. Till. er í 2 liðum, og er fyrri liðurinn um fjárveitingu til viðskiftaráðunauts, 15000 kr. á ári, þannig sundurliðaður:

a. Laun viðskiftaráðunauts 4000 kr.
b. Ferðakostnaður . . . . . 2000 —
c. Skrifstofufé . . . . . 1000 —
d. Til aðstoðarmanna . . . . 8000 —

Nefndina furðaði ekki svo mjög á, að svona till. kæmi frá viðskiftaráðunautnum, en hana furðaði hitt meira, að hann skyldi ekki fara fram á að fella burtu liðina, sem samþyktir voru við 2. umr. til verzlunarerindsreka. Það virðist vera fullmikið af því góða, að samþykkja þetta í viðbót við hitt. Nefndin hefir átt aðalþáttinn í því, að þessir 2 verzlunarerindrekar, sem búið er að samþykkja, kæmust inn í fjárlögin, og vakti það fyrir nefndinni frá upphafi, að þessir menn yrðu ekki að öllu leyti gerðir út á kostnað landssjóðs, heldur að fullum helmingi á kostnað samvinnufélaga og verzlunafélaga. Hún áleit að það væri heppilegra að fara þessa leiðina til að tryggja það, að í stöðurnar fengjust duglegir menn, sem gætu orðið að verulegu gagni, heldur en fara þá leið, sem reynd hefir verið undanfarið. En þessi tillaga viðskiftaráðunautsins virðist miða til þess, að halda áfram í sama horfinu og verið hefir. Nefndin vill alls ekki hafa skifti á þessu fyrirkomulagi og því, sem hún hefir sjálf stungið upp á. Þá er 2. liðurinn í br.till. um það, að tengja ekki fjárframlagið til Sambands íslenzkra samvinnufélaga og Slátursfélags Suðurlands við nöfn þessara félaga. Eg veit ekki, hvað hefir vakað fyrir háttv. þm., en ef það er það, að hann hefir viljað færa þetta í samræmi við seinni liðinn, sem ekki er bundinn við neitt nafn, þá skal eg geta þess, um þann lið, að það kom ekki fram frá neinu sambandi eða samvinnufélagi nein beiðni um þetta, en ef fjárlaganefndin hefði fengið beiðni frá einhverju samvinnufélagi í landinu um slíkan styrk, þá er enginn vafi á því, að hún hefði miklu fremur kosið að binda fjárveitinguna við nafn þess. Eg verð að halda því fram af fullum krafti, að það er in fylsta trygging fólgin í því, að það eru þessi sambönd, sem hafa málið með höndum, og væri því meiningarlaust að fella niður nöfn þessara félaga.

Þá er nú ekki mikið eftir af þessum br.till. Á þgskj. 495 er br.till. frá einum nefndarmanninum, háttv. 2. þingm. Rang. (E. P.), um styrk til ekkjufrúar Kristínar Sveinbjarnardóttur frá Holti undir Eyjafjöllum, 300 kr. á ári. Nefndin getur, eftir atvikum, verið þessari tillögu meðmælt.

Þá er á þgskj. 506 tillaga frá öðrum nefndarmanni, háttv. 1. þm. Árn. (S. S.), um að veita 25,000 kr. lán úr viðlagasjóði til áveitu úr Þjórsá á Skeiðin. Lánið ávaxtist með $4^1/_2$ %, afborgunarlaust fyrstu 2 árin, og borgist síðan á 20 árum með jöfnum afborgunum. Nefndin hefir verið á móti því, að fara frekara í lánveitingar en orðið er, — það er orðið all-álitleg upphæð, eitthvað um 140,000 kr., — en eigi að síður mun hún ekki gera þetta að neinu kappsmáli, því að það er áreiðanlega þarflegt fyrirtæki, sem hér er um að ræða.

Á þgskj. 488 fer háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ól.) fram á, að hækka lánsheimildina til símalagninga um 10,000 kr. Hann hefir þar vafalaust fyrir augum, að Súgandafjarðarsíminn geti fengið það lán, sem óskað hefir verið. Nefndin er ekki með að bæta við þessar lánsheimildir, en mun þó ekki leggja beint á móti þessu.

Þá er enn á þgskj. 518 nokkrar br.-till. frá háttv. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.) um, að breyta lánskjörunum í 20. gr. Jafnvel þótt nefndin gæti fallist á að

breyta lánskjörunum nokkuð, þá þykir henni hér of lagt farið, og getur ekki fallist á þessar till. eins og þær liggja fyrir. Nefndinni gafst ekki tími til að taka þetta mál til rækilegrar meðferðar, og skal eg ekki fara lengra út í það.

Þá hefi eg nú farið yfir þessar br.till., og er það leiðinlegt verk og líklega enn leiðinlegra að hlusta á. Kem eg þá loks að br.till. nefndarinnar sjálfrar á þgskj. 557. Þær eru að nokkru leyti orðabreytingar, og skal eg stuttlega gera grein fyrir þeim. Þriðji liðurinn er við 13. gr. B. (I. 2.) um, að hækka fjárveitinguna til verkfróðra aðstoðarmanna um 2700 kr. seinna árið. Svo er mál með vexti, að fjárlaganefndin fekk í gær tillögu frá stjórnarráðinu um, að hækka þennan lið, og byggir stjórnarráðið þessa tillögu sína á erindi frá búnaðarþinginu, þar sem farið er fram á fjárveitingu til þess að hingað geti fengist vatnsvirkjafróður maður. Það hefir oft verið tilfinnanlegt, að hafa ekki slíkan mann til að standa fyrir stærri vatnsveitingafyrirtækjum og vörnum við vatnágangi, og hefir stundum þurft að fá útlenda menn til rannsókna á slíku, en þegar innlendir menn hafa verið brúkaðir, hefir mest verið leitað til verkfræðings landsins og hefir hann við það tafist frá öðrum nauðsynlegum störfum sínum. Nú hefir þetta verið borið undir verkfræðing landsins, og hefir hann komið fram með ítarlegt álitsskjal og leggur til að auka fjárveitingu til verkfræðings landsins, svo að hann geti bætt við sig verkfróðum manni, er verði honum til aðstoðar bæði í þessu augnamiði og svo við störf hans yfir höfuð. Telur hann heppilegra að sameina þetta, því að stundum sé mikið að gera við vegalagningar, en aftur stundum meira við vatnsveitingarannsóknir. Býst hann því við, að þetta verði sparlegra, og hyggur, að komast megi af með 2700 kr. á ári, 2000 kr. til aðstoðarmannsins og hitt til ferðalaga. Fjárlaganefndin felst á að taka þetta til greina, en álítur málið þó ekki svo undirbúið, að ástæða sé til að veita þeasa viðbót fyr en seinna árið.

Fyrir nefndinni hafði legið beiðni frá skólastjóranum á Hvanneyri um styrk til smíðakenslu. Það var ekki við öðru að búast en að þessi beiðni kæmi fram, úr því að búið er að veita bændaskólanum á Hólum slíkan styrk, og því fremur mátti búast við þessu, þar sem skólastjórinn hefir þegar komið upp dálitlum vísi til smíðakenslu. Fjárlaganefndin hefir því fallist á að veita 600 kr. á ári í þessu skyni.

Þá er 6. breyt.till. nefndarinnar við 14. gr. Hún fer í þá átt, að taka unglingaskólana á Núpi, Ísafirði og Seyðisfirði og skólann á Hvítárbakka, og slengja þeim saman við aðra unglingaskóla, þannig, að til þeirra allra sé veitt ein fjárhæð, og er hún hækkuð um það sem þessir fjórir skólar hafa haft samtals. Er þetta gert til að koma meiru samræmi á þessu efni eftirleiðis. Fyrir þessu eru færðar nokkrar ástæður í framhaldsnefndarálitinu, og skal eg ekki orðlengja meira um það. Eg vona, að þeir háttv. þm., sem hlut eiga að máli fyrir hönd þessara skóla, geti fallist á þetta, því að það á hvort sem er ekki að saka þá neitt.

Viðvíkjandi 15. gr. fer nefndin fram á þá breytingu, að fé, því sem samþykt var við 2. umr. að veita til samningar handritaskrár, megi einnig verja til þess að halda áfram samningu spjaldskrár. Nefndiani hefir verið skýrt frá, að það sé nauðsynlegt að halda þessu verki áfram, og í öðru lagi, að til sé maður, sem geti leyst verkið af hendi, og vildi nefndin ekki hafa á móti því.

Þá eru 8. og 9. liður í brtill. nefnd-

arinnar að eins til að breyta formi, og vona eg að allir fallist á að það sé til bóta. Það þurfti að færa fyrirsögnina á 16. gr. til samræmis við efnið, og að öðru leyti til að gera niðurröðun liðanna eðlilegri og heppilegri. 10. liðurinn er um að veita 2500 kr. til húsabóta á skógræktarjörðinni Vöglum. Landssjóður á þessa jörð, en skógarvörðurinn, sem þar býr, á við svo léleg húsakynni að búa og þröng, að slíkt er fádæmi. Eg hefi oft komið þangað og er þessu kunnugur, og tel eg ómögulegt fyrir manninn að haldast þar við nema umbót sé gerð á byggingunni, en óhugsanlegt að hann byggi sjálfur. Það er góður og gegn maður, sem í hlut á, og hefir hann sagt, að hann færi í burt ef hann fengi ekki betri húsakynni. Stjórnarráðið hefir lagt þessa breyt.till. fyrir fjárlaganefndina, og nefndin hefir fallist á hana.

Þá er næsti liður sömuleiðis eftir tillögu stjórnarráðsins um styrk til dýralækningabókar. Það stendur nú á samningi þessarar bókar, svo að styrkurinn, sem nú er á fjárl., verður ekki notaður fyr en eftir lok fjárhagstímabilsins. Það hefir enn fremur komið í ljós, að bókin verður miklu stærri og þar af leiðandi dýrari heldur en við hafði verið búist, og er því farið fram á 900 kr. styrk til útgáfunnar, en þar af eru 300 kr. bara endurveiting.

Loks hefir Búnaðarfélag Íslands skorað á þing og stjórn að veita styrk til leiðbeiningar í húsagerð til sveita. Það vill nú svo til, að hér er nú til maður, sem áður var timbursmiður, en hefir dvalið 5 ár erlendis og lagt sig eftir húsagerð sérstaklega, svo að það er hægt að benda á mann, sem getur tekið þetta að sér nú þegar. Stjórnarráðið hefir farið fram á nokkru hærri fjáveitingu hvort árið í þessu skyni, en nefndin hefir leyft sér að gera það að tillögu sinni að veita 1000 kr. Það er sú minsta upphæð, sem hægt er að komast af með, og vona eg að háttv. þingmenn verði ekki á móti þessari litlu en þarflegu fjárveitingu.

Þá skal eg vekja athygli á því, að breyt.till. við 18. gr. stafar af því, að ekkjufrú Anna Johnsen er dáin fyrir 3—4 árum, og sýnist því vera tilgangslítið að veita henni styrk á fjárlögum. Eg skal geta þess, að talan »750 kr.« er prentvilla, á að vera 150 kr.

Þá hefir nefndin leyft sér að koma fram með breyt.till. um, að óviss útgjöld verði hækkuð úr 8000 kr. upp í 18000 kr. Þetta er hækkun, sem ekki verður hjá komist, og stafar hún af uppbót til Sameinaða eimskipafélagsins á kolaverðtolli.

Eg ætla svo ekki að tala fleira að sinni, og eg vona að eg þurfi ekki að taka aftur til máls, fyr en þá ef til vill í endalok umræðunnar.

**Benedikt Sveinsson:** Það var auðheyrt á háttv. framsögumanni fjárlaganefndarinnar, að hún er hörð í horn að taka gegn fjárbeiðnum á þessu þingi. Eg er því — eftir því sem á stendur — háttv. framsögumanni þakklátur fyrir það, hvernig hann tók í brtill. mína á þgskj. 529, um 1000 kr. fjárveitingu hvort árið til þess að ryðja akfæran veg frá Kópaskersvogi inn að Jökulsárbrú í Öxarfirði. Lýsti háttv. framsögum yfir því, að þetta væri sanngjarnasta brtill., sem fram hefði komið við þennan lið fjárlagafrumvarpsins. Það sýnir því að hér er ekki farið fram á neinn óþarfa, þegar háttv. framsögumaður segir þetta og er umsögn hans því meir metandi, sem hann er maður gagnkunnugur á þessum slóðum, og veit því hvað hann er að fara með. Hann sagði líka, að nú væri meira lagt til vega en nokkru sinni hefði áður verið, og þó var hann þessari beiðni hlyntur. Þetta sýnir því alt saman, hve þessi vegur er nauðsyn-

legur og beiðnin sanngjörn. Er því óþarfi fyrir mig að mæla mikið með þessari breyt.till. Þessi vegur verður flutningabraut eftir endilöngu héraðinu og kemur þrem hreppum að gagni. En hann er ekki talinn í vegalögunum, þótt aðstaðan sé alveg in sama sem annarstaðar, þar sem vegir eru kostaðir að miklu eða öllu leyti af landsfé, og mun það valda, að hann liggur um heldur fámennar sveitir. En þó hann sé ekki talinn í vegalögunum í tölu flutningabrauta, þá er þó rétturinn inn sami fyrir því. Vona eg því að þingmenn greiði ekki atkvæði á móti þessari tillögu, heldur taki henni vel.

Þá ber eg fram brtill. á þgskj. 548 ásamt þingm. Dal., og fer hún fram á að veittar verði 5000 kr. fyrra árið til þess að breikka veginn í Kömbum og steinlíma ræsi í veginum milli Reykjavíkur og Ölfusárbrúar. Nú vita menn, að veittar hafa verið 5000 kr. til þess að reyna bifreiðar á þessum vegi, en það er ósýnt að þær komi að notum, nema vegurinn í Kömbum verði lagaður. Væri það ilt, ef sú fjárveiting yrði að engum notum, af því að vegurinn er nær ófær á einstöku stöðum. Nú er vegurinn í Kömbum svo krappur á þrem stöðum, að varla er hægt að fara hann á þessari bifreið, hvað þá á bifreið, sem hefði aftan í sér flutningsvagn.

Háttv. framsögum. fjárlaganefndar var þessari till. andvígur, af því að áætlun um, hvað viðgerðin á veginum mundi kosta, vantaði. Það er rétt, það hefir engin áætlun verið gerð um það. En tíminn hefir verið of knappur til þess. En eg hefi talað við menn, sem eru þessum vegi gagnkunnugir og hafa vit á vegagerðum og þeir telja, að ekki muni þurfa nema 3—4 þús. kr. til þessarar viðgerðar á veginum í Kömbum. En auk þess þarf að lagfæra veginn austur að Ölfusárbrú á öðrum stöðum. Trébrýrnar á veginum eru afleitar; þær standa hærra en vegurinn, plankarnir eru grautfúnir og margir brotnir, svo að hættulegt er að fara yfir þær, bæði fyrir sjálfrenninga og aðra vagna. Þessar brýr þarf því nauðsynlega að lagfæra. Nú er sennilegt, að nokkur afgangur yrði af þessum 5000 kr., þegar búið væri að gera við Kambaveginn, og mætti þá nota hann til þess að lagfæra þessar brýr eða aðrar skemdir á veginum austur. Auk þess sem brýrnar eru fúnar og brotnar, þá eru þær líka mun mjórri en vegurinn. Tillaga mín er því bæði þarfleg og nauðsynleg.

Brtill. á eg á þgskj. 534, sem eg hefi borið fram með 2. þm. Rvk., er fer fram á að styrkurinn til Íþróttasambands Íslands verði hækkaður úr 500 kr. upp í 1000 kr. fyrra árið. Þessa brtill. höfum við borið fram eftir tilmælum Íþróttasambandsins. Svo er mál vaxið, að Íþróttasambandið hefir mikinn hug á að styrkja Erling Pálsson til þess að fara utan og framast í sundi. Hann er mjög efnilegur sundmaður og því sennilegt, að hann geti komið að góðu gagni sem sundkennari. Faðir hans hefir það starf með höndum nú og gæti hann þá síðar tekið það starf að sér. Er því mjög nytsamlegt að hann læri sund til fulls. Er brýnt gagn að því að styðja svo góða íþrótt sem sundið. Þessi fjárbeiðni er líka í eitt skifti fyrir öll, að eins 500 kr. eitt ár. Og er þessi upphæð hverfandi, ef borin er saman við það sem lagt er til annarar kenslu, en eg verð þó að telja þessa íþrótt fult eins gagnlega sem margt það sem kent er í skólum, svo sem t. d. danska og biblíusögur og annar slíkur hégómi. Vona eg fastlega, að háttv. deild taki þessari tillögu vel.

Þá er brtill. á þgskj. 540, sem fer fram á að Gísla Jónssyni málara í Hafnarfirði verði veittur 1000 kr. styrkur

fyrra árið. Gísli hefir stundað þessa íþrótt upp á eigin spýtur í mörg ár og hefir mikla hvöt til þessa. Er hann mjög efnilegur að sögn þeirra manna, sem bezt vit hafa á, og leggur mikinn hug á að framast í þessari list. Hefi eg talað um hann við Kjarval málara og segir hann, að Gísli hafi glögt og skarpt auga og fari furðu vel með samsetningu lita. Vona eg því, að þingið hlaupi undir bagga með þessum efnilega ástundunarsama listamanni.

Þá flytjum við 1. þm. Rangv. brtill. á þgskj. 527 um það, að fyrverandi alþingismanni Þorvaldi Björnssyni verði í viðurkenningarskyni veittar 1000 kr. fyrra árið. Skal eg vera fáorður um þessa brtill., því að 1. þm. Rangv. mun mæla betur með henni. Þorvaldur frá Eyri er svo þjóðkunnur maður, að engin ástæða er til þess að tala um, hve maklegur hann er þessarar viðurkenningar. Hann hefir allan sinn aldur verið höfðingi í sinni sveit og verið landinu til sóma fyrir gestrisni bæði við innlenda og útlenda. Hann hefir og verið hinn mesti frömuður dáða og framkvæmda í héraði sínu. En á seinni árum hefir hann orðið fyrir miklu óhappi. Hann reyndi fyrstur hérlendra manna botnvörpuútveg, var óheppinn um mannahald og mishepnaðist. Síðan hafa aðrir fetað í fótspor hans og gengið betur. En hann var sá sem braut ísinn fyrir botnvörpuútveginum, en hlaut ekki það happ af, sem seinni botnvörpuútgerðarmenn hafa haft

Þá er brtill. á þgskj. 554, um það að 16. gr. 29 orðist þannig:

»Til núverandi eftirlitsmanns með því, að samningur um silfurbergsnám í Helgustaðafjalli sé haldinn . . . 1000 kr. hvort árið«.

Þetta er að eins lagfæring á greininni. Þar var talin nauðsyn á að hafa eftirlit með silfurbergsnámunni og áætlaðar til þess 1000 kr. hvort árið. Hér í minni brtill. er að eins farið fram á að maðurinn, sem áður hefir haft eftirlitið á hendi. haldi því áfram. Þótti mér og fleirum tilhlýðilegt að taka þetta beint fram, þar sem núverandi eftirlitsmaður er góðs maklegur, því að hann var sá fyrsti, sem sýndi landssjóði, að hægt væri að hafa meiri arð af námunni en verið hafði meðan Tulinius rak hana.

Svo hefi eg hér brtill. um lækkun á fjárveitingum, sem áætlaðar eru í fjárlögunum.

Önnur brtill. er á þgskj. 523, að í stað 20,000 komi 5000. Og til vara: Í stað 20,000 komi 10,000. Þetta er um fjárveitingu til viðgerðar á dómkirkjunni í Reykjavík. Mér kom það alveg óvart, að dómkirkjan væri komin á svo fallandi fót, að nú yrði að snara í hana svo miklu fé til þess að gera við hana. Fyrir tveim árum var gert við þakið á henni, og er undarlegt að menn gerðu ekki meira við hana þá um leið, hefði þess verið brýn þörf. Þegar hagur landssjóðs er svo bágborinn, sem nú er, finst mér fjarstæða að hann veiti svo mikið fé til þessarar alóþörfu viðgerðar. Finst mér, að bæjarsjóður sé ekki of góður til þess að leggja til þetta fé, ef bráð þörf skyldi kalla. Þó sé eg ekki tiltækilegt að leggja það til, að landssjóðsstyrkur til þessa verði niður feldur, en mér sýnist hann full-sómasamlegur (og reyndar alt of hár), þótt hann sé ekki nema 5000 krónur. Má gera talsvert við svo einfalt hús með svo miklu fé

Enn er brtill. á þgskj. 526, og hefi eg borið hana fram með 1. þm. S.-Múl. Hún fer fram á að styrkurinn til Ingólfshöfðavitans falli burtu. Það ber til þessarar brtill., að við höfum átt tal við ýmsa skipstjóra, flesta íslenzku skipstjórana, og þeir telja alls enga nauð-

syn á því að setja þennan vita á Ingólfshöfða. En aftur hafa þeir talið bráðnauðsynlegt að bygður yrði viti á Meðallandstöngum. Þar þyrfti vita, hvort sem viti væri á Ingólfshöfða eða ekki, og viti á Meðallandstanga er því ekki sparaður þótt þessi viti verði settur. Sögðu þeir, að íslenzk skip hefðu ekkert gagn af vita á Ingólfshöfða, en miklu fremur, ef viti væri á Meðallandstöngum. Þetta hafa bæði íslenzkir og danskir skipstjórar sagt. Þeir sem helzt mundu hafa gagn af vita á Ingólfshöfða, eru þýzkir botnvörpungar, því að þeir veiða þar í landhelgi. Íslenzkir botnvörpungar hafa engin not af vita þessum, því að þeir eru ekki á veiðum í landhelgi og hafast lítt við á þeim slóðum. Skip, sem koma til landsins frá útlöndum, hafa nauðalítið gagn af honum, því að þau taka land annarstaðar. Þau skip, sem ætla til Austfjarða, koma að landi við Hornið eystra, en þau skip, sem ætla vestur um, koma að landi við Hjörleifshöfða eða Dyrhólma. Nú er kominn viti á Hjörleifshöfða, og nægir hann þeim, sem þar koma til landsins.

Eins finst mér óþarfi í þessu máli að vera að vitna í leiðarljósið á Botniu, sem nefnt hefir verið sem nokkurs konar »autoritet«. Þá álít eg betra að tala við íslenzka skipstjóra og spyrja álits þeirra. Hitt sannar alls ekkert, þó að hægt sé að fá tvo eða þrjá danska skipstjóra til þess að mæla með þessu eða öðru, þegar 20 íslenzkir skipstjórar mæla á móti því.

Þó háttv. flutningsm. finnist það ótilhlýðilegt, að þessi fjárveiting til Ingólfshöfðavitans sé aftekin sakir þess að allmikið vitagjald er lagt á skip, þá verður þó að gæta þess, að nú eru komnir margir vitar, sem landið kostar, en í annan stað sjálfsagt, að vitarnir séu þar, sem þeir verða skipunum að sem mestum notum. Og þegar engin brýn þörf er á þessum vita, veit eg ekki, til hvers menn eru að veita stórfé til þess að byggja hann.

**Bjarni Jónsson:** Mér hefði þótt gaman að rekja feril fjárlaganefndarinnar og stefnu hennar í tillögum hennar um fjárveitingar. En tíminn hefir ekki enst mér til þessa, og verð eg því að sleppa því. En þegar mér entist ekki tími til að rekja feril nefndarinnar, þá skilst mér líka, að henni hefir heldur ekki enst tíminn til að rekja þær götur, er greiðastar voru. Því miður get eg ekki gert þetta, sem bæði hefði getað verið til gamans og gagns. Vil eg því láta mér nægja að fara nokkrum orðum um breytingartillögurnar. Vil eg þá fyrst tala um þær, sem bornar eru fram af öðrum mönnum, og svo á eftir minnast á mínar eigin.

Það er þá fyrst brtill. á þgskj. 520. Hún fer fram á, að 700 kr. verði veittar til að gera steinsteypubrú á Þverá hina syðri í Eyjafirði. Eg er eindregið með þessari brtill., og vil eg minna menn á, að það var fyrir mína handvömm, að hún var ekki samþykt við 2. umr. Eg vissi ekki af því fyr en of seint þegar hún var borin upp. Bað eg þá skrifara að telja mig með þeim, sem samþyktu hana, en hann taldi sér það ekki fært. Þetta segi eg að eins svo menn skilji, því eg ekki greddi atkvæði mitt með henni við 2. umr. Er því full ástæða fyrir mig nú að greiða atkvæði mitt með henni. Og það mun eg gera.

Breyt.till. á þgskj. 518 frá 1. þm. Skagf. (Ó. Br.) um lán úr viðlagasjóði, að lánin séu veitt gegn 5% vöxtum, í stað 4%. Þessari breyt.till. ætla eg að fylgja. Er það auðsætt að háttv. þm. Skagf. hefir reiknað þetta með skynsemd, og að með svona lánum er land-

ið ekki að gefa neitt. Því ef landssjóður tekur lán með $4^1/_2{}^0/_0$, þá er hann skaðlaus að lána með þessum kjörum. Þennan reikning tel eg réttan þangað til háttv. 1. þm. Rang. (E. J.) getur fært mér heim sanninn um það að hann geti reiknað það betur. — Nú, það er leiðinlegt að þingmaðurinn er ekki við. Og eg sé að svo er um fleiri, sem eg þyrfti að tala ögn við. Enn-jæja, það verður þá að hafa það.

Breyt.till. háttv. þm. Borgf. (Kr. J.) á þgskj. 502 um aukinn styrk til mótorbátsferða á Hvítá í Borgarfirði er í alla staði sanngjörn. Á Hvítá eru bátsferðir örðugar vegna útfiris og erfiðs straums. Og er ekki of mikið þó 500 kr. yrðu veittar til þeirra bátsferða í samanburði við aðrar fjárveitingar.

Þá vil eg veita mitt orðafulltingi brt. á þgskj. 549 frá háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) og 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) um að veita 1000 kr. hvort árið til þess að afskrifa og ljósmynda skjöl í útlendum skjalasöfnum, er snerta Ísland.

Tel eg fullkomna nauðsyn á að þetta fé verði veitt. Skjalasöfn Dana hafa neitað að lána hingað skjöl, sem við verðum því að afrita þar, eða taka ljósmyndir af, sem eg tel það bezta. Annars er þetta byrjunin til töluverðra útgjalda fyrir landssjóð, svo framarlega sem Árna Magnússonar safnið verður ekki flutt hingað, og verðum við því að ljósmynda alt í því safni — ekki alt í einu, heldur smám saman, og mun því að líkindum þessi útgjaldaliður standa í mörg ár á fjárlögunum. Eg nefni þetta af því eg hygg að ekki muni mörg þing líða þangað til þetta atriði verður tekið fyrir.

Á þgskj. 544 leggur 2. þm. G.-K. (B. Kr.) það til, að hækkaður verði skáldastyrkur Guðm. Guðmundssonar úr 1200 kr. upp í 2000 kr., eða til vara upp í 1600 kr. Vil eg mæla ið bezta með þessari breyt.till. Hefi eg ekkert skilið í því, hví Guðm. Guðmundsson skuli hafa verið settur skör lægra en hin skáldin. Ekkert skáldanna okkar er þó formfegurra en hann, ekkert frjóvsamara, og ekkert lyriskara. Og nú hefir hann fyllilega náð þeim þroska, sem hin skáldin hafa náð. Vil eg mínu máli til sönnunar nefna: Friður á jörðu og Ljósaskifti. Þó mér hugni ekki vel hið fyrra, þá er það þó vel gert, frá skáldlistarinnar sjónarmiði. Mér hugnar það ekki af því að mitt hugrenningalíf er ekki á því svæði. Það er ekkert við það athuga frá listarinnar og skáldskaparins sjónarmiði. En Ljósaskifti er verk, sem fá eða engin verk íslenzkra skálda geta tekið fram. Ef það er ætlun þingsins, að hætta að veita svona styrk, þá ætti það nú að hækka í þetta sinn, til þess að vera eins og svanurinn, sem syngur fegurst þegar hann er að bana kominn.

Ein breyt.till. er frá háttv. 1. þm. Rang. (E. J.), sem eg er á móti. Það er styrkur til kaupfélaganna Ingólfs og Heklu til þess að hafa sjálfrenninga í förum á vegunum eystra. — Það orð er bezta orðið, sem eg þekki yfir þá vagna, sem hafa hreyfivélina í sjálfum sér.

Ekki er nú svo að skilja, að eg hafi á móti samgöngubót, þeirri sem er að þessum flutningjatækjum. En við 2. umr. var eg einnig á móti því, að Sveinn Oddson fengi styrk, þann sem þá var talað um til þessa. Og það er af því, að eg álít styrkinn of háan í samanburði við ferðirnar. Það er ekki svo lítið, 5 þús. kr., og engum skilyrðum bundið. Landið gæti sjálft keypt sér ágætan vagn fyrir þetta og haldið honum í ferðum og grætt á því. Eg tala nú ekki um það, ef fyrst á að gefa Sveini fyrir einum vagni og svo þessum félögum fyrir öðrum. Það eru til

Íslendingar, sem kunna að fara með sjálfrenninga, og eg þekki einn, sem verið hefir í Stafangri og hefir skrifað mér þaðan, og vildi eg heldur vísa landssjóði á að taka hann í sína þjónustu, en að vera að gefa mönnum vagna. Flutningar þessir eiga að geta borgað sig sjálfir, og þá ætti sízt að þurfa að styrkja þá að öllu. Þeir sem hafa haft þá með höndum í sumar, hafa tekið margfalt verð við það sem tíðkast ytra, t. d. í Danmörku og Noregi. Þar borga eg 2 kr. á klukkustund fyrir vagninn allan, og get verið við 4. mann, en þessir menn taka 4 kr. af hverjum manni á þeim tíma, og hafa þá 16 kr. upp úr vagninum. Þetta ætti að geta borgað sig, jafnvel þótt það væri lækkað dálítið, og 5 þús. kr. eru ekki lengi að koma með þessu lagi. Þó að vagnar þessir séu góðir og þægilegir, þá hygg eg að kaupa megi þá »pípu« of dýrt, eins og aðrar.

Ein till. frá háttv. nefnd á þgskj. 557 er þess efnis, að kosta verkfróðan aðstoðarmann til þess að mæla fyrir menn vatnsveitur, og hygg eg að það sé þarft fyrir búnaðinn, að þeir sem þess þurfa, geti fengið slíkan mann til þess að skoða þess háttar fyrir sig, og aftra því, að lagt sé út í það sem óráðlegt er, en leiðbeina til þess sem er framkvæmanlegt. Alt slíkt ætti ætíð að vera áætlað helzt löngu áður en í fyrirtækin er ráðist, og væri gott að hafa skrá yfir staði þar sem vatnsveita á að kma, og hvernig henni á að hátta. Þótt menn gætu eigi ráðist í verkið þegar, þá fengju þó þeir sem selja og kaupa eignir hér á landi miklu réttari hugmynd um verðgildi þeirra eftir en áður, því að það hleypir stórum fram verði hvers staðar, ef hann liggur vel við vatnsveitu. Eg ætla að Eggert bóndi Eiriksson Briem hafi fyrstur hreyft þessu hér á búnaðarþingi, en það litlar undirtektir fengið. Því er það nú vel, að háttv. nefnd hefir komið því hingað, og gott er að þessi maður sé í samráði og samvinnu með landsverkfræðingnum. Hann getur þá unnið með honum að öðru, ef hann hefir lítið að gera við þetta og er það sparnaður. Eg skal ekki fara mörgum orðum um br.till. um, að færa saman styrkinn til unglingaskólanna. Það var mín till., og gleður það mig, að nefndinni hefir unnist tími til að koma henni að.

Þá kem eg að till. um húsagerð. Allir vita, hve mikils virði það er, að kunna að byggja vel og haganlega. Nú hafa flest hús á landi voru verið bygð upp á síðustu 30 árum, og hafa menn lært á því, að það er hér um bil sama sem að fleygja peningum sínum í sjóinn, að verja þeim í timburhús, sem fúna og falla á fám árum. Það hefðu þeir aldrei gert, ef þeir hefðu þá kunnað að steinsteypu, eða þorað að trúa því, að torfbæir séu betri en timburhús, og að einhver skynsemi sé í þúsund ára gömlu byggingarlagi voru, og að ekki hafi allir, sem það höfðu, verið heimskari en þeir sem nú lifa.

Eg þekki mann, sem heitir Jóhann Franklín Kristjánsson og dvalið hefir í Noregi og numið þar húsagerð. Hann hefir góð meðmæli kennara sinna og er eljumaður mikill. Talaði eg við hann í Osló og fann, að hann er greindur maður, áhugamikill og óeigingjarn í öllu sínu æði, og ef hann fær að lifa, mun hann vinna almenningi mikið gagn. Og það er gott að háttv. nefnd hefir viljað sinna þessu, því að ekki hefði verið von á jafnmiklu fylgi, ef eg hefði flutt það einn.

Þá hefi eg það að athuga við 15. liðinn í br.till. nefndarinnar, að það væri nógu gaman að vita, hvort þessari konu

hafa verið sendir þessir peningar, ef hún er dáin fyrir 3 árum. Veitingin stendur í fjárlagafrumv., og gæti verið, að þetta hefði ekki verið fullkunnugt fyrra árið, en síðara árið hefði fé átt að vera endursent.

Svo man eg nú ekki eftir fleiri br.till. frá öðrum, sem eg vildi veita orðafullting, þótt eg ef til vill kunni að greiða atkvæði með fleirum. En það yrði seint, ef hver maður vildi tala um allar brt.

Eg get verið stuttorður um br.till. við 6. lið 12. gr., því að þar er nefndin með. Þá eigum við br.till. á þgskj. 489, háttv. þm. Snæf. (H. S.) og eg, um að veita 10 þús. kr. á ári til Breiðafjarðarbátsins. Eg talaði um það við 2. umr., og vona eg, að háttv. þm. muni það, enda hefir háttv. meðflutn.m. minn líka talað um það. Eg tók þá br.till. aftur, eftir till. nefndarinnar.

Aðra br.till. á eg á þgskj. 558, ásamt háttv. þm. N.-Þing (B. Sv.), þess efnis, að breikkaður verði vegurinn í Kömbum, svo að ekki sé lífshætta að fara hann á sjálfrenningi, og hefir hv. meðflutn.m. minn talað fyrir því.

Þá á eg br.till. á þgskj. 525. Þar legg eg til, að styrkurinn til Jóh. S. Kjarvals málara verði hækkaður úr 800 kr. upp í þús. kr. fyrra árið. Mér kom það á óvart og þótti leitt, að hv. deild skyldi vilja neita þessum manni um hæfilegan námsstyrk, þar sem hann mun vera sá efnilegasti, sem við eigum í þeirri grein. Meðferð hans á litum er svo ágæt, að heita má einsdæmi um mann, sem eigi hefir haft meira tækifæri en hann til þess að nema slíkt. Gott dæmi þessa er það, að þegar hann var um tíma í London fyrir nokkru, þá gerði hann þar mynd eina með vatnslitum og náði þegar í hana nákvæmlega þessum enska þjóðlega blæ, sem varla þekkist annarstaðar. Því er sem sé svo farið, að ýmsar þjóðir eiga sinn sérkennilega blæ á málverkum, sem aðrir hafa ekki. Það er því sýnilega marghæfur maður, sem nær slíku svo fljótt, og má búast við miklu af honum. Hitt eru engin undur, þó að sjá megi galla á verkum hans. Hann er að byrja að læra, og til þess sækir hann um styrk. Væri hann fullnuma orðinn, þá þyrfti hann ekki þess með, en það er sjálfsagt, að styrkja, þegar gáfurnar sjást svona tvímælalaust. En sem stendur eigum vér engan, sem málar andlitsmyndir, sem að teljandi sé, en þessi maður ætlar einmitt að gera það að aðalstarfi sínu. Meðal annars hefir hann nýlega gert vangamynd af mér, og er hún alllík og vel lifandi, og ber, eins og flest frá hans hendi, auðkenni listamanns, sem kann að lífga verk sín, og þegar svo er um 3 eða 4 fyrstu vangamyndirnar hans, þá er við góðu að búast í framtíðinni. Og þessi maður ætlar að sýna oss Íslendingum það, sem vér eigum fegurst í endurminningum þjóðar vorrar og klæða það holdi og blóði. Þá eigum vér ekki lengur þær myndir í hugskoti voru eingöngu, heldur í sýnilegu gervi frá hendi góðs listamanns. Þessi viðbót, sem eg fer fram á, er ekki nema 200 kr. fyrra árið, en lítið dregur vesalan, og svo er um þennan mann, sem orðið hefir að éta kálmeti í vetur til þess að geta lifað. Það kostar ekki nema 20 kr. á mánuði, en ekki verða menn feitir af því.

Eg hverf nú frá þessu að sinni, og sný mér að styrknum til Ríkharðs Jónssonar. Þessi 2. liður br.till. minnar á þgskj. 225 er tekinn aftur, af því að hann er þar ekki réttur að formi til, en kemur inn í atkv.skrá í sama stað af öðru þgskj., þar sem miðað er við 1000 kr. síðara árið til Rómferðar. Það hefir einhvern tíma verið sagt eitthvað á þá leið um latínuna, að enn stjórni hún hálfri Evrópu úr gröfinni, drambsöm,

köld og stirð. Og kunnugt er það, hve mikil áhrif hún hefir haft á bókmentir vor Íslendinga og annara þjóða síðan á miðöldum. Má vera, að vér getum komist af án grísku og latínu, en hitt er víst, að hvorki vér né aðrar þjóðir komast af án grískrar og latneskrar menningar og lista. En leifar þeirra eru, svo sem kunnugt er, hvergi fleiri saman komnar, en í Rómaborg, og því er það, að enginn listamaður má án þess vera, sér að skaðlausu, að koma þar og dvelja. Þar er þeirra fyrirheitna land og þar er alt sem dýrast er af fornlistinni, sem enn þá stendur jafnfætis því, sem hefir gert verið síðan, og hefir meira að segja drotnað svo yfir listasmekk manna á öllum öldum, að varla hefir verið annað meira að hafst, en líkja eftir henni.

Einn af fám, sem ekki hafa stælt hana beinlínis, er Einar Jónsson frá Galtafelli, sem er einkennilega sérstæður og íslenzkur í list sinni. Það skyldi því engan furða á því, þótt eg vilji bæta þessum krónum við Ríkharð í þessu skyni. Því að Rómferðir eru enn meira áríðandi fyrir list nútímans, en þær voru fyrir sálir manna á miðöldunum, og þóttu þær þó eigi óþarfar: »Tvisvar hefir hundur þinn runnið til Róms, og myndi rennaið þriðja sinn«, stendur þar.

Önnur ástæðan til þess, að veita nú þennan styrk, er líka sú, að fái maðurinn hann ekki nú, þá fær hann hann á næsta þingi, þar sem hann er svo efnilegur sem hann er og fjárveiting til hans hefir fengið svo góðar undirtektir hér á þingi. Og þá verður honum sennilega ekki áætlað minna en 1800—2000 kr., því að hann verður þó að vera þar eitt ár eða meira. Annars hefir hann engin not fararinnar. Listamenn mega ekki hegða sér eins og ferðamenn, þannig, að þeir þjóti þreyttir frá einu til annars, til þess eins, að þeir geti sagt að þeir hafi séð alt. Eins og eg hefi sagt, er það ekki annað en sparnaður, að veita manninum þessar þús. kr. nú, því að til þess mundi hann klífa þrítugan hamarinn, að láta sér það nægja, en meira fengi hann síðar. Vona eg því að þetta nái fram að ganga, þar sem nefndin hefir eigi mælt á móti því sérstaklega, en betra hefði þó verið ef hún hefði viljað fylgja því eindregið.

Þá er enn breyt.till. á þgskj. 525, 3. lið, um að hækka styrkinn til Íþróttasambands Íslands um 300 kr. á ári. Það er gert til þess, að Erlingur Pálsson geti komist utan til þess, að sjá þar aðferðir og æfingar manna í þeirri íþróttagrein, sem hann er nú fremstur í allra manna hér á landi, en það er sund.

Sundíþróttin er svo nytsöm íþrótt, að ekki verður sagt, að það sé of mikið þó að landssjóður leggi til hennar 500—600 kr. Það er að minsta kosti ekki of mikið, þegar það er borið saman við það, að konu hér í Reykjavík er veitt álíka upphæð til að kenna almenna leikfimi, og karlmanni sama upphæð í sama skyni. En samanburðurinn verður dálítið leiðinlegur, ef sundíþróttin kemst ekki í hálfkvisti við leikfimina, sem hver maður getur þó lært af sjálfum sér af sænskum leikfimisbókum. Þessa tillögu ætla eg samt að taka aftur, af því að önnur tillaga í líku skyni hefir verið borin fram, svo að eg vissi ekki af. Hún fer fram á, að styrkurinn til Íþróttasambands Íslands verði hækkaður um 500 kr., til þess að gera því bært að styrkja Erling til utanfarinnar.

Þá kem eg að tillögu minni um, að Alþingi veiti alt að 4000 kr. til þess að gefa út á þýzka tungu bók Einars háskólakennara Arnórssonar er nefnist

»Réttarstaða Íslands«. Till. er á þgskj. 524. Eg heyrði ýmislegt undarlegt af munni háttv. framsögum. fjárlaganefndarinnar (P. J.) um þessa tillögu mina. Hann sagði, að fjárlaganefndin gæti ekki verið með þessari fjárveitingu. Eg varð alveg forviða á þessu, því að eg veit ekki, hvað er sjálfsagt, ef það er ekki þetta, þar sem það er ekki annað en endurveiting á styrk, sem staðið hefir í fjárlögunum í sama skyni, en komst aldrei til skila, líklega fyrir það, að handrit bókarinnar var ekki tilbúið nógu snemma. Annars er mér ekki vel kunnugt, hver ástæðan var, í raun og veru. Eg býst við, að háttv. þm. Borgf. (Kr. J.) viti það betur, því að hann var þá ráðherra. Eg undrast þess vegna, að fjárlaganefndin skuli í einum halaklepp leggja á móti þessari fjárveitinuu. *(Lárus H. Bjarnason:* Það er ekki sagt) Jú, það var sagt, en það kann vel að vera, að það sé ekki satt, þykir mér trúlegt. Háttv. framsm. (P. J.) talaði mikið um, að menn þyrftu að vita, hvernig bókin væri úr garði gerð, og að ekkert væri í henni, sem okkur gæti orðið til skaða, áður en farið væri að veita fé til að þýða hana á útlenda tungu. Þingmenn hefðu ekki lesið bókina og gætu því ekki dæmt um hana o. s. frv. Þetta kann að vera rétt, en eg benti á, í erindi mínu til þingsins um þessa fjárveitingu, að allgóð trygging fyrir verðleikum bókarinnar væri fólgin í því, að verðlaunanefnd Jóns Sigurðssonar hefði veitt henni verðlaun. Eg hygg, að menn geti nokkurn veginn rólegir treyst Birni háskólakennara Ólsen — og það því heldur, sem hann er mótstöðumaður höfundarins í sumum atriðum, — að hann mundi ekki hafa hlaupið til að verðlauna bókina, ef hún væri eitthvert afhrak eða fjarskalega hættuleg. Annars lét eg fylgja erindi mínu bréf frá Gjelsvik háskólakennara í Oslo, sem er sjálfsagt fremstur vísindamanna á Norðurlöndum í þjóðarrétti eða stendur þar að minsta kosti jafnfætis hverjum öðrum. Hann segir í bréfi sínu, að erfitt muni vera að hrekja sannanir Einars, að Ísland sé að réttum lögum frjálst og fullvalda riki. Eg get ekki skilið, að háttv. framsm. (P. J.) eða nefndinni þætti það ægilegt, þó að kunnugt yrði meðal erlendra þjóða, að Íslendingar væru frjáls og fullvalda þjóð að réttum lögum. Eg hygg, að það sé ekki að eins gott og nauðsynlegt, heldur muni hvert mannsbarn á landinu heimta, að þetta fái að breiðast út um heiminn, og það því fremur, sem danskir málrófsmenn skrifa langar bækur, fullar af munnskólpum, um sama efni og gefa út á þýzku. Því fremur er ástæða til, að málið rétt rakið komi fyrir sjónir þýzkra manna og annara þeirra er þýzka tungu skilja. Eg nefndi í erindi mínu til þingsins, að það væri ekki lítilsverður stuðningur fyrir okkur í sjálfstæðisbaráttunni, ef við fengjum viðurkenningu vísindamanna út um heim, fyrir því, að kröfur okkar væru réttmætar, ekki að eins frá siðferðislegu sjónarmiði, heldur einnig frá sögunnar og laganna sjónarmiði. Siðferðislegan rétt til sjálfstæðis eiga allar þjóðir, en sá réttur er miklu síður viðurkendur en réttur sögunnar og laganna. Ef sá réttur okkar er sannaður, getum við átt von á orðafulltingi frá þeim er jafnvel undiroka aðrar þjóðir, t. d. Englendingum. Írland er hertekið land, og sá galli er á þjóðarréttinum enn þá, að það er talið réttmætt, að leggja undir sig lönd með því móti. Ef við bygðum kröfur okkar á náttúrlega réttinum einum, gætum við ekki átt von á stuðningi Englendinga, því að þeir mundu óttast, að Írar kæmu á hælana á okkur. En ef við gætum sýnt fram á, að við ættum fullkominn rétt til sjálf-

stæðis, að sögunnar og laganna dómi, þá gæti ekkert aftrað þeim frá að veita okkur sitt fulltingi, einkum þar sem skjöl frá árinu 1818 eru geymd í Lundúnum, sem sanna, að Danir tóku Ísland með engum rétti. Þeir gerðu tilraun til að semja um það, en úr þeim samningum varð ekkert. Eg hefi bent á þetta til þess að sýna fram á, hvað þeir menn eru að gera, sem vilja neita um þessa fjárveitingu. Eg vil, að hver maður undirskrifi gerðir sínar í þessu máli með nafnakalli. Eg hygg að það verði lengi í minnum haft, ef menn neita þessu. Eg fyrir mitt leyti er feginn að láta það ekki ganga til þeirra er á eftir mér lifa, að eg taki í málið eins og þeir menn gera. Eg mun hvorki hér né síðar draga úr því ámæli, er þeir menn eiga skilið, sem leggjast á móti þessu.

Þá á eg aðra brtill. á sama þgskj. (524) við 15. gr. 23. Þar hefir orðið prentvilla, á að standa 23 a í stað 23. Þetta hefi eg beðið hæstv. forseta að leiðrétta, og hefir hann lofað því. Það var ekki ætlun mín að fara fram á að fjárveitingin til málverkakaupa yrði feld burtu, eins og fjárlaganefndinni hefir skilist. Þessa till. hefi eg borið upp með tilliti til þess, sem eg gat um við 2. umr., að Einar Jónsson er í vandræðum með að geyma verk sín, og að landið þarf að eignast þau. Að atkvæðagreiðslan um daginn féll svo, að honum var neitað um 4000 kr. styrk til að flytja þau heim og gefa þau landinu, skildi eg svo, að landið vildi ekki þiggja þau að gjöf, heldur kaupa þau sanngjörnu verði. En til þess þarf ríflegri upphæð en einar 1200 kr á ári — þá upphæð, er Einari Jónssyni hefir verið gefið til styrks áður. Það er ekki hægt að fá mikið af listaverkum fyrir 2400 kr.

Þá er líka að líta á það, að við eigum annan ungan og efnilegan myndhöggvara, sem við þyrftum að kaupa eitthvað af. Ef honum verða nú veittar 1000 kr. til Rómferðar, sem eg tel sjálfsagt að öllum komi saman um, þá ætti ekki illa við, að við keyptum af honum listaverk fyrir 400—800 kr. En eg tel rétt, að Einar Jónsson verði látinn sitja fyrir aðalupphæðinni. Eg tel fulla ástæðu til að binda þessa fjárveitingu við nafn, og er það þó ekki af því, að eg tortryggi stjórnina. En sá maður, sem þá fer með stjórnina, hefir sinn smekk, og við eigum ekki víst, að honum verði svo ríkt í huga að ná í einkennileg íslenzk listaverk í safn, að hann láti Einar Jónsson sitja fyrir öðrum. Hann mundi, ef til vill, kaupa það sem honum þætti sjálfum fallegast, t. d. afsteypur af verkum Alberts Þorvaldssonar. En segi bæði stjórnin og fjárlaganefndin skýrt og skorinort, að myndir Einars Jónssonar verði víst keyptar, þá hefi eg ekkert á móti því, að orðalaginu verði breytt.

Mér hefir aldrei komið til hugar að vilja fella burtu fjárveitinguna til málverkakaupa. Eg hafði hugsað mér að bera fram till. um, að veittar yrðu 5000 kr. hvort árið nú á fjárlögunum til þess að kaupa fyrir listaverk. Þetta mun vera nálægt því. Það var gleymsku minni um að kenna, að eg skrifaði ekki stjórninni um þetta áður en hún samdi fjárlögin, því að það hafði eg ætlað. Hafði eg fengið ýmisleg dróg, sem til þess voru nauðsynleg, og er eg viss um að stjórnin hefði þá tekið þessa fjárveitingu upp í frumv. En þetta dróst úr hömlu fyrir mér, þangað til fjárlagafrumv. var fullsamið. Þetta sýnir, að mér hefir ekki dottið þetta í hug núna af neinni sérstakri ástæðu, og að það var ekki ófyrirsynju að eg þakkaði fjárlaganefndinni till. hennar um þetta efni. Og þeirri tillögu hennar er eg

ekki að breyta, heldur er eg að fullkomna hana.

Enn á eg smábreytingartill. við 16. gr., sem eg þarf að geta um. Hún fer fram á að Þorvarði hreppstjóra Bergþórssyni að Leikskálum í Haukadal verði veittar 500 kr. fyrra árið, í viðurkenningarskyni fyrir dugnað og langa þjónustu. Háttv. framsögum. (P. J.) vildi gera þetta óvinsælt með því að kalla það gustukaveitingu. Eg get ekki fallist á þetta, því að fégjafir eru alment taldar fullkomlega sómasamlegar, hvort sem þær eru frá Alþingi eða öðrum. Efri deild ætlaði jafnvel um daginn að veita Steingrími heitnum Thorsteinsson 4000 kr. í þakklætisskyni fyrir alt hans starf í þarfir íslenzkra bókmenta, en var aftur á móti tregari til að veita honum full laun, það sem hann ætti eftir ólifað. Fégjöfin þótti henni lýsa meiri virðingu. Nú hefir Drottinn hagað því svo, að enginn þarf að naga sig í handarbökin yfir því fé, sem þessum manni var veitt. En svo að eg hverfi aftur að Þorvarði, þá get eg ekki skilið, að honum sé það til vansæmdar, sem þjóðskáldi er talið til mikillar virðingar. Líka get eg nefnt torfa í Ólafsdal. Ellistyrkur hans er ekki annað en fégjöf fyrir mikið og þarflegt starf í þarfir fósturjarðarinnar. Og þannig gæti eg haldið áfram að telja. Vel má minna á það, að samþykt hefir verið að gefa sýslumanni einum og hreppstjóra fé fyrir að hafa flækst óvart til annars lands. Mér skilst, að það hljóti að vera ánægjulegt fyrir bændur, er sitja á þingi, að veita smá-viðurkenningar ágætum búhöldum, er verið hafa bjargvættir manna, er mikið hefir legið á. Og það hefir þessi maður verið. Í bréfi mínu til þingsins vísaði eg á mann, sem getur sannað að eg fer rétt með það sem eg segi um Þorvarð gamla. Það er Halldór yfirdómari Daníelsson, sem var sýslumaður um eitt skeið í Dalasýslu og er þessum góða manni nákunnugur. Enn vil eg telja honum það til ágætis, að hann hefir alið upp 20 börn, af 25 sem hann hefir eignast. Margir synir hans eru nú búandi bændur þar í Dalasýslu. En það þarf ekki að vera, að þeir séu svo auðugir, að þeir eigi hægt með að standa straum af föður sínum. Það hefir gengið mikið af honum upp á síðkastið, því að hann er hættur að geta unnið fyrir sér og sínum með þeirri atorku, sem hann gerði áður. Auk þess var hann blindur um nokkurra ára skeið. Þessi fégjöf gæti því komið sér vel fyrir hann, auk gleðinnar, sem hann mundi hafa af viðurkenningunni. Eg vona að háttv. deildarmenn taki till. vel.

Eg held að eg verði að biðja háttv. forseta að leyfa mér að geyma síðari hluta ræðu minnar þangað til síðar. Eg á einn lítinn lið eftir, sem heitir viðskiftaráðunautur, og um hann þarf eg að segja nokkur orð.

---

Fundurinn hafði nú staðið í 3 klst., og var honum nú frestað þangað til kl. 5 síðd.

---

Klukkan 5 síðd. var fundur settur aftur og umræðum haldið áfram.

**Bjarni Jónsson:** Framsögumaður (P. J.) vildi halda því fram, að mótsögn væri milli tillagna minna, þeirri um kjötsala samvinnufélaganna og hinni um viðskiftaráðunautinn. En þetta er eigi annað en hugarburður hans. Því að starf það sem eg hefi haft á hendi in síðustu ár, er alt annars eðlis en starf kjötsalans og var til þess stofnað með alls ólíkum hætti. Vona eg að

menn sannfærist um það áður en eg lýk máli mínu.

Mun eg nú gera grein fyrir tildrögum til þess, er þessi sýslan var stofnuð, hvernig menn höfðu hugsað sér hana, hverjar undirtektir hún fekk af Íslendingum og Dönum og hverjar afleiðingar þær undirtektir höfðu.

Munu menn fyrirgefa, þótt eg verði margorður hér um, því að mér er einum manna þörf á að halda líkræðu yfir sjálfum mér og auk þess yfir því starfi, sem eg hefi haft á hendi nm nokkur ár. Eg veit með vissu að mér muni ekki ætlað starfið, þótt því yrði haldið áfram; og eg þykist vita, að nú muni menn eigi vilja láta verða framhald á því. Þótt eg beri nú málið fram, þá býst eg eigi við neinum sigri, en firra vil eg sjálfan mig víti og þá sem mér vilja fylgja. Því að eg tel algerlega rangt að leggja þetta starf niður. En eg verð að mótmæla rangindunum. Vil eg eigi vera »galdrakarl með múlband«, sem þetta er eftir haft:

> Eg kenni mönnum hugarhik
> og helzt að sinna öngu.
> Því kann margur in þöglu svik
> að þegja við öllu röngu.

Þessi þöglu svik vil eg ekki kunna.

Tildrögin til þess, að viðskiftaráðunautsstarfið var hafið, voru þau er nú skal gaeina. Víðsvegar um land undu menn því illa, að eigi var neinn maður til þess að gæta hagsmuna landsins í viðskiftum þess við aðrar þjóðir. Varð því nokkurt umtal um það mál, Og eftir kosningar 1908 höfðu nýkosnir meiri hluta menn fund, þeir er bjuggu í Reykjavík og þar í grend, til þess að ræða með sér ýmis mál til undirbúnings undir þingið 1909. Þar á meðal var þetta mál. Þann 5. Janúar 1909 réðu þeir með sér »að vinna að því, að Alþingi veiti fé til þess að hafa erlend is trúnaðarmenn og ráðunauta um hag landsins á þeim stöðum, sem þurfa þykir«. Eg hefi orðrétt yfir ályktun þess fundar. Voru að þessu máli þeir Benedikt Sveinsson, Bjarni Jónsson frá Vogi, Björn Jónsson, Björn Kristjánsson, Hannes Þorsteinsson, Jens Pálsson, Jón Þorkelsson, Kristján Jónsson, Sigurður Sigurðsson og Skúli Thoroddsen. Þegar Björn Jónsson var orðinn ráðherra vakti hann máls á þessu á flokksfundi 14. Apríl, og 16. Apríl var samþykt með samhljóða atkvæðum að fylgja því fram, að veittar yrðu 10.000 krónur á aukafjárlögum til tveggja ráðunauta, 5000 handa hvorum síðara helming ársins. Var þá og ætlast til að veittar yrðu 20.000 kr. hvort árið á fjárlögunum. Skyldu mennirnir vera tveir og hafa 10.000 kr. hvor í laun og kostnað Til styrktar máli mínu vil eg geta þess, að þetta kom ljóslega fram i umræðum um málið í efri deild. Skal eg með leyfi forseta lesa nokkur orð úr ræðu Steingríms Jónssonar, sem þá var konungkjörinn:

> »Hins vegar finst mér fjárupphæðin, sem til þess var ætluð, alls ekki of há, og finst mér jafnvel furðu lágt, að áætla ekki nema 5000 kr. laun (fyrir hálft ár) til slíkra manna; en úr því ráðherra hefir álitið þá upphæð nægja, þá er ekkert þar til að segja. Annars finst mér of mikið í ráðist nú, að fara að stofna tvö slík embætti, og samsvarar það ekki þeim sparnaðarhugmyndum, sem menn nú bera á vörum sér«.

Þessi orð hans urðu til þess, að einn maður úr meiri hlutanum setti sínum flokki tvo kosti, að annað hvort yrði veitingin feld eða þá að veitt yrði til eins viðskiftaráðunauts. Þetta gat hann gert af því að meiri hlutinn hafði eigi nema eins atkvæðis yfirburði í efri deild. Með þessum hætti varð fyrirtækið aldrei

nema hálft. Voru þá veittar 12.000 kr. til viðskiftaráðunauta í fjárlögunum. Þó var enn sem fyr ætlast til að sá eini reglulegi viðskiftaráðunautur hefði 10.000 krónur í laun og kostnað svo sem og varð, en 2000 voru ætluð til sérstakra sendiferða, svo sem og kom fram. Þessi voru þá tildrögin og þetta var samþykt á þinginu 1909. Síðan var viðskiftaráðunautur skipaður svo sem menn muna, því að hollvina tungum hefir orðið tíðrætt um þennan mann síðan.

Undirtektir Íslendinga voru mestmegnis illmæli um manninn, og þótt ótrúlegt megi virðast, árásir á starfið sjálft. Unnu menn það til að spilla málstað landsins til þess að vinna mótstöðumanni sínum mein. Þeir menn þögðu mestmegnis, sem létu sér manninn lynda, en hinir höfðu hátt og létu móðan mása. Maður þessi var borinn tvenns konar brigzlum af sínum eigin landsmönnum. Inn fyrri hluti illmælisins var fólginn í því, er nú skal greina.

Fyrst var þá haldið fram, að starf þetta væri stofnað eingöngu í þágu verzlunarinnar og kölluðu óvinveitt blöð manninn verzlunarráðunaut. Var þetta gert af ásettu ráði, af því að þau hugðust með því fá betri höggstað á manninum. Þóttust geta með von um góðan árangur álasað honum fyrir, að hann hefði ónóga þekking á verzlun og væri því illa fallinn til starfans. Má vel vera að hann hafi eigi haft næga þekking á þeim hlutum, því að það verður um fáa sagt. En þeim hefir fram til þessa láðst að geta þess, hverja spekinga þeir mundu hafa til kosið. En með þessu var og gerð árás á starfið sjálft, og unnu þeir það til að ná í manninn. Hvað gerði það í þeirra augum, þótt þeir rýrðu nýja stofnun í augum þjóðarinnar og gerðu hana tortryggilega? »Tilgangurinn helgar aðferðina« hugsa þeir, og hann var að svala sér á mótstöðumanni. En langt var frá því, frá upphafi, að staða þessi ætti að vera svo sem þeir létu í veðri vaka. Hún átti að koma í stað þess, er aðrar þjóðir hafa ræðismenn og sendiherra. Nú vita menn, að Danir sitja þar yfir kosti vorum, með engum rétti þó, og getum vér því eigi verið frjálsir í því efni. Viðskiftaráðunauturinn var því vant við kominn. Hann mátti ekki fara inn á það svið, sem Danir telja sér, svo að eigi risi þar af deilur í ótíma, en á hina hliðina var heimtað að hann gerði sem mest. Gæti eg vel hugsað mér að óvinum hans hefði eigi tekist öllu fimlegar, þótt þeir hefði sjálfir hlotið happið.

Engum af hvatamönnum þessa máls hafði komið annað til hugar, en að þetta væri vísir og upphaf þess, að vér Íslendingar hefðim ræðismenn út um lönd í líking við aðrar þjóðir, svo sem réttur vor er til. En þeir menn fóru með rangt mál, sem héldu því fram, að starf þetta væri eingöngu í þágu verzlunarviðskifta. Og þeir fóru víss vitandi með rangt mál, því að á þinginu 1909 kom það ljóst fram, að svo var ekki, og sést á því, að mjög var seilst um hurð til lokunnar, er vöruþekking var talin helzta skilyrði þess að geta gegnt starfinu. Eg mun nú færa fullar sönnur á það, sem nú hefi eg sagt. Hér var í þessari sömu deild gerð fyrirspurn til ráðherra 1909 — eg ætla það væri núverandi 1. þm S.-Múl. — um það, hversu þessu starfi skyldi háttað. Svar Björns Jónssonar, sem þá var ráðherra, leyfi eg mér að lesa. Það hljóðar svo:

»Eg vil lýsa aftur yfir því, út af fyrirspurn háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.), að eg ætlast til þess, að enginn sé til þessa starfa valinn (viðskiftaráðunauts) sem reki nokkra verzlun eða aðra atvinnu fyrir sjálfan sig eða aðra. *Hann má ekki vera nokkurs manns umboðsmaður annars en stjórnarinnar.* Hann

á að vera öllum óháður og eingöngu starfsmaður landsins. Viðskiftaerindrekarnir mega alls ekki hafa umboðsmensku-starfa á hendi, því að eg tel það verzlun eða atvinnu fyrir sjálfa þá. Það er því afar-áríðandi að þeir séu sem allra óháðastir«.

Þetta tekur af öll tvímæli og sýnir, að aldrei var til þess ætlast, að þessi maður seldi eða keypti vörur. Enda er það vitfirring að ætla einum manni að kaupa og selja vörur fyrir alla kaupmenn á landinu. Þetta er nú ein hliðin á andróðrinum, og var stefnt á manninn, sem starfið var veitt. Stafaði þetta af því, að höfundar árásanna gátu ekki fyrirgefið honum afstöðu hans í svo nefndu sambandsmáli. En þeir létu eigi hér staðar numið, heldur reyndu að spilla fyrir honum og starfsemi hans með því, að ljósta upp þeim kvitti, að hann væri undirróðrarmaður gegn dönskum stjórnarvöldum í Íslands málum. Erindisbréfið sýnir þó, að langt var frá því, að fyrir hann væri lagður nokkur undirróður gegn Dönum, enda hefir hann aldrei gert neitt í þá átt.

Þessar voru undirtektir Íslendinga. Undirtektir Dana voru svipaðar, að breyttu því sem breyta þarf sakir afstöðu þeirra til málsins. Héldu þeir því einkum á loft, að Íslendingar segðu sjálfir, að maðurinn væri undirróðrarmaður gegn Dönum. Þeir tóku því og fegins hendi að hann væri heimskur og til einskis nýtur, en þó gerðu þeir rammar árásir á hann svo sem kunnugt er. Var ráðist á hann á ríkisþingi Dana og í blöðum þeirra og jafnvel stjórn þeirra og sendiherrar báru sakir á hann í bréfum til stjórnarinnar íslenzku. Hefi eg gefið nákvæma skýrslu um þá viðureign alla í bækliugi mínum, sem eg kallaði »Skilur haf hjarta og vör«.

Þá er að líta á, hverjar urðu afleiðingar af þeim undirtektum, sem nú var lýst. Af þeim hlauzt það, að maðurinn átti erfitt uppdráttar utan lands og innan. Þeir menn urðu tregir til að eiga mök við hann eða hlýða á mál hans, sem voru Dönum vinveittir eða varfærnir menn, þótt það kæmi eigi til, því að þeir héldu að þeir ættu við undirróðrarmann gegn Dönum. Þessi tortrygni átti rót sína að rekja til óhlutvendni þeirra manna hér á landi, sem vildu alt til vinna að hnekkja manninum. Hún gerði viðskiftaráðunautinum alt erfiðara til framkvæmda, en ella mundi orðið hafa, og verða menn því að halda honum til góða, þótt minna yrði úr, en heimtufrekir og fáfróðir menn kröfðust. Hér sannaðist til fulls ið fornkveðna, að »án er ilt gengi nema heiman hafi«.

Afleiðingarnar urðu þó að einu leyti góðar. Því að alt fimbulfambið um þennan voðamann, sem sendur væri til höfuðs Dönum, vakti víða eftirtekt á landinu og högum þess. Varð að því leyti óbeinn hagur að þeim.

Ein tilraunin til þess, að gera mig óvinsælan, þá er eg var orðinn viðskiftaráðunautur, var sú, að ljúga til um laun mín. Var því haldið fram í blöðum og á fiestöllum mannfundum, að eg hefði 12 þúsundir króna að launum. En þetta var með öllu ósatt og sagt móti betri vitund. Nú vita allir, að eg hafði 10 þúsundir kr. í kaup og allan kostnað, en síðan 1911 eigi nema 6000 kr. Það hefir reynst örðugt að koma mönnum í skilning um, að ferðir utanlands kosti nokkuð. Þykist eg skilja, að alþýðu manna sé það ekki ljóst, en þeir menn, sem hafa gert Alþingi reikning fyrir ferðakostnaði hér innanlands, þeir ættu þó að skilja, að eitthvað muni það líka kosta að ferðast erlendis. Eitt dæmi get eg nefnt þess, hversu vel gekk að telja mönnum trú um það, að

laun mín væru svo há sem skrökvað var. Það er, að eg var nýlega settur i skatt fyrir 10,000 krónum. Árstekjur minar fyrstu árin hefði með sanngirni mátt meta 5000 kr., en síðan 1911 ekki fult svo mikið, því að auk þess, sem eg hefi gert reikning fyrir, hefi eg orðið að eyða 200 kr. á mánuði úr minum vasa, þegar eg hefi verið á ferðalagi, því að ferðalög hafa í för með sér margan tilkostnað, sem landinu verður eigi beinlínis gerður reikningur fyrir. Hafði eg og frá upphafi einsett mér, að hafa reikninga mína svo lága, að enginn gæti véfengt þá. Enda hafa engir til þess orðið nema einn maður, sem eg sé ekki ástæðu til að láta mér sárna við.

Eftirtölur um laun mín hafa verið víssvitandi tilraun til að gera mig óvinsælan og til fjandskapar við mig. Hefir tilætlunin verið sú, að telja mönnum trú um, að starf þetta eða sýslan hafi frá upphafi verið til þess sett á stofn, að lausa í mig fé landsins. Svo ramt hefir og kveðið að öfund manna yfir þessu, að mér þykir ástæða til að sýna mönnum, hvernig reikningar minir við þetta land standa.

Eg var fjögur ár í skóla og fékk fyrsta árið 150 króna styrk, en 200 kr. á ári síðan, með vöxtum og vaxtavöxtum á vaxtafæti 0,04 var styrkur orðinn um 810 kr. árið sem eg útskrifaðist. Síðan eru nú 25 ár. Hefði nú þessi upphæð verið ávöxtuð þann tíma með sama hætti, væri hún nú orðin um 2159 krónur. Þetta hefi eg þegið af landina. Síðar var eg í þjónustu landsins um 10 ára skeið, og hafði að meðaltali 1000 krónur um árið fyrir vinnu, sem engum var annars minna goldið fyrir en 2000 kr. Tel eg mér þar vangoldnar 1000 krónur á ári. Ef það fé hefði verið ávaxtað með sama hætti sem fyr var reiknað, þá væri það nú um 11,250 krónur. Ætti eg þá eftir þessu að eiga 9091 kr. hjá landinu.

Auðvitað er þetta ekki annað en sanngirniskrafa, en hún er og verulega sanngjörn. Menn sjá á þessu, að æðimikil brjóstheilindi þarf til að bregða mér um, að landið hafi alið mig um skör fram. Má nú og öfundin hvíla sig, því að eg hefi eigi heyrt þess getið, að mér muni atvinna ætluð eftir nýárið. Mundi eg og ánægður, ef landið vildi gjalda mér það verkakaup, sem eg á hjá því. — Þess vil eg geta, að eg eyði engum orðum til að svara þeim mönnum, sem hafa verið svo ósvifnir að kalla laun mín í þessi 4 ár bitling. Mætti með sama rétti kalla þeirra laun bitling.

Eitt af því, sem gert hefir mér stöðu mína erfiða, er það, að stjórnin hefir sjaldan eða nálega aldrei lagt neitt ákveðið starf fyrir mig. Meðan Björn heitinn Jónsson var ráðherra, skrifaði eg honum um þetta í einkabréfum, en hann svaraði mér, að eg ætti að skapa stöðuna sjálfur. Annað atriði varð og ins sama valdandi, en það var rógurinn. Hann gerði það að verkum, að menn leituðu síður til mín. En þeir sem gerðu það, þá veit eg ekki betur en þeir hafi fengið úrlausn mála sinna. En þótt mér yrði erfitt að *skapa stöðuna*, þá vil eg þó láta þess getið, að eg hefi skapað hana að einu leyti og skapað hana þar ljóslega. Eg hefi markað hana ljóst að því leyti, að eg hefi engin mök átt við danska ræðismenn eða sendiherra yfir höfuð. Eg taldi sýslan þessa upphaf að því, að Íslendingar vildu taka sín mál í eigin hendur og vildu því með engu móti að sendimanni sínum yrði blandað með nokkrum hætti saman við sendimenn Dana. Eg hefi að þessu leyti skapað stöðuna, að eg hefi hvorki hneigt mig né beygt fyrir neinum, og vænti eg, að eftirmenn minir geri ið

sama, svo að það sjáist, að Íslendingar eigi menn, sem þora að standa eða falla fyrir eiginn reikning.

Um árangurinn af starfi mínu, skal eg ekki tala um í dag, en læt mér nægja að vísa til bæklings míns um »Viðskifti Íslendinga við aðrar þjóðir« bls. 16—17. Þar er meðal annars sýnt fram á, að goldinn var kostnaður við sendiför mína, með því að ein vörutegund lækkaði í verði fyrir mína tilstilli.

Þetta meðal annars sýnir, að það margborgar sig að hafa sendimenn úti um viðskiftaheiminn, enda ættu allir þingmenn að vita það. Það mundi margborga sig, þótt miklu meira væri til kostað, en gert hefir verið. Er það allundarlegt, hversu mörgum mönnum dylst þetta. Menn virðast ekki muna eftir því, að verzlunarmagnið er orð um 30,000,000 króna á ári. Ef þeir myndi það, þá mundu þeir og skjótt sjá, að ekki þarf miklu að muna til bóta, til þess að vel borgi sig að gjalda fyrir umbótina þetta fé, sem eg legg til að veitt verði og þótt helmingi meira væri. Það er í sannleika sagt einkennilegt að bera saman, hvað þingmenn vilja veita til ýmissa hluta annara og hvað þeir vilja gera til umbóta á viðskiftum í verzlun og öðru. Það er í alvöru talað vítavert af stjórninni og eigi síður fjárlaganefndinni, að vilja láta þessa sýslan falla niður. Manni verður að spyrja: Til hvers hefir hún verið sett á stofn, ef nú á að leggja hana niður. Líklega til þess að sýna einu sinni enn þá, að grundvallarregla Íslendinga sé *ætið að hrökkva en aldrei að stökkva.* Er það nú orðið að vana og sýnir að þessi kynslóð man nú eigi til þess manns, sem hafði að einkunnarorðum: *Aldrei að víkja.* Væri henni þó vandalaust að fara að dæmi þessa manns, sem landið hefir átt einna beztan.

Þar er nú að líta að lokum, hvað þingið vinnur annað, ef það lætur nú svo gott mál niður falla. Það er engu minna um vert en ið fyrsta, að vér fáum óvirðing annara þjóða. Þá er þær sjá að horfið er frá svo sjálfsögðu máli sem þessu, þá vita þær, hvað veldur: að Íslendingar þora ekki annað en leggja niður rófuna. Vér verðum oss til skammar, þá er aðrar þjóðir sjá, að eigi þarf annað en yglast á oss, er vér göngum eftir sjálfsögðum rétti vorum, sem haldið er fyrir oss með röngu; er þær sjá, að vér hyggjumst deyja munu »fyrir sjóninni einni saman«, þótt þau augu sé eigi jafnöndótt sem Þórs, sem vér eigum í móti að horfa.

Þingið verður með slíku framferði tálmi fyrir framgangi góðs máls, þróskuldur á vegi þess að fram gangi réttmæt krafa vor um aukið sjálfstæði. Hér var byrjun þess, að vér fengim eigna ræðismenn og eigna sendimenn til annara þjóða. En er menn nú heykjast á svo lítilli byrjun, þá slær óhug á alla Íslendinga og þeir hugsa, að árangurslaust sé að fara fram á nokkuð það sem til bóta horfir. Og Dönum er þar með bent til kvæða, að þeirra málstað sé borgið, ef þeir hríni hátt í blöðunum og á þingum, því að Íslendingar láti þá óðara af sínu máli.

Þetta er sama hugarstefnan, sem mundi lýsa sér í því, ef felt yrði að veita styrk til útgáfu bókar þeirrar sem eg nefndi í fyrri hluta ræðu minnar. Þá gleymdist mér að svara einni mótbáru og nota því tækifærið nú. Framsögumaður fjárlaganefndar taldi það viðurhlutamikið að veita styrkinn til þeirrar bókar, því að menn þektu hana ekki og hefðu eigi vit á henni. En mér er spurn, þektu menn og höfðu vit á orðabók þeirri, sem fé var veitt til fyrir skemstu? Þeir sem kunna að dæma um orðabækur,

ættu að hafa nasasjón af því, hvort vel er ritað um sögu landsins eður eigi. Eg veit, að menn muni svara mér, að um orðabókina hafi þeir farið eftir vottorðum sérfræðinga, einkum Bjarnar Magnússonar (Ólsens). En nú stendur svo vel á um þessa bók, að Björn Magnússon Ólsen hefir sama sem gefið gefið henni vottorð, því að hann hefir veitt henni verðlaun úr sjóði Jóns Sigurðssonar. Er nú Björn vitur þegar hann dæmir um orðabók Jóns Ólafssonar, en óvitur þegar hann dæmir um bók Einars Arnórssonar? Eða haltra ef til vill röksemdir nefndarinnar?

En hvorttveggja á sammerkt að því leyti, að stefnan er »ætíð að víkja«, að haga sér svo sem vér vér værim eign Dana, eins og þeir ætti oss með húð og hári svo sem til dæmis bóndinn á sauðina. Þessi stefna er þess eðlis, að hver sem henni fylgir og veit um skaðsemi hennar, eða fylgir henni viljandi og viss vitandi, — hann er landráðamaður. Þeir menn eiga engrar vægðar von og enga von fyrirgefningar. »Faðir fyrirgef þeim, *þeir vita ekki hvað þeir gera*« stendur í heilagri ritningu. Það er in eina fyrirgefningarvon þessara manna, ef þau orð eiga við þá.

Eg hefi nú leitt full rök að því, að þessi sýslan megi ekki niður falla. Tillaga mín nú er samhljóða þeirri, sem eg bar fram 1911. En vilji þingið heldur hafa það með öðru sniði, þá það. En eg legg til, að viðskifaráðunauturinn hafi hér skrifstofu og viðskiftafulltrúa í 8 helztu viðskifalöndum vorum, er að líkindum mætti fá fyrir 1000 krónur í skrifstofufé handa hverjum. Þar væri þá heilt kerfi, er starfað gæti að því allan ársins hring, að veita erlendum mönnum skýrslur um Ísland og Íslendingum um önnur lönd. Sjálfur væri viðskiftaráðunauturinn skrifstofustjóri, þá er hann væri heima, en mundi auk þess ferðast nokkra mánuði á ári þangað sem helzt væri þörf.

Nú þykist eg vita, að mér muni eigi framvegis vera ætluð þessi staða, þótt fram gangi tillagan. En eg get bent stjórninni á mann, sem er ágætlega til starfsins fallinn, og mun eg á sínum tíma segja ráðherra það í trúnaði, hver hann er. Sá maður er áhugamaður inn mesti um alt, sem hann tekur sér fyrir hendur, einkum hefir hann mikinn áhuga á því, að fram gangi réttar, kröfur vorar til sjálfstæðis. Auk þessa er hann ríkur maður og mundi því betur sætta sig við smáskamtastefnuna en bláfátækir menn svo sem eg og mínir líkar.

Í ræðulok vil eg geta þess, að engum þarf nú að koma til hugar að þetta sé matarmál fyrir mig eða sprottið af því að eg sé svo mikill »eiginhagsmuna maður«, sem einn rithöfundur hefir sagt, sá er eg ekki mun minnast á nú, en finna í fjöru síðar. Þetta þarf engum nú að koma til hugar, af því að allir vita eins vel og eg, að mér mundi bægt frá þessari stöðu, þótt henni yrði haldið áfram. Þessi brigzl, sem fyr nefndi eg, munu af því sprottin að eg greiddi atkvæði með fjárveiting til viðskiftaráðunauts, þótt hún væri bundin við mitt nafn 1911. En sú tillaga, sem þá kom til atkvæða, var svo orðuð, að eg átti um tvent að velja: annaðhvort að láta áhugamál mitt og flokks míns falla, eða láta það eigi gjalda nafns míns. Flestir þeir menn, sem báru mig þeim brigzlum, vissu vel, að þeir fóru með rangt mál, og flestir gerðu það móti betri vitund til fjandskapar við mig. Þó mun eg eigi gjalda þeim heiftir fyrir, af því að skapferli mínu er svo háttað, að eg get eigi alið með mér reiðina, þótt menn beiti mig rógi og brigzlum. En fyrirlitning mína skulu þeir hafa frá insta hjartans grunni.

**Matthías Ólafsson:** Eg skal lofa því, að verða ekki mjög langorður. Eg á bara eina brt. á þgskj. 488, sem fer fram á að hækka símalánið til Súgandafjarðarsímans úr 15 þús. kr. upp í 20 þús. kr. En það var ekki vegna hennar að eg stóð upp. Eg hefi nefnilega ekki mikla von um að hún verði samþykt. Og eg ætla að láta það ráðast. En það var vegna brtill., sem fjárlaganefndin hefir komið fram með og fer í þá átt, að alt fé, sem ætlað er til unglingaskóla, komi í einn lið og verði veitt til þeirra 14,000 kr. Þetta er auðsjáanlega gert til þess, að Núpsskólinn verði ekki nefndur sérstaklega á fjárlögunum. Nefndinni er eitthvað í nöp við þann skóla; hún vildi láta fella styrkinn til hans við 2. umr., en þegar það ekki tókst, þá er reynt að finna nýtt ráð og það er þetta.

Nefndin hefir lagt til að veita 14,000 kr. á fjárlögunum til unglingaskóla, og er þá þar með talinn Hvítárbakkaskólinn, sem á að fá 30 kr. fyrir hvern nemanda. Mér er ekkert í nöp við Hvítárbakkaskólann og ætla ekki að leggja á móti honum, en nefndin hefir með þessu móti dregið undan 750 kr. frá því sem samþykt var við 2. umr. Áður voru áætlaðar 14,750 kr. til unglingaskóla, en nú vill nefndin ekki veita nema 14,000 kr.

Háttv. frasögum. fjárlagan. (P. J.) sagði, að ekki væri ætlast til að skólarnir mistu nokkurs í við þessa breytingu. Eg skil ekki, hvernig hann vill koma þessu heim og saman. Eg get ekki betur séð, en að einhver hljóti að missa þessar 750 kr., sem vantar. Það sem nefndina og mig greinir á um er »principið«. Eg vil láta tilgreina, hvaða skólar eigi að njóta góðs af styrkveitingunni, en það vill nefndin ekki. Eg get ómögulega séð, hvaða hætta getur af því stafað. Eg vona því að allir, þeir sem greiddu atkvæði með styrknum til Núpsskólans við 2. umr., greiði líka nú atkvæði móti brtill. nefndarinnar. Því að þá greinir líka á við nefndina um »principið«.

Úr því að eg á annað borð stóð upp, skal eg lítillega minnast á vitamálin. Því hefir verið haldið fram af háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.), að ekki eigi að byggja vita fyrri en að hægt sé að byggja á Meðallandstanga. Eg hefi nú gert mér alt far um að finna út, hvar fyrst eigi að byggja vita, og er á þeirri skoðun, að við, sem tökum fiestum þjóðum hærra vitagjald, megum ekki láta neitt ár líða svo, að við ekki byggjum vita. Og eg hygg að fyrsti vitinn eigi að vera á Ingólfshöfða. Það hefir verið sagt, að sá viti yrði mest reistur fyrir útlendinga. Útlendingar borga alt eða mest alt, sem við fáum í landssjóð fyrir vitagjald. Það er því ekki nema rétt að við reisum vita þar sem þeir hafa þeirra mest not. Skipsskrokkarnir á söndunum eystra eru líka ljósast votturinn þess, að vitans á Ingólfshöfða er þörf. Þar ferst fjöldinn allur af botnvörpungum, og það á ekki að standa þessari vitabyggingu í vegi, að þeir eru okkur engir aufúsugestir.

**Kristján Jónsson:** Eg á eina brt. við þennan kafla fjárlaganna á þgskj. 502, sem fer í þá átt, að hækka styrkinn til mótorbátsferða á Hvítá í Borgarfirði upp í 800 kr. Til þessa hefir áður verið lagt 750 kr. af landsfé. Stjórnin hefir lagt til, að þessi styrkur yrði lækkaður ofan í 600 kr. Og nú hefir samgöngumálanefndin lagt til að lækka styrkinn enn niður í 400 kr. Eg verð nú að segja það, að þessi lækkunartillaga er ekki á neinum rökum bygð, heldur er hún alveg út í bláinn. Mér dettur ekki í hug að álasa háttv. samgöngumálanefnd fyrir þessa tilögu sína, því að eg veit að hún stafar af ókunn-

ugleika. Eg hefi líka talað við suma af háttv. nefndarmönnum síðan eg vissi af tillögunni, og telja þeir sig ekki ófúsa á að vera með einhverri hækkun á framlaginu.

Þörfin á reglubundnum mótorbátsferðum eftir Hvítá til og frá Borgarnesi er áreiðanlega mikil. Hvítá er mikið vatnsfall. Víðast ófær nema á ferju. Enda engin vöð á henni nema Langholtsvað, sem þó varla má vað heita, því að það er orðið nær ófært. Brú er heldur engin á ánni fyrri en uppi á Kláffossi, sem er fyrir ofan Deildartungu, fyrir ofan alla aðalbygð héraðsins. Áin er því mikill farartálmi fyrir þá sem búa sunnan við hana og neðar en Kláffossbrú, og þeir er margir, er byggja þetta blómlega hérað; er umferð þar in mesta, og vöruflutningaþörf mikil, og er því sannarlega þörf á að létt sé fyrir henni. Við Borgarfjörð eru engar hafnir, nema þessi í Borgarnesi, ef höfn skal kalla. Flutningabraut Borgarfjarðar kemur heldur ekki að gagni fyrir menn, sem búa á því svæði, sunnan Hvítár, því að hún liggur öll í Mýrasýslu norðan árinnar upp að Kláffossbrú. Héraðsmenn eru því neyddir til að flytja vörur sínar eftir Hvítá.

Þörfin fyrir flutningabót er svo mikil, að það hefir verið skorað á mig að koma því til vegar við þingið, að brú yrði bygð á Hvítá neðarlega hjá Ferjukoti, en eg hefi enn ekki farið fram á það, séð að það mundi verða árangurslaust. Hitt sýnist mér fjarri allri sanngirni, að fara að lækka þennan litla styrk, þar sem þörfin er svo brýn. Leiðin, sem móturbáturinn verður að fara, er vond, því að áin breytir sér sífelt, svo að sandrif eru komin eftir stuttan tíma þar sem álar voru áður. Af þessu leiðir aftur, að erfitt er að fá báta til þess að halda uppi þessum ferðum. Ef tillagið verður lækkað, verður vafalaust að hætta ferðunum, og er það mikill skaði fyrir héraðið.

Mér virðist nú það vera sjálfsagt að það eigi að fella tillögu samgöngumálanefndarinnar, og eg vona að það verði gert. Ef þingið hins vegar sér sér ekki fært að samþykkja mína tillögu, þá vona eg það að minsta kosti samþykki þó tillögu stjórnarinnar. Eg vænti þess, að þingið líti vingjarnlega á þessa fjárbón mína og athugi, að það er smáræði eitt, sem eg hefi farið fram á í fjárveitingarskyni til handa mínu kjördæmi, svo að það verður eigi talinn vottur um heimtufrekju, er eg fer fram á að þetta lítilræði sé veitt til nauðsynjafyrirtækis í héraðinu.

**Einar Jónsson:** Eg skal ekki lengja umræður. Hér liggja fyrir 2 brtill., sem eg er við riðinn.

Skal eg fyrst snúa mér að brtill. á þgskj. 541, um að styrkur verði veittur til kaupfélaganna Heklu og Ingólfs til að halda uppi vöruflutningum á sjálfrenningum um Árnes- og Rangárvallasýslu, 4000 kr. f. á. Beiðni um þetta var fyrst í gær lögð fram á lestrarsalinn, og býst eg því ekki við að háttv. þingdeildarmenn hafi kynt sér hana. Vil eg því með leyfi hæstv. forseta lesa hana upp — hefi hana hér með höndum. *(Forseti:* Leyfilegt). [Upplestur].

Nú hefir verið tekinn inn á fjárlögin styrktur til Sveins Oddssonar til að halda uppi mótorvagnaferðum frá Rvík austur. Forstöðumenn þessara kaupfélaga skuldbinda sig til þess að sjálfrenningur þeirra skuli bera að minsta kosti 2000 pd., eða hálfu meira heldur en Sveins Oddssonar. Þeir skuldbinda sig til að haga gjaldinu eftir gjaldskrá, sem stjórnarráðið samþykki. Sömuleiðis ferðaáætlun eftir samþykki stjórnarráðsins. Það er alkunnugt. að á vorin liggur oft snjór á Hellisheiði, svo að vögnum er ekki unt við að koma. Þetta þarf ekki að

óttast á vegunum frá Stokkseyri og Eyrarbakka um Árnes- og Rangárvallasýslur. Þess vegna geta sjálfrenningsferðir byrjað þar miklu fyr.

Eg álít, að þessi beiðni sé að minsta kosti eins sanngjörn og beiðni Sveins Oddssonar, að honum ólöstuðum. Mér er óhætt að fullyrða það, að í byrjun Maí er alstaðar orðið snjólaust á bygðu bóli í austursýslunum, en þá liggur oft þungur snjór á Hellisheiði. Um þann tíma árs er hættast við að hestar bænda séu magrir og illa færir um að draga þunga vagna. Auk þess verður flutningsgjaldið ódýrara frá Stokkseyri og Eyrarbakka en frá Reykjavík.

Háttv. framsögum. sagði ekki ástæðu til að gera nema eina tilraun um þetta. Eg er samþykkur því, að óheppilegt sé að gera tilraunir víðs vegar um landið, en ef nokkurstaðar á að gera slíkar tilraunir, álít eg að byrja eigi frá Eyrarbakka og Stokkseyri, miklu fremur en héðan úr Reykjavík, af framangreindri ástæðu.

Þá er brtill. á þgskj. 527, um 1000 kr. viðurkenning til handa fyrverandi alþingismanni Þorvaldi Björnssyni. Hv. þingm. N.-Þing. hefir nú mælt með þessari tillögu. Á þinginu 1909 kom líka fram tillaga um þetta. Menn könnuðust við verðleika hans þá, en strykaður var hann út af fjárlögunum þá. Hér á í hlut mesti búnaðarfrömuður. Var hann um eitt skeið einn inn mesti bóndi í Rangárvallasýslu og rausnarmaður inn mesti. Síðan flutti hann hingað til Reykjavíkur og komst í efnaþrot. Er hann nú áttræður að aldri. Það er kallað nauðsynlegt að verðlauna skáld og listamenn. En hví má þá ekki verðlauna þá bændur, sem landinu hafa orðið til nytsemdar og sæmdar? Hví þarf þingið að skammast sín fyrir það? Eg vil benda mönnum á að lesa Alþt. 1909, B. bls. 335—336. Þar er að finna umæli um þennan mann og eru þau að öllu sönn. Þar er hann talinn einn af merkustu bændum þessa lands, gestrisinn og hjálpfús öllum framar. 40 stórgripi hefir hann gefið fátækum í sinni búskapartíð, og í hallærinu 1882 varð hann hjálparhella margra fátækra heimila. Eg sé ekki betur en að slíka menn eigi að heiðra, og eg veit, að honum mundi þykja vænt um í elli sinni að þingið sýndi honum sóma með því að veita honum þessa litlu upphæð, og fáir mundu þeir vera, sem teldu hana eftir, sem annars þekkja hann og hans afrek. Enn hefir Þorvaldur sýnt stórmensku, þótt aldraður sé og féþurfi, með því að láta gera stórkostlega fyrirhleðslu á Svarðbælisá, sem hægt væri að lýsa frekara ef þörf sýndist. Eg vona, að deildin sinni þessari tillögu.

**Jón Jónsson:** Eg stend upp til þess að fara nokkurum orðum um þá einu brtill., sem eg er riðinn við nú. Hún er á þgskj. 534, flutt af mér og háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.). Breyt.till. fer fram á það að hækka styrkinn til Íþróttasambands Íslands um 500 krónur fyrra árið.

Háttv. þingm. N.-Þing. hefir minst á breyt.till. og getið þess, að styrkhækkunin sé aðallega ætluð til þess að Íþróttasambandið geti miðlað Erlingi Pálssyni styrk nokkurn til utanfarar. Nefndin hefir getið þessa í áliti sínu, en telur, að Íþróttasambandið geti kostað Erling til utanfarar án aukins styrks. En af svo lítilli upphæð, sem sambandinu er ætlað í fjárlögunum, getur það ekkert miðlað Erlingi. Því veitir sannarlega ekki af þeim styrk til þess að halda í horfinu íþróttum hérlendis; dugir þar ekki að slaka til, ef framfarir og líf á að haldast í íþróttunum.

Það hefir verið tekið fram hér í dag, að Erlingur er efnilegur maður í sinni íþrótt, svo að með afbrigðrm má heita.

Til samanburðar skal eg geta þess, að hann er ekki að eins langfremsti sundmaður hérlendra manna, heldur jafnast hann á við fremstu sundmenn sumra þjóða annara. Hann hefir synt hér 500 stikna sund á 8 mín. 23 sek. En sundmeistari Dana, Saxtorph, synti 1908 sömu vegarlengd á 8 mín. 43 sek., en ári síðar á 8 mín. $13^2/_5$ sek., og hefir það sund hraðast synt verið í Danmörku, Þess er enn að gæta, að þá er Erlingur synti sundið, það er áður getur, hafði hann engan við að keppa og varð að snúa við, í rétt horn, 43 sinnum, og dró það mjög úr hraðanum. Um svo efnilegan mann er það ekki að undra, að hann fýsi utan að læra framar íþrótt sína en hér er kostur. Er það ætlun hans að gerast síðan kennari hér. Eg þarf ekki á að benda, hver nauðsyn ber til að hafa hér vel hæfan kennara í þessari íþrótt. Er hér um þá íþrótt að ræða, sem eigi að eins er fögur, holl og gagnleg, heldur á fjöldi manna líf sitt undir því að kunna þá íþrótt, ekki sízt sjómennirnir. Oft er um það talað hér, að brúa þurfi ár, vegna mannhættu, og varið til þess svo að hundruðum þúsunda kr. skiftir; tel eg það eigi eftir. En í sambandi við það verður ekki talið til mikils mælst, þótt farið sé fram á 500 kr. til þessarar íþróttar, sem verða má til að afstýra dauða margra manna. Er mönnum hentugt að kunna sundtökin, þegar svo ber að, sem oft kann verða, að menn losast við hesta í vötnum, mönnum hlekkist á á sjó o. s. frv.

Að svo mæltu vænti eg þess, að deildin láti sér eigi í augum vaxa svo smáa upphæð og samþykki tillöguna.

**Stefán Stefánsson:** Eg á hér eina litla brtill. á þgskj. 520, um að veita 700 kr. f. á. til steinsteypubrúar á Þverá í Eyjafirði, þó ekki yfir $^1/_4$ kostnaðarins Mér þykir ekki blása byrlega fyrir þessari brt., þar sem hv. framsm. jafnvel teluv vafasamt, að hún megi koma til atkvæða. Það fæ eg með engu móti skilið. Við 2. umr. var brt. um 800 kr. fjárveiting til þessarar brúar, án nokkurs skilyrðis, en nú er að eins farið fram á, að landssjóður veiti að eins alt að 700 kr., þó ekki yfir $^1/_4$ byggingarkostnaðar til brúargerðarinnar. Fæ eg því ekki skilið annað, en að allir sjái, að hér er um alveg ólíkar brtill. að ræða, og neita því algerlega, að brt. mín komi í bága við þingsköpin.

Eg lýsti því við 2. umr., hvernig hér hagar til, og skal ekki endurtaka það. Að eins skal eg benda á, að síðan fræðslulögin komu í gildi, liggur leið skólaskyldra barna á allstóru svæði yfir þessa á, og er því óumflýjanlegt að brúa hana. Trébrú er ekki gerlegt að setja, því að hún mundi standa að eins um nokkur ár, þangað til hún væri orðin fúin og eyðilögð, og þannig endurtaka sig alt af sama sagan og sami kostnaðurinn.

En þetta er verk, sem margt mælir með að sé jafnt stutt af öðrum en þeim, sem beinlínis hafa hag af því í augnablikinu. Hér hagar svo til, að mikið til alt efni mun vera komið til brúarstæðisins, og til tals hefir komið, að verkstjóri, sá sem stendur fyrir brúargerðinni á fiutningabrautaleiðinni frá Grund til Saurbæjar, segi einnig fyrir brúarsmíðinni á Þverá. Þess ber því að gæta, að úr því sem komið er, þá er ekki hægt að hrökkva eða hætta við brúarbygginguna, þar sem, eins og eg þegar hefi skýrt, að efnið er komið á brúarstöðvarnar, og því öldungis óumflýjanlegt að byrja nú þegar á verkinu. Eg skal játa, að þetta er ekki stórt vatnsfall. Að jafnaði er hægt að fara yfir það á hestum hættulaust, en á sumum tímum árs getur það orðið að »skaðræðis fljóti«, sem ekki er fært yfir fyr en á eyrunum niður undir Eyjafjarðará.

Eg vona, að þetta mál eigi þau ítök

í mönnum hér í deildinni, að það fái að ganga til háttv. Ed. Hún getur þá ráðið niðurlögum þess, ef henni þykir það horfa þannig við.

**Kristinn Daníelsson:** Breyt.till. mínar hafa ekki haft mikinn byr hjá háttv. framsögum., fremur en allflestar aðrar brt., sem fram hafa komið við þessa umr. Þetta kann að vera eðlilegt frá sjónarmiði nefndarinnar, sem vill hafa alla varúð og gætni um fjárhag landsins og vill henni þá verða það að lokum, að leggja allar brtill. undir sama hnífinn. Eg efa nú að þessi aðferð sé heppileg hjá háttv. nefnd, því að flestar eru þó tillögurnar komnar fram að brýnni þörf landsmanna. Það væri því æskilegra, að nefndin hefði getað tekið nokkuð fleiri tillögur úr, sem hún gæti fallist á og vænta má að muni þó fram ganga ýmsar. Það ætti að mega sín mikils, sem fjárlaganefndin leggur til, og geta verið til leiðbeiningar fyrir þingmenn, þegar þeir eru í vafa, hverju þeir eigi að greiða atkvæði. Þeir munu þá helzt vilja fylgja nefndinni, en þegar þeir sjá að hún sker alt við eitt trog, þá verða þeir efablandnir um réttdæmi hennar. Hún ætti því að sýna dálitla tilhliðrunarsemi og þá væri hún því vissari um að þingmenn greiddi atkvæði tillögum hennar. Þegar eg hefi gert grein fyrir þessum tillögum, sem eg hefi komið fram með, vona eg að bæði nefndin og háttv. framsögum. geti orðið þeim hlynt. Þær eru fjórar alls.

Fyrsta brtill. er á þgskj. 538 við 13. gr. Hún er frá mér og háttv. samþingismanni mínum um styrk til brúargerðar á Ártúnsá á þjóðveginum á Kjalarnesi. Eg bar fram nokkuð svipaða brtill. við 2. umr. Háttv. framsögum. sagði, að þetta væri sama tillaga og þá var feld, og væri hún því í rauninni óréttmæt. En þetta er ekki rétt hjá háttv. framsm. Bæði er það, að upphæðinni er breytt — hún færð niður — og sömuleiðis er það skilyrði sett fyrir styrkveitingunni, að héraðið leggi fram allan þann kostnað, sem á vantar. Verkfræðingur hefir að vísu gert kostnaðaráætlun þessu viðvíkjandi, en oft mun það reynast svo, að þessar áætlanir séu of lágar og meira fé þurfi. En nú er með brtill. loku skotið fyrir það, að um það verði sótt. Og þar sem hér er ekki að ræða um meira en 3800 kr., sem ekki á að leggja fram fyr en síðara árið, þá vona eg að háttv. deild verði ekki á móti því að leggja þetta fé fram til brúargerðar á þjóðvegi, sem landssjóður á að kosta — en héraðsbúar samt vilja leggja nokkuð á sig fyrir. Og þar sem tillagan við 2. umr. að eins féll með jöfnum atkvæðum, þá vona eg að undirtektirnar verði betri nú. Skal eg svo ekki fjölyrða meira um þessa brtill.

Þá er 2. brtill. á þgskj. 539, og fer fram á fjárveitingu til Grindavíkurvegarins síðara árið. Nauðsynina á þessari fjárveitingu hefi eg sýnt fram á áður og skal ekki endurtaka það — en eg verð að ítreka það, að þessi vegur hlýtur að koma, og sveitin verður að róa að því öllum árum, að hann komi sem fyrst, þar sem þetta björgulega sjópláss verður að öðrum kosti útilokað frá öllum samgöngum, bæði á sjó og landi. Eg fór fram á dálítið hærra tillag áður, og þar sem það að eins féll með jöfnum atkvæðum og nú er slegið af kröfunum, þá vona eg að þessi brt. sé ekki borin fram ófyrirsynju.

Þá verð eg að minnast á brtill. á þgskj. 508, sem eg og nokkrir aðrir háttv. þm. höfum leyft okkar að koma fram með. Hún fer fram á það, að veittur sé 50 þús. kr. hvort árið til þess að kaupa hluti í Eimskipafélagi Íslands.

Háttv. þingmenn skilja víst, hvers vegna þessi tillaga er komin fram, og leyfi eg mér að vona, að þeir verði mér samdóma um nauðsynina á henni. Hún er sprottin af því, að samgöngumálanefndin hafði lagt það til, að 400 þús. kr. yrðu veittar til hlutakaupa í Eimskipafélagi Íslands. Tilætlun hennar var sú, að þetta fé væri veitt með því skilyrði, að félagið tæki að sér strandferðirnar jafnframt, og var meiningin að 300 þús. kr. gengju til þeirra, en hitt til að stofna félagið. En nú vofir ein hætta yfir, að af hvorugu geti orðið vegna þess, að félagið geti ekki skuldbundið sig til þess að taka að sér strandferðirnar fyr en það er stofnað, og til þess að geta stofnast vantar það 100 þús. kr. Meiningin með þessari brtill. er því sú, að leysa þessar 100 þús. kr. úr þessum læðingi, skilyrðinu, að félagið taki að sér strandferðir, til þess að hægt sé að stofna félagið. Eins og ákvæðið nú er, má ekki skilja við það. Við vitum það allir, að þjóðin ætlast til þess, að þingið hlaupi undir bagga með félaginu, svo að eitthvað geti orðið úr því. Og verði þessu máli hrundið af stokkunum, þá skoða eg það vott þess, að Íslendingar séu vaknaðir og sjái það, að þeir verða að vera samtaka í því, að taka sjálfir samgöngurnar í sínar hendur og hætta að leita til annara þjóða. Og Eimskipafélagið er fyrsta lífsmarkið. Aldrei hefir verið stofnað til neins fyrirtækis hér á landi, sem átt hefir jafnmiklum og almennum vinsældum að fagna. Fullorðnir og börn, ríkir og fátækir, hafa rutt sig og rúið til þess að leggja sinn skerf til, og menn bíða þess með eftirvæntingu, að þingið láti nú einnig til sín taka, svo að þetta verði ekki eins og bóla, sem óðara hjaðnar. Og það verð eg að segja, að ekki verðum við þingmenn öfundsverðir af því að koma heim til kjósenda okkar og segja þeim, að við höfum ekkert gert fyrir þetta þjóðræknisverk, sem almenningur á Íslandi er nú að vinna.

Það má segja, að samgöngumálanefndin hafi á ytra borði tekið örlátlega undir þetta mál, en niðurstaðan hefir orðið sú, að það er hægt að efast um að henni hafi verið alvara að þetta kæmi að nokkru gagni.

Félagið getur ekki gengið að því, að taka að sér strandferðirnar, af þeiri einföldu ástæðu, að það er ekki komið á stofna, en bráðabirgðastjórnin hefir enga heimild til að gera slíka samninga, sem þar að auki koma í bág við hlutaútboðsskjalið. Og þótt það væri komið á stofn, þá er alls ekki víst, að það sjái sér fært að taka að sér strandferðirnar. Því að þótt þetta sé þjóðræknisverk, þá verður það þó að hlíta almennum reglum, sem gilda um öll hlutafélög, að félagið sé rekið eftir skynsamlegum og hagsmunalegum reglum. Og þótt það sé ekki neitt beint gróðafyrirtæki, mun það ekki leggja út í það, sem gæti orðið til stórtjóns. Það eina rétta er því að bíða og sjá til, hvort hægt sé að félagið taki að sér strandferðirnar strax. En fyrst verður það að komast á fót. Og það verður með því einu móti, að Alþingi veiti þessar 50 þús. kr. til hlutakaupa hvort ár, skilyrðislaust. Samgöngumálanefndin hafði líka, eins og eg hefi tekið fram, ætlað félaginu 100 þúsund kr. til þessa, þótt niðurstaðan yrði þessi.

Til þess að gera þetta enn þá aðgengilegra, höfum við stungið upp á að skifta þessum 100 þús. kr. niður á bæði árin og eftir því sem mér hefir verið tjáð, kemur það að fullum notum. Og það má líka reiða sig á — og bráðabirgðastjórnin hefir látið það í ljós, að hún vildi stuðla að því — að félagið mun, þegar er það sér sér fært, taka að sér strandferðirnar. Og þá er alt komið í

það horf, sem samgöngumálanefndin hefir hugsað sér.

Eg skal svo ekki fjölyrða meira um þessa brtill., en vænti þess fastlega, að þingdeildin láti nú til sín taka og ráði vel fram úr þessu máli, sem allur landslýður bíður eftir með óþreyju og eftirvæntingu.

Þá verð eg að minnast á brtill. mína á þgskj. 544 við 15. gr. Þar er farið fram á að skáldlaunin til Guðmundar Guðmundssonar séu hækkuð úr 1200 kr. helzt upp í 2000 kr., en að minsta kosti upp í 1600 kr. Fyrst verið er að meta veðleika skálda okkar hér á þinginu, þá finst mér honum vera gert alt of lágt undir höfði, því að hann er í raun og sannleika eitt af okkar beztu skáldum, sem þjóðin hefir einna mesta nautn af. Og þar fer líka það tvent saman, sem er eðlilegast skilyrði fyrir slíkum fjárveitingum, hæfileikarnir og þörfin. Hann hefir enga fasta stöðu, sem geti gefið honum trygga afkomu og hæfileikana viðurkenna allir. Eg vona því, að deildin geti fallist á þessa breytingartillögu mína.

Þótt brtill. mínar séu nokkuð margar, þá eru þær svo sanngjarnar og eðlilegar, að eg vona að háttv. þingmenn geti greitt þeim öllum atkvæði.

**Björn Kristjánsson:** Eg ætla að minnast dálítið á brt. við brt. samgöngumálanefndarinnar á þgskj. 487. Tveir af nefndarmönnum, hv. 1. þm. N.-Múl og eg höfum dálítið aðra skoðun en nefndin á því, hvernig eigi að orða tillöguna um framlag til Eimskipafélagsins. Meiri hlutinn vill, að framlagið verði bundið því skilyrði að félagið taki að sér strandferðirnar 1916. Þessi till. háttv. meiri hluta er með öllu gagnslaus, vegna þess, að félagið hefir ekki nema 310 þús. kr. af þeim 385 þús. kr., sem það þarf til þess að geta komist á fót, og félagið getur ekki skuldbundið sig til þess að taka að sér strandferðirnar fyr en það er stofnað. Og fyrsta skilyrðið til þess er það, að það fái það fé, sem það getur komist minst af með. Og til þess þarf aðstoð þingsins. Frumvarp samgöngumálanefndarinnar liggur því alveg í lausu lofti, nema félagið verði stofnað. Þess vegna höfum við leyft okkur að koma fram með tillögu um það, að því verði *skilyrðislaust* veitt fé til þess að komast á stofn og geta byrjað með því fyrirkomulagi, sem ráð hefir verið gert fyrir og allir landsmenn hafa búist við. Það er því mesta fásinna að ætla að pína upp á það strandferðunum. Það getur ekki tekið við þeim fyr en hluthafafundur hefir samþykt það, jafnvel þótt forgangsmennirnir vildu það.

Þetta form fyrir styrkveitingunni, sem við stungum upp á, er því alveg nauðsynlegt. Og annað en form er það ekki, því að þingið vill leggja félaginn þessar 100 þús. kr.

Þeir háttv. þingmenn, sem greiða atkvæði með okkar tillögu, greiða því atkvæði að félagið komist á stofn; hinir vilja ekki að það komist á stofn.

Eg er glaður yfir því, hvað háttv. 1. þm. N.-Múl (Jóh. Jóh.) hefir frá upphafi litið glögt á þetta mál, og honum þakklátur fyrir það, hvað einlæglega hann hefir stutt það. Eg vona að háttvirtir deildarmenn íhugi þessa tillögu og átti sig á, að það er nauðsynlegt að hún nái fram að ganga. Eg skal svo ekki að sinni fjölyrða frekar um þetta mál.

Um tillöguna, sem háttv. meðþingismaður minn talaði um, viðvíkjandi brú og vegi í kjördæmi okkar, skal eg ekki fjölyrða. Hann hefir talað vel fyrir tillögunum, og vænti eg að háttvv. deild láti hvora sýsluna um sig fá það, sem þær hvor um sig hafa farið fram á.

Eg held að engin sýsla hafi farið var-

hluta einhverrar fjárveitingar, og er því ekki rétt að þessum sýslum verði neitað um þessar litlu fjárveitingar.

Eg skal svo ekki eyða tímanum með því að fara lengra út í þetta.

**Valtýr Guðmundsson:** Mér hefir verið falið sem framsögumanni samgöngumálanefndarinnar að tala nokkuð um kaflann 13. gr. C. Eg skal ekki fara mörgum orðum um tillögur samgöngumálanefndarinnar í heild sinni, en læt mér nægja í því efni að vísa til álits hennar, sem eg vona að háttv. þingmenn hafi kynt sér. Eg skal aðallega snúa máli mínu að þeim breyt.till., sem fram hafa komið við breytingartillögur okkar.

Það er þá fyrst breyt.till. á þgskj. 558 við 1. lið um undirbúning samgöngumála sjó, að til hans séu veittar 4000 kr. á ári. Þetta hefir fjárlaganefndin fallist á, en vill orða tillöguna þannig, að styrkurinn sé að eins til undirbúnings. Þetta skiftir ekki máli. Samgöngumálanefndin álítur þó, að í framtíðinni verði ekki hjá því komist að hafa fastan mann til að standa fyrir þessum málum, þó að á næsta fjárhagstímabili sé að eins um undirbúning að ræða. Að vísu ætlast nefndin til að stjórnin ráði mann til að standa fyrir undirbúningnum, en ekki að þetta verði gert að að fastri stöðu. Það getur verið mikið komið undir því, hver árangurinn af þessum tilraunum verður, hvort þingi og stjórn þyki rétt að stofna þessa stöðu. En það er ekki ólíklegt, að þegar 300 þús. kr. verða veittar á ári til samgöngmála, þá þurfi sérstakan mann til að hafa eftirlit með þem málum.

Á þgskj. 563 er breyt.till. við tölulið IV. 1 um að styrkurinn til Faxaflóabáts 12,000 kr., sé hækkaður upp í 14,000 kr. Á fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar eru þessum bát að eins ætlaðar 12,000 kr., eins og samgöngumálanefndin hefir lagt til. Samgöngumálanefndin hefir ekki haft tækifæri til að ræða þetta atriði, og get eg því ekki tekið neina ákveðna afstöðu til þessarar breyt.till., en eftir því sem fram kom í nefndinni, þótti henni tillagið nægilegt. Eg hygg þó, að hún muni ekki gera þetta að kappsmáli, en láti það vera á valdi deildarmanna, hvora upphæðina þeir velja. Auðvitað er það, að eftir því sem upplýstist af reikningum útgerðarinnar, var hægt að sjá, að þessi bátur er ekki vel settur fjárhagslega, og hins vegar á það að líta, að hann gerir mikið gagn, bæði að því er snertir póstflutning og mannflutning, og er landinu þannig til nokkurs sparnaðar, því virðist vera rétt að styrkja hann ríflega. Og eftir því sem útkoman hefir verið af tekjum bátsins, þá virðist vera full þörf á því að tekjurnar verði meiri, og getur því verið ástæða til að hækka styrkinn um þessar 2000 kr. Eg vil því fyrir hönd samgöngumálanefndarinnar ekki leggja á móti þessari hækkun, þótt nefndin hafi komist að þeirri niðurstöðu að tillagið sé nægilegt.

Á þgskj. 558 fer fjárlaganefndin fram á að hækka styrkinn til bátaferða á Breiðafirði um 1000 kr. eða upp í 9000 kr. En á þgskj. 489 er önnur brtill. um að hækka þennan styrk upp í 10,000 kr. Eins og getið er um í nefndaráliti samgöngumálanefndarinnar, þá voru þessar upphæðir til þessara bátaferða settar nokkuð af handahófi, vegna þess, að fullnægjandi upplýsingar voru ekki fyrir hendi, svo að nefndin gæti verið viss um að upphæðir þær, sem hún tiltók, væru á fyllilegum rökum bygðar. Eg mun geta sagt það fyrir hönd samgöngumálanefndarinnar, að hún geti gengið inn á að hækka styrkinn upp í 9000 kr., en 10,000 kr. býst eg við að henni þyki of hátt. Þessi styrkur hefir áður verið . . . til stærri bátsins 7000

kr. og til minni bátsins 1000 kr. Eg vil því ráða háttv. deild til að halla sér að tillögu fjárlaganefndarinnar í þessu efni, en annars mun samgöngumálanefndin auðvitað halda sér við þær upphæðir, sem hún hefir sjálf stungið upp á, þó að hún geri það hins vegar ekki að neinu kappsmáli. Annars bárust samgöngumálanefndinni sögur um, að það væri vafasamt hvort stærri báturinn á Breiðafirði væri notaður samkv. vilja og til gangi Alþingis, þar sem hann væri í höndum kaupmanns, sem ef til vill notaði hann í eigin þarfir meira en góðu hófi gegndi. En það er vafasamt, hvort þessar sögur eru á rökum bygðar, og um það treystir nefndin sér ekki að dæma, en það mun koma í ljós við þá rannsókn, sem ætlast er til að fari fram.

Þá er enn breyt.till. frá fjárlaganefndinni á þgskj 558 við tölul. IV, 4, um að fyrir »Eyjafjarðarbátur« komi »Norðurlandsbátur«. Það er vel til fallin orðabreyting, því að þessi bátur er ekki einungis ætlaður Eyjafirði og mun samgöngumálannefndin fúslega fallast á þá breyt.till

Þá fer fjárlaganefndin á sama þgskj. fram á að lækka styrkinn til bátaferða frá Vestmannaeyjum til Víkur, Stokkseyrar og Eyrarbakka um 1200 kr., úr 6000 niður 4800 kr. Það er eins með þessa upphæð eins og aðrar, að hún er tiltekin nokkuð af handahófi hjá samgöngumálanefndinni. en menn úr efri deildar nefndinni. sem kunnugir eru í þessum héruðum, álitu, að þessi upphæð væri nauðsynleg og við hinir gátum ekkert um það dæmt, og eg held reyndar að þeir hafi ekki getað það heldur. Eg held að það myndi ekki saka þó tekin væri fjárlaganefndarupphæðin, og eg get hvorki ráðið til eða frá að samþykkja þessa breyt.till. Auðvitað mun samgöngumálanefndin hér halda sér við þá upphæð, sem hún hefir lagt til, en ekki mun hún gera þetta að neinu kappsmáli.

Þá er enn breyt.till. frá fjárlaganefndinni á sama þgskj., um að aftan við liðina IV, 1.—4. og 6.—9. bætist »alt að«. Þetta er breyt.till., sem samgöngumálanefndin getur gengið að, því að þetta var hennar hugsun frá upphafi, þó að það kæmi ekki fram í tillögunum. Það er sjálfsagt, að það getur orðið mismunandi, sem útborgað er til þessara ferða.

Á þgskj. 502 er farið fram á að hækka styrk til mótorbátsferða á Hvítá í Borgarfirði. Í frumvarpi stjórnarinnar er farið fram á að hækka þennan styrk um 200 kr. frá því sem nú er, eða upp í 600 kr., en á þgskj. 502 er farið fram á að hækka styrkinn upp í 800 kr. Samgöngumálanefndin áleit að 400 kr. mættu nægja eins og hingað til, að minsta kosti þangað til að reynsla er fengin fyrir því að styrkurinn komi að tilætluðum notum. Hún vildi fara varlega í sakirnar meðan ekki hefir farið fram rannsókn um það, hversu mikið gagn þessi bátur gerði. Nefndin hafði ekki fyrir sér neinar upplýsingar, sem fullnægjandi væru. Eg geri ráð fyrir, háttv. þm. Borgf. (Kr. J.) geti gefið einhverjar upplýsingar, en meðan þær upplýsingar eru ekki komnar fram, mun samgöngumálanefndin halda sér við sína tillögu, eða að öðrum kosti við tillögu stjórnarfrumvarpsins, 600 kr. Ef héraðsmenn vilja leggja á sig jafn mikið á móti, þá virðist mér það sönnun fyrir nauðsyn bátsins. Eg held fyrir mitt leyti að það sé heppilegast í þessu efni að halda meðalveginn og hallast að frv. stjórnarinnar óbreyttu.

Þá kem eg að þessu stóra spursmáli um tillagið til Eimskipafélags Íslands til að halda uppi millilandaferðum. Eins og sjá má af framhaldsnefndaráliti sam-

göngumálanefndarinnar, þá hefir hún viljað, að bæði hluttaka í félaginu af landssjóðs hálfu og beint tillag úr landssjóði væri bundi því skilyrði, að félagið tæki að sér strandferðirnar. Nefndin var þó ekki öll á einu máli um þetta, en þetta var álit meiri hluta, nefndarinnar, og það mikils meiri hluta, ef miðað er við nefndirnar í báðum deildunum. Þetta er þó ekki svo að skilja, að félagið geti ekki fengið strax þennan 40 þús. kr. styrk, þó að það hafi engar strandferðir á næsta fjárhagstímabili, ef von er um að það byrji strandferðirnar 1916.

Samgöngumálanefndin var þeirrar skoðunar, að það væri heppilegast bæði fyrir félagðið og landssjóð, að millilandaferðirnar og strandferðirnar kæmust á eina hönd. Okkur gat ekki skilist, að það gæti verið mikil áhætta fyrir Eimskipafélag Íslands, að taka að sér millilandaferðirnar og strandferðirnar fyrir sama gjald og Sameinaða eimskipafélagið hefir nú. Það vita allir, að Sameinaða eimskipafélagið siglir ekki skipum sínum hingað bara til að tapa, og það ekki af föðurlandsást til Íslands, heldur til að hafa hagnað af því. Þess vegna ætti áhættan ekki að vera svo mikil. En skyldi svo fara, að reynslan sýndi annað, kæmi það í ljós, að félagið skaðaðist á ferðunum, þá væri alt af hægt fyrir alþingi 1915 að hlaupa undir bagga, þar sem um þjóðlegt fyrirtæki er að ræða. En hitt, að þetta geti orðið því til fyrirstöðu, að félagið komist á stofn, því get eg ekki samsint. Eg veit ekki betur, en að það sé komið svo mikið fé inn, að það sé þegar hægt að stofna félagið. Eftir því sem eg man bezt, þá var gert ráð fyrir því, að ef skipið væri eitt, þá þyrfti 265,000 kr. til þess að félagið gæti stofnast, en ef skipin væru tvö, þá þyrfti 385,000 kr. En félagið hefir fullkomna heimild til að stofna sig, þótt það hafi ekki nema eitt skip til að byrja með, og það hefir nú þegar fengið inn meira fé en til þess þarf. Þetta er því ekki rétt hjá háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.). En svo er hitt atriðið, hvort félagið geti haft tvö skip. Eg sé ekki betur, en að félagið geti byrjað með tveimur skipum, þegar það nú þegar er búið að fá inn 310,000 kr. í hlutaloforðum. Og það eru mikil líkindi til að Vestur-Íslendingar leggi til drjúgan skerf, þar sem þrír menn úr þeirra hóp hafa skrifað sig fyrir 30,000 kr. Eg ímynda mér, að tillög Vestur-Íslendinga í viðbót við það, sem komið er inn hér á landi, muni nægja til þess að félagið geti haft tvö skip, án hluttöku landssjóðs. En þó að þetta kynni að bregðast, þá er upp á hitt að hlaupa, að félagið getur með því að gera samning við stjórnina, gert sér von um miklu meira fé, heldur en það hefir þegar fengið. Það getur gert sér góðar vonir um 400,000 kr., og það meira að segja þótt það hafi engar strandferðir fyr en 1916. Þar sem um það er nú að ræða, hvort félagið eigi að fá þennan styrk skilyrðislaust, þá verðum við þingmenn líka að líta til landssjóðs og stjórnarinnar. Hér liggur fyrir frumv. um það, að ef ekki takist samningar milli Eimskipafélags Íslands og stjórnarinnar, þá á stjórnin að gera ráðstafanir til að koma á fót landssjóðsútgerð, en til þess verður hún í tækan tíma að hafa fengið vitneskju um, hvort félagið tekur að sé strandferðirnar eða ekki. Henni verður ómögulegt að kaupa ný skip eða láta byggja skip, nema hún hafi til þess rúman tíma, og henni verður ómögulegt að búa út fjárlagafrumv. sitt fyrir 1916—1917 nema hún fái að vita vissu sína um þetta í síðasta lagi snemma á árinu 1915. Þess vegna er nauðsynlegt, að það skilyrði sé sett fyrir styrkveitingu til félagsins fyrir 1915, að

það taki að sér strandferðirnar ekki síðar en 1916. Hins vegar skal eg taka það fram fyrir nefndarinnar hönd, að hún mun ekki gera þetta að kappsmáli, en yfirláta það þinginu að skera úr því. Það eru þá ekki hundrað í hættunni, þó að þessar 40,000 kr. yrðu veittar þetta eina ár 1915, án þess að samningar tækjust.

Að því er snertir hluttöku landssjóðs, þá verður samgöngumálanefndin að vera alveg á móti br.till. á þgskj. 508, þar sem farið er fram á, að landssjóður kaupi hluti í félaginu strax og án allra skilyrða. Þeirri tillögu verð eg fyrir hönd samgöngumálanefndarinnar algerlega að mótmæla.

Þetta atriði í tillögu samgöngumálanefndarinnar, að gera það að skilyrði fyrir hluttöku í Eimskipafélagi Íslands, að samningar tækjust við það um strandferðirnar ekki síðar en 1916, var samþykt með öllum atkvæðum í nefndinni. Það er því mín skylda, að mæla á móti br.till. á þgskj. 508.

En það er misskilningur hjá mönnum, að nefndin hafi ekki viljað hlynna að Eimskipafélaginu. Það vakti einmitt fyrir nefndinni, að hlynna sem bezt að því. Er það ekki til að hlynna að því, að landssjóður kaupi hluti í því fyrir 400,000 kr., þó það sé gegn því, að félagið haldi uppi strandferðunum? Jú! En það virðist svo sem menn hafi ekki trú á því að strandferðirnar geti borið sig. En þeir menn, sem ekki hafa trú á því, hvernig geta þeir sömu menn lagt það til, að landssjóður taki þessa útgerð að sér? Eg held einmitt, að það sé hægara fyrir Eimskipafélagið að taka að sér standferðirnar. Það hefir betri tök á því, því það hefir millilandaskipin. Það getur notað strandferðaferðaskipin til þess að flytja vörur sínar úr millilandaskipunum. Annars held eg, að það sé óþarfa hræðsla hjá Eimskipafélaginu að vera svo ragt að taka að sér strandferðirnar. *(Björn Kristjánsson:* Það hefir ekki vald til þess). Nei. En það hefir vald til að setja sig á stofn. Félagið er þegar búið að fá nóg fé til að kaupa eitt skip og því má stofnsetja það strax. Og nefndin fer heldur ekki fram á annað en að heimila því fé, þegar félagið er komið á stofn. Tillaga nefndarinnar er því réttari, þar sem stjórninni er að eins heimilað að veita félaginu þetta fé, ef það kemst á stofn, þegar félagið er orðið til. Það er óviðkunnanlegt að fara að heimila fé handa félagi, sem ekki er til enn þá.

Eg get ekki skilið það, sem menn hafa verið að fárast hér út af, að landsmenn mundu verða óánægðir með aðgerðir þingsins í þessu máli, og að samgöngumálanefndin vildi ekkert gera til þess að styðja félagið. Eg get ekki skilið það, þegar nefndin einmitt vill láta félagið fá 100 þús. kr. styrk á ári.

Þingm. G.-K. sagði, að menn mundu ekki verða öfundsverðir að koma heim af þinginu eftir að hafa farið svona að gagnvart félaginu. Ekki öfundsverðir! Þetta er ekki á nokkrum rökum bygt. Samgöngumálanefndin var sér þess vel meðvitandi, að hún hafði ábyrgð gagnvart félaginu, og gagnvart landssjóði og stjórninni. Og því hafa tillögur hennar verið á þessa leið, sem eg hefi sagt.

**Björn Kristjánsson:** Í allri þeirri löngu ræðu háttv. þm. Sfjk. (V. G.) hefir það hvergi komið fram, að hann hafi skilið orð félagsins eða lesið bréf þess til samgöngumálanefndarinnar. Háttv. þingm. hefir fullkomlega gengið fram hjá því öllu.

Háttv. þm. sagði, að félagið skyldi fá styrk 1915, ef samningar tækjust við það fyrir 1916 um strandferðirnar. Mundi nokkrum manni með viti detta í hug að stofna félag upp á slíkt styrkloforð? Nei, það dettur engum lifandi manni í

hug. Þjóðinni dettur ekki í hug, að félagið verði stofnað upp á þá skilmála. Það er alveg þýðingarlaust fyrir þingið, að fyrirskipa Eimskipafélaginu það sem því dettur í hug svona alveg vanhugsað. Félagsstjórnin hefir áreiðanlega gerhugsað það mál betur en háttv. þingm. Sfjk. (V. G.).

Háttv. þingmaður gleymir því, að félagsstjórnin hefir enga heimild til að taka að sér strandferðirnar. Það er aðalatriðið. Og því er þingmaðurinn alt af að fara *utan um efnið*.

Ef nú félagið tæki að sér strandferðirnar og skaðaðist á því, ætlar þá landið að hlaupa undir bagga með því? Það er sennilegt eða hitt þó heldur. Annað mál væri það, ef tillaga kæmi um það, að félagið tæki að sér strandferðirnar og landið skyldi svo ábyrgjast allan halla af því En annars er það ekki þetta, sem er hindrunin fyrir því að mega samþykkja tillögu samgöngumálanefndarinnar. Félagið er ekkert hrætt um það, að það mundi skaðast á strandferðunum, kæmist það á stofn, ef landstjórnin vildi styðja innlendar samgöngur, en það er vitanlegt að það vill hún ekki, og það væri hagur að það gæti sett sig á stofn sjálft án hjálpar landssjóðs. En það er það, að félagið verður að komast á fót, áður en um nokkrar strandferðir er að ræða.

Háttv. þingm. sagði, að félagið gæti stofnast með einu skipi. Það er rétt. En það er ekki gert ráð fyrir því að það geri það *styrklaust*. Í hlutaútboðsbréfunum var skýlaust gert ráð fyrir að félagið fengi riflegan styrk úr landssjóði, 30 þús. krónur ef skipið er eitt. Og þar er gert ráð fyrir að skipin eigi að vera tvö. En aðalatriðið er það, að *félagið getur ekki orðið stofnsett nema það fái styrk úr landssjóði*.

Þingmaðurinn var að tala um hluttöku Vestur-Islendinga í stofnun félagsins. Þó að þessir 2 Vestur-Íslendingar séu svo góðsamir að kaupa hluti í félaginu, þá eru aðrir Íslendingar, og það þeir peningasterkustu, sem ekkert leggja fram nema með því skilyrði, að landssjóður einn tæki fyrirtækið í sína hönd. Áreiðanlegs styrks er því ekki þaðan að vænta.

Það er rétt það sem eg hefi sagt, að þjóðin gæti ekki gert sig ánægða með undirtektir þingsins í þessu máli, ef þær verða þær sem samgöngumálanefndin leggur til. Því að það er að gefa steina fyrir brauð. Og félagið deyr jafnt fyrir það, hvort landssjóður veiti því fé með þessum skilyrðum eða ekki. Og eg veit að félagið deyr ef svona verður farið að. Og ekki er þjóðin svo heimsk, að hún sjái ekki í gegnum þetta net, sem verið er að breiða fyrir augun á henni með 400 þús. kr. frumvarpinu, sem leikur enn alveg í lausu lofti, og heldur hindrar en styður að félagið geti stofnast. Svona er umhyggjusemi þingsins við félagið! Ferðaáætlanir sínar yrði félagið að vera búið að gera á miðju ári 1914, svo eigi væri tími til að standa í miklu þrefi.

Háttv. þingm. sagði, að mikill meiri hluti þingm. í efri deild væri með þessari tillögu samgöngumálanefndarinnar, Meiri hluta nefndarinnar hefir líklega farið eins og mér. Eg áttaði mig ekki strax á sambandinu milli tillögu háttv. þm. Sfjk. og frumv. En undir eins og eg áttaði mig á því, snérist eg strax frá tillögu hans. Og sama hugsa eg að hinir hafi gert. Þeir hljóta allir að skilja það, að félagið getur ekki orðið stofnsett, ef tillaga hans verður samþykt. Þetta hugsa eg að allir skilji nema hann. Og eg er viss um það, að ef efri deildar þingmenn hafa verið hér í dag, þá hafa þeir skilið það líka. Vona

eg því að háttv. þingm. Sfjk. átti sig á þessu líka, svo að félagið geti orðið stofnsett.

Háttv. þm. var að tala um að það væri skrítið að menn vildu láta landssjóð taka að sér strandferðirnar, sem héldu þó að landssjóður mundi tapa á því. Nei, því fer fjarri að menn haldi það, heldr þvert á mót. Strandferðirnar geta áreiðanlega borið sig, og það ekki síður þó að félagið taki þær að sér, *ef* skynsamlega er á stað farið. En hver treystir því, þegar félagið á að eiga alt undir landsstjórn, sem er alveg á móti félaginu. Og nú þegar höfnin kemur, verður það að miklum mun auðveldara að halda þeim uppi en áður. Og dettur nokkrum manni í hug að Thorefélagið eða Sameinaða félagið hafi skaðast á strandferðunum ár eftir ár? Nei. En spurnsmálið er það, hvort hagurinn hafi verið svo mikill að félögin hafi kært sig um að hafa útgerðina, að ekki annað borgaði sig betur. Það er ekki af því, að þau hafi skaðast á þeim, að þau voru altaf að kveina og kveina um meiri styrk úr landssjóði, heldur af því *að þau vildu græða meira.* Og þegar þau ekki þykjast græða nóg, fara þau í stjórnina og biðja um breyting á samningum eins og ný reynsla er fyrir, og það hepnast ofur-vel. Menn geta því átt það víst, að sé tap á strandferðunum, þá verður landið að borga brúsann, hvort sem útlend félög reka strandferðirnar eða ekki, og auðvitað miklu meir, ef útlend félög reka þær, því þau una ekki við að vera *að eins skaðlaus.*

Það er ekki af því að eg haldi, að landssjóður geti ekki eins vel haldið uppi strandferðum án þess að tapa á þeim, að eg er á móti þessari tillögu nefndarinnar. Nei, eg vildi einmitt að strandferðirnar kæmust í hendur landssjóðs og landsmanna.

Hvers vegna taka ekki dönsk og þýzk eða dönsk og sænsk hlutafélög að sér ferðirnar milli Danmerkur og Þýzkalands og Danmerkur og Svíþjóðar, milli Kaupmannahafnar og Málmeyjar, Korsör og Kiel, Gjædser og Varnemünde og yfir Beltin? Af því þau *fá það ekki.* Almennings-hagsmunir heimta að landið eigi skipin, sem notuð eru í þarfir landsmanna.

Eg endurtek það, að þeir sem ekki vilja greiða atkvæði með þessu máli, eru á móti málinu. Þeir sem greiða atkvæði með till. á þgskj. 508, þeir vilja styðja Eimskipafélag Íslands og innlendar skipagöngur.

**Ólafur Briem:** Eg á hérna 3 brt. og vildi eg því gera stutta grein fyrir þeim.

1. breyt.till. er á þgskj. 517 og miðar til að lækka fjárveitinguna til ritsímastöðvarinnar í Reykjavík úr 15160 kr. niður í 14760 kr. eins og hún var tiltekin í fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar. Við 2. umr. var þessi liður, 13. gr. D. III, 2, a, hækkaður um 400 kr. og var það gert samkvæmt tilmælum landsímastjórans í bréfi til fjárlaganefndarinnar, þar sem hann fór fram á að laun tveggja starfsmanna við símann yrði hækkuð um 200 kr. við hvorn þeirra. Áður höfðu laun þessara manna verið: 2400 til annars þeirra og 2600 kr. til hins. Ef laun þessara starfsmanna eru tekin til samanburðar við laun fyrsta póstafgreiðslumanns við pósthúsið í Reykjavík, þá sézt, að þeir hafa fult svo há laun, þar sem hann hefir 2400 kr. á ári og eftir því sem mér hefir verið skýrt frá, þá hefir hann miklu lengri vinnutíma en þessir starfsmenn við símann. Enn fremur má geta þess, að líklegt þykir að þessi hækkun, um 400 kr., hafi verið samþykt við 2. umr. af því að menn hafi ekki áttað sig á því, við hvaða

lið frumvarpsins breyt.till. var. Hygg eg að það muni rétt vera, og vona eg því að þessi hækkun verði þá feld núna.

Annars er það dálitið einkennileg leið, sem þessi og fleiri málaleitanir koma hingað inn á þingið. Þær eiga að ganga í gegn um stjórnina, því þá er hægt að undirbúa þær undir þingið. Nú er oft verið að víta stjórnina fyrir það að málin komi svo illa undirbúin inn á þingið. En hvernig er hægt fyrir stjórnina að undirbúa mál, sem alveg er gengið fram hjá henni með? Menn ganga nú fram hjá stjórninni og geyma málaleitanir sínar þangað til þing er byrjað, og koma svo með þær til fjárlaganefndarinnar. Mér sýnist rétt að fjárlaganefndin vísi slíkum málaleitunum frá, sem fara svona krókaleiðir, fara svona á bak við stjórnina.

Það skaut því einhver fram við 2. umr., að það vildi við brenna, að símanum og símastjórninni væri gert hærra undir höfði en öðrum stofnunum landsins. En enginn gat þess þá að það væri harla einkennilegt, sem kom fram í nefndaráliti fjárlaganefndarinnar viðvíkjandi fjárveitingu til bæjarsímans í Reykjavík. Í fjárlögunum 13. gr. D. III. 2. b, er veitt til stjórnarkostnaðar við símann 1400 kr. Nú er það upplýst, að allmikill hluti af þessari upphæð gangi til landssímastjórans fyrir stjórn bæjarsímans. Fjárlaganefndin lætur þetta að miklu leyti átölulaust viðgangast, jafnvel þó hér sé auðsjáanlega um algerða misbrúkun fjárins að ræða. Laun landsímastjórans hafa verið ákveðin full-há, þar sem hann hefir ekki að eins ið fastákveðna kaup 3500 kr., heldur einnig 1500 kr. persónulega launaviðbót, svo að hann hefir alls 5000 kr. og hefir því aldrei verið ætlast til að hann fengi neina viðaukaborgun fyrir að stjórna bæjarsímanum. Það hafa allir talið heyra undir hans verkahring.

Svo á eg breyt.till. á þgskj. 516, sem líka fer fram á lækkun, nefnilega þá, að styrkurinn til Hannesar Þorsteinssonar til að semja ævisögur lærðra manna íslenzkra, verði lækkaður úr 2500 kr. og niður í 2000 kr. Þess var getið við 2. umr., að þessi 2500 kr. styrkur væri miðaður við það, að þessi maður geti varið óskiftum kröftum sínum til þessa starfs. En nú verða menn að gæta þess, að þessi maður er í launaðri stöðu sem aðstoðarskjalavörður við Landsskjalasafnið með 960 kr. launum, svo hann getur ekki gefið sig eingöngu við þessu starfi. En þegar hann getur það nú ekki að öllu leyti, þá átti hann að geta gefið sig við þessu að nokkru eins þó að styrkurinn til þess yrði lækkaður niður í 2000 kr. Þessi maður hefir auk þess aðrar aukatekjur, eins og skjalaverðir hafa fyrir að afrita skjöl og handrit og þess háttar. Og í samanburði við styrki til annara manna til líkra starfa, þá er þessi 2000 kr. upphæð eftir brt. minni, í viðbót við 960 kr. kaup og aukatekjur fyrir afritanir, fullkomlega nógu há. Til dæmis má nefna orðabókarstyrkinn til Jóns Ólafssonar, sem er ákveðinn 3000 kr. og jafnframt er honum gert að skyldu að hafa ekkert annað launað starf á hendi. Honum er gert að skyldu að gefa sig ekki við neinu öðru en þessu.

Breyt.till. mín á þgskj. 518 við 21 gr. fjárlaganna um hækkun á vöxtum af landssjóðslánum, fer fram á það, að téðir vextir séu færðir úr 4 upp í 5 af hundraði og byggist á því, að nú eru vextir hvervetna háir, og talsvert hærri en áður var venjulegt. Landssjóður getur ekki, sér að skaðlausu, lánað með svo lágum vöxtum. Og jafn vel þótt vextirnir sværu 5%, þá væru það

samt hlunnindi, að fá þau lán, ef landssjóður gæti veitt þau, því að jafnvel þau lán, sem nú eru veitt með beztum kjörum, sem sé veðdeildarlán Landsbankans, eru enn þá dýrari, þegar öllu er á botninn hvolft, því að þótt vextirnir sjálfir séu ekki ákveðnir hærri en $4^1/_2$ %, þá bætist þar við $^1/_2$ % til stjórnarkostnaðar og varasjóðs, og enn fremur má skoða verðfallið á bankavaxtabréfunum, er veðdeildarlánin eru afhent í, sem viðbót við vextina. Og þó eru almennir bankavextir mikið hærri, 6 %, eða þar yfir, og það til ýmsra nytsemdarfyrirtækja í almenningsþarfir, sem þó verða að sætta sig við þessa háu vaxtagreiðslu. Hv. framsögum. (V. G.) gat þess, að nefndin hefði ef til vill ekki verið fjarri því, að fara einhvern milliveg í þessu, og hefði eg þá búist við brt. frá henni í þá átt, t. d. að setja vextina $4^1/_2$ af hundraði. En þar að lútandi breytingartillaga hefir ekki komið fram. Það gat verið, að ástæða hefði verið til þess, að veita í einstökum tilfellum einhverja alveg sérstaka ívilnun, en yfirleitt mega það kallast góð lánskjör eftir því sem nú gerist, að fá lá með 5 % vöxtum, og mættu margir lánþegar verða fegnir, ef þeir ættu kost á þeim lánskjörum.

Það sem nú er mestur ágreiningurinn um, er afstaðan til Eimskipafélagsins, og tel eg það illa farið, að svo virðist, sem nokkur þvergirðingur sé kominn í það mál, í stað þess, að hver hefði átt að reyna að laga það eftir öðrum, svo að það mál gæti orðið ágreiningslaust. Það eitt út af fyrir sig hefði verið afarþýðingarmikið fyrir félagið, að þingið sýni sig þegar frá upphafi eindregið og samhuga að því máli. Félagið á örðugt uppdráttar, og fær að sjálfsögðu samkeppni við að stríða. En það mundi draga mikið úr broddinum, ef þingið vildi í orði og verki alt kapp á það leggja, að styðja félagið. Hér er úr vöndu að ráða, þar sem eigast við tvær nefndir, háttv. samgöngumálanefnd og hv. fjárlaganefnd, fyrir einstaka þm. að greiða atkvæði. Eg mun nú samt hætta á það, að greiða atkvæði með styrknum til Eimskipafélagsins skilyrðislaust. Meiri vafa er eg í um hluttökuna, en þó vildi eg helzt vera með henni líka, í því trausti, að samningar tækjust við félagið um strandferðirnar, þó að þeir samningar geti ekki orðið fullgerðir fyr en félagið er komið betur á laggirnar en orðið er.

**Ráðherrann (H. H.):** Eg ætla mér ekki að fara að tína upp breytingartillögurnar, enda er eg ánægður með ummæli hv. framsögumanns.

Eg er þakklátur nefndinni fyrir það, að hún hefir tekið upp 4 tillögur, sem stjórninni koma við, þar á meðal styrkinn til húsabóta og húsagerðarleiðbeiningar. Eg vona, að það rætist sem hv. framsögum. talaði um, að nefndin haldi fast saman um það, að láta sem minst ganga fram héðan af, sem horfir til aukinna útgjalda og samþykkja sem mest af því, sem að sparnaði lýtur. En þó er eg ekki með þeirri till., að fella burt Ingólfshöfðavitann. Eg hygg, að sú tillaga sé sprottin af ókunnugleika, því að þó hentugt kunni að vera, að hafa vita úti í Meðallandi, þá er Ingólfshöfðavitinn ekki óþarfur þar fyrir, heldur eins nauðsynlegur eins og hinn, og kostar auk þess ekki nema $^1/_4$ á við hinn. Háttv. tillmanni er víst ekki kunnugt um það, að lagt hefir verið fast »plan« eða framkvæmdarskrá fyrir vitabyggingar hér á landi, og það ekki í lausu lofti, heldur hafa vitafróðir menn og foringjar á eftirlitsskipinu, hver eftir annan, lagt allmikið erfiði í það. Undanfarin þing hafa líka séð nauðsynina

á þessu, að fylgja fastri reglu í þessu efni, og öllum hefir komið saman um þá reglu, að reisa skuli að minsta kosti einn vita á fjárhagstímabili, enda hafa líka komið endurteknar málaleitanir um þetta frá öðrum löndum, t. d. Englandi og Þýzkalandi, og ganga menn þar að því vísu, að þessari reglu verði fylgt, svo að það væri beint ofan í það sem þing og stjórn hafa lofað, ef út af væri brugðið og enginn viti bygður nú.

Háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) sagði, að þessi viti væri að eins handa Þjóðverjum, en eigi Íslendingum, af því að eingöngu þýzkir botnvörpungar myndu nota fiskimiðin þar um slóðir. En hvers vegna ættu Íslendingar ekki að hafa gagn af honum, ef Þjóðverjar hafa það? Það er þó víst enginn sérstakur þorskur, sem Þjóðverjar veiða hér og aðrir ekki geta notað? Eg vona, að tillaga þessi verði feld og vitinn bygður.

Sami háttv. þm. ber fram tillögu um, að breyta til með umsjónarmann silfurbergsnámanna, þannig, að það fé gangi til tiltekins manns, og sagði hann, að það væri að eins orðabreyting. Það er sams konar orðabreyting eins og um viðskiftaráðunautinn forðum. Það er gamla sagan, þegar þingið tekst á hendur að gera það, sem stjórnin á að gera. Eg skifti mér þá ekkert af þessu. Ef þingið vill fara að veita embætti og sýslanir með lögum, þá get eg ekki hamlað því. Að eins verður það þá sjálft að taka ábyrgðina. Stjórnin er þá ábyrgðarlaus af því. Eg áleit mér að eins skylt að vekja athygli á því, að útnefning eftirlitsmanns mundi liggja nær því að vera umboðsstarf, heldur en löggjafarmálefni.

Aðallega stóð eg upp til þess, að minnast á það, sem samgöngumálanefndin hefir lagt til málanna um gufuskipaferðirnar. Eg er samdóma háttv. frams.m. (V. G.) um það, að það sé mikilsvert, að strandferðir og millilandaferir geti komist á einar og sömu hendur, og þess vegna er það rétt hjá nefndinni, að vilja skapa aðhald fyrir Eimskipafélag Íslands til þess að taka að sér strandferðirnar sem allra fyrst. Og það ætti að keppa að því, að það gæti orðið 1915. En ef styrkurinn er veittur til millilandaferða félagsins áður en það tekur að sér strandferðirnar, getur orðið örðugt að koma strandferðunum í kring á næsta fjárhagstímabili. Háttv. nefnd getur um 3 leiðir, sem komið geti til greina að fara þangað til Eimskipafél. Íslands taki við strandferðunum, sem sé: 1. að landið taki að sér útgerðina, 2. að samið sé um þær við Bergens-félagið, eða, 3. við Sameinaðafél. danska, ef þeir samningar séu fáanlegir. Eg hygg, hvernig sem á þetta er litið, að það sá mjög óheppilegt, að landið taki þetta að sér til bráðabirgða, til eins árs eða svo. Og samningar við Bergensfélagið verða að miðast við 5 ár, eftir tilboði þess, sem Stórþingið einnig hefir bundið fjárveiting sína við. Um Sameinaðafél. er það að segja, að það gerir það beint að skilyrði, að ekki sé á sama tíma styrkt annað félag, er keppi við það. Það þykist laust allra mála um samninga við oss um strandferðir næstu ár, ef vér styrkjum keppinaut þess. Eftir till., sem eg býst við að gangi fram, um að styrkja Eimskipafél. eftir 1915, þá er hér ekki nema um 1 ár að ræða. Hvað á þá að gera, ef Eimskipafél. verður ekki til taks til þess að taka að sér ferðirnar? Eg skil [ekki?] hvað hv. 1. þm. G.-K. á við, er hann segir, að Eimskipafél. geti ekki gefið svar nema það fái millilandastyrk strax skilmálalaust. Hvers vegna má ekki kalla saman fund á sama hátt og ef komið væri nóg hlutafé, og ráða fram úr því, hvort stofna skuli félagið með þeirri stóru viðbót, sem landið býður, og með þess skilmálum? Nú hafa menn

þegar skrifað sig fyrir yfir 300 þús. kr. og 400 þús. kr. standa til boða í viðbót. Og þegar um það er að ræða, hvort stofna eigi félagið, þá hygg eg, að hægra sé að stofna það með 700,000 kr., en með 385 þús. kr., eins og gert er ráð fyrir í »prospektus«, þótt byggja eigi 2 smá skip í viðbót við 2 millilandaskip?

Eg er hræddur um að jafnvel 400 þús. kr. væri oflítið til þess að koma í verk bygging tveggja millilandaskipa, og að hinu sé töluvert auðveldara að koma í framkvæmd. Og ef það er rétt, sem sumir hátv. nefndarmenn og háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) halda fram, að ekki þurfi að verða tap á strandferðunum, heldur sé vís gróði svo tugum þúsunda skiftir á þeim, þá skil eg ekki, að stofnfundur væri lengi að hugsa sig um að stofna félagið með 700 þús. kr.

Eg er hræddur um að till. á þgskj. 508 nái ekki tilgangi sínum, vegna athugas., sem þar stendur, um að fjárveitingin skuli *falla niður*, ef landið kaupir hluti fyrir 400 þús. kr. Eftir þessu er ekki hægt að veita styrkinn, að minsta kosti ekki útborga hann, fyr en útséð er um, að landið kaupi *ekki* hluti fyrir 400 þús. kr. En þetta er víst þveröfugt við það, sem tillögumenn ætlast til.

Hversu vel sem mönnum er til ins fyrirhugaða Eimskipafélags Íslands, verður alt af að gá að því, að við þurfum að borga fyrir strandferðirnar, og þá er að líta á fjárhaginn, hver efni eru til þess.

Eg aðhyllist að mestu tillögu meiri hluta samgöngumálanefndarinnar, en hefi þó nokkuð að athuga við sum smáatriði. Sérstaklega finst mér vanta tryggingu fyrir því, að flóabátarnir, sem nú eru til, geti gert það gagn sem nefndin ætlast til af þeim. Ef á að veita til þeirra svona stórar upphæðir, þá þarf líka að setja þeim önnur skilyrði, en hingað til. Breiðafjarðarbáturinn núverandi er í höndum verzlunar einnar, og er sagt, að öðrum kaupmönnum geðjist lítt að flytja vörur sínar með bát keppinauts síns. Ef til Breiðafjarðarbáts á að leggja 8000 kr., þá ætti að gera það að skilyrði, að fenginn yrði annar stærri bátur og undir annari stjórn. Slíkt ið sama er að segja um Ísafjarðarbátinn. Styrkurinn til Djúpferðanna er alt of hár, ef ekki fæst stærra skip. Sá bátur, sem nú er þar, er gamall og getur ekki verið bókfærður fyrir mikið fé, né rekstrarskostnaður verið hár.

Eg vil vil leiða athygli háttv. þingmanna að því, að í 13. gr. er villa, sem stafar frá stj.frv. og láðst hefir að athuga í nefndinni. Hún er sú, að dragferja á Blöndu hjá Löngumýri er talin til þjóðvega, en er á sýsluvegi. Ætti því að vera í sérstökum lið. Þetta hefir dálitla þýðingu, af því að viðhaldið hvílir á landssjóði á öllu því, sem telst til þjóðvega. Eg get þessa hér til þess, að háttv. efri deild geti tekið það til greina.

---

Þegar hér var komið, var kl. 8 síðd. og gaf þá forseti fundarhlé til kl. 9 síðd.

---

Kl. 9 var umræðum fram haldið á ný.

**Sigurður Sigurðsson:** Þó að umræður séu nú orðnar nokkuð langar, get eg ekki leitt hjá mér að segja nokkur orð.

Fyrst vil eg þá víkja að breyt.till. á þskj. 560, frá mér og háttv. 1. þm. N.-Múl. og brtill. fjárlaganefndar á þskj. 557. Um sjálfa brt. fjálaganefndar, þar sem hún vill færa alla unglingaskóla saman í eitt, er í rauninni ekkert að segja, og eg er með henni. En fyrirsögnina má skilja þannig, sem þetta eigi við alla mögulega unglinga- og lýðskóla, sem kunna að verða stofnaðir í Rvík

og öðrum fjölmennum kaupstöðum. En við nánari athugun sáum við sumir, að þetta gæti leitt heldur langt, og ef til vill orðið til þess að styrkurinn til unglingaskólanna færi aðallega til skóla í stærri kaupstöðum t. d. í Reykjavík, og yrði til þess að ýta undir menn, að stofna þar fleiri skóla. Þess vegna förum við fram á í breytingartillögu okkar, að í stað fyrirsagnarinnar: »Til unglingaskóla (lýðskóla)« komi: »Til unglingaskóla (lýðskóla) *utan Reykjavíkur, Akureyrar og Hafnarfjarðar*. Aðalástæðan fyrir breytingartillögunni er fyrst og fremst sú, að hér í Reykjavík er talið að þrír neðri bekkir Mentaskólans sé eins konar gagnfræðaskóli, þar sem bæði bæjarmönnum og utanbæjarmönnum gefst kostur á að stunda nám. Á Akureyri er líka gagnfræðaskóli mjög fullkominn og í Hafnarfirði er að minsta kosti góður unglingaskóli, sem sé Flensborgarskólinn. Þessir skólar allir njóta styrks á fjárlögunum. Það getur því ekki talist mikil nauðsyn, að stofna fleiri slíka skóla, hvorki á Akureyri né í Hafnarfirði. Hins vegar skal eg ekki neita því, að hér í Reykjavík er talsverð hreyfing í þá átt að stofna unglingaskóla. Hér eru áreiðanlega til tveir slíkir skólar, skólinn í Bergstaðastræti og annar til, sem haldið er uppi af konu hér í bænum. Væri nú þessi styrkur látinn ná til allra unglingaskóla, jafnt hér í Reykjavík og annarstaðar, er hætt við að það ýtti undir að fleiri slíkir skólar yrðu stofnaðir hér, og þá mundi fara svo, að meiri hluti styrksins rynni til Reykjavíkur. En upphaflega var tilætlunin sú, að hann gengi aðallega til unglingaskóla úti um land. Þetta höfum við fyrir augum, er við ráðum til þess að það sé takmarkað, hvar skólarnir megi vera, til þess að geta notið styrksins. Hins vegar áleit fjárlaganefndin rétt, að koma slíkum skólum sem Hvítárbakkaskólanum og skólunum á Ísafirði og Seyðisfirði undir eitt, svo að þeir komi undir eftirlit fræðslumálastjórans og njóti styrks af því fé, sem veitt er til unglingaskóla.

Eg vona að menn sjái, hvert breytingartillaga okkar á þskj. 560 stefnir, og verði við búnir að greiða henni atkvæði á sínum tíma, er til atkvæðagreiðslunnar kemur.

Þá ætla eg í sambandi við breytingartillögur fjárlaganefndarinnar, að leyfa mér að vekja athygli háttv. deildar á 3. lið í breytingartillögum hennar á þskj. 557, viðvíkjandi aukinni fjárveitingu til verkfræðislegrar aðstoðar við áætlanir og mælingar á ýmis konar stærri vatnsvirkjum. Hækkunin nemur 2700 kr. og er að eins síðara árið, úr 4000 kr. upp í 6700 kr. Háttv. framsögum. fjárlaganefndarinnar gerði að vísu grein fyrir þessu í fyrstu ræðu sinni og háttv. þm. Dal. (B. J.) tók vel í þetta. Eg vildi að eins undirstryka það sem þessir hv. þingmenn hafa sagt, og vænti eg að tillagan fái góðan byr í deildinni.

Upphaflega var ætlast til þess, að fenginn væri sérstakur vatnsvirkjafróður verkfræðingur, sem hefði yfirumsjón með slíkum verkum. Á þetta rót sína sína að rekja til síðasta Búnaðarþings, sem beindi áskorun þess efnis til Alþingis. Þörfin á slíkum manni verður æ brýnni með hverju ári. Það liggur margt við borð, sem þarf að skoða og krefst þess að sérstaklega vatnsvirkjafróður verkfræðingur geri mælingar og áætlanir um það.

Af því sem gera þarf í þessu efni, get eg nefnt t. d. að víða þarf að varna skemdum af vötnum í Rangárvallasýslu. Þá er in fyrirhugaða Flóaákveita og margt fleira. Á Norðurlandi liggja sömuleiðis slík fyrirtæki í loftinu. Víða verða

þar miklar skemdir af vatnságangi, og mundi það heyra undir þennan mann, að ráða bót á því. Nefna má það t. d. að ráðgert er að koma á stórkostlegri vatnsveitingu í Skagafirði, og enn má minna á það í þessu sambandi, að Ytri-Þverá í Eyjafirði hefir gert þar mikinn skaða á engjum. Er það ekki annara meðfæri en verkfræðinga að fást við annað eins og þetta.

Enn fremur vil eg vekja athygli hv. deildar á því, að samkvæmt tillögu landsverkfræðingsins, er ekki ætlast til að skipaður verði í þessu skyni sérstakur vatnsvirkjafræðingur, heldur að landsverkfræðingnum verði fenginn annar aðstoðarmaður til þess að hann geti sjálfur, eða aðstoðarmenn hans, haft umsjón með þessum fyrirtækjum. Hann gerir grein fyrir því í bréfi til stjórnarráðsins, að það fyrirkomulag mundi verða bæði betra og ódýrara, heldur en að ráðinn yrði sérstakur maður til þess að hafa þetta með höndum.

Þess ber að gæta, að vegagerð og brúagerð annars vegar og vatnsveitingar og skurðagröftur hins vegar eru mjög svo náskyld störf. Má því ætla, að einn og sami maðurinn geti haft öll þessi störf með höndum jafnhliða. En það mundi að sjálfsögðu verða til mikils sparnaðar. Að svo mæltu skal eg ekki fjölyrða meira um þetta atriði, en vona að háttv. deildarmenn taki tillögunni vel og greiði henni atkvæði.

Þá á eg viðaukatillögu á þgskj. 506, sem fer fram á að landsstjórninni verði heimilað að lána sýslunefnd Árnessýslu alt að 25 þús. kr. úr viðlagasjóði, ef fé verður til, til þess að koma áveitu úr Þjórsá á Skeiðin. Lánið á að ávaxtast með $4^1/_2$%. Eg skal ekki fjölyrða um þessa tillögu. Fjárlaganefndin tók liðlega í hana að þessu sinni, og þar sem hún kemur nú fram í breyttri mynd frá því er áður var, bæði vaxtagreiðslan hækkuð og lánið fært niður, þá ætti hún að vera aðgengilegri fyrir ina háttv. deild. Vona eg þess vegna, að hún nái samþykki. Hins vegar gildir ið sama um þessa lánsheimild og aðrar, að til hennar verður ekki tekið nema fé sé fyrir hendi. Mér finst, þegar um viðlagasjóðslán er að ræða, þá verði menn fyrst að líta á, til hvers lánið á að nota. Þegar það á að ganga til þess að auka jarðræktina og þá um leið framleiðsluna í landinu, þá finst mér að slík lán eigi að ganga fyrir öðrum lánum, að eg ekki tali um lán til einstakra manna. Bankarnir hafa lofsamlega hlaupið undir bagga með sjávarútvegi, bæði hjálpað mönnum til þess að koma upp þilskipum og botnvörpungum, en þeir hafa hins vegar lítið gert að því að lána til þess háttar stærri jarðræktarfyrirtækja. Reyndar er þess að gæta, að þau eru ung og í barndómi og ekki heldur mörg enn þá. En þar sem hagur bankanna er ekki svo góður sem skyldi, er það nauðsynlegt, að þingið hlaupi undir bagga og heimili lán til slíkra verklegra fyrirtækja, jafnvel fremur en til nokkurs annars Að öðru leyti skal eg ekki fjölyrða meira um þetta, en eg lít svo á, að tillagan sé fullkomlega réttmæt, og vænti eg liðlegra undirtekta undir hana.

Úr því að eg mintist á lán úr viðlagasjóði, get eg ekki stilt mig um að minnast á brt. á þgskj. 518 frá háttv. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.).

Tillagan fer fram á, að vextir af flestum lánunum, er koma fyrir í 21. gr., hækki úr 4% upp í 5%. Við þetta hefi eg það að athuga, að lánin í fyrstu 5 liðunum eru smáar upphæðir, en eru hins vegar lán til mjög þarflegra fyrirtækja í landinu. Líka er þess að gæta, að þessar lánsheimildir hafa staðið lengi

á fjárlögunum og verið notaðar meira eða minna. Þess vegna væri það dálitið óviðfeldið að fara nú alt í einu að breyta lánskjörunum. Þessir 5 fyrstu liðir gera ráð fyrir að lána megi bændum og samgirðingafélögum til þess að kaupa girðingaefni frá útlöndum, þurrabúðarmönnum utan kaupstaða til jarðræktar og húsabóta, og sýslufélögum til símalagningar, til stofnunar smjörbúa og ostabúa og til stofnunar kornforðabúra. Eg vildi helzt mælast til, að háttv. flutnm. breytingartill. vildi taka hana aftur að því er snertir þessa 5 fyrstu liði, svo að hún verði ekki til þess að rugla menn við atkvæðagreiðsluna og þeir þess vegna greiði því atkvæði, sem síður skyldi.

Það hefir mikið verið rætt um tillögur samgöngumálanefndarinnar viðvíkjandi Eimskipafélaginu tilvonandi. Eg skal ekki fara langt út í þá sálma. En það vildi eg segja, að eg tel það rangt af þinginu, að samþykkja nokkuð það, sem gæti orðið félagsstofnuninni til hnekkis. Félagið er ekki enn komið á fót, og þó að fjársöfnunin hafi eftir atvikum gengið fremur liðlega, þá vantar þó talsvert á að henni sé þegar fullnægt. Eg álít þess vegna, að þingið megi alls ekki á þessu stigi málsins samþykkja neitt það, sem hindrað gæti stofnun félagsins eða gæti gert því erfitt fyrir í byrjuninni. Stofnun Eimskipafélagsins var eitt af því fáa, sem var sameiginleg ósk allra þingmálafunda í landinn, að þingið hlynti sem bezt að. Fyrir því væri það illa gert af þinginu, að setja þau skilyrði fyrir styrknum, er félaginu væru óaðgengileg, eða hrintu því út á aðra braut en það hafði hugsað sér að ganga frá upphafi vega sinna. Félagið hafði það aldrei fyrir augum, að taka að sér strandferðirnar. Fyrst var hugmyndin sú, að kaupa að eins eitt skip til millilandaferða, og síðar kom mönnum í hug, að takast mætti að kaupa tvö skip. En engum datt í hug, að félagið tæki að sér strandferðirnar þegar í byrjun. Hins vegar er á það að líta, að bráðabirgðastjórnin hefir í bréfi sínu til Alþingis tekið vel, í og talið líklegt — ef samkomulag fengist við landsstjórnina — að félagið mundi innan skamms tíma sjá sér fært að taka að sér strandferðirnar. En að þvinga félagið inn á þá braut, er hættulegt fyrir framgang málsins. Það gæti valdið því, að ýmsir menn, sem hafa skrifað sig fyrir hlutum í félaginu, drægju sig til baka, og afleiðingin yrði þá sú, að félagið kæmist ekki á fót. Mér virðist, að sumir hafi horn í síðu þessa félags, sem enn er þó ekki til. Menn hafa jafnvel látið á sér skiljast, að það liti svo út, sem félagið ætlaði að verða eitthvert hættulegt stórgróðafélag. Eg veit ekki, hvaðan mönnum kemur sá vísdómur. Hins vegar er það ekkert kynlegt — ef félaginu verður annars unt að komast á fót — að það vilji ekki tapa fyrstu árin. Eg fyrir mitt leyti gæti unt félaginu að byrja þannig göngu sína, að mönnum þætti arðvænlegt að eiga fé sitt í því. Og þegar það hefir sýnt sig, að félagið ætlar að bera sig, þá getur þingið sett því harðari kosti eða skilyrði. Nú á það ekki við, þar sem félagið er enn ekki komið á laggirnar og því síður séð, hvernig því reiðir af. Eg vil ekki geta þess til, að þessi ýmugustur á móti félaginu eigi rót sína að rekja til þess, að menn vilji blátt áfram eyðileggja félagið áður en það kemst á fót, eða til einhvers enn lakara. Eg vil ekki gera ráð fyrir því.

Af þessum ástæðum, sem eg hefi nú greint, mun eg greiða atkvæði með þeim tillögum, sem gera félaginu auðveldast fyrir að myndast og byrja starfsemi sína.

Þá ætla eg að minnast lítillega á

1. liðinn í tillögum fjárlaganefndarinnar, sem er um það, að veita alt að 900 kr. til útgáfu dýralækningabókar. Háttv. framsögum. (P. J.) mintist á það í dag, og eg ætla að ítreka það aftur, að þetta er að nokkru leyti að eins endurveiting á styrk, sem stendur í fjárlögunum í sama skyni, en ekki kemur til útborgunar fyrir þá sök, að bókin verður ekki tilbúin til prentunar á þessu fjárhagstímabili. Það, að veitingin er aukin, liggur í því, að bókin verður talsvert stærri en gert var ráð fyrir í byrjun. Útgáfa bókarinnar verður því talsvert kostnaðarsöm, ekki sízt fyrir það, að hún verður prýdd mörgum myndum, til skýringar því sem hún ræðir um. Eg vona, að þessi tillaga fái góðan byr í deildinni. Eg þori að fullyrða, að það er ósk almennings að fá handhæga dýralækningabók, sem getur orðið nokkurs konar hjálp í viðlögum, að því er dýralækningar snertir.

Áður en eg sezt niður ætla eg að víkja að einni breytingartillögu enn, frá háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) og hv. þm. Dal. (B. J.) viðvíkjandi því, að veittar verði 5000 kr. til þess að breikka veginn í Kömbum og steinlíma ræsi í veginum á milli Reykjavíkur og Ölfusárbrúar. Eg kann þessum tveimur háttv. þingmönnum þakkir fyrir þessa tillögu. Eg skal taka það fram, að hvað sem líður þessum fyrirhuguðum bifreiðum hér austur, þá er viðgerðin á veginum nauðsynleg, alveg án tillits til þeirra. Það hefir oft komið fyrir að vögnum hefir hlekst á, á þessari leið. Póstvagninum hefir hlekst á, að minsta kosti einu sinni eða tvisvar, og einstakir menn hafa ekki sjaldan mist vagna sína út af veginum, svo að vagnarnir hafa brotnað, hestarnir meiðst og varningurinn skemst meira eða minna. Þess vegna er brýn þörf á að gera við veginn fyr eða síðar. Það er að vísu ætlað fé til viðhalds þjóðvegum yfirleitt. En reynslan hefir sýnt, að það er alls ónógt, því að víða þarf við að gera. Þó að mikið sé gert til að halda þessum vegi við, þá er hann venjulega slæmur yfirferðar, og haust og vor er hann tíðum svo að segja ófær. Það liggur í því, að ekki var vel til hans vandað upphafiega og svo verður hann fyrir miklum áföllum af vatnságangi. En ekki liggur það sízt í því, að umferðin um hann er svo mikil, að slíks munu ekki dæmi hér á landi. Eg álít þess vegna, að fjárveitingin komi í góðar þarfir, ekki eingöngu vegna sjálfrenninganna, heldur og vegna annara vagna, póstvagnanna, smjörvagnanna o. s. frv. Eg mun því hiklaust greiða tillögunni atkvæði, hvernig svo sem aðstaða nefndarinnar er gagnvart henni að öðru leyti.

Eg get nú látið staðar numið. Það er ekki tilgangur minn, að ræða allar mögulegar breytingartillögur, sem fram hafa komið. Eg mun í flestu fylgja nefndinni, eins og gefur að skilja, nema í því sem eg hefi sérstaklega gert að ágreiningi.

**Halldór Steinsson:** Eg hefi leyft mér að bera fram tvær breytingartillögur. Önnur þeirra er á þgskj. 489, og hefir hv. þm. Dal. (B. J.) flutt hana með mér. Hún fer fram á, að styrkurinn til Breiðafjarðarbátsins verði hækkaður upp í 10 þús. kr. hvort árið. Stjórnin hafði í frumv. sínu fært hann niður í 4 þús. kr. Að vísu hafði hún fært niður styrkinn til annara flóbáta, sem sé styrkinn til Faxaflóabátsins um $^1/_7$ og styrkinn til Eyjafjarðarbátsins um $^1/_6$. En styrkinn til þessa báts hafði hún lækkað langmest, sem sé um $^3/_7$ eða næstum því um helming. Mér er alveg ókunnugt um, af hverju þessi mikla lækkun stafar. Hæstv. ráðherra gat

þess í síðari ræðu sinni, að báturinn væri gerður út af kaupmanni og þess vegna væri hann minna notaður en ella. Eg lít svo á, að það sé svo langt frá, að styrkinn hefði átt að lækka fyrir þessa sök, miklu fremur hefði verið ástæða til að hækka hann, því að undanförnu hefir enginn fengist til að taka ferðirnar að sér með svo litlum styrk, nema þessi kaupmaður. Hins vegar er mér fullkunnugt um, að ef styrkurinn verður ekki hærri en þetta, þá er það sama sem að flóabátur um Breiðafjörð leggist niður, því að það er óhugsandi, að nokkur maður vilji taka að sér ferðirnar fyrir einar 4 þús. kr. Það hagar svo til í þessum þremur sýslum, Barðastrandasýslu, Dalasýslu og Snæfellsnessýslu, að þær eru að miklu leyti út úr samgöngum á sjó. Það eru mjög fáir staðir sem millilandaskipin eða strandferðaskipin koma á. Mikill hluti Barðastrandasýslsu og mestöll Dalasýsla mundu, ef flóaferðir hættu, verða útilokaður frá öllum samgöngum á sjó. Í Dalasýslsu er að eins einn staður, sem sé Búðardalur, sem strandbátarnir koma á, og þó ekki nema tvisvar, þrisvar á ári. Þá mundu samgöngurnar í Snæfellsnessýslu einnig stórversna, ef flóabáturinn legðist niður. Það er í raun inni ekki nema einn staður, Stykkishólmur, sem er í nokkurnvegin góðu sambandi við útlönd og aðrar hafnir innanlands. Eins og nú standa sakir, má segja, að alt samræmi vanti í samgöngur á sjó hér við land, bæði millilandaferðir, strandferðir og flóabátaferðir. Þetta er alt í sundurlausum molum og af handahófi, eins og eðlilegt er, þar sem hér er engin siglingaskrifstofa, enginn siglingafróður maður stjórninni til aðstoðar.

Menn eru alment farnir að komast að þeirri niðurstöðu að strandferðabátarnir geti ekki þrætt upp hverja vík á landinu, þess vegna lagði samgöngumálanefndin á þinginu í fyrra það til, að smærri viðkomustöðum væri slept í strandferðaáætluninni. En eg held að mér sé óhætt að segja að það hafi ekki vakað fyrir þinginu í fyrra, að ætti að fækka flóaferðunum eða gera þær óhagkvæmari, heldur þvert á móti gera þær sem hagkvæmastar um leið og strandferðunum væri fækkað. Stjórnin hefir tekið til greina tillögur samgöngumálanefndarinnar að fækka viðkomustöðum strandbátanna; tekur það eins til Breiðafjarðat og annara staða á landinu. Viðkomustöðum strandbátanna hefir talsvert verið fækkað þar. Grundarfjörður er t. d. einhver bezta höfn á Snæfellsnesi, þangað sækja mörg skip í vondum veðrum og veit eg ekki betur en í aðsigi sé, að gera þaðan út botnvörpunga. Á þennan stað komu strandbátarnir áður, en nú hefir sá staður verið tekinn út af áætlun. Þannig gæti eg nefnt fleiri staði, bæði í Dalasýslu, Snæfellsnessýslu og Barðastrandarsýslu. Stefnan er að því leyti eðlileg, að það er oft lítill flutningur til og frá þessum stöðum, eða að minsta kosti of lítill til þess að það borgaði sig fyrir strandbátana að tefja sig á þeim; en hún er því að eins réttmæt að flóaferðunum fjölgi, að því skapi sem strandferðunum fækkar. Það kann að vera að sumum virðist að styrkurinn í síðustu fjárlögum til gufubátsferða á Breiðafirði, sem var 7000 kr., sé nægilegur, en eg skal geta þess, að fyrir þá upphæð hefir enginn fengist til þess að taka að sér ferðirnar nema útlendur kaupmaður nokkur í Stykkishólmi, sem jafnframt hefir getað notað ferðirnar mikið í sínar eigin þarfir. Þess vegna hefir ferðunum oft ekki verið hagað eftir þörfum almennings. Álít eg eðlilegast að sýslufélögin tæku sjálf að sér að gera út þessa báta og höguðu ferðunum eftir flutnigsþörfum almennings,

en þá mætti styrkurinn ekki vera minni en 10,000 kr.

Ef fjárveitingingin í stjórnarfrumv. nær fram að ganga, er það sama sem ferðirnar séu teknar af. Með 8000 kr. styrk má búast við að fá líkar ferðir og áður hafa verið, en ef veittar verða 10,000 kr., má telja nokkurn veginn víst, að góðar flóaferðir fáist, þar sem ferðunum verður hagað eftir almennings þörfum, en ekki eftir hagsmunum einstakra manna.

Þá hefi eg breytingartillögu á þgskj. 492. Skal eg vera stuttorður um hana. Hún fer fram á 100 kr. styrk til að viðhalda leiðarljósi á Svartatanga við Stykkishólm. Í síðustu fjárlögum voru veittar 75 kr. hvort árið til þessa leiðarljóss, en nú hefir þessi fjárveiting verið strykuð út, án þess mér séu kunnar ástæðurnar til þess, því eigi er hægt að sjá þær í athugasemdum stjórnarinnar aftan við fjárlagafrumvarpið. Á þingmálafundi í Stykkishólmi var samþykt að skora á þingið að hækka þennan styrk upp í 150 kr. og þá jafnframt gengið að því vísu, að sami styrkur og áður yrði settur á fjárlögin.

Það hagar svo til, að skip, sem eru á leið til Stykkishólms, hafa ekkert til þess að átta sig á við innsiglinguna, ef ekki er haft leiðarljós þarna, og verða þau þá að liggja úti við Elliðaey þegar dimt er. Síðan þetta leiðarljós kom, hafa skip getað farið óhindrað alla leið inn að bryggju, þó dimt hafi verið. Mér er kunnugt um, að hreppsbúar hafa lagt að mun meira til vitans en þessum styrk nemur. Eg fer í breytingartillögunni ekki fram á eins háann styrk og æskt var eftir á þingmálafundinum, eg vil láta mér nægja að fara fram á 100 kr. Nefndin hefir haft góð orð um að veita styrk þennan, og vona eg að háttv. þm. taki vel í málið þegar þeir sjá, um hve litla upphæð hér er að ræða og viðkomandi hreppsbúar sýna í verkinu, að þeim er þetta áhugamál, með því að leggja að mörkum fé í þetta leiðarljós.

**Jón Magnússon:** Eg hefi leyft mér að bera fram breytingartillögu á þgskj. 542 um styrk til Júlíönu Sveinsdóttur frá Vestmannaeyjum til þess að lúka námi við listaháskólann í Kaupmannahöfn. Háttv. framsögum. fjárlaganefndar (P. J.) sagði, að nefndin gæti ekki verið með þessari tillögu, en viðurkendi samt að það stæði alveg eins á um styrkveitingu til hennar og styrkveitingu til Kristínar Jónsdóttur, sem samþykt var við 2. umr. Það stendur eins á um báðar þessar stúlkur, þær eru líkt á leið komnar og hafa báðar góð meðmæli frá kennurum sínum. Vona eg, að þeir sem voru með styrkveitingu til Kristínar Jónsdóttur, verði einnig meðmæltir styrk til þessarar konu. Skal eg svo ekki tefja umræðurnar með því að ræða þetta mál meira.

**Eggert Pálsson:** Eg hefi br.till. á þgskj. 495, sem eg hefi persónulega leyft mér að koma fram með, hún er sem sé ekki frá fjárlaganefndinni, heldur mér einum. Hún fer fram á að veita Kristínu Sveinbjarnardóttir 300 kr. styrk í viðbót við eftirlaun hennar. Eg verð að játa, að það sem gaf mér kjark til þess að koma með þessa breytingartill. var, að deildin hafði samþykt við 2. umræðu að veita Guðrúnu Pétursdóttir sams konar styrk. Hefði sú fjárveiting ekki verið samþykt, hefði eg sennilega ekki komið fram með þessa breyt.till. Menn verða að viðurkenna, að það stendur líkt á um þessar konur, þær eru báðar prófastsekkjur, menn þeirra voru báðir menn, sem leyst hafa störf sín í þarfir þjóðfélagsins mæta vel af hendi. Um Kjartan Einarsson má næstum segja að hann væri prófastur frá

því er hann skrapp frá prestaskólaborðinu. Hygg eg, að eg þurfi ekki að vera að skýra það fyrir mönnum, hve mikils metinn hann var og hve góðs maklegur, en ekkja hans er nú fjárhagslega illa stödd. Eg verð að játa að það er dálítill mismunur á þessum konum að því leyti, að maður Guðrúnar átti um nokkur ár sæti á Alþingi, en maður þessarar aldrei. En það eitt, að maðurinn var þingmaður í nokkur ár, ætti ekki að vega svo mikið, að ekkja hans væri eingöngu eða aðallega þess vegna styrkt, og frekar en sú ekkja sem eg hefi hér borið fram. Enda er eg sannfærður um, að síra Kjartan hefir verið eins fær og ef til vill færari um að vera þingmaður en margir þeir menn, er á þingi hafa setið og getað átt þar sæti lengur en flestir aðrir, ef hann hefði að eins sjálfur viljað.

Það er líka að því að gæta, að það er efnalegur mismunur á þessum ekkjum, þessi ekkja hefir ekki nema 180 kr. eftirlaun, auk þess sem hún er efnaminni. Síra Kjartan var fremur fátækur maður. Bar margt til þess, var hann bæði gestrisinn og greiðvikinn maður og átti á hinn bóginn við mikla örðugleika að stríða, þar sem fyrri kona hans var mjög heilsulaus alla tíð. Auk þess vildi svo slysalega til, að kirkjan í Holti fauk, er nýbúið var að byggja hana og varð hann að kosta að öllu leyti úr eigin vasa að byggja hana upp aftur. Þótt hagur hans batnaði mikið síðustu árin, var þó ekki um nein veruleg efni að ræða. Eg tel það ekki nein efni, þótt eftir hann kunni að vera 4 eða 5 þús. kr. — eg skal ekki segja hvort heldur — sem eiga svo að skiftast milli konu og barna. Að vísu get eg hugsað, að menn segi, að ekkjan eigi efnaðan bróður, sem geti styrkt hana. Það er að vísu satt, en mér er kunnugt um, að hún hefir ekki hingað til þegið styrk af honum og mundi helzt kjósa að þurfa þess ekki í framtíðinni. En sýnilegt má það hverjum einum vera, að án einhvers viðbótarstyrks getur þessi kona tæplega lifað. Fyrir efnalitla konu eru 180 kr. ekkert til að lifa á, og það því síður, þar sem hún telur sér skylt að annast eða sjá um háaldraða eftirlifandi móður manns síns, sömul. barn hans kornungt og annað uppeldisbarn.

Vona eg þess vegna að þeir inir sömu sem greiddu atkvæði með styrknum til ekkju síra Jens Pálssonar, greiði einnig atkvæði með styrkveitingu til þessarar konu.

Á þgskj. 518 er brt. frá háttv. þingm. Skagf. (Ó. Br.), minnist eg aðallega á hana vegna þess, að hún snertir mitt kjördæmi; hún er um það að hækka vexti á útlánum úr viðlagasjóði. Verð eg að segja, að ef þessi brt. nær fram að ganga, þá er það sama og að drepa fyrirtæki Rangárvallasýslu, að kaupa jörðina Stórólfshvol til þess að hún verði læknissetur, og bygt verði á henni sjúkraskýli. það er eins gott hreint og beint að neita Rangvellingum um þennan styrk og að samþykkja þessa tillögu. Áhrifin af henni, ef hún næði fram að ganga, yrðu þau, að sýslan neyddist til þess að greiða 1400 kr. á ári í afborgun og vexti af láni þessu, en það væri henni algerlega um megn. Þessi jörð, er hér um ræðir, liggur mjög haganlega fyrir læknishéraðið, en að hafa ekkert ákveðið læknissetur i héraðinu, getur komið til að þýða það sama sem héraðið verði læknislaust.

Eins og sakir standa og koma til að standa, þá er ekki hægt að koma þessu svo fyrir, að það ekki hljóti að verða mikil byrði á sýslufélaginu, með því að eg býst ekki við, að það þætti réttlátt að hækka leiguna við lækninn, svo að byrðin kæmi til að hvíla á honum. En þótt svo sé, þá skiftir það miklu máli,

hversu mikil sú byrði kemur til að verða. Sjá allir, að ef tillaga fjárlaganefndarinnar nær fram að ganga, verður þetta næsta nógu mikil byrði á sýslunni, en eg býst samt við, að ef þingíð stendur við að veita þetta lán með 6% vöxtum í 28 ár, komist þetta fyrirtæki bráðlega á. En ef brt. háttv. þm. Skagf. verður samþ., er loku fyrir það skotið.

Vona eg því að þessi tillaga fjárlaganefndar fái að standa og að brt. háttv. þingm. Skagf. nái ekki samþykki hvað þennan lið snertir.

Hvað aðrar breytingartillögur snertir, get eg ekki verið að eyða tíma í að minnast á þær, þar sem eg er í fjárlaganefndinni og mun að sjálfsögðu fylgja tillögum hennar að mestu, en fyrir þeim hefir háttv. framsögum. fjárlaganefndar gert ýtarlega grein, bæði að því er snertir tillögur þær, sem nefndin sjálf hefir gert og undirtektir hennar undir þær brtill. sem fram eru komnar frá einstökum þingmönnum.

**Þorleifur Jónsson:** Eg er svo heppinn að vera ekki riðinn við margar brt., en eg ætla að minnast á nokkrar þær sem fyrir liggja.

Á þskj. 526 er brt. um að fjárveitingin til vitans á Ingólfshöfða verði látin falla niður. Var fært fram sem ástæða fyrir því, að íslenzkir skipstjórar haldi því fram, að þessi viti sé ekki eins nauðsynlegur og viti á Meðallandstanga. Það má vel vera að nauðsynlegt sé að byggja vita á Meðallandstanga, en mér er vel kunnugt, að það er bráðnauðsynlegt að byggja vita á Ingólfshöfða. Ströndin meðfram honum er eigi síður hættuleg en Meðallandsströndin, og víða eru þar vatnsföll með stórum ósum og ilt fyrir skipbrotsmenn að komast til bæja. Það hefir líka oft og einatt komið fyrir, að skip hafa strandað á söndunum beggja megin við höfðann, Breiðamerkursandi og Skeiðarársandi.

Að vitinn sé ekki eins nauðsynlegur fyrir íslenzka botnvörpunga sem aðra, get eg eigi skilið, því að ef fiskur er þar til handa útlendingum, ætti hann eins að finnast þar handa Íslendingum. Það er líka fleiri en útlend fiskiskip, sem fara um þessar slóðir, get eg t. d. tilnefnt strandbátana og önnur milliferðaskip, er fara sunnanlands, og þar sem enginn viti er alla leið frá Dyrhólum að Vattarnesi, sjá allir, hve mikil þörf er á, að viti komi nálægt miðju þessa svæðis, einmitt fyrir farþega og flutningaskip, er fara sunnanlands. Það er því mjög nauðsynlegt að koma upp vita á Ingólfshöfða, þarf ekki langt mál til að rökssyðja það, enda hefir hæstv. ráðherra gert það. Það er ekki svo að skilja, að þetta sé mínu kjördæmi í hag, þaðan stunda menn ekki fiskveiðar á þessum slóðum, en þar eð eg er svo kunnugur á þessum stöðvum, vildi eg ekki láta því ómótmælt, að Ingólfshöfðaviti sé ónauðsynlegur, eins og sumir hafa haldið fram.

Það er ekki nokkur efi á því, að það er mikið framfaraverk að fjölga vitunum; en þar sem fjárhag landsins er þannig háttað, að ekki er hægt að byggja alla vitana í einu, verður að gera það smám saman og með því að vitinn á Ingólfshöfða er svona miklum mun ódýrari en viti á Meðallandstanga, er sjálfsagt að byggja hann fyrst.

Þá er till. á þskj. 523, um Dómkirkjuna í Rvík; eg mintist á hana við síðustu umræðu og nú hefir komið fram tillaga um lækkun á styrknum til hennar. Býst eg við að eg verði þeirri tillögu fylgjandi. Í blaði, sem hefir komið út í bænum í dag, er skýrt frá þessari

fyrirhuguðu viðgerð. Vil eg með leyfi hæstv. forseta lesa aðalefni þessarar greinar hér upp. Hún hljóðar svo:

»Gólfið á að taka upp og leggja steini, *laga bekkina* þannig að bökin hallist meira aftur á við og þeir verði *þægilegri* Útgangsdyr á að gera nýjar út að Pósthústorginu og vita þær út að Oddfellowahúsinu. Enn fremur á að gera ganga niður af loftpöllunum niður í sjálfa kirkjuna, svo komist verði hjá þrengslum þeim og troðningi, er oft er í kirkjunni, er fjölment er í henni. *Loks er í hyggju að setja miðstöðvarhitun í kirkjuna*«.

Það má vel vera, og eg tel það víst, að þörf sé á einhverri endurbót á kirkjunni, en eg efast mjög um að þörf muni vera á svona miklu fjárframlagi, sem hér er farið frem á. Þótt það væri nú að vísu skelfing notalegt fyrir þjóðkirkjusöfnuðinn hér í Rvík, að fá miðstöðvarhitun í kirkjuna, og enn hægari og þægilegri sæti en nú eru, þá getur mér nú ekki skilist, að það kalli svo brátt að með þessi þægindi, að það ekki mætti bíða um sinn.

Það sem nauðsynlegt væri að gera, er að styrkja gólfið, svo að kirkjunni væri óhætt, að hún ekki félli þótt jarðskjálfti kæmi, og til þess hygg eg að 10 þús. muudi nægja.

Viðvíkjandi samgöngumálunum ætla eg að segja nokkur orð. Mér finst að þau séu að komast í óvænt efni hér á þinginu, og mér finst að í þeim málum sé smámunasemin látin ráða helzt til miklu. Það er eins og það sé einhver stífni, sem ráði tillögum manna hér um það mál. Eg er þess fullviss, að þjóðin er ekki þeim mönnum þakklát, sem að því vinna að láta smámunasemina ráða í þessu máli.

Nei, þjóðin óskar einmitt eftir því, að alt sem unt er, sé gert til þess að koma málinu áleiðis í góða höfn, en hún óskar ekki eftir, að það komst í það öngþveiti, sem það nú virðist ætla að komast í. Mér finst það töluverð stífni af samgöngumálanefndinni, að gera það að skilyrði fyrir því að þingið veiti inu íslenzka Eimskipafélagi nokkurn styrk, að félagið taki að sér strandferðirnar. Eg veit reyndar, að nefndinni hefir ekki gengið nema alt ið bezta til þessarar tillögu sinnar. Hún skoðar það — og það með talsverðum rétti — lífsspursmál, að strandferðir og millilandaferðir komist á sömu hendur. Þetta mundu líka allir kjósa helzt. En þegar nú að bráðabirgðastjórnin ekki álítur að hún hafi neina heimild eða neitt vald til að lofa því fyrir fram, að taka að sér strandferðirnar, þá finst mér heldur ekki rétt að neyða það til þess. Mér finst að það væri ekki ómögulegt að láta það liggja milli hluta, hver tæki að sér strandferðirnar, þangað til að félagið væri stofnað. Hins vegar býst eg við því, að félagið muni að sjálfsögðu taka að sér strandferðirnar þegar að það væri stofnað, ef að landssjóður legði því til 400 þús. kr., og eg er á því máli, að það *eigi* að gera það, en ekki vil eg samt láta gera það að skilyrði fyrir styrknum til þess nú. Mér finst heldur ekki nein von að bráðabirgðastjórnin geti gengið að þessum kostum, sem samgöngumálanefndin vill láta setja félaginu. Félagið er, sem kunnugt er, ekki stofnað enn. Hluthafarnir eru út um alt land og sumir í Vesturheimi. Það er því ekki gert í flýti að koma á aðalfundi, og án hans verður félagið ekki stofnað. Heldur ekki er hægt að vita, nema hluttakan í félaginu verði almennari meðal Íslendinga í Ameríku, ef Alþingi tekur nú greiðlega við málaleitun félagsins um styrk til millilandaferða. Mér finst það skylda þingsins, þar sem svo stendur á, að sýna félaginu alla þá góðvild, sem unt er.

Enn er einn vegur, sem mér hefir dottið í hug, að landssjóður skuldbindi sig til að bera allan halla, sem leiddi af útgerð strandbátanna fyrsta eða fyrstu árin. Með því móti finst mér líklegt að bráðabirgðastjórnin myndi geta gengið að þessu tilboði um styrk. Þetta yrði þá í bráðina ráð til samkomulags. Eimskipafélagið er enn sem komið er barn í reifum, sem sjálfsagt er að hjálpa til að komast á fót. Hitt er mikill ábyrgðarhluti, að setja eitthvað það á oddinn, sem gæti gert það að verkum, að barnið veslaðist upp og dæi.

Út af því sem hæstv. ráðherra hefir sagt um viðaukatillögu á þgskj. 508, þá er þess að geta, að með henni er ætlast til að landssjóður kaupi hluti hvort ár í félaginu fyrir 50 þús. kr., þótt það taki ekki að sér strandferðirnar. En fari svo, að það taki að sér strandferðirnar 1916, þá verða enn keyptir hlutir fyrir 300,000 þús. kr., svo að hluttaka landssjóðs verði þá alls 400,000. Þetta er auðskilið.

Það sem við eigum að gera, er að sýna félaginu alla þá góðvild, sem okkur er hægt. Þá mun félagið líka sýna landinu þá góðvild, að taka við strandferðunum, því að það er okkar heitasta ósk, að millilanda- og strandferðir komist hvorttveggja á sömu innlendu hendur. En það verður ekki nema þingið sýni félaginu alla lipurð og sanngirni.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Það eru eru ein 5—6 atriði, sem eg vil minnast á.

Fyrst er það brt. á þgskj. 502 um að hækka styrkinn til mótorbáts á Hvítá í Borgarfirði. Eg er viss um, að ef nefndin hefði vitað um gagn það, sem þessi bátur gerir, þá mundi henni ekki hafa vaxið í augum að leggja fram þessar 800 kr., sem farið er fram á að veittar verði. Eg hefi líka heyrt, að ef þessi styrkur fáist ekki, þá verði að hætta ferðunum. Slíkt finst mér ótækt.

Þá vildi eg minnast á tillöguna á þgskj. 526, sem er um Ingólfshöfðavitann, að leggja styrkinn til hans niður. Við tillögumenn neitum því ekki, að vitinn sé til gagns, en við lítum á, *hve mikið* til gagns og *hverjum* til gagns.

Það hefir verið sagt, að skip sem komi hingað til lands og ekki fari fastar millilandaferðir, taki land við Ingólfshöfða. Þetta segja sjómenn að sé vitleysa. Ef skipið ætlar til austurlandsins þá tekur það land ekki sunnar en við Eystra-Horn; en ætli það til Suðurlands eða Vesturlands, þá tekur það land við Dyrhólaey. Einu skipin, sem land taka við Ingólfshöfða, eru útlendir botnvörpungar, sem eru þar vanalega að veiðum í landhelgi. Það gæti nú verið, að einhver héldi því fram, að það væri mannúðarskylda af okkur Íslendingum að byggja þennan vita. Þeim vil eg svara því, að við eigum *fyrst* að byggja vita þar sem löndum okkar eða viðskiftamönnum er hættast við að stranda, og *síðan* hugsa um útlenda fiskiþjófa. Við Ingólfshöfða er íslenzkskipum ekki hætt við að stranda, af því að Íslendingar eru þar aldrei að veiðum, af því að þar eru engin fiskimið nema í landhelgi. Það hefir verið sagt, að vitinn á Meðallandstanga sé of dýr til að byggja hann nú. Þetta kann að vera rétt. Þess vegna er heldur ekki farið fram á að hann verði bygður nú. Spurningin verður þá þessi: Eigum við að byggja ódýru og gagnsminstu vitana nú. Eða eigum við að bíða þangað til við getum bygt þá dýrari, sem jafnframt er mest nauðsynin á? Eg held að ekki geti orðið um það skiftar skoðanir, að við eigum að bíða. Meðallandstangavitinn er dýrari, en líka margfalt gagnsmeiri. Og hann er lands-

mönnum *vorum* til gangns; en hinn varla eða ekki. Við eigum því að bíða þangað til við getum bygt *Meðallandsvitann*.

Brt á þgskj. 528 er að eins orðabreyting; orðunum »yfir Fagradal« skotið inn í. Í sambandi við þetta skal eg geta þess, að fjárlaganefndin hefir lagt til, að fjárveitingin yrði ekki bundin við nafn Þórarins Tuliniusar. Þegar við æsktum eftir þessari fjárveitingu, vissum við ekki að nokkur annar maður mundi vilja takast þetta á hendur. Ef svo er að einhver annar vilji takast þetta á hendur fyrir sama styrk, þá er það gott. Eg sé þá ekkert á móti því, að þeim manni yrði falið að fara ferðirnar. Eg efast ekki um að landsstjórnin muni veita þeim manni styrkinn, sem Múlasýslurnar óska. Eg get því ekki séð neitt á móti því, að brt. nefndarinnar verði samþykt.

Brt. á þskj. 549 um að inn í 15. gr. komi nýr liður, sem veiti fé til að ljósmynda skjöl í »Ríkisskjalasafninu« danska, er mjög þörf. Eg tel fulla nauðsyn á að veitt fáist fé til þessa, því að mörg skjölin snerta sögu þessa lands og er þeirra þörf hingað á safnið. Eg vona að þessari tillögu verði vel tekið.

Þá ætla eg lítillega að minnast á kirkjugerðina. Í því máli fylgi eg þeim, sem alveg vilja fella burtu liðinn. Að minsta kosti vil eg ekki veita meira en svo, að víst geti verið að kirkjan ekki falli. Söfnuðinum hefir oftsinnis verið boðið að taka að sér kirkjuna. Hann hefir ætíð neitað því þverlega. Mér finst nú, að þingið ætti að skamta svo úr hnefa framlög sín til kirkjunnar, að söfnuðurinn fengi að finna til talsverðra óþæginda. Hér í deildinni var einu sinni sá forseti, sem svelti menn til að þegja. Hann veitti oft ekkert fundarhlé, þótt talað hefði verið 3—4 stundir, fyrri en þingmenn höfðu þagnað. Sömu aðferð vil eg láta hafa í þessu. Eg vil ekki láta gera neitt við kirkjuna, svo að söfnurinn *verði* að taka hana að sér, ef hann vill hafa viðundi húsaskjól. Ef söfnuðurinn færi fram á að fá talsvert háa fúlgu sem meðlag með kirkjunni eitt skifti fyrir öll, þá skyldi eg vera með því. En með þessu get eg ekki verið.

Það er nú búið að segja margt og mikið um styrkinn til »Eimskipafélagsins«. Eg vil að eins taka það fram, að eg er fylgjandi því, að veita félaginu 40 þús. kr. seinna árið. Þetta er sama upphæð sem »Sameinað« félag hefir úr ríkissjóði. Við megum ekki búa okkar unga félag ver úr garði heldur en danska félagið er gert. Það á að keppa við danska félagið og við megum búast við, að Sam. fél. beiti alls konar þrælatökum, t. d. að það lækki flutn.gjald mikið eða ef til vill taki að sér að flytja fyrir ekkert. Hinu get eg ekki verið með, að *þvinga* félagið til að taka að sér strandferðirnar, þótt því séu boðnar til þess 400 þús. kr. Eg lít svo á, að langheppilegast væri að félagið myndaðist af hluttöku einstakra manna.

Um að hækka vextina af lánum til landssjóðs, er eg alveg samdóma háttv. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.). Eg lít svo á, að nóg sé *gefið* samt í þessum lánum, þótt vextirnir yrðu 5%. Þótt reiknaðir væru 6%, þá er það samt fyrir neðan núverandi vaxtahæð. Vextirnir eru nú $6^1/_2$ %.

Þá er loks ein brtill. frá nefndinni á þgskj. 557, sem eg vil leggjast á móti af alefli. Hún leggur til, að breyta orðinu »sjálfrenniugur« í »bifreið«. Sjálfrenningur er nákvæm og góð þýðing á »automobil«. Það táknar að vagninn hreyfist af sjálfum sér; þ. e. a. s. að hreyfiaflið sé í vagninum sjálfum. En »bifreið«. Hvað táknar nú bifreið? Það táknar vagn(reið) sem bifast. Er nokkur vagn til, sem ekki bifast? Ekki vildi

eg eiga að aka í honum, ef til væri. »Bifreið« getur líka táknað vagn, sem titrar. Þekkir nokkur vagn, sem ekki titrar? *(Einar Jónsson:* Eg þekki það). Þingmaðurinn verður eflaust frægur fyrir þá uppgötvun. Enginn annar maður í heiminum þekkir vagna, sem renna án alls titrings. »Bifreið« er heldur ekki orðið *fast* í málinu. Það hefir lítið á prenti sést og aldrei heyrst í tali fyrri en nú í vor. Og þó svo væri, þá sýnir reynslan, að mjög auðvelt er að útrýma röngum orðmyndum. Fyrir nokkrum árum sást ekki í nokkru blaði né heyrðist sagt annað en »botnverpingur«. Svo var bent á að það væri röng mynd og botnvörpungur væri rétta myndin. Nú má heita að aldrei heyrist annað en »botnvörpungur«. Eg vildi að nefndin vildi trúa mér til þess, að orðið »bifreið« er vitleysa, og taka þessa tillögu sína aftur. Ef hún gerir það ekki, þá skora eg á deildina að fella tillöguna.

**Valtýr Guðmundsson:** Mig hefir mjög furðað á að hlusta á umræðurnar um afskifti samgöngumálanefndarinnar af »Eimskipafélaginu«.

Það hafa sumir þingmenn haldið því fram, að nefndin hafi sýnt bæði smámunasemi og stífni í samkomulagsleitunum sínum. Ef að stífni hefir komið fram, þá er það áreiðanlega meira félagsstjórninni að kenna en nefndinni. Nefndin hefir frá upphafi reynt að gera alt, sem hún gat til að hlynna að félaginu. Það er heldur ekki rétt, að smámunasemi hafi kent hjá nefndinni. Eg get að minsta kosti ekki kallað það smámunasemi, að bjóða félaginu að leggja því til 400 þús. kr. í eitt skifti fyrir öll, og auk þess 100 þús. króna styrk á ári.

Háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) sagði, að það væri sama sem að drepa félagið, að veita því ekki styrkinn skilyrðislaust. Mig stórfurðar á að heyra slíkt, því að það er þveröfugt: nefndin styður félagið öfluglega með tillögum sínum.

Háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.) sagði, að það mundi fæla Vestur-Íslendinga frá hlutabréfakaupum í félaginu, ef styrkurinn yrði ekki veittur skilyrðislaust. Þetta er alveg öfugt. Það hefir komið fram í blöðum Vestur-Íslendinga, að þeir kysu að landssjóður hefði yfirtökin, og mundu þá jafnvel vera til með að gefa heilt skip. Og einn maður hefir lýst yfir því við ráðherra, að hann mundi vera fús til að taka 50 þús. kr. hlut í félaginu, ef landssjóður væri þar aðaltaugin, í stað 10 þús. kr. sem hann tók.

Háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) sagði, að aldrei hefði í byrjun verið hugsað til þess, að félagið tæki strandferðirnar að sér. Í útboðsskjalinu segir, að félagið treysti sér eigi að taka að sér strandferðirnar »í byrjun«. Og enn segir svo: »Vér erum eindregið þeirrar skoðunar, að fyr komist þetta ekki í lag, en skipaferðirnar séu komnar í hendur Íslendinga sjálfra, orðnar innlendar að öllu leyti«. Loks í bréfi bráðabirgðastjórnar félagsins til samgöngumálanefndanna segir svo: »Það hefir frá upphafi verið hagsun forgöngumanna félagsins, að svo framarlega sem byrjunarútgerð félagsins reynist svo vel, að fært þyki að færa út kvíarnar, þá verði ein in fyrsta aukning í því fólgin, að taka að sér strandferðirnar.

Af þessu er það ljóst, að það hefir alt af verið tilgangur félagsins að taka að sér strandferðirnar síðar meir. Í samræmi við það leggur meiri hl. nefndarinnar það til, að félagið semji síðar við stjórnina um strandferðirnar og fái styrk til þeirra. Þetta vona eg að mönnum sé ljóst, og sýni þeir þá, að þeir líti ekki meir á hagsmuni einstakra manna en landsins í heild sinni, því að

fyrst og fremst erum vér ráðsmenn landssjóðs.

Háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) sagði, að nauðsyn væri að veita Eimskipafél. Íslands hærra styrk en Sameinaða gufuskipafélagið hefði haft, vegna samkepninnar. En hver trygging getur verið betri fyrir félagið en sú, að landssjóður verði hluthafi í félaginu að hálfu? Það gefur þá að skilja, að ef samkepnin gengur úr hófi, tekur löggjafarvaldið til sinna ráða. Hér er alls ekki um kala að ræða til félagsins, heldur þvert á móti er það markmiðið að tryggja tilveru þess sem mest.

Af þessum ástæðum leggur nefndin á móti breytingartillögunni á þskj. 508, þar sem það er skilyrðislaust lagt til að veita til hlutakaupa í »Eimskipafélagi Íslands« 50.000 kr. á ári. Og sama er að segja um brtill. á þskj. 494.

Það gleður mig að ráðherra er samþykkur nefndinni i þessu. En þar sem hæstvirtur ráðherra mintist á Björgvinjarfélagið, kom hann með nýjar upplýsingar, sem eg fyrir mitt leyti hafði ekki vitað af — nefnilega að tilboð þess væri bundið við 5 ár. Þetta virðist, ef tilboðinu væri tekið, gera það að verkum, að Eimskipafélagið geti ekki tekið að sér strandferðirnar á næstu 5 árum og virðist því vera frágangssök að taka því, úr því að Sameinaða félagið hefir lofað að taka strandferðirnar næstu 2 ár.

Um hækkun á styrk til Breiðafjarðarbátsins er það að segja, að meiri hluti samgöngumálanefndarinnar álítur, að ekki sé það mál svo rannsakað, að ekki verði komist af með inn áætlaða styrk, svo að á því sé hægt að byggja. En ekki skal eg þrátta um það. Það er eins um þetta og aðra flóabáta, að það eru engin tiltök til að rannsaka það nú. Það verður hlutverk ins fyrirhugaða ráðunauts stjórnarinnar.

Þetta voru þær aðalathugasemdir, sem eg hafði ætlað mér að gera. En úr því að eg stóð upp á annað borð, þá vil eg minnast á nokkrar tillögur, sem fram hafa komið.

Skal eg þá fyrst minnast á brtill. á þgskj. 534 um hækkun á styrk til Íþróttasambandsins fyrra árið úr 500 kr. upp í 1000 kr. Flutn.m. hefir minst á tillöguna og sagt, að meðal annars væri þessi aukning ætluð til þess að styrkja mann til utanfarar til þess að fullkomna sig í sundlistinni. Eg get ekki stilt mig um, að mæla með þessari till., og eg held, að vér höfum verið alt of knappir í því að styrkja líkamsíþróttir. Hvað gerðu forfeður vorir? Þeir sáu það, að líkamlegur þroski og snarræði var skilyrði fyrir heilbrigði andans. Og ef vér lítum til stórþjóðanna, t. d. Englendinga, þá sjáum vér, að það er einmitt þetta, sem gerði þá duglega í baráttunni. Þetta hefir stórmikla þýðing fyrir uppeldið. Það getur leitt til, að úr dragi mörgum ósómanum, t. d. brúkun tóbaks og kaffis. Menn venjist af að sitja á veitinga- og kaffihúsum í reyk og svælu, en styrki líkamann undir beru lofti, og teigi í sig heilnæmt loft og heilbrigði. Eg legg ekki áherzlu á, að gera menn að meisturum í íþróttum, heldur hitt, að sem flestir æskumenn temji sér þær. En þá er nauðsynlegt, að til séu þeir, sem skari fram úr. Í uppeldinu eigum vér að setja merkið hátt. Og þegar einstakir menn komast hátt og verða frægir, er það til upphvatningar fyrir þá mörgu. Eg álít það því vel farið, að veita þessa litlu styrkaukning til slíks uppeldismeðals sem íþróttirnar eru.

Þá skal eg minnast á brtill. á þgskj. 518. um, að hækka vöxtu af lánum úr viðlagasjóði. Mér finst þess kenna um of, að þingmenn eru meiri búmenn fyrir kjördæmi sín en fyrir landssjóð, þegar þeir lána fyrir lægri vöxtu en lands-

sjóður greiðir fyrir lán sín. Eg skal játa það, að það geta verið fyrirtæki, sem vert er að styrkja öðrum fremur.

Eg skal nefna eitt, sem mér dettur í hug: Brimbrjótinn í Bolungarvík. Eg þekki nú ekkert til Bolungarvíkur, nema eg hefi séð inn svo kallaða þingmann Bolvíkinga hér á götunum. En svo mikið veit eg, að það er einhver in mesta veiðistöð hér á landi, og mun það því hafa þýðing fyrir landið, að lending þar sé gerð hagkvæmari, án þess að eg hafi tekið nokkuru ástfóstri við Bolungarvík.

Svona getur verið um fleira, en hitt er ekki réttur búskapur, að taka minni vexti af því, sem landið lánar út, heldur en það verður að greiða af lánum, þeim sem það tekur sjálft.

**Magnús Kristjánsson:** Flestir háttv. þm. hafa byrjað ræður sínar á því, að þeir ættu brtill. á þessu og þessu þgskj., en eg á nú enga, og er það gott, því að eg verð þá síður fyrir vonbrigðum, en það held eg, að margir verði, um það er lýkur.

Aðallega ætlaði eg að minnast á afstöðu háttv. deildar gagnvart Eimskipafélagi Íslands. Það mál virðist vera að komast í óvænt efni. Því að um það er skoðanamunur bæði milli tveggja nefnda og ýmsra einstakra þm. Ein tillagan er sú. að landið leggi 400 þús. kr. til hlutakaupa í félaginu, móti því, að það taki að sér strandferðirnar. Önnur brtill. fer fram á það, að landið leggi fram 50 þús. kr. hvort árið sem hlutafé, og sú þriðja, að það sé styrkt með 40 þús. kr. til millilandaferða 1915, ef það kemst þá á og tekur að sér strandferðir 1916. Loks er ein till. þess efnis, að félagið fái 40 þús. kr. 1915, gegn því, að það hafi tvö millilandaskip 1915 og stjórnarráðið samþykki ferðir þeirra.

Eg verð að segja það, að eg efa ekki, að allir háttv. þm. vilja þessu máli vel, en stefnurnar eru mismunandi, og það verður alvarlega að gjalda varhuga við því, að þetta mál fari, eins og sum önnur stór-þýðingarmikil mál, að erfitt eða ómögulegt reynist að samþýða skoðanir manna um það, þótt þeir gjarna vildu málinu alt ið bezta. Þetta hefir orðið mörgu góðu máli að falli, en þetta má ekki fara svo. Vér verðum að gæta þess, að vér höfum í þessu efni svo að segja sagt erlendu skipafélagi stríð á hendur, og það mundi verða ómetanlegt tjón, ef ekkert yrði úr þessu nema undirbúningurinn, því að þá er það víst, að eigum vér nú við örðug kjör að búa, þá munum vér síðar sæta enn verri afarkostum, ef félagið verður að engu. Þetta má ekki verða, og þess vegna verður nú að ráða fram úr málinu á þann hátt, sem félaginu getur orðið sæmilega hagkvæmur.

Það eina rétta, sem þingið, að mínu áliti, getur gert í þessu máli er að samþykkja brtill. á þgskj. 494, sem fer fram á, að þingið veiti félaginu 40 þús. kr. 1915, gegn því, að það hafi í förum 2 millilandaskip, og stjórnarráðið samþykki ferðaáætlan þeirra.

Eg skal geta þess, að mín stefna er sú, að fylgja fjárlaganefndinni svo langt sem fært er, en eins og nú horfir við, álít eg einu réttu úrlausnina að samþykkja áður nefnda tillögu, og veita 40 þús. kr. styrk með því skilyrði, sem þar er sett. Eg vona, að margir hv. þm. geti aðhylst þessa skoðun mína. Eg hygg, að fái félagið þessar 40 þús. kr., geti það tekið til starfa og þá mun það sýna sig, að frumv. um 400 þús. kr. framlag til strandferðaskipakaupa, sem nú er á leiðinni gegn um deildina, mun koma að tilætluðum notum á sínum tíma. Skal eg svo ekki verða fjölorðari um þetta.

En úr því eg stóð upp á annað borð, langar mig til að minnast fám orðum á vitana. Eg vona, að það hafi ekki orðið ástæða til þeirrar brt., sem hér liggur fyrir, að eg beindi þeirri spurningu til nefndarinnar, hvort ekki mundi hægt að fá vitann á Meðallandi bygðan fyrst. En nú hefi eg fengið sannanir fyrir því, að ekki er hægt byggja þennan vita á næsta fjárhagstímabili. Og þar sem eg hefi fengið þær upplýsingar, að vitinn á Ingólfshöfða sé bráðnauðsynlegur, þá get eg ekki verið með þeirri brt., að fella hann burtu. Það yrði að eins til þess að tefja fyrir málinu í 2 ár, og af því gæti leitt svo mikið tjón, að slíkt væri ekki forsvaranlegt. Meðallandsvitinn verður að sjálfsögðu næsti vitinn, sem tekinn verður á fjárlögin.

**Kristinn Daníelsson:** Breyt.till., sem eg o. fl. höfðum leyft okkur að koma fram með á þgskj. 508, hefir mætt talsverðri mótspyrnu, svo að eg sé mig knúðan til að bera hönd fyrir höfuð henni. Einkum sætti hún mótmælum frá hæstv. ráðherra og háttv. þm. Sfjk. (V. G.). Hann lýsti ánægju sinni yfir því, að hæstv. ráðherra hefði tekið í sama strenginn og hann. Eg get nú ekki sagt það sama. Eg hefði heldur kosið að hann hefði tekið í íslenzka endann, sem mér finst hér hafa verið að honum réttur, og gert það hiklaust og drengilega eins og þörf er á.

Háttv. þm. Sfjk. (V. G.) lagði í síðari ræðu sinni sterka áherzlu á það, að brt. næði ekki fram að ganga, og þó fer hún ekki fram á annað en það, sem samgöngumálanefndin hefir áður sagt að væri vilji hennar. Nefndin hefir lýst yfir því, að af þessum 400 þús. kr., sem hún hafði ætlað Eimskipafélaginu, skyldu 100 þús. kr. ganga til þess að koma því á stofn. Þetta hefir hún einnig ítrekað í framhaldsnefndaráliti sínu. Brtill. fer í raun og veru, eins og hefir verið margsagt, ekki fram á annað en að gera þetta skýrt og ljóst með því að veita þessar 100 þús. kr. skilyrðislaust. Hætta getur stafað af því að halda í þetta skilyrði, sú hætta, að það getur fyrirbygt það, að félagið komist á fót. Bráðabirgðastjórnin hefir hins vegar skýrt frá því, að hún muni styðja að því, að félagið taki að sér strandferðirnar. Þetta hefir samgöngumálanefndin gert sig ánægða með — samt setur hún þetta skilyrði.

Háttv. þm. sagði, að ekki væri ástæða til að bregða nefndinni um það, að hún vildi ekki styðja Eimskipafélagið, en þegar eg sá till. hennar, datt mér í hug ið fornkveðna: Hendurnar eru Esaús, o. s. frv. Það er svo loðið og óheilt frá þessu gengið, þar sem einmitt átti að koma hiklaust og drengilega fram.

Það er svo ljóst, að félagið getur engu lofað um strandferðirnar, að það liggur í augum uppi. Með leyfi hæstv. forseta skal eg lesa upp fáar línur úr bréfi bráðabirgðastjórnarinnar til nefndarinnar. Það hljóðar svo:

»Í hlutaútboðsskjali, því er sent var Íslendingum og hlutafjársöfnunin til félagsins er bygð á, er skýlaust gert ráð fyrir þessu tvennu:

1. Að félagið taki *ekki* að sér strandferðir í *byrjun*.
2. Að félagið fái ríflegan landssjóðsstyrk fyrir ferðir þær, sem þar er gert ráð fyrir (þ. e. milli landa með viðkomum á ýmsum höfnum hér innan lands).

Með því að hlutafjárloforð eru bygð á þessu, og því eðlilega bundin þeim skilyrðum, sem í þessu felast, þá lítum vér svo á, sem vér eigi getum kallað saman stofnfund félagsins, ef eigi er vissa fyrir því, að landssjóðsstyrkur fáist, sem eigi sé bund-

inn því skilyrði, að félagið *skuli* taka að sér að reka strandferðirnar fyrir sinn reikning. — Við teljum engan vafa á því, að væri félagið stofnað undir slíkum kringumstæðum, þá væru allir, þeir sem lofað hafa hlutafé á grundvelli hlutaútboðsins, þar með leystir frá loforðum sínum. Vér gætum því ekki gert annað en afhenda hverjum loforðsgefanda aftur þann hluta hlutafjárins, sem innborgaður er þegar, og mundum því *ekki* geta gert ráðstafanir til þess að félagið yrði stofnað«.

Þessi fjárveiting er þá einmitt bundin því skilyrði, sem bráðabirgðastjórnin lýsir yfir að ekki *megi* binda hana.

Háttv. þm. Sfjk. játaði, að ekki væri meiningin að veita þetta fé meðan félagið væri ekki til. Hann ætlaðist til að stjórnin mætti veita það, þegar félagið væri komið á stofn. En þetta er ekki hægt, því að þetta bindur hvað annað. Stjórnin getur ekki veitt féð, af því að félagið kemst ekki á stofn. Og félagið kemst ekki á stofn af því að stjórnin hefir ekki heimild til að veita því skilyrðislaust styrk.

Hæstv. ráðherra sagði, að þegar mætti kalla hluthafa á stofnfund, og taldi þær 300 þús, sem inn væru komnar, nægar til þess. En það er ekki hægt, og þarf eg í því efni ekki annað en skírskota til bréfs bráðabirgðastjórnarinnar, sem eg áður nefndi. Og með leyfi að spyrja: Hvar er hættan við kaupa hluti fyrir 100 þús. kr. í þessu félagi, þegar þeir sömu menn og móti því eru, játa, að því fé sé ekki á glæ kastað í neina féglæfra?

Háttv. þm. Sfjk. spurði, hversu þeir sömu menn, sem ekki vildu láta skuldbinda Eimskipafélagið til að taka að sér strandferðirnar — tryðu ekki að þær bæru sig — gætu stungið upp á landssjóðsútgerð. Eg er alls ekki að hugsa um það, hvort strandferðirnar muni bera sig eða ekki. Þó að það sé afar mikilsvert, þá er það ekki fyrsta spurningin, sem fyrir verður til afdráttarlausrar úrlausnar, heldur hitt, að strandferðirnar *verða* á nokkurn hátt að komast á íslenzkar hendur.

En fyrst verður Eimskipafélagið að stofnast, áður það geti ráðist í og gert samninga um strandferðir; en síðan má vænta, að þeir samningar geti tekist og væru æskilegastir.

Hæstv. ráðherra vildi snúa breyt.till. minni í villu og hélt fram, að það væri mótsögn í henni, þannig, að hún kæmi að engum notum þótt hún væri samþykt, vegna þess að þar stæði, að fjárveitingin félli niður, ef félagið tæki að sér strandferðirnar. Eg get eigi séð neina mótsögn í þessu. Það er augljóst, að taki félagið ekki að sér strandferðirnar 1914, verður 50 þús. varið til hlutakaupa, og hafi það enn ekki tekið þær að sér 1915, verður keypt fyrir aðrar 50 þús. kr. En taki það við strandferðunum annaðhvort árið, verða keyptir hlutir hlutir fyrir 400 þús. kr., og þá fellur auðvitað 50 þús. kr. fjárveitingin niður annað eða bæði árin. Eg skal játa, að það hefði mátt orða þetta ljósara, en það er óþarfi að villast á því eins og það er. Annars hygg eg, að hafi fallið úr í prentuninni orðin »samkvæmt lögum um strandferðir«.

Þá vil eg benda á það, hve mikið traust það gefur félaginu í samkepninni, ef því er slegið föstu, að landið taki þannig hiklaust og óskorað þátt í félaginu. Munu þá útlend félög kinnoka sér við því, er þau sjá, að þjóð og þing fylgjast fast að þessu máli. En sé það gjört þannig hikandi, þá mega aðrir segja: Þannig eru Íslendingar, alt af eru þeir sundurlyndir, geta hvorki verið hráir eða soðnir.

Viðvíkjandi hinni tillögunni á þgskj.

494, þá virðist mér hún jafn sjálfsögð, og það fé beri sömuleiðis að veita skilyrðislaust. Mér skildist það á hæstv. ráðherra, að hann teldi Sameinaða gufuskipafélaginu óréttur gerður með því. En eg veit ekki til, að landinu beri nein skylda til að styrkja það félag.

Skal eg svo ekki eyða orðum að þessu, en vil að lyktum leyfa mér að eggja háttv. þm. lögeggjan að reynast nú vel og drengilega í þessu máli.

**Skúli Thoroddsen:** Eg skal fyrst leyfa mér að minnast á breyt.till. háttv. 1. þm. Skagf., (Ol. Br.), sem fer fram á það að hækka vexti af lánum úr viðlagasjóði úr 4% upp í 5%.

Eg get ekki verið samþykkur þessari breyt.till.

Það hefir aldrei verið tilgangurinn, að því er lán þessi snertir, að landssjóður tæki að sér, að reka einskonar bankastarfsemi, heldur hefir tilætlunin einatt verið sú, að landssjóður styddi á þennan hátt ýmis nauðsynleg fyrirtæki með því, að veita þeim lán með sem vægustum kjörum, hefir heldur kosið þá leiðina, en að veita þeim beinan fjárstyrk.

Það er orðin föst venja seinustu þinga, að lána fé þannig úr viðlagasjóði, ýmist til ýmsra atvinnufyrirtækja, svo sem til styrkar sjávarútveginum, landbúnaðinum, iðnaðarfyrirtækjum o. s. frv., eður til einstakra stétta, sbr. þurrabúðarmannalánin.

Það mundi því óefað vekja mikla gremju og óánægju meðal landsmanna, ef út af þessu væri nú brugðið.

Eg mæli því með því, að brt. þessar verði feldar og greinarnar látnar standa óbreyttar eins og þær voru samþyktar við 2. umr.

Þá skal eg minnast fám orðum á styrk til gufubátsferða um Ísafjarðardjúp. Fyrir þinginu hafa legið tilmæli frá sýslunefnd Norður-Ísfirðinga, um 10 þús. kr. styrk til gufubátsferða þar, og skuldbindur sýslan sig þá jafnframt til þess, að annast póstflutningana um sýsluna.

Háttv. samgöngumálanefndir hafa þó eigi séð sér fært, að sinna téðri beiðni sýslunefndarinnar í Norður-Ísafjarðarsýslu, en í stað þess hefir verið samþykt, að veita að eins 9000 kr. til þessa, og það þá jafnframt gert þó að skilyrði, að gufubáturinn fari einhverjar ferðir alla leið norður á Húnaflóa.

Flutningaþörfin er mikil milli þessara staða, þ. e. Djúpsins og Húnaflóa — þar skifst á land- og sjávarafurðum, auk mikilla fólksflutninga, og strandbátarnir því mikið notaðir í téðu skyni. Á hinn bóginn hefir þó sýslunefndin í Norður-Ísafjarðarsýslu enn ekki athugað þetta, og hæpið, að gufubáturinn, sem hún hefir á að skipa, og notaður hefir verið til ferðanna um Djúpið, geti tekið ferðirnar til Húnaflóa að sér, nema þá rétt yfir blásumartímann, enda styrkurinn óefað alt of lítill, sé um að mun stærri bát að ræða, og vona eg því, að hv. Ed. taki þetta atriði til íhugunar, þar sem eigi hafa getað orðið tök breytinga hér í deildinni.

Þá skal eg, að því er snertir »Eimskipafélagið«, geta þess, að eg er hvorki samdóma fjárlaganefndinni, né samgöngumálanefndinni. Nefndir þessar vilja *neyða* félagið til þess, að taka að sér strandferðirnar, sem það þó — þegar í byrjun — hefir lýst yfir, að það ætli sér alls ekki að sinna, enda hefir og bráðabirgðastjórnin lýst yfir því, að hana bresti alt vald til að skuldbinda félagið í þessu efni, þar sem öll fjársöfnunin einmitt hefir verið miðuð við millilandaferðirnar einar.

Geta má þess og, að alt öðru máli er að gegna um strandferðirnar, en um millilandaferðirnar. Millilandaferðirnar geta í flestum tilfellum borgað sig, en strandferðirnar gera það einatt að mun

síður, nema þá með því hærri landssjóðsstyrk.

Það er nú svo komið, að strandbátarnir koma nær inn á hverja vík og vog og það þótt þeir hafi stundum — eða á suma staðina — lítið eða alls ekkert meðferðis, jafnvel eigi nema eitt bréf eða böggul — eða þá að skjóta einum farþega á land. En landsmenn eru orðnir þessu vanir, og geta nú ekki verið án tíðra strandferða. Og þar sem svona hagar til, að lítils er að vænta í aðra hönd, þá er það ið eina rétta, að landið taki sjálft að sér strandferðirnar, afli sér báta, annað hvort til kaups eða leigu, sem þá gætu komið við á þeim stöðum, sem landsmenn óska.

Tel eg þá aðferðina landinu að mun sæmri, enda landsmönnum hagkvæmari, en hina, að vera að ginna neinn til þess, að tefla á þá tvísýnu að taka að sér ferðirnar, gegn því eða því tillagi úr landssjóði.

En svo að eg eg víki aftar að »Eimskipafélagi Íslands«, þá hefir mér virst það in mesta nauðsyn, að þingið styddi það á allar lundir.

En hvað gerir nú þingið? Fjárlaganefndin, — sem og samgöngumálanefndirnar — gefa því kost á 40 þús. kr. styrk 1915, og 400 þús. kr. hluttöku, en hvortteggja er bundið því skilyrði, að það taki þá að sér strandferðirnar.

Þetta þykir mér hart aðgöngu fyrir félagið, og vona eg, að deildin samþykki það ekki. Þingið hefði átt að veita félaginu styrk þennan skilyrðislaust, því að þá hefði landssjóður orðið félaginu sá bakjarl, sem gerði það alveg ófellandi, í stað þess, að með hinu mótinu verður það æ vonargripur, þar sem við samkepni við félagið verður að sjálfsögðu að búast.

»Sameinaða gufuskipafélagið« er öflugur keppinautur, og það gæti jafnvel fundið upp á því, að flytja vörur og farþega ókeypis til þess að eyðileggja innlenda eimskipafélagið, og gæti þá farið mjög illa fyrir frumbýlinginum, sem verður að byrja með skuldum.

Þá geta og ýmis óhöpp mætt félaginu eða stjórnin farið í einhverju ólagi, ekki sízt, þar sem Íslendingar eru óvanir að standa fyrir slíkum fyrirtækjum. Vera má og, að þeir sem hafa safnað áskriftum, hafi gylt félagið og talið hér vera um gróðafyrirtæki að ræða, í stað þess að segja eins og er, að snúist getur til beggja vona um það, nema félagi njóti því öflugri stuðnings af landssjóði.

Eg mun því ekki greiða atkv. með tillögum samgöngumálanefndanna í máli þessu, en mun hallast að tillögunni á þgskj. 494 frá háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) o. fl., og ljá henni atkv. mitt.

**Tryggvi Bjarnason:** Það hafa ýmsir sagt, að samgöngumálin á sjó séu eitthvert vandamesta málið, sem þetta þing hefir til meðferðar, og eg er viss um, að þjóðin leggur mjög mikla áherzlu á að það verði heppilega til lykta leitt. Þegar eg sá tillögur samgöngumálanefndarinnar og fjárlaganefndarinnar, þá gerði eg mér góðar vonir um að þetta mál fengi góðan enda hér á þinginu og að bráðabirgðastjórn Eimskipafél. myndi taka þessum tillögum tveim höndum. En hún hefir tekið þeim mjög dauflega, og 1. þm. G.-K. (B. Kr.), sem talar hennar máli hér, hefir sagt, að það sé sama sem að drepa þetta fyrirtæki í fæðingunni ef tillögur samgöngumálanefndarinnar verða samþyktar.

Mér skilst það aðallega, vera tvent, sem fyrir bráðbirgðastjórninni hefir vakað. Fyrst það, að ferðirnar myndu varla bera sig. En eftir því sem mér virtist á ræðu háttv. þm. G.-K. (B. Kr.), sem aðallega hefir talað hennar máli, þá álítur hann ekki að mikil hætta sé á tapi á ferðunum, þar sem hann tók fram, að þau félög, sem rekið hafa strand-

ferðir að undanförnu, hefðu ekki tapað á þeim. Enda þarf enginn að halda, að það Sameinaða hefði haldið ferðunum uppi og gerði tilboð í þær enn, ef það tapaði á þeim.

Annað atriði, sem bráðabirgðastjórnin ber fyrir, er það, að það hafi ekki verið gert ráð fyrir því í útboðsskjalinu, að félagið tæki strax að sér strandferðirnar. Mér er kunnugt um, að ýmsir litu svo á, að stjórnin byggist ekki við að hafa svo mikið fé með höndum í byrjun að það væri mögulegt, að félagið tæki strandferðirnar strax, en jafnframt var litið svo á, að hún ætlaðist til að félagið tæki að sér strandferðirnar, þegar það hefði fengið nægilegt fé til að taka að sér hvorttveggja millilandaferðir og strandferðir, þannig, að gera út tvö millilandaskip og 2 strandferðaskip, og í þeirri trú skrifuðu menn sig svo fyrir hlutum í félaginu og voru ánægðir með þessa ráðstöfun. Eftir tillögum samgöngumálanefndarinnar er ætlast til að félaginu verði lagður nægilegur styrkur til að koma á ferðum með tveimur millilandaskipum með því skilyrði, að það taki að sér strandferðirnar 1916, og sýnist það vera hægt, þar sem lagt er til að landssjóður kaupi hluti í Eimskipafélaginu fyrir 400 þús. kr. og þess utan er þegar safnað í hlutafé fullar 300 þús. kr. Sýnist því vera nægilegt fé fengið, og get eg ómögulega skilið, að félagið skuli ekki ganga að þessum boðum og taka að sér strandferðirnar umyrðalaust með 60 þús. kr. rekstursstyrk árlega. Eins og eg tók fram áðan, var bæði eg og aðrir ánægðir með að í útboðsskjalinu var gert ráð fyrir, að félagið tæki að sér strandferðirnar sem fyrst, og eg get ekki látið mér detta í hug, að nokkur maður út um land, sem hefir lofað peningum til félagsins, myndi taka loforð sitt aftur, þó að félagið tæki strandferðirnar að sér nú þegar, heldur myndu menn þá þvert á móti láta fé sitt með miklu ljúfara geði af hendi.

Það hefir verið sagt, að það myndi verða reynt með samkepni að eyðileggja félagið, og má víst búast við að svo verði. Eg get einnig hugsað mér að það yrði reynt á þann veg, að útlendingar kaupi hluti í félaginu, eða reyni að ná kaupum á þeim hlutum, sem landsmenn hafa keypt, jafnvel yfirborguðu, til þess á þann hátt að ná þeim, ef unt væri, svo að þeir gætu á þann hátt náð yfirráðum yfir því. En þetta verður bezt fyrirbygt með því, að landssjóður eigi meira en helming hlutafjárins, þá mun sú leið síður verða reynd, því þá hlýtur landssjóður alt af að hafa yfirráðin.

Svo legg eg ekki lítið upp úr því, sem háttv. þm. Sfjk. sagði, að hann hefði orðið var við það hjá Vestur-Íslendingum, er voru hér á ferð í sumar, að þeim væri miklu ljúfara að leggja í félagið, ef landssjóður ætti mikla hluti í því. Mér getur ekki dottið í hug að trúa því, að félagið kafni í fæðingunni, þó að bráðabirgðastjórnin segi þetta, að það verði ekki stofnað ef þingið haldi fast fram tillögum samgöngumálanefndarinnar. En ef félagið kafnar í fæðingunni einungis þess vegna, þá vil eg segja, að það hafi beint aldrei verið alvara að stofna Eimskipafélag Íslands, ef það strandar á því, að það taki að sér strandferðirnar með þeim kjörum, sem hér er farið fram á. Eg mun hiklaust greiða atkvæði með tillögum samgöngumálanefndarinnar, í þeirri öruggu von, að málið fái góðan enda.

**Framsögum. (Pétur Jónsson):** Eg er ekki sá mælskumaður, að eg geti gert þeim fáu þingmönnum, sem hér eru viðstaddir, neina skemtun með því að fara að halda ræðu. En hins vegar hefi eg ekkert gaman af að tala fyrir þingtíðindin eða skrifarana. Eg fell því frá

orðinu, því að það er þýðingarlaust að fara að tala yfir hálftómum þingmannastólunum.

Umræðum lokið.

Atkvæðagr. frestað til næsta fundar.

Fundi slitið.

## 43. fundur.

Mánudag 25. Ágúst 1913, kl. 12 á hád.

Dagskrá:

1. Frv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915 (503, n. 556, 487, 488, 489, 492, 494, 495, 502, 506, 508, 516, 517, 518, 520, 523, 524, 525, 526, 527, 528, 529, 534, 536, 538, 539, 540, 541, 542, 543, 544, 545, 546, 548, 549, 554, 555, 557, 558, 560, 561, 563); frh. 3. umr.
2. Frv. til laga um umboð þjóðjarða (511, n. 532); ein umr.
3. Frv. til laga um hagstofu Íslands (134, n. 533, 566); 2. umr.
4. Frv. til laga um forðagæslu (514); 1. umr.

---

Allir á fundi.

Fundargerð síðasta fundar samþ. og staðfest.

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið:

I. i deildinni:
Viðaukatillögu við frumv. til laga um hagstofu Íslands. Frá Ólafi Briem (566).

II. frá Ed.
Framhaldsnefndaráliti um frumv. til laga um breyting á lögum nr. 39, 10. Nóv. 1903, um leynilegar kosningar og hlutfallskosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum (562).

Enn fremur skýrði forseti frá, að lagt hefði verið fram á lestrarsal:

2 bréf frá stjórnarráðinu, þar sem skýrt er frá, að send hafi verið Alþingi 595 skjöl varðandi sölu kirkjujarða 1911 og 1912, og 345 skjöl, er varða sölu þjóðjarða, er seldar hafa verið síðan í þinglok 1911, og lægi skjölin á skrifstofunni til sýns.

Þá var gengið til dagskrár og tekið fyrir:

FRUMVARP til fjárlaga fyrir árin 1914—1915 (stj frv., 503, n. 556, 487, 488, 489, 492, 494, 495, 502, 506, 508, 516, 517, 518, 520, 523, 524, 525, 526, 527, 528, 529, 534, 536, 538, 539, 540, 541, 542, 543, 544, 545, 546, 548, 549, 554, 555, 557, 558, 560, 561, 563); frh. 3. umr.

ATKV.GR.:

[Raðtölur eftir atkvæðaskrá á þgskj. 564].

1, brt. 536, samþ. með 16:9, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Jón Jónsson |
| Bened. Sveinsson | Halldór Steinsson |
| Bjarni Jónsson | Hannes Hafstein |
| Guðm. Eggerz | Jóh. Jóhannesson |
| Jón Magnússon | Jón Ólafsson |
| Kristinn Daníelsson | Magnús Kristjánss. |
| Kristján Jónsson | Matthías Ólafsson |
| Lárus H. Bjarnason | Pétur Jónsson |
| Ólafur Briem | Tryggvi Bjarnason |
| Skúli Thoroddsen | |
| Þorleifur Jónsson | |

Björn Kristjánsson, Einar Jónsson, Sigurður Sigurðsson, Stefán Stefánsson og Valtýr Guðmundsson greiddu ekki atkv. og voru taldir til meiri hlutans.

4. brt. 557, 3 samþ. með 20 samhlj. atkv.

2.—3. brt. 557, 1.—2. samþ. með 21 shlj. atkv.

5. brt. 557, 4 samþ. með 20 samhlj. atkv.

6. brt. 548, við B. II, 7, feld með 15 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Jón Jónsson |
| Benedikt Sveinsson | Guðmundur Eggerz |
| Bjarni Jónsson | Hannes Hafstein |
| Björn Kristjánsson | Jóh. Jóhannesson |
| Einar Jónsson | Jón Magnússon |
| Halldór Steinsson | Jón Ólafsson |
| Kristinn Danielsson | Kristján Jónsson |
| Magnús Kristjánss. | Lárus H. Bjarnason |
| Sig. Sigurðsson | Matthías Ólafsson |
| Skúli Thoroddsen | Ólafur Briem |
| | Pétur Jónsson |
| | Stefán Stefánsson |
| | Tryggvi Bjarnason |
| | Valtýr Guðmundss. |
| | Þorleifur Jónsson |

7. brt. 538, við B. III, 7, sþ. með 16 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Halldór Steinsson |
| Jón Jónsson | Hannes Hafstein |
| Benedikt Sveinsson | Jóh. Jóhannesson |
| Bjarni Jónsson | Kristján Jónsson |
| Björn Kristjánsson | Magnús Kristjánss. |
| Einar Jónsson | Matthías Ólafsson |
| Guðmundur Eggerz | Ólafur Briem |
| Jón Magnússon | Pétur Jónsson |
| Kristinn Danielsson | Tryggvi Bjarnason |
| Lárus H. Bjarnason | |
| Sig. Sigurðsson | |
| Skúli Thoroddsen | |
| Stefán Stefánsson | |
| Þorleifur Jónsson | |

Þessir greiddu ekki atkv. og töldust til meiri hlutans: Jón Ólafsson, Valtýr Guðmundsson.

8. brt. 529, við B. VIII. samþ. með 14 : 1 atkv.

9. brt. 539, við B. VIII, feld með 14 gegn 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Benedikt Sveinsson | Eggert Pálsson |
| Bjarni Jónsson | Guðmundur Eggerz |
| Björn Kristjánsson | Hannes Hafstein |
| Halldór Steinsson | Jóh. Jóhannesson |
| Jón Ólafsson | Jón Magnússon |
| Kristinn Danielss. | Kristján Jónsson |
| Matthías Ólafsson | Lárus H. Bjarnason |
| Skúli Thoroddsen | Magnús Kristjánss. |
| Tryggvi Bjarnason | Ólafur Briem |
| Valtýr Guðmundss. | Pétur Jónsson |
| Þorleifur Jónsson | Sig. Sigurðsson |
| | Stefán Stefánsson |

Þessir greiddu ekki atkv. og töldust til meiri hlutans: Jón Jónsson, Einar Jónsson.

10. brt. 520, við B. XII, samþ. með 16 : 2 atkv.

11. brt. 558, 1, N, við 487, 1, talin samþ. án atkvæðagr.

14. brt. 494, við 487, III, samþ. með 16 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Jón Jónsson | Eggert Pálsson |
| Benedikt Sveinsson | Bjarni Jónsson |
| Björn Kristjánsson | Halldór Steinsson |
| Einar Jónsson | Hannes Hafstein |
| Guðmundur Eggerz | Kristján Jónsson |
| Jóh. Jóhannesson | Pétur Jónsson |
| Jón Magnússon | Stefán Stefánsson |
| Jón Ólafsson | Tryggvi Bjarnason |
| Kristinn Danielss. | Valtýr Guðmundss. |
| Magnús Kristjánss. | |
| Matthías Ólafsson | |
| Ólafur Briem | |
| Sig. Sigurðsson | |
| Skúli Thoroddsen | |
| Þorleifur Jónsson | |

Lárus H. Bjarnason greiddi ekki atkv. og taldist til meiri hlutans.

15. brt. 487, við C. 1, talin sjálffallin.

16. brt. 508, við 487, C. III, feld með 16 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Jón Jónsson | Eggert Pálsson |
| Benedikt Sveinsson | Bjarni Jónsson |
| Björn Kristjánsson | Guðmundur Eggerz |
| Jón Magnússon | Halldór Steinsson |
| Kristinn Daníelsson | Hannes Hafstein |
| Matthías Ólafsson | Jón Ólafsson |
| Sig. Sigurðsson | Kristján Jónsson |
| Skúli Thoroddsen | Lárus H. Bjarnason |
| Þorleifur Jónsson | Magnús Kristjánss. |
| | Ólafur Briem |
| | Pétur Jónsson |
| | Stefán Stefánsson |
| | Tryggvi Bjarnason |
| | Valtýr Guðmundss. |

Einar Jónsson og Jóh. Jóhannesson greiddu ekki atkv. og töldust til meiri hlutans.

17. brt. 489, við C. 2, 2, feld með 15 : 10 atkv, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Björn Kristjánsson |
| Jón Jónsson | Einar Jónsson |
| Benedikt Sveinsson | Hannes Hafstein |
| Bjarni Jónsson | Jóh. Jóhannesson |
| Guðmundur Eggerz | Jón Magnússon |
| Halldór Steinsson | Jón Ólafsson |
| Kristinn Daníelss. | Kristján Jónsson |
| Lárus H. Bjarnason | Magnús Kristjánss. |
| Matthías Ólafsson | Ólafur Briem |
| Skúli Thoroddsen | Pétur Jónsson |
| | Sig. Sigurðsson |
| | Stefán Stefánsson |
| | Tryggvi Bjarnason |
| | Valtýr Guðmundss. |
| | Þorleifur Jónsson |

18. brt. 558, 2, N, við 487, IV, 2, samþ. með 18 shlj. atkv.

19. brt. 558, 3. N, við 487 IV., samþ. með 21 shlj. atkv.

20. brt. 558, 4, N, við 487, IV, 5, a, samþ. með 13 : 9 atkv.

21. brt. 502, við C, 2, 7, samþ. með 15 : 7 atkv.

22. brt. 558, 5, N. við 487, IV, samþ. með 17 shlj. atkv.

23 a. brt. 563 við 487 IV, 1, feld með 12 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Benedikt Sveinsson |
| Jón Jónsson | Bjarni Jónsson |
| Björn Kristjánsson | Halldór Steinsson |
| Einar Jónsson | Hannes Hafstein |
| Guðmundur Eggerz | Jóh. Jóhannesson |
| Jón Magnússon | Jón Ólafsson |
| Kristinn Daníelsson | Magnús Kristjánss. |
| Kristján Jónsson | Ólafur Briem |
| Lárus H. Bjarnason | Stefán Stefánsson |
| Matthías Ólafsson | Tryggvi Bjarnason |
| Sig. Sigurðsson | Valtýr Guðmundss. |
| Skúli Thoroddsen | Þorleifur Jónsson |

Pétur Jónsson greiddi ekki atkv.

23 b. brt. 487, IV, með áorðnum breytingum samkv. atkvgr., samþ. með 23 shlj. atkv.

12. brt. 487, I, breytt samkv. fyrri atkvgr., samþ. með 23 shlj. atkv.

13. brt. 487, II, breytt samkv. fyrri atkvgr., samþ. með 23 shlj. atkv.

24. brt. 517 við D. III. 2. a., feld með 14 : 10 atkv.

25. brt. 492 við E. II. 8. b., samþ. með 21 shlj. atkv.

26. brt. 526 við E. III. c., feld með 15 : 5 atkv.

27. brt. 523 við 14. gr. A. 6. (aðaltill.), feld með 13 : 8 atkv.

Varatill. 523 við A. 6., feld með 12 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Benedikt Sveinsson | Eggert Pálsson |
| Bjarni Jónsson | Jón Jónsson |
| Einar Jónsson | Björn Kristjánsson |
| Guðm. Eggerz | Hannes Hafstein |
| Halldór Steinsson | Jóh. Jóhannesson |

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Jón Ólafsson | Jón Magnússon |
| Magnús Kristjánss. | Kristinn Daníelsson |
| Ólafur Briem | Kristján Jónsson |
| Stefán Stefánsson | Lárus H. Bjarnason |
| Tryggvi Bjarnason | Pétur Jónsson |
| Valtýr Guðmundss. | Sig. Sigurðsson |
| Þorleifur Jónsson | Skúli Thoroddsen |

Matthías Ólafsson greiddi ekki atkv.

28. brt. 557, 5, samþ. með 15 : 2 atkv.

29 a. brt. 560 við brt. 557, 6, samþ. með 14 : 3 atkv.

29 b. brt. 557, 6, með áorðinni breytingu á fyrirsögninni, samþ. með 14 : 5 atkv.

30. brt. 557, 7, við 15. gr., samþ. með 15 : 4 atkv.

31. brt. 549, við 2. c., feld með 15 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Jón Jónsson | Eggert Pálsson |
| Benedikt Sveinsson | Björn Kristjánsson |
| Bjarni Jónsson | Einar Jónsson |
| Halldór Steinsson | Guðmundur Eggerz |
| Jón Magnússon | Hannes Hafstein |
| Jón Ólafsson | Jóh. Jóhannesson |
| Kristinn Daníelss. | Kristján Jónsson |
| Lárus H. Bjarnason | Ólafur Briem |
| Magnús Kristjánss. | Pétur Jónsson |
| Skúli Thoroddsen | Sig. Sigurðsson |
| | Stefán Stefánsson |
| | Tryggvi Bjarnason |
| | Valtýr Guðmundss. |
| | Þorleifur Jónsson |

Matthías Ólafsson greiddi eigi atkv. og taldist til meiri hlutans.

32. brt. 524, 1, feld með 15 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Jón Jónsson | Eggert Pálsson |
| Benedikt Sveinsson | Einar Jónsson |
| Bjarni Jónsson | Guðmundur Eggerz |
| Björn Kristjánsson | Halldór Steinsson |
| Jón Magnússon | Hannes Hafstein |
| Kristinn Daníelss. | Jóh. Jóhannesson |
| Lárus H. Bjarnason | Jón Magnússon |
| Skúli Thoroddsen | Jón Ólafsson |
| Valtýr Guðmundss | Kristján Jónsson |
| Þorleifur Jónsson | Matthías Ólafsson |
| | Ólafur Briem |
| | Pétur Jónsson |
| | Sig. Sigurðsson |
| | Stefán Stefánsson |
| | Tryggvi Bjarnason |

33. brt. 544, 2 (aðaltillagan), feld með 16 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Jón Jónsson | Eggert Pálsson |
| Benedikt Sveinsson | Guðmundur Eggerz |
| Bjarni Jónsson | Hannes Hafstein |
| Björn Kristjánsson | Jóh. Jóhannesson |
| Halldór Steinsson | Jón Magnússon |
| Jón Ólafsson | Kristján Jónsson |
| Kristinn Daníelss. | Lárus H. Bjarnason |
| Matthías Ólafsson | Magnús Kristjánss. |
| Skúli Thoroddsen | Ólafur Briem |
| | Pétur Jónsson |
| | Sig. Sigurðsson |
| | Stefán Stefánsson |
| | Tryggvi Bjarnason |
| | Valtýr Guðmundss. |
| | Þorleifur Jónsson |

Einar Jónsson greiddi ekki atk. og taldist með meiri hlutanum.

Varatill. 544 samþ. með 14 : 7 atkv.

34. brt. 524, 2, feld með 17 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Jón Jónsson | Eggert Pálsson |
| Benedikt Sveinsson | Einar Jónsson |
| Bjarni Jónsson | Guðmundur Eggerz |
| Björn Kristjánsson | Halldór Steinsson |
| Kristinn Daníelss. | Hannes Hafstein |
| Matthías Ólafsson | Jóh. Jóhannesson |
| Skúli Thoroddsen | Jón Magnússon |
| Stefán Stefánsson | Jón Ólafsson |
| | Kristján Jónsson |
| | Lárus H. Bjarnason |
| | Magnús Kristjánss. |

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| | Ólafur Briem |
| | Pétur Jónsson |
| | Sig. Sigurðsson |
| | Tryggvi Bjarnason |
| | Valtýr Guðmundss. |
| | Þorleifur Jónsson |

35. brt. 525, 1, við 24, sþ. með 15 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Jón Jónsson | Eggert Pálsson |
| Benedikt Sveinsson | Einar Jónsson |
| Bjarni Jónsson | Guðmundur Eggerz |
| Björn Kristjánsson | Jóh. Jóhannesson |
| Halldór Steinsson | Kristján Jónsson |
| Hannes Hafstein | Magnús Kristjánss. |
| Jón Magnússon | Ólafur Briem |
| Jón Ólafsson | Sig. Sigurðsson |
| Kristinn Daníelss. | Stefán Stefánsson |
| Matthías Ólafsson | Tryggvi Bjarnason |
| Skúli Thoroddsen | |
| Valtýr Guðmundss. | |
| Þorleifur Jónsson | |

Lárus H. Bjarnason og Pétur Jónssou greiddu ekki atkv. og töldust með meiri hlutanum.

36. brt. 540, við 24, feld með 14 : 4 atkv.

37. brt. 525, 2, við 26, tekin aftur.

38. brt. 555, við 26, samþ. með 16 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Jón Jónsson | Eggert Pálsson |
| Benedikt Sveinsson | Einar Jónsson |
| Bjarni Jónsson | Guðmundur Eggerz |
| Hannes Hafstein | Halldór Steinsson |
| Jóh. Jóhannesson | Kristján Jónsson |
| Jón Magnússon | Magnús Kristjánss. |
| Jón Ólafsson | Ólafur Briem |
| Krstinn Daníelsson | Tryggvi Bjarnason |
| Lárus H. Bjarnason | Valtýr Guðmundss. |
| Matthías Ólafsson | |
| Skúli Thoroddsen | |
| Stefán Stefánsson | |

Björn Kristjánsson, Pétur Jónsson, Sigurður Sigurðsson og Þorleifur Jónsson greiddu ekki atkvæði og töldust með meiri hlutanum.

39. brt. 542, við 27, feld með 16 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Jón Jónsson | Eggert Pálsson |
| Bjarni Jónsson | Björn Kristjánsson |
| Jón Magnússon | Guðmundur Eggerz |
| Jón Ólafsson | Halldór Steinsson |
| Kristinn Daníelsson | Hannes Hafstein |
| Lárus H. Bjarnason | Kristján Jónsson |
| Magnús Kristjánss. | Ólafur Briem |
| Matthías Ólafsson | Pétur Jónsson |
| Skúli Thoroddsen. | Sig. Sigurðsson |
| | Tryggvi Bjarnason |
| | Þorleifur Jónsson. |

Benedikt Sveinsson, Einar Jónsson, Jóh. Jóhannesson, Stefánsson og Valtýr Guðmundsson greiddu ekki atkvæði og töldust með meiri hlutanum.

40 a brt. 516, við 32, feld með 13 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Benedikt Sveinsson | Eggert Pálsson |
| Björn Kristjánsson | Jón Jónsson |
| Guðmundur Eggerz | Bjarni Jónsson |
| Jón Ólafsson | Einar Jónsson |
| Kristinn Daníelsson | Halldór Steinsson |
| Ólafur Briem | Hannes Hafstein |
| Sig. Sigurðsson | Jóh. Jóhannesson |
| Skúli Thoroddsen | Jón Magnússon |
| Stefán Stefánsson | Kristján Jónsson |
| Tryggvi Bjarnason | Lárus H. Bjarnason |
| Valtýr Guðmundss. | Magnús Kristjánss. |
| Þorleifur Jónsson. | Matthías Olafsson |
| | Pétur Jónsson. |

40 b brt. 561 (sjá síðar).

41. brt. 525, 3, við 47, tekin aftur.

42. brt. 534, við 47, sþ. með 14 shlj. atkv.

43. brt 557, 8, sþ. án atkv.

44. brt. 557, 9, sþ. án atkv.

45. brt. 543, við 3, b, tekin aftur,

46. brt. 557, 10, við 6, sþ. með 15 : 1 atkv.

47. brt. 557, 11, við 9, sþ. með 24 shlj. atkv.

48. brt. 557, 12, við 14, sþ. með 18 shlj. atkv.

49. brt. 546, 1, við 17, feld með 22 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Benedikt Sveinsson, | Eggert Pálsson |
| Bjarni Jónsson | Jón Jónsson |
| Skúli Thoroddsen | Einar Jónsson |
| | Guðmundur Eggerz |
| | Halldór Steinsson |
| | Hannes Hafstein. |
| | Jóh. Jóhannesson |
| | Jón Magnússon |
| | Jón Ólafsson |
| | Kristján Jónsson |
| | Lárus H. Bjarnason |
| | Magnús Kristjánss. |
| | Matthías Ólafsson |
| | Ólafur Briem |
| | Pétur Jónsson |
| | Sig. Sigurðsson |
| | Stefán Stefánsson |
| | Tryggvi Bjarnason |
| | Valtýr Guðmundss. |
| | Þorleifur Jónsson. |

Björn Kristjásson og Kristinn Daníelsson greiddu ekki atkvæði og töldust með meiri hlutanum.

50. brt. 546, 2, við 18, feld með 13 : 5 atkv.

51. brt. 557, 13, við 23, b, sþ. með 19 shlj. atkv.

52. brt. 554, við 29, feld með 18 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Benedikt Sveinsson | Eggert Pálsson |
| Bjarni Jónsson | Jón Jónsson |
| Kristinn Daníelsson | Einar Jónsson |
| Magnús Kristjánss. | Guðmundur Eggerz |
| Matthías Ólafsson | Halldór Steinsson |
| Skúli Thoroddsen | Hannes Hafstein |
| Þorleifur Jónsson. | Jóh. Jóhannesson |
| | Jón Magnússon |
| | Jón Ólafsson |
| | Kristján Jónsson |
| | Lárús H. Bjarnason |
| | Ólafur Briem |
| | Pétur Jónsson |
| | Sig. Sigurðsson |
| | Stefán Stefánsson |
| | Tryggvi Bjarnason |

Björn Kristjánsson og Valtýr Guðmundsson greiddu ekki atkvæði og töldust með meiri hlutanum.

53. brt. 541, við 30, feld með 14 : 3 atkv.

54. br. 545, við 32, feld með 19 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Jón Jónsson |
| Benedikt Sveinson | Björn Kristjánsson |
| Bjarni Jónsson | Guðmundur Eggerz |
| Einar Jónsson | Hannes Hafstein |
| Jóh. Jóhannnesson | Jón Magnússon |
| Lárus H. Bjarnason | Jón Ólafsson |
| | Kristinn Daníelsson |
| | Kristján Jónsson |
| | Magnús Kristjánss. |
| | Matthías Ólafsson |
| | Ólafur Briem |
| | Stefán Stefánsson |
| | Tryggvi Bjarnason |
| | Valtýr Guðmundss. |
| | Þorleifur Jónsson. |

Halldór Steinsson, Pétur Jónsson, Sig. Sigurðsson og Skúli Thóroddsen greiddu ekki atkvæði og töldust með meiri hlutanum.

55. brt. á þskj. 527 við 33. lið, feld með 21 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Jón Jónsson |
| Benedikt Sveinsson | Björn Kristjánsson |
| Bjarni Jónsson | Guðmundur Eggerz |
| Einar Jónsson | Jóh. Jóhannesson |

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| | Jón Magnússon |
| | Jón Ólafsson |
| | Kristinn Daníelsson |
| | Kristján Jónsson |
| | Lárus H. Bjarnason |
| | Magnús Kristjánss. |
| | Matthías Ólafsson |
| | Ólafur Briem |
| | Pétur Jónsson |
| | Sig. Sigurðsson |
| | Skúli Thoroddsen |
| | Stefán Stefánsson |
| | Tryggvi Bjarnason |
| | Valtýr Guðmundss. |
| | Þorleifur Jónsson |

Halldór Steinsson og Hannes Hafstein greiddu eigi atkvæði og töldust með meiri hl.

40. b. brt. 561, við 35, samþ. með 17 shlj. atkv.

56. brt. 557, 14, við 35, feld með 16 gegn 9 atkv., að viðhöfðu nafnakall, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Benedikt Sveinsson |
| Einar Jónsson | Bjarni Jónsson |
| Halldór Steinsson | Björn Kristjánsson |
| Jóh. Jóhannesson | Guðmundur Eggerz |
| Kristján Jónsson | Hannes Hafstein |
| Lárus H. Bjarnason | Jón Olafsson |
| Magnús Kristjánss. | Kristinn Daníelsson |
| Pétur Jónsson | Matth. Ólafsson |
| Sig. Sigurðsson | Ólafur Briem |
| | Skúli Thoroddsen |
| | Stefán Stefánsson |
| | Tryggvi Bjarnason |
| | Þorleifur Jónsson |

Jón Jónsson, Jón Magnússon og Valtýr Guðmundsson greiddu ekki atkv. og töldust með meiri hl.

57. brt. 528, við 35, samþ. með 19 shlj. atkv.

58. brt. 557, 15, við 35, samþ. með 19 shlj. atkv.

59. brt. 495, við 35, samþ. með 17 shlj. atkv.

60. brt. 557, 16, við 35, samþ. með 15 shlj. atkv.

61. brt. 518, 1, við 35, feld með 13:9 atkv.

62. brt. 518, 2, við 35. feld með 18:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Bened. Sveinsson | Eggert Pálsson |
| Hannes Hafstein | Jón Jónssou |
| Jón Ólafsson | Bjarni Jónsson |
| Magnús Kristjánss. | Björn Kristjánsson |
| Ólafur Briem | Einar Jónsson |
| Tryggvi Bjarnason | Guðm. Eggerz |
| Valtýr Guðmundss. | Halldór Steinsson |
| | Jóh. Jóhannesson |
| | Jón Magnússon |
| | Kristinn Daníelss. |
| | Kristján Jónsson |
| | L. H. Bjarnason |
| | Matth. Ólafsson |
| | Pétur Jónsson |
| | Sig. Sigurðsson |
| | Skúli Thoroddsen |
| | Stefán Stefánsson |
| | Þorleifur Jónsson |

63. brt. 518, 3, við 3. lið, feld með 15:8 atkv.

64. brt. 488, við 3. lið, samþ. með 15:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Bened. Sveinsson | Eggert Pálsson |
| Bjarni Jónsson | Jón Jónsson |
| Björn Kristjánsson | Guðm. Eggerz |
| Einar Jónsson | Hannes Hafstein |
| Halldór Steinsson | Jóh. Jóhannesson |
| Jón Magnússon | Jón Ólafsson |
| Kristinn Daníelss. | Kristján Jónsson |
| Magnús Kristjánss. | L. H. Bjarnason |
| Matth. Ólafsson | Ólafur Briem |
| Sig. Sigurðsson | Valtýr Guðmundss. |
| Skúli Thoroddsen | |

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Tryggvi Bjarnason | |
| Þorleifur Jónsson | |

Pétur Jónsson og Stefán Stefánsson greiddu ekki atkvæði og töldust með meiri hl.

65. brt. 518, 4, við 4 lið, feld með 13:7 atkv.

66. brt. 518, 5, við 5. lið, feld með 15:5 atkv.

67. brt. 518, 6, við 6. lið, feld með 13:10 atkv.

68. brt. 518, 7, við 7. lið, feld með 13:5 atkv.

69. brt. 518, 8, við 8. lið, feld með 13:9 atkv.

70. brt. 518, 9, við 9. lið, feld með 16:9 ktkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Bened. Sveinsson | Eggert Pálsson |
| Björn Kristjánsson | Jón Jónsson |
| Hannes Hafstein | Bjarni Jónsson |
| Jón Ólafsson | Einar Jónsson |
| Kristinn Daníelss. | Guðm. Eggerz |
| Magnús Kristjánss. | Halldór Steinsson |
| Ólafur Briem | Jóh. Jóhannesson |
| Tryggvi Bjarnason | Jón Magnússon |
| Valtýr Guðmundss. | Kristján Jónsson |
| | L. H. Bjarnason |
| | Matth. Ólafsson |
| | Sig. Sigurðsson |
| | Skúli Thoroddsen |
| | Stefán Stefánsson |
| | Þorleifur Jónsson |

Pétur Jónsson greiddi eigi atkv. og taldist til meiri hl.

71. brt. 518, 10, við 10. lið, feld með 15:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Bened. Sveinsson |
| Björn Kristjánsson | Bjarni Jónsson |
| Halldór Steinsson | Einar Jónsson |
| Hannes Hafstein | Jóh. Jóhannesson |
| Jón Magnússon | Kristinn Daníelss. |
| Jón Ólafsson | Kristján Jónsson |
| Ólafur Briem | L. H. Bjarnason |
| Sig. Sigurðsson | Magnús Kristjánss. |
| Tryggvi Bjarnason | Pétur Jónsson |
| Valtýr Guðmundss. | Skúli Thoroddsen |
| | Stefán Stefánsson |
| | Þorleifur Jónsson |

Jón Jónsson, Guðm. Eggerz og Matth. Ólafsson greiddu eigi atkvæði og töldust með meiri hl.

72. brt. 506, samþ. með 17:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Guðm Eggerz |
| Jón Jónsson | Halldór Steinsson |
| Bened. Sveinsson | Hannes Hafstein |
| Bjarni Jónsson | Jón Ólafsson |
| Björn Kristjánsson | Kristján Jónsson |
| Einar Jónsson | L. H. Bjarnason |
| Jóh. Jóhannesson | Ólafur Briem |
| Jón Magnússon | Valtýr Guðmundss. |
| Kristinn Daníelss. | |
| Magnús Kristjánss. | |
| Sig. Sigurðsson | |
| Skúli Thoroddsen | |
| Tryggvi Bjarnason | |
| Þorleifur Jónsson | |

Matthías Ólafsson, Pétur Jónsson og Stefán Stefánsson greiddu eigi atkv. og töldust með meiri hl.

Frumv. þannig breytt samþykt í einu hljóði og afgreitt til Ed.

---

FRUMVARP til laga um umboð þjóðjarða (511 n. 532); e i n u m r.

**Ólafur Briem:** Þess er að eins að geta í sambandi við þetta mál, að efri deild hefir breytt frumvarpinu í því eina atriði, að hámark leigutímans á lóðarblettum og öðrum afnotum jarða, sem leiguliði getur ekki notað sjálfur, er fært úr 100 árum í 50 ár; að vísu álítur nefndin hér í deildinni að rétt væri að

hafa leigutímann lengri, en af því að leigutíminn er ákveðinn 50 ár þegar um kirkjujarðir er að ræða, þykir nefndinni samt sem áður rétt að láta þetta haldast óbreytt samræmis vegna.

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgreitt til ráðherra *sem lög frá Alþingi.*

---

3. mál tekið út af dagskrá.

---

FRUMVARP til laga um forðagæzlu (514); 1. umr.

**Lárus H. Bjarnason:** Eg sting upp á að málinu verði vísað til landbúnaðarnefndarinnar.

**Sigurður Sigurðsson:** Mér finst að miklu fremur ætti að vísa þessu máli til nefndarinnar sem situr á rökstólum í hallærisvarnamálinu.

Þetta eru náskyld mál. Eg geri það því að tillögu minni, að þessu frumv. sé vísað til þeirrar nefndar.

**Lárus H. Bjarnason:** Mér er það ekkert kappsmál að málinu verði vísað til landbúnaðarnefndarinnar; eg hélt sannast að segja, að málin væru tölnvert skyld. Stendur alveg á sama í hvaða nefnd það fer.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 17 samhlj. atkv.

Vísað til nefndarinnar í hallærismálinu með 18 samhlj. atkv.

---

Forseti skýrði frá, að samkv. bréfi dags. 25. Ágúst 1913 frá forseta efri deildar hefði Frv. til laga um ábyrgðarfélög verið samþ. óbreytt í deildinni og verið afgreitt til ráðherra sem lög frá Alþingi.

Enn fremur skýrði forseti frá, að sér hefði borist frá Ed.:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 18, 3. Okt. 1913 um kosningar til Alþingis (570),

ásamt tilmælum um, að það yrði lagt fyrir Nd.

Útbýtt var í deildinni:

Frumv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um in sérstaklegu málefni Íslands 5. Jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. Okt. 1903. Eftir 2. umr. í Nd. (551).

Fundi slitið.

---

## 44. fundur.

Miðvikudag 27. Ágúst 1913, kl. 12 á hád.

Dagskrá:

1. Frv. til laga um hagstofu Islands (134, n. 533, 566); 2. umr.
2. Frv. til laga um heimild til að veita einkarétt, til þess að vinna salt o. fl. úr sjó (530); 1. umr. [Ef leyfi fæst].

---

Allir á fundi.

Fundargerð síðasta fundar samþ. og undirskrifuð.

Forseti skýrði frá, að forseti efri deildar hefði endursent sér:

1. Frv. til laga um samþyktir um herpinótaveiði á Eyjafirði og Skagafirði (586).
2. Frv. til girðingalaga (588).

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið:

I. Í deildinni:

1. Breytingartillögum við frv. til landskiftalaga. Frá landbúnaðarnefnd (487).

2. Frv. til girðingalaga. Eftir 3. umr. í Ed. (588).
3. Breytingartill. við frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um in sérstöku málefni Íslands 5. Jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. Okt. 1903. Frá Valtý Guðmundssyni (578).
4. Breytingatillögum um sama frv. Frá Matth. Ólafssyni, Sig. Sigurðssyni og M. J. Kristjánssyni (577).
5. Nefndaráliti um frv. til landskiftalaga (583).
6. Frv. til laga um samþyktir um herpinótaveiði á Eyjafirði og Skagafirði. Eftir 3. umr. í Ed. (586).
7. Nefndaráliti um frv. til siglingalaga (582).
8. Nefndaráliti um frv. til laga um sjódóma og réttarfar í sjómálum (581).
9. Framhaldsnefndaráliti um frv. til laga um vatnsveitingar. Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar (580).
10. Nefndaráliti um frv. til laga um lögreglusamþykt og byggingarsamþykt fyrir Vestmannaeyjasýslu (574).
11. Framhaldsnefndaráliti um frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1912 og 1913 (573).
12. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 18, 3. Okt. 1903, um kosningar til Alþingis. Eftir 3. umr. í Ed. (570).
13. Framhaldi af nefndaráliti minni hl. um frv. til laga um vatnsveitingar (589).
14. Nefndaráliti um frv. til laga um samþykt á landsreikningnum fyrir árin 1910 og 1911 (592).
15. Nefndaráliti um frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1910 og 1911 (575).
16. Breytingartillögum við frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1910 og 1911. Frá nefndinni (576).
17. Framhaldsnefndaráliti um frv. til laga um breyting á lögum um vörutoll, 22. Okt. 1912 (591).
18. Alþingistíðindum 1013 A, 11. hefti.

II. Frá efri deild.

1. Nefndaráliti um frv. til viðaukalaga við lög nr. 24, 9. Júlí 1909, um samþyktir um kornforðabúr til skepnufóðurs (569).
2. Breytingartillögum við frumv. til laga um viðauka og breyting á lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða frá 12. Jan. 1884. Frá nefndinni (585).
3. Breytingartillögum um frv. til girðingalaga. Frá nefndinni (567).
4. Framhaldsnefndaráliti um frv. til laga um friðun æðarfugla (579).
5. Nefndaráliti um frv. til laga um viðauka og breyting á lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða frá 12. Jan. 1884 (587).

Forseti skýrði frá, að lagt hefði verið fram á lestrarsal:

1. Erindi frá Jóni landsbókav. Jakobssyni um ýmsar endurbætur á landsbókasafnshúsinu
2. Erindi frá þingmönnum Snæfellinga, Dalamanna og Barðstrendinga, þar sem farið er fram á, að styrkur til Breiðafjarðarbáts verði hækkaður upp í 10 þúsund krónur hvort árið 1914 og 1915.
3. Erindi frá stjórn Gufubátsfélags Faxaflóa um, að það fái að halda styrk þeim óbreyttum, er það hefir haft að undanförnu (2 flgskj.).
4. Bréf frá Carl Finsen, þar sem gefið er í skyn, að mörg brunabótafélög muni leggja niður starfsemi hér á landi, verði frv. til laga um ábyrgðarfélög gert að lögum.
5. Bréf stjórnarráðsins ásamt skýrslu um kvennaskólann á Blönduósi skólaárið 1912—1913.

Þá var gengið til dagskrár og tekið fyrir:

FRUMVARP til laga um hagstofu Íslands (134, n. 533, 566); 2. u m r.

**Framsögum. meiri hl. (Valtýr Guðmundsson):** Eins og tekið er fram í nefndaráliti meiri hlutans, þá hefir hann komist að þeirri niðurstöðu, að ekki verði hjá því komist að setja þessa hagstofu á stofn. Verkið við að safna og semja þessar skýrslur er mikið og því er ekki að furða, þótt það hafi þótt við brenna að það væri all-ófullkomið hingað til, þar að því hefir verið unnið mest á hlaupum eða í frístundum manna í stjórnarráðinu.

En ekki verður gengið að því gruflandi, að þetta hefir töluverðan kostnað í för með sér. Hve mikill hann verður, er ekki gott að gera sér grein fyrir.

Nefndin, sem sett var í málið í efri deild, hefir gert áætlun um þann kostnaðarauka, sem þetta hefði í för með sér, en hún hefir ekki tekið alt með í reikninginn. Hún hefir gleymt stofnkostnaðinum, sem stjórnin hefir áætlað 3000 kr. Til dæmis yrði að öllum líkindum að leigja hús fyrir hagstofuna. Reyndar hefir nefndin í Ed. gert ráð fyrir því, að nota mætti herbergin hér uppi í Alþingishúsinu, sem áður voru notuð fyrir forngripasafnið. Ef það væri hægt, þá myndi sá kostnaður sparast.

Við höfum ekki gert miklar breytingar á frv. Aðalbreytingin er við 5. gr. Nefndin leit svo á, sem ekki væri heppilegt að hafa að eins 1 fastan mann á hagstofunni. Samvinnan verður mikið betri ef 2 menn eru þar fastir heldur en 1, og því leggjum við til að alt það fé, sem ætlað er til aðstoðarmanna, eins eða fleiri, verði ætlað 1 föstum manni. Aftur á móti höfum við ekki lagt til að gera embættin konungleg. Nefndin lítur svo á, að ekki sé rétt að stofna slík embætti, nema áður sé rannsökuð launakjör embættismanna allra.

Brtill. er komin fram frá háttv. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.), um að gera hagstofunni að skyldu að endurskoða reikninga sjóða ýmiss konar og jafnvel privat-félaga. Nefndin var öll á sama máli um það, að hér væri um alóskilt mál að ræða. Hún leit svo á, að ef frumv. um lögskipaða endurskoðendur gengur fram hér, þá væri heppilegra að fela þeim slíka endurskoðun.

Nefndin leggur því til að fella breytingartillöguna.

Að öðru leyti lít eg svo á, að ekki þurfi að lengja umræður um þetta mál. Geri eg ráð fyrir að allir hafi lesið nefndarálitið.

**Framsögum. minni hl. (Einar Jónsson):** Eins og þskj. 533 ber með sér, hefir nefndin í máli þessu klofnað, en eg get samt lýst yfir því, að í henni var yfirleitt gott samkomulag, þótt eg yrði ekki samferða meiri hl. á endanum. Ástæðurnar til þess, að eg gat það ekki, hefi eg drepið á í nefndaráli og skal ekki endurtaka þær hér, því að þær eru ekki lengi lesnar. En aðalástæða mín er sú, að eg álít, að með þessu sé verið að létta störfum á starfsmönnum stjórnarráðsins, sem eins og menn vita sitja fastir og kyrrir í sínum embættum og að með því að öll líkindi eru til þess, að sömu mennirnir verði valdir til þess starfa, sem áður hafa verið, þá verður líklega ekki mikil breyting á því, hvernig það verður af hendi leyst.

Annars heyrðist mér nú á hv. framsögum. meiri hl. (V. G.), að hann væri mér nokkurn veginn samþykkur í flestu, sem hann sagði, og eg vona, að háttv. deild álíti ekki kominn tíma til þess að stofna þessi nýju embætti. Og þess

vegna leyfi eg mér að koma fram með rökstudda dagskrá, sem eg mun afhenda hæstv, forseta.

Mér hefir dottið það í hug eftir að nefndin hætti störfum sínum, að eg held, að henni hafi sést yfir að athuga dálítið orðalagið, þar sem sagt er, að þessi hagstofa eigi að standa beint *undir* ráðherranum, og breyting efri deildar bætir ekkert úr skák, þótt þar sé ákveðið að hún eigi *að* standa *beinlínis* undir honum, þá er það engu líkara en að ráðherrann eigi alt *af* að standa uppi yfir þessum starfsmönnum; með öðrum orðum: standa eða sitja á mæni hagstofunnar alla daga. Eg hygg, að betra hefði verið að orða þetta þannig, að hagstofan stæði undir eftirliti stjórnarinnar.

Eg geri mig ánægðan með breyt.till. nefndarinnar, ef frv. á að verða samþykt á annað borð, en það vil eg helzt ekki, og því ber eg fram svo hljóðandi rökstudda dagskrá:

»Með því að deildinni þykir ekki *að svo stöddu* full ástæða til að stofna sérstaka hagstofu til að vinna að hagskýrslum landsins, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá«.

Mér þykir ekki ástæða til að tala frekara nú. Ef andmæli rísa, gefst mér kostur á að taka til máls síðar.

**Ráðherrann (H. H.):** Eg er þakklátur hættv. nefnd fyrir undirtektir hennar og get fallist á allar brtill. hennar. Það má öllum vera ljóst, að hér er um þýðingarmikið verk að ræða, sem ekki verður komist hjá, enda mun það sannast, að þetta borgar sig fljótlega.

Eg hefi engu við að bæta, það sem hættv. framsögumaður meiri hl. sagði, og get tekið undir með honum um það, að brtill. hættv. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.) á þskj. 566 sé ekki heppileg. Slík endurskoðun heyrir fremur undir svo kallaða »revisionsbanka«; en einn slíkur var stofnaður hér fyrir nokkrum árum. Hér liggur og fyrir frumv. um löggilta endurskoðendur; ef það verður samþykt, þá heyrir slík endurskoðun, sem brtill. nefnir, undir þá.

Háttv. 1. þm. Rangv. (E. J.) sagði, að með frumvarpinu væri létt störfum af starfsmönnum stjórnarráðsins. En nú er svo háttað, að að skýrslunum vinna sumpart menn úr stjórnarráðinu í frístundum sínum, sumpart aðrir, og alt er borgað sérstaklega. Hér er því ekki að ræða um, að nokkru launuðu skyldustarfi sé létt af starfsmönnum stjórnarráðsins.

Sami háttv. þingm. áleit ekki heppilegt orðalag, að hagstofan stæði beint undir ráðherra. Meiningin með þessu er sú, að skrifstofan sé alveg sjálfstæð og geti snúið sér beint til ráðherra, en þurfi ekki að fara skrifstofuleiðina venjulegu.

**Bjarni Jónsson:** Það er ekki úr vegi að benda á, að háttv. 1. þingm. Rangv. sýnir sig jafnsnjallan í landmælingum sem í almennum reikningi. Honum þykir munur vera á »beint« og »beinlínis«. Vér megum víst bráðlega eiga von á kenslubók í landmælingum eftir hann.

Árið 1909 tók sjálfstæðisflokkurinn, sem þá var í meiri hluta á Alþingi, það upp í stefnuskrá sína, að koma hér upp hagstofu. Var mönnum í þeim flokki ljóst, að skýrslurnar voru að ýmsu ónógar og á eftir tímanum. Síðan hefi eg haft ástæðu til að reyna, að þetta er rétt. Eg hefi oft verið beðinn um skýrslur af útlendingum, og hefi eg þá rekið mig á það, að í hagskýrslurnar vantar margt, tem í þeim ætti að vera. Auk þess er það mikill agnúi, hve seint þær koma og löngu eftir á. Ef þessu á að kippa í lag, verður það ekki með því að láta alt sitja við það sem nú er og láta skýrslurnar vera unnar í hjáverk-

um. Því þykir mér vænt um frumv. og tel sjálfsagt að samþykkja það. Kostnaðurinn verður sáralítlu meiri en nú nemur aukaborgunin fyrir skýrslurnar, sem nú er greidd. Með hagstofunni er það trygt, að verkið verði vel unnið og greiðlega. Mér þykir enn vænt um það, að nefndin hefir horfið að inu upphaflega ákvæði frumvarpsins, sem efri deild breytti, að 2 fastir menn vinni í skrifstofunni. Við það verður vinnan í fastari skorðum heldur en með breytingu Ed., 1 maður sé fastur en 2 menn fengnir til aukavinnu. Það er vitanlegt, að laun þessara aukamanna yrðu svo lág, að þeir hlypu frá jafnskjótt sem annað betra byðist. Yrðu því tíð mannaskifti og mundi verkið leggjast mestmegnis á forstöðumanninn. Þar í móti mundu tveir slíkir fastamenn verða samhentir um að gera skýrslurnar jafngóðar sem slíkar skýrslur eru í öðrum löndum.

Eg get ekki verið hlyntur breyt.till. háttv. 1. þm. Skagf. (Ól. Br) á þgskj. 566. Hagstofan hefir meira en nóg að gera, þótt þessu sé ekki á hana hlaðið, enda óvíst, að hagfræðingar sé færari um þetta en hverir aðrir, t. d. lögfræðingar eða verzlunarmenn. Nú er og á ferðinni frv. um löggilta endurskoðend ur, svo langt á leið komið, að nefndarálitið kemur í dag. Þessi endurskoðun er hlutverk slíkra manna.

Tel eg frumvarpið ið mesta nauðsynjamál og þar með útlendum viðskifamönnum gert greitt að kynnast hag landsins eins og hann er í raun og veru. Er það oss vammlaust, því að alt er nú í uppgangi hér og hagur landsins miklu betri en búast má við af svo fámennri þjóð. Mun hagstofa þessi verða til þess að auka viðskiftatraust og lánstraust landsins út á við.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Flest af því, sem eg hafði ætlað mér að segja, hefir þegar verið tekið fram.

Eg skal þó geta þess, að það er eðlilegt, að eg sé þessu máli hlyntur. Nú eru 32 ár síðan eg hreyfði málinu, allra manna fyrstur, í »Skuld«, sem þá var gefin út í Kaupmannahöfn.

Mótstöðumenn þessa frumv. hafa gert kostnaðinn að grýlu. Það er satt, að kostnaðurinn verður meiri en frumvarpið gerir ráð fyrir; skrifstofukostnaður, ljós og hiti o. s. frv. er þar ótalinn. Þótt eg geti ekki fallist á það. sem hv. þm. Dal. (B. J.) sagði, að kostnaðurinn mundi verða sáralitlu meiri en nú er við hagskýrslurnar, þá fælir það mig mig ekki frá frumvarpinu, að kostnaðurinn vaxi nokkuð, af því að eg tel frumvarpið nauðsynlegt. Það má telja víst, að skýrslurnar verði töluvert meiri og fullkomnari en áður. Við það hlýtur meðal annars að vaxa prentunarkostnaður á þeim. Húsaleigu mætti spara með því að nota prestaskólann handa hagstofunni. *(Einhver:* Pósthúsið notar hann nú). Ekki hér eftir, því að nú á að stækka pósthúsið. Hagstofan mundi komast af með prestaskólann fyrst um sinn, þar til er landssjóður selur það hús. Landssjóður á þar mjög verðmæta lóð, og mundi andvirði hennar, ef seld væri, nægja til þess að setja upp hús handa hagstofunni.

Það mun hver sá maður, sem við landsmál hefir fengist, hafa fundið til þess, hve mikil þörf er á því, að hagskýrslur landsins séu nýjar og í góðu lagi, og rekið sig á það, að í hagskýrslur vorar vantar margt, sem nauðsyn er að fá vitneskju um Á þessu ræður frumvarpið bót, sbr. 1. gr. þess, og því vil eg styðja það.

Breyt.till. háttv. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.) á þskj, 566, um að hlaða á hagstofuna endurskoðun ýmsra opinberra sjóða, get eg ekki aðhylzt af tveim ásæðum. 1. Er hér um alveg óskylt verkefni að ræða. Hagfræði er alt annað en endur-

skoðun reikninga. 2) Er hér nú á ferðinni frumvarp um löggilta endurskoðendur, svo langt komið, að nefndarálitið kemur í dag. Það frv. bakar landssjóði engan kostnað, heldur þvert á móti koma landssjóði tekjur af leyfisbréfum til handa slíkum endurskoðendum. Eg vona, að háttv. þm. Skagf. sjái því, að breyt.till. hans er óþörf; enda er það víst að hagstofan mun hafa meira en nóg að gera þótt þessu sé ekki á hana hlaðið.

ATKV.GR.:

Rökst. dagskrá (vantar í A-deild) feld með 14 : 4 atkv.

1. gr. frv. (óbreytt) sþ. með 17 shlj. atkv.

1. brt. (533, 1), við 2. gr. sþ. með 17 shlj. atkv.

2. gr., þannig breytt, sþ. með 15 shlj. atkv.

3. gr. (óbreytt) sþ. með 15 shlj. atkv.

4. gr. (óbreytt) sþ. með 15 shlj. atkv.

Breyt.till. þgskj. 566, feld með 15 : 1 atkv.

2. brt. (533, 2), við 5. gr., sþ. með 18 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Guðmnndur Eggerz |
| Jón Jónsson | Kristján Jónsson |
| Benedikt Sveinsson | Lárus H. Bjarnason |
| Bjarni Jónsson | Ólafur Briem |
| Björn Kristjánsson | Pétur Jónsson |
| Halldór Steinsson | Skúli Thoroddsen |
| Hannes Hafstein | Stefán Stefánsson |
| Jóh. Jóhannesson | |
| Jón Magnússon | |
| Jón Ólafsson | |
| Kristinn Daníelsson | |
| Magnús Kristjánss. | |
| Matthías Ólafsson | |
| Tryggvi Bjarnason | |
| Valtýr Guðmundss. | |
| Þorleifur Jónsson. | |

Einar Jónsson og Sigurður Sigurðsson greiddu ekki atkvæði og voru taldir með meiri hlutanum:

5. gr. þar með ákveðin.

6. gr. sþ. með 15 shlj. atkv.

7. gr. sþ. með 15 shlj. atkv.

Vísað til 3. umr. með 21 : 1 atkv.

---

FRUMVARP til laga um heimild til að veita einkarétt til þess að vinna salt o. fl. úr sjó (530); 1. u m r.

Frv. þetta var of seint fram komið, og bar forseti það því undir deildina, hvort það mætti taka til meðferðar, og var það leyft með 20 shlj. atkv.

**Framsögum. (Matthías Ólafsson):** Nefndin, sem skipuð var hér í deildinni til þess að íhuga ýmsar till. um atvinnumál frá hr. Páli Torfasyni, hefir nú athugað allmörg skjöl hans þar að lútandi. En með því að svo áliðið er þingtímans, hefir nefndinni virðst, að annað gæti ekki að svo stöddu komið til athugunar en tillögur hans um saltgerðina. Hún hefir því afráðið að bera fram frumvarp, það sem prentað er á þgskj. 530. Nefndin gat ekki séð, að neitt væri því til fyrirstöðu, að leyfisbeiðanda væri veitt þess háttar einkaleyfi, sem frumvarpið fer fram á. Það getur engum manni orðið til meins, en aftur á móti mundi það geta orðið landinu til talsverðra hagsmuna, ef áætlanir umsækjandans reyndust réttar. Hann leggur sjálfur mest í hættu, og mundi verða fyrir mestum skaðanum, ef verk-

ið kæmist ekki í framkvæmd eða tækist illa á einhvern hátt.

Það leiðir af sjálfu sér, að jafn mikið rekstrarfé og þarf til annars eins fyrirtækis og þetta er, verður ekki hægt að fá hér á landi. Fyrir því vill nefndin leyfa einkaleyfishafanum að framselja einkarétt sinn öðrum manni eða félagi, jafnvel þó að útlendingar eigi í hlut, ef maðurinn eða félagið er heimilsfast hér á landi og uppfyllir að öðru leyti skilyrði þessara laga.

Þá vildi nefndin ýta undir að þetta fyrirtæki kæmist sem fyrst á fót, með því að heimila stjórninni að segja upp einkaleyfinu með ákveðnum fyrirvara, ef það yrði ekki notað. Sömuleiðis er stjórninni heimilað að segja upp einkaleyfinu, ef fyrirtækið er ekki rekið samkvæmt þeim skilyrðum, sem sett eru í leyfisbréfinu. Auðvitað er gengið út frá því að stjórnin færi þar eftir atvikum, en færi ekki að gera leik að því að hefta fyrirtækið að ástæðulausu.

Í samráði við leyfisbeiðanda hefir nefndin sett það ákvæði, að stjórnin hafi rétt til að skipa eftirlitsmenn með stofnun og rekstri fyrirtækisins á kostnað leyfishafa.

Nefndin áleit sjálfsagt, að landssjóður hefði einhvern hagnað af þessu fyrirtæki, og hann ekki lítinn, ef það borgaði sig fyrir leyfishafann. Þess vegna hefir nefndin sett það ákvæði í frumv., að landssjóður fái 5% af hreinum ágóða fyrirtækisins, og ennfremur 1 kr. af hverri smálest af salti, er fyrirtækið framleiðir og tilsvarandi gjald af öðrum efnum eftir verðmæti. Hvorttveggja þetta gjald má landstjórnin hækka alt að helmingi eftir að 10 ár eru liðin frá byrjun fyrirtækisins. Leyfisbeiðandinn hefir, eftir að frumv. var prentað, tjáð nefndinni, að sér þætti síðara gjaldið of hátt, og er nefndin ekki ófús á að kannast við að svo sé, að minsta kosti í byrjuninni, og mun hún síðar koma fram með tillögu um að það verði lækkað eða jafnvel afnumið. Aftur á móti hefir leyfisbeiðandinn tjáð sig fúsan til að greiða hærra hundraðsgjald af væntanlegum ágóða fyrirtækisins.

Þá þótti nefndinni sjálfsagt, að leyfishafinn skyldi ekki vera undanþeginn neinum tollum, farmgjöldum eða sköttum, en hins vegar fanst henni ekki rétt, að lagt yrði útflutningsgjald á vörur, þær er fyrirtækið framleiðir. Enda mundi lítið af þeim vörum verða flutt út, nema ef vera kynni eitthvað lítilsháttar af »joði«. Enn fremur þótti nefndinni sjálfsagt, að landstjórnin hefði heimild til að krefjast kaups á öllum eignum fyrirtækisins er einkaleyfistíminn væri útrunninn.

Eins og eg tók fram áðan, þá gat nefndin ekki séð, að neitt væri því til fyrirstöðu, að þetta einkaleyfi væri veitt. Landið leggur ekkert í hættu, en getur hins vegar átt von á talsverðum hagnaði, ef áætlanir leyfisbeiðandans eru á rökum bygðar, sem eg vona að þær séu. Eg get því ekki annað en mælt ið bezta með frumv.

**Ráðherrann (H. H.):** Eg hefi ekkert á móti frumvarpinu í aðalatriðunum. Það eru að eins nokkur formleg atriði, sem eg vildi gera athugasemdir við.

Í 5. gr. er gert ráð fyrir að leyfishafi greiði í landssjóð 1 kr. af hverri smálest af salti, er fyrirtæki hans framleiði og »samsvarandi gjald af öðrum efnum eftir verðmæti«. Þessi orð virðast mér óljós. Það liggur beinast við að skilja þau svo, að hann eigi að greiða 1 kr. af hverju smálestarvirði af salti, þ. e. af hverju 20 kr. virði í skatt af öllum eignum sínum, bæði byggingum og áhöldum o. fl. Þetta væri óheyrilega hár skattur, einkum þegar þar við bætist, að hann má tvöfalda eftir 10 ár.

Þegar svo væri í garðinn búið, er eg hræddur um, að fáir yrði til að takast þetta fyrirtæki á hendur. Það getur verið, að eg skilji þetta ekki rétt, en eg vildi þó leiða athygli háttv. nefndar að þessu atriði.

Í 6. gr. er sagt, að ekki megi »undanþiggja leyfishafa tollum þeim, farmgjöldum eða sköttum, er á hverjum tíma gilda, nema með sérstökum lögum«. Þetta ákvæði er algerlega óþarft, því að það er sjálfsagt, að ekki má undanþiggja neinn mann tollum, farmgjöldum eða sköttum, nema með sérstöku lögaleyfi, eða af alveg sérstæðum atvikum. Það er því sjálfsagt að fella þetta ákvæði burt. Síðari hluti greinarinnar getur staðið fyrir því.

Þriðja atriðið er í 4. gr.: »Landstjórnin hefir rétt til að skipa eftirlitsmenn með stofnun og rekstri fyrirtækisins og greiðist kostnaðurinn við slíkt eftirlit af leyfishafa«. Þetta ákvæði er nokkuð rúmt. Landstjórnin gæti skipað svo og svo marga eftirlitsmenn, með svo háu kaupi sem henni sýndist, og leyfishafinn yrði að bera allan kostnaðinn við það. Stjórnin gæti því nokkurn veginn séð svo um, að þetta yrði ekki mikið gróðafyrirtæki fyrir leyfishafann. Það er ekki svo að skilja, að eg búist við að þessu mundi verða beitt þannig af nokkurri stjórn. En orðalagið er óviðkunnanlegt, og ef útlendingar ættu að fara að leggja fé til þessa fyrirtækis, þá mundu þeir fljótt reka augun í þetta.

**Framsm. (Matthías Ólafsson):** Eg get verið þakklátur hæstv. ráðherra fyrir bendingar hans. Eg kannast fúslega við, að frumv. getur verið ábótavant að því er formið snertir. Sérstaklega er eg þakklátur hæstv. ráðherra fyrir bendingar hans í þá átt, að gera frumv. aðgengilegra fyrir leyfisbeiðanda. Nefndin skoðaði sig sem nokkurs konar umboðsmann landssjóðsins og dró því hans taum, en hún er fús á að taka tillit til þessara bendinga, sem ganga í þá átt, að gera leyfishafanum hægara fyrir að stofna þetta fyrirtæki og reka það. Það hygg eg að sé misskilningur hjá hæstv. ráðherra, að 5. gr. megi skilja svo, að leyfishafi eigi að gjalda skatt af öllum eignum fyrirtækisins, húsum og áhöldum. Meining okkar er sú, að hann eigi að greiða tilsvarandi gjald eftir verðmæti af öðrum efnum en salti er fyrirtæki hans framleiðir. Þau efni, er aðallega munu þar koma til greina, eru joð, súrefni og vatnsefni. Hefir leyfisbeiðandi tjáð sig fúsan að greiða tilsvarandi gjald af þessum efnum og saltinu, eftir verðmæti þeirra.

Hvað það snertir, að óþarfi sé að taka það fram í frumv., að ekki megi undanþiggja leyfishafa tollum, farmgjöldum og sköttum, þá má vel vera að svo sé. Okkur datt í hug að bera þetta saman við frumv. um járnbrautareinkaleyfið, sem hér er til meðferðar í þinginu, og vildum taka það skýrt fram, að þess háttar undanþága, sem þar er farið fram á, kæmi hér ekki til greina.

Eg er, sem sagt, þakklátur ráðherra fyrir bendingarnar, og mun nefndin verða fús til að taka þær til íhugunar.

**Ráðherrann (H. H.):** Eg sé nú, af hverju meiningamunurinn milli mín og háttv. framsögum. (M. Ó.) stafar. Við leggjum sína merkinguna hver í orðið »efni«. Hann vill láta það tákna framleiðslu-produkt. En bæði í lagamáli og annarstaðar er efni oft látið merkja sama og eignir, sbr. orðatiltækið »eftir efnum og ástæðum«.

Ef 5. gr. á að skilja þannig, hefi eg ekkert á móti henni að efninu til, en eg tel samt sem áður réttara, að orða þetta svo, að það geti engum misskilningi valdið.

**Björn Kristjánsson:** Eg álít, að nefndin hafi í frumv. sínu sett alt of þröng skilyrði fyrir þessu einkaleyfi. Þegar einkaleyfi á að veita, verða menn að gæta að, hvers konar einkaleyfi það er, hvort það er til þess að starfrækja fyrirtæki, sem áður er til í landinu, eða það er til þess, að koma á stofn nýju fyrirtæki, sem ekki hefir áður þekst hér, og starfrækja það. Hér er farið fram á, að hlynt sé að nýrri starfsemi, sem ekki hefir þekst hér áður, og þá verða menn að gæta að því, að henni sé ekki gert of erfitt fyrir. Mér virðist einfaldast að leggja að eins einn skatt á þetta fyrirtæki — 50 aura eða 1 kr. á hverja smálest af salti, og annað ekki. Eg tel réttast, að það séu að eins 50 aurar, til þess að það sé jafnhár tollur og er á innfluttu salti, eftir vörutollslögunum. Ef tollurinn væri hærri, þá yrði það til þess að sporna við því, að þetta fyrirtæki gæti þrifist.

Að því er snertir hin efnin, joð, súrefni og vatnsefni, þá eru þau vitanlega ekkert annað en »Biprodukt« sem kölluð eru. Þau gefa venjulega ekki mikinn arð, en eru þó tekin með, af því að áhöldin eru þannig gerð, að þau skilja þau frá. Það er því ekki mikil ástæða til að leggja toll á þau. Ef ætti að fara að tolla þau eftir verðmæti þeirra, þá mundi það líka verða alt of flókið og erfitt fyrir tollheimtumennina.

Eg vildi beina því til innar háttv. nefndar, hvort henni fyndist ekki tiltækilegt, að breyta frumv. svo, að á fyrirtækinu hvíldi að eins einn skattur, 50 aurar fyrir hverja smálest af salti, eins og nú er á innfluttu salti eftir gildandi lögum.

**Framsögum. (Matthías Ólafsson):** Eg get verið þakklátur þeim sem talað hafa. Eg vona, að menn finni ekki mikla ástæðu til að álasa okkur nefndarmönnunum. Við álítum okkur, eins og eg sagði áðan, nokkurs konar umboðsmenn landssjóðs, og þess vegna töldum við okkur skylt að gæta hans hagsmuna. Við föllumst á, að skilyrðin fyrir einkaleyfinu eru nokkuð hörð, og þess vegna munum við verða fúsir til, að taka til íhugunar allar þær bendingar, sem fram hafa komið í þá átt að létta undir með leyfishafanum.

ATKV.GR.:

Vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Fundi slitið.

## 45. fundur.

Fimtudag 28. Ágúst 1913, kl. 12 á hád.

Dagskrá:

1. Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1912 og 1913 (510, n. 573) ein umr.
2. Frv. til laga um vatnsveitingar (531; n. 580 og 589); ein umr.
3. Frv. til laga um lögreglusamþykt og byggingarsamþykt fyrir Vestmannaeyjasýslu (179, n. 574); 2. umr.
4. Frv. til siglingalaga (293, n. 582); 2. umr.
5. Frv. til laga um sjódóma og réttarfar í sjómálum (340, n. 581); 2. umr.
6. Frv. til laga um strandferðir (367, 519, 599); 3. umr.

Allir á fundi.

Fundargerð síðasta fundar samþ. og staðfest.

Forseti skýrði frá, að með bréfi dags. 27. Ágúst. hefði forseti efri deildar tilkynt sér, að eftirnefnd frumvörp hefðu verið samþykt þar í deildinni og yrði

afgreidd til ráðherra sem lög frá Alþingi:

1. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 29, 10. Nóv. 1903, um leyningar kosningar og hlutfallskosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum.
2. Frv. til laga um gjafasjóð Jóns Sigurðssonar handa fátækum í Eyjafjarðarsýslu.

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið í deildinni:

1. Nefndaráliti um athugasemdir og tillögur yfirskoðunarmanna Alþingis um landsreikningana fyrir árin 1910 og 1911 (590).
2. Nefndaráliti um frv. til laga um breyting á lögum 22. Okt. 1912, um ritsíma og talsímakerfi Íslands. Frá meiri hluta nefndarinnar (600).
3. Nefndaráliti um frv. til laga um heimiid fyrir landstjórnina til að selja prestinum að Kolfreyjustað landsspildu í Innri Skálavík (595).
4. Frv. til laga um hagstofu Íslands. Eftir 2. umr. í Nd. (594).
5. Breytingartillögum við frv. til laga um strandferðir. Frá samgöngumálanefndinni (599).
6. Ágreiningsáliti um frv. til laga um mannanöfn. Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi (593).
7. Nefndaráliti um frv. til laga um lögskipaða endurskoðendur. Frá meiri hlutanum (598).
8. Breytingartillögum við frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um in sérstaklegu málefni Íslands 5. Jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. Okt. 1903. Frá meiri hluta nefndarinnar (604).
9. Áliti minni hluta nefndarinnar í málinu: Frv. til laga um breyting á lögum 22. Okt. 1912, um ritsíma og talsímakerfi Íslands (603).

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið frá Ed.:

1. Breytinga- og viðaukatillögum við breytt. á þgskj. 579 og við frv. á þgskj. 553. Frá nefndinni (596).
2. Nefndaráliti um frv. til laga um breyting á lögum nr. 86, 22. Nóv. 1907 (597).

Þá var gengið til dagskrár og tekið fyrir:

FRUMVARP til fjáraukalaga fyrir árin 1912—1913 (510, n. 573) ein umr.

**Framsögum. (Pétur Jónsson):** Eg sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frumv., vegna þess, að það hefir ekki tekið neinum þeim breytingum í háttv. efri deild, sem ástæða er til að orðlengja um. Það hafa heldur ekki komið fram neinar breytingatillögur við það, frá hv. þingdeildarmönnum.

Aðalbreytingin er um fjárveitinguna til pósthússins, en hún var gerð eftir samkomulagi við fjárlaganefndina í Nd., og þarf eg því ekki að ræða um hana.

Önnur aðalbreyting er um endurgreiðslu á símatillagi til Rangárvallasýslu og Árnessýslu. Eins og nefndarálitlð í Ed. ber með sér, er það bygt á því, að fjárlaganefndin þar áleit, að ekki væri ástæða til að endurgreiða meira en eftir stóð af skuldinni fyrir símatillagið þegar síminn var gerður að 1 flokks síma. En það var í ársbyrjun 1913.

Þá er ein brt. enn fremur, sem efri deild hefir komið með, um styrk til Einars Guðmundssonar á Þórarinsstaðaeyri til þess að leita honum læknishjálpar í Danmörku, 300 kr. Nefndin sá ekki ástæðu til að vera á móti þessum styrk, þó að hann geti að vísu dregið dilk á eftir sér og myndað fordæmi til slíkra styrkveitinga eftirleiðis. Undanfarið hefir það verið venja að veita fátækum mönnum styrk til þess að leita sér læknishjálpar erlendis á meinsemdum, sem ekki er hægt að ráða bót á

hér heima. Hér er einmitt um sjúkleika að ræða, sem ekki verður ráðin bót á hér á landi, en á að gera tilraun til að fá bættan erlendis.

Eg hefi svo ekki fleira að segja, og leyfi mér að ráða háttv. deild til að samþykkja frumv. óbreytt eins og það er komið frá háttv. efri deild.

ATKV.GR.:

Frv. samþ. með 18 samhlj. atkv.

Afgr. til ráðherra sem *lög frá Alþingi*

---

FRUMVARP til laga um vatnsveitingar (531, n. 580 og 589); e i n u m r.

Enginn tók til máls.

ATKV.GR.:

Brtill. 589, 1 (leyfð af þd og ráðh.), samþ. með 10:8 atkv,

Frumvarpið svo breytt samþykt með 17 shlj. atkv. og afgreitt til Sameinaðs Alþingis.

---

FRUMVARP til laga um lögreglusamþykt og byggingarsamþykt fyrir Vestmanneyjasýslu (179, n. 574); 2. u m r.

**Framsögum. (Jón Magnússon):** Eg vona að háttv. deild lofi þessu máli að ganga áfram. Það getur engan skaðað, og meining frumvarpsins er sú ein, að gefa sýslunefnd Vestmanneyjasýslu sama vald að því er snertir byggingarsamþykt og lögreglusamþykt sem bæjarstjórnir hafa.

ATKV.GR.:

1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

2., 3., og 4. gr. samþ. með 20 sahlj. atkvæðum.

Fyrirsögn frumvarpsins samþykt án atkvæðagreiðslu.

Frumvarpinu vísað til 3. umræðu með 21 samhlj. atkv.

---

FRUMVARP til siglingalaga (293, n. 582); 2. u m r.

**Framsögum. (Jón Ólafsson):** Herra forseti! Þó að þetta frumv. sé langt, þá getur framsagan verið stutt, því að það hafa ekki komið fram neinar brtill. við frumvarpið. Nefndarálitið er líka stutt, og eg leyfi mér að ráða háttv. deild til að samþykkja frv. Eg sé heldur ekki neina ástæðu til að fara að ræða málið fyr en eg heyri undirtektir háttv. þingmanna. En fyrst engar brtill. liggja fyrir, býst eg við að allir séu ánægðir með frv.

ATKV.GR.:

1. kafli, 1.—4. gr., samþ. með 14 samhlj. atkv.

Fyrirsögn kaflans samþ. án atkv.gr.

2. kafli, 5.—11. gr., samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn kaflans samþ. án atkv.gr.

3. kafli, 12.—28. gr., samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn kaflans samþ. án atkv.gr.

4. kafli, 29.—74. gr., samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn kaflans samþ. án atkv.gr.

5. kafli, 75.—113. gr., samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn kaflans samþ. án atkv.gr.

6. kafli, 114.—178. gr., samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn kaflans samþ. án atkv.gr.

7. kafli, 179.—191. gr., samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn kaflans samþ. án atkv.gr.

8. kafli, 192.—223. gr., samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn kaflans samþ. án atkv.gr.

9. kafli, 224.—228. gr., samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn kaflans samþ. án atkv.gr.

10. kafli, 229.—234. gr., samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn kaflans samþ. án atkv.gr.

11. kafli, 235.—252. gr., samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn kaflans samþ. án atkv.gr.

12. kafli, 253.—280. gr., samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn kaflans samþ. án atkv.gr.

13. kafli, 281.—282. gr., samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn kaflans samþ. án atkv.gr.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkv.gr.

Frumvarpinu vísað til 3. umræðu með 19 samhlj. atkvæðum.

---

FRUMVARP til laga um sjódóma og réttarfar í sjómálum (340, n. 581); 2. umr.

**Framsögum. (Jón Ólafsson):** Herra forseti! Það er enn þá léttara að komast af með stutta framsögu í þessu heldur en hinu málinu, þó að það sé í nokkuð mörgum greinum. Hér er að eins að ræða um lög, sem skipa fyrir um dóma og réttarfar í sjómálum, og er þetta frumv. nauðsynleg fylgja hins frumvarpsins. Það hefir engin brtill. komið fram og nefndin sá ekki ástæðu til að breyta neinu, svo að eg vona að þetta frumvarp fái sama byr og hitt frumvarpið.

ATKV.GR.:

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

2.—7. gr. sþ. með 16 shlj. atkv.

8.—11. gr. sþ. með 17 shlj. atkv.

12.—16. gr. sþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn frumv. samþykt án atkv.-greiðslu.

Frumvarpinu vísað til 3. umræðu með 19 samhlj. atkv.

---

FRUMVARP til laga um strandferðir (367, 519, 599); 3. umr.

**Frams.m. (Valtýr Guðmundsson):** Það hafa komið fram tvær brtill. við frumvarpið, eða réttara sagt fleiri brtill. á tveimur þingskjölum. Ina fyrstu brtill. á þgskj. 519 hefir meiri hluti nefndarinnar fallist á og hefir líka sjálfur komið með sams konar brtill. á öðru þgskj. En svo stendur á því, að þetta er ákveðið í samráði við bráðabirgðastjórn Eimskipafélags Íslands, sem hafði óskað eftir að þessi skilyrði í frv. um að tvö strandferðaskipin hefðu að minsta kosti jafnmikið farþegarúm og lestarúm og væru að minsta kosti jafnörskreið og þau strandferðaskip, sem hér voru í förum 1911—1912, yrðu felld í burtu vegna þess að það gæti álitist hentugra að annað skipið væri aðallega farþegaskip og hitt aðallega vöruflutningaskip, sem þyrfti ekki að vera eins örskreitt eins og farþegaskipið. Þá mætti líka koma því svo fyrir, að það skipið, sem aðallega væri vöruflutningaskip, hefði fleiri viðkomustaði heldur en hitt skipið. Þetta fyrirkomulag býst eg við að yrði fult eins hentugt og fult eins arðvænlegt eins og hitt

Meiri hlutinn hefir og fallist á að gera jafnframt aðra breytingu á frumv., að í niðurlagi 1. gr. sé skotið inn: Um hluttöku fyrir landssjóðs hönd í stjórn félagsins, stærð strandferðaskipanna, gerð þeirra og hraða fer eftir samningi milli félagsins og stjórnarráðsins.

Það er að segja, í stað þess að hafa ákveðið í frumvarpinu um hraða skipanna, farþegarúm og lestarúm, þá sé stjórninni falið að annast um það í samráði við stjórn Eimskipafélagsins. En jafnframt þessu hafa stjórninni verið gefnar bendingar um það í nefndarálitinu, hvernig hún eigi að haga sér í því, skipin mættu t. d. ekki vera minni en Austri og Vestri o. s. frv. Einn nefndarmanna vildi láta taka það fram, að farþegarúm og lestarúm skipanna mættu ekki að samanlögðu vera minni en ver-

ið hefir og á sama máli voru sumir nefndarmanna í Ed. En niðurstaðan varð þó, að réttast væri að sleppa þessu. Var því slept af því að menn litu svo á, sem það gæti verið aðgengilegra fyrir félagið að þetta væri ekki fast ákveðið, auk þess sem þetta mál væri ekki svo rannsakað nú, að hægt væri að mynda sér svo fasta skoðun um það. Taldi nefndin það ekkert varhugavert að fela stjórninni að annast um það.

Þá eru inar aðrar brtill. á þgskj. 519 frá þingm. Skagfirðinga. Þessar brtill. fara allar í þá átt, að fella burt öll ákvæði um landssjóðsútgerðina. Auk þess fer ein brtill. fram á, að lánið, sem stjórninni er heimilað að taka, sé lækkað um 50 þús. kr., úr 450,000 kr. og niður í 400,000 kr.

Nefndin hefir ekki getað fallist á þessar breyt.till. Hennar markmið var það, að strandferðirnar kæmust í innlendar hendur. Næðist ekki samkomulag við Eimskipafélagið — sem nefndin hefir reynt að styðja að, að svo miklu leyti sem í hennar valdi stóð — þá skyldi þó þar með ekki vera loku fyrir það skotið, að strandferðirnar kæmust á innlendar hendur. Og þá var það eina leiðin að landssjóður tæki að sér útgerðina, svo að hún kæmist ekki í hendur útlendra félaga.

Nefndin leggur því til að þessar brt. verði feldar, svo að hægt verði að koma strandferðunum á innlendar hendur, og það eins þó að samningar náist ekki við Eimskipafélagið.

**Ólafur Briem:** Eins og háttv. þm. Sfjk. (V. G.) benti til, þá fara mínar breyt.till. á þgskj. 519 í þá átt að fella burtu landssjóðsútgerðina á strandferðunum. Breyt.till. mínar eru aðallega 2. Önnur þeirra lýtur að því, að ákvæðið í 1. gr. um tölu skipanna, farþegarúm og lestarúm sé felt úr, en að þetta skuli fara eftir samningi milli stjórnar Eimskipafélagsins og landsstjórnarinnar.

Þessi breyt.till. er framkomin af sömu ástæðum og háttv. þm. Sfjk. tók fram, að það væri varasamt að binda þetta svo fast, áður en fullráðið er, hvernig ferðunum yrði sem bezt hagað. Stendur þetta að nokkru leyti í sambandi við bendingu Tuliniusar í bréfi hans til samgöngumálanefndarinnar, að það sé mesta óráð að fastákveða fyrirfram gerð skipanna, áður en samningar takast, það geti komið í bága við það sem bezt reynist þegar málið er nánar athugað og rannsað til hlítar. Það er vitaskuld, að í sérstökum farþegaskipum þarf að vera tiltölulega meira farþegarúm en lestarúm, og í flutningaskipum þarf aftur móti meira lestarrúm en farþegarúm. Og þetta má því ekki vera fastákveðið í lögunum fyrirfram. Annars hefir hv. samgöngumálanefnd tekið upp sömu tillöguna, svo eg þarf ekki að vera neitt að orðlengja þetta. Vona eg því að því máli sé vel borgið.

Hin aðal-breyt.till. er sú, að 2.—4. gr. falli burtu. Það er að segja að stjórninni sé ekki gefin nein heimild til þess að halda uppi strandferðunum á landssjóðs kostnað.

Eg get hugsað það að bæði í samgöngumálanefndinni og utan hennar séu menn, sem kjósi helzt landssjóðsútgerð á strandferðunum og annað ekki. En eg held líka að það séu aðrir, og það allmargir, og þar á meðal er eg einn, sem skoða það eins og neyðarúrræði. Það hafa verið færð rök fyrir því, að strandferðirnar hljóti að bera sig ver hjá þeim sem að eins hafa þær einar út af fyrir sig, heldur en hjá þeim sem geta haft þær í sambandi við millilandaferðir. Þessar ástæður hefir bráðabirgðastjórn Eimskipafélags Íslands borið fram og þær eiga einmitt við hér þegar um

landssjóðs útgerð er að ræða, því enga útgerð hefði hann aðra en strandferðirnar, ekki hefði hann nein millilandaskip.

Því hefir verið haldið fram, að strandferðirnar ættu að vera í hönum landssjóðs og þá verið vitnað til annara landa, að skip, sem gengju þar með ströndum fram og inn á firði, væru skip, sem væru rekin á kostnað ríkisins. Þetta er að eins gert til þess að stjórnin geti haft hönd í bagga með útgerðinni að ekki sé okrað á henni (fargjaldi og farmgjaldi). En fyrir þessu má fá fullkomna tryggingu, að því er strandferðirnar snertir, án þess að landssjóður hafi útgerðina sjálfur á hendi. Þessi trygging er hér fengin með því að landsstjórninni sé falið að hafa hönd í bagga um alla gerð strandferðaskipanna, fyrirkomulag ferðanna, ferðaáætlanir og taxta. Mig og meiri hluta samgöngumálanefndarinnar greinir ef til vill ekki svo mjög á um þetta aðal-efni málsins, heldur um það, hve fljótt á að grípa til þess óyndisúrræðis að stofna til landssjóðsútgerðar. Eg vil láta fresta því, þangað til öll sund eru lokuð og engin von til þess, að samningar takist við Eimskipafélagið um strandferðirnar, sem eg fyrir mitt leyti verð að treysta að ekki komi fyrir. Samgöngumálanefndin leggur til, að taki Eimskipafélagið ekki að sér strandferðirðirnar fyrir Aprílmánaðarlok 1916, þá skuli landssjóður taka þær að sér til bráðabirgða. Þetta finst mér viðsjárvert. Ef nú eitthvað yrði til þess að tefja fyrir því að Eimskipafélagið gæti byrjað með strandferðirnar fyrir þennan tíma, en væri þó fáanlegt til að semja um þær, að eins með nokkru lengri fresti. Þá væri það að mínu áliti misráðið að vera búinn að slá því föstu með lögum að landsstjórnin tæki þá að sér skipaútgerð á landssjóðskostnað.

Eg álít að það væri miklu ráðlegra að geyma það til þingsins 1915 að ráða fram úr þessu. Það getur vel verið, að þótt samgöngumálanefndin hafi komið fram með tillögu um þessa landssjóðsútgerð, þá treysti nefndin því, að heimildin verði ekki notuð af stjórninni. En þetta er ótrygt og alt of mikið átt í hættu með því að leggja svo mikið vald í hendur stjórnar, sem menn ekki einu sinni vita, hver verður þá.

Í 2. gr. frv. stendur: »Náist ekki samningur við »Eimskipafélag Íslands« samkvæmt 1. gr., veitist landsstjórninni heimild til að kaupa tvö strandferðaskip, sem samsvari *skilyrðum* þeim, er sett eru í 1. gr.«. Þessi orð geta ekki staðist, þar sem skilyrði þau, sem þannig er vitnað til, eiga að nemast burt úr 1. gr., eftir tillögu nefndarinnar. Þetta verður því að lagfæra. Annars er eg á móti formi frumvarpsins, hvað það snertir að taka upp í það tvö ólík efni; annað það að gefa stjórninni heimild til þess að kaupa hluti í Eimskipafélaginu og hitt að leyfa henni að halda uppi strandferðunum á landssjóðs kostnað.

Þetta eru tvö atriði, sem geta verið skiftar skoðanir um. Menn geta aðhylst annað, en ekki viljað hitt, og því er örðugt að greiða atkvæði um frumvarpið í heild sinni, þar sem þessu hvorutveggju er blandað saman. Skal eg svo ekki fara frekari orðum um þetta. Vildi að eins að þetta væri ekki látið fara alveg óhreyft.

**Bjarni Jónsson:** Eg ætla mér ekki að fara að ræða neitt þetta mál nú. Eg er samþykkur frv. að efninu til og get eg því ekki fallist á sumar breyt.till. háttv. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.). En það er rétt, sem þm. sagði, að 2. gr. frv. getur ekki orðið eins og hún er nú, ef tillögur samgöngumálanefndarinnar verða samþyktar. Vildi eg því víkja því að hæstv. forseta, hvort eigi megi taka málið út af dagskrá og fresta því

til morguns, svo nefndinni gefist kostur á að lagfæra þetta lítilræði.

**Valtýr Guðmundsson:** Það gleður mig að heyra, af athugasemdum háttv. 1. þm. Skgf. (Ó. Br.), að hann er ekki á móti því, að landssjóður taki að sér strandferðaútgerðina, heldur greinir okkur þar á, hve nær landssjóður eigi að byrja á því. Hann heldur það, hv. þm., að landssjóði standi hætta af því að taka að sér strandferðirnar 1916. Vill hann skjóta því á lengri frest. En þá verða menn að gæta að því, að þetta eru að eins heimildarlög, sem Alþingi getur breytt. Nú verður Alþingi háð 1915 og þá er tækifærið til þess að breyta þeim eða fresta þeim. Ef stjórninni þá finst ástæða til þess að það verði gert, þá getur hún borið fram frumvarp þess efnis. Því held eg að hættan sé ekki svo mikil.

Svo var það sem háttv. þm. var að tala um ólík atriði, um hluttöku landssjóðs í Eimskipafélaginu og útgerð hans upp á eigin spýtur, þá er því til að svara, að þessi atriði eru einmitt lík, því bæði eru þau um að koma strandferðunum á *innlendar* hendur, hvernig sem veltist.

En um athugasemd háttv. þingmanns við 2. gr. frumv., þá verð eg að viðurkenna, að hún er rétt. Og afsökunin, sem nefndin hefir í því, verður að vera sú, að menn hafa haft svo mikið að gera. Þegar menn fara þetta af einum fundinum á annan, þá hafa menn ekki áttað sig á þessu, eða ekki tekið eftir því.

Nú er því tvent til, svo að málið gangi áfram. Annað það, að frv. verði samþykt hér eins og það er og verði látið ganga til efri deildar í von um að þetta verði lagfært þar, eða þá hitt, að að hæstv. forseti vilji fresta málinu til morguns, svo að nefndinni gefist tækifæri til þess að lagfæra það. Mun þetta síðara vera bezta úrræðið, og skýt eg þess vegna undir hæstv. forseta, hvort hann vildi ekki taka málið út af dagskrá og fresta því til morguns?

---

Forseti tók málið út af dagskrá.

Fundi slitið.

---

## 46. fundur.

Föstudag 29. Ágúst 1913, kl. 12 á hádegi.

Dagskrá:

1. Frv. til laga um breyting á lögum vörutoll 22. Okt. 1912 (512, n. 591); ein umr.
2. Frv. til laga um hagstofu Íslands (594); 3. umr.
3. Frv. til landskiftalaga (272, n. 583, 584); 2. umr.
4. Frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um in sérstaklegu málefni Íslands 5. Jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. Okt. 1903 (551, 577, 578, 604); 3. umr.
5. Frv. til laga um heimild til að veita einkarétt til þess að vinna salt o. fl. úr sjó (530, 611); 2. umr.
6. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 18, 3. Okt. 1903, um kosningar til Alþingis (570); 1. umr.
7. Frv. til laga um strandferðir (367, 519, 599, 607); 3. umr.

---

Allir á fundi.

Fundargerð síðasta fundar samþykt og staðfest.

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið:

I. Í deildinni:

1. Brt. við frv. til laga um breyting

á lögum um vörutoll, 22. Okt. 1912. Frá Pétri Jónssyni (616).
2. Ágreiningsáliti um frv. til laga um sparisjóði (610).
3. Brt. við brt. meiri hluta stjórnarskrárnefndarinnar. Frá minni hlutanum (615) og Sig. Sigurðssyni (618).
4. Brt. við stjórnarskrárfrumvarpið á þgskj. 614, 620, 621).
5. Till. til þingsályktunar um strönduð skip. Futnm. Þorl. Jónsson (612).
6. Brt. við frv. til laga um heimild til að veita einkarétt til þess að vinna salt úr sjó. Frá nefndinni (611).
7. Brt. við frv. til laga um strandferðir. Frá samgöngumálanefnd (607).
8. Nefndaráliti um frv. til laga um breyting á 16. gr. laga nr. 29, 16. Nóv. 1907 (608).
9. Brt. við frv. til laga um sparisjóði. Frá nefndinni (613).
10. Nefndaráliti um sama frv. (609).

II. Frá Ed.:

Brt. við brt. nefndarinnar við frv. til laga um friðun æðarfugla. Frá Einari Jónssyni (619).

III. Frá sameinuðu Alþingi:

Frv. til laga um vatnsveitingar. Eftir eina umr. í Nd. (606).

Þá var gengið til dagskrár og tekið fyrir:

FRUMVARP til laga um breyt. á lögum um vörutoll, 22. Okt. 1912 (512, n. 591, 616); ein umr.

**Framsögum. (Bjarni Jónsson):** Efri deild hefir gert dálitlar breytingar á þessu frumv., sem nefndin hér hefir ekki getað fallist á. Er það sérstaklega ein breytingin, sem nefndin hefir ekki getað fallist á, sú, að bátar skuli undanskildir aðflutningsgjaldi. Er auðséð, í hvaða átt þar er stefnt, þá, að bátasmiðum skuli engin vernd vera með þessum lögum, þegar efnið í bátana á að vera tollskylt, en bátarnir tollfríir. Nefndin hér getur ekki fallist á þetta, heldur skuli þeir bátar einir vera tollfrjálsir, sem siglt er á hér til landsins. Aðra báta vill nefndin ekki hafa undanskilda tollinum, og er það af því að hún vill ekki að þessi lög geti að neinu orðið til þess að leggja haft á skipasmíði hér á landi.

Og úr því nú að nefndin fór að gera þessa einu breytingartillögu, þá fanst henni að hún gæti gert fleiri. Þá er það fyrsta brtill. um strigann. Nefndin gat gat ekki séð neina ástæðu til þess að fella burtu strigann úr flokki náskyldra vara, sem skyldu vera tollaðar. Sömuleiðis vill meiri hluti nefndarinnar nema burtu »vélaolíu til áburðar« og setja í staðinn allan »vélaáburð«. Vill nefndin gera þetta af því að vélabátaútgerðin er nógu dýr, þó ekki sé ollan sérstaklega tolluð.

Nefndin gat heldur ekki skilið það, hvers vegna efri deild vildi undanskilja tollinum rær og gadda, en tollskylda járnbrautarteina og spengur, sem þó alt heyrir til sama flokkinum. Það vita allir, að til járnbrautargerðar þarf eins rær og gadda og spengur. Rær og gaddar heyra undir járnbrautargerð eins og hvað annað, sem að henni lýtur. Rærnar og gaddarnir eru til þess að festa járnbrautarteinana saman og niður á trédrumbana, sem undir liggja. Er því óþarft að undanskilja þetta fremur en hvað annað, sem heyrir undir járnbrautargerð, því ekki getur þetta fallið undir þann flokk tollskyldra vara, sem er kallaður saumur.

Þar sem nefndin leggur til að ein setning skuli tekin upp í 5. lið 1. gr., þá er það gert til þess að það komi skýrt fram, að þeir bátar skuli einir vera tolli undanskildir, sem siglt er hingað til landsins.

Brtill. hv. þm. S.-Þing. (P. J.) skal eg ekki tala um nú, fyr en hann hefir sýnt fram á, hvort nauðsynlegt sé að skeyta þessa viðbót við frumv. Eg skil ekki til hlítar till. hans. Eg hygg að farið sé eftir umbúðunum, hvað á þeim stendur, og sendingar séu aldrei rifnar sundur, nema varan eigi að fara í tollgeymslu. Ella vill nefndin láta standa við það sem háttv. Ed. hefir gert.

Í sjálfu sér er það ekki stór spurning, hvernig haga skuli einstökum atriðum. Nefndin vill að jöfnuður sé hlutfallslega í einstökum atriðum. Eða réttara sagt, minka ójöfnuð, þann sem sprettur af því, hve lögin eru óskynsamlega sett í sambandi við verðmæti vörunnar. Ekki skal eg orðlengja meira um þetta, en nefndin leggur áherzlu á að útlend smíð sé eigi undanþegin þeim tolli, sem í raun og veru legst á innlenda smíð. Þykir henni sú breyting efri deildar háskaleg og ranglát gagnvart innlendum iðnaðarmönnum.

Aðrar brtill. nefndarinnar eru smærri, og get eg ekki hugsað mér að háttv. Ed. breyti frumvarpinu þó að þær verði samþyktar.

Nefndin hefir enga ásætlun gert um tekjumuninn, sem af þessari færslu varanna milli flokkanna mundi leiða, en líklega stenst það alt nokkuð á endum.

**Pétur Jónsson:** Eg játa það, að eg er nokkuð feiminn við það, að koma fram með brtill. við þetta nú, af því að eg hefi ekkert skift mér af þessu máli hingað til. En hún er fram komin vegna meðferðar þingsins á því, og þótt hún kynni að verða álitin málinu til falls, þá er það ekki mín meining að svo verði.

Það var í fyrra talinn eini kosturinn á vörutollinum, að það sé tiltölulega einfalt að innheimta hann og ekki mikil hætta á því að menn skjóti sér undan honum og á meðan flokkaskiftingin sé ekki margbrotnari en nú er, þá sé ekki örðugt að greina sundur flokkana. En nú eru fram komnar breyt.till. í báðum deildum, og virðist mér nú ætla að fara að víkja nokkuð öðruvís við. Það getur verið að hér sé ekki um mikla fjárhagslega þýðingu að ræða, að skjóta vörum úr hærra flokki og í lægra flokk. Tillaga mín gengur nú út á það, að lögin haldi sér í aðaldráttunum, eins og upphaflega var ætlast til, að flokkarnir sé svo glögt ákveðnir, að ekki þurfi sérstaka rannsókn um hverja vörusending. Með öðrum orðum: þær vörur lægri flokkanna, sem eru í umbúðum þannig löguðum, að ekki sjáist utan á, hverrar tegundar varan sé, lendi allar í 6. flokki. Það er ábyrgðarhluti fyrir skrásetjandann, að segja skakt til og skrásetja dýra vöru í lægra flokki en þar sem hún á heima, ef hún ber það sýnilega með sér, hverrar tegundar hún er. Því að ef varan tapast, þá tapar hann rétti sínum til endurgjalds að meiru eða minna leyti. Aftur á móti þegar ýmsar vörutegundir eru sendar saman í einum umbúðum, þá getur sendandi vöru talið vöruna undir þann flokk, sem lægst gjald er á, ef eitthvað af slíkri vöru er í kassanum. Þess vegna er réttast að heimfæra þær ekki undir inn almenna flokk, og fram á það fer tillaga mín. Sumir halda að þetta gæti náð til kornvöru, en það nær engri átt, því að alt af má vita, hvað í kornvörusekkjum er. Nokkuð öðru máli er að gegna um þungavöru, t. d. gler eða steypujárn. Nokkrar vörur undir 2. flokki eru oft í umbúðum með annari vefnaðarvöru, eins og t. d. segldúkur og strigi, enn fremur getur seglgarn, netjagarn og tvinni stundum verið í sömu umbúðunum. Raunar vita það

þeir menn, sem vanir eru verzlun, að ef segl, strigi og netjagarn er flutt inn í stórum stíl, þá er hægt að hafa þær vörur í sérstökum pokum sem sýna utan á, hver varan er, og er þá enginn vandi að greina annað frá því. Saumavélaolía er oft flutt í kassa (t. d. járnvöru smærri), en kassinn heimfærður til vélaolíu og fellur þá í flokkaskifting undir lægra gjald eftir þessu frumv. En vélaolía í stærri stíl er ætíð í sérstöknm umbúðum og auðþekt. Ýmislegt má telja upp svipað þessu.

Seinni hluti brtill. er ef til vill nokkuð stífur, og er eg þá fús á það, ef menn vilja, að tillagan sé borin upp í tvennu lagi.

**Björn Kristjánsson:** Að eins örfáar athugasemdir. Hér er ekki um stórt mál að ræða, svo að það er undarlegt, hversu örðugt það á uppdráttar. Eins og frumv. kom frá Ed. var það aðgengilegt, þótt ekki væri það gallalaust. Nd. á skuld á því, að hafa ekki lagfært frumv., og hún veldur því einnig, að inn í það hafa komist gallar, eins og t. d. ákvæðið um segldúkinn. Það má koma ýmsu að sem segldúk, t. d. molskinni, stubbasirzi o. fl.

Efri deild hefir bætt inn seglgarni, sem flyzt í rjúpum, og ýmist er með öðru eða eitt út af fyrir sig. Þetta er skemd á frumv., en þó ekki svo mikil, að eg álíti að það eigi að falla þess vegna. Yfirleitt er eg samþykkur breytingum Ed. Og skipa og báta tollurinn er eins og í núgildandi lögum. Háttv. framsögum. (B. J.) lagði mikla áherzlu á það, að tollur væri lagður á aðfluttra báta, og sagði að ella væri stutt að samkepni útlendinga við innlendan iðnað. Þegar fljótt er á litið, má vera að mörgum verði á að líta svo á. Menn verða þó að gá að því, að fragtin er svo miklu meiri af smíðuðum bátum en af viðnum út af fyrir sig, sem í þá fer, að í því liggur nægileg vernd gagnvart samkepninni. Þess vegna er engin ástæða að breyta frumv. af þessum orsökum.

Enn fremur þykir mér það undarlegt, að Nd. vill kalla vélaolíu vélaáburð. Eg hefi bent á það áður, að olíur eru í öllum vélaáburði, þótt misjafnlega líti út og sumt sé einna líkast hrossafeiti. Vélaolía er aðallega þrenns konar: Grænolía, sem er þykk, cylinderolía, sem er þunn, og svo þessi bræðingur, sem er líkastur hrossafeiti.

Þá hafa rær og gaddar til járnbrauta verið færðir til, og álít eg það þýðingarlítið. Eg vil hafa þetta óbreytt, eins og það kom frá Ed., og að hitt sé felt. Ekki af því að eg álíti að tillaga háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) stefni í ranga átt, heldur álít eg hana óþarfa. Eins og nú er tel eg lögreglustjóra heimilt, þegar vörur úr fleiri en einum flokki eru í sömu umbúðum, þá að heimfæra þær undir dýrasta flokkinn. Eg er ekki hræddur um að menn muni blanda saman vörutegundum til þess að koma öllu undir ódýrari flokka. Til þess var einmitt tekið töluvert tillit, þegar lögin voru samin, að girt væri fyrir að menn gætu blandað saman vörum sínni úr hverjum tollflokki. Menn fara ekki að búa um olíu og járnvöru saman. Eg mun greiða tillögu háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) atkvæði, svo framarlega sem farið verður að hrófla við frumv. eins og það nú er frá Ed., en ella ekki.

Háttv. framsögum. (B. J.) sagði, eins og oft heyrist klingja hér í þingsalnum, að vörutollslögin væru óþolandi óréttlæti. Það var þó sýnt skýrt fram á það í umræðum á þinginu 1912, að hvergi munaði nema $^3/_4$—$7^0/_0$ frá verðgildinu. En hvað segja menn þá um sykurtollinn, sem er um $60^0/_0$ af iunkaupsverðinu? Hvað segja menn um það réttlæti?

Eg legg mikla áherzlu á það, að þetta frumv. verði samþykt eins og það nú er, því að annars verður það verra.

**Magnús Kristjánsson:** Breyt.till. nefndarinnar hafa mætt talsverðum andmælum, en þau álít eg að ekki hafi við rök að styðjast. Eina gilda ástæðan til þeirra ætti að vera sú ef breytingar á þessu stigi málsins gætu orðið til þess að tefja fyrir málinu, svo það kæmist ekki fram. Mótbárur háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) og háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) falla að nokkuru leyti saman. Þeir skoða svo, sem þetta gerði mönnum erfiðara fyrir, um eftirlit með því að rétt væri gefið upp um vörurnar. Þetta get eg ekki séð að sé rétt. Það eru aðallega 2 tegundir, sem haldið er fram að þetta geti komið fyrir með, sé segldúkur og svo tvinni og garn. En hættan yrði alveg in sama nú, eins og áður, því að ef menn vilja reyna að komast hjá hærra tolli með því að blanda vörunnm saman, þá geta menn það ósköp vel. En ef innheimtumenn vilja, þá geta þeir rannsakað þetta ef þeim þykir ástæða til. Þess vegna álít eg þessar athugasemdir háttv. þm. alveg ástæðulausar.

Um bátana vil eg segja það, að það skiftir miklu, hvort þeir eru með öllu undanþegnir tollinum. Það getur ekki leitt til annars en þess, að erfiðara verður að stunda bátasmíð hér í landinu en ella. Vélaáburðinum stendur svo á, að nefndin hefir til hægðarauka sett þetta alt undir eitt, af því að það er örðugt að hafa tvenns konar gjald af sama hlutnum. Og það er alveg réttmætt að kalla þetta alt einu nafni vélaáburð, hvort sem það er nú þykkra eða þynnra.

Eg legg nú að vísu ekki svo mikið kapp á þessar breytingar, ef menn eru sannfærðir um að málið komist þá ekki fram, en eg get samt ekki séð annað en að breyt.till. nendarinnar séu réttar og eðlilegar.

Eg lít svo á, að þessir erfiðleikar verði fremur léttir á metunum, þegar líka þess er gætt, að við umr. í Ed. gat einn háttv. þm., sem er innheimtumaður landssjóðs, þess, að innheimtan yrði ekki erfiðari fyrir þetta.

Æskilegast þætti mér, að tillit yrði tekið til breyt.till. nefndarinnar, en gæti þó, eftir atvikum sætt mig við að frv. Ed. yrði samþykt óbreytt.

**Jón Jónsson:** Eg hefi litlu að bæta við það, sem háttv. þm. Ak. (M. Kr.) hefir sagt, — hann hreyfði víst við flestu af því, sem fram þurfti að taka.

Háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) hafði á móti því, að segldúkur yrði færður til. Kvað hann það gefa mönnum betra tækifæri til að komast undan tolli. Það er nú svo með þessa vöru sem flestar aðrar, að það má nota þær sem skálkaskjól til þess að skjótast undan tolli. En tilgangur okkar með þessari tilfærslu var sá, að létta á þessari vöru tolli, vegna þess, hve bráðnauðsynleg hún er, einkum fyrir bátaútveginn, sem sérstaklega er rekinn af fátækum útgerðarmönnum. Og það virðist ekki svo sérlega mikil hætta þó þessi vara verði tekin með, þar sem stjórnin hefir lagt til að strigi verði færður úr hærra flokki í lægri. Og þessi tilfærsla er einmitt bygð á tillögum frá tollheimtumönnum.

Hvað bátana snertir, þá var það ekki af því að við vildum í sjálfu sér undanskilja þá, heldur er það »principsins« vegna, að við stingum upp á að þeir verði tollaðir. Okkur þykir það ósanngjarnt, að menn geti flutt tolllaust hingað þá vöru, sem landsmenn þurfa að borga toll af, ef þeir smíða hana sjálfir, sem sé efniviðnum. Mér er kunnugt um það, að talsvert er flutt hingað til landsins af smíðuðum bátum, á öðrum

skipum — en kaupi menn efnið til þeirra og smíði þá hér, verða menn að greiða toll af viðnum, sem í þá fer. Það er ósanngjarnt.

Mér finst það undarlegt, að háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) vill undanskilja vélaolíu, en vill ekki ganga inn á að nefndur sé vélaáburður í frumvarpinu. En það er kunnugt, að mikið er flutt af vélaáburði til landsins, sem ekki er fljótandi og getur því ekki komist inn undir orðið olíu. Og að undanskilja þann einan áburð, sem fljótandi er, sýnist ekki mikil sanngirni, þar sem t. d. vélasmjör kemur alveg að sama haldi og er notað jöfnum höndum. Yfirleitt held eg, að allar breyt.till. nefndarinnar eigi við talsverð rök að styðjast. Við höfum gert okkur far um að forðast alt, það sem gæti orðið lögunum til skemdar og viljum sízt af öllu spilla framgangi málsins.

**Guðmundur Eggerz:** Þetta frv. hefir að mínu áliti batnað stórum í Ed. Eg tók ekki eftir því fyr en við 3. umr. að ætlast er til, að aðfluttir bátar verði tollskyldir.

Háttv. 2. þm. Rvk (J. J.) gat þess, að þetta ákvæði væri sett til þess að vernda innlenda bátasmíð. En menn verða að athuga, hverjar afleiðingar af svona ákvæði geti orðið. Þar sem lítið er um bátaverksmiðjur hér á landi, verða menn eftir sem áður að kaupa talsvert af bátum frá útlöndum. Ætli nefndin hafi gætt að því, að nái þessi till. fram að ganga, þá legst frá 5 upp í 18 kr. gjald á hvern bát. Það munar fátæka menn ekki svo litlu. Svo ber þess og að gæta, að hér eru mikið notaðar þær tegundir báta, sem Íslendingar geta alls ekki smíðað, t. d. báta með færeysku lagi, sem margir flytjast hér til lands. Þetta gjald legst eingöngu á fátækari hluta þjóðarinnar, sjómennina. Og þar sem var tilætlast í upprunalegu lögunum, að þessi vara væri tollskyld, vænti eg þess að háttv. deild fallist á að undanþiggja bátana frá tolli.

**Björn Kristjánsson:** Eg gleymdi að geta þess áðan, að það gegnir alveg sama máli með segldúk og striga, sem Ed. hefir felt burtu. Strigi til umbúða (Hesian) er aldrei nefndur á farmskrá.

Eg álít alveg óþarft að vera að færa þessa vöru til. Hún er mjög létt og procentugjaldið legst ekki þyngra á hana en hverja aðra ódýra vefnaðarvöru.

Eg vil benda á það, að þegar þessi lög urðu kunn, bárust stjórninni nokkrar umkvartanir um einstaka liði þeirra. Stjórnin tók þær til greina og ber samkvæmt þeim þetta frumv. fram. Þetta virðist mér menn ættu að láta sér nægja.

Þó eg sé hlyntur sjávarútveginum, þá vil eg ekki vinna svo mikið til að hlynna að honum að eg vilji eyðileggja grundvallarstefnu vörutollslaganna.

Prósentugjaldið af segldúk er ekki hærra en 2—$2^1/_2$ %. Það er auðvitað gott að hlynna að sjávarútveginum. En þegar ekki er um meira að ræða en 2% af ódýrri vöru, þá álít eg ekki tilvinnandi þess vegna, að brjóta »principið« í heilum lagabálki.

Háttv. 2. þm. Rvk. (J. J.) sagði, að svo væri með flestar vörur, að hægt væri að nota þær sem skálkaskjól til þess að skjótast undan hærra tolli. Það er einmitt að koma í veg fyrir það, sem eg er að reyna. Hann sagði að vélaolía heyrði undir vélaáburð. Það getur verið mikið rétt. En ef nefndur er áburður, kæmist þar undir líka vagnáburður, sem engin ástæða er til að lækka gjaldið á, o. fl. Annars er mér þetta sérstakt ekkert kappsmál.

Fleira held eg ekki að eg þurfi að taka fram að sinni.

**Pétur Jónsson:** Eg geri það ekki að neinu kappsmáli, að brtill. mín verði

samþykt, ef aðrar brtill. verða feldar, en verði þær samþyktar, álít eg sjálfsagt að láta þessa tilfærslu milli flokka, sem frumvarpið gerir, vera bundna því skilyrði, að viðkomandi vörur verði ekki gerðar óþekkjanlegar með umbúðum. Þegar svo er, að þær eru óþekkjanlegar, má gefa þeim hvaða nafn sem er af handahófi og kemur sér þann veg undan hærri tolli, eins og eg tók fram í fyrri ræðu minni. Þetta getur ekki komið í bág við tilgang laganna, vegna þess, að í óþekkjanlegum umbúðum eru ekki aðrar vörur en þær sem þola talsvert vörugjald. Ef t. d. flutt er svo mikið af segldúk, að það varði miklu fyrir gjaldið, þá má hafa hann í sérstökum pökkum, og svo um búnum, að hann þekkist. Sama máli gegnir um netjagarn og fleira. Auðvitað er ekki tilgangurinn að lögreglustjóri hafi eftirlit með því, hvernig varan er útbúin, Mín meining er það eitt, að hún verði réttilega tekin upp á farmskrá.

Eg skal nefna nokkrar vörur til sönnunar máli mínu. T. d. er hægt að hafa »brýni« í sérstökum kössum, svo gisnum, að sjáist hvað í þeim er. Um »saum« og »ljáblöð« er öðru máli að gegna, en þau þola líka hærra gjald. Um »steðja« er það að segja, að séu þeir svo stórir, að hægt sé að hafa þá í sérstöku »collo« þá falla þeir í lægri flokk. En sé um smásteðja að ræða, þá eru þeir hafðir í umbúðum innan um annað, en þeir þola líka hærra gjald.

Svona gæti eg haldið áfram að telja margar vörur, ef þörf væri á.

Og loks vil eg geta þess, að eg þekki ekki mörg dæmi þess, ef þau eru nokkur, að vara, sem ber utan á sér, hverrar tegundar hún er, sé færð undir fölsku nafni eða röngu á farmskrá, enda væri það ábyrgðarhluti meiri en vörutollinum nemur. Hitt er þar á móti algengt um vörur í umbúðum, að þær eru ekki með réttu nafni á farmskrá.

**Bjarni Jónsson:** Eg gæti, eins og háttv. þingm. S.-Þing, staðið hér í allan dag og talið upp vörur, sem hægt væri að setja í umbúðir og skrifa svo utan á að alt önnur vara væri í umbúðunum. Menn gætu sett sóda í stað demanta, kol í stað gulls o. s. frv. Það þýðir ekki að standa hér og segja það sem allir vita, að það er hægt að skrifa vitlaust utan á alla bögla.

Spurningin er að eins sú, hvort þessar breytingar, sem hér er farið fram á, geri hægara að svíkjast undan tolli en áður. Og til þess eru ekki miklar líkur, þar sem allar breytingar eru gerðar í samráði við tollheimtumann.

Háttv. 2. þm. S. Múl. (G. E.) hélt, að við gerðum einhvern óvinafagnað, ef við legðum toll á aðflutta báta, vegna þess að Austfirðingar kynnu ekki að smíða þá. Eg á bágt með að trúa þessu Mér er kunnugt um að á Breiðafirði eru menn færir um, að smíða ina beztu báta, sem jafnast fullkomlega á við norska báta. Eg gæti trúað, að Íslendingar væru líka hagir, þótt þeir byggju á Austfjörðum. Íslendingar eru með beztu bátasmiðum, lagið er ágætt og hafi þeir tekið útlent lag til fyrirmyndar, þá hafa þeir alt af bætt það. Eg hefi haft tækifæri til þess að reyna þetta sjálfur, þar sem ekki var um annað en lífið að tefla. Það væri því ilt ef sú stefna kæmist að, að leggja þröskuld í veginn fyrir íslenzkan iðnað, með því að tolla þá vöru, er Íslendingar búa til, en láta sömu vöruna vera tollfría. ef hún er búin til í útlöndum. Af sömu ástæðum vill nefndin undanþiggja pappír tollinum, því að með pappírstolli er lagður tollur á innlenda bókagerð. Því að með því að undanskilja pappír, sem er í bókum, sem fluttar eru frá útlöndum, verður

þessi niðurstaðan, að Islendingar verða að borga toll af þeim bókum, sem hér eru gefnar út. Þetta er ekki annað en að verðlauna menn fyrir að láta prenta bækur sínar í útlöndum.

Þá þótti háttv. þingmanni undarlegt, ef fara ætti lengra í breytingunum en þjóðin hefir krafist. En hver hefir farið fram á meira? Stjórnin hefir tekið nokkrar umkvartanir manna til greina og komið með þetta frumv. Hér hefir ekki verið bætt öðru við en gjaldi á aðfluttum bátum, og það hefir verið gert samkvæmt tillögum umboðsmanna bæjarfógeta.

Eg hefi ekki á neinn hátt getað sannfærst af röksemdum, þeim er þessir hv. þingmenn hafa komið með. Eitt sem þeir hafa sagt, er að málið muni ekki ganga fram í efri deild með þessum breytingum; en ef efri deild ekki vill fallast á það svo breytt, er eigi lengi verið að bregða öðru eins máli og þessu í Sameinað þing.

**Matthías Ólafsson:** Mér virðist hafa komið fram dálítill misskilningur á orðinu »strigi«. Það er auðséð á frv. frá efri deild, að þar hafa menn skilið ið sama við segldúk og striga, því að þar stendur: »Strigaábreiður (hvort sem þær eru tjargaðar, farfaðar eða eigi)«. Hér er átt við það, sem á lélegu máli er kallað »presenning«, og mætti vel kalla umbúðastriga. Það er aðallega þessi tegund, sem eg vildi undanþiggja hærra gjaldi. Í frumvarpinu frá efri deild stendur enn fremur: »Vélaolía til áburðar«. En eg veit ekki betur, en að öll vélaólía sé notuð til áburðar nema steinolía, en við hana getur ekki verið átt. En öll áburðarolía ætti ekki að vera í sama flokki; saumaolía ætti að vera langtum hærra tolluð en vanaleg mótorolía, því hún er alt að hundraðfalt dýrari en hin.

Þá kem eg að því, sem háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) sagði um bátana, var margt rétt af því sem hann sagði. Það er engin ástæða til að leggja toll á smábáta, sem koma frá útlöndum; aftur á móti væri rétt að tolla vélabátana, því þar er um samkeppni við íslenzkan iðnað að ræða. Auk þess eru vélabátar, þeir sem koma frá útlöndum, vanalega svo illa smíðaðir að þeir eru ekki nema 2—3 ár gestir hér, meira að segja oft alls ekki haffærir. Það er því enginn skaði að því, að þeir séu tollaðir og það talsvert hátt.

Það er vitaskuld, að á Austurlandi eru smíðaðir smábátar; en þeir bátar verða helmingi dýrari en bátar þeir sem fluttir eru frá Noregi. Norskir smábátar kosta 60—70 kr., en fyrir íslenzkan tvíróinn bát verða menn að gefa alt að 150 kr. Norsku bátarnir eru auk þess langtum léttari og ekki eins þéttbentir og íslenzku bátarnir; og það sem verst er, slíka báta er ekki hægt að byggja hér á landi af því efnið í þá, breiðu borðin, fást ekki.

Eg held því, að réttast væri að tolla ekki smábátana, heldur mótorbátana, því allir þeir mótorbátar, sem fyrst komu hingað til landsins, voru alt of litlir og auk þess svo illa smíðaðir, að þeir voru með öllu óhæfir hér.

ATKV.GR.:

Brt. á þgskj. 591, 1 samþ. með 12:7 atkv.

Brt. á þgskj. 591, 2 samþ. með 14:1 atkv.

Brt. á þgskj. 591, 3 samþ. með 10:5 atkv.

Brt. á þgskj. 591, 4 samþ. með 13:8 atkv.

Brt. á þgskj. 616, 1 samþ. með 14 shlj. atkv.

Brt. á þgskj. 616, 2 samþ. með 10:4 atkv.

Brt. á þgskj. 591, 5 samþ. með 14 shlj. atkv.

Frv. svo breytt samþ. með 14 shlj. atkv.

Endursendist efri deild.

---

FRUMVARP til laga um hagstofu Íslands (594); 3. umr.

**Framsögum. minni hl. (Einar Jónsson):** Þegar þetta mál var hér til 2. umr. í deildinni 27. þ. m., urðu að vísu ekki eins miklar umræður um það og búast hefði mátt við, og þess vegna varð eg of seinn að mótmæla ýmsum atriðum, sem komu fram gegn minni skoðun og verð því að taka mér leyfi til þess nú.

Að vísu furðar mig á, hversu ástæðurnar voru veigalitlar, þegar aðrir eins mælskumenn og hæstv. ráðherra og hinir aðrir, sem tóku til máls, settu málið á odd eins og kallað er. Sannar það minn málstað sem sannan og réttan. Hæstv. ráðherra komst t. d. þannig að orði, að ekki ætti að horfa í þann litla kostnaðarauka, sem af þessu leiddi. Það mundi margborga sig að leggja út í hann. En sér ekki hæstv. ráðherra það sjálfur jafnvel og hver annar þingmaður, sem vill athuga orsakir og afleiðingar, að kostnaðaráætlun um útgjöld, þau sem hagstofan hefir í för með sér, liggur ekki fyrir nema að nokkru leyti. Menn sjá að eins, að hér er byrjað með 7500 kr. í laun og stofnkostnað, en alt annað vantar áætlun yfir. Mundi slíkur undirbúningur vera talinn ónógur af mér og öðrum sérstökum þm. Hæstv. ráðherra vitnaði til landsreikninganna, sem sýndu, hve mikið verk hér lægi fyrir. Eg neita því ekki, að verkið sé mikið og vandasamt, en eg neita hinu, að þingm. hafi leyfi til þess að horfa á sæmilega vellaunaða embættismenn vinna að eins 4—6 stundir á dag og að þeir séu svo annað tveggja að taka sér aðstoðarmann eftir þörfum eða viuna sjálfir fyrir aukaborgun ina aðra klukkutíma dagsins Enginn sanngjarn ráðherra ætti að stuðla að slíku. Hér vantar áreiðanlega kostnaðaráætlun fyrir hagstofuna alla, og hér vantar sönnun fyrir því, að hagskýrslurnar verði betur úr garði gerðar en verið hefir. Þessu máli á því að fresta að þessu sinni.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) talaði líka um þetta mál. Ástæður hans voru sem endranær sjálfum honum líkar. Hann kvað hér um sáralítið minni kostnað að ræða. Þetta er engin viss áætlun og naumast frambærileg frá riddara í reikningi.

Hann kvað ilt að vera alt af að skifta um starfsmen við þetta starf. Getur vel verið satt. En eg hygg að hvort sem tilkvaddir menn vinna að hagskýrslunum í stjórnarráði eða nýrri hagstofu, að þá geti landinn fundið þá jafnt á báðum stöðum og margar aðrar orsakir komið á daginn, sem geri mannaskifti sjálfsögð, t. d. það, að þeir reynist verkum sínum ekki vaxnir, líkt og hefir komið fyrir um þá menn í heiminum, sem nefndir hafa verið viðskiftaráðunautar.

Þá vildi hann álita, að þessi hagstofa yrði til þess að auka lánstraust landsins. Vitanlega færði hann engar ástæður fyrir því frekara. Vanta því sannanir einnig um það atriði á svipaðan hátt og 1909, þegar löggjafarþingi Íslendinga var sannað með órengdum dæmum, að viðskiftaráðunautur hlyti að auka lánstraust landsins — eg tala nú ekki um árið 1911, þegar alt átti að falla í ljúfa löð, ef maðurinn héti bara Bjarni Jónsson.

Slíkar ástæður tek eg ekki gildar þegar um töluverðan kostnaðarauka er að ræða á annara fé.

Það sem háttv. þingmaður mintist á reikningskunnáttu mína og þekking á öðrum efnum, hrynur af mér eins og smá-vatnsdropar og get eg því slept að minnast á það, en bið hann að eins að segja mér. hve mikinn þunga af kaffi, sykri og exporti hann fengi fyrir eina krónu, þar sem kaffið kostaði 0,75 au. pundið, sykur 0,37 og export 0,49 — jöfn þyngd af hverri tegund fyrir sig.

Háttv. 1. þingm. S.-Múl. (J. Ol.) var ekki samþykkur háttv. þingm. Dal. (B. J.); áleit að kostnaðurinn yrði töluvert hærri, en mundi samt borga sig. Er eg honum að sumu leyti samdóma.

En hvernig sem á málið er litið, sést það glögt, að nægan undirbúning vantar til þess að forsvaranlegt sé að samþykkja það á þessu þingi. En eftir því fylgi, sem þetta mál hefir fengið hér í deildinni, býst eg ekki við, að mikið stoði þótt mótmæli komi fram.

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. með 12:3 atkv.

Endursendist efri deild.

---

FRUMVARP til til landskiftalaga (272, n. 583, 584); 2. u m r.

**Framsögum. (Sigurður Sigurðsson):** Eg geri ráð fyrir að háttv. deildarmenn séu að sjálfsögðu búnir að kynna sér breytingartill. frá landbúnaðarnefndinni við þetta frv. á þgskj. 584. Það ætti því að vera óþarft að lýsa þeim frekar en þær gera sjálfar, eða skýra þær. Hins vegar skal eg geta þess, að flestar breytingarnar eru að eins orðabreytingar. Það er að eins breyt.till. við 8. gr. sem gæti kallast efnisbreyting, en skiftir þó ekki miklu máli. Hún fer að eins fram á að gera greinina, sem um er að ræða, aðgengilegri, eins og menn geta séð með því að bera þær saman. Skal eg að eins geta þess, að í frumvarpsgreininni er gert ráð fyrir, að ef einhver hefir ræktað hluta úr óskiftu landi, skuli landinu skift, eins því ræktaða sem inu órækt-aða, milli allra þeirra sem þar eiga hlut að máli. Þetta þótti nefndinni nokkuð hart aðgöngu og vildi milda það með því að ákveða, að sá sem ræktað hefði landið, ætti forgangsrétt að því, og rétt á að kaupa það eftir mati.

Allar aðrar breyt.till. eru orðabreytingar, svo um þær þarf ekki að ræða.

Í þetta sinn vill svo til að háttv. þm. Dal. (B. J.) hefir ekki einu sinni gert áreining. Mun það spónnýtt í þingsögu hans að þessu sinni og ætti að vera trygging fyrir því að óhætt væri að greiða atkvæði með breyt.till.

ATKV.GR.:

Breyt.till. á þgskj. 584, 1, sþ. með 13 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, sþ. með 16 shlj. atkv.

2. og 3. gr. sþ. með 16 shlj. atkv.

Breyt.till. á þgskj. 584, 2, sþ. með 16 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, sþ. með 16 shlj. atkv.

5. gr. sþ. með 16 shlj. atkv.

Breyt.till. á þgskj. 584, 3, sþ. með 16 shlj. atkv.

Breyt.till. á þgskj. 584, 4, sþ. með 16 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, sþ. með 16 shlj. atkv.

7. gr. sþ. með 16 shlj. atkv.

Breyt.till. á þgskj. 584, 5, samþ. með 16 shlj. atkv.

8. gr. þar með ákveðin.

Breyt.till. á þgskj. 584, 6. samþ. með 16 shlj. atkv.

Breyt till. á þgskj. 584, 7, samþ. án atkvgr.

9. gr., þannig breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

Breyt,till. á þgskj. 584, 8, samþ. með 15 shlj. atkv.

10. gr. þar með ákveðin.

Breyt.till. á þgskj. 584, 9, samþ. með 14 shlj. atkv.

11. gr. þar með ákveðin.

12. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Breyt.till. á þgskj. 584, 10, sþ. með 15 shlj. atkv.

13. gr., þannig breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

14. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Breyt.till. á þgskj. 584, 11, samþ. með 13 shlj. atkv.

15. gr., þannig breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn var samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

---

FRUMVARP til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um in sérstaklegu málefni Íslands 5. Jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. Okt. 1903 (551, 557, 578, 604, 614, 615); 3. umr.

**Forseti (M. A.):** Þetta mál tek eg út af dagskrá samkvæmt ósk nefndarinnar. Um leið vil eg geta þess, að mikill fjöldi af breytingartillögum er kominn fram við frumvarpið, og sambend þeirra við frumv., og eins og sambandið þeirra á milli innbyrðis er þannig lagað, að varla er mögulegt að bera þær þannig upp, að hægt sé að greiða um þær atkvæði. Eg vil því skjóta því til háttv. þingm., hvort ekki væri mögulegt að þeir gætu komið sér saman um, að greiða eitthvað úr flækjunni. Ef það væri mögulegt, þá væri það mjög æskilegt.

---

FRUMVARP til laga um heimild til að veita einkaréttindi til þess að vinna salt o. fl. úr sjó (530, 611); 2. umr.

**Framsögum. (Matthías Ólafsson):** Nefndin, sem hefir haft þetta mál til meðferðar, hefir tekið til greina að öllu leyti þær bendingar, sem hún fékk við 1. umræðu þessa máls. Brt. á þgskj. 611 gengur í þá átt, sem nefndinni var bent á. Nefndin hefir ekki afnumið gjaldið alveg, en hún hefir lækkað það að miklum mun. Hr. Páll Torfason hefir séð þessa tillögu nefndarinnar, og tjáð sig því ekki mótfallinn, þótt hann helzt hefði kosið að gjaldið hefði verið alveg afnumið.

Þetta mál fékk svo góðar undirtektir við 1. umræðu, að eg býst við, að það gangi umræðulaust fram nú. Ef mótmæli koma fram, þá mun eg segja nokkur orð.

**Kristinn Daníelsson:** Eg vildi að eins spyrjast fyrir um, hvort nefndin hefði í ógáti breytt 3. málsgr. 5. greinar. Mér skildist svo á háttv. framsögum., að nefndin hefði ekki breytt öðru en 5 % hækkuninni að 10 árum liðnum. Mér finst líka nægilegt að leyfishafi greiði þetta eina gjald.

Það var að eins þetta sem eg vildi spyrja að, hvort gert hefði verið í ógáti.

**Framsögum. (Matthías Ólafsson):** Eg held eg megi fullyrða, að breytingin hefir ekki verið gerð í ógáti. Það hefir verið minst á, að skatturinn væri alt of hár. Hér er því breytt, en hlutinn er bara lækkaður um 50 aura.

**Pétur Jónsson:** Eg vildi að eins geta þess, að það var ekki fyrir gleymsku að nefndin feldi ekki burtu 3. málsgr. þ. e. um tvöföldun gjaldsins eftir 10 ár. Nefndin lítur svo á, að sé 50 aura gjald ekki of hátt nú, þá muni helmingi hærra gjald ekki verða of hátt eftir 10 ár. Það er heldur ekki skylda að hækka

gjaldið. Það er að eins veitt heimild. Ef leyfishafi ekki getur unað við hækkunina, þá myndi lögunum ekki verða beitt svo hart.

ATKV.GR.:

1., 2. og 3. gr. samþ. með 15 samhlj. atkv.

Brt. á þgskj. 611, 1 samþ. með 16 shlj. atkv.

4. gr. sjálffallin.

Brt. á þgskj. 611, 2 samþ. með 18 shlj. atkv.

5. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brt. á þgskj. 611, 3 samþ. með 16 shlj. atkv.

6. gr. frv. þar við sjálffallin.

7. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkv.gr.

Frumvarpinu vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

---

FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr. 18, 3. Okt. 1903, um kosningar til Alþingis (570); 1. umr.

**Flutningsm. (Jón Jónsson):** Eg vil leyfa mér að stinga upp á því, að málinu verði vísað til nefndar þeirrar sem var kosin í málinu um hlutfallskosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum.

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. til 2. umræðu með 14 shlj. atkv.

Vísað til hlutfallskosninganefndarinnar með 16 shlj. atkv.

---

FRUMVARP til laga um strandferðir (367, 519, 599, 607); 3. umr.

**Framsm. (Valtýr Guðmundsson):** Þetta er í raun og veru framhald 3. umr. Það kom fram í ræðu háttv. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.), að breytingartillagan frá nefndinni á þgskj. 599 gat ekki staðist nema með því móti, að gerð væri um leið breyting á 9. grein frumvarpsins. Þar hafði nefndinni yfirsézt, því að þá breytingu vantaði, og því var málið tekið út af dagskrá og geymt þangað til nú. Nú hefir nefndin komið með brtill. við 2. gr. á þgskj. 607, svo að nú er þetta lagað. Um aðrar breytingartillögur ætla eg ekki að ræða. Það var gert við fyrri hluta 3. umr. í gær. En eg vil geta annars. Nú hefir nefndinni borist skýrsla frá »Thore« yfir tekjur og gjöld af strandferðum 1912. Þessi skýrsla kemur saman við skýrslu Hendriksens til ráðherra, en sú skýrsla var af sumum talin mjög varhugaverð, af því að henni kom ekki saman við bréf Tuliniusar. Nefndin byggir reyndar á bréfi Tuliniusar sína áætlun, en þótt svo fari, að skýrsla Hendriksens reynist rétt eða samkvæm þessari síðari sundurliðuðu skýrslu, þá er það samt ekkert til hnekkis áætlun nefndarinnar.

Tulinius segir, að »Austri« hefði 1912 siglt inn 30 þús. kr. Nú upplýsist að »Austri« hefir siglt inn 50 þús. kr. Það lítur út fyrir, að Tulinius hafi ekki fengið allar upplýsingar um þetta. Sama er með »Vestra». Hlutfallið það sama, þótt það sé minna, sem hann hefir siglt inn.

Eg vil benda á, að þessi skýrsla er styrkur fyrir áætlun nefndarinnar. Útgerð skipanna verður betri en nefndin hélt, því að 1912 voru strandbátarnir 3 og landssjóðstyrkurinn skiftist þá í 4 staði (að Hamborgarferðunum meðtöldum), nú bara 2, eg allur landssjóðsstyrkurinn skiftist því á þá. Auk þessa vil eg líka benda á, að taxtinn er hærri nú en hann var 1912.

Fyrsti liðurinn í útgjöldunum er rekstrarskostnaðurinn, og er hann ekkert ægilegur, þegar miðað er við 2 skip, og hnekkir í engu áætlun nefndarinnar.

Annar liðurinn hjá Thorefelaginu er fyrir vöxtum, fyrningargjaldi, aðgerð o. s. frv. Sá liður nemur, þegar »Perwie« er frádregin, 48,892 kr. Nú er það aðgætandi, að skip félagsins eru reiknuð hærra en þau eru verð í raun og veru. Félagið bókfærir þau þrjú skipin með 500 þús. kr. verði, en sannvirði þeirra er að eins 375 þús. kr., sem sézt á því, að þegar skipin voru bygð, kostaði hvort þeirra »Austri« og »Vestri« 170,000 kr., þótt meira fengist fyrir þau, er þau voru seld, en »Perwie« var seld á 35 þús. kr. Við ina bókfærðu upphæð er fyrningargjaldið og vextirnir miðað. Hjá nefndinni nemur fyrningargjaldið eitt 45,000 kr., en vextir, aðgerð og fleira er sett í sérstaka liði. Ágóði »Thore«-félagsins af »Austra« og »Vestra« er, ef þeim er reiknað alt landssjóðstillagið, 39,082 kr., en nefndin áætlar ágóða af 2 skipum 37,000 kr.

Ef nú væri tekið með í reikninginn, hve taxtinn hefir hækkað frá því að Thorefélagið hafði hér strandferðir, mundi ágóði þess hafa orðið 59 þús. kr. Þetta er ómótmælanlegt. Að tap hefir orðið hjá Thorefélaginu á strandferðunum, liggur í því, að strandferðaskipin voru þrjú og að verð skipanna var of hátt bókfært, svo að fyrningargjald og vextir urðu of háir. Það er síður en svo að þessi skýrsla sé fráfælandi fyrir þingmenn, þegar um það er að ræða að landssjóður taki að sér útgerð strandferðaskipanna, heldur þvert á móti styður hún nefndina og sýnir, að nefndin hefir farið gætilega í áætlun sinni. Með skýrslunni er sýnt, að nefndin hefir gert ráð fyrir minni tekjum af »Austra« en var í raun og veru.

Eg vonast því til að þessi skýrsla verði til þess að styrkja menn enn betur í trúnni á það, að áhættan verði ekki mikil fyrir landssjóð, en samt heldur nefndin fast við það, að strandferðirnar verði fyrst og fremst reknar af inu fyrirhugaða Eimskipafélagi, en ella af landssjóði, sem alls ekki verður að teljast ægilegt, sízt eftir að þessi skýrsla er fram komin.

**Ráðherrann (H. H.):** Að eins örstutt. Eg vil geta þess, að in umrædda skýrsla er til mín komin privat og afhenti eg hana nefndinni í því skyni að bætt væri úr röngum áburði, sem herra Hendriksen varð fyrir af ýmsum, jafn vel háttv framsögumanni sjálfum, við 2. umr. Vildi eg með því gefa honum kost á að afturkalla ummæli sín um þennan heiðursmann, svo sem hverjum heiðursmanni ber, er hann hefir haft annan fyrir rangri sök. Annar var ekki tilgangur minn. Mér virðist þessi afsökun ekki koma nægilega skýrt fram hjá heiðruðum framsögum., að minsta kosti ekki eins skýrt og skorinort og skylt er hverjum þeim sem hefir borið annan ómaklegum getsökum.

**Björn Kristjánsson:** Eg ætlaði að gera örstuttar athugasemdir út af ræðu háttv. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.) í gær, út af tillögu hans á þgskj. 519, en komst þá ekki að.

Aðalástæða hans fyrir tillögunni er sú, að hann álítur það ábatasamara að strandferðabátarnir væru í sambandi við millilandaferðir. Þessu heldur hann fram þrátt fyrir það, að það er upplýst, að strandferðirnar báru sig 1912 út af fyrir sig. Með öðrum orðum, þrátt fyrir það að strandferðaskipin þurftu *ekkert að flytja* frá útlöndum. Báru sig eingöngu á innanlands flutningsþörfinni. Svo var flutningaþörfin mikil innanlands. Inn háttv. þm. óttaðist samkepni útlendra félaga. Ef landssjóður tekur að sér útgerð strandskipanna, þá er alveg girt fyrir að nokkurt félag, jafnvel ekki Sameinaða gufuskipafélagið, láti sér

koma til hugar að keppa við landssjóð, svo þar með er fengin full trygging fyrir, að útgerðin muni borga sig, eins og margbúið er að sýna fram á. Enn fremur er þess að gæta að allar líkur eru til þess, að tekjurnar af strandferðunum aukist til muna þegar höfnin er fullgerð hér í Reykjavík, og við það að menn fara að fá förur sínar beina leið í stað þess að fara í krókaleiðir eftir þeim. Það þarf því ekki að óttast, að skipin fái ekki nóg að gera. Fremur má búast við því, að þau verði of lítil og of fá.

Eg skil því ekki að þetta geti verið aðalástæða ins háttv. þm. til að vera á móti landssjóðsútgerðinni. Eg hygg að hann hafi einhverja aðra ástæðu, sem hann vill ekki nefna, ef til vill þá, að hann treysti ekki stjórninni og búist við að alt fari í handaskolum, líkt og fór um »Vestu«-útgerðina. Eg fyrir mitt leyti ber svo mikið traust til stjórnarinnar, að hún geti framkvæmt þetta, þar sem hún getur kvatt beztu menn landsins sér til ráðuneytis. Eg treysti stjórninni betur til þess að kaupa þessa smábolla og álít hana hafa betri tök á því og að halda þeim úti, heldur en ómentuðum sjómanni til þess að kaupa sér fjögra manna far, og að halda því úti, sem venjulega gengur vel.

Inn háttv. þm. telur, að ferðirnar muni ekki borga sig, þrátt fyrir það þó það sé sannað eins og tveir og tveir eru fjórir, og vill því fresta málinu til næsta þings. Til þess sé eg enga ástæðu; ef eitthvað þykir athugavert við lögin, þá má gera breytingu á þeim á næsta þingi.

Það liggur í hlutarins eðli, að landið á sjálft að hafa strandferðirnar, og það er mín skoðun, þótt eg til samkomulags hafi getað fallist á að fyrst sé leitað samniuga um strandferðirnar við ið fyrirhugaða Eimskipafélag.

Inn háttv. þm. sagði, að í frumvarpinu væri blandað saman ólíku efni. Því verð eg að mótmæla. Frumvarpið fer sem sé ekki fram á annað en það, að ef ekki takakast samningar við Eimskipafélagið, skuli ráðherra hafa heimild til að ákveða, hvort landssjóður skuli taka að sér útgerð strandferðaskipanna eða ekki.

Eg skal taka það fram út af ræðu hæstv. ráðherra, þar sem hann áleit þá menn skylda að gera drengilega afsökun við herra Henriksen, sem efa höfðu borið á vottorð hans um daginn, að þá vil eg geta þess, að það vottorð var einungis gefið í þeim tilgangi að hnekkja áætlun nefndarinnar og gera hana tortryggilega í augum manna, og þannig var vottorðinu beitt hér. Þess vegna er eg ekki tilleiðanlegur til að taka aftur nokkur þau ummæli, sem eg hefi haft um téð vottorð.

**Ráðherrann (H. H.):** Eftir því sem mér skildust orð háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.), gefur hann það fyllilega í skyn, að vottorð herra Hendriksens hafi verið gefið af honum að fyrrabragði til að blekkja þingið.

Um leið og eg vísa þessum ósæmilegu aðdróttunum aftur, vil eg lýsa yfir því, að vottorð Hendriksens er svo til komið, að einn maður úr samgöngumálanefnd Ed., sem eg get nafngreint ef vill, bað mig að spyrja Hendriksen þess, hver útgjöld Thorefélagið hefði haft af strandferðaskipunum. Samkvæmt þessu bað eg herra Hendriksen um skýrslu í þessu efni, er hann góðfúslega lét mér í té og eg síðan nefndiuni. Það er því gersamlega tilhæfulaust að segja, að vottorðið sé framboðið af honum til þess að hnekkja áætlun nefndarinnar. Það er gefið til að upplýsa sannleikann, eftir beiðni þeirra, er þingið fól að leita hans í þessu efni. Enda hefir það reynst rétt í hverju einasta atriði, gagnstætt skýrslu

annars manns, sem nefndin útvegaði, sem ekki hefir reynst fyllilega rétt, enda var ekki við því að búast, þar sem þann mann vantaði öll skjöl og skilríki til þess að geta gefið fullar upplýsingar.

**Ólafur Briem:** Eg hafði ekki ætlað mér að standa upp nú, en háttv. 1. þm. G.-K. (B Kr.) hefir neytt mig til þess.

Eg gat gat þess við 1. umr., að ýmsir í nefndinni mundu einmitt hallast að landssjóðsútgerð fyrst og fremst, og er það nú komið á daginn. En eins og eg tók þá fram, mun það ekki vera skoðun meiri hluta nefndarinnar, heldur mun meiri hlutinn helzt kjósa samninga við ið fyrirhugaða Eimskipafélag Íslands, og þó eg kunni að standa einn uppi í atkvæðagreiðslunni, þá er eg þess fullviss, að atkvæði margra manna eru greidd í þeirri von, að ekki þurfi að koma til landssjóðsútgerðar.

Inn háttv. 1. þingm. G.-K. (B. Kr.) sagði, að ekki væri hætt við að önnur félög mundu keppa við landssjóðsútgerðina. Þessu og öðru eins má slá fram; úr því verður reynslan að skera. Ef háttv. þm. getur sagt þetta eftir 3—4 ár, þá er hægt að taka það til greina. Eg er í engum vafa um það, að Sameinaða félagið heldur áfram að flytja vörur þangað sem bezt borgar sig, á stærstu hafnirnar, og mundu því landssjóðsútgerðar-skipin aðallega flytja vörur á ina minni hafnarstaði.

Sami háttv. þm hélt, að stjórninni væri engin vorkunn að sjá um framkvæmd þessa máls. Eg þykist nú ekki hafa minna traust á stjórninni en ýmsir aðrir, en samt treysti eg henni ekki fyllilega í þessu efni. Eg efast um að nokkur maður í stjórnarráðinu hafi vit á þessu máli, og er þá enginn annar vegur en að stjórnin feli öðrum framkvæmd þess. Nú sýnir reynslan yfirleitt, að fyrirtæki bera sig ekki vel, nema því að eins að sá sem yfirstjórnina hefir, hafi þekkingu út í yztu æsar á hverju einstöku atriði, sem fyrirtækið varðar. Í öðru eins fyrirtæki og þessu verða öll smáatriði þýðingarmikil þegar þau koma mörg saman.

Sami háttv. þm. sagði, að það væri óyggjandi sannað. að landssjóðsútgerðin muni borga sig. Eg hefi nú engar sannanir heyrt í þessa átt enn. Alt það sem formælendur frumvarpsins hafa sagt, er bygt á líkindareikningi. Þótt samgöngumálanefndin sé vel skipuð og þótt hún sé tvöföld í roðinu, þá er það til of mikils ætlast, að hver einstakur þingmaður beygi sig fyrir skoðun hennar. Annars álit eg að þessi deila sé gagnslaus nú. Málið gengur sem má, og reynslan verður að skera úr, hvað vel það gefst.

**Framsm. (Valtýr Guðmundsson):** Það eru að eins örfá orð. Hæstv. ráðherra var með ákúrur til mín út af því, að eg hefði ekki tekið aftur ummæli mín hér í deildinni um reikninga Hendriksens. Eg hefi ekkert að taka aftur. Eg tók það fram, að tölurnar hjá Hendriksen kæmu heim við tölurnar í bókunum. Hitt stend eg við, að fyrning og vextir eru of hátt reiknaðir, þar sem skipin hafa verið metin meira en þau voru verð, og þar sem fyrning er miðuð við alt árið, en Hendriksen gerir ráð fyrir að skipin væru ekki í förum á vetrum. Það gerir ekki svo lítinn mismun, að þau standa uppi allan veturinn og hafa stöðugt eftirlit með þeim, eins og hann líka gerir ráð fyrir. Og ráðherra hefir sagt mér, að Austri og Vestri muni ekki hafa verið í förum að vetrinum. En það er alls ekki tilætlunin með þau skip, sem frumv. getur um. Þau eiga að vera í förum allan veturinn.

Viðvíkjandi því, sem háttv. 1. þm.

Skgf. (Ól. Br.) tók fram, að stjórnin muni ekki hafa nægilega þekkingu til að sjá um útgerðina, þá er því ekki öðru að svara en því, að frumv. leggur einmitt til að fé verði veitt til aðstoðarmanns stjórninni í þessu efni.

**Ráðherrann (H. H.):** Háttv. framsögum. (V. G.) sagði ekki fyllilega rétt frá, að eg hefði tjáð honum að skipin hafi ekki verið í förum á vetrum. Hitt sagði eg við hann, að eg vissi ekki til þess. En nú minnist eg þess, að skipin komu hingað stundum í desembermánuði til flutninga milli landa. Þetta gerir þó engan mun, því í skýrslunni mun vera talið alt það, sem skipin kostuðu og alt það sem þau »sigldu inn« árið um kring.

En þó að svo væri ekki, þá gerir háttv. framsögum. of mikið úr mismuninum, sem komi fram við það, að vextir og amortisation er reiknað fyrir alt árið. Það munar sárlitlu, vegna þess að skipin vorn meira en tvo þriðjunga bundin við ferðir hér við landið.

Hvað það snertir, að skipin væru of hátt bókfærð, þá getur hann ekkert um það sagt, enda snertir það ekki áreiðanleika skýrslu þeirrar, sem hr. Hendriksen hefir gefið. Og það dugar ekki í því efni að vísa til söluverðsins á »Perwie«, sem félagið tapaði á. Félagið hefir auðvitað orðið að borga rentu af þeim höfuðstól, sem skipin stóðu með í bókunum.

Satt að segja finst mér ekki ástæða til fyrir okkur til að halda að við höfum betra vit á þessu heldur en allir þeir menn, sem hafa gert upp »bú« Thorefélagsins og slegið föstu, hvernig status var. Eg held það sé ekki of mikil hógværð þó við viðurkennum að þeir muni færa bækurnar eftir því sem rétt er og tíðkanlegt.

**Björn Kristjánsson:** Háttv. 1. þm. Skgf. (Ól. Br.) sagði, að það væri hægra að segja það en sanna, að samkepni mundi ekki myndast, ef landssjóður taki að sér strandferðirnar. Hann hélt að Sameinaða félagið mundi þá taka upp á því að koma á fleiri hafnir en nú En það var ekki þetta, sem eg átti við. Eg átti við það, að ekkert félag mundi mynda samkepni á þann hátt, að setja á stofn nýjar strandferðir. Við vitum allir, að þó Ísland sé smátt, þá er ekki útilokað að þingið tæki, til sinna ráða til þess að vinna bug á samkepninni. Það er naumast til það félag, sem þori að keppa við nokkurt löggjafarvald, ef menn standa fastir fyrir.

Þá spurði háttv. þm. um það, hvort menn vissu til að það ætti sér nokkurstaðar stað, að löndin tækju að sér fyrirtæki, án þess að sá er æðsta vald hefði bæri nokkurt skyn á málið. En hér á Íslandi er ekki öðru máli að gegna en erlendis. Hvaða vit ætli ráðherrarnir hafi á póstmálum, símamálum, samgöngumálum og öðrum þeim málum, er undir þá heyra? Auðvitað verða þeir að hafa menn sér til aðstoðar, sem vit hafa á, og nota þekkingu þeirra sér til leiðbeiningar.

Viðvíkjandi tapi á strandferðunum þá langar mig til að spyrja, hvort menn halda að félagið, sem nú rekur þær, beri tapið, ef nokkurt er. Nei, það eru Íslendingar! Stjórnin verður að ganga að hörðum kostum um millilandaferðirnar. Hvers vegna eigum við þá ekki eins að bera þetta tjón *beinlínis* og fá að vita, hve tapið er mikið. Það hygg eg vera réttara heldur en að láta útlent félag *eftirlitslaust* nefna stjórninni þessar og þessar tölur, sem það tapi. Hvers vegna megum við ekki reyna sjálfir, hvað tapið er í raun og veru, þegar landið verður hvort sem er að bera það?

Fleira var það ekki, sem eg þurfti að taka fram.

ATKV.GR.:

Brt. á þgskj. 519, 1, samþ. með 15 shlj. atkv.

Brt. á þgskj. 599 þar með óþörf.

Brt. á þgskj. 519, 2, feld með 15 : 4 atkv.

Brt. á þgskj. 599, 2, samþ. með 21 shlj. atkv.

Brt. á þgskj. 519, 3, feld með 18 : 4 atkv.

Brt. á þgskj. 607, samþ. með 21 shlj. atkv.

Brt. á þgskj. 519, 5, fallin.

Brt. á þgskj. 519, 4, tekin aftur.

Brt. á þgskj. 519, 6, sömuleiðis.

Frumv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Fundi slitið.

## 47. fundur.

Laugard. 30. Ágúst 1913, kl. 12 á hád.

Dagskrá:

1. Frv. til laga um lögreglusamþykt og byggingarsamþykt fyrir Vestmanneyjasýslu (179); 3. umr.
2. Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1910 og 1911 (stj.frv., n. 575, 576); 2. umr.
3. Frv. til laga um samþykt á landsreikningnum fyrir árin 1910 og 1911 (stj.frv., n. 590 og 592); 2. umr.
4. Frv. til laga um heimild fyrir landstjórnina til að selja prestinum að Kolfreyjustað landspildu í Innri-Skálavik (237, n. 595); 2. umr.
5. Frv. til laga um mannanöfn (165, n. 374, 375, n. 593); 2. umr.

---

Allir á fundi, nema þingm. Seyðfirðinga og 1. þm. Norðmýlinga, er höfðu leyfi forseta.

Fundargerð síðasta fundar samþykt og staðfest.

Forseti skýrði frá, að með bréfi, dags. 29. Ágúst, hefði forseti Ed. endursent:

Frumv. til laga um friðun æðarfugla (630) með tilmælum um, að það yrði lagt fyrir Nd. að nýju.

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið:

I. Í deildinni:

1. Nefndaráliti um frumv. til laga um forðagæzlu (617)
2. Nefndaráliti um frumv. til hafnarlaga fyrir Vestmanneyjar (622).
3. Brtill. við sama frumv. Frá fjárlaganefnd (623).
4. Brtill. við frumv. til laga um friðun fugla og eggja. Frá Guðmundi Eggerz (640).
5. Nefndaráliti um frumv. til laga um að leggja jarðirnar Bústaði og Skildinganes undir lögsagnarumdæmi og bæjarfélag Reykjavíkur. Frá meiri hlutanum (624) og minni hlutanum (641).
6. Nefndaráliti um frv. til laga um hallærissjóð (625).
7. Nefndaráliti um frv. til laga um heimild fyrir stjórnarráðið til þess að veita mönnum rétt til þess að vera dómtúlkar og skjalþýðendur (626).
8. Brtill. við brtill. á þgskj. 598. Frá nefndinni (627).
9. Frv. til laga um friðun æðarfugla. Eftir eina umr. í Ed. (630).
10. Frv. til laga um heimild til að veita einkarétt til þess að vinna salt o. fl. úr sjó. Eftir 2. umræðu í Nd. (634).

11. Tillögu til þingsályktunar um atkvæðagreiðslu um að nema úr gildi lög nr. 44, 30. Júlí 1909, um aðflutningsbann á áfengi. Flutningsmenn Guðm. Eggerz og Valtýr Guðmundsson (635).
12. Frumv. til landskiftalaga. Eftir 2. umr. í Nd. (636).
13. Nefndaráliti um frumv. til laga um friðun fugla og eggja (637).
14. Nefndaráliti um frumv. til laga um málskostnað (643).
15. Brtill. við brtill. á þgskj. 614 við stjórnarskrárfrv. Frá Sig. Sigurðssyni og Þorl. Jónssyni (644).
16. Brtill. við brtill. á þgskj. 594. Frá reikningslaganefnd (645).
17. Alþingistíðindum 1913 A, 12. hefti.
18. Framhaldsnefndaráliti um frv. til girðingalaga (642).

II. Frá efri deild.

1. Nefndaráliti um frumv. til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbankans til að gefa út 4. flokk (serie) bankavaxtabréfa (628).
2. Brtill. við sama frv. Frá nefndinni (629).
3. Frv. til laga um hagstofu Íslands. Eftir 3. umr. í Nd. (631).
4. Frv. til laga um breyting á lögum um vörutoll, 22. Okt. 1912. Eftir eina umr. í Nd. (632).
5. Frv. til laga um viðauka og breyting á lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða, frá 12. Janúar 1884. Eftir 2. umr. í Ed. (638).
6. Frv. til laga um strandferðir. Eftir 3. umr. í Nd. (639).

III. Frá Sameinuðu Alþingi:

Brtill. við frv. til laga um vatnsveitingar. Frá meiri hluta landbúnaðarnefndarinnar í Nd. (633).

Þá var gengið til dagskrár og tekið fyrir:

FRUMVARP til laga um lögreglusamþykt fyrir Vestmanneyjasýslu (179); 3. umr.

**Framsögum. (Jón Magnússon):** Eg álít óþarft að halda nokkra ræðu í þessu máli. Vænti að það gangi fram án þess.

ATKV.GR.:

Frumvarpið samþykt með 17 samhlj. atkv. og afgreitt til Ed.

---

FRUMVARP til fjáraukalaga fyrir árin 1910 og 1911 (stj.frv. n. 575, 576); 2. umr.

**Guðmundur Eggerz:** Eg hefi ekki mikla við nefndarálitið að bæta. Sumstaðar hefir orðið nokkur ágreiningur milli stjórnarinnar og yfirskoðunarmannanna um það, hvort nauðsyn bæri til að taka upphæð upp í fjáraukalögin eða ekki.

Það hefir alt af verið skoðað sem sjállfsagt, að stjórnin leitaði aukafjárveitingar fyrir umframgreiðslunni í þeim tilfellum, þar sem upphæðirnar í fjárlögunum eru fastákveðnar eða bundnar við tiltekið hámark, en nokkuð öðru máli er að gegna um umframgreiðslur á þeim liðum, þar sem upphæðirnar eru að eins eða að nokkru leyti áætlaðar.

Þar sem nú oft er örðugt að ákveða, hvort einhver liður á að skoðast í fjárlögunum sem fastákveðinn í ofangreindum skilningi eða að eins áætlaður, hefir nefndin fylgt þeirri meginreglu, að taka umframgreiðsluna upp í fjáraukalögin, ef hún var í vafa um, hvers eðlis in upprunalega fjárveiting var í fjárlögunum.

Þá skal eg taka það fram, að nefndin telur enga hættu því samfara, þótt stjórnin láti einhvern hluta útgjaldanna lenda á næsta ári fyrir eða eftir það

ár, sem fjárveitingin er fyrir, ef greiðslan fer fram á sama fjárhagstímabilinu. Eg get þessa fyrir þá sök, að nefndin telur ekki nauðsynlegt að leita aukafjárveitingar þegar svo stendur á. Eg skal taka til dæmis, að á fjárlögum væru veittar 1000 kr. til þjóðvegar vestur á landi fyrir fjárhagstímabilið, en ekki notaðar nema 800 kr. Þá telur nefndin stjórninni heimilt að nota þessar 200 kr., sem spöruðust fyrra árið, til sama vegar árið eftir. En hitt er annað mál, og nefndin er sammála yfirskoðunarmönnunum um það, að stjórninni sé ekki heimilt, svo eg haldi mér við dæmið áðan, að nota þessar 200 kr. sem spöruðust, til vegar *annarstaðar* eða brúargerðar.

Þá skal eg og taka það fram fyrir hönd nefndarinnar, að hún hefir ekki séð ástæðu til að geta þess, hverjar upphæðir stjórnin hafi tekið upp í fjáraukalögin samkvæmt tillögum yfirskoðunarmanna. Nefndin lítur svo á, að slík upptalning hefði að eins lengt nefndarálitið að óþörfu.

Að lokum skal eg drepa stuttlega á þrjá nýja liði, sem nefndin hefir tekið upp. Í fyrsta lagi brt. við 6. gr. B. VIII. c.: Til unglingaskóla 350 kr. Í öðru lagi við 8. gr. 9: Til skóggræðslu 822 kr., og í þriðja lagi við 8. gr. 25: Til húsaskoðunar á prestsetrum 163 kr. 75 aura. Nefndin hefir komist svo að orði um þessa liði, að þeir hafi ekki verið teknir upp í fjáraukalagafrv. fyrir þá sök, að stjórnin hafi gleymt þeim, Nú er það upplýst, að ástæðan er ekki þessi, heldur sú, að frv. til fjáraukalaga var samið áður en hæstv. ráðh. hafði gefið svör sín við athugasemdum yfirskoðenda landsreikninganna. Það er því þessi ástæða til þess, að þeir liðir voru ekki teknir upp, en annars skiftir það ekki miklu máli.

ATKV.GR.:

2. gr. samþ. með 15 samhlj. atkv.

Breyt.till. 576, 2, samþ. með 17 shlj. atkv.

Breyt.till. 576, 3, samþ. með 16 shlj. atkv.

Breyt.till. 576, 4, samþ. með 17 shlj. atkv.

3. gr. svo br. sþ. með 19 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Breyt.till. 576, 5, samþ. með 15 shlj. atkv.

Breyt.till. 576, 6, samþ. með 17 shlj. atkv.

Breyt.till. 576, 7, samþ. með 17 shlj. atkv.

Breyt.till. 576, 8, samþ. með 15 shlj. atkv.

Breyt.till. 576, 9, samþ. með 16 shlj. atkv.

Breyt.till. 576, 10, samþ. með 17 shlj. atkv.

Breyt.till. 576, 11, samþ. með 15 shlj. atkv.

Breyt.till. 576, 12, samþ. án atkv., sem eðlileg afl. af fyrri atkv.gr.

5. gr. svo breytt samþ. með 19 shlj. atkv.

Breyt.till. 576, 13, samþ. með 16 shlj. atkv.

Breyt.till. 576, 14, samþ. með 14 shlj. atkv.

Breyt.till. 576, 15, sjálfsamþ.

6. gr. svo breytt samþ. með 20 shlj. atkv.

Breyt.till. 576, 16, samþ. með 17 shlj. atkv.

Breyt.till. 576, 17, samþ. án atkv.gr.

7. gr. svo breytt samþ. með 18 shlj. atkv.

Breyt.till. 576, 18, samþ. með 15 shlj. atkv.

Breyt.till. 576, 19, samþ. án atkv.gr.

8. gr. svo breytt samþ. með 19 shlj. atkv.

Breyt.till. 576, 20, samþ. með 13 shlj. atkv.

9. gr. svo breytt samþ. með 17 shlj. atkv.

10. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Breyt.till. 576, 21, samþ. með 16 shlj. atkv.

11. gr. svo br. sþ. með 18 shlj. atkv.

1. gr. breytt samkv. atkv.gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkv.gr.

Frv. vísað til 3 umr. með 21 samhlj. atkv.

---

FRUMVARP til laga um samþykt á landsreikningnum 1910—1911 (stj.frv., n, 590 og 592); 2. umr.

**Framsm. (Guðmundur Eggerz):** Að því er þetta frumv. snertir, hefir nefndin ekki haft annað að athuga en það, að tekjurnar af Arnarstapa- og Skógarstrandar-umboði eru vantaldar um kr. 406,72, og hefir nefndin leyft sér að gera beyt.till. við frumv. hér að lútandi. Samkvæmt þessu hækka tekjueftirstöðvar landssjóðs um nefnda upphæð, því þar sem landssjóður á þessa upphæð hjá umboðsmanni, eru það eftirstöðvar landssjóðs, en ekki peningaforðinn, sem hækka.

Að því er álit og tillögur yfiskoðunarmanna snertir, skal það tekið fram, að nefndin gat ekki séð ástæðu til að gera neinar sérstakar till. þar að lútandi. Þetta er ekkert nýtt, og eg held að eg fari ekki skakt með það, að eins hafi verið farið að t. d. 1905 Og af því að ágreiningurinn milli stjórnarinnar og endurskoðunarmanna er ekki mjög mikill, vildi nefndin ekki koma fram með sérstakar tillögur.

Viðvíkjandi gjaldabálkinum skal eg taka það fram, að yfirskoðunarmenn hafa viljað skjóta því undir úrskurð Alþingis, hvort vitaumsjónarmanni sé heimilt að reikna sér fæðispeninga á eftirlitsferðum sínum auk ferðakostnaðar. Það hefir nú verið upplýst, að þessi umsjónarmaður hefir reiknað sér fæðispeninga á slíkum ferðum 7—8 krónur á dag auk dagpeninga. Nefndin er þeirrar skoðunar, að þetta sé of hátt sett, en kannast hins vegar við, að það sé ósanngjarnt að láta þennan mann borga fæðispeninga af launum sínum, sem er marga mánuði ársins í burtu frá heimili sínu. Álítur nefndin hæfilegt, að hann fái 4 kr. á dag í fæðispeninga á ferðum sínum, hvort sem hann ferðast á sjó eða landi. Það kann að vera, að þetta sé nokkuð lítið, þegar um sjóferðir er að ræða, en á hinn bóginn er það meira en nóg á landferðum. Í sambandi við þetta má benda á það, að verði fæðispeningar umsjónarmanns vitanna lækkaðir, þá virðist sjálfsagt að ið sama gildi um fæðispeninga annara opinberra starfsmanna, svo sem skógræktarstjórans og landsverkfræðingsins. Annars er þetta mál ekki svo mikilsvert, að sérstakar tillögur þurfi um það, en hins má vænta, að stjórnin taki tillit til álits nefndarinnar í þessu efni.

**Lárus H. Bjarnason:** Eg þori ekki að fullyrða, að það sé einsdæmi af hendi reikningslaganefndar, að gera engar tillögur um landsreikninginn, en víst er um það, að sára-fágætt er það, enda mundi inn fróðasti maður í þessum efnum, háttv. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.), er eg hafði leitað upplýsingar hjá, ekki eftir slíku. Eg skal sem sagt ekki fullyrða þetta, en 28. gr. þsk. gerir ótvíræðlega ráð fyrir tillögum og mætti ef til vill bæta úr þessu við síðari umr.

Annars skal eg leyfa mér, að gera nokkrar athugasemdir við landsreikninginn 1910—1911. Eg býst við því, að eg megi, ekki einungis í mínu nafni, heldur og meðendurskoðanda míns, geta þess,

að það er mjög nauðsynlegt, *að* stjórnarráðið afgreiði landsreikningana fyr til yfirskoðunarmanna en gert var um reikningana 1910 og 1911, og *að* það vandi yfirleitt betur til þeirra. Reikningurinn um 1910 var ekki saminn fyr en 15. Des. 1911 og ekki sendur yfirskoðunarmönnum fyr en 20 Jan. 1912. Það leið þannig meira en mánuður frá því er landsreikningurinn var saminn til þess er hann var sendur til yfirskoðunarmannanna. Reikningurinn var að mestu leyti óendurskoðaður af inni umboðslegu endurskoðun og er það mjög óheppilegt, að þeir reikningar, sem landsreikningurinn byggist á, séu ekki endurskoðaðir umboðslega áður en þeir eru fengnir yfirskoðunarmönnum í hendur, því að ekki er viðlit að ætla yfirskoðunarmönnum slika endurskoðun, enda hafa þeir engan tíma til hennar, þó að þeir vildu leggja hana á sig um alla skyldu fram.

Tryggingin fyrir réttmæti landsreikningins minkar að sama skapi sem þeir reikningar eru ófullkomnari, sem hann byggist á.

Við yfirskoðunarmenn afgreiddum athugasemdir okkar til stjórnarráðsins með bréfi dags. 11. Júní 1912. Svör stjórnarráðsins voru ekki til fyr en 23. Október, en tillögur okkar voru búnar 19. Desember.

En þótt landsreikningurinn 1910 komi seint, þá kom reikningurinn fyrir 1911 þó ennþá seinna. Hann var ekki saminn fyr en 13. Marz 1913 og ekki sendur okkur fyr en 28. Marz, og það má segja sama um hann eins og landsreikninginn 1910, að hann mátti heita alóendurskoðaður af inni umboðslegu endurskoðun. Við höfðum lokið endurskoðun okkar 20. Maí, en svör stjórnarinnar, sem eru dagsett 27. Júní, komu ekki til okkar fyr en 3. Júlí, eða eftir að þing var byrjað. Það sjá allir, að þetta er óhafandi sleifarlag, og að yfirskoðun hlýtur að verða miklu lauslegri og tillögur lakar grundaðar, er svo er í pottinn búið hjá stjórninni, enda reikningurinn allur óábyggilegri.

Viðvíkjandi skattheimtu gjaldheimtumanna landssjóðs verður að geta þess, að sumir reikningshaldarar gera hvorttveggja í einu, *semja* reikninga sína of seint og *gjalda* tekjurnar of seint í landssjóð. Þetta getur leitt til stórtjóns fyrir landssjóð, og *hefir gert það*, þó að landssjóður tapaði ekki við sjóðþurð þá ina miklu, er nýlega átti sér stað norðanlands. En það happ í óhappi var ekki eftirlitsmönnunum að þakka. Þeir höfðu með slælegu eða réttara sagt engu eftirliti stofnað til stórtjóns, þó að vinir og vandamenn bættu úr. Það er vitanlegt um einstaka gjaldheimtumenn, að þeir borga tekjur *liðins* árs með tekjum *liðandi* árs, og um aðra, að þeir draga greiðslur í landssjóð til þess að geta *sjálfir* notið vaxta af tekjum landssjóðs.

Landssjóður leggur árlega fram um 1500 kr. á ári til eftirlitsferða, og ætti því að mega heimta, að stjórnin vissi eitthvað, áður en alt er kollfallið. Dæmið, sem eg nefndi áðan að sjóðþurðinni, sem var 7—8 ára gömul, var ekki síður að kenna eftirlitsleysi stjórnarráðsins en andvaraleysi gjaldheimtumannsins.

Háttv. framsögumaður mintist á fæðispeninga umsjónarmanns vitanna og taldi 4 kr. nægja, en umsjónarmaðurinn hefir fengið 6—8 kr. á dag.

Út af þessu vil eg geta þess, að þó að meira sé komið undir því, að eftirlitsmennirnir geri eitthvert gagn, heldur en undir hinu, hvort þeir fá nokkrum krónum meira eða minna, þá ætti þó að vera fastákveðin upphæð, er ekki mætti fara fram úr. Sérstaklega er óforsvaranlegt, að leyfa eftirlitsmönnum að taka 4 kr. á dag, meðan þeir eru á skipum,

*auk* venjulegra fæðispeninga, 6 kr., eða 10 kr. alls í fæðispeninga á dag, en þetta hafa tveir hálaunaðir embættismenn reiknað sér og fengið. Þetta er óþarflega hátt og ætti ekki að líðast, sízt ef þeir ekki gera annað en að spóka sig í góða sumarveðrinu, eins og stundum vill brenna við.

Þá vildi eg loks geta þess, að það er mjög óviðfeldið og jafnvel villandi, þegar fjárlögin eru svo ranglega síteruð í landsreikningum, sem gert er að minsta kosti á 2 stöðum í landsreikn. 1911, svo sem á sér stað um 85. og 88. aths. Þar er tilvitnun hagað svo, að föst fjárhæð verður að áætlunarupphæð, og er það vitanlega stjórninni í hag.

Annað eins og þetta bakar endurskoðendum Alþingis óþarfa ómak og er jafnvel villandi.

**Ráðherrann (H. H.):** Það er mikið rétt, sem háttv. 1. þingm. Rvk (L. H. B.) sagði, að það er óheppilegt að landsreikningarnir séu svo seint tilbúnir. En þetta kemur blátt áfram af því, að verið var að reyna að láta umboðsendurskoðunina vera sem lengst komna, áður en landsreikningurinn væri saminn. En starfskraftur í stjórnarráðinu var ekki nægur. Ef að meiri starfskraftur hefði verið, hefði umboðsendurskoðunin gengið fljótara, og reikningurinn orðið fyr tilbúinn. Það var líka rétt, sem sami háttv. þingmaður sagði, að það er óheppilegt, að gjaldheimtumenn landssjóðs skuli ekki allir gera reikningskil nógu snemma. Flestir senda þó reikninga sína nógu snemma, og geri þeir það ekki, þá fá þeir áminningu hjá stjórnarráðinu. Hér er erfiðara að hafa eftirlit með slíku en í öðrum löndum, þar sem samgöngurnar eru miklu greiðari. Þar sem járnbrautir eru um alt land, er hægt í einum vettvangi að ná í það sem vantar. Hér tekur það aftur á móti mikinn tíma að skrifa með landpóstum og fá svör aftur langar leiðir að, ef eitthvað er í ólagi. Að svo miklu leyti sem ræða háttvirts þingmanns um þetta efni átti að vera aðfinsla til núverandi stjórnar, þá skaut hann þar fram hjá markinu, því að sjóðþurðin, sem hann talaði um að orðið hefði hjá einum sýslumanni á Norðurlandi, var tilkomin áður en eg tók við ráðherraembættinu; og eg held að það hafi verið eitt mitt fyrsta embættisverk, að fyrirskipa rannsókn gegn þessum manni.

Það sem háttvirtur þingmaður var að tala um síðast í sinni ræðu, að nauðsynlegt væri að tilfæra orðrétt fjárlögin, þá verð eg að álíta, að það sé nauðaómerkilegt atriði. Endurskoðendurnir hafa alveg eins fjárlögin við hendina eins og stjórnarskrifstofan, og ekki get eg séð, að það sé mikið ómak fyrir þá, þótt þeir stöku sinnum þurfi að stinga niður blýjanti til að bæta við »alt að« eða því líku. Þetta atriði held eg að háttvirtur þingmaður hafi meira talað um til þess að hafa eitthvað til að finna að, heldur en að það lægi honum svo ríkt á hjarta, að slíkt kæmi ekki fyrir.

**Framsm. (Guðmundur Eggerz):** Háttvirtur 1. þingm. Rvk efaðist um, að það væri rétt hermt hjá mér, sem eg sagði, að áður hefði komið fyrir, að reikningslaganefndir þingsins hefðu ekki borið fram neinar tillögur. Eg hefi nú hér fyrir mér Alþingistíðindin fyrir árið 1905. Þar er sagt beinum orðum, að reikningslaganefndin sjái ekki ástæðu til að bera fram neinar tillögur; og það hefir skeð mörg fleiri ár, að engar tillögur hafa verið fram bornar.

Hann virtist verða óánægður með, að nefndin skyldi ekki hafa kveðið harðara að orði út af þessum seinu reikningsskilum og sjóðþurðinni hjá sýslumanninum fyrir norðan. En við sáum enga ástæðu til þess að vera að hreyfa þessu máli svo mjög hér í þinginu, eða hafa

mjög hátt um það, úr því að maðurinn borgaði alt á endanum.

Yfirleitt virðist mér endurskoðunin á landsreikningnum hjá háttvirtum yfirskoðunarmönnum Alþingis vera fyrra árið, að því er reikningshaldara snertir, í harðasta lagi. Í athugasemdunum við landsreikninginn 1910 gera yfirskoðunarmennirnir alstaðar mjög mikið veður út af því, ef upphæðunum skakkar nokkuð, jafnvel þótt ekki sé meira en um — 14 — aura; og eg tala nú ekki um, að þeir fyllast heilagri vandlætingu, ef að upphæðirnar eru skakkar um 5,25 kr. eða 7 kr. Nefndin gat ekki álitið, að nokkur ástæða væri til að gera langar athugasemdir út af svo smáu.

**Lárus H. Bjarnason:** Hv. ráðherra vildi kenna starfskraftaleysi í stjórnarráðinu um dráttinn á landsreikningagerðinni, en þær röksemdir ráðh. eru ekki alveg vafalausar. Starfskraftarnir í stjórnarráðinu, sérstaklega á 3. skrifstofu, eru víst nógu miklir, það er að segja, mennirnir eru víst nógu margir. Annað mál er það, hvort starfsmennirnir eru allir jafngóðir. Og víst er um það, að þeir eru misjafnlega notaðir. Þó er t. d. á allra vitorði, að einn starfsmaðurinn á 3. skrifstofu stjórnarráðsins hefir fast starf annarstaðar á þeim tíma, sem hann á að vera í stjórnarráðinu. Og þar sem aldrei hafa verið jafnmargir starfsmenn í stjórnarráðinu sem nú — þeir munu vera 6 á 3. skrifstofu — þá er það ekki of mikið sagt, þótt maður segi, að þessi röksemd ráðh. sé vafasöm.

Sérstaklega er þetta lítt frambærileg ástæða þegar litið er til þess, að reikningsgerðin sjálf er lítið verk, því að eins og eg tók fram áðan, var reikningurinn óendurskoðaður á 3. skrifstofu þegar okkur yfirskoðunarmönnum var sendur hann. In umboðslega endurskoðun stjórnarráðsins hefir oft verið nokkuð kákkend og sumir póstar í landsreikningnum ekki verið endurskoðaðir. Til dæmis er nýfarið að endurskoða starfrækslureikninga landsímans. Það var í mörg ár ekki borið við að endurskoða þá umboðslega.

Hæstv. ráðh. kannaðist við, að það væri mjög óheppilegt, að gjaldheimtumenn landssjóðs skyldu skila reikningum sínum of seint, og sumir skila tekjunum of seint en hann færði þá afsökun fram fyrir því, að það kæmi af erfiðum og seinum samgöngum. Þessi ástæða er mjög veigalítil, því að fyrst eru nú samgöngur allar stórbættar frá því er gjaldheimtureglugerðin varð til fyrir 40 árum, og svo koma of sein skil ósjaldan fyrir hjá þeim embættismönnum, sem eru alveg undir handarjaðri stjórnarinnar. Það eru líka nú komnir ritsímar og talsímar um mest alt landið, svo að það væri hægur vandi fyrir stjórnarráðið, að finna að misfellum á stuttum tíma. En stjórnin kvað ekki brúka nema póstferðir til þess að finna að, ef eitthvað vantar, og svo skrifa og skrifa í það óendanlega.

Í stað þess að stjórnin ætti að sekta þá sem mestir eru trassarnir og jafnvel víkja þeim frá um stundarsakir, og þá vitanlega áður en skuldasúpan er svo vaxin þeim yfir höfuð, að þeim er ómögulegt að rétta við.

Hæstv. ráðherra sagði, að það væri ekki sér að kenna, að ekki hefði verið haft betra eftirlit með sjóðþurðinni fyrir norðan, af því að hún hefði verið byrjuð áður en hann tók við völdum. Eg hefi nú að vísu ekki séð rannsóknarskjölin, en sagt er mér, að rótin til þeirrar sjóðþurðar sé margra ára gömul. Byrjunin til hennar varð víst skömmu eftir 1904, og þá var hæstv. núverandi ráðherra við völd. Það mun líka hafa komið fyrir, að embættismenn, sem nú eru í embættum eða á eftirlaunum, hafi sýnt

af sér vanskil og standi jafnvel í óbættum sökum. Þetta *verður* að laga, enda er það ekki síður í þágu embættismannanna sjálfra, að eftirlitið sé sem nákvæmast. Ef eftirlitið er nógu strangt, þá verða vanskil þeim síður að fótakefli. Það er hægra fyrir þá að leiðrétta, ef eitthvað hefir farið aflaga, sé fundið að í tíma.

Hæstv. ráðherra sagði, að það væri mjög ómerkilegt atriði, þótt vitnað væri rangt í fjárlögin í landsreikningunum. Í hér um ræddum tilfellum var deila um það milli stjórnarráðsins og yfirskoðunarmanna, hvort umræddar upphæðir væru fastar eða áætlunarupphæðir. Þær voru fastar, en stjórnarráðið gerði þær að áætlunarupphæðum með rangri tilvitnun, og tók sér þannig bessaleyfi til að fara fram úr fjárveitingu Alþingis. Það er ein aðalskylda yfirskoðunarmanna að gæta þess, að stjórnin haldi fjárlögin, og sannarlega þá ekki til of mikils mælst, að stjórnin villi yfirskoðunarmönnunum ekki sýn. Það er að vísu innan handar fyrir yfirskoðunarmennina, að lesa fjárlögin saman við landsreikningana, en þá er það ekki síður innan handar fyrir embættismennina í stjórnarráðinu að fara rétt með þau. Og óneitanlega ætti stjórnarráðið að ætla yfirskoðunarmönnunum lengri tíma til endurskoðunar, ef yfirskoðunarmennirnir eiga ekki ganga út frá því, að alstaðar sé villulaust vitnað til fjárlaganna í landsreikningnum, áætlunarupphæðir gerðar að föstum upphæðum og því um líkt.

Háttvirtur sessunautur minn, framsögumaður reikningslaganefndarinnar, sagði, að við yfirskoðunarmenn gerðum of mikið úr auravillum, hélt því fram, skildist mér, að slíku mætti sleppa, en þar skjátlast honum. Góð endurskoðun athugar jafnt smávillur sem stórar, er beint skyldug til þess. Hann sagði líka, að fyrir gæti komið, að innheimtumenn gætu ómögulega gert reikningsskil á réttum tíma. Það getur verið rétt, en slíkar undantekningar réttlæta ekki vanskil að jafnaði og of mikla hlífð við gamalreynda vanskilamenn. Stjórnin verður að gæta þess, að hún fer með annara fé en ekki sitt eigið.

**Skúli Thoroddsen:** Háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) hefir nú þegar minst svo rækilega á það, sem helzt var ástæða til að taka fram af hálfu okkar endurskoðunarmanna, að eg þarf þar litlu við að bæta.

Yfirleitt verður að leggja áherzlu á það, að brýnt sé fyrir reikningshöldurum landssjóðsins, að farið sé sem nákvæmlegast eftir fyrirmælum reglugerðarinnar frá 12. febr. 1873, og ekki sízt er ástæða til þess að símastjórnin fái að sjálfsögðu áminningu um það, að haga sér sem næst fyrirmælum reglugerðarinnar, ekki síður en aðrir reikningshaldarar landssjóðsins, í stað þess að gera landssjóðnum engin skil — eða þá eigi þau skil, er teljandi séu — fyr en í April eða Maí árið eftir.

Vitaskuld er það, að símastjórinn þarf einatt að fá skilagreinar úr ótal áttum, og getur þá stundum orðið dráttur á; en engu að síður ætti hann þó að gera sér far um — og stjórnin að ganga þá mun ríkara eftir því en verið hefir — að fara svo nærri fyrirmælum hennar, hvað reikningsskilin til landssjóðsins snertir, sem frekast er auðið.

Jafnframt mætti og benda stjórninni á það, að þegar litið er til þess, hversu mjög það fé fer vaxandi, sem gjaldheimtumenn landsins hafa með höndum, einkum síðan lögin um vörutoll komu í gildi, og þegar litið er til sjóðþurðar, sem nýlega hefir átt sér stað, þá virðist ekki vanþörf á því að athugað væri, hvort ekki væri nauðsynlegt að hækkað væri veðið, sem þeir hafa sett til

tryggingar skilvísri greiðslu á gjöldum til landssjóðsins.

Þá skal eg enn fremur benda á það, að það virðist yfir höfuð *vera að fara í vöxt* hjá stjórninni, að fara ekki einatt svo nákvæmlega eftir ákvæðum fjárlaganna, sem skyldi og vera ætti, þar sem hún leyfir sér eigi sjaldan, *að greiða meira fé úr landssjóði* til hins eða þessa, *en veitt hefir verið*.

Hér ræðir því eigi um það, sem oft hlýtur að sjálfsögðu að geta komið fyrir, að farið sé fram úr þeim fjárveitingum, sem — eftir eðli sínu — eigi eru né geta verið annað en áætlunarupphæðir, heldur um hitt, að farið er fram úr »föstu fjárveitingunum«, er svo mætti nefna, þ. e. meira fé greitt úr landssjóði en þingið vildi veita.

Það er svo oft, að menn sjá sér ekki fært að veita nema tiltekna fjárupphæð til hins eða þessa, og þá verður fjárveitingarvaldið, eins og hver annar húsbóndi, að heimta, að sér sé hlýtt, þ. e. að eigi sé þá notað meira fé en til var ætlast.

Í þessu efni er það því afaráríðandi, að þingið hafi æ vakandi auga á gerðum stjórnarinnar.

Og þegar farið er að tíðka það svo mjög, sem nú er orðið, að grípa til peninga úr landssjóði til hins eða þessa, upp á væntanlega aukafjárveitingu, þ. e. upp á væntanlegt samþykki þingsins eftir á, þá verður og eigi síður að hafa vakandi auga á stjórninni, því að með þessu móti má gera fjárveitingarvald þingsins æ þýðingarminna, unz það gæti enda horfið úr sögunni, þ. e. þingsins yrði þá engin þörf, ef stjórnin gæti ráðstafað fé landsins að vild sinni, eða þyrfti eigi að binda sig við fjárveitingar þingsins.

Þá ætti það og einatt að vera sjálfsagt, að í landsreikningnum sé ekki skýrt rangt frá, þegar vitnað er í fjárlögin. Yfirskoðunarmenn geta að vísu litið í fjárlögin, þ. e. borið þau saman við landsreikninginn, en þeir ættu þó að geta treyst því, að stjórnin fari rétt með allar tilvitnanir til fjárlaganna. Og þó að *þeim* væri að vísu engin vorkunn, þ. e. gætu aflað sér vitneskju um, hvað sannast væri, þá er þó öðru máli að gegna um aðra.

En þetta, að skýrt hefir verið *rangt* frá efni fjárlaganna, hefir þó komið fyrir í 2 tilfellum, sem yfirskoðunarmenn hafa bent á, og leit leiðinlega út fyrir stjórninni, t. d. þar sem hún hafði veitt meira fé til kvennaskólans á Blönduósi, en lög stóðu til. Það sést ekki á landsreikningnum að svo væri, en þegar litið er í fjárlögin, sést það glögt, að heimildina vantaði, enda hefir skólinn síðan verið látinn endurborga féð. Það gat litið svo út, sem þarna væri skýrt rangt frá af ásettu ráði, til þess að dylja það, að fé hefði verið borgað úr landssjóði, sem ekki var heimilað af fjárveitingarvaldinu.

Eg skal svo ekki fara frekara út í þessa sálma, enda þegar af öðrum ræki lega vikið að ýmsu, sem eg ella hefði minst á.

**Ráðherrann (H. H.):** Út af því sem háttv. 1. þm. Rvk. talaði um það, hvort hægt væri að kenna núverandi stjórn um sjóðþurð, sem orðið hefir nýlega hjá einnm embættismanni, skal eg taka það fram, þótt mér virðist ástæðulaust að tala um þetta nú, að öll reikningsskil frá þeim manni til stjórnarráðsins höfðu ætíð verið í allra bezta lagi, þangað til á síðasta árinu. Hann greiddi það sem landssjóði bar, og það var ekki hægt að sjá, hvort það fé, sem skilað var í landssjóð, var í raun og veru frá öðrum lánað eða ekki; stjórnin gat ekki séð neitt athugavert, fyrri en að því kom, að peningana vantaði í landssjóðinn.

Bæði háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) og háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) töluðu um það, að halda þyrfti símastjóra til þess, að gera fljótari reikningsskil, og var bent á það, að landssjóður tapaði rentum, ef gjöldin innheimtust svo seint. Út af þessu vil eg benda á það, að landssjóður hefir einmitt fengið vexti af því fé, er innheimt hefir verið en óinnborgað. Því það hefir jafnóðum verið sett inn á sérstaka kontó í banka. En ástæðan til þess, að þessu er haldið árið út á sérstari kontó, er sú, að landssíminn hefir á hendi innheimtu á tekjunum fyrir sæsímann, svo að tekjurnar, sem innheimtar eru, eiga ekki allar að renna í landssjóð, heldur fer sumt af þeim í aðra átt. Hitt hefir aldrei komið fyrir, að nokkuð af þeim peningum, sem landssjóður hefir átt að fá af símatekjunum hafi verið í nokkurum voða, þótt millibilið milli innborgananna sé nokkuð langt, því að alt af er hægt að sjá, hve miklar tekjurnar eru eftir kassabók og hvar þær séu niðurkomnar. Sé breytt um og farið að heimta ársfjórðungslega endurskoðun, þá er það meira en heimtað er af öðrum gjaldheimtumönnum landssjóðs.

Þá talaði háttv. þm. um það, að hækka þyrfti veðið, sem gjaldheimtumenn hafa þurft hingað til að setja. Eg skal játa það, að formlega séð gæti verið ástæða til þessa. En það eru meinbugir á því, að heimta há veð af sýslumönnum, og þeir miklir. Væri það gert, þá gæti það orðið til þess, að einungis efnuðum mönnum væri kleift að taka að sér þær stöður, en að útilokaðir yrðu beztu menn og duglegustu, ef þeir hafa ekki handbært fé til þess að setja að veði. Þetta yrði þá til þess að skerða demókratiskt jafnrétti, ekki síður en t. d. hitt, ef kosningarréttur er miðaður við eignir. Það eru ekki veðin heldur, sem mest er undir komið. Þau eru svo lítil hvort sem er í samanburði við tekjurnar, sem þessir menn innheimta, að þau hrökkva lítið, ef illa fer á annað borð. Nú er heimtað að veði fyrir stærstu sýslum, annaðhvort 60 hndr. jörð eða 6000 kr., en um það munar ekki mikið, ef um sjóðþrúð er að ræða á annað borð, eins og nú hefir komið fyrir. Það er mikið meira um hitt vert, að hafa eftirlitið skarpt, en að hækka veðin.

Þá var fundið að því, að umframgreiðslur væru að fara í vöxt á gjaldliðum fjárlaganna, og að það sé óhæfilegt þegar um fastsettar fjárhæðir er að ræða, að landsstjórnin fari fram úr þeim. Eg skal nú játa það, að umframgreiðslur fara heldur vaxandi, en það er allur munur, hvernig á þeim stendur. Vanalega dettur stjórninni ekki í hug að fara fram úr tilteknum fjárhæðum, nema brýnustu nauðsyn beri til. Hafi t. d. sýslufélögum verið veittur styrkur til þess að gera einhvern veg eða þess háttar, þá er ekki farið að bæta við, þótt eitthvað vanti upp á. Öðru máli er að gegna um störf, sem landið er að framkvæma, t. d. brúargerðir, vitabyggingar eða símalagningar, eða landssjóðsvegi. Það getur altaf svo farið, að áætlanir reynist ekki réttar, svo að ekki verði komist hjá að gera annaðhvort, að hætta þegar verst gegnir, eða fara svolítið fram yfir fjárveitinguna. Sama máli er að gegna með það, ef slept hefði verið t. d. kostakaupum á koparþræði, þegar þau gáfust. Í þess háttar tilfellum álít eg ekkert hættulegt, þótt stjórnin fari fram úr áætlun, þegar hún veit að með því móti verður einmitt tilgangi fjárveitingavaldsins náð.

Hitt getur og verið satt að einhverju leyti, að fjárveitingar upp á væntanlegt samþykki séu að fara í vöxt, en það er ekkert meira en eftir tiltölu við það, hversu féð eykst, sem landið hefir í veltunni. Það er ómögulegt að kom-

ast hjá, því eftir því sem viðskiftalífið þróast, að á þessu 2 ára bili, sem líður milli þinga, geti komið sitthvað fyrir, sem væri mesta mein að fresta. Það er óhjákvæmilegt að stjórnin hafi svo mikið traust til þingsins, og þingið til stjórnarinnar, að hún borgi þau gjöld, sem sjálfsögð eru, er þingið ekki hefir séð fyrir. Hitt getur verið álitamál í vissum tilfellum, hvort þingið vill samþykkja þessar útborganir, en að það sé háski að svona geti komið fyrir, nær engri átt. Þetta stafar einmitt af framförunum og auknu viðskiftalífi, að ekki verður hjá þessu komist, meðan ekki er fjárlagaþing á hverju ári.

Loks var það gefið í skyn, að svo liti út sem stjórnarráðið hefði í landsreikningnum af ásettu ráði skýrt rangt frá því, hvað veitt var til Blönduóssskólans á fjárlögunum (nfl. vantar »alt að«). Hér til er því að svara, að stjórnin hafði tekið eftir því, að þessi umrædda umframgreiðsla hafði átt sér stað þegar áður en reikningurinn var saminn. Og það var búið að gera ráðstafanir til endurgreiðslu áður en reikningurinn var saminn, svo að það voru ekki endurskoðunarmennirnir, sem uppgötvuðu þetta og leiðréttu, heldur stjórnarráðið sjálft. Stjórnarráðið gat því ekki haft neina minstu ástæðu til að gefa endurskoðendum skakka hugmynd um ákvæði fjárlaganna í þessu efni. Þetta er að eins einföld pennavilla á reikningsskrifstofunni og eg get ekki séð að það sé svo mikils um vert, að eyða þurfi orðum að því, og hefðu fáir yfirskoðunarmenn gert úr því þessa rellu.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Eg hafði ekki ætlað að taka til máls, en finst eg verða að segja nokkur orð, út af orðaskiftum háttv. þm. N.-Ísf. (S. Th.) og hæstv. ráðherra. Háttv. þm. N.-Ísf. fór fram á það, sem og er eðlilegt og sanngjarnt, að þegar gjöldin, sem innheimtumenn landssjóðs hafa með höndum, fara vaxandi, þá sé líka hækkað veðið, sem þeir setja til tryggingar á greiðslunni. Þetta er eðlilg krafa. Hv. ráðherra benti á, að þetta gæti orðið óheppilegt, því að með því móti yrði ókleift eða minsta kosti örðugt fyrir unga og efnalitla menn, að fullnægja þessum skilyrðum, og að þá veldust einungis efnamenn í þessar stöður. Það væri að vísu ilt, ef svo væri, en eg held, að þessi vandkvæði mætti forðast. Það eru sem sé til ábyrgðarfélög, sem taka ábyrgð á skilum embættismanna og gjaldkera víðsvegar um heim, þannig, að embættismenn greiða árlegt ábyrgðargjald, en félögin standa í ábyrgð gagnvart stjórninni. Í Kaupmannahöfn eru fyrir víst til 2 slík félög, og það að þau eru til, sýnir, að þau þrífast; og að þau eru tekin gild, sýnir, að þau eru örugg. Það er líka eðlilegt, að til séu tryggingarfélög fyrir vanskilum, eins og öðrum slysförum, því að það má gera upp slík tilfelli og taka meðaltal af þeim alveg eins og eldsvoðum og öðru þess háttar. Eg vildi benda á þetta af því, að mér virðist bæði krafa háttv. þingm. N.-Ísf. eðlileg og eins vandkvæðin, sem hæstv. ráðherra taldi á því að verða við henni. Eg hygg, að hér sé vegur til þess að fátækir menn þurfi ekki að láta veðféð tálma sér frá embætti. Þessi vegur gæti komið til athugunar síðarmeir.

ATKV.GR.:

Breyt.till. 645, 1, samþ. með 17 shjl. atkv.

Breyt.till. 592 talin samþ. án atv.

Tekjukaflinn þannig breyttur samþ. með 18 shlj. atkv.

Breyt.till. 645, 2, við 3. lið, samþ. með 18 shlj. atkv.

Gjaldakaflinn þannig breyttur samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umræðu með 20 shlj. atkv.

---

FRUMVARP til laga um heimild fyrir landstjórnina til að selja prestinum að Kolfreyjustað landspildu í Innri-Skálavík (237, n. 595); 2. umr.

**Framsögum. meiri hl. (Tryggvi Bjarnason):** Í þessu frumv. er farið fram á, að stjórninni veitist heimild til að selja prestinum að Kolfreyjustað ofurlitinn blett úr landi nefndrar jarðar. Þessi blettur liggur með sjó fram og er 25 dagsláttur að stærð. Eftir því sem matsmennirnir segja, er þetta algerlega óræktað land og því fylgja engin sérstök hlunnindi. Nefndin var ekki öll á einu máli um þetta. Meiri hluti hennar sá ekkert því til fyrirstöðu, að heimila sölu á þessum bletti, þar sem það virðist ekki rýra jörðina á neinn hátt, né geta orðið væntanlegum ábúendum til nokkurs skaða. Aftur á móti mundi þetta verða til þess, að þarna kæmi upp grasbýli, og Alþingi hefir áður sýnt, að það vill gera sitt til að styðja að því, að slík grasbýli myndist í landinu, enda er það eitt af aðalskilyrðunum fyrir því, að fólkinu geti fjölgað í sveitunum. Meiri hluti nefndarinnar leggur því eindregið til að frumv. verði samþykt.

Að því er snertir gæði þessa landskika, þá er, eftir upplýsingum matsmannanna, nokkur hluti hans ýmist hraun og stórgrýti eða mýrarfen, og að eins nokkur hluti hans vel fallinn til ræktunar. Það er því ekki stórt, sem um er beðið.

Eg sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta, sízt áður en eg heyri andmæli minni hlutans og annara er í móti kunna að mæla.

**Framsögum. minni hl. (Sigurður Sigurðsson):** Það tekur því naumast að hefja umræður um þetta mál, enda ætla eg ekki að gera það, og sízt að svo stöddu. Eg get samt sem áður ekki fallist á, að selja þannig sneiðar af opinberum eignum, hvort sem það eru þjóðjarðir eða kirkjujarðir. Eg verð að telja það mjög varhugaverða braut að ganga út á. Auk þess verð eg að segja, að helzt til litlar upplýsingar séu fyrir hendi um þessa landspildu, sem hér um ræðir. Mér þykir það næsta ólíklegt, að presturinn væri að seilast eftir kaupum á henni, ef hún væri *ræktað land* að öllu leyti, og jafnlitið í hana varið og af er látið. Þá má eg benda á, að um þetta hefir ekki verið leitað álits stjórnarráðsins né heldur byskups, og eg verð að telja það óviðkunnanlegt fyrir þingið, að þjóta til að selja opinberar jarðir eða sneiðir af þeim, án þess að fyrir liggi umsögn stjórnarvalda því viðvíkjandi.

Að öðru leyti þarf eg ekki að taka það fram — mönnum er það kunnugt — að eg er yfirleitt á móti sölu opinberra eigna, bæði þjóðjarða og kirkjujarða. Eg tel það illa farið að nokkurn tíma var gengið inn á þá braut, og eg býst fastlega við því, að þeir tímar muni koma, að það verði talið landbúnaðinum skaðlegt, og um leið framförum og velíðan þjóðarinnar til hindrunar. Eg held mér því við, að leggja það til að málinu verði ekki hleypt lengra. En vilji presturinn, eins og sagt hefir verið, koma sér upp grasbýli á þessum bletti, þá getur hann farið annan veg til þess. Hann getur fengið blettinn á erfðafestu hjá landstjórninni. Við því væri ekkert að segja, og honum væri það á engan hátt lakara.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Eg flutti þetta frumv. inn á þingið, með-

fram sakir þess, að eg er gagnkunnugur spildunni, sem um er að ræða. Eg þekki hana, að kalla, eins nákvæmlega og gólfið hérna í salnum. Eg fór dagsdaglega fram hjá henni eða stundum um hana, þegar eg var unglingur. Það er mikið undir því komið, hvernig hér hagar til. Hér er um þá eina spildu að að ræða, sem frá alda öðli hefir aldrei verið notuð til neins nema að því leyti að hestar hafa einstöku sinnum slæðst til að bíta hana. En þó hagar svo til, að annarstaðar í landi Kolfreyjustaðar eru nógir og betri hestahagar fyrir fimmfalt fleiri hesta en nokkurn tíma hafa verið þar eða líkindi eru til að nokkurn tíma verði þar. Það sem háttv. minni hl. fanst athugavert við þetta, var það, að ekki væri fyrir hendi umsögu byskups og stjórnarráðsins um söluna. En menn verða að gæta að því, að hér er ekki farið fram á, að þingið *selji* þessa spildu, heldur er að eins mælst til, að það *gefi stjórninni heimild* til þess. Og það má ganga að því vísu, að stjórnin útvegi sér allar hugsanlegar upplýsingar áður en hún selur spilduna. Í frumv. er ekki heldur ákveðið, hvert verðið skuli vera. Það er einungis sagt, að það megi ekki vera lægra en þar er tiltekið. Þetta verð er auðvitað eftir mati eiðsvarinna matsmanna. En ef stjórninni finst ástæða til að selja landið annaðhvort alls ekki eða selja það við hærra verði en hér er til tekið, þá hefir hún fullkomið vald til þess, þrátt fyrir það þó að þetta frumv. verði að lögum. Hér er einungis að ræða um *heimildar* lög. Stjórninni er gefið *leyfi* til að selja þessa landspildu, að öllum upplýsingum fengnum, en henni er alls ekki *skipað* að selja hana.

Þó að bletturinn hafi aldrei verið notaður og verði aldrei notaður af ábúandanum á Kolfreyjustað að öðru leyti en því, ef hross slangra þangað á leiðinni í hagann, þá má þó hafa talsvert gagn af honum með því að girða hann og rækta. En það verk mundi kosta mikið fé og út í það mundi aldrei verða lagt, nema af manni, sem ætti kost á að eignast stykkið sem grasbýli. Í annan stað getur presturinn að Kolfreyjustað, hver sem það verður, haft aukatekjur af því, ef þarna kemur grasbýli. Eins og tekið er fram í lýsingu matsmannanna, er með fram öllu þessu stykki stórgrýtisfjara og flúðir út í sjóinn, svo að þar er ólendandi. Hins vegar er þetta rétt við Ytri-Skálavík, en þar er ið bezta útræði, og fjöldi verskála, er presturinn fær gjald fyrir. Það er enginn vafi á því, að grasbýlisbóndinn í Innri-Skálavík mundi hafa uppsátur í Ytri-Skálavík og gjalda prestinum toll fyrir. Það mundi því auka en ekki rýra tekjur staðarins ef þessi blettur yrði bygður.

**Framsögum. meiri hl. (Tryggvi Bjarnason):** Hv. framsögum. minni hl. (S. S.) hélt því fram, að engar upplýsingar lægju fyrir um þetta mál. Eg get ekki fallist á að svo sé. Hér eru fyrir hendi upplýsingar eiðsvarinna matsmanna og eg vil ekki rengja þá, að þeir skýri rétt frá. Þess er líka að gæta að hér er um ákveðið og takmarkað stykki að ræða. Það er einar 25 dagsláttur, og því ekki nema meðaltúnstærð. Það væri öðru máli að gegna ef stykkið væri stórt.

Eg skyldi háttv. framsögum. minni hl. svo, að hann væri á móti þessari kaupbeiðni og öðrum slíkum fyrir þá sök, að hann væri á móti sölu á opinberum eignum yfir höfuð. Eg get ekki álitið rétt, að vera á móti einstökum kaupbeiðnum af þeirri ástæðu, meðan þau lög eru í gildi, sem heimila sölu opinberra eigna. Hitt væri miklu nær, fyrir þá menn, sem eru á móti þeirri

stefnu, að bera fram frumvarp um að nema þau lög úr gildi, er heimila sölu þjóðjarða og kirkjujarða. Eg get því ekki fallist á þessa ástæðu háttv. minni hluta.

Mér láðist að geta þess áðan, að í frumv. hefir misprentast Ytri-Skálavík fyrir Innri-Skálavík. Það verður auðvitað að leiðréttast, því nefndin gekk út frá því, að hér væri um Innri-Skálavík að ræða, eins og skjölin bera með sér.

**Framsögum. minni hl. (Sigurður Sigurðsson):** Háttv. framsögum. meiri hl. (Tr. B.) og háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) hafa sagt, að það rýrði ekki jörðina á nokkurn hátt, þó að þessi spilda væri tekin og seld. Það er nú svo hvert mál sem það er virt. Eg þykist ekki gera neinum rangt til, þó að eg geri ráð fyrir því sem alment á sér stað, að þegar maður sækist eftir kaupum á einhverju, þá geri hann það í hagnaðarskyni. Eg ímynda mér að blessaður presturinn þarna austur frá sé ekki að biðja um þetta stykki til þess eins, að gera fagran blett úr eyðimörk. Hitt veit eg að satt er, að þetta er ræktað land.

Háttv. 1. þm. S.-Múl. segir, að þangað slæðist hestar á beit. Það sýnir, að þar er þó bithagi fyrir gripi. Um hitt, hvort þetta muni verða til þess að auka tekjur prestsins á Kolfreyjustað síðar meir, það læt eg mér í léttu rúmi liggja. Dæmi mætti nefna þarna að austan, sem orðið er þjóðkunnugt hér á landi, og er þessari málaleitun prestsins á Kolfreyjustað náskylt. Það mál hafði svipaðan undirbúning og þetta. Eg ætla mér ekki að skýra það nánara. Eg veit, að háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ó.) kannast við það og líklega fleiri háttv. þingdeildarmenn. En það vildi eg segja, að mig langar ekki til að fá sama umtal um þetta og sömu afleiðingar og þar átti sér stað. En sleppum því.

Háttv. framsögum. meiri hl. (Tr. B.) vildi segja, út af skoðun minni á sölu þjóðjarða og kirkjujarða, að ekki væri rétt að vera á móti sölu einstakra eigna á meðan þau lög væru í gildi, sem heimiluðu slíka sölu. Það kann vel að vera. En ef maður álítur að stefnan sé röng, þá get eg ekki séð, að maður eigi að fylgja henni fram í einstökum dæmum, sem koma undir álit manns og atkvæði. Það mætti náttúrlega reyna að komast eftir því hjá deildinni, hvort hún vildi skora á stjórnina að undirbúa undir næsta þing frumv. um að nema úr gildi lögin um sölu þjóðjarða frá 1905 og lögin um sölu kirkjujarða frá 1907. Eg fyrir mitt leyti álít rétt að láta ekki lengur reka á reiðanum með þetta.

Það hefir auðvitað enga þýðingu, að þræta um þetta einstaka atriði, sem hér liggur fyrir. En eg þori að fullyrða, að um leið og presturinn að Kolfreyjustað æskir eftir kaupunum á þessari spildu, þá gengur honum það til, að ná í álitlegt land til ræktunar, sem getur orðið verðmætt síðar meir og jörðinni er undir öllum kringumstæðum skaði að missa.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Eg ætla að byrja á síðustu orðum háttv. framsögum. minni hl. (S. S.). Hann sagði, að úr því að presturinn sæi sér hag í að kaupa þennan blett, þá hlyti það að skaða síðari ábúendur á jörðinni. Þetta er fjarri öllum sanni. Hluturinn er sá, að á þetta stykki er aldrei beitt sauðum né kúm og ekki heldur hestum. Það kemur að eins fyrir að hestar staðnæmast þar, eftir að þeir hafa verið brúkaðir, á leiðinni út í hagann. Kolfreyjustaður er ákaflega viðlend jörð, og þar er svo yfirfljótanleg beit, að hún verður aldrei notuð til helftar við það sem má nota hana.

Það er fjarri því, að þetta sé til tjóns fyrir staðinn, þó að einstakur maður geti haft hagnað af að taka þennan blett til ræktunar. Það getur verið hentugt fyrir mann, sem lítið vill hafa um sig og vill leggja stund á sjóróðra. Og það verður hann neyddar til að gera, því að af blettinum einum getur hann ekki lifað. Hér er því, eins og oft á sér stað, einum hagur að því sem öðrum er ekki til skaða. Það er yfir höfuð algeng alþýðuvilla, að alt, sem er einhverjum til hags, hljóti að vera öðrum til skaða. Öllum heilbrigðum viðskiftum er svo farið, að báðir aðiljar hafa hag af þeim.

**Kristinn Daníelsson:** Eg hefi skrifað undir nefndarálit meiri hlutans með fyrirvara, og vil eg þess vegna, með örfáum orðum, gera grein fyrir, hvernig á því stendur. Fyrirvari minn stafar af því, að eg er í aðalatriðunum samþykkur háttv. minni hluta. Eg er á því, að allar þjóðjarða- og kirkjujarðasölur séu yfir höfuð óheppilegar og í mörgum tilfellum varhugaverðar. Og maður veit sjaldnast, hvenær varhugaverðu tilfellin liggja fyrir. Eg gat verið meiri hlutanum samdóma, eftir framkomnum upplýsingum, að hér mundi ekki um neitt sérstaklega varhugavert tilfelli að ræða, og þess vegna fann eg ekki ástæðu til að kljúfa mig úr nefndinni, en kaus heldur að láta málið af skiftalaust. En eins og skoðun minni er háttað, get eg ekki skrifað fyrirvaralaust undir neitt nefndarálit, sem felst á sölu þjóðjarða og kirkjujarða. Eg þekki of mörg dæmi til þess, að slík sala hefir verið óheppileg.

Eg ætla að eins að minnast á það, sem háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ó.) sagði, að grasbýli á þessum stað mundi verða til þess, á sínum tíma, að auka tekjur prestsins á Kolfreyjustað. Þetta er ekki rétt. Ef grasbýlið yrði til einhvers hagnaðar fyrir prestssetrið, þá yrði það reiknað upp í tekjur prestsins, eins og aðrar tekjur af heimaeignum. *(Jón Ólafsson:* Þá léttir það á landssjóðnum!)

Viðvíkjandi því sem háttv. framsögumaður minni hl. (S. S.) sagði síðast í fyrri ræðu sinni, að presturinn gæti fengið þessa landspildu á erfðafestu, þá vil eg benda á, að það er ekki heimilt að leigja þannig til lengri tíma en til 50 ára. Og það er engin erfðafesta.

**Framsm. minni hlutans (Sigurður Sigurðsson):** Eg veit ekki hvort það er á móti þingsköpunum, en ef svo væri ekki, þá dettur mér í hug að leggja til að málinu verði vísað til stjórnarinnar.

**Eggert Pálsson:** Mér skilst, að mótspyrna háttv. minni hluta á móti þessu litla frumvarpi stafi af því, að hann sé yfir höfuð á móti þeirri stefnu að selja þjóðjarðir og kirkjujarðir, en ekki af því að hann telji það skaðavon fyrir landsjóðinn, þó að þessi litla spilda, sem hér um að ræða, sé seld. En það finst mér vera aðalatriðið, hvort það yrði skaði fyrir landssjóð eða ekki að selja þessa landspildu. Því að úr því að lög eru til um að selja megi opinberar eignir, þá er engin ástæða til að hefta söluna á þessu stykki, ef landssjóður biður ekkert tjón við hana. En hvað það snertir, hvort landssjóður mundi hafa skaða af sölunni eða ekki, þá gefur að skilja að eg get ekki dæmt um það af eiginni þekkingu. Og þó að eg hafi skrifað undir nefndarálit meiri hlutans, og þar með lagt til að salan yrði heimiluð, þá þekki eg ekki svo mikið til þar austur frá, að eg viti, hvers virði spildan kann að vera í raun og veru. En mér hefir einnig heyrst á ræðum háttv. framsögum. minn hlutans (S. S.) að hann hafi ekki heldur persónulega þekkingu á því, hvernig þar hagar til. En eg, fyrir mitt leyti, varð

að taka gildar framkomnar upplýsingar sem skýra frá því að spildan sé ekki mikils virði fyrir prestssetrið.

Háttv. framsögum. minni hlutans (S. S.) mintist á dæmi, um óheppilega sölu á jarðarparti þar eystra, og mér skildist að hann vildi út frá því forðast ný víti. En ef það hefir verið óheppileg sala, sem eg skal engan dóm á leggja, þá hefir þar verið um arðvænlegri spildu að ræða en hér á sér stað eftir þeim upplýsingum að dæma, sem fram eru komnar. Þessi spilda getur ekki talist arðvænleg, því að eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, er hún ekki stór — einar 25 dagsláttur. Og þó að hún yrði ræktuð upp, þá mundi hún ekki gefa meira af sér en tveggja kúa fóður, þar að sjálfsögðu yrði að ætla nokkuð af þessum 25 dagsláttum til beitar. En úr því að spildan er nú lítils eða einskis virði, en getur þó gefið þetta af sér með ræktun, þá er það vinningur en ekki tap fyrir landið að selja hana. Því að eg lít svo á, að það sé ávalt vinningur fyrir landið hvað lítið sem aukið er á ræktun þess. Þess vegna verð eg að álíta að fremur eigi að heimila söluna, en að neita um hana. Hvað það snertir að það sé skaði fyrir síðari ábúendur á Kolfreyjustað að missa þessa spildu, þá hefir háttv. þm. S.-Múl. (J. Ól.), sem þar er manna kunnugastur, upplýst að um það geti ekki verið að ræða eins og spildan er nú. Hins vegar get eg hugsað mér að það yrði þeim til gróða í einu tilfelli fram yfir það sem háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) benti á. Ef t. d. ábúandinn á Kolfreyjustað vildi girða land sitt — og eg veit að háttv. framsögum. minni hlutans mundi sízt hafa á móti því — þá tæki þetta stykki, sem, eftir því sem upplýst er, er í útjaðri landareignarinnar talsvert úr girðingunni, og sparaði þannig ábúanda Kolfreyjustaðar nokkuð af girðingarkostnaðinum. Þó að presturinn, sem nú er, sækist eftir kaupum á þessu stykki, þá finst mér það ekki þurfa að benda á að það sé svo sérlega mikils virði. Eg get hugsað mér aðra engu ósennilegri ástæðu. Mér þykir ekki ólíklegt, að þar sem hann hefir dvalið þarna lengi, þá þykir honum leitt að þurfa að hröklast þaðan burtu á gamals aldri, og kjósi helzt að bera þar beinin og sú sé orsökin til þess að hann hefir falast eftir þessum litla bletti til þess að geta bygt þar skýli yfir höfuð sér þá er hann lætur af prestsskap.

Af þeim ástæðum sem eg hefi nú greint, hefi eg lagt það til að landspildan verði seld, og get eg ekki álitið að það sé á nokkurn hátt varhugavert með tilliti til hags landssjóðs að verða við inni framkomnu ósk í þessu efni.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Það er að eins lítil athugasemd út af tillögu háttv. framsögum. minni hlutans (S. S.) um að vísa þessu máli til stjórnarinnar. Eg skal geta þess, að eftir umboði prestsins, þá leitaði eg þess hjá háttv. ráðherra, hvort hann gæti selt þessa spildu. Hann tjáði mér að hann gæti því að eins selt slíkar landspildur, að viðkomandi jörð hætti að vera prestssetur þegar presturinn sem á henni sæti færi þaðan burtu. En þegar svo stæði á eins og hér, þá væri það Alþingi eitt, sem gæti heimilað söluna. Þetta varð til þess að eg flutti málið inn á þingið í frumvarpsformi.

Það sem háttv. 2. þm. Rang. (E. P.) talaði um girðingar-sparnað, er af ókunnugleika sprottið. Staðurinn á land alt umhverfis spilduna. Eg get þessa af því, að eg vil ekki telja það kost, sem ekki er kostur. En annars er eg þakklátur háttv. þm. fyrir góðar og viturlegar undirtektir hans.

**Ráðherrann (H. H.):** Lögin um heimild stjórnarinnar til að selja kirkju-

eignir ná ekki til prestssetra. Hér getur því ekki verið um annað að ræða en að vísa málinu til stjórnarinnar til frekari undirbúnings.

ATKV.GR.:

Till. um að vísa málinu til stjórnarinnar var feld með 12:7 atkv.. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Benedikt Sveinson | Eggert Pálsson |
| Björn Kristjánsson | Jón Jónsson |
| Einar Jónsson | Hannes Hafstein |
| Ólafur Briem | Jón Magnússon |
| Sig. Sigurðsson | Jón Ólafsson |
| Skúli Thoroddsen | Kristinn Daníelsson |
| Þorleifur Jónsson. | Kristján Jónsson |
| | Magnús Kristjánss. |
| | Matthías Ólafsson |
| | Pétur Jónsson |
| | Stefán Stefánsson |
| | Tryggvi Bjarnason |

Bjarni Jónsson, Guðmundur Eggerz, Halldór Steinsson, Jóh. Jóhannnesson, Lárus H. Bjarnason og Valtýr Guðmundsson voru ekki viðstaddir.

Frumvarpsgreinin samþ. með 18:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Benedikt Sveinsson |
| Jón Jónsson | Einar Jónsson |
| Guðmundur Eggerz | Sig. Sigurðsson |
| Hallór Steinsson | Skúli Thoroddsen |
| Jón Magnússon | |
| Jón Ólafsson | |
| Kristján Jónsson | |
| Lárus H. Bjarnason | |
| Magnús Kristjánss. | |
| Matthías Ólafsson | |
| Ólafur Briem | |
| Pétur Jónsson | |
| Stefán Stefánsson | |
| Tryggvi Bjarnason | |

Björn Kristjánsson, Hannes Hafstein, Kristinn Daníelsson og Þorleifur Jónsson greiddu ekki atkv. og töldust til meiri hlutans.

Bjarni Jónsson, Jóh. Jóhannesson og Valtýr Guðmundsson voru eigi viðstaddir.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 13:1 atkv.

---

FRUMVARP til laga um mannanöfn (165, n. 374, 375 n. 593); 2. umr.

**Framsm. meiri hl. (Jón Ólafsson):** Frumvarpið, sem hér liggur fyrir, er komið frá Ed og var vísað í nefnd hér. Eins og nefndarálitið ber með sér, þótti nefndinni, eða meiri hl. hennar, frumvarpið vera of víðtækt, taka yfir efni, sem ekki ættu að heyra undir löggjafarvaldið. Meiri hlutinn lítur svo á, að ekki beri að takmarka einstaklingsfrelsi manna, nema almenn nauðsyn þjóðfélagsins krefji þess, og hann gat ekki séð, að hér lægi nein slík nauðsyn fyrir. Meiri hl. áleit sömuleiðis, að það ætti að vinna að því með ræðum og ritum að bæta smekk manna, en löggjafarvaldið ætti ekki að þröngva mönnum í því efni. Það er því ísjárverðara að setja lög til að stjórna tilfinningum og smekk manna, sem slíkt er mjög breytingum undirorpið. Ein kynslóð getur álitið það gott eða fagurt, sem önnur telur óhafandi, og jafnvel á sama tíma er alls ekki víst að þjóðin sé á einu máli um smekk og tilfinningar.

Í þriðja lagi lítur meiri hluti nefndarinnar svo á, að óhögguð eigi að vera sú góða og gamla regla, að einstaklingsfrelsið eigi að vera sem mest, af því, að höft á því hefti eðlilega breytiþróun þjóðanna til þeirrar fjölbreytni, er gerir mannlífið auðugt og fjölskrúðugt; því álítur meiri hlutinn, að hver einstaklingur eigi að vera sinn hæstaréttardómari í þessum efnum. Aftur á móti

áleit meiri hlutinn að heimilt væri að hefta menn í að skifta um nöfn til að villa á sér heimildir, kalla sig einu nafni eitt árið og öðru hitt.

Mér er kunnugt um, að það er föst regla hjá bönkum erlendis, að láta viðskiftamenn sína skrifa í sérstaka bók nafn sitt (eða á spjöld, sem raðað er eftir stafrófsröð) þegar viðskiftin byrja, og taka svo eigi gilda undirskrift þeirra, ef þeir skrifa öðruvís undir síðar.

Meiri hlutinn er sammála frumv. Ed. um að banna mönnum að breyta nafni sínu, hvort heldur skírnarnafni, kenningarnafni eða ættarnafni. Sá maður, sem hefir verið skírður einhverju nafni, verður að sitja með það, nema hann fái *löglega* heimild til að breyta um nafn. Að stjórninni veitist heimild til að leyfa mönnum nafnbreytingar, þegar gild ástæða er til, sem auðvitað getur verið, fanst meiri hlutanum sjálfsagt. Þeir vesalings menn, sem hafa orðið fyrir því óhappi, að vera skírðir einhverjum skrípanöfnum, eiga beinlínis heimtingu á að fá að breyta um nafn. Þeir sem farið hafa yfir mannanafnalista vora að fornu og nýju, munu hafa rekist á ýms hneykslanleg nöfn. Get eg t. d. bent á kvenmannsnöfnin: Þjóðgata og Almannagjá, Fimmsetrína o. fl.

Þá ætla eg að minnast á ættarnöfn. Meiri hlutinn vildi leyfa ættarnöfn og var meira að segja á þeirri skoðun, að æskilegt væri að þeim fjölgaði sem mest. Einn maður í nefndinni vildi jafnvel lögbjóða ættarnöfn; meiri hlutinn gat ekki fylgt honum í því, en vildi láta breytiþróunina ráða, hvernig um það færi, en var samt þeirrar skoðunar, að ekki mundi líða langur tími unz allir menn hér sem annarstaðar bæru ættarnöfn.

Í frumv. frá Ed. eru undan skilin þeim nöfnum, er nota megi sem ættarnöfn, nöfn er enda á »son«. Það er nú vitanlegt, að slík nöfn *eru tíð* hér á landi, en svo er einnig í öðrum löndum. Eg hygg, að í inum enskumælandi heimi séu engin nöfn algengari en t. d. nöfnin Smithson og Johnson, en eigi hefir þótt ástæða til að banna þau þar. Meiri hlutinn vildi ekki skifta sér af þessu, og það því síður, sem margir hafa slík nöfn nú, einnig konur. Þessu mun loks hafa verið fundið til foráttu, að vont væri að beygja orðin, en þau má vel nota óbeygð, nema *-s* í eignarfalli.

Nefndinni þykir æskilegt að stjórninni sé falið að semja skrá yfir mannanöfn, sem sæmileg þyki í málinu, en vill þó *ekki* að menn séu *skyldaðir* til að nota þau ein og megi ekki nota nein önnur. Skráin ætti eingöngu að vera mönnum til leiðbeiningar, sér í lagi sýna mönnum, hvernig *rétt* eigi að mynda nöfn.

Af þessu sem eg nú hefi sagt, býst eg við, að háttv. deildarmönnum verði auðskildar efnisbreytingar, þær er nefndin leggur til að gera á frumv.

Orðabreytingar hefir nefndin gert nokkrar. Nafnfesti þykir henni óhafandi til að tákna með *leyfis*-bréf um nafntöku eða nafnbreyting. Orðið er að vísu gamalt, en það hefir ávalt verið notað í alt annari merkingu. Upphaflega var það í fornu máli kallað nafnfesti ef maður gaf öðrum kenningarnafn og gaf honum grip fyrir að þiggja nafnið, svo sem til að festa það við hann. Það var nafn*gjafinn*, sem gaf nafnfesti. Hér er farið fram á að nota orðið í alveg gagnstæðri merkingu; hér á nafn*þeginn* að borga gjald fyrir að mega bera nafn, sem hann tekur upp sjálfur. Nú á dögum er sjálfur gripurinn kallaður nafnfesti.

Í frumv. hefir upphaflega staðið, að er menn væru orðnir 18 ára, skyldu þeir fá að ráða nafni sínu. En bæði

samkvæmt Grágás og Jónsbók voru menn fullráða sjálfum sér 16 ára gamlir. Og þetta eru og hafa jafnan verið lög á Íslandi. Sbr. ákvæði hjúalaganna um að menn megi ráða sig í vist 16 ára. Það er undarlegt, að stjórnin skuli ekki vita þetta. Hitt munu vera lög í Danmörku; en nefndinni þótti sjálfsagt, að halda hér samræmi við það sem eru forn og ný íslenzk lög um persónusjálfstæði manna; leggur hún því til, að fyrir 18 ár komi hvervetna 16 ár.

Í frumv. er hvervetna gert ráð fyrir skírn á börnum; en eins og mönnum er kunnugt, er skírn ekki lengur skylda. Þeim fjölgar alt af ár frá ári, sem ekki láta skíra börn sín; þótti meiri hlutanum því rétt að breyta orðalaginu á frv. eftir því.

Aðrar breyt.till. meiri hlutans held eg að eigi þurfi skýringar við.

Minni hlutinn, minn skemtilegi sessunautur, hefir komið fram með ágreiningsálit, og skal eg taka fram, að það er samið á svo fallegu máli, að ef eg væri þess megnugur, skyldi eg veita honum verðlaun fyrir. En þegar til efnisins kemur, er öðru máli að gegna. Hvað það snertir, er eg á gagnstæðri skoðun. En eg býst við að hann muni styðja mál sitt með nokkrum orðum og ætla eg að bíða þess, að eitthvað komi fram í ræðu hans, sem eg sjái sérstaklega ástæðu til að svara.

---

Er hér var komið, var kl. 8 síðdegis, og var þá gefið fundarhlé til kl. 9.

---

Kl. 9 var fundi fram haldið.

**Framsögum. minni hl. (Bjarni Jónsson):** Meiri hlutinn er svo fullur heimspeki og vitsmuna, að mér veitir erfitt að fylgjast með inum djúpsettu röksemdum hans fyrir því, að þetta frv. eigi fram að ganga, og sérstaklega að óhæfa sé að banna konum að karlkenna sig.

Það vill svo til, að meiri hlutinn gleymir aðalatriðinu. Hann segir, að ekki beri að þröngva kosti einstaklingsins nema til að vernda einhver gæði þjóðfélagsins. Um það er eg honum sammála. En hann á eftir að sanna, að hér sé eigi um gæði þjóðarinnar að ræða. Hann snýr því upp í að tala um smekk manna — de gustibus non est disputandum. En hér er eigi um það að ræða, heldur hvort vér eigum að afklæða oss vorri gömlu þjóðarmenningu. Vér vitum, að af mörgum lækjum smám safnast vatn sem verður að stórum ám. Þessir menn ætla að fá sér aðfenginn búning, er þeim þykir betur fara, en sá er tíðkast hefir.

Alt sem rætt hefir verið um brot á einstaklingsréttinum, er talað út í bláinn, því það sem einkennir norrænan sið út í æsar, er virðingin fyrir einstaklingsréttinum. Hann var máské ríkari en gagnlegt var fyrir þjóðfélagið, en þjóðfélagið getur aldrei haft skaða af því, að einstaklingsrétturinn sé metinn svo mikils, að hver hafi sitt nafn. Mean segja kannské, að því sé eigi þröngvað að kosti neins einstaklings, þó leyft sé að taka upp ættarnöfn. Það er að vísu satt, að það er ekki þröngvað að kosti þeirra, sem vilja hafa ættarnöfn. En ef eftirkomendurnir skyldu verða föðurbetrungar, þá er þeim gert örðugt fyrir að losna við ættarnafnið og verða að borga fé til að öðlast sér heiti. Auk þess eru máske ekki allir unglingar svo vel að sér, að þeir vita hvaða leiðir þeir eigi að fara til að losna við þessa prýði.

1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) er forkólfur þessarar stefnu, að menn hafi endaskifti

á nöfnum sínum. Hann hefir sýnt það hér áður á þingi, og hann hefir ekki að eins gert það í orði, heldur og í verki. Hann hefir fengið aðra til þess að hafa endaskifti á nöfnum manna og með því bakað þeim óþökk allra þeirra manna, sem unna íslenzkri tungu.

Mótsögn er og milli röksemda meiri hlutans og framkvæmda hans. Meiri hlutinn segist ekki vilja skerða rétt einstaklingsins í þessu, en þó vill hann í framkvæmdinni að einstaklingurinn verði bundinn því, að hafa nafn sitt sameiginlegt öðrum mönnum. Sérstaklega vill meiri hlutinn binda þannig þann hluta mannkynsins, sem minstan hefir máttinn. Hann vill taka þann rétt frá konunum, sem þær hafa haft síðan norræn tunga var töluð. Var það einkenni norrænna þjóða til forna, að konur væru þar rétthærri en hjá Suðurlandaþjóðum, því þær máttu eiga sitt eigið nafn. Eins og menn vita, og eg þarf varla að taka fram, þá voru það lög hjá t. d. Rómverjum á fyrri öldum Rómaríkis, að eiginmenn máttu taka konur sínar af lífi, þó nú þetta hafi breyzt síðar. Þessi meðferð konunnar hefir líka speglast í nafni hennar, því hjá Rómverjum var konan alla ævi nafnlaus eign karlmanna, fyrst föður síns og síðan manns síns. Þessi nafnameðferð sýnir betur en alt annað, hve forfeður vorir stóðu framar Rómverjum í menningu. Er það því eitt ið versta verk, sem eg get hugsað mér, að fara að leyfa og ef til vill að fyrirskipa þennan ósóma, að konan megi ekki hafa sitt sérstaka nafn. Það tekur þó út yfir allan þjófabálk, að meiri hlutinn vill að konan fari að kalla sig karlmann, að hún fari að kalla sig son tengdaföðurs síns og bróður manns síns og sona sinna, í stað þess að heita dóttir föður síns. Allir vita, að þessi ósómi er nú farinn að tíðkast hér og nú vilja menn fara að staðfesta hann með lögum.

Eg sé það, að meiri hlutinn hefir jafnvel gengið svo langt fram á þessa óheillabraut, að hann hefir unnið skemdir á frumv. efri deildar, sem þó var áður allilt. Hann vill nú fella burtu þá grein frumv., sem bannar mönnum að hafa þau ættarnöfn, sem enda á »sen«, »son« eða »dóttir«. Þetta er ill tillaga og vona eg, að hún gangi ekki fram. Og verði mínar brtill. feldar, þá vona eg, að tilögur meiri hlutans verði það og.

Þó það sé æði óviðkunnanlegt, að kvenmenn fari að karlkenna sig, þá er það þó ekki síður til þess að villa heimildir á sér. Það er ekki síður til þess að villa á sér heimildir, að skifta um kynferði hvert ár, en að skifta um nafn, eins og meiri hl. leggur til að nú verði gert.

Maður nokkur hefir sagt mér sögu, sem vel á við ef þessi lög koma fram og koma á þeim ósið, að menn fara að kalla sig bræður föður síns: Einu sinni voru tvær kerlingar að tala saman. Önnur þeirra sagði við hina: »Geturðu ekki sagt mér, hvers son er hann aftur, hann Jón hérna Gissurarson?« »Hann Jón Gissurarson?« svaraði hin. »Nú, hvað, er hann ekki Pálsson?« — Jú, það er alveg rétt«, svaraði hin fyrri. »Óskapar-bjáni er eg að vera að spyrja að þessu. Eg held svo sem eg viti það. Það er einmitt hann sonur hans Jóns hérna Pálssonar í Nesi«. Og það kom þeim saman um kerlingunum.

Þessi saga er alveg rétt mynd af þeim nafnagraut, sem yrði, ef þessi lög fengju fram að ganga. Þetta spillir svo mjög daglegu tali, að það er fráleitt að leyfa það með lögum, að það ætti heldur að banna það. Og ekki er rétti einstaklingsins haggað, þó því sé varnað að ekki sé spilt dýrmætustu eign þjóðar-

innar. Tunga og siðir norrænu þjóðanna er okkar bezti — já, jafnvel einasti gimsteinn. Og þeir sem vilja flekka hann, þeir ættu ekki einu sinni að mega ganga lausir. Hér þarf að varðveita réttmæta hagsmuni þjóðarinnar, þá hagsmuni, sem gerði okkur að því sem við vorum og við erum, og vonandi verðum. Sem gerir okkur að því, að við getum staðið á sporði innar fornu menningar, en verðum þó jafnframt tryggari frelsi landsins, en forfeður okkar voru. Vona eg, að hafið og nafnið Ísland, sem hingað til hefir gætt okkar, muni gera það enn, ef við viljum nokkuð gera til þess að varðveita tungu og siði feðra okkar. Væri illa ástatt fyrir okkur, ef forfeður okkar hefðu verið eins og þeir menn eru nú, sem vilja selja sína gömlu siði ef einhver útlendingur vill líta við þeim. Og í sama strenginn taka þeir menn, sem þetta frumv. styðja, og vona eg, að þeir verði færri, en hinir, sem ekki vilja að menn fari að klína við sig einhverju nafni, sem öllum góðum mönnum er andstygð að.

Þær almennu ástæður fyrir því, að þetta frumv. fái ekki óbreytt fram að ganga, felast í brtill. minum um: Að hver maður skuli heita einu eiginnafni, og kenna sig við föður sinn, er þörf gerist. En heimilt skuli mönnum að taka sér kenningarnafn, en þó þannig, að ekki megi menn taka upp annan sið, en hingað til hefir tíðkast.

Að því leyti get eg fallist á tillögur meiri hlutans, að eg vil að menn heiti einu nafni svo þeir geti ekki vilt heimildir á sér. En ekki held eg, að með þessum lögum þurfi að banna það, að menn geri það í sviksamlegum tilgangi, því að önnur lög gera það. Eg sé reyndar, að hér í frumv. er gert ráð fyrir alt að 100 kr. sekt gegn því, en sú sekt er ekki svo há, að hún fæli menn neitt frá því að gera það.

Nú hefi eg drepið á það helzta og hygg að eg þurfi ekki að fara fleiri orðum um það að sinni. Þó er það eitt enn þá. Það er síðasta brtill. meiri hlutans við 13. gr., að þessi málsgrein falli burtu:

> »Í öllum opinberum skrám og skýrslum skal ávalt rita eiginheiti manna á undan föðurnafni«.

Það vill ekki meiri hlutinn. Er það annars æði-undarlegt, að vera í lögum að tala um fornafn, eins og hver maður eigi að hafa sérstakt fornafn.

Hver maður á að brúka sama fornafnið alla æfi. T. d. ætti framsm. meiri hlutans ætíð að nota fornafnið »hún«, hvort sem hann vildi sagt hafa *eg*, *þú*, *hann*, eða *sem*, *þessi*, *hinn* o. s. frv.

En þó eg nú skildi, að hér var ekki um fornafn (prænomen) að ræða, þá get eg þó ekki fallist á tillögu meiri hlutans, að þessi málsgrein skuli falla niður, sem er eina málsgreinin í 13. gr., sem getur staðið óhögguð að öðru leyti en því, að ekki skal þar standa »fornafn«, heldur »nafn«. Nú á síðustu tímum eru menn farnir að sjá, hvílík flónska það er, að raða nöfnum í skýrslum eftir föðurnafninu. Eru margar slíkar endaskiftaskrár og má þá fyrsta telja endaskiftaskrá símastjórnarinnar. Allar slíkar skrár eru ónýtar og óhæfar. Tökum nú til dæmis, að eg þarf að tala við mann í síma. Þó eg þekki manninn vel, þá er fyrir því ekki sjálfsagt að eg viti, hvað faðir hans heiti. Þá er mér ómögulegt að finna hann á símaskránni. Verð eg þá að síma til miðstöðvarinnar og spyrja, hvers son þessi maður er, og er það þá undir hælinn lagt, hvort símastúlkurnar vita það, því ekki er hægt að gera ráð fyrir því, að þær viti hvers synir allir menn eru í bænum. Ef þær geta ekki sagt

mér það, þá get eg ekki talað við þennan mann í síma.

Þó er þetta nú sök sér, en út yfir tekur þegar til bæjargjaldkerans kemur. Eg sendi þangað mann til þess að borga eitthvað. Hann segist eiga að innborga peninga fyrir Bjarna frá Vogi. »Hvers son er hann?«, spyr gjaldkerinn. Og ef maðurinn veit það ekki eða man það ekki í svipinn, þá verður hann frá að hverfa við svo búið.

Yfir höfuð er það undarleg hugmynd, að það sé hægara að raða nöfnum eftir föðurnafni en eignarnafni. Og fleira er einkennilegt í þessum lögum, eins og t. d. þetta: Föðurnafn hvers manns er fornafn föður hans haft í eignarfalli að viðbættu *son*, ef karlmaður er, en *dóttir*, ef kvenmaður er. Faðir minn er Jónsson, en faðir systur minnar er Jónsdóttir! Það er laglega orðað þetta!

Annars er það margt fleira, sem er hér hálf-skrítið, en eg vil ekki tefja tímann með því að tala um það að sinni. Annars hefi eg ekki öðru við að bæta en því, að eg tel tillögu meiri hlutans um »nafnfesti« vafasama. Í fyrstu var eg í efa um, hvort nota mætti þetta orð »nafnfesti«, en nú hefir meiri hlutinn sannfært mig um að orðið sé alveg rétt, þó hann hafi ætlað sér að sanna það gagnstæða. Meiri hlutinn tilfærði sínu máli til sönnunar þessi orð Hrólfs kraka: »Þat er títt, at gjöf skal fylgja nafnfesti«. Þetta sýnir einmitt, að það er ekki gjöfin, sem er nafnfesti, og því hefir meiri hlutinn sannað það þveröfuga við það sem hann ætlaði sér. Hann hefir einmitt sannað, að þetta skjal má kalla nafnfesti.

Vona eg svo að háttv. deild samþykki brtill. mína, en að öðrum kosti skora eg á hana að drepa frumvarpið gersamlega.

**Þorleifur Jónsson:** Eg býst við því, að háttv. deild kæri sig ekki um að umræðum verði haldið áfram fram eftir nóttinni, og því skal eg reyna að vera sem stuttorðastur. En vegna þess að eg skrifaði undir nefndarálit meiri hlutans með fyrirvara, þá vildi eg í örfáum orðum leyfa mér að skýra frá því, hvers vegna eg var ekki í öllu sammála meiri hluta nefndarinnar, sem eg þó vann með.

Eg var samþykkur meiri hlutanum í því, að frumv. efri deildar yrði lagt til grundvallar og var eg með nefndinni í þeim breytingum, sem mér þótti betur fara. En sérstaklega voru þó 2 atriði, sem eg gat ekki orðið meiri hlutanum sammála um. Það fyrra var breyt.till. á þgskj. 375, 16, við 7. gr. Þar vildi meiri hlutinn að feldur væri c-liðurinn. Hann hljóðar þannig:

> »Nöfn, er telja verður óhæf í íslenzku máli, svo sem ættarnöfn, er enda á *son*, *sen* eða *dóttir*, eða hneykslanleg eru á einhvern hátt«, o. s. frv.

Eg var ekki samþykkur að þetta væri felt burtu, því ef verið er að setja reglur um þetta á annað borð, þá sé eg ekkert á móti því að þetta ákvæði standi, sem var sett inn í efri deild. Efri deild vill ekki leyfa ættarnöfn, sem enda á »sen«, »son« eða »dóttir«.

Um það skal eg ekki annað segja en að ættarnöfn, sem enda á »sen«, finst mér alveg óhæf í íslenzku máli. Sumir í meiri hluta nefndarinnar héldu því fram, að þetta heyrði undir breyt.till. meiri hlutans, sem komi í staðinn fyrir þann lið í frumv. efri deildar, sem meiri hlutinn vildi fella burtu. Brtill. hljóðar þannig: »Nöfn, er hneykslanleg eru á einhvern hátt«. Þeir álitu, að ættarnöfn, sem enda á »sen«, »son« eða »dóttir«, heyri undir þetta. Eg get nú að vísu verið ánægður með, ef að sá skilningur kemst að, en eg teldi þó betra að c-liðurinn héldist eins og hann var í efri deildar frumv.

En sérstaklega er eg mótfallinn 27. brtill. meiri hlutans við 13. gr., að síðasta málsgreinin skuli falla burtu:

»Í öllum opinberum skrám og skýrslum skal ávalt rita eiginheiti manna á undan föðurnafni«.

Þetta vildu þrír af meiri hlutanum fella burtu, og er eg því algerlega mótfallinn. Finst mér það mjög óviðkunnanlegt að skæla og skekkja svo nöfn manna, að skrifa föðurnafnið á undan skírnarnafninu. Og þó þetta hafi tíðkast á síðari árum í skýrslum og skrám, þá er það þó alls ekki við smekk manna, sem ekki kunna við slík endaskifti á nöfnum sínum. Yrði frumv. mjög spilt, ef þessari grein væri raskað. Væri það líka undarlegt og andhælislegt þegar verið er að gefa mönnum bendingar um falleg íslenzk nöfn, en láta það um leið leyfast, að hafa slík endaskifti á nöfnum að útlendum hætti. Mundi þetta mæta mikilli mótspyrnu hjá almenningi. Og mér finst það sjálfsagt, að tekið sé tillit til almenningsálitsins í löggjöfinni.

Eg vildi segja það um frumvarpið í heild sinni, að aðaltilgangur þess er sá, að menn geti ekki heimildarlaust breytt nafni sínu, sem nú er farið að tíðkast, annaðhvort af fordild eða öðru. Þarf að gera gangskör að því, að menn geti ekki gert það heimildarlaust, og það er aðalatriðið í þessum lögum. Umbúnaðurinn er aukaatriði.

Eg skal geta þess, að ekki tel eg það heppilegt að innleiða ættarnöfn, og er ekki á þeirri skoðun, að það eigi að ýta undir menn til þess að taka þau upp, heldur eigi þvert á móti að draga úr því að almenningur geri það.

Þetta var fyr meir miklu algengara en nú. Þá »dependeruðu« menn mikið af útlendingum og þá einkum af Dönum og var altítt að höfðingjar tóku sér ættarnöfn. Á síðustu áratugum man eg ekki til að upp hafi verið tekin slík nöfn, svo að teljandi sé, svo að eg óttast ekki mjög mikið að þeim fjölgi, þó að leyft sé að tíðka þau. En þótt eg sé á móti ættarnöfnum, þá er eg á móti háttv. minni hl. í því, að menn gjaldi nokkurskonar sekt fyrir það að nota þau. Og einkum er það alveg fráleitt, að þeir sem nú þegar hafa slík nöfn, skuli fyrst þurfa að sækja um leyfi stjórnarráðsins til þess að fá að bera þau, þótt þeir hafi erft þau í gegnum marga ættliði, og síðan verða að gjalda 20 kr. árlegan nefskatt, eða 500 kr. í eitt skifti. Það væri ódæma harðræði. T. d. yrðu þá hjón, sem eiga 8 börn, að gjalda 200 kr. á ári fyrir nöfn sín og barnanna. Það gætu ekki nema ríkismenn, og þótt eg sé að mörgu leyti samþykkur tillögu minni hlutans, þá vil eg ekki ganga svona langt.

Það er yfirleitt oft álitamál, hvað spillir málinu, og hvað ekki. En ef börnunum er vel kent móðurmálið og þau venjast ekki á soramál, þá munu þau líka læra að taka ekki upp nafnskrípi, innlend eða útlend.

Eg hefi fylgst með nefndinni í því, að laga frumvarpið frá því sem það var frá Ed., og skal svo ekki fjölyrða um það frekara.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Eg vona að þessir tómu bekkir fyrirgefi mér, þótt eg svari nokkrum orðum ræðu háttv. þm. Dal. (B. J.), sem var all-löng og tæmdi þingsalinn.

Hann fann ættarnöfnum það til foráttu, að börn gætu ekki losnað við þau, þótt þau væru föðurbetrungar. Hann hefir þó sjálfsagt lesið frumvarpið svo vel, að hann hefði átt að geta séð, að þeim er auðgert að fá nafni sínu breytt. Og ef hann hyggur að menn séu svo fáfróðir, að þeir viti ekki, hvernig þeir eiga að fara að slíku, þá er því til að svara, að þeir geta fengið sér leiðbeiningar.

Þá hélt hann því fram, að inn fegri hluti mannkynsins yrði hart úti eftir þessum lögum. En þær eru alveg sjálfráðar, og ekki hefi eg hingað til orðið var við það, að konur hafi orðið af giftingu fyrir nafns sakir.

Að forfeður vorir hafi í þessu efni staðið hærra en vér niðjar þeirra, það þykir mér nokkuð vafasamt. Þeir höfðu kenningarnöfn, sem oft gengu í arf í 2—3 liðu og kenningarnöfnin eru vísir til ættarnafna. Háttv. þm. Dal. hefir sjálfur kenningarnafn »frá Vogi«. Frá kenningarnöfnum til ættarnafna er breytiþróun og annað ekki. Háttv. þm. kallaði það kynvillu á kvenfólki, ef það héti ættarnöfnum, sem enda á »son«. Eg sé ekki að þetta sé hættulegra hjá oss en öðrum þjóðum, því að hitt nafnið segir til um kynferðið.

Höfuðástæða hv. þm. var sú, að með ættarnöfnum væri tungu vorri og þjóðerni spilt. En það er reynsla fyrir því, að eiginnöfn hafa lítil eða alls engin áhrif í því efni. Bæjanöfn voru t. d. orðin afböguð frá réttri hneigingu í Noregi löngu áður en þetta land bygðist, sbr. t. d. Gerðar, Nesjar o. s. frv., og fluttust þær afbaganir hingað og haldast hér enn á bæjanöfnunum. En ekki hefir þetta haft nein áhrif á byggingar sömu orða (gerði, nes), þá er þau eru sameigin nafnorð. Háttv. þm. kannast við fleira þessu líkt úr Rygh og fleiri bókum. Yfirleitt má segja, að eiginnöfn séu fremur laus við málið og lög þess. Hann sagði og, að samgönguleysið hefði varðveitt tungu vora og þjóðerni meðan vér vorum í sem mestum vesaldómi. Það kann að vera nokkuð til í því, en nú er þjóðernið svo vaknað við, að það þolir samgöngurnar, og eg er ekki hræddur við þær. Háttv. þm. vill líka eflaust hafa góðar samgöngur, enda þurfum vér sízt lengur á samgönguleysi að halda til að varðveita mál og þjóðerni.

Orðið »fornafn« er okkur, meiri hl. nefndarinnar, óviðkomandi. Það er hingað komið frá háttv. Ed og við höfum lagt til að það verði felt niður. Við notum orðið skírnarnafn.

Þá kem eg að síðustu breyt.till. Við höfum lagt það til, að sú gr. frumvarpsins sé látin falla niður, en því eru þeir báðir mótfallnir, háttv. þm. Dal. (B. J.) og háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.). Mér hefir verið kent um að hafa innleitt þann sið, að rita föðurnafn manns á undan skírnarnafni í opinberum skrám, en eg hefi hvergi gert þetta, nema í bókaskrám, af því að þar gera það *allar* þjóðir, líka Grikkir og Rússar, sem annars hafa skírnarnafnið fyrst. Í bókaskrám á þessi regla heima, af því að þar agar saman nöfnum af öllum þjóðernum í einni stafrófsröð, svo öllu verður að raða á sama hátt, og annað hefi eg aldrei sagt né gert að þessu. Og það er ekki mér að kenna, þótt t. d. gjaldkeri finni upp á því að semja niðurjöfnunarskrá á þennan hátt, og sama er að segja um talsímaskrána, og má gjarnan hætta við slíkt, ef menn eru óánægðir með það. En slíkt forboð á ekki heima í *lögum*. Lög eiga að vera til þess eins gerð að menn geti ekki að ósekju vilt heimildir á sér. Þess vegna vill meiri hl. fella í burtu alt annað, sem Ed. hefir sett inn í frumvarpið og réttum tilgangi þess er óviðkomandi. Það væri líka hart, að skipa landsbókasafninu að fara að verja þúsundum króna til þess að breyta bókaskrám sínum, því að þær yrði að rita upp alveg á ný, ef þetta ákvæði yrði að lögum. Og ef ætti að fara að lögbjóða þetta, þá ætti eiginlega helzt að fara eins með nöfn allra útlendinga í skránum. Háttv. þm. Dal. segir, hvort sem er, að Íslendingar kunni ekki að leita að mönnum þar, nema eftir skírnarnöfnum!

Orðið »nafnfesti« sé eg ekki að unt

sé að nota um *leyfisbréf* handa þeim, sem sækja um nafnbreytingu, og hefi eg áð ur gert grein fyrir því.

Eg finn nú annars eigi ástæðu til þess að orðlengja þetta frekara. Það er, hvort sem er, ekki mikið meira en helmingur deildarmanna inni, og þeir fáu, sem hér eru, verða því víst fegnir, að umr. dragist ekki fram á nótt.

**Einar Jónsson:** Mér þykja menn ætla að fara að verða nokkuð vísindalegir hér. Sumir vitna í Grikki og Rússa, sem eg veit ekki til að við séum neitt skyldugir til að fara eftir. Aðrir skrifa nefndarálit, sem er bókstaflega tekið upp úr útgáfu Finns Jónssonar af Eddu. Mér finst að þessir menn ættu öllu fremur fremur að halda sér við það sem snertir málið sjálft.

Út af því, hvort vera skuli á undan á bókaskrám og slíku, föðurnafn eða skírnarnafn, skal eg geta þess, að eg kann illa við fyrirkomulagið, eins og það er.

Annars mun eg sýna mína afstöðu með atkvæðagreiðslu, en álít óþarfa að fara út í goðafræði og Grikki og Rómverja í ekki stærra máli.

**Bjarni Jónsson:** Engum ætti að verða ilt af því, þótt minst sé á Grikki eða Rómverja, það gera þeir sem mælskir eru, og ekki nota jafn-algengar líkingar og eg. Hitt sakar ekki heldur, þótt minst sé á góðar og gamlar bókmentir vorar, og athugað hvað Íslendingar hétu áður, í stað þess að festa sig í vitlausum lagabálknm.

Háttv. framsögumaður meiri hlutans fór dálítið rangt með orð mín, þar sem hann hafði það eftir mér, að menn myndu ekki hafa næga þekkingu til þess, að skifta um nöfn, svo í lagi færi. Eg sagði, að margur unglingur myndi hafa svo litla þekkingu, að *hann* gæti það ekki. Þetta er ekki sama, og hv. þingm. myndi hafa fundið mismuninn, ef það hefði verið honum í vil. Ekki sagði eg það heldur, að forfeður vorir hefðu staðið hærra en vér í nafnagiftum, heldur hitt, að þeir hefðu þar verið fremri Rómverjum í því, að þeir hefðu haft konur í meiri metum en tíðkaðist í rómverskum sið.

Eg gæti sparað mér að svara mörgu af því, sem háttv. þingmaður sagði, en einu hafði eg mest gaman af. Hann sagði að eiginnöfn væru »laus við málið«. — Eg held að eg fari orðrétt með það. — Og dæmi þess taldi hann það, að bæjanöfn hefðu verið orðin afbökuð í Noregi, áður en Ísland bygðist. Eg skil ekki að þetta sé nein sönnun. Eiginnöfn eru nefnd oftar en nokkur önnur orð í málinu, og þess vegna er ástæða til þess að fara enn gætilegar með þau. Og þegar farið er vísvitandi að leggja niður beygingar á þeim, eða gera á þeim kynvillur, þá er með því rudd braut fyrir hvers konar skekkjur aðrar í málinu. Því að þó að meiri hluti kvenna vildi nú kalla sig einhvers son og áliti að það gerði ekkert til, þá hefir það þó ruglandi áhrif, þegar öðrum megin er beygt kvenmannsnafnið, en hinum megin er þetta ósveigjanlega »son«. Gálausleg meðferð á þessu og öðru slíku spillir tungunni.

Eitt sem háttv. þingmaður rangfærði, var það, að eg hefði sagt, að samgönguleysið hefði verndað oss Íslendinga áður og það hermdi hann rétt, en eg sagði aldrei að þess þyrfti nú við, eins og hann virtist gefa í skyn. Samgöngur eru góðar, gætu meðal annars verið til þess, að flytja úr landi ýmsa skrjóða, en þó því að eins, að þær flytji oss ekki aftur erlenda snýkjumenningu í stað vorrar mörg þúsund ára menningar.

Um endaskiftaskrárnar flutti háttv. þingmaður litlar sannanir fram. Hann kvað það mundi kosta landsbókasafnið þúsundir króna að laga sínar. En af

hverju? Af því að þar hefir einn Íslendingur fengist við það all-lengi, að semja spjaldskrá, sem ekki er hægt að nota. Það hefði verið nær, að byrja þar á réttu verki, en að þurfa að lagfæra rangt. Ekki skildi hann orðið nafnfesti. Það er þó til í málinu, og er annað en gjöf. Að gefa einhverjum eitthvað að nafnfesti, er að gefa honum það til þess að festa á honum nafnið, og gildir einu hvort sú athöfn (að festa nafnið) fer fram munnlega eða skriflega.

Það er rétt, sem einn háttv. þingm. sagði, að þurft hefði að athuga einstaka hluti í till., en til þess hafa nú háttv. þingmenn haft tíma.

Eg ætla nú ekki að tala mikið lengur, því að eg þykist vita að fleiri vilji komast að, og að þeir, sem nú eru fjarverandi, séu að taka saman ræðurnar, því að þetta er ekkert smámál eins og háttv. 1. þingmaður Rangv. vildi halda fram. Það er ekki svo lítið um það vert, hvort verið er að semja káklög um það, sem hefir mikil áhrif á siðu og menningu þjóðarinnar, og hér er sama kákið á ferðinni og í fánamálinu, þegar menn vildu ekki annað en hraunfána eða tindafána, og láta sér nægja að vera innlimaðir í orði og verki, og aldrei kunna við sig nema innan fjögra veggja þröngrar »stáss-stofu«. Þeir sjá ekki, hvað þeir eru að gera, er þeir líta smáum augum á það sem mikið er — og það er mikið sem þessi þjóð á af gersemum, hve ilt sem hún hefir átt — en þykir hins vegar alt rusl gott, ef það kemur frá ríkari þjóðum. Slík stefna er feigðarspá hverrar þjóðar.

Þessi stefna er feigðarspá okkar Íslendinga og á ekki skilið langt líf Þjóðin er í hættu stödd, ef þeir menn eiga að ráða, sem slíkri stefnu halda fram, hvort heldur er af gáleysi eða illum vilja. Þeir eiga ekki að þolast.

Eg skal svo þagna um stund til þess að þeir menn, sem áhugamenn eru, fái tækifæri til að sýna, hvern hug þeir bera til þessa máls.

**Ráðherrann (H. H.):** Eg vil vekja athygli háttv. þingmanna á því, að þetta frumvarp er samið samkvæmt áskorun Nd. á seinasta þingi. Það á alveg sama rétt á sér og frumvarpið um bæjanöfn, því að bæði frumvörpin hafa sama tilgang — ekki þann að neyða menn til að taka ný nöfn, heldur hinn, að setja reglur um það, á hvern hátt menn eigi að haga sér, ef þeir vilja taka upp ný nöfn. Það er til þess að koma í veg fyrir, að menn geti án nokkurar reglu notað sitt heitið hvert árið og vilt þannig á sér heimildir. Einkum er slík óregla hættuleg í viðskiftalífi manna. Af þessum ástæðum er frumvarpið borið fram og engum öðrum.

Öll þessi langa ræða háttv. þingm. Dal. var því úti á þekju og þessar þjóðernishugleiðingar hans koma málinu ekkert við.

Það er alveg rétt, að menn eru alt af meira og meira að taka upp ættarnöfn og munu gera það, en ýmis óregla á sér stað í þessu efni. Það fer illa á því, að menn t. d. taki upp annara manna ættarnöfn, eins og oft á sér stað, án þess að nokkrar skorður séu settar við því.

Þetta frumvarp kemur í veg fyrir slíkt, með því að mæla svo fyrir, að menn geti ekki tekið upp ný nöfn leyfislaust — og það hindrar menn líka í því að villa á sér heimildir, hvort heldur er vegna skulda eða af öðrum ástæðum.

**Skúli Thoroddsen:** Það mun að vísu rétt hermt, að samþykt hafi verið á síðasta Alþingi þingsályktunartillaga, er lýtur að máli þessu, eins og hæstv. ráðherra mintist á; en umræður hafa þó engar orðið um málið í blöðum eða

á mannfundum, eða þá eigi þær er teljandi séu, og eg hygg því, að almenningur hafi yfirleitt alls ekki búist við þessu frumv.

Þegar nú litið er til ágreiningsins, sem orðinn er milli meiri og minni hlutans, að því er frv. þetta snertir, þá álít eg, að heppilegra sé að málið gangi ekki fram að þessu sinni, en mönnum sé gefinn kostur á að ræða það ýtarlega. Eg vil því gera mitt til þess, að svo megi verða, og leyfi mér því að bera fram svohljóðandi

*Rökstudda dagskrá:*

»Með því að æskilegt virðist, að þjóðinni gefist kostur á að ræða og íhuga málið áður en því verður ráðið til lykta, þykir deildinni ekki rétt að afgreiða lög um það að þessu sinni, og tekur því fyrir næsta mál á dagskránni«.

[Þessa dagskrá vantar í A-deildina].

Eg álít að öðru leyti óþarfa, að tala frekara um málið, en tel »rökstuddu dagskrána« heppilegustu úrlausnina, ekki síst þegar þess er gætt, að frumvarpið leggur ný gjöld á menn, sem enginn hefir búist við.

**Framsögum. minni hl. (Jón Ólafsson):** Herra forseti! Eg þurfti að svara háttv. þm. Dal. (B. J.) fáeinum orðum viðvíkjandi bókaskránum. Honum þótti óþjóðlegt, að fylgja þeirri reglu um samningu bókaskráa, sem allar aðrar þjóðir fylgja. Eg skal geta þess, að þó að þetta hafi verið að mínum ráðum gert, þá var það þó stjórn Landsbókasafnsins, sem úrslitin átti um málið. En í henni sátu svo óþjóðlegir menn, sem þeir íslenzku-kennararnir yfirkennari Halldór Friðriksson og Pálmi kennari Pálsson og féllust þeir báðir á þetta. Annarstaðar hefi eg ekki farið fram á þetta. Þetta varð eg að endurtaka, því að það hefir farið fram hjá skilningi háttv. þingm. Dal.

Eg vil benda honum á það, að eigin-nöfn bæja voru orðin afböguð löngu áður en þetta land bygðist. Fyrst nú tunga okkar hefir varðveizt yfir 1000 ár þrátt fyrir þessi mörgu afböguðu bæjanöfn, þá er það sönnun þess, að eiginnöfn hafa engin áhrif til að spilla eða bæta tunguna.

Viðvíkjandi ættanöfnum skal eg geta þess, að ekki er til betra ráð til þess að innleiða þau, en að skattleggja þá menn, er þau bera. Það eru til mörg gömul og heiðvirð ættanöfn — t. d. hér í deildinni skal eg nefna þá háttv. þm. N. Ísf., 1. þm. Skagf. og 2. þm. Eyf. — sem óefað vildu heldur borga skatt fyrir nöfn sín en missa þau. Þessir menn bera nöfn svo mikilsvirtra forfeðra og nafnkendra. Afleiðingin af því, að ættarnöfn yrðu skattlögð, yrði því áreiðanlega sú, að höfðingjarnir og heldra fólkið héldi þeim. En þá mundi það líka verða »fínt«, sem kallað er, og allir vildu þá fá ættarnöfn. Eg held þess vegna, að þessi brtill. háttv. þm. nái ekki tilgangi sínum.

Það er rétt hjá hæstv. ráðherra, að þingsályktunartill. var samþykt á síðasta þingi, sem skoraði á stjórnina að leggja sams konar frumv. og þetta fyrir næsta þing. Hún var borin fram af okkur, þáverandi þm. Akureyrar, Guðlaugi heitnum Guðmundssyni og mér. Og eg get fullvissað háttv. þm. um það, að okkur kom ekki til hugar, að fara lengra en meiri hl. nú leggur til, sem sé það, að koma í veg fyrir, að menn geti vilt á sér heimildir. Allar þessar ímynduðu þjóðernisfirrur hafa verið teknar inn í frumv. af háttv. Ed.

Eg vona því, að háttv. þm. fallist á að skera að þennan óþarfa »Appendix« burtu og halda sér við það eitt, sem

nauðsynlegt er eftir tilgangi frumv, en ekki að takmarka frelsi manna alveg að óþörfu.

Sama er að segja um bókaskrárnar. Með allri virðingu fyrir Alþingi, þá dettur mér ekki í hug, að það hafi betra vit á því, hvernig semja eigi bókaskrár, en viðurkendir bókaverðir allra menta-þjóða.

**Matthías Ólafsson:** Eg get sparað mér langa ræðu, því að hv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) hefir tekið flest af því fram, sem eg ætlaði að segja. Þetta mál lá fyrir þinginu í fyrra, en þá var það ekki svo undirbúið, að tök væru á því að ráða því til lykta. Var því samþykt þingsályktunartill., sem fer fram á það, að fela stjórninni að undirbúa málið og leggja það fyrir næsta þing. Og eg sé ekki betur, en það sé svo undirbúið, að sjálfsagt sé að samþykkja það. Þetta er sprottið af því, að mesta ringulreið er komin á heiti manna. Menn nefna sig kannske sitt árið hverju nafni og villa með því heimildir á sér — oft til þess að komast undan »kreditorum« sínum. Annar er ekki tilgangur frumv. en að koma í veg fyrir þetta. Það eru settar reglur um, hvernig menn eigi að fara að því að taka upp ný nöfn. Engum er skipað að gera það, og engum heldur bannað það. Nefndin hefir verið svo frjálslynd, að hún hefir ekki einu sinni bannað þann versta óvanda, að menn séu að kenna sig við óðul, sem þeir hafa aldrei átt eina þúfu í. Það er eins og þegar menn í útlöndum eru að kalla sig »barón« eða »greifa«, »de« eða »van«, þetta og þetta, sem þeir aldrei hafa átt neitt í. Sem dæmi upp á slíkt hér á landi má meðal annars nefna »frá Vogi«.

Eg get ekki séð, að það spilli neitt tungunni, þótt menn t. d. nefni börn sín eftir einhverjum útlendingum, sem þeir þekkja að góðu og þykir vænt um. Eg held það bætti lítið úr yfirleitt, að vera að hlaða utan um sig þeim kínverska múr, að þar komist engin útlend áhrif inn fyrir. Og eg er viss um það, að okkar vesaldómur hefir stafað meir af því, að við höfum ekki fengið nóg af menningarstraumum inn í landið.

Það má vera, að það hafi varðveitt málið okkar að nokkru leyti. En þótt mér þyki vænt um blessað máli okkar og álíti það gimstein, þá er eg óviss um, að það væri til minni hagsælda fyrir okkur þótt við tækjum eitthvað annað mál upp. Það er erfitt með öllum sínum breytingum. Og því flóknara sem það er, því erfiðaða veitir okkur að vekja athylgi útlendinga á okkar landi, sögu og bókmentum, því að þeir eiga ilt með að læra það. Eg má segja, að það hafi verið málfræðingurinn Madvig, sem sagði það, að enskan væri fullkomnust allra mála, vegna þess hve lítið væri um beygingar þar. Eg er þess fullviss, að okkur yrði það hagur, ef málið yrði ekki alveg eins erfitt og það er.

Annars hefi eg ekki mikið meira um frumv. að segja. Mér virðist sjálfsagt, að samþykkja það núna. Að fara að skjóta því til stjórnarinnar aftur, virðist mér alveg óþarft. Það er svo undirbúið nú, að eg sé ekki að það vinni mikið við það.

**Bjarni Jónsson:** Háttv. 1. þm. S.-Múl (J. Ól.) sýndi í svari sínu til mín, hve rökfimur hann er og sniðugur í því að búa það til, sem þarf til sönnunar. Hann vildi sanna ágæti bókaskrárreglu sinnar með því, að hann hefði fengið marga góða íslenzkumenn til þess að fallast á hana. Þetta sýnir ekki annað en það, hvílíkur hættumaður hann er, þar sem hann gat leitt svo góða menn til þess að fallast á þessa endaskiftareglu. Og það þarf ekki lítið til þess, að fá greinda menn til að láta bóka-

skrárnar vera svo úr garði gerðar, að enginn maður geti fundið þá bók, sem hann vill fá í skránum. Það er ekki víst að menn viti alt af föðurnafn manna, sérstaklega vegna þess, að það er venja hér, að kalla menn með skírnarnafni og sumir þekkjast alls ekki undir öðru. Og þótt menn væru svo hepnir að vita föðurnafnið líka, þá er ekki víst að það kæmi að haldi. Ef t d. synir Jóns Ólafssonar færu að skrifa bækur, þá mundu menn alls ekki finna þær í skránum. Það er ósennilegt að menn væru svo klókir, eða vitlausir, að fara að leita undir Ólafsson, þar sem þeir þekkja nöfnin á piltunum og vita að þeir eru Jónssynir.

Annars virðast mér sannanir þessa háttv. þingmanns minna á gömlu sönnunina: Enginn köttur hefir 10 rófur. Einn köttur hefir einni rófu meira en enginn köttur, *ergo* hefir einn köttur 11 rófur.

Þá notaði háttv. þingmaður það sem vopn á mig, að þrír háttv. þingmenn, sem hér eru, eru svo óhepnir að eiga forfeður, sem hafa kallað sig útlendu nafni. Eg get hugsað, að hann öfundi þá af því, að þeirra ónefui er eldra en það, sem hann er nú að búa til á sín börn.

Þá var það háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ól.) sem vildi reikna mér það til syndar, að eg skrifaði aftan við nafn mitt frá hvaða bæ eg væri, vegna þess að það væri ekki óðal. Það getur verið, að þessi háitv. þingmaður vilji banna mönnum að segja, hvar þeir hafi verið síðast, eða hvaðan þeir séu. Eg hefi þó vanist því að menn segðu, þegar þeir mættust á förnum vegi: »Hvað heitir þú?«. »Eg heiti Bjarni«. — »Hvers son?«. »Jónsson«. — »Hvaðan ertu?«. »Eg er frá Vogi«. Er þetta útlent kannske? Annars hefi eg aldrei ætlað mér að leggja neitt eignarhald á Vog — enda er hann ekki svo stór. Og þetta verður aldrei ættarnafn. En það er svo til komið, að maður, sem talsvert skrifaði, var samnefndur mér og urðu mestu vandræði úr, því að menn viltust um. Var þá annað hvort fyrir, að auðkenna okkur þannig, að kalla hann kristna Bjarna og mig heiðna Bjarna, eða þá hitt, sém eg kaus heldur, að auðkenna mig með þeim bæ, sem eg var frá.

Viðvíkjandi því, sem háttv. þingmaður var að tala um, að okkur mundi hagur að því, að missa beygingarnar úr tungu okkar, vegna þess, að útlendingum mundi þá veitast léttara að læra hana, þá er ekki um það að ræða hér. Annars er þessi kenning gömul. Hún minnir og á það, sem gamall og þektur ritstjóri lagði til í blaði sínu fyrir nokkrum árum, að við hættum að tala og rita móðurmál vort og tækjum upp í þess stað ensku. Það er svo misjafnt matið á þessu. — Væri líklega réttast að tilnefna úttektarmenn til að meta það, hvort við ættum að halda tungunni eða ekki.

Það sem hann sagði um kínverska múrinn, var talað út í bláinn og hverf eg frá því.

Eg veit það vel, að frumvarpið fer ekki fram á það, að lögskipa ættarnöfn, heldur er tilgangurinn í orði kveðnu sá, að setja reglur um, hvernig eigi að taka þau upp. Og í sambandi við það hefi eg lagt til, að bannað yrði að taka upp ónefni, er spilla tungunni. Og eg get ekki séð annað en það komi málinu talsvert við.

Eg skal minna á það, að í þinginu 1911 bar eg fram frumvarp um það að banna ættarnöfn. En það frumv. fekk ekki byr, vegna þess að móðurmálsbókar og orðabókar höfundar o. fl. lögðu á móti því. Svo komu þessir menn með

þingsályktunartillögu á seinasta þingi um að fela stjórninni að semja eitthvað frumvarp, sem ekki væri í þjóðernis verndunaráttina.

Eigi þetta frumv. að eins að vera til þess að koma í veg fyrir, að menn villi á sér heimildir, þá væri það eitt nægilegt, að setja eina gr. með sektarákvæði — svo og svo miklu skyldi það varða, ef menn viltu á sér heimildir. Þá þyrfti ekki alla þesssa langloku, sem öll er til athlægis, að því einu undanskildu, að prestar gæti neitað að skíra börn ónefnum.

Annars held eg að bezt væri, að þetta mál fengi að bíða þangað til búið er að samþykkja stjórnarskrána og við fáum nýjar kosningar og náum þessum sér vitringum, svo sem hv. 1. þm. S.-Múl. burtu af þinginu.

Eg mun því greiða atkvæði með þeirri rökstuddu dagskrá, sem háttv. þingm. N.-Ísf. hefir borið fram.

**Einar Jónsson:** Satt að segja sýnist mér þetta mál horfa þannig við, að það þýði ekki að ræða það lengi. Það skynsamlegasta, sem fram hefir komið í málinu, er in rökstudda dagskrá frá hv. þingm. N.-Ísf. (Sk. Th.) og í rauninni það eina frambærilega. Mér skilst að háttv. þingmenn ætli hér að fara að verða nokkuð vísindalegir og víðförlir og gefa sig að fleiru en frumv. því um mannanöfn, sem hér liggur fyrir. Þeir sveima suður um Grikkland, og þaðan til Rússlands, en til Rússlands langar mig sízt til að fylgja þeim og sný mér því að öðru.

Ágreiningsálit háttv. þm. Dal. (B. J.) er eitt af allra einkennilegustu nefndarálitum, sem eg hefi séð. Það er í raun og veru lítið annað en útdráttur — og hann orðréttur á sumum stöðum — úr Eddu Snorra Sturlusonar, sem Finnur Jónsson bjó til prentunar 1907. Sé eg ekki að það skýri málið frekar heldur en ef þingmönnum hefði verið bent á að lesa bókina, einkum 15. og 16. kap. En hér hefir að líkindum vakað fyrir þingmanninum, að það nefndarálit hlyti að álítast merkilegt og þungskilið, sem í sér hefði fólgin svo einkennileg orð sem Yggdrasill, Urðarbrunnur, Mímisbrunnur, Niflheimur, Niðhöggur og þá ekki síst Ratatöskur, sem að vísu er skakt. Ratatoskur þýðir íkorni og er þannig rétt. Brtill. þessa háttv. þm. mun eg fylgja að nokkru en ekki að öllu leyti, og ekki endurtaka það, sem sagt hefir verið um þær. Er þgskj. 593 að því leyti ekki með öllu óþarft, að sumar brtill. eru frumv. til bóta, en nefndarálitið sjálft væri jafngildandi þó ekki stæði þar nema 4. málsgreinin að eins: »Nú ber vel í veiði« o. s. frv. Annars er álitið fremur skemtilegt, en það hefir þann galla að vera óþarft.

Að endingu skal eg taka það fram, að eg mun greiða atkv. með inni rökstuttu dagskrá frá háttv. þingm. N.-Ísf., því að eg álít hana, eins og eg tók fram í upphafi, ið eina nýtilega, sem fram hefir komið í málinu. Skal eg svo ekki tefja umræðurnar meira.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Eg ætla ekki að halda neina ræðu, og ekki ætla eg að leggja út í svara háttv. 1. þm. Rangv. (E. J.), því mér fanst vera komið hálfgert geldingar-bragð af því sem hann sagði. En eg vildi að eins skjóta því að háttv. sessunaut mínum, hvort hann vildi ekki enda umræðurnar með því að skora á ráðherra að rjúfa þing út af mannanafnafrumv. og láta ganga til nýrra kosnniga út af því.

**Halldór Steinsson:** Mér finst vera orðnar óþarflega langar umræður um annað eins smámál og þetta. Það er alveg rétt, sem háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.) sagði, að aðalatriðið í þessu frumv. væri að koma í veg fyrir að menn gætu skift um nöfn hvað eftir annað. En

það mætti koma í veg fyrir þetta á annan hátt en með langri lagasetningu og löngum umræðum. Alt annað í frv. er í rauninni að eins umbúðir utan um þennan eina kjarna, og mætti ná aðaltilgangi frumv. eins vel með einni eða tveimur greinum. Eg mun því greiða atkvæði með inni rökstuddu dagskrá frá háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.).

**Bjarni Jónsson:** Eg er sammála þessum háttv. þm. um dagskrána, en eg vona, að hann verði þroskaðri næst þegar hann þarf að fjalla um þetta mál. Eg þakka háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) fyrir það sem hann minti mig á, en af því að eg er ekki fyrir að eigna mér annara skoðanir, þá vil eg spyrja hann, hvort hann vilji ekki gera það sjálfur.

ATKV.GR.:

Rökstudd dagskrá (sjá hér að framan) feld með 11:6 atkv.

Brtill. 593, 1, feld með 10:4 atkv.

Brtill. 375, 1, sþ. með 14 shlj. atkv.

Brtill. 375, 2. sþ. með 13 shlj. atkv.

Brtill. 375, 3, sþ með 12:2 atkv.

1. gr. svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtill. 593, 2, tekin aftur.

Brtill. 375, 4, sþ. með 11:5 atkv.

Brtill 375, 5, sþ. án atkv.gr.

Brtill. 375, 6, sþ. með 13 shlj. atkv.

Brtill. 375, 7, sþ. með 14 shlj atkv.

Brtill. 375, 8, sþ með 12:2 atkv.

Brtill. 375, 9, sþ. án atkv.gr.

2. gr. svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtill. 593, 3, og allar hinar brtill. á því þingskjali teknar aftur.

Brtill. 375, 10, sþ. með 13:1 atkv.

Brtill. 375, 11, sþ. án atkv.gr.

3. grein svo breytt samþykt með 14 shlj. atkv.

Brtill 375, 12, sþ. með 12:1 atkv.

4. grein svo breytt samþykt með 14 shlj atkv.

5. grein samþykt með 16 samhljóða atkvæðum.

Brtill. 375, 13, sþ. án atkv.gr.

Brtill. 375, 14, sþ. án atkv.gr.

6. gr. svo breytt samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtill. 375, 15, sþ. án atkv.gr.

Brtill. 375, 16, sþ. með 10:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Halldór Steinsson | Bened. Sveinsson |
| Hannes Hafstein | Björn Kristjánsson |
| Jón Ólafsson | Einar Jónsson |
| Kristján Jónsson | Kristinn Daníelss. |
| Magnús Kristjánss. | Sig. Sigurðsson |
| Matth. Ólafsson | Skúli Thoroddsen |
| Jón Jónsson | Stefán Stefánsson |
| Ólafur Briem | Þorleifur Jónsson |
| Pétur Jónsson | |

Eggert Pálsson greiddi ekki atkvæði og var talinn með meiri hl.

Fjarstaddir voru: Bjarni Jónsson, Guðmundur Eggerz, Jóh. Jóhannesson, Jón Magnússon, Lárus H. Bjarnason, Tryggvi Bjarnason og Valtýr Guðmundsson.

Brtill. 375 við 7. gr., samþ. með 12:1 atkv.

7. grein með áorðinni breytingu samþ. með 12:1 atkv.

Brtill. 375, 18, við 8. gr., samþ. án atkv.gr.

Brtill. 375, 19, við 8. gr., samþ. án atkv.gr.

Brtill. 375, 20, við 8. gr., samþ. án atkv.gr.

Brtill. 375, 21, við 8. gr. 1, samþ. án atkv.gr.

Brtill. 375, 22, við 8. gr. 2, sþ. með 13 shlj. atkv.

8. gr. með áorðnum breytingum sþ. með 14 shlj. atkv.

Brtill. 375, 23, við 9. gr., samþ. án atkv.gr.

9. gr. með áorðnum breytingum, sþ. með 14 shlj. atkv.

Brtill. 375, 24, við 10. gr., samþ. án atkv.gr.

10. gr. með áorðinni breytingu, samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtill. 375, 25, við 11. gr., samþ. með 13:1 atkv.

11. gr. með áorðinni breytingu, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtill. 375, 26, við 12. gr., samþ. með 10:4 atkv.

12. gr. með áorðinni breytingu, samþ. með 14 shlj. atkv

Brtill. 375, 27, við 13. gr., feld með 12:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Jón Jónsson | Benedikt Sveinsson, |
| Jón Ólafsson | Björn Kristjánsson |
| Kristján Jónsson | Einar Jónsson |
| Matthías Ólafsson | Hannes Hafstein. |
| Pétur Jónsson | Kristinn Daníelss. |
| | Magnús Kristjánss. |
| | Ólafur Briem |
| | Sig. Sigurðsson |
| | Stefán Stefánsson |
| | Þorleifur Jónsson. |

Eggert Pálsson og Halldór Steinsson greiddu ekki atkvæði og töldust með meiri hl.

Þessir þingmenn voru ekki viðstaddir atkv.greiðsluna: Bjarni Jónsson, Guðmundur Eggerz, Jóh. Jóhannesson, Jón Magnússon, Lárus H. Bjarnason, Skúli Thoroddsen, Valtýr Guðmundss., Tryggvi Bjarnason.

13. gr., óbreytt, sþ. með 11:2 atkv.

14. og 15. gr. samþ. með 13 samhlj. atkv.

Fyrirsögnina taldi forseti samþ. án atkv.gr.

Frumvarpið samþykt til þriðju umr. með 14:2 atkv.

Fundi slitið.

## 48. fundur.

Mánud. 1. Sept. 1913, kl. 12 á hád.

Dagskrá:

1. Frv. til siglingalaga (293); 3. umr.
2. Frv. til laga um sjódóma og réttarfar í sjómálum (340); 3. umr.
3. Frv. til landskiftalaga (636); 3. umr.
4. Frv. til laga um heimild til að veita einkarétt, til þess að vinna salt o. fl. úr sjó (634); 3. umr.
5. Frv. til stjórnskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um in sérstaklegu málefni Íslands 5. Jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. Okt. 1903 (551, 577, 578, 604, 614, 615, 618, 620, 621, 644); 3 umr.
6. Till. til þingsályktunar um strönduð skip (612); hvernig ræða skuli.
7. Till. til þingsályktunar um atkvæðagreiðslu um að nema úr gildi lög nr. 44, 30. Júlí 1909, um aðflutningsbann á áfengi (635); hvernig ræða skuli.

---

Allir á fundi.

Fundargerð síðasta fundar samþykt og staðfest.

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið í deildinni:

1. Framhaldsnefndaráliti um frv. til laga um friðun æðarfugla (647)
2. Nefndaráliti um frv. til laga um mannskaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum (651).
3. Breytingartilögum við frv. til laga um heimild fyrir landstjórnina til að selja prestinum að Kolfreyjustað landspildu í Innri-Skálavík (650).
4. Frv. til laga um samþykt á landsreikningnum fyrir árin 1910 og 1911. Eftir 2. umr. í Nd. (648).
5. Breytingartillögum við frv. til laga um heimild til að veita einkarétt til þess að vinna salt o. fl. úr

sjó. Flutn.m. Kristinn Daníelsson og Jón Ólafsson (653).

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið frá Ed.:

Frv. til laga um lögreglusamþykt og byggingarsamþykt fyrir Vestmanneyjasýslu. Eftir 3. umr. í Nd. (646).

Þá var gengið til dagskrár og tekið fyrir:

FRUMVARP til siglingalaga (293); 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKV.GR.:

Frumvarpið sþ. með 16 shlj. atkv. og afgreitt til ráðherra sem *lög frá Alþingi*.

---

FRUMVARP til laga um sjódóma og réttarfar í sjómálum (340); 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKV.GR.:

Frumvarpið sþ. með 16 shlj. atkv. og afgreitt til ráðherra sem *lög frá Alþingi*.

---

FRUMVARP til landsskiftalaga (636); 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKV.GR.:

Frumvarpið sþ. með 16 shlj. atkv. og endursent Ed.

---

FRUMVARP til laga um heimild til að veita einkarétt til þess að vinna salt o. fl. úr sjó (634) 3. umr.

**Kristinn Daníelsson:** Eg stend hér upp vegna brtill., sem eg og annar þingmaður höfum leyft okkur að koma fram með.

Þessi breyt.till. er í samræmi við það sem eg mintist á við síðustu umræðu málsins. Fanst mér það hart aðgöngu fyrir þann sem ætlaði að ráðast í þetta fyrirtæki að afgjaldið til landssjóðs yrði eftir 10 ár hækkað um alt að helmingi eða úr 5% alt að 10% af ágóðanum. Því höfum við, háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) og eg, komið okkur saman um breyt.till.. sem fer fram á það að þessi málsgrein í 5. gr. falli burtu. Getur landsstjórnin hækkað hundraðsgjald þetta um alt að helmingi að 10 árum liðnum frá byrjun fyrirtækisins.

Við viljum að leyfishafinn greiði að eins þessa 5% af hreinum ágóða til landssjóðs. Því maður verður að taka tillit til þess að töluverður skattur kemur til þess að hvíla á þessu fyrirtæki, svo sem vörutollurinn.

Síðari töluliðurinn í breyt.till. við frv. að eins í samræmi við hinn. Hefi eg svo ekki fleira að athuga við þetta frumvarp.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Eg stend að eins upp til þess að minnast á orðið í byrjun 5. gr.: »Af hreinum ágóða þessa fyrirtækis« o. s. frv. Eg vildi að það kæmi skýrt fram, hvað sé meint með þessu: «Hreinum ágóða«.

Eg skil þetta þannig, að það sé sá ágóði, sem skift mundi milli hluthafa, eða sem því svarar. Eg skil það svona, og ef enginn hér segist hafa annan skilning á því, þá tel eg það að þessi skilningur felist í þessum orðum frumvarpsins.

**Ráðherrann (H. H.):** Ef þessi réttur er veittur einum manni, en ekki neinu hlutafélagi, þá er hér ekki um neina hluthafa að ræða og þá heldur ekki um neina úthlutun á arðinum til

þeirra Athugasemd háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) á því ekki við hér.

ATKV.GR.:

Brt. á þgskj. 653, við 5. gr., 1. liður, sþ. með 12:1 atkv.

Brt. á þgskj. 653, við 5. gr., 2. liður, sþ. án atkv.gr.

Frumvarpið með áorðnum breytingum, sþ. með 19 shlj. atkv., og sent til Ed.

---

TILLAGA til þingsályktunar um strönduð skip (612); hvernig ræða skuli.

ATKV.GR.:

Tillaga forseta um eina umræðu, sþ. með 19 shlj. atkv.

---

TILLAGA til þingsályktunar um atkvæðagreiðslu um að nema úr gildi lög nr. 44, 30 júlí 1909, um aðflutningsbann á áfengi (635); hvernig ræða skuli.

ATKV.GR.:

Tillaga forseta um eina umr. sþ. með 17 shlj. atkv.

---

FRUMVARP til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um in sérstaklegu málefni Íslands 5. Jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. Okt. 1903 (551, 577, 578, 604, 614, 615, 618, 620, 621, 644); 3. umr.

**Framsögum. meiri hl. (Jón Magnússon):** Meiri hluti nefndarinnar hefir komið með nokkurar breyt.till., flestar nauðsynlegar sem afleiðing breytinga þeirra, sem á frumv. voru gerðar við 2. umr., og skal eg ekki eyða orðum að þeim brtill.

Aðalbrtill. meiri hl. nefndarinnar er fólgin í því, að kosnir skuli hlutbundnum kosningum um land alt 8 menn til Ed., í stað allrar Ed., eins og meiri hl. lagði til við 2. umr. Þessi breyting er sjálfsögð samkv. skoðun meiri hl. Þar með er fengin nokkur trygging fyrir nokkurri festu í þinginu, þótt ekki sé svo mikil trygging, sem meiri hlutinn óskar. Ef 8 eru kosnir hlutbundnum kosningum til Ed, eru þeir þó meiri hluti þar, þótt ekki sé öflugur. Nefndin þykist hafa orðið þess vör, að deildin vilji ógjarna fækka þeim, sem kosnir eru í sérstökum kjördæmum; því leggur nefndin til að fjölga tölu þingmanna um 2 til þess að haldist tala þeirra þingmanna, sem kosnir eru í einstökum kjördæmum. Meiri hluti nefndarinnar gat ekki hugsað sér að þessi litla fjölgun mundi mæta mótspyrnu; hún hefir ekki í för með sér svo mikinn kostnaðarauka. Fjölgunin kynni að geta leitt til þess að málin gengju fljótara. Eg hefi orðið var við það, sérstaklega á þessu þingi, að störfin hafa verið meiri en nóg fyrir þá tölu þingmanna, sem nú er.

Meiri hluti nefndarinnar hefir fallist á fyrri till. á þgskj. 577, að þingmenn kosnir hlutbundnum kosningum séu kosnir til 12 ára, og fari helmingur þeirra frá 6. hvert ár; þessa brt. hefir meiri hl. tekið upp í brtill sínar.

Að öðru leyti eru brtill. nefndarinnar afleiðingar af þessari breytingu eða þá lagfæringar á frumv. í samræmi við atkvgr. við 2. umr. Skal eg ekki að svo stöddu fara frekara út í breyt.till. meiri hlutans.

Eg vil lítillega minnast á fram komnar brtill. frá einstökum háttv. þm. Eg gat þess, að meiri hluti nefndarinnar hefði fallist á fyrri brtill. á þgskj. 577. Aftur hefir nefndin ekki getað fallist á síðari brtill., um að fella burtu síðari hluta 19. gr., að þeir, sem ekki eru í þjóðkirkjunni né öðrum viðurkendum trúbragðaflokki, greiði til háskólans gjöld-

þau sem ella gyldu þeir til kirkju. Þessi brtill. meiri hl. var all-mikið rædd við 2. umr. og kom meiningamunurinn þá greinilega í ljós. Eg tel enga þörf þess, að fara að taka upp aftur nú umræðurnar um þetta atriði.

Þá skal eg drepa á brtill. á þgskj. 578 frá háttv. þm. Sfjk. (V. G.). Þær eru einna veigamestar af brtill., sem fram hafa komið. Þær fela í sér miklar breytingar á frumv., og það í aðalatriðum. Þær eru yfirleitt þannig lagaðar, að engin tiltök eru að þær nái fram að ganga.

Fyrsta brt. er við 5. gr., um að engan megi skipa embættismann á Íslandi nema hann hafi rétt innborinna og kunni íslenzku. Eg álít enga ástæðu til að gera það að skilyrði fyrir því, að menn geti orðið embættismenn hér, að þeir hafi rétt innborinna manna. Það er að vísu sumstaðar gert ráð fyrir því, að embættismenn hafi rétt innborinna manna. Eg hygg samt, að víðast sé það ekki skilyrði fyrir embættaveitingum, og jafnvel ekki heldur fyrir kosningarrétti og kjörgengi, að hlutaðeigandi hafi fullkominn rétt innborinna manna. Sízt tel eg þetta ákvæði heppilegt, eins og hér hagar. Eg býst við að flutningsm. tillögunnar hafi það fyrir augum, að þeir einir skuli teljast embættismenn, sem konungur veitir embætti, en þetta getur ekki staðist. Þeir verða taldir embættismenn, sem ráðherra veitir embætti eða stöðu í landsins þjónustu, en hingað til hygg eg ekki að talið hafi verið nauðsynlegt, að hver sá er stöðu hefir í landsins þjónustu, hafi rétt innborinna manna.

Um hitt atriðið, að embættismenn hér skuli kunna íslenzka tungu, er það að segja, að þess er ekki nokkur þörf að taka slíkt ákvæði upp í stjórnarskrána. Þetta er ákveðið í mörgum konungsúrskurðum, útgefnum um miðja 19. öld. Ef nauðsynlegt þykir að taka það betur fram, má gera það með einföldum lögum.

2. brtill. á sama þgskj. fer fram á það, að flytja megi embættismenn úr einu embætti í annað. Ef eftirlaun verða aftekin, þá er ekki ástæða til að heimila stjórninni það að geta flutt embættismenn úr einu embætti í annað móti vilja þeirra. Það er mikill munur nú, þar sem eftirlaun eru lögmælt. Till. strandar annars á því, að það er óhætt að segja, að meiri hluti þingmanna vill ekki gera ráð fyrir eftirlaunum í stjórnarskránni.

Á 3. brtill. á sama þgskj. var minst við 2. umr.; skal eg því ekki orðlengja um hana. Meiri hl. nefndarinnar leggur á móti henni, eins og öllum brtill. á þessu þgskj.

Í 4. brtill. á sama þgskj. vill háttv. þm. breyta því gamla nafni á deildunum í málstofur, efri og neðri. Það sýnist vera óþörf tillaga. Aðalefni tillögunnar er að fækka kjördæmunum; eg býst við, að það sæti sömu meðferð sem tillögur meiri hl. við 2. umr. Deildin hefir ljóslega sýnt það við 2. umr., að hún vill með engu móti fallast á fækkun kjördæma. Skal eg ekki frekara minnast á hana.

Það var að vísu samþykt í nefndinni að greiða atkvæði gegn öllum brtill. á þgskj. 578; 6. brtill. þar, um lengd kjörtímabilsins, gæti þó komið til mála svolítið breytt.

7. brt., sbr. og 8. brt., fer fram á, að innborinna réttur sé skilyrði fyrir kosningarétti og kjörgengi. Samkv. frumv. er kosningarrétturinn bundinn við sumpart, að kjósandi sé hér fæddur eða hafi átt landsvist tiltekinn tíma. Þetta er ekki einsdæmi. Í Noregi er kosningarréttur bundinn við, að menn séu norskir borgarar, en í engum lögum þar er

ákveðið, hvað til þess þurfi að vera norskur borgari, en venjan er sú að skilja það svo, að norskur borgari sé sá, sem fæddur er í landinu eða hafi haft þar landvist 5 ár og unnið eið að stjórnarskránni. Kjörgengi er þar bundin við 10 ára landsvist.

Fleiri lönd mætti telja, þar sem ekki eru heimtuð réttindi innborinna manna til kosningarréttar. Það er eðlilegt, að vér Íslendingar, sem vantar svo mjög fólk, viljum, að útlendingar setjist hér að og landsmönnum fjölgi, og séum því greiðari að veita útlendingum réttindi, heldur en t. d. Danir.

9. brt. gildir sama um, sem áður er tekið fram.

10. brtill. fer fram á það, að nefnd manna skuli dæma um það, hvort þingmenn séu löglega kosnir eða hafi mist kjörgengi. Þessa brt. hefir nefndin ekki heldur getað fallist á. Þykir henni engin ástæða til að svifta Alþingi þeim rétti, sem það hefir í þessu efni. Eg veit ekki, hverja fyrirmynd háttv. þm. hefir haft fyrir sér í þessu. Eg vil gjarnan heyra ástæður háttv. þm. fyrir þessu ákvæði. Eg get ekki hugsað mér neina réttmæta ástæðu fyrir þessu ákvæði. Auðvitað má segja, að þá sé síður hætt við, að meiri hluti þingsins beiti rangindum; en ef á að draga úr því, að meiri hl. þingsins misbeiti valdi sínu, þá þyrfti að lagfæra margt. Nefndin vill ekki gera þingið ómyndugt í þessu atriði fyrir það.

Nefndin sér enga ástæðu til að heimila ráðherra, að láta annan mann mæta á Alþingi við hlið sér, eins og farið er fram á í 11. brt.

Sama er að segja um 12. brt., sem fer fram á að fella burt úr 22. grein ákvæðið um það, að ef Alþingi samþykkir breytingu á sambandinu milli Íslands og Danmerkur, skuli það mál borið undir þjóðaratkvæði. Nefndin álítur ekki rétt, að hverfa frá þessu ákvæði. Eg veit ekki, hverjar ástæður háttv. þm. eru, en eg býst ekki við, að þær séu þannig, að taka þurfi till. til greina.

Um 13. brtill. skal eg geta þess, að nefndin álítur ekki þörf á, að nýjar kosningar fari fram í inum sérstöku kjördæmum þegar væntanleg stjórnarskrárbreyting nær gildi, enda veit nefndin ekki, hverjar ástæður eru fyrir þessari tillögu. Væntanlega koma þær fram hjá háttv. flutnm. En skyldi svo fara, að brt. meiri hl. um fjölgun þm. yrði feld, þá álít eg rétt, að samþykkja brt. á þgskj. 614.

Um brt. háttv. minni hl. þarf eg ekki að tala. Það er ekki annað, sem nú ber okkur á milli, en var við 2. umræðu. Hann vill gera sem minst úr þeim ákvæðum, sem miða að því að skapa meiri festu í þinginu. Að eins skal eg geta þess, að meiri hlutinn er nú eins og áður mótfallinn því, að stytt verði 15 ára tímabilið þangað til allir kjósendur, sem rýmkun kosningarréttarins nær til, fái hann. Við greiðum því atkvæði á móti brt., sem vill færa aldurinn niður í 35 eða 30 ár. Þetta tímabil má ekki styttra vera.

Eg man ekki til, að eg hafi nokkuð frekara að segja nú. Hafi eg gleymt einhverju, gefst mér tækifæri til að geta þess síðar.

**Framsögum. minni hl. (Bjarni Jónsson):** Eg ætla að byrja á því, sem háttv. ræðumaður endaði á, brtill. mínum. Það er öfugt við þá venju, að geyma sér það bezta þangað til seinast og byrja á því lakasta.

Við höfum 2 minni hl. menn, eg og hv. 1. þm. Eyf., sem heitir Stefán Stefánsson, en ekki Hannes Hafstein, eins og stóð í blaði hér á dögunum, leyft okkur að koma fram með varatillögu við frv. Svo stendur á henni, að háttv. meiri

hluti hefir lagt það til, að tölu alþjóðkjörinna þingmanna yrði fjölgað um 2 og allra þingmanna því upp í 42. Samkvæmt þessari tillögu sinni hefir svo meiri hlutinn orðað 8. gr. En verði þessi breytingartillaga feld, þá kæmist lögunin á 8. gr. alls ekki að, nema slík tillaga sem okkar væri borin fram, og því höfum við flutt hana.. Báðir erum við á móti fjölgun þingmanna. En eg hefði ekki gert þessa tölu þingmanna að neinu höfuðatriði, ef meiri hlutinn hefði ekki alt af fært sig upp á skaftið, ekki viljað neita að þingrof næði til Ed, lengt kjörtímabilið o. s. frv. Það getur, að mínu áliti, ekki verið að tala um að hafa kjörtímabilið *lengra* en 8 ár, og er það alt of langt, að minsta kosti ef ekki þingrof á ekki að ná til Ed. Það er meiningarlaust að láta þessa þingmenn sitja í sætum sínum 8 eða 12 ár og stritast á móti því, sem þjóðin öll vill og allir aðrir, en þessi halakleppur í Ed. Dálítið öðru máli væri að gegna, ef þingrof ætti að ná til efri deildar þingmanna. Þá gæti verið gott að hafa menn, sem vanir væru þingstörfum, meðan þeir gerðu ekki neitt ilt, sem striddi á móti vilja allra annara. Þess vegna er höfuðatriðið ekki það, hve langt kjörtímabilið er, heldur hitt, að þingrof nái líka til þessara þingmanna.

Eg vona því, að breyt.till. lútandi að þessu, sem einnig hefir komist inn á þgskj. 621, verði samþykt — að þingrof nái til allra þingmanna. Í sambandi við hana er svo önnur tillaga um það, að síðasta setningin í tillögu meiri hl. falli niður.

Um breyt.till. okkar hv. 1. þm. Eyf., sem fer fram á að stytta þann rangláta tíma, sem kjósendur eiga að bíða eftir að geta notað þann rétt, sem viðurkent er að þeir hafi, þarf ekki margt að segja. Mér fullnægir alls ekki að hann sé styttur um 5 eða 10 ár, en af tvennu illu kýs eg þó heldur það sem minna er ilt. Það er auðvitað ranglæti að setja nokkurn frest, en þó er betra að binda framkvæmd réttarins við 30 ára aldur en 40 ára. Þá þurfa menn að líkindum ekki að bíða nema einar kosningar.

Háttv. 1. þingm. Eyf. stóð hjarta nær að ákveða 35 ár og með því mun eg greiða atkvæði, ef tillagan um 30 ár verður feld. Þá þurfa menn þó ekki að bíða nema 10 ár í stað 15. Því að þessi reikningur, að 15 sé ekki nema helmingur af sjálfum sér, gildir auðvitað ekki. Það er hægt að fá alt út með því að deila tölu með öðrum tölum upp úr þessu. Það er ekki til annars en að ginna þá menn, sem lauslega líta á málið. Það liggur í augum uppi, að samkvæmt tillögum meiri hlutans, liða 15 ár, þangað til allir 25 ára menn geta notið kosningarréttar síns.

Viðvíkjandi breytingatillögum annara háttv. þingmanna skal eg geta þess, að eg er fylgjandi 2. lið brtill. á þgskj. 577, sem vill undanþiggja utanþjóðkirkjumenn, sem ekki eru í neinu trúarbragðafélagi, gjaldi, samsvarandi gjaldi til þjóðkirkjunnar. Eg talaði um þetta atriði við 2. umræðu og skal því ekki fara langt út í það nú.

Eg skal að eins viðvíkjandi þeim mótbárum, sem komu fram á móti þessu við 2. umr., að hætt væri við, að menn hlypu hópum saman úr þjóðkirkjunni, ef þessu gjaldi yrði létt af þeim, geta þess, að þeir menn, er svo tala, gera lítið úr krafti kristinnar kirkju. Og ef hún stendur ekki fastari fótum en það, að menn vilja ekki leggja á sig lítilfjörlegt gjald hennar vegna, þá er hún óþörf og má gjarnan hverfa úr sögunni.

Þá skal eg lítið eittt drepa á brtill. vinar míns, háttv. þingm. Sfjk. (V. G.).

Eg þarf ekki að vera margorður um þær, því að háttv. framsögumaður meiri hlutans hefir hrakið þær rækilega. Eg er sammála honum í því, að engin þeirra geti komið til greina.

Til dæmis er alveg ómöguleg 2. till. hans, að konungur geti flutt mann úr einu embætti í annað og látið hann velja um, hvort hann kjósi heldur flutninginn eða verða settur á eftirlaun. Í þessu stjórnarskrárbreytingarfrumv. er verið að setja ákvæði um það, að hægt sé að afnema eftirlaun með einföldum lögum og öll þjóðin hefir heimtað þau afnumin í afarmörg ár. Það er því alveg til ónýtis að vera að setja svona ákvæði inn í stjórnarskrána.

Ekki geta tillögur hans um skifting deildanna og kosning til efri deildar í fjórðungskjördæmum og með sýslunefndum og kjörmönnum heldur komið til mála. Deildin hefir þegar sýnt það, að hún vill ekki að allir þingmenn efri deildar séu kosnir hlutbundnum kosningum um alt land. Að raska kjördæmaskipun þeirri, sem nú er, er að stofna málinu í inn mesta voða. Annars er þessi stjórnarskrárbreyting hér fram komin til þess að lagfæra helztu kór villurnar í stjórnarskránni, svo sem setu konungkjörinna þingmanna, ríkisráðsákvæðið o. s. frv. En það sem ábótavant er inn á við, getum við alt af lagfært. Slíkar tillögur sem þessar yrðu því til að fella málið, eða þess valdar, að það gengi ekki fram nema með ærnum kostnaði og mörgum aukaþingum.

Líka virðist það all-óskynsamlegt, að ætla kjörmönnum og sýslunefndum að kjósa þingmenn. Afleiðingin yrði annað hvort sú, að alveg yrði rent blint í sjóinn með það, hverjir kosnir yrðu til þings, eða þeir einir í sýslunefndir, sem hefðu sömu skoðun í pólitík og kjósendur. Og við það yrði afarmörgum mönnum, sem nýtastir væru til þess starfa, bægt frá sýslunefndum, og væri það ilt verk.

Þá ber háttv. þm. þennan almenna rétt innborinna manna ákaflega heitt fyrir brjóstnu. Er það til þess að veikja ekki ríkistengslin um of? Eða er það til þess að við getum orðið aðnjótandi hér á Alþingi gáfna og stjórnkænsku einhvers halanegra frá Sánkti Thomas? Eg er hræddur um, hvað sem því líður, að brtill. sé til einskis borin fram.

Eg er samdóma háttv. framsm. meiri hl. (J. M.) um það, sem hann sagði um 10. brtill. og þarf því ekki að orðlengja um hana.

Sama máli gegnir um þá 11., þar sem háttv. þm. stingur upp á því, að ráðherra megi gefa öðrum manni umboð til þess að »mæta« á Alþingi. Mæta hverjum? Annað hvort hlýtur það að vera Alþingi sjálfu eða einhverjum á þinginu. Annars býst eg við að þetta sé prentvilla, því að háttv. þm. er kennari í íslenzku við háskóla Dana, og er því ósennilegt að hér sé um málvillu að ræða. »Eða jafnframt« sér? Þetta virðist vera ónauðsynlegt, nema ráðherra sé svo illa að sér í íslenzku, þótt hann hafi getað náð einhverju prófi í henni, að honum sé stirt um mál og hann þurfi að hafa einhvern Aron sér við hlið til þess að *mæta* einhverju á Alþingi.

Þá er undarleg till. hans um það, að fella burtu það ákvæði, að bera skuli undir alþjóðaratkvæði hvern þann sáttmála, er gerður kynni að vera um þjóðréttarlega stöðu Íslands. Þá væri hægt að skella slíkum samningum á, án þess að kjósendur vissu nokkuð af. Þing, sem samsett væri af miður vönduðum hrossapröngurum, gæti þá lagt þann dróma á landið, sem ekki væri hægt að drepa sig úr. En fái kjósendur að greiða atkvæði um málið, þá mega þeir sjálfum sér um kenna. Eg áliti það

réttara, að þjóðfundir skæri úr um slíkt, en eftir atvikum get eg þó sætt mig við þetta. Það er hangandi Damoklesarsverð yfir höfðum þingmanna.

Þá er háttv. þm. samdóma meiri hl. í því, að nauðsynlegt sé að fá eitthvert íhald, eða festu, eins og þeir kalla það, í þingið. Þeir eru hræddir um að alt muni að göflunum ganga, ef allir þm. eru kosnir í kjördæmum. Á hverju byggja þeir það? Það hafa verið leidd rök að því, að allir kjósendur landsins eru af sama bergi brotnir, hafa notið sömu mentunar, sama uppeldis og lífskjara. Hvaða hætta stafar þá af því, þótt kjósendum sé fjölgað. Það væri helzt hér í Reykjavík, sem dálítill munur er á kjörum manna í þessu efni, en það er ekki nema örlítið brot, og atkvæði manna féllu þá jafnt á báða bóga. Líka er þess að gæta, sem eg hefi áður tekið fram, að þetta íhald kemur líka, því miður, við það, að kvenfólk fær kosningarrétt. Því að það er alkunnugt, að það er tryggara og fastheldnara við gamlar venjur en karlmenn. Þessi hræðsla, sem háttv. þm. og meiri hl. gengur með, minnir mig á söguna um manninn, sem hljóp bæ frá bæ, sveit úr sveit og land úr landi af hræðslu um það, að hann gengi með rauðskjöldóttan bolakálf í maganum.

**Framsögum. meiri hl. (Jón Magnússon):** Eg held að mér hafi gleymst að geta þess áðan, að meiri hlutinn verður að leggja mikla áherzlu á það, sem samþykt hefir verið hér í deildinni, að þingrof skuli ekki ná til þeirra þingmanna, sem kosnir eru með hlutbundnum kosningum. Ið minsta, sem meiri hlutinn getur vænst af deildinni er að þingrof nái ekki til þessara 6 manna fremur en til þeirra konungkjörnu, eftir fyrirkomulaginu nú. Ef þingrof einnig nær til þessara manna, er þessi litla festa, sem meiri hlutinn fer fram á, algerlega numin burt, og væri þá fult eins gott að hafa þingið eitt óskift.

Vonast eg því til að háttv. deild taki ekki tillit til breytingartillögunnar um að þingrof nái einnig til þeirra, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum.

**Valtýr Guðmundsson:** Þetta mál er svo þýðingarmikið, að það ætti að vanda vel til þess. Það er algild regla í öllum siðuðum löndum, að vanda svo mikið til stjórnarskipunarlaga, að eigi þurfi að semja þau aftur og aftur. Í Bandaríkjunum er meira að segja svo um hnútana búið, að illmögulegt er að breyta þeim.

Eg heyrði á háttv. þm. Dal. (B. J.), að það væri hér eigi meiningin að bæta úr verstu göllunum á stjórnarskránni, sem nú er í gildi, en svo mætti alt af koma með breytingar á eftir. En þetta er í alla staði röng skoðun, því það er óholt fyrir þjóðina, að alt af sé verið að breyta þessum lögum.

Það er hvað eftir annað verið að koma með privat-frumvörp, og menn verða skjótast frá öðrum nefndarstörfum til að sinna þessu máli. Það vinst enginn tími til að koma með breytingartillögur, ekki einu sinni svo vel að menn fengju tíma til að lesa nefndarálitið áður en gengið var til atkvæða um málið við 2. umr. Ekki að tala um að stjórninni sé falið málið til undirbúnings. Nei, þingmenn vilja sjálfir sjá um allan undirbúning á því. En eg álít réttast að málinu sé vísað til stjórnarinnar til þess að hún undirbúi það undir næsta þing, en að það sé eigi notað eins og árið 1911 til þess að fá framgengt þingrofi. Þá var þetta mál, helgasta mál þjóðarinnar, notað til að fá kallað saman aukaþing, og eg get ekki varist því, að mér virðist eiga að nota það í sama tilgangi nú. En það er með öllu óhæfilegt, að kasta á

þjóðina kostnaðinum við aukaþing og kosningar út af þessu máli og eiga von á að það gangi alls ekki fram þá.

Eg skal geta þess, að þessar breytingartillögur, sem eg hefi komið fram með, eru af litlum efnum gerðar; eg varð að skjótast frá öðrum störfum til þess að semja þær. En eg vona að þær séu ekki minna virði en aðrar breytingartillögur, sem fram hafa komið, jafnvel eigi síðri en tillögurnar frá nefndinni sjálfri. Eg sé að nefndin fer alveg í gegn um sjálfa sig; þegar hún sér, að ekki muni alt ganga að óskum sínum, kastar hún grundvallarstefnu sinni og gengur inn á grasagraut minni hlutans. Sannfæring þessara manna nær ekki lengra en til þess er þeir mæta einhverjum mótbyr. *(Kristinn Daníelsson:* Það er ekki til neins að berja höfðinu við steininn). Jú, það er alt af rétt að halda fram til þrautar því sem maður er sannfærður um.

Sumt af því, sem háttv. þm. Dal. (B. J.) sagði, var viðvíkjandi tillögum mínum. Hefði hann heldur átt að spara sér að tala um þær til þess, er hann heyrði skýringar mínar á þeim.

Eg ætlaði að minnast á eitt atriði, sem eg talaði um við 2. umr. Það er um tölu ráðherranna. Eg tók þá fram, að eg áliti langtum heppilegra að konungur ákvæði töluna, eins og er í annara þjóða lögum. Þá er bæði hægt að fjölga og fækka ráðherrunum eftir því, sem á stendur. Kemur oft fyrir, að ekki er hægt að ná í þá menn í svip, sem menn helzt vildu og er þá hart að neyða menn til að skipa ráðuneytið, þar sem einn gæti til bráðabirgða gegnt 2 ráðherraembættum. Hefi eg ekki komið fram með breytingartillögu um þetta af því, að eg álít það ekki til neins.

Þá vík eg að breytingartillögum mínum.

Viðvíkjandi fyrstu breytingartillögu minni sagði háttv. framsögum. meiri hlutans að nefndin vildi ekki gera það að skilyrði fyrir því að maður gæti hlotið embætti hér í landi, að hann hefði rétt innborinna manna. Þetta ákvæði stendur í okkar núgildandi stjórnarskrá og hefi eg tekið það upp úr henni. Finst mér ákvæðið gott og ekki ástæða til að sleppa því, enda er sams konar ákvæði í stjórnarskrám allra landa, sem eg þekki til. Þetta ákvæði hefir einnig verið notað hér áður, t. d. þegar Paturson varð hér embættismaður, hann var aldrei skipaður, heldur að eins settur. Eg hefi því ekki komið með neitt nýtt í þessu efni, heldur að eins haldið fram þeim ákvæðum, sem eru í gildi. Að embættismenn hér á landi verði að fullnægja fyrirmælum gildandi laga um kunnáttu í íslenzkri tungu, álít eg rétt að sé ákveðið í stjórnarskránni, því menn geta aldrei séð hvað fyrir kann að koma.

Önnur breyt.till. mín er um, að konungur geti flutt embættismenn úr einu embætti í annað. Það er líka tekið upp úr núgildandi stjórnarskrá og því heldur ekki nýtt. Hvers vegna á að svifta konungsvaldið þessum rétti? Þætti mér gaman að heyra, hvernig hæstv. ráðh. vill skýra það, ef hann þá er með því. Það hefir verið haft á móti þessu af því að þar eru nefnd eftirlaun. Hvílík höfuðsynd! Það má ekki minnast á eftirlaun embættismanna hér. Menn segja að þjóðin sé á móti þeim, en alstaðar í heiminum er verið að setja sjálfa alþýðuna á eftirlaun, og eg veit ekki betur en að hér sé hreyfing í sömu átt. Mega ekki embættismenn fá eftirlaun eins og aðrir? En ef eftirlaun verða numin úr lögum, þá fellur þetta að sjálfsögðu niður. Eg skal geta þess að þetta ákvæði í núgildandi stjórnarskrá hefir verið notað gagnvart háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), en hann kaus heldur lausn

en vera fluttur. Eg tek það fram að betur hefði verið að þetta ákvæði hefði verið notað oftar. Fyrir fám árum var sýslumaður hér austur í Rangárvallasýslu kornungur maður. Hann fékk lausn frá embætti með fullum eftirlaunum alla ævi af því að hann var ekki fær um að ferðast á hestsbaki. Hefði stjórnin notað vald sitt og flutt hann til Vestmannaeyja, þar sem hann eigi hefði þurft að koma á hestshak, hefði landssjóði sparast eftirlaunin til þessa unga manns. Nú lifir hann í öðrum löndum og brúkar peninga landssjóðs þar.

Eg held því að full ástæða sé til að halda þessu ákvæði í núgildandi lögum.

Þá kem eg að þriðju breytingartillögu minni. Hefi eg tekið upp úr núgildandi stjórnarskrá, að konungur geti rofið Alþingi, en breytt svo til að hann eigi þurfi að rjúfa báðar deildirnar, heldur að eins aðra ef hann vill. Skal eg játa að eg mundi fremur aðhyllast tillögur nefndarinnar um, að þingrof nái alls ekki til þeirra sem kosnir eru hlutbundnum kosningum.

En eg býst við, að eftir þeim anda, sem hér ríkir, muni ekki vera tök á að fá það samþykt. Eg er sannfærður um að það er upprunalega meiningin í núgildani stjórnarskrá, að kosningar fari fram áður en 2 mánuðir eru liðnir frá þingrofi. Svo vildi eg einnig að Alþingi yrði stefnt saman ekki síðar en 4 mánuðum eftir að það var rofið. Það getur setið að völdum gerræðisfull stjórn, sem beiti valdi sínu til að rjúfa þingið og er þá áríðandi að það geti komið sem fyrst saman til að hindra stjórnina í að vinna tjón. Ef heimilað er í stjórnarskránni að þingið komi ekki saman fyr en ári eftir þingrof, verður heimildin auðvitað notuð og getur orðið til stórtjóns. Það er því langtum öruggara að ákveðið sé að þingið skuli koma saman svo fljótt sem auðið er eftir þingrof.

Fjórða breytingartillaga mín er við 8. gr. Nefndin hefir þar gengið inn á frumvarpip um skipun Ed, en hefir að eins haft endaskifti á tölunum, 8 séu kosnir með hlutfallskosningu en 6 af Sameinuðu þingi. Þetta er óhafandi grautargerð. Meiri hluti nefndarinnar hefir farið í gegn um sjálfan sig og fallið frá grundvallarreglu sinni um að öll Ed. ætti að hvíla á öðrum grundvelli en Nd. Frá þessar grundvallarreglu get eg ekki hlaupið eins fljótt og nefndin, er ekki svo liðugur í hálssnúningunum, því eg álít hana ina einu réttu, sem nefndin mun líka gera, þó hún hafi snúist svona fljótt, bara til samkomulags. Eg fer því fram á að öll Ed. sé skipuð á annan hátt en Nd. og að jafnframt sé breytt um nöfn á deildunum og þær kallaðar málstofur eins og sjálfsagt er, þar eð þær verða í rauninni 2 þing.

Að byggja Ed. á sama grundvelli, með beinum kosningum eins og Nd., er mér vitanlega óþekt í heiminum. En þó nokkur hluti Ed. sé kosinn með hlutfallskosnigum, er grundvöllurinn þó sá sami.

En þegar verið er að semja stjórnarskrárlög, er sannarlega vert að líta í kringum sig og sjá, hvernig aðrar þjóðir, sem meiri reynslu hafa, haga þessu. En það held eg að ekki hafi verið gert. En það má gera með því að líta í Gothakalenderen þýzka eða ina ensku Statemans Yearbook. Og þá kemur í ljós, að í flestum ríkjum í Evrópu er Ed. skipuð langtum meira aristokratiskt en Nd., og jafnvel þar, sem Ed. að nafninu til hvílir á almennum kosningarrétti, þá er kosningarréttur til hennar ekki eins um land alt, heldur af ásettu

ráði einmitt gerður mismunandi til þess að verulegur munur verði á þessum 2 deildum.

Eg skal til dæmis nefna, að í sumum af þeim fáu löndum, sem veitt hafa konum kosningarrétt og kjörgengi, þá nær þetta ekki jafnt til beggja deilda. Jafnvel í New Zealand, sem er svo frægt fyrir stjórnfrelsi sitt, hafa konur að eins kosningarrétt, en ekki kjörgengi, til neðri deildar og þær má heldur ekki skipa til þingsetu í efri deild. Í Suður-Ástralíu hafa konur heldur ekki kjörgengi til efri deildar, heldur að eins til neðri deildar.

Skygnist maður um heiminn, þá finnur maður ekki eitt einasta land, þar sem konungsstjórn er, hvorki í Evrópu né í öðrum heimsálfum, þar sem efri deild er bygð á almennum kosningarrétti. Annað hvort er efri deild þannig skipuð, að sætin gangi ýmist öll eða þá langflest að erfðum, eða þá að þingmenn efri deildar eru skipaðir ævilangt af konungi.

Í sjálfu fyrirmyndarlandinu Englandi, leiðarstjörnu allra þingfrjálsra landa, er efri deild, sem kunnugt er, mestmegnis skipuð lávörðum, sem fá sætin að erfðum, en auk þess byskupum og öðrum prelátum. Næstum því jafn »aristokratisk» er efri deild í Austurríki og Ungverjalandi, þótt í báðum þessum löndum sé meira blandað konungkjörnum þingmönnum, sem skipaðir eru ævilangt. Og á svipaðan hátt er efri deild skipuð á Prússlandi, Bajern, Würtenberg og í öðrum þýzkum ríkjum, á Spáni, í Portúgal og í keisaradæminu Japan. Á Ítalíu eru allir þingmenn efri deildar (»senatsins«) skipaðir af konungi ævilangt.

Annars er kosningarréttur til efri deldar, þar sem hún er þjóðkjörin, mjög frábrugðinn kosningarrétti til neðri deildar. Svo er t. d. í Rúmeníu, og eins er í rauninni í Sviþjóð, þar sem efri deild er kosin með óbeinum kosningum af inum stærri sveitastjórnarnefndum, sem mundu samsvara fjórðungsráðum eða amtsráðum hjá okkur, því þó kosningarrétturinn til þessara amtsráða, sem eg vil nefna svo, sé töluvert almennur, þá er öðru nær en að hann sé jafn fyrir alla, þar sem hver kjósandi getur haft frá 1 upp í 40 atkvæði eftir því, hve miklar tekjur hann hefir.

Mönnum mun vera kunnugt um, hverning efri deild er skipuð í Danmörku. Þar eru 12 deildarmenn konungkjörnir, en hinir eru kosnir af kjörmönnum og stóreignamönnum, þannig, að þeir, sem hafa 4000 kr. tekjur og þar yfir, kjósa fyrst kjörmenn með inum almennu kjósendum, en kjósa svo eftir á jafnmarga kjörmenn og inir almennu kjósendur.

Lítum svo snöggvast á þau lönd í Ameríku og Astralíu, sem heita ríki, og er stjórnað að hálfu leyti sem konungsveldi og hálfu leyti sem lýðveldi.

Í Kanada og ríkjunum í Ástralíu, er efri deild, þar sem þinginu er yfirleitt skift í deildir, *annaðhvort* skipuð eintómum stjórnkjörnum mönnum ævilangt, eins og t. d. í sambandsþinginu í *Kanada, New-South-Wales* og *Queensland*, en í *New-Zeealand* eru þeir þó ekki skipaðir nema til 7 ára í einu, eða þá, að efri deild er þjóðkjörin, en kosningarrétturinn ekki inn sami og til neðri deildar, ýmist bundinn við vissa eign, eða þá við vissa uppfræðing og mentun.

Í *Victoria* hafa þannig í ár (1913) 668.000 manna kosningarréttt til neðri deildar, en ekki nema 258.000 til efri deildar. Og í *Suður-Ástralíu* hafa 224.000 kosningarrétt til neðri deildar, en ekki nema 79.000 til efri deildar. Auk þess er efri deild alt af kosin til lengri tíma en neðri deild og verður aldrei rofin, þar sem ætíð má rjúfa neðri deild. Og þetta eru þó talin stjórnfrjálsustu

löndin í heiminum, þar sem verkalýðurinn hefir stjórnina.

Þar sem nú reynslan sýnir, að allar þjóðir, sem hafa tvískift þing, — og óskift þing hafa gefist mjög illa, eins og t. d. í Grikklandi — hafa efri deild skipaða á öðrum grundvelli en neðri deild, virðist ekki ósennilegt, að við reynum að færa oss þá reynslu í nyt, og högum okkar skiftingu eitthvað í sömu átt.

Mér hefir dottið í hug, að við létum kjósa þingmenn efri deildar óbeinum kosningum, en á tvennan hátt. Sumpart af kjörmönnum, sem *allir* kjósendur kjósi, og sumpart af sýslunefndarmönnum, sem kosnir eru af hreppsbúum — af kjósendum. Má gera ráð fyrir, að í sýslunefndir og bæjarstjórnir séu kosnir einhverjir beztu menn sveitanna og bæjanna, og því er meiri trygging í því, að þeir vilji vel og viti betur en allur fjöldinn, sem þó fær nokkur áhrif gegn um sína sérstöku kjörmenn. Það verður að gá að því, að það er sjaldan, sem kosning til efri deildar kæmi fyrir; þetta mundi því ekki hafa áhrif á kosningar til sýslunefnda, og þó að þetta séu óbeinar kosningar, þá hvílir þetta samt á almennum kosningarrétti. Með þessu lagi verður tryggingin meiri fyrir því, að alt fari ekki í ólestri.

Þá vil eg ekki fallast á, að landið verði eitt kjördæmi, heldur vil eg hafa þau fjögur og verði þá þingmönnum efri deildar skift á milli þeirra eftir fólksfjölda. Þá mundi Reykjavík og aðrir bæir ráða úrslitunum, ef landið væri eitt kjördæmi. En væri því skift í fjögur kjördæmi, eftir mannfjölda, þá mundi sveitunum verða trygð meiri áhrif en bæjunum. Ekki hefir mér dottið í hug að skifta þingmönnum efri deildar jafnt niður á fjórðungana. Eg vil, eins og eg áður hefi tekið fram, láta skifta þeim á fjórðungana eftir mannfjölda.

Samkvæmt manntalinu 1. Desember 1910, voru 33.406 menn í Sunnlendingafjórðungi, sem samsvarar rúmlega 5 fulltrúum. Í Vestfirðingafjórðungi voru 21.093 menn, sem samsvarar tæpum 4 fulltrúum. Í Norðlendingafjórðungi voru 19.602 menn, sem samsvarar rúmlega 3 fulltrúum. Og í Austfirðingafjórðungi voru 11.082 menn, sem samsvarar tæplega 2 fulltrúum.

Á öllu landinu voru þá 85.183 menn, og kemur þá einn fulltrúi á hverja 6000 menn, þar sem 14×6000 eru 84.000. Hlutfallið verður þá sem næst því, sem eg hefi stungið upp á; en skyldi það breytast, hefi eg líka sett undir þann leka, með ákvæðinu um að tölum þessum megi breyta með lögum, svo að fulltrúatalan raskist ekki.

Eg hefi farið fram á, að þingmenn til efri málstofunnar yrðu kosnir með hlutfallskosningu. Þetta kemur náttúrlega ekki til greina, ef ekki yrði kosinn nema einn þingmaður.

Fyrirkomulag kosninganna vildi eg ekki ákveða í stjórnarskránni, heldur vildi eg láta ákveða það með sérstökum kosningalögum. Það getur verið spursmál um, hvort hver sýsla á að kjósa fyrir sig kjörmennina, eða allur fjórðungurinn í einu. Þessu er alt af hægt að breyta með einföldum lögum, ef það er ekki ákveðið í stjórnarskránni. Þingmeun neðri deildar vil eg að kosnir séu í einmenningskjördæmum, því að reynsla mauna annarstaðar virðist sýna, að þetta sé affarasælast og sama sýnir reynslan að nokkru leyti hér. Þá yrði auðvitað nauðsynleg breyting á kjördæmaskipuninni, sem mundi mæta mótstöðu, en það ættum við ekki að setja fyrir okkur, því að þá yrði fyrir-

bygt, að eitt kjördæmi kysi menn, sinn úr hvorum flokki, svo að það hneyksli yrði þá fyrirbygt, að annar þingmaðurinn rifi niður það sem samþingismaður hans bygði upp, eins og áttt hefir sér stað í fleiri en einu kjördæmi hér á landi, og það oftar en einu sinni.

Þar sem að deildirnar verða með þessu móti bygðar á afar-mismunandi grundvelli, þá vil eg ekki lengur tala um *deildir*, heldur *málstofur*, efri og neðri, sem líka er talsvert veglegra heití.

Kjörtími fyrir þingmenn neðri deildar álít eg að ekki megi vera skemri en 6 ár, meðan þing er ekki háð nema annaðhvert ár. En þingmenn efri deildar vil eg að séu kosnir til helmingi lengri tíma, til þess að fá meiri festu í deildina. Mér þykir of mikið að láta helming deildarinnar fara frá í einu, því er eg því fylgjandi, að ekki fari frá nema $^1/_4$ eða því sem næst í einu, svo að deildin endurnýjist smátt og smátt, öll á 12 árum.

Mér datt í hug að fara fram á, að ekki mætti rjúfa efri deild, eins og nefndin vill vera láta um þá sem kosnir eru hlutbundnum kosningum. En eg þorði ekki að fara fram á það, af því að tillaga sama efnis var feld við aðra umr. málsins hér í deildinni.

Í breytingartillögum mínum við 10. grein, hefi eg farið fram á, að kosningarréttur til Alþingis og þá ekki síður kjörgengi, yrði bundin við fæðingjarétt eins og tíðkast annarstaðar. Svo er það t. d. í grundvallarlögum Dana, og þar fá menn þó vanalega ekki fæðingjarétt fyr en eftir 16 ára dvöl í landinu, og með sérstökum lögum.

Hugsum okkar nú, að hér fyndist gullnáma, eða aðrir dýrir málmar, svo að hingað flyktist alls konar útlendur óþjóðalýður, sem strax fengi kosningarrétt og kjörgengi. Hann gæti þá með fjölda sínum hrifsað öll völd úr höndum okkar. Þetta kom fyrir í Transvaal. Þar vildi námafólkið hrifsa öll völdin úr höndum Búa; það var orðið langtum fjölmennara en þeir sjálfir. Það er ekki hægt að gera við því, þótt útlendingar flykkist hingað til landsins; en það er hægt að ákveða það með lögum, að þeir fái hér engin réttindi.

Það var þetta, sem vakti fyrir mér, og annað ekki. Og mér er alveg óskiljanlegt það sem háttvirtur þingm. Dal. sagði um þetta efni.

Þá kem eg að 10. breyt. till. minni við 16. grein. Þar er ákveðið, hverjir skuli úrskurða það, hvort þingmaður sé löglega kosinn eða ekki. Eg vil að nefnd, sem í sitja allir dómendur landsyfirdómsins, lögfræðisprófessorar háskólans og þrír menn, er Alþingi kýs til þess með hlutfallskosningum í Sameinuðu þingi, hafi þar úrskurðarvald.

Alþingi er ekki ævinlega réttlátur dómari í því efni, það hefir sýnt sig. Þó vil eg gefa því dálitla hlutdeild.

Sumstaðar í öðrum löndum hafa þingin engin áhrif í því efni. Til dæmis er það í Kanada, að sambandsþingið hefir ekkert um það mál að segja, og er þó það þing nokkuð stærra en Alþingi Íslendinga. Og enginn tekur til þess þar, þótt þingið sé gert ómyndugt í því efni. Þar dæma dómarar um það, hvort þingmaður sé löglega kosinn eða ekki.

Ef að vafi leikur á gildi einhvers kjörbréfs, þá velur hæstiréttur einn mann, sem sker úr því, hvort kjörbréfið skuli gilda eða ekki. Hans úrskurði má aftur skjóta undir dómstól, sem í sitja þrír dómarar.

Í Bandaríkjunum heyrir líka úrskurðarvaldið að mestu leyti undir dómara, þótt þingið hafi þar síðasta úrslitavald; en reglurnar eru þar svo flóknar, að eg nenni ekki að rekja þær hér, en læt mér nægja að vísa til bókar um stjórnarfyrirkomulag í ýmsum löndum eftir

Svejstrup, IV. 10, 63. Eg hefi nú sýnt fram á, að það er ekkert einsdæmi, þó að slíkt yrði ákveðið hér. Og þegar jafn-fjölment þing, eins og þingið í Kanada, lætur sér það vel líka, að bornar séu brigður á, að það sé óhlutdrægur dómari í sínu eigin máli, þá virðist engin óhæfa að fara fram á það við Alþingi Íslendinga, að það láti sér það sama lynda.

Þá kem eg að 11. brtill. minni við 17. gr., um að ráðherra megi setja umboðsmann, ekki einungis til þess að mæta fyrir sig á Alþingi, heldur einnig með sér. Það verk, sem ráðherranum er nú ætlað að inna af hendi, er algerlega ókleift fyrir einn mann að vinna. Málin eru nú orðin svo margbreytt, að ógerningur er fyrir einn mann að kynna sér þau til hlítar. Það væri honum því mikill hægðarauki að mega setja mann, til þess að mæta með sér á þinginu. Hann getur heldur ekki verið á sama tíma í báðum málstofum. Hann er þm. í annari deildinni, og þarf að vera þar við atkvæðagreiðslu, og getur ekki á sama tíma mætt í hinni deildinni. Þetta ætti að vera í líkingu við aðstoðarráðherra (Undersecretary) í öðrum löndum, þannig er t. d. Baldvin Baldvinsson landi vor aðstoðarráðherra í Kanada, þótt hann sé ekki þingmaður.

12. breyt.till. mín er við 22. gr., um það, að síðasta málsgrein falli burt.

Eg álít, að almennir kjósendur séu ekki færir um að dæma um einstök atriði í jafn-flóknu máli eins og t. d. sambandsmálið er. Og mér virðist engin sanngirni í því að heimta, að þeir séu það. Það er líka mín sannfæring, að sambandsmálið hefði aldrei átt fyrir alþing að koma. Ætlið þegar að kosningar fara fram, ræður það miklu um úrslit þeirra, hvort þingmennirnir mundu verða með eða móti þeirri stjórn, sem þá situr við völdin. En þegar slíku stórmáli, sem sambandsmálið er, á að ráða til lykta, mega ekki neinar deilur um önnur efni blandast inn í það. Það hefði því verið það eina rétta 1908, þegar sambandsmálið var á dagskrá, að kveðja til þjóðfundar og láta hann útkljá málið annan hvorn veginn. Þetta var gert 1851; þá var kallaður saman þjóðfundur. Reyndar var 1867 málið lagt fyrir Alþingi, en það var þá tekið fram, að það væri þá gert einungis í þetta eina skifti.

Sambandsmálið er líka þannig vaxið, að það heyrir ekki undir starfssvið Alþingis að fjalla um það. Sambandsmálið er nefnilega sameiginlegt mál með okkur Íslendingum og Dönum; það er ekkert sérmál. Og það eru einungis sérmálin, sem Alþingi á að fjalla um.

Það á því að kalla saman þjóðfund í næsta skifti, sem sambandsmálið kemur á dagskrá; og á þeim þjóðfundi verða að eiga setu miklu fleiri menn en sæti eiga á Alþingi, — og þeir eiga ekki að vera kosnir með það fyrir augum að steypa stjórniuni, eða með nokkuð annað fyrir augum, en að ráða sambandsmálinu til heppilegra lykta.

Þá er 13. breyt.till, sem háttv. framsögum. fanst ekki vera nein ástæða fyrir. En það er þó einmitt, því að eg varð að miða við mínar eigin breyt.till., sem á undan eru gengnar, því að ef þær yrðu samþyktar, væri hún óhjákvæmileg vegna þess að þá breyttust allar kosningar.

Áður eg lýk máli mínu, skal eg geta þess, að þótt þetta mál hafi oft verið rætt, þá finnst mér það þó enn illa undirbúið, og þyrfti einu sinni að fá rækilegan undirbúning og veitti ekki af milliþinganefnd, en ekki þannig að fela það annari þingnefnd, sem færi að skjótast í það milli funda. Það væri nær

en að láta það nú ganga fram í einhverri mynd, demba svo á kosningum og eiga það svo víst, að það yrði ekki samþykt á aukaþinginu næst. Þetta mál hefir aldrei verið athugað rækilega af stjórninni, heldur að eins á hlaupum hér á þingi. Mér finst menn verði að gera sér það ljóst, að þegar um helgustu og dýrmætustu mál þjóðarinnar er að ræða, þá verða þeir að vanda sig margfaldlega. Það er ekki rétt, þótt það kunni að vera hægt einhvern veginn, að liðka sig hver eftir annars skoðunum í slíkum málum, heldur á hver að standa á sínum grundvelli og berjast þar til þrautar. Hér hvílir mikil ábyrgð á mönnum, og eg veit ekki, hvað menn gera af henni, ef þeir slá af eða kasta burtu sannfæringu sinni til þess að komast að einhverri, bara einhverri, niðurstöðu.

Hvað viðvíkur ríkisráðsákvæðinu, þá er eg á sömu skoðun sem hæstv. ráðh. lét í ljósi við 2. umr., að heppilegt væri, að stjórnin fengi tækifæri til þess að tala við Hans hátign konunginn um þessa nýju leið. Hingað til hefir hún ekki fengið það; en ef þessu máli væri nú vísað til stjórnarinnar, þá væri það einmitt unnið, að henni gæfist þetta tækifæri. Eg er hræddur um, að þessi leið, sem nú er reynt að fara, muni ef til vill ekki reynast greiðfærari en sú sem reynd var 1911. En að kasta sér út í harða baráttu við konungsvaldið, álít eg ekki gerlegt fyr en í fulla hnefana; það væri ábyrgðarhluti, því að ef það væri gert, þá værum vér komnir að sama þröskuldinum sem Norðmenn og Svíar áður. Ef engin lögleg stjórn yrði fáanleg, þá er ekki uema um tvent að gera, annað hvort skilnað, láta oss sigla vorn eiginn sjó, eða þá að kippa burt stjórnarskránni. Mér er alveg sama um, hve mikið hróp er gert að þessu; fleiri vegir eru ekki til, ef þingið stendur fast fyrir á sinni skoðun og enginn ráðherra fæst. Það sjá allir, að hér er ekki nema um tvo kosti að velja, *tertium non datur*.

**Sigurður Sigurðsson:** Eg er samdóma háttv. þm. Sfjk. (V. G.) um það, að litlar líkur séu til þess, að stjórnarskráin fái æskileg úrslit á þessu þingi eftir því sem áhorfist, svo að því leyti gæti komið til tals að vísa málinu til stjórnarinnar til undirbúnings undir næsta þing. Hins vegar þykir mér það ósanngjarnt ef ekki óviðeigandi á þessu stigi málsins, að Nd. gefi ekki Ed. kost á að athuga málið. En ekki fer eg í launkofa með það, að eg álít bezt eins og nú er ástatt að afgreiða málið ekki á þessu þingi.

Eg stend aðallega upp til þess að minnast með örfáum orðum á breyt.till. meiri hluta nefndarinnar, sérstaklega breyt.till. á þgskj. 604. Meiri hlutinn leggur þar til að fjölga þingmönnum úr 40 upp í 42; eigi þar af 28 sæti í Nd., en 14 í Ed. Af þeim 42 skuli 8 vera kosnir hlutbundnum kosningum.

Eg þykist nú skilja, að þessi br.till. háttv. meiri hluta sé fram komin af því, að hann hefir viljað synda hjá því skerínu að þurfa að leggja niður kjördæmi til þess að það næðist, að 8 yrðu kosnir hlutbundnum kosningum. Eg fyrir mitt leyti álít algerlega óþarft að fjölga þingmönnum. Eg hygg, að höfðatalan sé næsta nóg, eins og er, og tel ólíklegt, að kollarnir verði betri við fjölgunina. Þess er að gæta, að af þessu mundi leiða talsverðan kostnaðarauka fyrir landssjóð, og er þetta einn vottur þeirrar tilhneigingar þingsins til að stofna ný embætti og auka útgjöld landssjóðs.

Út af þessu hefi eg leyft mér að koma fram með brtill. á þgskj. 618, sem miðar að því að færa niður höfuðtöluna og að koma henni í sama horf sem nú er í hvorri deild. Það vakti þó fyrir mér,

að 8 þingmenn yrðu kosnir hlutfallskosningum, og vildi eg með því mæta meiri hl. nefndarinnar á miðri leið, þótt við það hljóti að leggjast niður einhver 2 kjördæmi, sem þá líklega helzt ætti að vera Seyðisfjörður og Ísafjörður.

Ástæður mínar fyrir þessari tillögu eru meðal annars, að þegar bætt var við inum 4 nýju kjördæmum síðast, þá var það svo að skilja, að sú fjölgun væri að eins gerð til bráðabirgða og að þess mundi skamt að bíða, að kjördæmaskiftingunni yrði breytt og við það mundu einhver kjördæmi leggjast niður, og þá líklega helzt þessi, sem nú voru nefnd. En ef breyting á kjördæmaskipuninni þarf að kosta það, að fjölga þingmönnum, þá get eg ekki fylgst með lengur. Mér er alls ekkert kappsmál, að hlutfallskosnu þingmennirnir verði 8, og sætti mig fullkomlega við þó þeir ekki verði fleiri en nú er í frumv., sem sé 6. Eg veit ekki gerla, hvernig atkvæði munu falla, en eg hefi þózt hlera það, að breyt.till. meiri hl. hafi ekki svo mikið fylgi, að þær nái fram að ganga. Ef eg væri viss um, að þessar brtill. meiri hl. yrðu feldar, mundi eg með mestu ánægju taka aftur brtill. mínar á þgskj. 618, því að fyrir mér vakir það fyrst og fremst, að koma í veg fyrir að þingmönnum verði fjölgað og hindra með því óþarfan kostnað.

Þá skal eg minnast á brt. á þgskj. 644, sem eg hefi leyft mér að flytja ásamt háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.). Eg hefi engan heyrt minnast á þá brtill. nema háttv. frumsögum. meiri hlutans. Þó hefir sú tillaga mikið til síns máls. Hún er sú eina tillaga, sem fer í þá átt að ná þeim tilgangi, sem menn aðallega hafa fyrir augum, er menn vilja hafa Ed. hlutfallskosna, sem sé þann, að fá festu og nægilegt íhald með skipun efri deildar. Hún fer nær þessum tilgangi en nokkur önnur. Tillagan fer fram á, að Ed. skipi að sjálfsögðu þeir 6, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum, og auk þess 4 þingmenn, sem lengst hafa átt sæti á Alþingi, og loks 4 kosnir af sameinuðuþingi úr hóp þeirra þingm., sem þá eru eftir. Með öðrum orðum, till. fer fram á það, að Ed. sé skipuð hinum reyndustu þingmönnum, þeim sem lengst hafa átt setu og þá venjulega eru gætnari og hafa meiri þingreynslu en nýir þingmenn. Menn hljóta að játa, að það er meining í þessu, og vona eg því, að þeir sem alt af eru að gera tilraunir í þá átt að skapa festu og íhald í Ed., sjái, að þessi brt. er sú heilbrigðasta, af þeim sem komið hafa fram í þessa átt, og greiði atkvæði með henni.

Úr því að eg stóð upp, skal eg leyfa mér að minnast á brtill. á þgskj. 577, sem eg er meðflutningsmaður að, ásamt háttv. þingm. V.-Ísf. og háttv. þingm. Ak. Fyrri till. hefir meiri hl. nefndarinnar tekið upp, og má því taka hana aftur.

Alt öðru máli er að gegna um till., sem háttv. framsögum. taldi tæplega rétt að bera upp. Jafnvel þótt greitt hafi verið atkvæði um svipað ákvæði við 2. umr., þá sé eg ekki, að till. sé á móti þingsköpunum, enda hefir hæstv. forseti ekki, svo að eg hafi heyrt, lagt þann úrskurð á. Ástæðan fyrir þessari brtill. er sú, að vér flutningsm. hennar höfum viljað leiða fullkomlega í ljós, hvort menn eru svo þröngsýnir, að þeir endilega vilji að menn, sem ekki eru í þjóðkirkjunni eða nokkurum öðrum söfnuði, skulu skyldaðir til að greiða til stofnunar, sem ekkert á skylt við þeirra trúarskoðanir, jafnmikið og þeim ella bæri að borga til þjóðkirkjunnar, ef þeir væru í henni. Heilbrigð skynsemi segir manni það, að þeir sem eru utan þjóðkirkjunnar, eiga að vera gjaldfrjálsir, bæði til hennar og allra annara stofn-

ana, að öðru en því, sem þeir sjálfir vilja á sig leggja. Að halda því fram, að menn kunni að segja sig úr þjóðkirkjunni, ef þeir eru leystir undan gjaldi til hennar, nær ekki nokkurri átt. Þá væri, eins og háttv. þm. Dal. tók fram, þjóðkirkjan á alt of veikum fótum. Það hefir líka sýnt sig, að flestir, sem úr þjóðkirkjunni hafa gengið, hafa strax myndað nýja söfnuði, fengið sér prest og greitt jafnvel hærri gjöld til sinnar guðsdýrkunnar, en þeir gerðu áður til þjóðkirkjunnar. Þetta sýnir, að það er ekki gjaldið, sem ræður, og um allan fjölda þeirra manna, sem ekki eru í þjóðkirkjunni, sýnir reynslan, að þeir eru í einhverjum öðrum söfnuði og greiða þar sín gjöld til prests og kirkju. En þótt nú einhver sé nú svo gerður, að hann geti ekki verið í neinum söfnuði, hví á hann þá að skyldast til að greiða til einhverrar stofnunar vegna trúar sinnar eða trúarleysis. Það er algerlega ósamboðið þingfrjálsri þjóð, að leiða í lög annað eins ákvæði og síðari lið 19. gr. frumv., og það þjóð, sem hefir trúarbragðafrelsi. Slíkt er að brjóta alt trúarbragðafrelsi á bak aftur. Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um þessa till.; eg býst við, að aðalflutningsmaður mæli fyrir henni.

**Matthías Ólafsson:** Það er rétt hjá háttv. 1. Árn. (S. S.), að málið er tæplega svo undirbúið, að hægt sé að leiða það til fullra lykta á svo skjótum tíma. En háværar kröfur heyrast nú frá þjóðinni og hafa lengi heyrzt um stjórnarskrárbreyting. Eg er því á því, að nauðsyn sé að fá stjórnarskrármálið fram á þessu þingi, ekki af því að eg álíti svo mikla nauðsyn á að afnema þá konungkjörnu; það hefir sýnt sig nú og á undanförnum þingum, að þeir fylgja ekkert fremur stjórninni en öðrum að málum. Það er tvent, sem kemur mér til að óska stjórnarskrárbreytingar nú: Fyrst og fremst kröfur þjóðarinnar, og í annan stað mundu nýjar kosningar leiða þingið og stjórnina út úr þeim vanda og ógöngum, sem nú er um að ræða.

Að svo mæltu sný eg mér að brtill. á þgskj. 577, frá mér og 2 öðrum háttv. þm. Fyrri brt. hefir meiri hl. nefndarinnar tekið upp í sínar tillögur, og get eg því tekið hana aftur.

2. brt. á sama þgskj. miðar að því, að bæta úr sama ranglæti, sem komst inn í 19. gr. frumv., að leggja gjald á menn, sem í engum söfnuði eru, gjald, sem nemi því, er þeir ella ættu að gjalda til þjóðkirkjunnar. Á eg hér við viðbótina aftan við 47. gr. núgildandi stjórnarskrár. Það er að láta mann borga gjöld, sem hann er alls ekki skyldur til. Þetta er inn mesti ósómi. Að óttast það, að menn fari að segja sig úr þjóðkirkjunni, ef þeir verða gjaldfrjálsir, er ekki á rökum bygt. Reynslan hefir sýnt það, að af þeim, sem segja sig úr þjóðkirkjunni, eru þeir sárfáir, sem ekki ganga aftur í fríkirkjusöfnuðina, eins og háttv. 1. þm. Árn. tók skýrt fram.

Þá vildi eg víkja lítillega að brtill. háttv. þm. Sfjk. (V. G.). Hann vill láta fella í burtu síðari málsgrein 22. gr. Raunar er eg honum að mestu leyti samdóma um það atriði, en eg hefði þó heldur kosið, að hann hefði borið fram tillögu í þá átt, er hann sjálfur tók fram að væri heppilegast, sem sé, að þjóðfundur kæmi í stað alþýðuatkvæðisins. Alþýðuatkvæðið getur aldrei sagt annað en annaðhvort já eða nei við því máli, sem undir það er borið, og það er alveg undir kasti komið, hvort nokkuð er á því að byggja eða ekki. Það væri alt annað, ef beztu menn væru kosnir á þjóðfund með það eitt fyrir augum, að ráða fram úr einhverju sérstöku vandamáli. Slíkur fund-

ur gæti gefið skynsamlegar bendingar um málið og rökstutt úrskurð sinn. Það gerir hitt ekki og getur þess vegna ekki blessast. Þjóðfundurinn yrði að vísu dýrari, en sá kostnaður mundi borga sig.

Svo að eg snúi mér aftur að síðari breyt.till. á þgskj. 577, þá vil eg ekki segja, að ef hún gengi ekki í gegn, þá yrði það til þess að eg greiddi atkvæði á móti stjórnarskrárfrumv. í heild sinni. En það verð eg að segja, að mér þætti ilt til þess að vita, að frumv. fari með jafnsvartan blett út úr deildinni. Eg bjóst satt að segja við því, að háttv. nefnd mundi fella þetta atriði burtu til þess að það yrði ekki frumv. að falli. Eg hygg að hún eigi fáa skoðanabræður í því máli.

**Framsögum. meiri hl. (Jón Magnússon):** Eg hafði ekki ætlað mér að taka til máls að svo stöddu. Eg hugði, að aðrir mundu verða til þess á undan mér. Það tekur því naumast, að fara að mótmæla því sem háttv. þm. Sfjk. (V. G.) sagði um breyt.till. sínar. Eg hefi minst á þær áður, og eg býst ekki við að neitt frekara umtal þurfi um þær til þess að þær falli.

Hann sagði fyrst, að málið væri ekki nægilega undirbúið og vildi helzt, að því væri vísað til stjórnarinnar. Eg er ekki viss um að það hefði nokkra þýðingu, þó að svo væri gert og stjórnin legði síðan frumv. til stjórnarskrárbreytingar fyrir næsta þing. Eg býst við að svo mundi fara um það frumv. sem um gerðir þingsins 1911 og gerðir nefndarinnar nú í ár, að um það yrðu skiftar skoðanir.

Hvað það snertir, að málið sé illa undirbúið, þá vil eg ekki viðurkenna að svo, sé. Það var mikið gert í þessu máli á þinginu 1911, og á þinginu 1912 var það lítillega til meðferðar. Á þessu þingi hefir talsvert verið reynt til að komast að þeirri niðurstöðu í málinu, sem væri vænleg til framgangs. Eg verð að mótmæla að nokkuð sé til í því, að frumv. til stjórnarskipunarlaga, sem samþykt var á þinginu 1911, hafi að eins verið gert til þess að fá aukakosningu. Eg veit ekki betur en að meiningin hafi verið sú, að reyna að fá þá breytingu samþykta á tveim þingum og síðan gerða að lögum. Ið sama mun hafa vakað fyrir mörgum nú, að rétt væri að gera sitt til, að stjórnarskrárbreytingin gengi fram. Þeim þingmönnum hlýtur að minsta kosti að vera það alvara, sem sækja það fastast að kvenfólk og vinnuhjú fái sem allra fyrst kosningarrétt. Nei, undirbúningsleysinu er ekki um að kenna. En hitt er það, að svo lítur út sem sumir hverjir vilji ekki gera neitt til þess að stjórnarskrárbreyting gangi fram. Þeir vilja ekki víkja í neinu frá kröfum sínum til þess. Ef menn vilja að málið fái framgang, þá verða menn eins og hér stendur á, að reyna að koma sér saman um það, sem flestir geta verið nokkurn veginn ánægðir með.

Það er rangt af háttv. þm. Sfjk. (V. G.) að bregða meiri hluta nefndarinnar um, að hann fari í gegnum sjálfan sig í þessu máli, og víki frá kröfum sínum við hvað lítinn mótblástur sem er. Meiri hlutinn hefir einmitt sýnt, að hann vill vinna að málinu þannig, að það nái fram að ganga. Hann hefir sýnt það með því, að hann hefir farið svo langt sem hann hefir álitið fært, til þess að mæta þeim á miðri leið, er á annari skoðun eru en hann. Eg skil ekki, satt að segja, hvernig háttv. þm. (V. G.) hugsar sér að þetta mál geti komist áfram gegnum deildina, án þess að menn reyni að miðla eitthvað málum. Þegar meiri hlutinn sá, að ekki var hægt að koma því fram hér í deildinni, að efri deild yrði skipuð öll öðruvís en neðri

deild, þá tók hann þá afstöðu, að reyna að fá meiri hluta hennar skipaðan þannig.

Það er alveg víst, að kröfur þjóðarinnar ganga í þá átt, að fá verulegar breytingar á stjórnarskránni, og það er jafnvíst að þingið getur ekki látið það bíða mjög lengi, að verða við þeim kröfum. Hv. þm. Sfjk. (V. G.) áleit, að því er mér skildist, ekki rétt að taka tillit til þeirrar öldu, sem gengur yfir landið, að afnema eftirlaun embættis manna. Það getur vel verið, að ekki sé rétt að afnema eftirlaun. En hins verður að gæta, að krafan er svo almenn, að ekki verður hægt að komast undan því að verða við henni.

Þá sagði háttv. þm. (V. G.), að í flestum löndum Evrópu væri »aristokatiskari« kosningarmáti til efri málstofunnar en til þeirrar neðri. Þetta er sjálfsagt alveg rétt hjá háttv. þm. (V. G.). En það eru líka almennar kvartanir yfir því, hvernig sú málstofan er skipuð annarstaðar. Eg hygg, að ekki sé heppilegt að gera þær breytingar, sem fara aftur á leið, ef svo má segja. Að minsta kosti býst eg ekki við að tillaga í þá átt fái mikið fylgi hér á landi.

Þá sagði háttv. þm. (V. G.), að það gerði ekkert til þó að þeim þingmönnum fækkaði, sem kosnir væru í sérstökum kjördæmum. Að því leyti er meiri hlutinn ekki fjarri háttv. þm. (V. G.). En það hefir sýnt sig, að ekki er til neins að koma fram með það í deildinni. Og það hefir háttv. þm. (V. G.) hlotið að sjá. Eg ímynda mér ekki að það sé af því, að þingmenn séu hræddir um að þeir sjálfir nái ekki síðar kosningu aftur, ef kjördæmunum verður fækkað. Heldur mun hitt vaka fyrir þeim, að ekkert kjördæmi í landinu vill missa sinn sérstaka þingmann. Sú ástæðan er líka réttmætari. Alþjóð manna er mjög sárt um, að missa þann rétt sinn, að kjósa þingmenn út af fyrir sig í hverju kjördæmi.

Eg hefi sagt áður, að meiri hluti nefndarinnar geti ekki fallist á að ráðherrann hafi mann »sér við hlið«. Eg skil ekki heldur, hvernig háttv. þm. (V. G.) hugsar sér þetta, nema ráðherrann eigi þá að hafa undirráðherra — »undersecretary«. En svo er ekki um landritarastöðuna. Það gæti náttúrlega komið til mála að gera hana þannig. En hún er það ekki nú. Þar sem háttv. þm. (V. G.) talaði um, að merkileg mál gætu verið til umræðu í báðum deildunum í einu, þá mál vel koma því þannig fyrir, að svo sé ekki. Og eg veit ekki til að nokkur hafi orðið var við það hér í þinginu, að nauðsynlegt væri að fjölga ráðherrunum fyrir þá sök eina. Háttv. þm. (V. G.) sagði við 2. umr., að mig minnir, að einum manni væri ekki fært að fylgjast með í öllum málum, sem fram koma á þinginu. En þó að ráðherrann hefði mann sér til aðstoðar, þá yrði hann jafnt eftir sem áður að fylgjast með í málunum, því að alt starf aðstoðarmannsins yrði vitanlega á ráðherrans ábyrgð.

Eg þarf ekki að fara langt út í það sem háttv. þm. Sfjk. (V. G.) sagði, að Alþingi ætti að eins að fjalla um sérmál landsins. Eg ætla að eins að láta þá skoðun mína í ljósi, að eg tel það ekki rétt. Eg álít að Alþingi hafi vald til að fjalla um öll mál landsins, bæði sérmál og sameiginleg mál. *(Valtýr Guðmundsson:* Eftir hvaða lögum?)

Það er auðvitað rétt sem háttv. þm. Sfjk. (V. G.) sagði, að nýjar kosningar á öllum þingmönnum yrði að fara fram, ef stjórnarskráin gengi fram með hans till. í sér fólgnum. En eg hygg, að ekki þurfi að gera ráð fyrir því; eg býst við, að það sé fyrir fram afgert að till. hans geti ekki orðið samþykt að þessu sinni. Að svo stöddu skal eg ekki fara frek-

ara út í það sem háttv. þingm. (V. G.) sagði. Eg hygg, að það sé óþarfi að lengja umræðurnar að því leyti.

Háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) talaði einnig um, að rétt væri að vísa málinu til stjórnarinnar, því að það væri ekki nægilega undirbúið. Honum get eg svarað á sama hátt og háttv. þingm. Sfjk. (V. G.), að eg tel það ekki rétt. Hins vegar dettur mér ekki hug, að hafa á móti því, að stjórnin verði beðin að taka málið upp og leggja það fyrir næsta þing, svo framarlega sem ekki verður hægt að lúka við breytingarnar á þessu þingi. En hvort það yrði til þess að málið kæmist nær því að ganga fram, það veit eg ekki. Einstaka spursmál gæti vitanlega skýrst, en eg býst fastlega við, að flest af því sem hér er mest deilt um, yrði sömu vandkvæðum bundið.

Eg ætla ekki að deila um það við háttv. þm. (S. S.) hversu hættulegt það væri að bæta 2 þingmönnum við. Eg ætla háttv. deild að skera úr því eins og öðru.

Eg ætla ekki heldur að orðlengja um gjald, það sem þeim mönnum sem ekki eru í lögmætu kirkjufélagi er ætlað að greiða til Háskólans eða til einhvers annars sjóðs. En eg tel það ekki rétt af háttv. þm. (S. S.) að vesast svo mjög út af þeirri tillögu nefndarinnar. Því verður ekki neitað, að þetta er bót á því ástandi sem nú er. Nú er mönnum gert að skyldu að greiða þetta gjald til þjóðkirkjunnar, jafn vel þó að það geti verið á móti trúarskoðunum þeirra. Þessi tillaga nefndarinnar fer miklu fremur í þá átt að leysa heldur en að binda. Eg skil ekki, hvernig menn fara að tala um þetta, eins og hér sé verið að leggja nýtt gjald á menn. Þetta er einmitt rýmkun frá því sem nú er.

Ef stjórnarskrárbreytingin næði fram að ganga yrði auk þess greiddur vegur fyrir ið almenna löggjafarvald til þess að leysa kirkjuna undan þjóðfélagsstjórninni.

Eg sé svo ekki ástæðu til að tala frekara um málið, nema einhver gefi ástæðu þar til.

**Framsögum. minni hl. (Bjarni Jónsson):** Eg ætla að hafa þá góðu reglu að vera stuttorður. Eg býst við, að margir ætli sér að taka til máls enn þá, og eg stend að eins upp til þess að gefa mönnum tækifæri til að hugsa sig um. En á meðan þeir eru að því, ætla eg að víkja að ræðu háttv. þm. Sfjk. (V. G.) — ekki að henni allri, heldur aðallega að þeim atriðum sem féllu úr hjá háttv. frsm. meiri hlutans (J. M.). Eg ætla að eins að nefna 1—2 atriði sem hann mintist á og eg er honum ósamdóma um. Háttv. þm. Sfjk. (V. G.) sagði, að málið væri illa undirbúið. En sannleikurinn er sá, að aldrei hefir nokkurt mál komið inn á þingið, sem betur hefir verið undirbúið. Og það verð eg að segja, að ólíkt betur er þetta mál undirbúið en Valtýskan var forðum daga. Í því tilfelli var það sorglegt, hvað undirbúningurinn var lítill, því að annars hefðu allir séð, hvaðan hún var kynjuð og engin glæpst á henni.

Þar sem háttv. þingm. hélt því fram, að eg hefði átt að heyra ástæður sínar áður en eg fór að tala óvingjarnlega um tillögur hans, þá getur það verið rétt um eitt atriði. Hann hélt sem sé fram þeirri skoðun minni, að það ætti helzt að vera þjóðfundur sem fjallaði um sáttmála milli Íslendinga og annara þjóða. Þætti mér mikið í það varið, ef hann vildi sýna þetta í verki, en ekki einungis í orði. Eg vil helzt, að menn sýni mér trú sína af verkunum. En hvað gerir hann? Hann stingur upp á að felt verði burt ákvæðið um þjóðar-

atkvæði, en setur ekkert ákvæði um þjóðfund. Háttv. þm. Sfjk. (V. G.) er ekki konungur, svo það er betra að láta þetta standa í stjórnarskránni. Þar sýnir hann ekki trú sína í verkinu, og þess vegna legg eg minna upp úr því þótt hann sé á sama máli og eg um þetta. Um þennan »almenna rétt innborinna manna«, skal eg ekki fjölyrða. Eg veit ekki, hvort þetta orðalag er gleggra heldur en það sem áður var. *(Valtýr Guðmundsson:* Það er þannig orðað í gildandi stjórnarskrá.). Nú, er það svo í stjórnarskránni? Þá bið eg fyrirgefningar, en eg tók svo eftir, að orðalagið væri frá höfundinum sjálfum, og það er ekki betra fyrir það, þótt það standi í gildandi stjórnarskrá. Þessi almenni réttur innborinna manna er jafnóskiljanlegur fyrir því. Hvar er sá réttur almennur? Og hverjir eru innbornir menn? Er það máské mótsetning við útburði? *(Valtýr Guðmundsson:* Það stendur í bók, sem þm. hefir fyrir framan sig.). Það stendur ekki þar, að ekki megi breyta orðalaginu.

Hann talaði mikið um, að hvergi í öðrum löndum væru efri deildir bygðar á almennum kosningarrétti. Nú er því fyrst til að svara, að hér hagar ekki til eins og í öðrum löndum. Hér eru ekki neinar stórborgir með stórborgarskríl, heldur eru hér allir jafnir og ættu því að hafa jafnan rétt til að kjósa. Hann veit, að einn kennari við háskóla Dana er sprottinn úr fátæktinni hér heima. Hann er af almenningsstétt eins og við erum allir, og hann má leita hér í deildinni eftir öðru og hann mun ekki finna. Eg hefi tekið það fram í mínu nefndaráliti, að þjóðin væri jöfn að gáfnafari og uppeldi, og væru þess vegna allir Íslendingar almenningur eða allir höfðingjar.

Þá er enn eitt atriði, sem eg vildi sérstaklega minnast á. Eg held, að það sé í þriðja sinni á þessu þingi, sem hann stendur upp og hótar okkur að stjórnarskráin verði tekin af okkur. Eg þakka honum fyrir það þolgæði, sem hann sýnir með að standa hér upp hvað eftir annað með þessar ógnanir, og það er skemtilegt að heyra, hvað hann talar þetta af mikilli sannfæringu. *(Valtýr Guðmundsson:* Annaðhvort verður þetta eða skilnaður.). Ef við fáum skilnað, þá verður það ekki almennur réttur innborinna manna, sem gefur honum þingsæti hér. Eg skil ekki, hvernig inn háttv. þm. getur leyft sér að koma aftur og aftur með þessar hótanir og hræða þingið á því, að konungur muni fremja það ofbeldisverk að taka af okkur stjórnarskrána. Stjórnin ætti að setja ofan í við manninn fyrir þetta, og hún hlýtur að hafa rétt til þess vegna móðgunar við konunginn. Þetta atriði vildi eg benda á, ekki af því að eg hafi ekki gert það áður, heldur til þess að mönnum verði það því minnisstæðara. Á hverjum fingri er hann með herskip eða afnám stjórnarskrárinnar til að ógna okkur með. Og það er annað veldi í danska ríkinu, sem ætlar að taka af okkur ómakið í fjármálum. Eg hefi heyrt, að Sameinaða gufuskipafélagið ætli sér að taka af Alþingi fjárveitingarvaldið, og það er alveg hliðstætt þessu, sem háttv. þm. Sfjk. (V. G.) er að hóta um. En það er svo sem ekki í óvænt efni stefnt, því að við vitum, að við eigum þarna hauka í horni, sem vilja taka þetta lítilræði af okkur.

Að öðru leyti en þessu skal eg ekki fara út í að svara ræðu háttv. þm. Sfjk. (V. G.), því að háttv. framsögum. meiri hlutans hefir líka hrakið það sem hann sagði, en eg vildi að eins láta menn taka vel eftir þessum hótunum hans.

**Kristinn Daníelsson:** Það verður að bera í bakkafullan lækinn, að eg taki til máls, og það því fremur, þegar

eg er ánægður með margt af því, sem háttv. framsögum. meiri hlutans hefir tekið fram, og er eg honum séðstaklega þakklátur fyrir, hvað liðlega hann vill taka í þetta mál. En það hefir vakað fyrir mér sú spurning, hvort við séum að vinna að þessu máli með nokkurri alvöru, hvort við ætlumst til að það gangi fram eða ekki. Mér heyrist sumir háttv. þm., sem hafa tekið til máls, hafa þann formála, að málið sé ekki nægilega undirbúið. Það getur nú verið að þetta mál verði sízt of vel undirbúið, en eg hygg þó, að það sé búið að fá töluverðan undirbúning. Það hefir vakað fyrir síðustu þremur þingunum, og flokkarnir eru orðnir sammála fyrir löngu um umbæturnar. Alt þetta bendir á, að málið sé nú svo undirbúið, að einhvern enda mætti á það binda.

Það hefir verið sagt, að réttast væri að vísa því til stjórnarinnar til frekari undirbúnings. En þjóðin hefir nú frá þremur stjórnum undanfarið getað með rétti átt von á að þessu máli yrði hrundið áleiðis, og eg vænti að eftirfarandi stjórn geri það ekki fremur en undanfarnar stjórnir. Sumir eru á þeirri skoðun, að rétt sé að láta málið bíða þangað til endir sé fenginn á sambandsmálinu. Þessu er eg ekki samdóma. Eg hygg að sambandsmálið eigi talsvert í land og að við getum ekki beðið eftir því með umbætur á stjórnarskránni. Enda býst eg við að umbætur á stjórnarskránni geti orðið til þess að þoka nær viðunanlegum enda á sambandsmálinu. Eg hygg að það sé rétt að nota þetta meðal til að þoka okkur nær rétti okkar, úr því að við þurfum að dragast með þannig lagað samband við Dani. Háttv. þm. Sfjk. (V. G.) sagði, að það þyrfti að ganga vandlega frá stjórnarskrárbreytingunni, svo ekki þyrfti að breyta henni aftur. Eg hygg að það sé rétt og sjálfsagt að þetta þing skuldi þjóðinni það, að það hrindi nú málinu áfram, ekki með neinni hálfvelgju, heldur svo að það nái fram að ganga. Það virðist vera fremur góð samvinna milli meiri og minni hlutans, þeir hafa verið fúsir til að hliðra til hvor fyrir öðrum um ýmis atriði. Nefndin hefir unnið að málinu með alvöru, og eg vildi óska að háttv. deild gerði sitt til að það gengi fram.

Þá skal eg leyfa mér að benda á nokkur einstök atriði, og skal ekki vera langorður. Eg ætla að fara eftir þingskjalatölunni, og kem þá fyrst að þgskj. 577, seinni tillögunni þar, viðvíkjandi gjaldfrelsi utanþjóðkirkjumanna. Eg verð að draga það í efa samkvæmt 30. gr. þingskapanna, hvort það sé leyfilegt að ganga til atkvæða um það aftur, þar sem búið var að fella samskonar atriði við 2. umr. En hvað sem um það verður, þá held eg að utanþjóðkirkjumenn eigi enga kröfu til að vera lausir við gjald til einhverrar stofnunar, sem álitin er þörf í landinu. Það er t. d. margur maðurinn nú, sem geldur ellistyrktarsjóðsgjald og getur ekki búist við að njóta neins góðs af. *(Sigurður Sigurðsson:* Það er alt annað mál). Nei, það er sama, meðan kirkjan er þjóðkirkja. Þetta er ekki annað en grímuklæddur skilnaður, og væri langtum betra að halda hreinlega fram skilnaði. En meðan ríkið álítur kirkjuna þarflega stofnun til þess að viðhalda trú og siðgæði í landinu, þá er rétt að allir gjaldi til hennar. Tillögumenn geta hrópað hátt um þetta, en þeir geta ekki fært rök fyrir því, að það sé sanngjarnt, að sumir borgarar þjóðfélagsins séu undanþegnir því gjaldi, en aðrir ekki.

Þá kem eg að þgskj. 578, tillögum háttv. þm. Sfjk. (V. G.) og skal eg ekki fara langt út í þær, því að það hafa

aðrir gert. Þó verð eg að minnast á það, er hann vill láta konung geta rofið þingið eða *aðra hvora málstofu þess*, Þetta þykir mér harla varhugavert ákvæði, að hægt sé hvenær sem er að rjúfa þá deildina, sem í þann eða þann svipinn yrði stjórninni þung í skauti. Þá er og annað atriði í breyt.till. hans, sem mér þykir varhugavert. Það er tillagan um að efri deild verði kosin í fjórðungum hlutbundnum kosningum af sýslunefndum. Því stingur hann þá ekki alveg eins upp á tvöföldum kosningum þar sem allir kjörmennirnir væru kosnir til? Annaðhvort yrðu sýslunefndirnar pólitískar, eða þessi kosning, sem á að vera pólitísk, verður gerð að hreppapólitík. Það er eitt atriði í tillögum hv. þm. Sfjk., sem eg er ekki ósamdóma honum um, og væri tilleiðanlegur til að greiða atkvæði með, enda þótt tillögur hans muni annars flestar standa og falla hver með annari. Það er tillagan um, að úrskurður um réttmæti kosninga til Alþingis verði tekinn af Alþingi og falinn landsdómi. Eg skil ekki að með því sé nokkur réttur tekinn af þinginu eða að í þessu liggi vantraust til þingsins. Það á ekki að vera Alþingi, sem dæmir um þetta, það á ekki að kjósa sig sjálft, heldur er það þjóðin eða kjósendur, sem eiga að senda menn á þing. Háttv. framsögum. meiri hlutans hélt því fram, að af þessu gæti engin hætta stafað, en mér þykir skamt á að minnast, að það hafi sýnt sig, að það er ekki gott fyrir minnihlutamann að eiga rétt sinn að sækja undir meiri hluta Alþingis. Eg skal ekki fara að rifja þetta upp, þar sem eg átti þar sjálfur hlut að máli og er í engum vafa, að mér var óréttur gjör; það var lítill skaði um mig, en hitt féll mér illa, að Alþingi reyndist ekki réttlátt.

Þá skal eg víkja að tillögum meiri hluta nefndarinnar á þgskj. 604. sérstaklega að fyrstu tillögunni um að fjölga þingmönnum um tvo. Eg get tekið undir það með háttv. framsögum. að það munar ekki mikið um þessa viðbót, en eg býst við að hún mæti andróðri í þinginu og muni ekki vera eftir skapi manna úti um land, enda treysti eg því, að háttv. meiri hluti, sem hefir farið svo liðlega í þetta mál, sé þetta ekki svo fast í hendi. Eg verð því að leggja á móti fyrsta liðnum á þgskj. 604, og með honum ætti annar liðurinn að falla.

Aftur á móti finst mér þriðji liðurinn vera góður, þó að því tilskildu, að breytingartillaga minni hlutans á þingskjali 620 gangi fram. Að öðru leyti eru tillögur meiri hlutans að mestu leiðréttingar, sem eg get fallist á. Aftur á móti virðist brtill. minni hlutans við 8. gr. eiga að koma í staðinn fyrir tillögu meiri hlutans. Um aldurstakmarkið meðan alt er að færast í lag, skal eg ekki gera að kappsmáli, en mun þó greiða atkvæði með tillögum minni hlutans.

Þá skal eg stuttlega minnast á tillöguna á þskj. 644, þar sem því er farið fram, að þeir 4 þingmenn, kosnir óhlutbundnum kosningum, sem lengst hafa átt sæti á Alþingi, skuli vera sjálfkjörnir til efri deildar. Eg get vel virt þessa tilraun til að koma skipulagi á, en eg álít þó tillöguna varhugaverða. Eg hygg, að það geti vel verið, að þeir menn, sem lengi hafa setið í neðri deild, kynnu því illa, að láta setja sig upp í efri deild. Annars held eg að það sé búið að ræða nóg um þessa tillögu.

Skal eg svo ekki fjölyrða meira um þetta mál, en leyfi mér að leggja til að tillögur minni hlutans verði samþyktar.

Eitt atriði hefi eg ekki minst á; það er viðvíkjandi þingrofi, hvort það skuli ná bæði til þeirra sem kosnir eru óhlutbundnum kosningum og hinna, sem kos-

nir eru hlutbundnum kosningum. Eg gæti fyrir mitt leyti betur felt mig við, að það gilti líka fyrir þá, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum, en get þó líka fallist á hitt til samkomulags og geri það ekki að kappsmáli.

---

Þegar hér var komið umræðum, var komið af nóni, og var þá fundi frestað til kl. 5 síðd.

Kl. 5 síðd. var fundur settur á ný og umræðum haldið áfram.

---

**Skúli Thoroddsen:** Áður en þetta mál fer héðan úr deildinni, langar mig til þess að segja nokkur orð, þar sem málið fer héðan *alls ekki* í því horfi, sem eg myndi kosið hafa.

Menn gleyma því alment of oft — og svo er þá eigi síður um þingmenn en aðra — *að eigi er oss það heimilt, að fara einatt að vilja vorum, eða láta hann ráða*, þ. e. gleyma því, að *oss er það því að eins heimilt, að hann sé þá í fullu samræmi við það sem hver af oss veit æ og finnur* — eða ber í sér — *að eitt er ið alóyggjandi sanna og rétta.*

Með öðrum orðum: Hver af oss verður æ *að beygja svo vilja sinn*, að hann geri það *eitt*, sem hann veit *rétt* vera — geri það eitt, hversu mjög sem hann til þess kann að langa að gera eitthvað annað.

Þó að mig t. d. — hvað eigi er — langaði til þess *að slá einhvern ykkar* eða að skrökva að honum eða að blekkja hann á einhvern hátt, þá má eg þó *ekki* fara að þeim vilja mínum.

Á sama hátt er því þá og varið, að því er til vor þingmannanna kemur, er um lagasetninguna ræðir.

En því fer *fjarri*, er á stjórnarskrárfrumvarpið er litið, að það beri það með sér, að meiri hluta háttv. þingmanna þessarar deildar hafi verið *það eitt* ríkt í huga, að gera eigi annað en hver þeirra fann og vissi *rétt* vera.

Þeir hafa látið *viljann* eða þá löngunina (sem fellur hér saman) *ráða — látið hann leiða sig til þess að gera eða samþykkja eigi fátt, þess er þeir þó fundu og vissu að eigi var rétt*; sbr. t. d. það, er þeir hafa samþykt þau ákvæði, að af »nýju kjósendunum« (konum, vinnuhjúum o. fl.), skyldu þó þeir einir fá kosningar- og kjörgengisréttinn *þegar*, er 40 ára eru orðnir.

*Og þetta* — þ. e. að fyrst fá þeir einir réttinn, sem fertugir eru, þá næst þeir sem 39 ára eru o. s. frv. — *lætur deildin sér sæma að samþykkja*, þó að hún hafi þó í öðru orðinu viðurkent rétt mannanna, karla og kvenna — viðurkent, að þeim hafi öllum til þessa verið gert *rangt*, og eigi því að fá kosningar- og kjörgengisréttinn *strax*, en eigi á nokkurra ára bili, eins og frumvarpið nánara ber með sér.

Af sömu ástæðum get eg þá og ekki heldur felt mig við skipun efri deildar.

Eg er að vísu eigi mótfallinn því, að 6 þingmenn efri deildar séu kosnir hlutfallskosningu í einu lagi um land alt, en hitt tel eg eigi rétt, að binda kosningarrétt eða kjörgengi til hennar því skilyrði, að hann fái að eins þeir sem orðnir eru 35 ára eða eldri.

Það sem fyrir mönnum vakir, *að því er til skipunar efri deildar kemur*, það er það, *að menn vilja skapa þar* eins konar *íhaldsafl* gegn neðri deild, og ýmsum þykir sem í frumvarpinu sé að mun *of skamt* farið í íhaldsáttina.

En *hvaða rétt á þá íhaldið á sér í pólitík?*

*Hver maður er svo gerður, að hann getur eigi annað en kent leiða* eða kvalar, er honum mætir eitthvað það sem *ilt* er eða ljótt, í garð sjálfs hans eða annara.

*Leiðinn*, sársaukinn, kvölin eða óánæg-

jan — eða hvað sem menn nú kalla það — sem honum þannig vaknar, *á þá að vera honnm* — og getur eigi annað en verið honum — *hvöt til þess að hrinda því brott*, eða fá því kipt í annað og betra eða réttara horf, sem *leiðanum*, kvölinni eða óánægjunni *olli*.

Með öðrum orðum: *Hver af oss er svo gerður* eða *skapaður*, að hann ber það æ í sér, *að honum er ætlað að vera umbótavera* -- þ. e. ætlað að kippa því í rétt horf, sem *rangt* er, *óheppilegt eða ófullkomið, eins og hann og si og æ á að vera sjálfan sig* eigi síður »*reformerandi*« (þ. e. umbætandi — betrandi).

Benda má þá og á það, hver *hætta* það er einatt, *sé eigi bætt úr því eða því ástandinu, sem rangt er* — hætta oss *öllum* og þá æ því fremur, er óánægja er vöknuð — og það þótt að eins væri um kvöl eða óánægju *eins* manns að ræða — *þar sem vér allir berum það í oss* að vér eigum *hvorki* að gera það sem rangt er, *né* heldur láta það við gangast.

*Þetta tvent*, hið síðastgreinda, *verður þá og einatt að marka íhaldinu í pólitík takmörkin.*

Allir vitum vér og og finnum, að *eigi ber oss að fresta því sem gott er, hvað þá að hindra það*, — né þá, að fresta eða hindra, að því sé æ breytt í rétt horf, sem rangt er.

*Íhaldsstefnan í pólitík* á því að sjálfsögðu *alls engan rétt á sér* — til frestunar eða hindrunar, — *er um það ræðir, að kippa því í rétt horf, sem rangt hefir verið*, sbr. t. d. er um það ræðir, að veita fulltíða kvenfólki kosningarrétt.

*Né heldur á hún* né má eiga *nokkurn slíkan rétt á sér*, er um það ræðir, að fá því á komið, er vér allir *finnum rétt* og *skylt* vera — sbr. t. d. að rækja þær hjálparskyldur við aðra, sem annað hvort alls eigi hafa verið ræktar, eða þá eigi sint svo vel sem skyldi.

Hér þá og að vísu eigi heldur um annað að ræða en að láta það eigi við gangast, sem *rangt* hefir verið.

*Alt öðru máli* er *á hinn bóginn að gegna*, er einhver vill umturna þeim reglum eða venjum, er *engum* eru illar — þ. e. engum rangt gert, þótt haldist — því að þar er þá íhaldið í pólitík einatt, *eigi að eins réttmætt, heldur og skylt*. — Mörgum kynni t. d. að þykja það leitt, ef þingforseti Breta væri eigi á þingfundum svo búinn, sem venja hefir verið, eður ef lagður væri niður einkennisbúningur embættismanna o. fl.

Margur hefir og unað, felt sig við þann eða þann staðinn, en vill eigi missa lækinn sinn, hólinn sinn o. s. frv.

En auk þess er niðurstaðan, að því »nýju kjósendurna« snertir, hefir — eins og eg hefi þó minst tvívegis, ef eigi oftar, bent á — orðið sú, *að gera eigi það, er hver háttv. þingmanna finnur og veit sér þó rétt og skylt vera*, heldur að samþykkja hitt, sem þeir fundu og vissu að *rangt* var, og hver þeirra veit og, og vissi, *að eigi á að þolast* — sbr. þá og, að enginn vill láta sínum rétti traðka, né að nokkur þoli að gert sé — auk þessu, þá er það og *eigi rétt*, er bægt er frá kosningar- og kjörgengisréttinum mönnum, gjaldþrota eru, sem og þeim, er í sveitarskuld eru eða eigi hafa »óflekkað mannorð«, sem kallað er.

Menn þessir bera þó eigi síður en aðrir ábyrgð á því, sem fram fer í þjóðfélaginu, þ. e *ábyrð á því, að öllum sé gert rétt, en engum rangt*, — bera þá ábyrgð, hvað sem öllum lögum um það efni líður.

Margt er það fleira í frumvarpinu, sem eg get ekki felt mig við. Í 19. gr. stendur t. d., að sé maður utan þjóðkirkjunnar, þá skuli hann þó greiða til háskóla Íslands þau gjöld, sem hann ella hefði orðið að borga til þjóðkirk-

junnar. En þetta tel eg ekki rétt vera né get felt mig við.

Ef menn eru ekki í neinum söfnuði, finna enga hvöt hjá sér til þess, en telja sig geta séð trúarþörf sinni borgið án þess, þá eiga þeir og að geta verið lausir við öll safnaðarútgjöld, hvert sem þau eru látin renna.

Sama er um 20. gr. Eg get ekki felt mig við hana eins og hún er, þar sem eg tel réttinn til þess að setja menn í gæzluvarðhald alt of rúman. Takmörkin ættu í þessu efni að vera — og verða æ að vera — sem þrengst, þ. e. gæzluvarðhaldið því að eins að vera heimilt, að viðkomandi maður sé þjóðfélaginu hættulegur.

Eins og eg hefi bent á við fyrri umr. málsins, get eg og eigi heldur felt mig mig við það ákvæði, að tölu ráðherra megi breyta með lögum, þ. e. tel þar *of skamt* farið, í stað þess að fjölga ráðherrum nú þegar, eða veita konungi þó vald til þess, án þess lög þurfi að setja.

Enn fremur hefir slæðst inn í 7. gr. ákvæði, sem gæti orðið óheppilegt og hættulegt, þ. e. að »tölu alþingismanna megi breyta með lögum«. Það hefir vakað fyrir mönnum, að landsmönnum myndi fjölga, og gæti þá og þurft að fjölga þingmönnum. En — eins og ákvæðið er —, þá má nú og engu síður fækka þeim með einföldum lögum; þeir gætu t. d. orðið ekki fleiri en 3. Fyndist mér því betra, að skjóta inn ákvæði um það, að þingmenn megi þó aldrei vera færri en þeir eru nú, þ. e. fjörutíu.

Vil eg svo ekki fara fleiri orðum um mál þetta, þótti að eins rétt að drepa á helztu atriðin, sem eg er mótfallinn. Verði sú niðurstaðan, að það sofni í efri deild, skiftir að vísu litlu, hvernig það fer hér í deildinni. En eigi málið fram að ganga, væri öllum heppilegast, að þessar bendingar mínar væru teknar til greina.

**Lárus H. Bjarnason:** Eg fylgi eðlilega meiri hlutanum að flestu. Þó er það eitt atriði, sem eg get nú ekki verið meiri hlutanum samþykkur um, það atriði, sem háttv. framsögum. gerði mest úr, að 8 þingmenn efri deildar skuli kosnir hlutbundnum kosningum. Eg vildi að vísu helzt að öll efri deild væri skipuð þingmönnum, sem væru kosnir hlutbundnum kosningum. En úr því að búið er að samþykkja við 2. umr. að að eins 6 af þingmönnum efri deildar skuli kosnir hlutbundnum kosningum, þá kann eg ekki við að nefndin fari að raska því, sem deildin hefir samþykt, enda er með því móti minst breytt frá núverandi fyrirkomulagi og sneitt hjá því, sem kjósendum mun þykja einna viðkvæmast, röskun kjördæma og breytingu á tölu þingmanna. Hins vegar vona eg, að deildin hallist heldur að 12 ára tímabili hlutbundinna þingmanna en 8 ára.

Eg gæti heldur til samkomulags stutt að því, að færa niður kosningaraldurstakmark nýrra kjósenda úr 40 árum niður í 35, en af því að deildin er þegar búin að samþykkja 40 ára aldursmarkið, mun eg þó halda mér við það.

Annars stóð eg aðallega upp til þess að lýsa undrun minni yfir brtill. háttv. þm. Sfjk. (V. G.), sem flestar hefðu fremur átt heima á ráðgjafarþingi heldur en á löggjafarþingi, og sumar voru sprottnar af hræðslu við að nefndartillögunum mundi ekki byrja vel suður í Danmörku. Eg er nú að vísu samnála háttv. þingm. um það, að æskilegt sé að íhald verði nokkurt í efri deild, og að taka verði tillit til hins þáttar löggjafarvaldsins, h. h. konungsins. En það verður ekki síður að gæta þess um fyrra atriðið, hverju er hægt að koma fram, og um

síðara atriðið, hvað þjóðinni er fyrir beztu, enda má telja víst, að konungur vilji ekki standa í ljósi þjóð sinni. Hitt er ófært, sem mér virðist bera svo mjög á í ræðum háttv. þm. og hæstv. ráðherra, bæði í fánamálinu, stjórnarskrármálinu og fleiri málum, að þora ekki að láta uppi einn vilja, fyr en fengin er vissa um að alt falli í ljúfa löð hinum megin við pollinn. Sízt fer vel á slíku hjá ráðherra, því að hann gat vitað vilja konungs um bæði málin og getur einn komist að vilja konungs um, hvaða mál sem er.

Vík eg svo að þeim brtill. háttv. þm. Sfjk. (V. G.), sem mér er verst við, og var upprunalega svo illa við, að eg náði ekki upp í nefið á mér, en vona að eg geti nú talað um með stillingu.

Háttv. þm. vill halda svo kölluðum innborinnarétti sem skilyrði fyrir embættisgengi, og lögleiða hann sem skilyrði fyrir kosningarrétti og kjörgengi, og fer þar miklu lengra en danska stjórnin hefir nokkru sinni farið. Í stjórnarskránni, sem nú er tæplega 40 ára gömul, er innborinnaréttur, sem vel að merkja er ekki annað en *danskur* borgararéttur, að eins lögmælt skilyrði fyrir embættisgengi. Síðan hefir réttur þessi samkv. frumkvæði Íslendinga verið gerður að skilyrði bæði fyrir framfærsluréttí og jafnvel rétti til að vera formaður á skipi í innanlandssiglingum. En það er komið nóg af svo góðu og sízt ástæða til að fjölga slíkum skilyrðum, allra sízt sem skilyrði fyrir kjörgengi og kosningarrétti, enda næði þm. ekki tilgangi sínum að útiloka *útlendan* skríl frá afskiftum af landsmálum, nema því að eins að ekki sé til danskur skríll. Hins vegar er það rétt, að það á ekki að hleypa öllum útlendingum að stjórn og löggjöf, en það á ekki að verja íslenzk áhrif með dönskum borgararétti, heldur með *íslenzkum*.

Þá get eg ekki með nokkru móti aðhylst tillögu háttv þm. um skipun nefndar til að meta lögmæti kosningar alþingismanna og kjörgengi. Það leiddi til fullkominnar umturnunar á valdi Alþingis, gerði það að ósjálfráðum valdhafa í stað þess að það er nú alls kostar *sjálfrátt* innan síns valdsviðs. Háttv. þm. (V. G.) skírskotaði upprunalega til þings Bandaríkjamanna því til sönnunar, að þetta fyrirkomulag væri gott, en þegar eg sýndi honum svart á hvítu, að Bandamenn höfðu sömu ákvæði hér að lútandi og vér og að minsta kosti allar Norðurálfuþjóðir, brá háttv. þm. sér til *nýlendu*ríkja Breta, sérstaklega Kanada og taldi oss vel sama það sem þessir nýlendubúar gera sér gott af. En því get eg með engu móti játað, enda er svo langt frá því, að eg hafi sannfærst um að slíkt fyrirkomulag sé í Kanada, að eg hefi við fljótan lestur á stjórnarskrá Kanada í Poseher, sem er um 30 árum yngri en Sveistrup, ekki fundið neitt ákvæði, er sanni mál háttv. þm.

Eg get heldur ekki játað því, að nokkur trygging sé fengin fyrir réttdæmi um kosningar og kjörgengi þingmanna með nefndarskipun háttv. þm. Og eg fyrir mitt leyti mundi frábiðja mér hér að lútandi dómsvald, svo sem eg gerði þegar til orða kom að fela háskólaráðinu að meta gildi skáldrita. Eg er hræddur um, að ef til vill vafasamur úrskurður Alþingis 1909 um kosningu háttv. þm. (V. G.) hafi ráðið of miklu um þessa tillögu hans. Jafn vel auvirðilegustu félög hafa rétt til þess að kveða sjálf um, hverir séu félagsmenn, og þann rétt má sannarlega ekki taka af neinu löggjafarþingi, og sízt fá hann í hendur nefnd, sem væri að mestu leyti stjórnskipuð.

Ekki get eg heldur verið fylgjandi tillögum hv. þm. um óbeinar kosningar

til efri deildar, enda þó að þær séu að nokkru leyti lánaðar frá grundvallarlögum Dana um kosningar til landsþingsins. Allar kosningar eiga að vera beztar spegilmyndir af vilja kjósenda, en það verða kosningar því síður, sem milliliðir eru margir milli kjósenda og fulltrúa. Það var líka rétt athugað af háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.), að tillaga þm. mundi annaðhvort leiða til þess að sýslunefndir og bæjarstjórnir yrðu pólitiskar eða kosningarnar að nokkru leyti ópólitiskar.

Eg get verið sammála háttv. þm. um það, að kjósendaatvæði *(referendum)* um mál geti verið mjög aðgæzluverð og sérstaklega spilt framgangi góðra mála í bráð. En eftir öllum atvikum verð eg þó að telja rétt, að áskilja kjósendaatkvæði um sambandsmáliðið, enda er kjósendum ekki ætlað að greiða atkvæði um einstakar greinar, heldur að játa eða neita sem heild því frv., sem undir þá væri borið.

Háttv. þm. sakaði nefndina mjög um að hafa unnið of mikið til samkomulags, en slík ásökun situr sízt á þeim manni, sem haldið hefir einna fastast fram hentistefnu hér á landi og sýnir hana í framkvæmd jafnvel í dag. Hann hefir dag lofað ýmislegt, sem hann segist þó ekki bera fram breyt.till. um af því að hann sé vonlaus um framgang þess, t. d. um tölu og skipun ráðherra og rof E. d.

Þá voru niðurlagsorð háttv. þm. ekki hvað sízt alveg óþolandi. Hann var þar að benda H. h. konunginum og jafnvel Dönum á það, hvað til bragðs mætti taka, ef Alþingi væri eigi nógu stimamjúkt, sagði, að jafnvel gæti rekið að því, að svifta yrði þá stjórnarskránni, af því að enginn ráðherra fengist til að gegna. En fyrst er nú það, að engin hætta er á ráðherraleysi meðan háttv. þm. Sfjk. lifir. Og þar næst er það með öllu *óforsvaranlegt*, að þingmaður og ráðherra skuli hvað eftir annað *opinberlega benda Dönum á tök gagnvart Íslendingum*, svo sem gert hefir verið bæði í stjórnarskrármálinu og fánamálinu. Þykist þeir herrar sjá betur, eiga þeir að segja til á flokksfundum og nefndarfundum, en ekki á þingfundum.

Háttv. þm. taldi frumvarp og tillögur nefndarinnar heldur ómerkilegt. Slíku er hægt að slá fram, enda álitamál, hvað er merkilegt og hvað ómerkilegt, en samanburð við breyt.till. háttv. þm. held eg tillögur vorar þoli.

Eg ætla að leyfa mér að rekja lauslega helztu breytingarnar frá því sem nú er, og sést þá hve merkilegar eða ómerkilegar þær eru.

Það má segja, að lögfesta á eið konungs að stjórnarskránni og yfirlýsing um friðhelgi Alþingis skifti ekki mjög máli, en viðkunnanlegra er þó að hafa slíkt ákvæði í stjórnarskránni, enda lögtekin í annara landa stjórnarskrám.

Þá trúi eg ekki öðru en að margir telji úrfellingu ákvæða um innborinna rétt og eftirlaun og bannið gegn bráðabirgðalögum, þótt skilyrt sé, til töluverðra bóta.

Eða mundi afnám konungkjörinna þingmanna og hlutbundin kosning þingmanna í þeirra stað ekki mega heita fremur merkileg breyting?

Og mundi ekki sama mega segja um rýmkun kosningarréttarins, sérstaklega um kosningarrétt til handa konum, sem með tímanum fjölgar kjósendum um meira en helming. Eg þykist að vísu vita, að mörgum mun þykja of skamt farið hér, en þegar á það er litið að snögg og mikil aukning gæti orðið til skaða og núverandi kjósendur yrðu því harðara úti um afskifti af landsmálum, sem fleiri væri hleypt að í einu, vona

eg að menn sætti sig við þessa varfærni, enda nokkur ár ekki nema augnablik miðað við þjóðlífið.

Þá vona eg, að hérlendur fæðingjarréttur og heimilisvist innanlands sem skilyrði fyrir kosningarrétti og kjörgengi, þyki þjóræknum mönnum máli skifta, og nefna má og í þessu sambandi að einkadómurum er ekki ætlað kjörgengi og hefði svo átt að vera fyr.

Ekki er það heldur ómerkilegt ákvæði, að endurskoðendur skuli vera 3 og hlutfallskosnir og bærir um að skygnast, á hvaða tíma sem er, í reikningsfærslu bæði landsféhirðis og stjórnarráðs Veljist góðir menn í þau sæti, býst eg við ekki litlum árangri af starfi þeirra.

Í þessu sambandi má og geta þess að girt er fremur en áður fyrir gerræði stjórnarinnar með ákvæðinu um að Alþingi geti krafist aukaþingshalds.

Þá þykir mér það ekki lítils virði, að breyta megi afstöðu þjóðkirkjunnar til landsstjórnarinnar með einföldum lögum.

Nauðungar samband milli ríkis og kirkju er ekki réttlátt, því að átrúnaður manns er — eða á að vera — einkamál hans. Hitt er ekki þar með sagt, að rétt sé að vísa þjóðkirkjunni á klakann eða tæma hana óbeinlínis, eins og ýmsir eru hræddir um að verða mundi, ef fram gengi breyt.till. 577, 2 við 19. gr. Eg er nú raunar ekki svo hræddur um það, að kirkjan mundi tæmast fyrir það, en því býst eg við, að söfnuðir þjóðkirkjunnar mundu sumstaðar rýrna, ef menn gætu losnað við gjöld til hennar og þyrftu ekki að greiða neitt í þeirra stað. Það er að vísu svo, að trúlaus maður ætti að vera laus allra slíkra gjalda, en af praktískum ástæðum mun þó rétt að láta utanþjóðkirkjumenn leggja fram áviðlíka gjald til annara nytsemdastofnana.

Nú liggur ekki fyrir nein br.till. um það, að leggja þau til annarar stofnunar en háskólans, svo að eg mun greiða þegar af þeirri ástæðu vonandi atkv. með því, enda er háskólinn ungur og ekki svo efnaður, að honum veiti af þessu.

Eg skal svo ekki fara út í fleiri atriði. Eg er með tillögu meiri hlutans, nema þar sem eg hefi gert ágreining, en móti öllum breyt.till. háttv. þm. Sfjk., og vildi eg helzt að hann tæki þær allar aftur.

**Sigurður Sigurðsson:** Háttv. þm. G.-K. (Kr. D.) réðst á okkur flutningsm. breyt.till., sem fer fram á það, að jafnframt inum 6 hlutfallskjörnu þingm., skuli sjálfkjörnir til Ed. þeir 4 þingm., er lengst hafa átt sæti á þingi. Mér skildist svo sem hann áliti það nokkurs konar móðgun við þessa menn að kippa þeim úr neðri deild og upp í efri deild. En slíkt er alveg fráleitt. Eg gat þess í dag, að þessi till. miðar að því, að ná þeim tilgangi, sem flestir hafa haft fyrir augum, þegar um skipun Ed. er að ræða, sem sé að skapa í hana festu og hæfilegt íhald. En að einstakir þm. hafi, eða geti haft, nokkuð á móti því, að vera fluttir upp í Ed. þegar þeir hafa þingaldur til, það skil eg ekki. Þeim ætti einmitt að þykja sómi að því, að hafa þann þingaldur, að þeir séu sjálfsagðir í Ed. eftir skýlausum fyrirmælum laganna. Og yfirleitt hefi eg ekki orðið var við það, að þm. kunni neitt ver við sig í Ed. en Nd. Sjálfur hefir þessi hv. þm. setið Ed. í 2 ár, og undi víst vel hag sínum.

Þá hafa og komið fram mótmæli úr sömu átt gegn breyt.till. minni, háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ól.) og háttv. þm. Ak. (M. Kr.) á þgskj. 577, sem fer fram á það, að fella burtu síðari hluta 19. gr., sem gerir ráð fyrir að menn utan þjóðkirkjunnar greiði gjald sem svararkirkjugjöldunum, til háskólans. Háttv. þingm. sagði að þessi till. okkar væri grímu-

klæddur aðskilnaður ríkis og kirkju, en það er langt frá því. Hann sagði, að það væri betra að fara hreinlega að og aðskilja ríki og kirkju strax. Það er nú ekki hægt, því að stjórnarskráin ákveður, að hér á landi skuli vera þjóðkirkja. Stjórnarskrárbreytingin verður því að ganga á undan, áður en hægt er að ganga inn á skilnaðarbrautina, og það vona eg að verði gert. Þegar þetta ákvæði er ekki lengur til, þá verður farið að undirbúa skilnaðinn.

Háttv. þm. vildi bera þetta saman við það, að nú verða allir að borga til ellistyrktarsjóðs, hvort sem þeir notuðu hann nokkurn tíma eða aldrei. En hér er ólíku saman að jafna Það getur enginn vitað það fyrirfram, hvort hann kann að þurfa á styrktarsjóð að halda eða ekki. Jafnvel þótt að svo líti út um eitt skeið, að ekki muni koma til þess, þá getur svo farið, að það hendi þá sem sízt skyldi og fæstir hefðu búist við. En hvað býður þjóðkirkjan sínum mönnum? Eg veit ekki til, að það séu nein sérstök hlunnindi, sem þeir megi ekki án vera og geti ekki fengið annarstaðar.

Háttv. 1. þingm. Rvk. (L. H. B.) var líka eitthvað að taka í sama strenginn, að það væri sama sem að *tæma kirkjurnar*, ef þessi till. okkar yrði samþykt. Eg verð nú að segja það, að það er ekki mikið traust, sem þessir menn bera til kirkjunnar. Og ef hún er ekki betur stödd en svo, að allir muni ryðjast úr henni um leið og þeir losna við gjöldin, þá er hún sannarlega á horleggjunum og henni ekki viðreisnar von, og þá er líka kominn tími til þess, að hún fái að leysast upp. En það er misskilningur og rangar getsakir hjá háttv. 2. K.-G. (Kr. D.), sem virtist mega lesa á milli línanna hjá honum, að við séum að ganga í bandalag með vantrúar- og æsinga-mönnum móti þjóðkirkjunni. Eg þori nú fyrst og fremst að fullyrða það, að margir geta verið eins miklir trúmenn, sem ekki eru bundnir á hennar klafa, eins og hinir, sem í henni hanga. Og sömuleiðis skal eg geta þess, að eg tel það alls ekki kost á neinum manni, þótt hann sé trúlaus. En hins vegar vil eg ekki stuðla að því, að halda við ranglátum böndum, sem hver maður ætti að finna að ekki eru samboðin frjálsri þjóð í frjálsu landi. Það er líka langt frá því, að við, flutn.m. þessarar till., höfum fundið upp þetta púður. Þetta er almenn krafa, sem fjöldi manns fylgir fram. Og þetta ástand og þessi viðleitni að þröngva kosti þeirra, sem ekki eru í neinu kirkjufélagi, hlýtur að flýta fyrir skilnaði ríkis og kirkju, og það álít eg nú ekki reyndar það versta, sem fyrir gæti komið.

**Einar Jónsson:** Hvort sem háttv. þm., sem nú var að setjast, hefði talað hátt eða látt, langt eða stutt, þá var það alt saman jafn óþarft. Mér finst það lítilsvirðing við þingið, þegar búið er að hafa 2. umr. um málið, að geta ekki skýrt afstöðu sína til brt. án þess að halda langar ræður. *(Lárus H. Bjarnason:* Til hvers er þá þm. að tala?). Til þess að reyna að fá aðra til að eyða ekki tímanum í vitleysu. Eg er ekki vanur að tefja þingtímann eins og sumir menn, sem bæði tala manna oftast og þurfa svo stundum að tala klukkutímum saman. Eg vil að við 3. umræðu greiði menn atkv. um þessar fáu brtill., sem fyrir liggja með sem fæstum málalengingum, og helzt vildi eg, að til væru einhver ákvæði í lögum, sem bönnuðu alla þessa mælgi.

**Valtýr Guðmundssou:** Eg verð sérstaklega að athuga ræðu háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.). Það var ekki lítill skúr, sem á dundi, þegar hann mint-

ist á brtill. minar. Eg skildi eiginlega ekki í því, hvernig á þessu stæði, fyr en í endalok ræðu hans. Þá sprakk blaðran. Hann var hræddur um, að einhverjir aðrir en hann yrðu til með að verða ráðherrar. En ef orð okkar beggja eru athuguð vandlega, þá kemur einmitt út það öfuga við það sem hann ætlaði að gefa í skyn. Því að eg gerði ráð fyrir því tilfelli, að enginn fengist til að vera ráðherra, en það tilfelli gat hann ekki hugsað sér. Það sem hann sagði, gat því ekki átt við mig. Það hlaut að eiga við einhvern annan.

Hann sagðist oft hafa heyrt það, að menn fyrst leita fyrir sér suður við Eyrarsund og vita, hvort hitt og þetta væri fært, en það mundi hann ekki vilja, heldur fara sinnar leiðar. En seinna í ræðunni var hann þó kominn inn á það, að vilja fylgja hentistefnunni og liðka til. Það er nú einu sinni svo, að Alþingi hefir ekki nema hálft löggjafarvald. Hitt hefir konungur. Og hvernig fór 1911, þegar átti að fara beint og hugsa ekki um, hvort betra væri að fara krók eða keldu?

Hann réðst mikið á tillögu mína um, að réttur innborinna manna skyldi vera settur sem skilyrði fyrir kosningarrétti og kjörgengi, því að ef það væri gert, þá væri dönskum skríl gert léttara fyrir að komast hér að. En er nokkuð betra að fá annan útlendan skríl hingað en Dani? Það hefir einmitt alt af sýnt sig, að Dönum lætur ekki vel að nota auðsuppsprettur hér á landi. Hafi þeir byrjað hér á einhverju, hefir það alt af mistekist fyrir þeim og þeir hætt við það. En ef hann vill vinna það til þess að sýna Danahatur sitt, að veita öllum þjóðum kosningarrétt og kjörgengi hér á landi, þá þykir mér hann ganga nokkuð langt. Fæðingjarétturinn er einmitt heimtaður sem skilyrði í flestöllum stjórnarskrám annara landa, ef ekki öllum. Eg hefi nýlega litið á fjölda þeirra í safni sem hér er til við þingið. Þannig er það t. d. í öllum brezku ríkjunum, og á öllum Norðurlöndum. Í norsku stjórnskránni er þetta ákvæði reyndar dálitið óskýrt, eins og háttv. framsm. meiri hl. (J. M.) tók fram. En eg tel sjálfsagt, að þetta sama sé skilið við það.

Þá talaði háttv. þm. mikið um það, hvað það gerði Alþingi ósjálfstætt, ef það eitt hefði ekki úrskurðarvald um, hvort þingmaður væri löglega kosinn eða ekki. En mér er spurn, getur hv. þm. sannfært nokkurn mann um, að Dominion of Canada sé ósjálfstæðari en Alþingi Íslendinga. Hann vildi segja, að Senatið í Canada hefði úrskurðarvald um, hvort þeir er þar eiga sæti, væru löglega skipaðir eða ekki. Það er að vísu réttt. En þess er að gæta, að allir þeir sem í Senatinu sitja eru stjórnkjörnir, en enginn þjóðkjörinn; en um ina þjóðkjörnu í Nd. þingsins gildir alt önnur regla. Kosning þeirra er úrskurðuð af dómara. Að það sé hneykslanlegt, eins og hann komst að orði, að bera fram slíka tillögu, það tekur út yfir alt. Þetta fyrirkomulag á sér víða stað, enda er mjög hætt við misbrúkun þingsins á þessu úrskurðarvaldi sínu og þó sérstaklega hér á landi vegna fámennisins. *(Lárus H. Bjarnason:* Þetta er nýlendufyrirkomulag). Það þýðir ekkert að hrópa upp með það, að lönd, þau er standa í sambandi við England, séu nýlendur. Það eru ríki með fullkominni sjálfstjórn og heita líka *ríki* — »states».

Háttv. þingm. vildi gera tortryggilega tillögu mína um kjörmennina, með því að segja, að það fyrirkomulag væri tekið úr grundvallarlögum Dana. En það er alls ekki tekið úr þeim. Þar er þetta alt öðruvís. Eg hefi sett þetta saman eftir fyrirkomulagi í mörgum löndum. Þar sem eg legg til að sýslunefndar-

menn séu sjálfkjörnir kjörmenn. Þá hefi eg sniðið það eftir fyrirkomulaginu í Svíþjóð, og þó er það ekki alveg eins. Af því að eg miðaði við ástandið eins og það er hér, þá vildi eg ekki taka upp fyrirkomulag neins lands óbreytt, heldur vildi eg bræða saman fyrirkomulag margra landa, eftir því sem bezt átti við hér á landi Þess vegna hefi eg lagt til, að þingmenn efri málstofunnar skuli kosnir sumpart af sérstökum kjörmönnum og sumpart af sýslunefndum og bæjarstjórnum.

Þegar hv. þm. var að telja upp alla kostina, sem stjórnarskrárbreytingin hefði í för með sér, þá taldi hann meðal annars þann kostinn, að kvenfólk og vinnuhjú fengju kosningarrétt. En í sömu andránni hélt hann því fram, að það mundi verða til ógagns að þetta fólk fengi kosningarréttinn strax. Ætli það sé þá ekki dálítið vafasamt, hvort nokkurn tíma verður gagn að því? Eg hygg að þessi stefna yfirleitt, að rýmka kosningarréttinn eins og hér er farið fram á og jafn fljótt, sé mjög hættuleg.

Menn eru alt af að vitna í kröfur þjóðarinnar um stjórnarskrárbreytingu. Eg hygg aftur á móti, að það sé lítill áhugi á því máli hjá almenningi. Það sýndu meðal annars kosningarnar 1911. Þá hafði stjórnarskrármálið engin áhrif á kosninguna Eg hygg, að þjóðin mundi vel við una, þó að stjórnarskránni yrði ekki hreyft í nánustu framtíð. En það eru praktisku málin: fjárhagsmálin, at vinnumálin og samgöngumálin, sem þjóðin hefir áhuga á að komist í gott horf. Stjórnarskráin má hennar vegna liggja á milli hluta fyrst um sinn

Þá talaði hv. þm. um atkvæðagreiðsluna um sambandsmálið. Eg hélt því fram, að almennir kjósendur hefðu ekk ert vit á að dæma um það mál. Hann sagði, að þeir gætu þó sagt já eða nei. En hvernig eiga þeir að segja já eða nei öðruvís en í blindni, ef þeir hafa ekkert vit á að dæma um einstök atriði málsins?

Þá þótti háttv. þm. undarlegt, að eg skyldi ekki hafa borið fram tillögu um að þjóðfundur fjallaði um þetta mál, úr því að eg teldi það fyrirkomulag ákjósanlegra. Eg bar ekki fram tillögu um það, af því að eg taldi það alls óþarft. Konungur getur skipað að kalla saman þjóðfund, og það er hann einn, sem á að gera það. Það er að eins eitt í því efni, sem konungur getur ekki gert án þess að leita aðstoðar þingsins. Það verður að veita fé til þjóðfundarhaldsins.

Eg hefi nú ekki borið þessar brtill. mínar fram, af því að eg væri þess fulltrúa að þær fengju allar samþykki. Mér var það ljóst, að þær komu of seint fram til þess. En eg bar þær fram af því að eg álít það skyldu hvers þingmanns, að leggja það til málanna sem hann telur bezt og heppilegast. Eg segi eins og draugurinn: Það er ekki öll nótt úti enn. Tillögur mínar verða ihugaðar og ræddar og eg býst við að það verði víðar gert en í þessum sal. Og það hefir komið fyrir að þeir síðustu hafa orðið inir fyrstu. Eg hefi lifað það, að menn hafa sansast á þær tillögur mínar, er frá leið, sem þeir vildu ekki líta við í fyrstu. Fyrir 18 árum vildi eg að Íslendingar færu að stunda fiskveiðar á eimskipum. Þá vildi enginn líta við því. Nú sjá menn að það var rétt En hve mörgum miljónum landið hefir tapað á því, að sinna þessu ekki strax, verður ekki út reiknað. Eg vildi að járnbrautir væru lagðar hér á landi. Þá vildi enginn heyra það nefnt. Nú eru menn loksins farnir að sjá, að það var ekkert óráð. Eg vildi að ríkisráðsákvæðinu væri haldið fyrir utan stjórnarskrána. Þá var það talin vitleysa. Nú segja menn annað. Eg get

ímyndað mér að eins fari um þessar tillögur mínar. Við skulum láta þær falla að þessu sinni — þær koma aftur.

ATKV.GR.:

Brtill. 578, 1, feld með 19:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Hallór Steinsson | Eggert Pálsson |
| Sig. Sigurðsson | Jón Jónsson |
| Skúli Thoroddsen | Benedikt Sveinsson |
| Tryggvi Bjarnason | Bjarni Jónsson |
| Valtýr Guðmundss. | Björn Kristjánsson |
| | Einar Jónsson |
| | Guðmundur Eggerz |
| | Hannes Hafstein |
| | Jóh. Jóhannesson |
| | Jón Magnússon |
| | Kristinn Daníelss. |
| | Kristján Jónsson |
| | Lárus H. Bjarnason |
| | Magnús Kristjánss. |
| | Matthías Ólafsson |
| | Ólafur Briem |
| | Pétur Jónsson |
| | Stefán Stefánsson |
| | Þorleifur Jónsson |

Jón Ólafsson var ekki við atkvæðagreiðsluna.

Brtill. 578, 2, feld með 17:2 atkv.

Brtill. 621, fyrri hluti (út að »þingrof«) feldur með 13:7 atkv.

Brtill. 621, síðari hluti, þar með sjálffallin.

Brtill. 578, 3, feld með 15:1 atkv.

Brtill. 618, 1, sþ. með 17:4 atkv.

Brtill. 604, 1, þannig breytt, sþ. með 18 shlj. atkv.

Brtill. 578, 4, feld með 18:2 atkv.

Brtill. 618, 2, samþ. með 19 samhlj. atkv.

Brtill. 618, 3, samþykt án atkvæðagreiðslu.

Brtill. 604, 2, tekin aftur.

Brtill. 614, 1, samþ. með 17 samhlj. atkvæðum.

Brtill. 644 feld með 14:9 atkv.

8. gr. þar með ákveðin.

Brtill. 578, 5, sjálffallin.

Brtill. 578, 6, sjálffallin.

Brtill. 616, 1, feld með 16:7 atkv.

Brtill. 620 feld með 16:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Benedikt Sveinson | Eggert Pálsson |
| Bjarni Jónsson | Jón Jónsson |
| Björn Kristjánsson | Guðm. Eggerz |
| Einar Jónsson | Halldór Steinsson |
| Kristinn Daníelsson | Hannes Hafstein |
| Kristján Jónsson | Jóh. Jóhannesson |
| Matthías Ólafsson | Jón Magnússon |
| Skúli Thoroddsen | Jón Ólafsson |
| Þorleifur Jónsson. | L. H. Bjarnason |
| | Magnús Kristjánss. |
| | Ólafur Briem |
| | Pétur Jónsson |
| | Sig. Sigurðsson |
| | Stefán Stefánsson |
| | Tryggvi Bjarnason |
| | Valtýr Guðmundss. |

Brtill. 604, 3, sþ. með 15:8 atkv.

Brtill. 615, 2, tekin aftur.

9. gr. þar með ákveðin.

Brtill. 578, 7, feld með 20:2 atkv.

Brtill. 578, 8, tekin aftur.

Brtill. 614, 2, feld með 15:7 atkv.

Brtill. 614, varatillagan, feld með 14:9 atkv.

Brtill. 614, 3, sjálffallin.

Brtill. 604, 4, sþ. án atkv.gr.

Brtill. 578, 9, feld með 18:1 atkv.

Brtill. 604, 5, samþ. með 17 samhlj. atkv.

Brtill. 578, 10, feld með 13:6 atkv.

Brtill. 604, 6, samþ. með 17 samhlj. atkv.

Brtill. 578, 11, sjálffallin.

Brtill. 577, 2, feld með 15:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Bened. Sveinsson | Eggert Pálsson |
| Bjarni Jónsson | Jón Jónsson |
| Einar Jónsson | Björn Kristjánsson |

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Guðm. Eggerz | Hannes Hafstein |
| Halldór Steinsson | Jóh. Jóhannesson |
| Jón Ólafsson | Jón Magnússon |
| Magnús Kristjánss. | Kristinn Daníelss. |
| Matth. Ólafsson | Kristján Jónsson |
| Sig. Sigurðsson | L. H. Bjarnason |
| Skúli Thoroddsen | Ólafur Briem |
| | Pétur Jónsson |
| | Stefán Stefánsson |
| | Tryggvi Bjarnason |
| | Valtýr Guðmundss. |
| | Þorleifur Jónsson |

Brtill. 578, 12, feld með 17:1 atkv.
Brtill. 578, 13, tekin aftur.
Brtill. 578, 14, tekin aftur.
Brtill. 578, 15, tekin aftur.
Brtill. 604, 7, 1. málsgr., tekin aftur.
Brtill. 604, 7, 2. málsgr., sjálfsamþ.
Brtill. 604, 7, 3. og 5. málsgr., sjálfsamþykt.

Frv. þannig breytt samþ. með 17:5 atkv.

Afgreitt til Ed.

---

Útbýtt var í deildinni meðan á fundi stóð:

1. Frv. til laga um mannanöfn. Eftir 2. umr. í Nd. (652).
2. Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1910 og 1911. Eftir 2. umr. í Nd. (649).

Fundi slitið.

---

## 49. fundur.

Þriðjudag 2. Sept. 1913, kl. 12 á hád.

Dagskrá:

1. Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1910 og 1911 (649); 3. umr.
2. Frv. til laga um samþykt á landsreikningnum fyrir árin 1910 og 1911 (648); 3. umr.
3. Frv. til laga um heimild fyrir landstjórnina til að selja prestinum að Kolfreyjustað landspildu í Innri-Skálavík (237, 650); 3 umr.
4. Frv. til laga um mannanöfn (652, 666); 3. umr.
5. Frv. til hafnarlaga fyrir Vestmannaeyjar (176, n. 622, 623); 2. umr.
6. Frv. til laga um sparisjóði (271, n. 609 og 610, 613); 2. umr.
7. Frv. til laga um breyting á lögum 22. Okt. 1912 um ritsíma- og talsímakerfi Íslands (330, n. 600 og 603); 2. umr.
8. Frv. til laga um forðagæzlu (514, n. 617); 2. umr.
9. Frv. til laga um hallærissjóð (344, n. 625); 2. umr.
10. Frv. til laga um lögskipaða endurskoðendur (193, n. 598, 627); 2. umr.
11. Frv. til laga um heimild fyrir stjórnarráðið, til þess að veita mönnum rétt til þess að vera dómtúlkar og skjalþýðendur (194, n. 626); 2. umr.
12. Frv. til laga um breyting á 16. gr. laga nr. 29, 16. Nóv. 1907 (336, 378, n. 608); 2. umr.

---

Allir á fundi.

Fundargerð síðasta fundar samþykt og staðfest.

Forseti tilkynti, að með bréfi dags. 1. Sept. hefði forseti Ed. sent sér:

Frv. til laga um viðauka og breyting á lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða frá 12. Jan. 1884, með tilmælum um að það yrði lagt fyrir Nd. að nýju.

Enn fremur tilkynti forseti, að með bréfi dags. sama dag hefði forseti Ed. tilkynt sér, að:

Frv. til viðaukalaga við lög nr. 24, 9. Júlí 1909, um samþyktir um kornforðabúr til skepnufóðurs hefði verið

samþykt þar í deildinni og verði afgreitt til ráðherra sem lög frá Alþingi, en að

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 86, 22. Nóv. 1907, hefði verið felt við 2. umr. þar í deildinni.

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið í deildinni:

1. Framhaldsnefndaráliti um frv. til laga um samþyktir um herpinótaveiði á Eyjafirði og Skagafirði (662).
2. Breyt tillögum við frv. til laga um mannanöfn. Frá Jóni Ólafssyni (666).
3. Frv. til laga um viðauka og breyting á lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða frá 12. Jan. 1884. Eftir 3. umr. í Ed. (559).

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið frá Ed.:

1. Nefndaráliti um frv. til laga um hvalveiðamenn (663).
2. Breyt.tillögum við sama frumv. frá Einari Jónssyni N.-M. (664).
3. Framhaldsnefndaráliti um frv. til laga um hagstofu Íslands (661).
4. Framhaldsnefndaráliti um frv. til laga um breyting á lögum um vörutoll, 22. Okt. 1912 (660).
5. Frv. til landskiftalaga. Eftir 3. umr. í Nd. (655).
6. Frv. til laga um heimild til að veita einkarétt til þess að vinna salt o. fl. úr sjó. Eftir 3. umr. í Nd. (654).

Þá var gengið til dagskrár og tekið fyrir:

FRUMVARP til fjáraukalaga fyrir árin 1910 og 1911 (649); 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKV.GR.:

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv., og vísað til Ed.

---

FRUMVARP til laga um samþykt á landsreikningnum fyrir árin 1910 og 1911 (648); 3. umr.

Eginn tók til máls.

ATKV.GR.:

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og vísað til Ed.

---

FRUMVARP til laga um heimild fyrir landstjórnina til að selja prestinum að Kolfreyjustað landsspildu í Innri-Skálavík (237, 650); 3. umr.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Eg á hér eina brtill. á þgskj. 650. Hún er einungis leiðrétting á prentvillu. Áður stóð: Ytri-Skálavík; er nú breytt í Innri-Skálavík. Eg vona að háttv. deild sjái, að þetta er einungis orðabreyting — lagfæring, og samþykki hana.

ATKV.GR.:

Brt. á þgskj. 650 samþ. án atkv.gr.

Frv. samþ. með 15 : 2 atkv. og vísað til Ed.

---

FRUMVARP til laga um mannanöfn (652, 666); 3. umr.

**Framsm. meiri hl. (Jón Ólafsson):** Herra forseti! Það er mjög lítið að segja um þetta frumv. eins og það nú liggur fyrir. Þó get eg ekki lagst undir höfuð að minnast á 2 brt., sem eg hefi komið fram með á þgskj. 666. Við 2. umr. var feld breytingartillaga við 13. gr., 3. málsgr., svo að hún þarf nú lagfæringar við. Eg hefi lagt til, að aftan við 3. málsgr. bætist: »nema maður hafi ættarnafn«. Það er nauðsynlegt að gera þessa breytingu, af því að þegar um menn er að ræða, sem hafa ættarnafn, þá er oftast að menn þekkja ættarnafnið, en ekki víst að þeir þekki fornafnið fyrir því. T. d. veit

eg að margir hér í deildinni þekkja Obenhaupt og Debell, en eg tel vafasamt, að nokkur viti fornafnið á þessum mönnum. Eg vona að háttv. deild samþykki þessa breytingu.

Þá hefi eg komið fram með aðra brt. á sama þgskj. við sömu grein: Að aftan við hana bætist 4. málsgr. svo hljóðandi: »Þó eru bókaskrár ekki háðar þessum fyrirmælum«.

Það er mjög óviðkunnanlegt að þurfa að tvístra bókum sama mannsins í sömu skránni sinni á hvern stað. Það mætti þó til, ef lögin væru afgreidd eins og frumv. er nú orðað, ef sami maðurinn hefir skrifað bæði á íslenzku og öðrum málum. T. d. hefir séra Gunnlaugur Briem ritað bæði á dönsku og íslenzku og bækur hans og ritgerðir yrðu að standa sumar (þær útlendu) undir »Briem«, en aðrar undir »Gunnlaugur«.

Þetta er alt og sumt, sem fyrir liggur af brtill., og vona eg að deildin samþykki þær og svo frumvarpið.

**Framsögum. minni hl. (Bjarni Jónsson):** Það er satt, að eg á enga brtill. við þessa umr. Það kemur af því, að frumv. er nú orðið þannig útlits, að eg vil ekki óhreinka mig á að fást við það. Eg ætla að eins að tala nokkur orð yfir því að skilnaði. Það stendur enn í frumv. þessi einkennilega málfræði, sem samþykt var við 2. umr., að föðurnafn manna séu föðurnöfnin í eignarfalli með -son eða -dóttir aftan við. Það er líka sagt í frumv., að ættarnöfn skuli ganga í erfðir, en í 2. gr. er sagt, að þau skuli ekki ganga í erfðir. Svona er frumv. nú orðið, og enginn breytir. Í 3. gr. er tekið fram, að ekki þurfi að spyrja þá dauðu, hvort þeir vilji leyfa að taka upp ættarnafn. Það var viturlega gert. Það er ákveðið að eigi að spyrja þá sem lifa. Þetta er vitanlega dönskusletta. *(Jón Ólafsson:* Nei!). Jæja, fyrst það er ekki dönskusletta, þá er verið að banna að spyrja þá dauðu. Eg vil ekki vera að tefja tímann með því að ræða um þetta frv. Þar er alt hvað á móti öðru.

Hvað brtill. viðvíkur, þá vil eg benda á, að Jón Ólafsson heitir jafnt Jón Ólafsson þótt bók eftir hann sé þýdd á dönsku. Íslendingar eru alt af nefndir með sínum eigin nöfnum. *(Jón Ólafsson:* Var Benedikt Gröndal ekki vanalega nefndur »Gröndal«?). Hann var nefndur Benedikt Gröndal af öllum, sem vildu tala íslenzku

Eg vona, að deildin felli þetta frv., og vil ekki halda lengri líkræðu yfir því.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Eg gæti nú reyndar slept að svara háttv. þm. Dal. (B. J.). Hann hefir oft verið skilningsbetri en í dag. Hann getur nú ekki skilið, að menn lifi annarstaðar í heiminum en hér á Íslandi. Heldur ekki hefir hann heyrt nefndan »Gröndal« yngra og »Gröndal« eldra.

ATKV.GR.:

Brtill. á þgskj. 666. 1, samþ. með 15 gegn 4 atkv.

Brtill. á þgskj. 666, 2, samþ. með 12 gegn 9 atkv.

Frv. sent til efri deildar með 15:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Benedikt Sveinsson, |
| Jón Jónsson | Bjarni Jónsson |
| Guðmundur Eggerz | Björn Kristjánsson |
| Hannes Hafstein. | Einar Jónsson |
| Jóh. Jóhannesson | Halldór Steinsson |
| Jón Magnússon | Kristinn Daníelss. |
| Jón Ólafsson | Lárus H. Bjarnason |
| Kristján Jónsson | Skúli Thoroddsen |
| Magnús Kristjánss. | Tryggvi Bjarnason |
| Matthías Ólafsson | Valtýr Guðmunds. |
| Ólafur Briem | |
| Pétur Jónsson | |

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Sig. Sigurðsson | |
| Stefán Stefánsson | |
| Þorleifur Jónsson | |

---

FRUMVARP til hafnarlaga fyrir Vestmannaeyjar (176, n. 622, 623); 2. umr.

**Framsögum. (Pétur Jónsson):** Eg get skírskotað að miklu leyti til nefndarálitsins, þótt ekki sé langt. Þar er tekið fram, hvers vegna nefndin félst á að sinna þessu máli. Háttv. flutnm. þessa máls gerði einnig grein fyrir því við 1. umr. Nefndin hefir haft fyrir sér uppdrætti og teikningar af fyrirhuguðu hafnarvirki. Henni var það ljóst, að nauðsyn myndi til að koma þessu fyrirtæki fram. Eftir því sem fólkinu fjölgar í Vestmannaeyjum, því meiri verður nauðsynin. Eg vil ekki segja, að þetta sé lífsspursmál, en það er að minsta kosti mikið framfaraspursmál. Þessi höfn, sem gert er ráð fyrir, verður að visu að mestu leyti fyrir báta og smærri skip, og því aðallega til stuðnings fiskiútvegnum. En hún getur líka orðið til gagns fyrir vöruflutninga á suðurströndinni. Þegar strandferðaskipin eiga að koma við á Stokkseyri, Eyrarbakka eða í Vík, þá er oft að þau fara fram hjá sökum brims og ógæfta. Það gæti því orðið til ómetanlegs hagræðis, ef hægt yrði að hafa flutningabát í tryggri höfn í Vesmannaeyjum, sem gæti sætt lagi að komast á þessar hafnir með vörur úr millilandaskipunum, sem þangað koma. Hins vegar er ekki því að neita, að hik kom á nefndina dálítið er hún sá teikningarnar af höfninni. Því að hún á ekki að vera meira en 4 metrar á dýpt eða 12—13 fet, nema á litlum polli, þar verður hún 5 metrar eða 16 fet. Millilandaskipin gætu því tæplega legið þar inni um fjöru; og ekki víst að fleira en 1 skip komist þar fyrir á þessum polli í einu.

Þessa vill nefndin láta getið; hún vill ekki mæla með frumv. án þess að taka fram það sem athugavert er við málið. Það er enginn vafi á því, að það hefir mikil áhrif á kostnaðinn, að hafnargerðin fari fram í sambandi við Reykjavíkurhöfn. Það er efalaust, að með því að nota þau tæki, sem hér eru nú, verður hafnargerðin ódýrari, en ef fá þyrfti tækin frá útlöndum. Til þess nú að sýslunefndin hafi tíma til að gera útboð, þá þarf frumv. að komast áfram nú. Hins vegar vill nefndin ekki, að styrkurinn verði veittur á næsta fjárhagstímabili, og hefir því komið með viðaukatill. þess efnis, að ekki verði greiddur styrkurinn fyr en 1916. En líklegt er, að samninga þurfi að gera fyrir næsta þing, og því þurfi lögin að vera til.

Þá skal eg snúa að breyt.till. Þær eru á þgskj. 623.

1. brtill. er að eins leiðrétting. Í 1. gr. frv. er farið fram á, að landssjóður leggi $^1/_4$ til, en $^1/_4$ af áætluðri upphæð er ekki 83,000 kr., heldur 62,500 kr. Lengra vill nefndin ekki fara. Nefndinni heyrðist á háttv. flutnm. (J. M.), að ekki mundi standa á því að fá peninga til hafnarinnar, að eins ef landssjóður tæki að sér ábyrgðina á $^3/_4$ áætlunarkostnaðarins. Hefir nefndin lagt til að sú ábyrgð yrði tekin, og ábyrgðarupphæðin færð upp að sama skapi, sem hin niður.

Hitt er flest lítils háttar breytingar.

Þó er við 4. gr., 1. málsgr., lagt til, að þar sem kemur til breytingar á þeim mannvirkjum, sem nú eru við hafnarstæðið, skulu einnig koma til samþykki stjórnarráðsins. Eyjarnar eru landssjóðs eign, og því eðlilegt að stjórnin hafi sem mest má verða hönd í bagga með mannvirkjum þar. Í samræmi við það

er og lagt til, að reikningar hafnarinnar úrskurðist af stjórnarráðinu. Nefndin álítur ekki rétt, að sýsfunefndin sé þar ein um hituna.

Þá hefir nefndin og lagt til, að undanskilja frá ákvæðum 4. gr. samning, sem stjórnarráðið hefir gert við nafngreindan mann á síðastliðnum vetri um leigu á lóð. Nefndin leit svo á, að ekki væri hægt að ganga fram hjá þessum samningi, enda er hann gerður með samþykki þeirra sem hlut eiga að máli.

Nefndinni þótti óviðkunnanlegt orðið »löggæzlumaður«, og leggur til að breyta því í »sýslumaður«, þar sem það kemur fyrir í frumv.

Loks er brtill. við 1b. gr. um, að fella niður síðasta hluta greinarinnar, orðin: »nema brýna nauðsyn beri til«. Nefndin lítur svo á, að með þessum orðum sé hafnarnefnd gefið undir fótinn með að fara fram úr áætlun, án samþykkis stjórnarráðsins. En á það getur nefndin með engu móti fallist.

Aðrar brtill. eru orðabreytingar, sem eg þarf ekki að minnast á.

**Jón Magnússon:** Eg er þakklátur háttv. fjárlaganefnd fyrir undirtektir hennar undir þetta mál.

Hvað brtill. nefndarinnar snertir, eru þær fyllilega á rökum bygðar. Sýslunefndin í Vestmannaeyjum hefir gefið það í skyn, að þótt landssjóður legði að eins fram $^1/_4$ kostnaðarins, mundi vera hægt að koma fyrirtækinu í framkvæmd. 1. breyt.till. nefndarinnar finst mér því sanngjörn samkvæmt reglu þingsins í þessu efni.

Í viðbót við nefndarálitið skal eg geta þess, að góð höfn er eyjarskeggjum alveg bráðnauðsynleg. Á vetrum eru mótorbátar þeirra oft í stórhættu og skemdir á þeim alltíðar, og hefi eg sýnt fram á það við 1. umr. þessa máls, hve afarnauðsynlegt sé að vernda þann útveg.

Eg get sagt það enn, sem eg tók fram við 1. umr., að eg tel óhætt að treysta því, að tekjurnar af höfninni verða áreiðanlega heldur meiri en minni en ráð er fyrir gert af sýslunefndinni.

Eg skal enn fremur geta þess, að mikil líkindi eru til þess, að maður fáist til að taka að sér hafnargerðina fyrir ið áætlaða verð.

Sérstaklega skal eg geta þess um undanþáguna, sem nefndin vill gera í 4. gr., viðvíkjandi lóðarsamningi Arents Claessens, að sýslumaður Vestmanneyja, sem nú er hér staddur, hefir sagt mér, að sá samningur kæmi alls ekki í bág við fyrirtækið, heldur mundi mikiu fremur verða því til stuðnings.

**Ráðherrann (H. H.):** Eg vil láta þess getið, að komið er þegar fram tilboð frá ingeniör Monberg um bygging Vestmanneyja-hafnarinnar. Hann býðst til að gera höfnina fyrir 295 þús. kr., og er það töluvert hærri upphæð en gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Auk þess tilskilur Monberg það, að alt efni til hafnargerðarinnar sé undanþegið vörutolli. Enn fremur áskilur hann, að ábyrgst sé, að alt af séu til taks til vinnu við höfnina að minsta kosti 50 manns fyrir venjulegt kaup, 40 aura um klukkustundina.

Þessa læt eg getið til athugunar um leið og eg afhendi háttv. nefnd skjölin.

**Sigurður Sigurðsson:** Það mun þykja betur við eiga, úr því að eg hefi skrifað undir nefndarálitið með fyrirvara að eg geri grein fyrir fyrirvaranum.

Fyrirvari minn lýtur að því, að eg álít mjög varhugavert, að landssjóður taki að sér ábyrgð á stórum lánsupphæðum. Því er haldið fram, að hér sé um nauðsynlegt mannvirki að ræða, og

skal því ekki neitað. En það sem gerir mig deigan við að vera með því, að landssjóður taki að sér ábyrgð, þá sem um ræðir í 2. gr. frumvarpsins, er það, að hér er ráðgert að gera höfn, svo ófullkomna, að stærri skip geta ekki hafnað sig í henni. Þar sem hún verður dýpst, er dýpið 5 metrar eða 16 fet. Stærri millilandaskipin rista eitthvað um eða yfir 20 fet, og er því ekki viðlit fyrir þau að geta hafnað sig þar. Höfnin er því aðallega fyrir mótorbáta eyjarskeggja eða staðhöfn að eins fyrir þá sjálfa. Eg skal ekki neita því, að höfnin hafi töluverða þýðing fyrir Eyjamenn, bæði nú og sömuleiðis ef þeir taka upp botnvörpungaútgerð, sem eg hefi heyrt að þeir hafi í hyggju, sem og væri ólíkt ábyggilegra fyrir þá, heldur en að treysta alt á mótorbátaútveginn.

Annað atriðið, sem mér þótti varhugavert, er það, að mér virðist alt vera í óvissu um tekjur hafnarinnar. Auðvitað er ekki hægt að fullyrða neitt um tekjurnar, hvort þær verði meiri eða minni en áætlunin gerir ráð fyrir. Reynslan verður að skera úr því. En mitt hugboð er þetta, að tekjurnar séu mjög á huldu, og það gerir mig ragan við að samþykkja ábyrgð landssjóðs.

**Framsögum. (Pétur Jónsson):** Það er vafalaust, að nefndin verður að taka til íhugunar þetta nýja atriði, sem hæstv. ráðherra benti á. Þó sé eg ekki ástæðu til að taka málið út af dagskrá þessa vegna, þar sem svo er liðið er á þingtímann; það má koma að breyt.till. við 3. umr.

Nefndin hikar sér við að hækka upphæðirnar í frumvarpinu, þótt svo óbyrlega blási. Það er ekki útséð um það enn, að í nánustu framtíð kunni að fást lægri tilboð en þetta frá Monberg eða öðrum. Mér þykir jafnvel ekki ólíklegt, eftir því sem eg hefi kynt mér málið, að Monberg kunni að lækka þetta tilboð. Það er ekki heldur loku skotið fyrir það, ef vel er leitað fyrir sér, að fást kunni lægri tilboð frá öðrum. Ef svo reynist, að áætlunin sé of lág og ekkert tilboð fáist fyrir þetta verð, þá má bæta við upphæðirnar á þinginu 1915, ef þá þykir tiltækilegt að leggja í svo mikinn kostnað.

Út af því sem háttv. 1. þm. Árn. (S. S) tók fram, þá er það auðvitað eftir hlutarins eðli, að hér er að eins um áætlaðar tekjur að ræða, og nefndinni fanst hún ekki geta fyllilega reitt sig á áætlunina, af því að hún er ekki nægilega sundurliðuð, en nefndinni þótti eftir atvikum rétt að taka áætlunina trúanlega, eftir því útliti sem á er. Það verður ekkert sagt með fullri vissu um tekjur framvegis og verður því að hafa áætlunina gætilega, eins og hún er líka sögð að vera.

Eg legg til að frumvarpinu verði vísað til 3. umræðu og að menn gefi sér tíma til þess að athuga málið á meðan.

ATKV.GR.:

Brt. 623, 1, við 1. gr., samþ. með 21 shlj. atkv.

Brt. 623, 2, við 1. gr., samþ. með 20 shlj. atkv.

1. gr. þannig breytt samþ. með 18 shlj. atkv.

Brt. 623, 3, við 2. gr., samþ. með 19 shlj atkv.

2. gr. þannig breytt, samþ. með 19: 1 atkv.

3. gr. (óbreytt), samþ. með 17 shlj. atkv.

Brt. 623, 4, við 4. gr., samþ. með 15 shlj. atkv.

Brt. 623, 5, við 4. gr., samþ. með 18 shlj. atkv.

4. gr. þannig breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

5.—9. gr. (óbreyttar), samþ. með 20 shlj. atkv.

Brt. 623, 6, við 10. gr., talin sþ. án atkv.gr.

Brt. 623, 7, við 10. gr., samþ. með 17 shlj. atkv.

10. gr. þannig breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

Brt. 623, 8, við 11. gr., talin sþ án atkv.gr.

11. gr. þannig breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

12.—13. gr (óbreyttar), samþ. með 18 shlj. atkv.

Brt. 623, 9, við 14. gr., talin sþ. án atkv.gr.

14. gr. þannig breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

Brt. 623, 10, við 15. gr., sþ. með 14 shlj. atkv.

15. gr. þannig breytt. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brt. 623, 11, við 16. gr., samþ. með 18 shlj. atkv.

16. gr. þannig breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

17. og 18. gr. (óbr.), samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn frumvarpsins samþ. án atkvæðagreiðslu.

Málinu vísað til 3. umræðu með 22 samhlj atkvæðum.

---

FRUMVARP til laga um sparisjóði (271, n. 609. 610, 613); 2. umr.

**Framsögum. (Magnús Kristjánsson):** Frumvarp þetta hefir verið rækilega athugað í Ed. eins og sjá má á þgskj. 205. Nefndin þar kom fram með allmargar breyt.till., sem þó að mestu leyti voru orðabreytingar. Niðurstaðan þar varð sú, að frumvarpið var samþykt að mestu leyti í sinu upprunalega formi Sú breyt.till nefndarinnar, að eftirlitsmenn sparisjóða væru fleiri en einn, náði ekki fram að ganga.

Nefndin hér gerði sér engu síður far um að ihuga málið rækilega, svo að það yrði sem bezt úr garði gert. Samvinnan var in ákjósanlegasta lengi framan af, eftir því sem nú gerist á þingi. Aðal breyt.till. eru á þgskj. 613 og skal eg geta þess, að nefndin öll er að mestu leyti sammála um þær. Það var ekki fyr en á seinustu stundu, að þeir háttv. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.) og 2. þm. G.-K. (Kr. D.) afréðu að koma með sérstakt nefndarálit og breyt.till. á þgskj. 610. Þetta ágreiningsákvæði nær þó ekki til annars en eins atriðis. Minni hlutinn álítur réttara að hafa eftirlitsmenn fleiri, en meiri hlutinn vill halda sér við frv. stjórnarinnar og hafa hann að eins einn, fyrir land alt.

Breyt.till. á þgskj. 613 eru margar talsins, eru flestar orðabreytingar, sem miða að því að færa orðalagið til betra máls. Um þær varð enginn ágreiningur og skal eg ekki fjölyrða um þær.

Efnisbreytingarnar eru ekki margar.

Sú fyrsta er 11. liður á þgskj. 613 við 7. gr. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því, að starfsmenn sparisjóðanna megi ekki taka lán í sparisjóðunum, nema gegn fasteignarveði eða handveði, og ekki ganga í ábyrgð fyrir aðra lántakendur þar. Meiri hlutinn áleit réttara að veita þessum mönnum alls ekki leyfi til lántöku. Nefndin getur ekki séð, að þetta geti orðið til þess að fæla nýta menn frá því að takast á hendur störf fyrir sparisjóðina Hafi þeir góð fasteignarveð, verður þeim ekki skotaskuld úr að fá lán annarstaðar. En þetta ákvæði ætti að verða til þess að auka álit og traust sjóðanna og heldur meiri hlutinn því fast við það.

2. aðalbreytingin er 17. liður. Hún er við 9. gr.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því, að fastir starfsmenn sjóðanna séu 3 minst, en 5 þegar fé sjóðsins eykst svo

að það fari fram úr 50 þúsund krónum. Nefndin lítur svo á, að ekki sé rétt að gera það að föstu skilyrði að starfsmenn séu fleiri en þrír. Hún álítur að nægilegt sé að hafa, sem venja er til, formann, bókara og féhirði. Eins og til hagar í sveitum eru vandkvæði á að hafa fleiri menn — það getur valdið erfiðleikum fyrir þá að ná saman og hún telur nægilegt að hafa þá 3, jafn vel þótt innstæðuféð nái 50 þús. kr.

Þá er í 12. og 19. gr. gert ráð fyrir, að stjórnarráðið geti sett reglur um starf rækslu, bókfærslu o. s. frv. við sparisjóðina. Nefndin álítur þetta svo þýðingarmikið atriði, að ekki nægi að veita stjórninni að eins heimild til þessa, heldur sé henni gert það að skyldu.

Þá er 42. liður, sem er breyt.till. við 17. gr. Svo er ákveðið í frumvarpinu, að jafnan skuli vera til handbært fé í varasjóði, er nemi 10% af innlögunum. Þetta álítur nefndin ekki vel til fallið. Það er of mikið heimtað, einkum þegar þess er gætt, að í 13. gr. er heimtað, að jafnan sé til handbært veltufé 5%, þegar innstæðuupphæðin nemur 50 þús. kr. eða meira.

Það er því nær ómögulegt að hafa 10% í varasjóði, að minsta kosti ekki fyrstu árin. Menn verða að gæta að því, að þessir sjóðir eru vanalega stofnaðir með ábyrgð einstakra manna og hafa engan varasjóð, sist 10%. Líka getur það komið fyrir, að sjóðirnir verði fyrir tapi og við það rýrnar varasjóður. Það fé, sem kann að græðast fyrstu árin, fer líka að miklu leyti í áhaldakaup, peningaskáp, bækur o. fl. Nefndin hefir samt getað gengið inn á að ákveða þessa upphæð 5% og ætti það að vera nóg, þegar önnur 5%, sem eg gat um áður, bætast við.

Það má vera, að í fljótu bragði athugað líti svo út sem þrengt sá að sparisjóðunum, með því að eftirlitið er gert talsvert strangara. En að vel athuguðu máli er það auðsætt, að frumvarpið stefnir til mikilla bóta. Líka gerir það ráð fyrir að veita sparisjóðunum þau hlunnindi, sem ættu að vega upp á móti erfiðleikunum og meira til. Innstæðuféð er undanþegið löghaldi, meðan það er í sjóðnum, sparisjóðirnir eru undanþegnir tekjuskatti og aukaútsvari og landssjóður á að greiða laun eftirlitsmanns.

Eg vil ekki fara mikið út í það að sinni, hvort heppilegra sé að hafa eftirlitsmann einn eða fleiri. Eg vil fyrst fá að heyra þær ástæður, sem hv. minni hluti færir fyrir sínu máli og gefst mér þá kostur á að svara því.

Eg vænti þess að deildin finni ástæðu til að greiða atkvæði með tillögum meiri hlutans.

**Framsögum. minni hlutans (Ólafur Briem):** Það var ekki alveg nákvæmt hjá háttv. framsögumanni meiri hlutans, þar sem hann sagði, að ágreiningurinn um 22. og 23. gr. hefði ekki komið fram fyr en á seinasta augnabliki. Þessar breyt.till., sem hv. þm. G.-K. (Kr. D.) og eg berum fram nú, lagði eg fram á fyrsta nefndarfundi. Þær voru, sem eðlilegt var, látnar liggja á milli hluta meðan frumvarpið var lesið yfir. Annars er aðalatriðið það, hvort hentugra sé að fylgja ákvæðum stjórnarfrumvarpsins eða tillögu okkar minni hlutans. Auðvitað er það ekki okkar að fella neinn dóm um þetta, en að eins gera grein fyrir því, hvað fyrir okkur vakti.

Það hefir ekki, að því er mér er kunnugt um, alt fram til þessa tíma komið fyrir, að illa hafi verið farið með það fé, sem sparisjóðum hefir verið trúað fyrir. Það er hvorttveggja, að vel hefir verið séð fyrir því, að nægilegar tryggingar væru fyrir útlánum, svo að féð færi ekki forgörðum og stjórnendur

hafa verið vægir í kröfum um borgun fyrir ómak sitt.

Það vakti fyrir minni hlutanum, að gera sem minsta breytingu, sem hægt væri, á núverandi fyrirkomulagi Þó er nauðsynlegt að verða strangari í kröfum í einstökum atriðum. Og það er ekki ófyrirsynju, því að fjármagn sjóðanna hefir aukist stórum á síðustu árum, svo að jafnvel nokkrir þeirra hafa nú innstæðufé sem nemur meira en 100 þús. kr.

Sérstaklega er það sparisjóður Árnesinga, sem mun hafa yfir 400 þús. kr. eða alt að $^1/_2$ milíón króna innstæðufé. Fyrir okkur vakti það, að eftirlit með hverjum sparisjóði væri falið manni, er hefði sem bezta þekkingu á veðgildi fasteigna og efnahag þeirra manna, er mest nota sjóðinn. Þetta er vel framkvæmanlegt og mundi ekki baka mikinn kostnað. Hitt hlýtur að verða mikið dýrara, að hafa einn mann til að hafa eftirlit með öllum sparisjóðum á landinu. Og þótt tilætlunin sé, að hann byrji með lágum launum, þá er það sjálfgefið, að þau mundu aukast fljótlega. Og þá mundi ekki koma til mála, að landssjóður greiddi allan þann kostnað, heldur yrði lagður sérstakur skattur á sparisjóðina, eins og líka er farið fram á í frumvarpinu, eins og það kom frá stjórninni. Kostnaður til eftirlitsmanna heima fyrir yrði aftur á móti ekki nema fáeinar krónur og yrði það ekki tilfinnanlegt.

Annars leggjum við það alveg á vald deildarinnar, hvort fyrirkomulagið hún telur haganlegra. Okkar tillögur eru nær því fyrirkomulagi, sem nú er. Og sýni reynslan, að það sé ekki fullnægjandi, þá er alt af hægt að breyta því. Og þótt það drægist í nokkur ár, þá álít eg ekki, að mikið sé í húfi.

Fyrir utan þetta þá er eitt atriði í tillögum meiri hlutans, sem eg raunar hefi ekki gert ágreining um, en er þó nokkuð hikandi við að samþykkja. Það er 39. liður við 13. gr., sem leggur til, að orðin »mega þau aldrei vera eldri en 10 ára« falli burt. Þetta á við sjálfskuldarábyrgðarlán, og ef það er numið burtu, eru engin takmörk fyrir því, hve oft og lengi má framlengja þau. Eg er hræddur um að þetta hafi gagnstæða verkun við það, sem meiri hlutinn hefir ætlað sér. Hann hefir ætlast til, að það drægi úr framlengingu, en eg býst við, að ákvæðið verði svo skilið í framkvæmdinni, að það rýmki til og að lán þessi verði stundum framlengd meir en góðu hófi gegnir, ef ekkert timatakmark er tiltekið. Fyrir því nöfum við minni hluta menn komið með breytingartillögu í þá átt, að innheimta sjálfskuldarábyrgðarlána megi aldrei dragast lengur en 10 ár. En þó þessi ágreiningur hafi verið, þá fer því fjarri, að nefndin hafi ekki unnið saman í bróðerni, og eg er viss um það, að hvorki meiri né minni hlutinn gerir þennan ágreining að sérlegu kappsmáli.

**Kristinn Daníelsson:** Eg verð að segja örfá orð líka, því að eg hefi skrifað undir ágreiningsálit minni hlutans í þessu máli. Gerði eg það vegna þess, að eg var minni hlutanum algerlega samdóma i aðalatriðinu, að það sé mjög varhugavert að setja fastan umsjónarmann yfir alla sparisjóði á landinu, eins og gert er ráð fyrir í frumv. Mér virtist óhjákvæmilegt að það þyrfti að fá einhverja reynslu á lögunum, og á þeirri reynslu mætti svo væntanlega byggja æskilegar breytingar seinna. En þegar búið væri að setja fastan umsjónarmann, væri óhægra að breyta til og taka af honum starfið, þar sem hann á að lifa á því, þó að launin, sem honeru ætluð, séu engan veginn nægileg til að lifa af þeim eingöngu. Mér þykir hugsanlegt að annað fyrirkomulag yrði

heppilegri, til dæmis að setja sparisjóðina í samband við landsbankann og hann léti svo trúnaðarmenn sína annast eftirlitið. Þess vegna hallaðist eg að þeirri niðurstöðu minni hlutans, að hafa þetta fyrirkomulag til bráðabirgða, þótt eg telji það að vísu ljóð á vera, að sparisjóðunum er ætlað að borga kostnaðinn við eftirlitið. Eg álít rétt, að landssjóður borgi þetta eftirlit, og býst eg við að til þess gengi ekki meira en þessar 1200 kr., sem ætlaðar eru einum eftirlitsmanni. Annars gæti þetta eftirlit orðið tilfinnanlegur skattur á sparisjóðunum, en munar landssjóð hins vegar ekki miklu; mun eg ef til vill koma með brtill. í þessa átt. Þessa vildi eg geta, að eg tel það mjög varhugavert að setja þennan 1200 kr. eftirlitsmann, því að eg óttast að eftirlitið yrði með því móti ekki nema hálfverk, þar sem þessi maður yrði að vinna að því í hjáverkum sínum.

Svo skal eg stuttlega benda á nokkur atriði önnur, sem eg hefi sett fyrir mig. Í 9. gr. er svo ákveðið, að féhirðir megi einn veita móttöku fé til sjóðsins, en kvittun hans sé því að eins skuldbindandi fyrir sjóðinn, að hún sé meðundirrituð af bókara. Þetta kann nú í sjálfu sér að vera æskilegt, en hér stendur öðruvís á með sparisjóði heldur en með banka, að ætíð sé hægt að láta bókara skrifa undir líka. Kvittun féhirðis ætti að vera nægileg, því að hann á samkvæmt lögum að setja tryggingu fyrir því fé, sem hann hefir undir hendi, og bera ábyrgð á því. Vitanlega er gengið út frá því, að hann gefi ekki einungis kvittun, heldur riti einnig í viðkomandi bækur.

Þá finst mér líka það ákvæði 13. gr. vera mjög varhugavert, að samanlögð upphæð víxillána og sjálfskuldarábyrgðarlána megi ekki nema meiru en helming af öllu innstæðufé sparisjóðsins. Það kann að vera eins um þetta eins og um hitt, að það sé heppilegt, en það getur orðið bagalegt fyrir smásparisjóði, að mega ekki lána fé móti sjálfskuldarábyrgð, sem oft og tíðum er bezta tryggingin og miklu betri en húsaskrokkar í kaupstöðum. Það getur verið að eg komi til 3. umr. með brtill. til að rýmka um þetta.

Í sömu grein er ákveðið, að sparisjóðir, sem geyma 50 þús. kr. eða meira, skuli hafa *auk* varasjóðs, innistandandi í bönkum að minsta kosti 5% af innstæðufénu samanlögðu. Þetta getur líka orðið nokkuð tilfinnanlegt fyrir slíkan sparisjóð, að minka þannig veltufé hans, einkanlega þegar það er borið saman við 17. gr., þar sem svo er fyrir mælt, að svo mikið af varasjóði skuli jafnan vera handbært í peningum, að nemi að minsta kosti 10% af innstæðufé sparisjóðsins. Þetta getur jafnvel orðið sama sem að hafa allan varasjóðinn í peningum, því að 5% af innstæðufénu getur verið varasjóður allur. Ef innstæðufé er t. d. 30,000 kr., þá verða 5% af því 1,500 kr., en viðkomandi sparisjóður á ef til vill ekki nema 1200—1300 kr. í varasjóði.

Eg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta fyr er þá ef umræðurnar gefa tilefni til að standa upp aftur.

**Ráðherrann (H. H.):** Eg er yfirleitt þakklátur háttv. nefnd fyrir meðferð hennar á þessu máli. Þó vildi eg gjarnan óska, að hún hefði tekið upp aftur grein, sem háttv. efri deild hefir felt í burtu, 24. gr. stj.frv., með ákvæði um, að sparisjóðunum sé skylt að greiða árgjald í landssjóð, 1‰ af innstæðufénu. Eg sé ekki nokkra ástæðu til þess, að sparisjóðirnir leggi ekkert til þeirra útgjalda, sem koma sjálfum þeim til hagsmuna. Og sparisjóðina munar ekki mikið um svo lágt gjald, en þegar það kemur saman frá öllum sparisjóð-

um landsins, þá munar landssjóð nm það. Fyrir þá sem vilja fella burtu eftirlitsmanninn og ekki hafa neinn kostnað á landssjóði við eftirlitið, getur verið eðlilegt að fella þetta burtu líka. En fyrir þá sem vilja halda eftirlitinu, get eg ekki séð neina ástæðu til að fella þetta. Eg get ekki heldur ekki séð, að ástæður minni hlutans fyrir að fella eftirlismanninn séu á rökum bygðar, og eg hygg, að lögin yrðu til lítils gagns, ef honum er slept, því að það þurfa að vera sams konar fyrirmæli viðvíkjandi eftirlitinu um land alt. Eg álít, að þessi lög séu þörf og hefðu átt að vera komin fram miklu fyr, því að það er enginn vafi á, að það er ýmsu ábótavant hjá sparisjóðum úti um landið, sem þyrfti að lagfæra, en þetta, sem hér er farið fram á, dregur úr því að tryggingin sé örugg. Það virtist vaka fyrir háttv. 2. þm. G.-K. (Kr. D.), að sparisjóðirnir ættu að vera gróðafyrirtæki. En eg verð að álíta, að svo sé ekki, heldur sé það aðaltilgangur þeirra, að geyma örugglega fé þeirra manna, sem eitthvað geta dregið saman, svo þeir geti verið óhræddir um, að því sé á glæ kastað. Að þessu stefnir lagaboðið, og hygg eg það rétt vera. Viðvíkjandi sjálfskuldarábyrgðum skal eg taka það fram, að eg álít, ef vel væri, ætti það að vera bannað að lána sparisjóðsfé til annars en öruggra veðlána. Það er ekki hægt að banna það með öllu, en það ætti að vera sem minst af öðrum rýrari tryggingum. Það verður að hafa mjög mikla gæzlu á því, að rétt sé farið að, því að það er ekki ætlunarverk sparisjóðanna að vera bóngóðir og lána út á lélegar tryggingar. Það er hættulegt spor, sem sparisjóðirnir komast inn á, ef þeir álíta að þeirra ætlunarverk sé að fullnægja fjárþörf sem flestra. Það er ekki aðalatriðið að geta dreift fénu sem víðast og gert sér sem flesta vini með lánveitingum, heldur hitt, að hafa féð ætíð geymt á sem öruggustum stað. Eg vona, að háttv. deild sleppi ekki úr huga þessu ætlunarverki sparisjóðanna þegar gengið verður til atkv., og komist að þeirri niðurstöðu, að það tjái ekki að fella niður fast og sams konar eftirlit um land alt.

**Tryggvi Bjarnason:** Jafnvel þótt það kunni að vera nauðsynlegt að samþykkja lög um, að skerpa eftirlit með sparisjóðum í landinu, þá finst mér eg ekki geta felt mig við frumv. eins og það er. Eg mundi fella mig betur við það, ef brtill. minni hlutans verða samþyktar. Með því að hafa umsjónarmann sparisjóða að eins einn, búsettan hér í Reykjavík, þá er farið að miklu leyti fram hjá öðru aðalatriðinu í eftirlitinu. Starf hans myndi að mestu verða skrifstofustarf, og með þannig löguðu fyrirkomulagi myndi að vísu fást meira samræmi í stjórn og starfrækslu sparisjóðanna, og reikningsfærsla öll verða samræmilegri. Með þannig löguðu eftirliti mætti einnig sjá á þeim skjölum, sem umsjónarmanni væru send, hvort rekstur sparisjóðanna væri lögum samkvæmur. En hinum aðalþættinum í eftirlitinu væri slept, eða farið fram hjá honum að miklu leyti, sem sé því, að sjá, hvernig lán úr sjóðnum væru trygð, eða að minsta kosti væri það svo með öll sjálfskuldarábyrgðarlán og víxillán. Því að þótt umsjónarmaður sæi skrá yfir nöfn þeirra manna, sem hefðu skuldbindingar við sjóðinn, lántakenda og ábyrgðarmanna, þá myndi einn maður ekki vera svo kunnugur um land alt, að hann gæti dæmt um gjaldþol þeirra. En það er þó annað aðalatriðið viðvíkjandi sparisjóðunum, að féð sé vel trygt. Aftur á móti ef eftirlitsmenn eru settir þeir einir, sem kunnugir eru innan hér-

aðs, eins og minni hlutinn leggur til, þá er fengin meiri trygging fyrir góðu eftirliti hvað ábyrgðir snertir.

Þá hefir verið minst á kvittanir fyrir fé, því sem greitt er í sparisjóðina, hvort það skuli vera skilyrði fyrir gildi þeirra gagnvart sjóðunum, að þær séu undirritaðar af tveim mönnum, gjaldkera og bókara. Eg sé ekki nein sérleg vankvæði á því, að svo skuli vera, því að þótt gjaldkeri taki stundum á móti greiðslum í sparisjóðinn þegar bókari er ekki við, getur hann gefið út bráðabirgðakvittun, og sent síðar aðalkvittun undirritaða af tveimur starfsmönnnm sjóðsins og ónýtist þá in fyrri.

Þá er eg alveg mótfallinn þeirri brt. nefndarinnar, að fella burt úr frumv. ákvæðið um, að öll sjálfskuldarábyrgðarlán skuli borgast á 10 árum, þannig, að ekkert slíkt lán megi standa lengur en 10 ár. Það eru 2—3 ár síðan að tekin var sams konar ákvörðun viðvíkjandi sparisjóði Húnavatnssýslu og gefst hún vel. Allir, sem til þekkja, álíta þetta mjög góða tilhögun og eitt ið bezta, sem ákveðið hafi verið viðvikjandi sjóðnum. Eg álít miklu betra, að hafa þetta svo, heldur en að framlengja alt lánið, sem myndi verða algild regla, enda þótt lánið væri að eins ákveðið til eins árs, heldur en að verða að segja láninu upp öllu í einu, sem oft myndi ekki verða gert fyr en stjórn sjóðsins áliti það ekki lengur vel trygt, og yrði það þá stundum ef til vill of seint. Sama er að segja um lán gegn veði í húsum; veðið rýrnar og væri því rétt að ákveða árlega afborgun af þeim. Lán gegn veði í jörðum eru einu lánin, sem eru venjulega svo vel trygð, að ekki er þörf að ákveða afborgun af þeim.

**Kristinn Daníelsson:** Eg vildi að eins með örfáum orðum gangast við þeim hálfgerða áburði, sem eg fékk hjá hæstv. ráðherra, að eg skoðaði sparisjóðina sem gróðafyrirtæki. Eg skal gjarnan kannast við það, að eg vildi óska, að sparisjóðirnir gætu grætt, og þar af leiðandi er eg ekki fylgjandi því, sem tekið hefir verið upp í 24. gr. frv., að leggja skatt á sparisjóðina. Landsbankinn og Íslandsbanki eru undanþegnir slíkum skatti, og mér finst að sparisjóðirnir ættu engu síður að vera það. Hæstv. ráðherra vildi ekki gera mikið úr þessu eftirliti, sem minni hlutinn vill láta nægja, en eg hygg, að það myndi slaga hátt upp í þetta 1200 kr. eftirlit, sem hann heldur fram. Eg legg ekki mikið upp úr því eftirliti, sem einn maður hefði með öllum sparisjóðum á landinu, og það í hjáverkum sínum, því að eins og eg tók fram áðan, getur hann ekki lifað af 1200 kr.

Sú reynsla, sem fengin er af sparisjóðum hér á landi, hefir ekki sýnt annað, en alt hafi farið vel og þeir hafa yfir höfuð gott orð á sér. Mér hefir alt af verið það ljóst síðan eg fór að fást við sparisjóði, — og hefi eg töluvert við það stað starf fengist, — að *aðaltilgangur* þeirra sé að hjálpa mönnum til að ávaxta fé sitt tryggilega. En hitt verður, eins og hér á landi hagar til, einnig að vera *tilgangur* þeirra, að vera lánsstofnun.

Eg eg er viss um það að menn mundu sakna þess, ef alveg yrði tekið fyrir það að sparisjóðir héldu áfram lánsviðskiftum við almenning. Það getur vel verið að það sé vegna óheppilegs ástands eins og hæstv. ráðherra sagði. En við búum í stóru landi og strjálbygðu, og eigum því afar-erfitt með að ná til aðalpeningalindanna, bankanna, og kemur sér þá vel að hafa þessa smáseitla til þess að svala peningaþorsta okkar. Það getur vel verið að það gæti verið til bóta að sparisjóðirnir kæmust í samband við bankana, þaðan fengju þeir

sitt útlánsfé og bankarnir hefðu svo eftirlitið með þeim. Hitt finst mér alt of sterkt til tekið hjá hæstv. ráðherra, að það væri að koma sparisjóðunum út á glapstigu, að láta þá reka lánsviðskifti við menn án þess að geta trygt sér lánin með fasteignaveðum. Það er alveg nauðsynlegt að sparisjóðirnir hafi töluvert fé í veltu til þess að geta fullnægt þörfum viðskiftamanna sinna. Eg þekki það t. d. um sparisjóð í Gullbringusýslu, sem eg hefi nokkuð með að gera, að í vor um lokin þurfti almenningur mikla peninga, bæði þeir sem inni áttu, að taka út fé sitt, og aðrir að fá lán, meiri en sparisjóðurinn gat úti látið og þá þurfti að fljýja til bankanna hér til þess að fullnægja þörf almennings.

Skal eg svo ekki fjölyrða meira um þetta mál og eg vona að menn vilji ekki meina sparisjóðum að komast á þannig, að þeir geti fullnægt inum smærri lánsþörfum landsmanna.

**Framsögum. meiri hl. (Magnús Kristjánsson):** Það er lítil ástæða fyrir mig til þess að taka til máls, þar sem engar verulegar mótbárur hafa komið fram gegn áliti meiri hluta nefndarinnar og engar breyt.till. hafa komið aðrar en frá nefndinni. Eg vildi að eins geta þess, að eg fór með alveg rétt mál, þar sem eg sagði áðan að það hefði ekki verið fyr en á síðustu stundu að minni hlutinn hefði komið fram með breyt.till. sínar. Hvorki var það í byrjun eða undir meðferð málsins, að minni hlutinn, sem nú er, héldi svo fast fram skoðunum sínum að meiri hlutinn gæti álitið, að hann yrði viðskila við okkur hina og kæmi fram með sérstakar breytingatillögur.

Viðvíkjandi því sem háttv. 2. þm. G.-K. (Kr. D.) sagði, þá álít eg að það hefði verið heppilegra að hann hefði látið uppi þetta álit sitt í nefndinni, í staðinn fyrir að koma fyrst fram með það nú í deildinni. Tel eg það mjög sennilegt, að þá hefði eitthvað af því verið tekið til greina, sem nú er ekki hægt að koma við.

Það sem mest hefir verið haft á móti hér, er það, að skipaður sé einn eftirlitsmaður um land alt. Hafa menn á móti því, af því þeir halda að einn eftirlitsmaður geti ekki annast eftirlitið með svo mörgum sjóðum, að minsta kosti eigi eftirlit að fara fram á hverju ári. Eg álít nú að einn eftirlitsmaður geti heimsótt alla sjóðina á hverju ari og álít að hann geti verið vikutíma við hvern sjóð, og ætti það að vera nægur tími til þess að kynna sér ástand sjóðsins.

Ein mótbáran gegn þessum eina eftirlitsmanni er sú, að hann geti ekki verið eins kunnugur og innanhéraðsmaður. Þessi mótbára held eg að hafi ekki við nein rök að styðjast. Þessi eini eftirlitsmaður gæti það vel, og honum ætti að vera það innan handar af viðtali við kunnuga menn á staðnum að komast að raun um, hvort trygging fyrir láni sé nægileg. Fyrsta árið gætu helzt orðið vandkvæði á þessu, en svo ætti það ekki að þurfa að vera lengur.

Um kostnaðinn við eftirlitið vil eg segja það, að fyrirkomulagið, sem hv. minni hlutinn stingur upp á, hefir þann ókost, að það hlyti að baka sparisjóðunum tilfinnanlegan kostnað, ef gert er ráð fyrir því að eftirlitsmaðurinn fái 5 kr. í dagpeninga fyrir hvern dag sem hann er á ferðalagi í eftirlitserindum og auk þess allan ferðakostnaðinn borgaðan. Þá eru heldur engin takmörk sett um það, hve oft hann eigi að fara þessar eftirlitsferðir, og ef nú eftirlitsmaðurinn væri áhugasamur í þessu og vildi standa vel í stöðu sinni, þá mundi hann oft vilja athuga ástand sjóðanna,

og gæti það þá dregið sig saman ef það yrði nokkrum sinnum á ári Þetta fyrirkomulag yrði því til mikilla útgjalda fyrir sjóðina, og því tel eg það ekki heppilegt fyrir sjóðina sjálfa.

Ein ástæða er mjög þýðingarmikil gegn því að eftirlitsmaðurinn sé innanhéraðsmaður og hún er sú, að þá væru mikil líkindi fyrir því að í einstöku tilfellum myndi eftirlitsmaðurinn sjá í gegnum fingur með mönnum þó að tryggingar væru ekki í sem beztu lagi. En ef einn maður hefir heildaryfirlitið með öllum sjóðunum, þá er engin hætta á því að þetta gæti átt sér stað. Annars er mér þetta ekkert kappsmál, heldur reyni að eins að gera grein fyrir því, hvað álit meiri hlutans er í þessu efni. En annars verður ekki skorið úr þessu nema með reynslunni.

Eg geri ráð fyrir því að háttvirtir þingmenn hafi kynt sér svo nefndarálitið, að óþarft sé að tala meira um það. Hvað tryggginguna snertir, þá held eg að ekki sé hægt að heimta þessa 15%, eg álít að það yrði alt of þung kvöð að leggja á sjóðina. Og ef menn vildu setja þetta ákvæði, þá yrði líka að koma með önnur ákvæði, sem eg hugsa að yrðu sjóðunum æði erfið, einkanlega í byrjun.

Fleira er það svo ekki, sem eg vildi sagt hafa um þetta mál, nema það, að mér finst það alls ekkert óheppilegt að fella það burtu, að sjálfskuldarábyrgðarlán megi aldrei verða eldri en 10 ára. Mér finst óþarft að taka slík ákvæði inn í lögin. Þetta mundi fara eftir því sem stjórnin og eftirlitsmaður sjóðanna kæmu sér saman um og álít eg að hver stjórn muni sjá um það að slík lán yrðu ekki veitt nema til hæfilegs tíma þótt ekki stæði neitt um það í lögunum.

Skal eg svo ekki eyða tímanum með því að fara frekar út í þetta.

---

Umræðum var ekki lokið á nóni, og gaf forseti þá fundarhlé til miðaftans.

---

Á miðaftni var fundur settur á ný og umræðum haldið áfram.

**Björn Kristjánsson:** Eg hafði ekki ætlað mér að taka til máls um þetta mál, og tala eg því algerlega óundirbúinn, en eg gat þó ekki látið málið fara alveg þegjandi fram hjá mér.

Fyrsta ætlunarverk sparisjóðanna er það, að safna fé, en mér mér finst að frumv. nái ekki þessum tilgangi að öllu leyti að styðja að því. Það vantar í frumvarpið þann lið, sem geri hverjum sparisjóð það að skyldu, að hafa aurasjóð handa börnum. Í Landsbankanum og við útbú hans eru slíkir aurasjóðir fyrir börn og hefir það sýnt sig, að árangurinn af því hefir verið góður; börnin hafa lært að spara og þá líka að eignast eitthvað. Þetta vantar inn í frv., en það yrði töluvert verk, ef það ætti að bæta því inn í og eg efast um að það væri hægt að lúka því svo að það yrði tilbúið til 3. umr.

Hæstv. ráðherra sagði, að það væri ekki markmið sparisjóðanna að reka verzlun. En það verða þeir einmitt að gera, eins og hér hagar til, þeir verða að vera eins og bankar í þessu strjálbygða landi. En því að eins geta þeir borið sig, að þeir hafi *traust hjá bönkunum*, því það er ekki að eins það, að þeir láni allan sinn sjóð, heldur verða þeir líka að fá lán hjá bönkunum. En til þess að þeir geti fengið það, þurfa þeir að hafa traust bankanna. En til þess að það sé tryggilegt fyrir bankana að lána sparisjóðunum, þá þarf að vera eftirlit með þeim, og er þá eðlilegast að eftirlitið sé *sú stofnun, sem sparisjóðirnir*

*skifta við*. I Þýzkalandi er það t. d. alltítt að smærri sjóðir afli sér trausts á þann hátt, og er það þá oft að stærri bankar ekki að eins veita þeim sparisjóðum, sem vel er stjórnað, lán eftir beiðni, heldur *bjóða* þeim lán, þegar stjórn sjóðanna er góð, en aðrir sjóðir, sem hafa vonda stjórn, fá ekki neitt lán. Og ef svona lagað eftirlit fer fram, þá er komin sú fylsta trygging fyrir að sparisjóðunum sé vel stjórnað. Sparisjóðirnir yrðu þannig nokkurs konar útbú frá bankanum, sem er hentugt í svo strjálbygðu landi. Sparisjóðirnir hafa meiri þekkingu til efnahags lántakenda í kringum sig, og ættu því að geta veitt smálánin, sem bankarnir veita nú.

Þess vegna er það alveg nauðsynlegt að sparisjóðirnir standi undir eftirliti banka, sem geta líka bezt leiðbeint, svo að fé verði að sem beztum notum og breiðist sem víðast út um landið. Og þá verður hin leiðin sú, að bankinn hafi endurskoðunina og eftirlitið á hendi og er þá sjálfsagt að landssjóður borgi það, en ekki sparisjóðirnir. Þetta frumv. er því ekki bygt á heppilegum grundvelli, en þó vil eg ekki drepa það að svo stöddu, heldur láta mér lynda breyt.till. minni hlutans í bráð. Þó get eg ekki heldur orðið honum samdóma um eftirlitsmann sinn. Til endurskoðunar og eftirlits verður að taka einn af beztu mönnum bankans, einhvern sem hefir vit á því.

Eg vil ekki fara að halda neitt langa ræðu, skýt þessu að eins fram, undirbúningslaust, að þetta er eina leiðin fyrir tryggingu sparisjóðanna.

Þessi 5% eða 10% trygging er alveg þýðingarlaus, sparisjóður getur langsamlega verið á hófðinu, þótt sú upphæð liggi í sjóði eða í bankanum. Einasta tryggingin er glögg endurskoðun og gott eftirlit. Ef það er ekki séð fyrir því, þá er frumvarpið allsendis gagnslaust.

**Ráðherrann (H. H.):** Það er ekki til neins að fara að fara út í kappræður um þetta mál. Háttv. í. þm. G.-K. (B. Kr.) gengur út frá alt öðrum grundvelli, en frumv. er bygt á, og koma því hugleiðingar hans ekki frumvarpinu við. Tilgangur frumvarpsins er sá, að reyna að tryggja fé þeirra sem eru að spara aura sína saman. Þetta er aðal-markmiðið.

Annars skil eg það ekki, að það sé erfiðara að endurskoða reikninga sparisjóða heldur en t. d. Landsbankans, og ekki hafa þeir endurskoðunarmenn verið valdir með bankafróðleikinn sem skilyrði. Meira að segja hefir verið gerður að bankastjóra maður, sem víst engum manni hefir dottið í hug að gæti með nokkru móti talist bankafróður. En ef nú samt verður heimtað meira af eftirlitsmanni sparisjóðanna heldur en þingið hefir heimtað af sömu endurskoðendum Landsbankans, sem það hefir kosið, þá býst eg við, að ekki mundi standa á því, að stjórn Landsbankans leyfði þeim manni, sem til þessa starfa yrði valinn, að kynnast bankastörfum og endurskoðun hjá sér um skeið, áður en maðurinn tæki til starfa.

Þó að sparisjóðir tæki lán í bönkunum, þá sé eg enga ástæðu til þess að bankarnir hefðu eftirlit með þeim fyrir því. Og að bankarnir fá borgun fyrir eftirlitið úr landssjóði nær ekki nokkurri átt. Það er alveg fráleitt.

Get eg því ekki orðið háttv. þingmanni samdóma um það, að þetta sem hann nefndi, sé »eina leiðin«. Það er áreiðanlega einmitt **ekki** leiðin til þess að koma fram tilgangi þessa frumvarps.

**Sigurður Sigurðsson:** Það er jafnan virðingarvert þegar stjórnin vill búa eitthvert þarfamál undir þingið, en í þetta sinn finn eg ekki neina sérstaka ástæðu til þess að vera stjórninni neitt þakklátur fyrir undirbúning þessa máls.

Stakkurinn, sem stjórnin hefir sniðið þessu frumv., ber þess merki, að hann sé sniðinn eftir einhverjum útlendum lagafyrirmælum um sparisjóði, sem ekki eiga við hér. Mér finst að frumvarpið eigi ekki við okkar kringumstæður, heldur muni það vera þýtt eftir sams konar útlendum lagaboðum.

Eg hefi verið að gá að því í athugasemdum stjórnarinnar við frumvarpið, hvort stjórnin hafi ekki leitað álits stjórna sparisjóða hér úti um land, en eg hefi ekki rekið mig á það. Mér virðist þó að það hefði átt vel við, að leita umsagna þessara manna um þetta mál.

Það hefir verið sagt, að aðal-hlutverk sparisjóðanna væri það, að safna saman spariskildingum einstakra manna og koma þeim á tryggan stað og á sæmilega vöxtu. Þetta er alveg rétt. En það er ekki nóg, að sparisjóðirnir taki á móti peningunum til geymslu og greiði vöxtu af þeim. Þeir verða líka að gæta þess, að sjá um sig. Sparisjóðsféð verður að lánast út, gegn góðum tryggingum, til þess að hægt sé að svara vöxtum af inneignum manna. Og sjóðirnir verðá einnig að leggja fé í varasjóði sér til tryggingar. Því tryggari sem sparisjóðurinn er, því betra er fyrir menn að leggja fé sitt í hann.

Rauði þráðurinn í frumvarpinu er sá, að gera sparisjóðunum erfitt fyrir með útlán, en það er sama sem að gera mönnum erfitt að koma fé sínu á vöxtu. Frumv. fer fram á að leggja á sparisjóðina ýmsar þungar kvaðir. Stingur það upp á því, að stjórnarráðið skipi eftirlitsmann með 1200 kr. árslaunum, auk ferðakostnaðar og dagpeninga á ferðalögum sínum. Minni hlutinn í nefndinni, sem haft hefir málið til meðferðar hér í deildinni, leggur til, að skipaðir verði eftirlitsmenn við hvern sparisjóð, og að sjóðirnir greiði þeim kaupið.

Enn fremur er gert ráð fyrir því í frumv. stjórnarinnar, að sparisjóðirnir greiði landssjóði ákveðna »procent« af viðskiftaveltunni í notum þess, að landssjóðurinn á að borga eftirlitsmanninum. Hér ber því alt að sama brunni. Sparisjóðunum gert erfiðara fyrir með það að ávaxta fé sitt og ýmislegur kostnaður lagður á þá. Enn er á það að líta, að þessi eftirlitsmaður á að vera fyrir alt landið, og með það fyrir augum skil eg ekki í því, að hann geti gert verulegt gagn eða lögin náð tilgangi sínum. Árið 1910 voru 25 sparisjóðir hér á landi: 10 á Norðurlandi, 9 á Vesturlandi og 6 á Suðurlandi. Og þessi eini maður á að heimsækja alla þessa sjóði og rannsaka hag þeirra. Eg er hræddur um, að þessi eini maður fari að verða nokkuð dýr og láti sér ekki lengi nægja með 1200 kr. laun á ári, eða 5 kr. dagpeninga. Þess vegna má gera ráð fyrir að launin verði hækkuð von bráðar, ferðakostnaðurinn aukinn o. s. frv., og getur þá þessi eftirlitsmaður orðið dýr landinu áður lýkur. Það er alveg rétt hjá háttv. 2. þm. Húnv. (Tr. B.), að fyrst um sinn mundi hann vanta öll skilyrði til þess að geta dæmt um ýmislegt, er að starfi hans lýtur, sérstaklega um veðgildi eigna, jarða og húsa — og manna. Starf hans mundi því verða lítils virði fyrstu árin. Tillaga minni hluta nefndarinnar er í raun og veru aðgengilegri. Um hitt, að þessir menn, er stjórnarráðið á að útnefna, geti orðið sjóðunum vilhallir í eftirliti sínu, er eg ekki svo hræddur við. Eg álít, að stjórnarráðið ætti að geta fundið handa hverjum einstökum sparisjóði einhvern mann í nágrenninu, sem trúandi væri fyrir þessu. Hann getur verið kunningi stjórnarinnar, en það er sama, ef hann er trúverðugur maður. Ekki get eg heldur verið hræddur við kostnaðinn, sem af þessu mundi leiða,

í samanburði við hitt, að hafa fastlaunaðann mann, sem svo innan skamms mundi færa sig upp á skaftið að því er til launanna tekur.

En nú er að líta á það, hver nauðsyn er á lögum um þetta. Hæstv. ráðherra gat þess, að einstöku sparisjóðum væri svo háttað, að varhugavert gæti verið að eiga fé sitt í þeim. Eg skal ekkert um þetta segja, en mér þykir það ekkert ónáttúrlegt, að svo kunni að vera. Það hefir komið fyrir um banka, sem eru þó undir opinberu eftirliti. En enn sem komið er, munu þó vera mjög lítil brögð að þessu um sparisjóði hér á landi, og þó að eg sé þeim sjóðum ekki sérstaklega kunnugur yfirleitt, þá hefi eg þó heyrt þann orðróm, að þeir séu flestir vel tryggir, og fé innieigenda því óhætt. Og um stærsta sparisjóð landsins, sem er í Árnessýslu, veit eg nákvæmlega, því að eg er honum vel kunnugur. Hann hefir ekki tapað nema einum 18 kr. í öll þau 25 ár, sem hann hefir staðið. Það má líka benda á það, að flestir sparisjóðir hafa ábyrgðarmenn, sem ábyrgjast meiri og minni upphæð gagnvart innieigendum í sparisjóðnum, og þeim er auðvitað öllum mjög ant um það, að þeir þurfi ekkert að borga, svo að það er þeim aðhald til að líta eftir, og álít eg að þetta sé næg trygging í flestum tilfellum. Eg hefði í raun og veru álitið bezt að vísa þessu máli aftur til stjórnarinnar og að hún leitaði svo álits hlutaðeigandi sparisjóðsstjórna, endurskoðunar- og ábyrgðarmanna sjóðanna um málið, og við það mundi töluvert vinnast málinu til skýringar. Það ætti vel við, og eg vil jafnvel segja að það sé nokkurn veginn skylt að gera það. Eins og frumv er nú, álít eg það óaðgengilegt og hika ekki við að greiða atkvæði á móti því, nema það fái því meiri búningsbót til 3. umr.

**Ráðherrann (H. H.):** Það er ekki ómaksins vert að fara að svara ræðu háttv. 1. þm. Árn. (S. S.). En eg vil þó taka það fram, að það getur ekki komið til nokkurra mála, að undirbúa málið með því að leita álits þeirra manna, sem einmitt á að hafa eftirlit með um það, hvernig eftirlitinu skuli hagað.

Að þetta frumvarp yrði hindrun fyrir sparisjóðina, ef það yrði að lögum, er alveg öfugt. Það mundi einmitt auka mjög traustið á þeim og því verða til stórhagnaðar fyrir þá. Enda er ekki svo mikið til af peningum á markaðinum hér á landi, að örðugt sé að koma þeim út. Það ætti engum að verða skotaskuld úr því, að fá áreiðanlega menn til að taka fé að láni fyrir hæfilega rentu. Að einn sérstakur eftirlitsmaður mundi ekki vera vel kunnur gjaldþoli og efnum manna út um alt land, getur auðvitað verið satt. En vafasamt er, hvort árangurinn yrði betri af því að taka einhverja góðkunningja sparisjóðsstjóranna út um alt land sinn á hverjum stað. Slík »kunningja endurskoðun« hefir sína annmarka. Það er ekki aðalatriðið, að eftirlitsmenn séu þaulkunnugir út um alt land, heldur hitt, að þeir vilji fá réttar skýrslur og leiðrétta það, sem aflaga fer. Það er engin hætta á því, að ekki komi fljótt kvis á það, ef einhver sparisjóðsstjórnin þykir fara illa að ráði sínu á einhvern hátt. Þeir sem fé eiga í sjóðunum, mundu hlera slíkt og bera það til eftirlitsmanns. Jafnvel í stórum bönkum er vant að berast út um borg og bý, ef veitt eru stórlán upp á illar tryggingar, með getgátum um, hvers vegna bankastjórnin hafi gert það í þessu og þessu tilfelli. Það eru því allar líkur til, að ekki þurfi sérstaklegan kunnugleika á mönnum og veðgildi eigna út um alt land til þess að eftirlitsmaður fljótt verði

áskynja, ef mikil brögð eru að brotum móti settum reglum. Og það eru jafnvel enn þá meiri líkur til þess, að ókunnugur maður mundi ganga ósleitilega fram í því að komast að hinu sanna í slíkum tilfellum, en að kunnugir menn í bygðarlaginu færu að troða illsakar við nágranna sína út úr slíkum orðrómi.

**Lárus H. Bjarnason:** Eg er sammála stjórninni um það, að aðal-, ef ekki einka-tilgangur sparisjóða sé sá, að varðveita fé manna, sem inni eiga í sparisjóðunum; þar af leiðir, að það verður að búa svo um, að þessum tilgangi verði fullnægt. Og það hygg eg verði betur gert með einum eftirlitsmanni en mörgum. Í fyrsta lagi er hægra að fá einn færan mann til starfsins en marga. Í öðru lagi mundi hann verða óhlutdrægari en nágrannaeftirlitsmenn kynnu að verða, og í þriðja lagi mundi með því móti fást betra heildaryfirlit yfir starfsemi sjóðanna. Af þessum ástæðum er mér svo ant um að þetta ákvæði haldist í lögunum, að eg býst jafnvel við að greiða atkvæði á móti frumv. ef það skyldi verða felt úr því.

**Stefán Stefánsson:** Eg vildi minnast á einstök atriði, sem mér falla sízt í geð. Eg efast ekki um, að frumv. er fram komið fyrir þá sök, að stjórnin vilji tryggja betur hag þessara sjóða eða þeirra manna, sem þar eiga fé sitt, en hingað til hefir verið. En það geta orðið skiftar skoðanir um, hvort henni hefir í öllum atriðum tekist það fyllilega. Eg vil þá fyrst leyfa mér að benda á 2. málsgrein 13. greinar; hún hljóðar svo: »Eigi má samanlögð upphæð lána, þeirra er sparisjóður veitir eingöngu gegn sjálfskuldarábyrgð einstakra manna, nokkru sinni nema meiru en helmingi af sparisjóðsinnstæðufénu öllu«.

Þetta ákvæði get eg ekki felt mig við. Mér er kunnugt um einn sparisjóð, sem mundi verða að heimta inn hátt á annan tug þúsunda króna, sem hann á útistandandi í sjálfskuldarábyrgðarlánum, ef þetta yrði að lögum. Og eg vil segja, að þau lán eru ekki áhættumeiri en mörg hinna, sem lánuð eru út á annan eða þriðja veðrétt í jörðum, og það ef til vill í fjarlægum sveitum, þar sem stjórn sparisjóðsins er ókunnug og mundi í ýmsum tilfellum veitast erfitt að fá skýrar eða ljósar upplýsingar um, því að það er ekki nóg, að lána fé út á einhvejja tiltekna jarðeign, það þarf líka að hafa eftirlit með því, að veðið rýrni ekki að verðgildi, eins og áður hefir verið bent á hér í deildinni. Þetta er því varhugavert ákvæði, því auk þess, sem það kæmi sér mjög illa og yrði til stór óþæginda meðan verið væri að breyta til um fyrirkomulag sjóðanna þessu samkvæmt, þá yrði fyrirkomulagið engu tryggara eftir en áður. Mér er kunnugt um það, að ábyrgðarmenn fyrir mjög mörgum lánveitingum, eru jarðeigendur, og hafa einmitt þessvegna verið fengnir í ábyrgð fyrir aðra, til þess að þeirra skuldir séu trygðar. Það er líka talsvert öðru máli að gegna um sparisjóði, en banka. Bankarnir lána mönnum um alt land, en sparisjóðirnir, ef til vill eingöngu innsveitis, þar sem hver þekkir annars efnahag, svo að vanskilahættan verður miklu minni.

Af þessum ástæðum hefi eg hugsað mér, ef þetta verður samþykt breytingarlaust nú, að koma með brtill. við 3. umr. Eg álít öldungis hættulaust þó að $^2/_3$ af veltufénu mættu vera í sjálfskuldarábyrgðarlánum og víxillánum.

Eg er þakklátur háttv. nefnd fyrir það, að hún fylgist öll að við brtill. við 17. gr. Eg álít með öllu óhæfilegt að hefta svo veltufé, sem gert er ráð fyrir í þeirri grein frumvarpsins, og það

er tilfinnanleg eg óþörf byrði fyrir sjóðina að verða að liggja með þetta tryggingarfé og eg álít það alveg hættulaust, sem nefndin leggur til, að það sé lækkað um helming.

Þá vildi eg minnast á 22. gr., þar sem nefndin hefir klofnað, og þar fylgi eg minni hlutanum. Eg hefi ekki þá tröllatrú á þekkingu þessa eina manns, sem á að ferðast um og engin náin kynni getur haft af lánunum. Hann getur ekki haft aðra þekkingu, en þá sem forgöngumenn sjóðanna veita honum sjálfir. En af eigin þekkingu getur hann ekki vitað, hvernig hagurinn stendur. En hvað viðvikur breytingartillögunum, þá álít eg að það sé misskilningur, að þessa eftirlitsmenn, er þar um ræðir, eigi héraðsbúar að kjósa. Það á stjórnarráðið að gera, eins og líka bæði meiri og minni hluti nefndarinnar leggur til.

Eg hygg að sú umsjón, sem minni hlutinn gerir ráð fyrir, verði ekki einasta tryggari og betri en hin, heldur einnig kostnaðarminni, því þó að þessi maður eigi að hafa umsjón allra sparisjóða á landinu fyrir 1200 kr. á ári, þá álít eg það ekki sæmileg laun fyrir þann starfa og hygg að eftir tvö eða þrjú þing, mundu þau verða komin upp í svo sem 2500—3000 krónur. Auk þess mundi ekki lítið ganga til ferðakostnaðar samkvæmt undangenginni reynslu. Hins vegar hygg eg að hægt sé að fá menn í hverju héraði, sem sem hefðu nóg vit og þekkingu til þess, að gefa stjórnarráðinu skýrslur um allan hag sjóðanna.

Eg hefi svo ekki fleira að segja að sinni, en mun greiða málinu atkv. til 3. umr. og með þessari breyt.till. minni hlutans.

ATKV.GR.:

Brt. 613, 1, samþ. án atkv.gr.

1. gr., þannig breytt, samþ. með 15 : 1 atkv.

Brt. 613, 2, samþ. án atkv.gr.

2. gr., þannig breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

Brt. 613, 3, samþ. án atkv.gr.

3. gr., þannig breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brt. 613, 4, samþ. með 13 shlj. atkv.

4. gr., þannig breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

Brt. 613, 5, samþ. án atkv.gr.

5. gr., þannig breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

Brt. 613, 6—7, samþ. án atkv.gr.

Brt. 613, 8, samþ. með 15 shlj. atkv.

Brt. 613, 9, samþ. án atkv.gr.

Brt. 613, 10, samþ. með 14 shlj. atkv.

6. gr., þannig breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Brt. 613, 11, samþ. með 14 shlj. atkv.

Brt. 613, 12, þar með sjálfsamþykt.

7. gr., þannig breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

Brt. 613, 13—15 incl. samþ. án atkvæðagr.

8. gr., þannig breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Brt. 613, 16, samþ. án atkv.gr.

Brt. 613, 17, samþ. með 13 : 5 atkv.

Brt. 613, 18—19, samþ. án atkv.gr.

9. gr., þannig breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

Brt. 613, 20, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brt. 613, 21—22, samþ. án atkv.gr.

10. gr., þannig breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Brt. 613, 23—26 incl., samþ. án atkv.gr.

11. gr., þannig breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Brt. 613, 27—31 incl., samþ. án atkv.gr.

Brt. 613, 32, samþ. með 13 shlj. atkv.

12. gr., þannig breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

Brt. 613, 33—38 incl., samþ. án atkv.gr.

Brt. 613, 39, feld með 8:5 atkv.

Brt. 613, 40—41, samþ. án atkv.gr.

13. gr., þannig breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

14., 15. og 16. gr., samþ. með 13 shlj. atkv.

Brt. 613, 42, samþ. með 12:4 atkv.

17. gr., þannig breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

Brt. 613, 43—44, samþ. án atkv.gr.

18. gr., þannig breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

Brt. 613, 45, samþ. án atkv.gr.

19. gr., þannig breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brt. 613, 46—47, samþ. án atkv.gr.

20. gr., þannig breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brt. 613, 48, samþ. án atkv.gr.

21. gr., þannig breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

Brt. 610, samþ. með 15:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Benedikt Sveinsson | Jón Jónsson |
| Bjarni Jónsson | Hannes Hafstein |
| Björn Kristjánsson | Jóh. Jóhannesson |
| Guðm. Eggerz | Jón Magnússon |
| Halldór Steinsson | Jón Ólafsson |
| Kristinn Daníelsson | Kristján Jónsson |
| Ólafur Briem | Lárus H. Bjarnason |
| Sig. Sigurðsson | Magnús Kristjánss. |
| Skúli Thoroddsen | Pétur Jónsson. |
| Stefán Stefánsson | |
| Tryggvi Bjarnason | |
| Valtýr Guðmundss. | |
| Þorleifur Jónsson. | |

Eggert Pálsson og Matthías Ólafsson greiddu ekki atkvæði og töldust með meiri hlutanum.

Einar Jónsson var ekki við atkvæðagreiðsluna.

22.—23. gr. incl. þar með fallnar.

Brt. 613, 50—53 incl, samþ. án atkv.gr.

24. gr., þannig breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

25. gr., samþ. með 15. shlj. atkv.

Brt. 613, 54, sþ. með 15 shlj. atkv.

Brt. 613, 55, sþ. með 17. shlj. atkv.

26.—28. gr. incl., samþ. með 13 shlj. atkv.

Brt. 613, 56—57, samþ. án atkv.gr.

29. gr., þannig breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 12:6 atkv.

---

FRUMVARP til laga um breyting á lögum 22. Okt. 1912 um ritsíma og talsímakerfi Íslands (330, n. 600, 603); 2. umr.

**Framsögum. meiri hl. (Pétur Jónsson):** Eg vona, að háttv. deildarmenn hafi lesið álit nefndarinnar í efri deild um þetta mál, því að það er mjög fróðlegt og get eg skírskotað til þess, að því leyti sem meiri hl. nefndarinnar í neðri deild er þeirri nefnd sammála. Meiri hlutinn hefir, eins og nefndarálit hans ber með sér, fallist á þau atriði í þessu frumv., sem voru í stjórnarfrv. upphaflega.

Eins og mönnum er kunnugt, er ekki langt síðan að lögin um ritsíma- og talsíma-kerfi Íslands voru samþykt, og þar með fyrirhugað það stórvirki að leggja mikið af símum á stuttum tíma — miklu meira en kostur var á með því fé sem hægt er að veita árlega á fjárlögunum. Skilyrði fyrir því, að þetta kæmist í framkvæmd var bundið við það, að hægt væri að fá hagkvæm lán til símalagninga. Nú er þetta mál svo undirbúið af stjórnarinnar hálfu, að lán með

góðum kjörum er fáanlegt, og þegar hefir verið gerður talsverður undirbúningur til þess að símalagningin geti byrjað. Það er því í rauninni brýn nauðsyn á að koma fram breytingum á lögunum, sem eru nauðsynlegt skilyrði fyrir því, að þessir góðu láriskostir verði hagnýttir. Þetta var rætt við 1. umr. málsins og komu þá fram andmæli gegn því, en meiri hluti nefndarinnar getur alls ekki fallist á, að þau mótmæli hafi ekki verið á nægum rökum bygð. Hann getur ekki fallist á, að það sé nein vanvirða að þiggja lán með þessum kjörum. Þessi trygging, sem Stóra norræna ritsímafélagið fer fram á, er alls ekki nein veðsetning á tekjunum af símanum, heldur að eins ráðstöfun, sem kemur vel heim við tilgang þessara laga, að sýna að símarnir geta vel staðið straum af sjálfum sér. Það hefir verið sýnt fram á það með skýrum rökum í nefndaráliti efri deildar, að þó vextir og afborgun af þessu 30 ára láni séu dregnir frá símatekjunum, verður samt töluvert mikill afgangur til lagningar 3. flokks símum.

Ætla eg því að vona fyrir hönd meiri hlutans, að tillögur hans í þessu efni verði samþyktar, og að sá hluti frumv., sem um þetta ræðir, gangi fram. Það yrðu ákaflega mikil vonbrigði fyrir þau bygðarlög, sem hlut eiga að máli, ef þau yrðu svipt voninni um símalagningu til sín. Þessi héruð í Vestur- og Austur-Skaftafellssýslu, Suður-Múlasýsla sunnanverð, Norður-Múlasýsla norðantil og Norður-Þingeyjarsýsla og auk þeirra ýms fleiri bygðarlög. Auk þess, ef veruleg hindrun af þessum ástæðum kæmi fram, mundi lagning 3. flokks síma einnig verða að bíða lengi og um ófyrirsjáanlegan tíma.

Menn segja, að það sé alls ekki loku skotið fyrir að við getum fengið lán annarstaðar, þó þetta bregðist, og að betra væri að fá það annarstaðar þó með lakari kjörum væri, því sæmd landsins sé í veði. En eg fyrir mitt leyti er í mjög miklum vafa um, að það sé svo auðhlaupið að því að fá lán. Það er auk þess í fleiri horn að líta, t. d. eimskipaútgerðin. Býst eg við, að menn vilji ekki síður koma henni til leiðar nú eftir þessa síðustu atburði. Og er því óviturlegt, að varpa þessu tilboði frá sér.

Um þetta atriði eru nefndin í efri deild og meiri hluti nefndarinnar í neðri deild sammála. En svo er eigi um hin önnur atriði frumv.

Í fyrstu grein er farið fram á, að breyta nýju lögunum um ritsíma og talsíma, og færa tvær símalínur úr öðrum flokki upp í fyrsta flokk. Eftir tillögum nefndarinnar var að eins tekin önnur símalínan, Siglufjarðarsíminn; en þegar þessi tillaga var til umr. í deildinni, kom fram breytingartillaga um hina línuna, Patreksfjarðarsímann. Urðu svo báðar fillögurnar samþyktar þar. En ef þetta gengur fram, verður afleiðingin sú, að bæði eg og aðrir koma með viðaukatillögur, því ef þessar ganga fram, er mjórra muna vant um ástæður til að flytja ýmsar fleiri upp í 1. flokk. Yrði þá þýðingarlaus aðgreiningin á 1. og 2. flokks símum og þar með ruglaðist alt símakerfið. Þar að auki mundi þetta kosta landssjóð mikið fé og yrði þannig ný hindrun fyrir lagningu þeirra síma, sem eftir eru, því vitanlega eru takmörk á því, sem landssjóður getur, í þessu efni sem öðrum.

Nefndin er öll sammála um, að þó að sanngirni mælti með því að breyta þessum lögum að einhverju leyti, þá sé samt enginn tími til þess nú, þegar orðið er svo áliðið þings. Ef farið væri að hrófla við þessu, yrði að taka öll símalögin til

gagngerðrar endurskoðunar og breyta þeim.

Um 4. gr. er sama að segja. Nefndin er þar ósammála efri deild. Greinin er um, að taka nokkuð af kostnaði, þeim sem ýmsar stöðvar hafa af resktri sínum, og leggja á landssjóðinn. Sumstaðar yrði jafnvel tillag landssjóðs til stöðvanna meira, en kostnaður stöðvanna er er nú. Meðan nefndin sat að störfum hafði hún undir höndum greinilega skýrslu frá landsímastjóranum um þetta efni. Höfum við eigi séð ástæðu til að láta prenta hana aftan við nefndarálitið, en hún skal verða lögð fram á lestrarsalinn til sýnis. — Annas er skýrt frá þessu í nefndarálitinu og álít eg ekki þörf á, að fara frekara út í það. Skal eg að eins taka upp það, sem stendur í nefndarálitinu, að samkvæmt skýrslu landsímastjórans mundi kostnaðarauki, sem af þessu flyti fyrir landssjóð nú þegar, nema 4550 kr., en hann fer auðvitað hækkandi við nýjar símalínur.

Eg ætla eigi að fara að yrðast við háttv. minni hluta út af breytingartillögum hans. Þykist eg hafa fært nægar sannanir fyrir, að við eigum að taka þetta lán. Minni hlutinn lítur öðruvís á þetta, honum þykir ekki svo mikið í húfi þó þetta dragist, enn vill láta stjórnina undirbúa breytingar á þessum lögum undir næsta þing. Meiri hlutinn álítur lögin góð, og eigi vert að setja misklið meiri og minni hlutans í veg fyrir að frumv. stjórnarinnar gangi fram.

Skal eg geta þess, að breytingartillögur meiri hlutans hafa mishepnast að því leyti, að ætlast er til þess að 1. gr. falli burt, en 2. og 3. gr. standi; en 2. gr. getur ekki staðist nema með því móti að eitthvað úr 1. gr. sé tekið inn í hana. En þetta verður lagfært á skrifunni, svo að þess vegna er óhætt að greiða atkvæði með tillögum meiri hl.

Nefndin hefir fengið í hendur bráðabirðasamning stjórnarinnar við Stóra norræna um lántöku. Lánskjörin eru betri ef komið verður hér upp loftskeytastöð, sem nái til Færeyja og Noregs. Slíka stöð hefir nú þingið áður viljað fá, en rak sig þar á hindranir frá Dana hálfu. Það er nú gott að þær hindranir eru nú úr vegi og ætti því ekki að standa á oss. að fallast á óskir Stóra norræna í þessu efni.

Hefi eg svo eigi meira að segja að sinni. Vona eg, að tillögur nefndarinnar verði samþyktar.

**Skúli Thoroddsen:** Til stuðnings hinni »rökstuddu dagskrá«, sem eg leyfi mér að bera fram, þá er það tvent, sem eg hefi bent á í nefndaráliti mínu.

Skal eg þá fyrst minnast á það atriði, sem síðar er þá getið í nefndarálitinu; en það er tilboðið, sem stjórninni hefir borist frá »Norræna ritsímafélaginu mikla«, og fer í þá átt, að veita landinu hálfrar millión kr. lán, gegn ábyrgð landssjóðs, en þó að því tilskildu, að áfallna vexti og afborganir af láninu skuli greiða af tekjuafganginum af rekstri talsíma og ritsíma landsíns áður en honum sé varið til annars.

Þetta eru þá kostnirnir, sem »Norræna ritsímafélagið mikla« setur landstjórninni að því er til lánveitingarinnar kemur. Verði gengið að þeim, ætlar félagið að vera svo »náðugt«, að veita lánið, til þess að landsímanum verði þá komið til fleiri héraða landsins en enn er, — veit, sem er, að fjölgun símanna verður til þess, að auka þá og að mun tekjurnar af sæsímanum.

Eg get nú ekki betur séð, en að landinu sé gerð hrein og bein *vanvirða* með með því að ætlast til þess, að það gangi að þessum lánskjörum, þar sem félagið eigi lætur sér nægja ábyrgð landssjóðs, heldur krefst einnig í ofanálag slíkrar bindingar, eða veðsetningar á tekjunum af símanum.

Tel eg landinu það því ekkert áhorfsmál, að taka lánið heldur annarstaðar, þó dýrara væri, en að ganga að þessum kostum, sbr. þá og að öðru leyti nefndarálit mitt.

Lántaka, sem bundin er skilyrðum, sem hér ræðir um, hlyti og að geta vakið vantraust á landinu og fjárhag þess í öðrum löndum, og gæti þá á þann hátt bakað landinu mun meira tjón en þó það yrði að borga nokkuð hærri vexti af láni, er það fengi annarstaðar.

Þá ætla eg og að minnast ögn á hitt atriðið, sem vikið er að í nefndaráliti minu, þótt *sízt ætti þess nú að vera þörf, jafn oft sem eg þegar hefi bent á það* á undanförnum þingum, sem og á þinginu í sumar.

En þetta atriði er það, að lögin frá 22. Okt. 1912, um ritsíma og talsímakerfi Íslands, eru bygð á *ramskökkum* grundvelli, þ. e. eru *í fylsta máta ójafnaðarlög*, sem brýna nauðsyn ber því til, að tekin verði til gagngerðrar *endurskoðunar* sem allra bráðast.

Það er og *augljóst*, að efri deild hefir fundið *mjög rikt* til þessa, þar sem hún hefir samþykt, að tvær svonefndar annars flokks línur verði færðar í fyrsta flokkinn, þ. e. Siglufjarðar- og Patreksfjarðar-línurnar.

Það er og *ekki* rétt — eins og eg hefi margsinnis bent á — *að gera þeim erfiðara fyrir, sem verst eru settir*, þ. e. þeim sem *afskektastir* eru, eða *öðrum fámennari* eða *fátækari, eða að öðru leyti eiga öðrum fremur við mikla örðugleika að stríða*, sbr. nefndarálit mitt.

Þó að háttv. framsögum. álíti lögin góð, get eg ekki bygt mikið á því, þar sem hann hefir í þessu máli tjáð sig sem *algerlega tilfinningarlausa veru*, sem stafar þá að líkindum eigi hvað sízt af því, að kjördæmi hans, Suður-Þingeyjarsýsla, er ekki í tölu þeirra héraða, sem við *óréttinn* eiga að búa.

Eg er sannfærður um það, að hefði Suður-Þingeyjarsýsla verið í tölu þeirra héraðanna, sem *rangsleitnin* bitnar á — en ekki í tölu hinna, sem símann fengu ókeypis —, þá mundi háttv. framsögum. hafa verið einn hinna *fyrstu* til að greiða atkvæði móti lögunum.

En svo er um *eigi fáa*, að þeir skilja eigi — eða vilja eigi skilja — fyr en »skellur í tönnunum«, þ. e. *annara kvöl er þeim eigi sem eigin kvöl væri, — finna þá fyrst* til, er *óréttarinn* bitnar á þeim sjálfum.

Að því er það því næst snertir, að landssjóði yrði það dýrt, að borga héruðunum aftur fé, það er þau þegar hafa greitt sem tillag til símanna, þá er *hvorttveggja*, að eigi er hér enn um þá stórupphæð að ræða, að landssjóðinn muni það miklu, *enda er hverjum, sem öðrum hefir gert rangt, ekkert skyldara* — enda ætti og ekkert ljúfara að vera —, *en að bæta þá sem fyrst fyrir óréttinn.*

Það er vitaskuld, að þegar háttv. þingmenn *setja sér það*, að gera æ ið *ranga* í þessu máli — *vitandi þó*, og sí-finnandi *hið rétta —, þá þýða við slíka menn alls engin orð*, og ætla eg því ekki að eyða fleiri orðum um málið.

**Ráðherrann (H. H.):** Eg er þakklátur háttv. meiri hluta fyrir vel unnið starf í þessu máli. Álít eg vel farið, að hann vill fella burt tillögur þær, sem efri deild hefir bætt inn í frumv.

Háttv. framsögum. (P. J.) hefir skýrt frá ástæðunum til þess, og hefi eg þar engu við að bæta.

Háttv. framsögum. sagði í niðurlagi málsins, að sér fyndist einkennilegt að »Stóra norræna« skyldi gera það að skilyrði fyrir að lánið yrði veitt með svo góðum kjörum, að bygð yrði hér loftskeytastöð. En það er alls ekkert

einkennilegt, því að félagið sér það, að það getur í vissum tilfellum haft hag af því ef hér er loftskeytastöð svo sterk, að hún nái til útlanda. Ef t. d. síminn slitnaði um hávetur, gæti stöðin komið í staðinn fyrir þráð um stundar sakir, þannig, að félagið þyrfti ekki að vinda svo bráðan bug að því, að taka dýr skip ef til vill úr nauðsynlegu starfi annarstaðar, til að gera við slitið. Auk þess gefur þráðlaus stöð, sem hefir skeytaskifti við skip í sjó, aukna *trafik* fyrir sæsímann.

Háttv. minni hluta þarf eg alls engu að svara. Skal eg enn og aftur taka það fram, að hér er alls ekki um neina veðsetningu á tekjum landssjóðs að ræða, heldur eingöngu að fá lán 2—3% ódýrara en ella mundi fást. Hér er alls ekki um neitt nýmæli að ræða. Það hefir frá upphafi verið ætlast til þess, að síminn borgaði sig sjálfur.

Í skilyrði félagsins liggur alls ekkert vantraust á landssjóði. En þetta félag er engin lánsstofnun, heldur er þetta fé, sem okkur stendur til boða, tekið af varasjóði félagsins.

Eg mundi telja okkur vel setta, ef ekkert yrði fremur en þetta til að veikja lánstraust landsins í útlöndum. Eg hefi þá trú, að það yrði fremur til að efla lánstraust landsins en veikja það, ef við getum sagt, að »Stóra norræna« hafi lánað okkur þessa upphæð með jafnverði til 30 ára gegn 4% rentu, því það sýnir einmitt stakt traust af þess hálfu.

Skal eg eigi tefja tímann lengur, vona eg að tillögur háttv. meiri hluta verði samþyktar.

**Bjarni Jónsson:** Eg ætla að eins að biðja hæstv. ráðherra að útskýra dálítið betur fyrir mig, það sem hann síðast sagði. Mér er óskiljanlegt, hvernig stendur á því, að við eigum að fá betri kjör af því að lánið miðist við símatekjurnar, nema ef til þess er ætlast, að sá sem lánið veitir, fái að einhverju leyti leyfi til að heimta þær inn sjálfur.

**Ráðherrann (H. H.):** Eg stend upp út af fyrirspurn þeirri, sem háttv. þm. Dal. (B. J.) gerði til mín. Henni er auðsvarað. Þetta lán, sem hér er um að ræða, fæst alls ekki nema með þessu móti; en ef við göngum að þessum skilyrðum, fáum við lánið, og það með miklu betri kjörum en nokkurstaðar annarstaðar. Ástæðuna fyrir því, að þetta skilyrði er sett, þarf eg ekki að tilgreina nú, eg er búinn að gera oft grein fyrir því hér í þingsalnum.

**Jóhannes Jóhannesson:** Í 5. gr. laga 22. Október 1912, um ritsíma og talsímakerfi Íslands, er stjórninni heimilað, og þá jafnframt gert að skyldu, að láta framkvæma lagningu og kaup á símalínum þeim, sem taldar eru upp í 2. og 3 gr. laganna, og eigi eru þegar lagðar og keyptar af landssjóðs hálfu, og að ráða því í samráði við landsímastjóra, í hvaða röð línur þessar skuli leggja eða kaupa. Svo er henni og í 6. gr. laganna heimilað að láta reisa loftskeytastöð, er hafi nægan kraft til sambands við útlönd, og til framkvæmda þess er henni loks í 8. grein laganna veitt heimild til lántöku á ábyrgð landssjóðs.

Stjórnin hefir því ekki gert annað en skyldu sína og það sem rétt var, er hún þegar hefir sætt tækifæri, er símaefni t. a. m. kopar, var í lágu verði, og keypt talsvert af efni til innar fyrirhuguðu símalínu, og það því fremur, sem lánsheimild var fyrir hendi, og stjórnin hefði getað verið búin að taka lánið, ef hún hefði viljað sæta þeim kjörum, er henni buðust skilyrðislaust. En þar sem hún á kost á láni, með kjörum sem verða að teljast mjög væg, eins og peningamarkaðinum er nú hagað, að því tilskildu, að ákvæðin í 2. og 3. gr. frum-

varps, þess er hér liggur fyrir, verði lögleidd, hefir hún dregið lántökuna þangað til útséð er um það. Þetta hefir háttvirt efri deild séð og því fallist á stjórnarfrumvarpið. Þetta sá og meiri hluti nefndarinnar í neðri deild, og leggur því eindregið til að önnur og þriðja grein frumvarpsins verði samþykt. En hins vegar getur hún ekki fallist á 1. og 4. grein frumvarpsins, af ástæðum þeim sem háttvirtur framsögumaður tók fram.

Ef þesssi háttvirta deild skyldi fella 2. og 3. grein frumvarpsins, yrði hún þess því valdandi, að stjórninni væri fyrirmunað að sæta vægum lánskjörum, sem hún á kost á, og neydd til að taka miklu dýrara lán, og myndi mismunurinn fyrir landssjóð geta orðið alt að 10.000 kr. á ári. En því get eg ekki trúað, að þessi háttv. deild vilji fara þannig að ráði sínu, og eg vona, að það verði ekki nema örfáir »búmenn«. En til þess að þjóðin fái að sjá, hverjir það eru, sem þannig vilja fara að, vil eg biðja hæstvirtan forseta að hafa nafnakall um 2. og 3. grein frum.

**Bjarni Jónsson:** Mér kemur alveg saman við háttv. 1. þingm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.), um að rétt sé að hafa nafnakall um 2. og 3. gr. frumvarpsins. Og það er af alveg sömu ástæðum, sem eg vil hafa nafnakall eins og hann. Eg vil að þjóðin fái að sjá, hvaða menn það eru í þessari háttvirtu deild, sem vilja veðsetja tekjur landssjóðs útlendu stórgróðafélagi, til þess að fá ofurlítið betri kjör og spara nokkrar krónur. Eg var ekki alveg viss um, að þetta væri hrein og bein veðsetning; þess vegna gerði eg fyrirspurnina til hæstv. ráðherra.

En eftir að hafa heyrt svar hans, er eg ekki í neinum vafa lengur um að hér er um veðsetningu að ræða og annað ekki.

Það verður ekki út skafið, að hér er um veðsetningu að ræða, og eg skil ekki, hvernig á því stendur, að menn eru svo skilningssljóir; þetta virðist þó vera augljóst mál.

Það liggur í augum uppi, að félagið trúir því ekki að ábyrgð landssjóðs ein sé næg trygging fyrir því, að lánið sé örugt. Það fer því hér fram á, fyrir munn hæstvirts ráðherra, að því verði veðsettur hluti af tekjum landssjóðs til frekari tryggingar. Og þó að ekki sé beint getið um veðsetningu í frumvarpinu, þá þjá það allir, að þetta er alveg sama sem veðsetning. Eg er nú alveg farinn að skilja það, sem mér var ekki alveg full-ljóst áðan, og eg vona að öðrum háttvirtum deildarmönnum sé nú farið að skiljast, hvað hér sé um að ræða og ofbjóði ósvífnin.

**Framsögum. meiri hl. (Pétur Jónsson):** Eg ætla ekki að fara að skattyrðast við háttvirtan þingm. N.-Ísf. (Sk. Th.). Okkur hefir greint á frá upphafi um það, hvaða »princip« sé réttast í ritsímamálinu, hvort halda eigi við þá aðferð og stefnu sem ofan á hefir verið hingað til um framlög héraða til síma og nú er lögfest, eða skella öllum símum hindrunarlaust á landssjóð.

En eg ætla að skjóta því til háttvirtrar deildar og þeirra manna, sem þekkja mig, hvort nokkur ástæða hafi verið til illyrða hans í minn garð. Og eg ætla að biðja háttv. þingmann að benda á dæmi þess, bara eitt einasta dæmi, að eg hafi ráðist á móti þeim »pricipum«, sem eg hefi verið fylgjandi og rétt eru, til þess að þóknast kjósendum mínum.

Eg get bent háttvirtum þingmanni á það, að Suður Þingeyingar hafa engan hag af því öðrum fremur, að það fyrirkomulag sem nú er á símalagningu haldist. Þeir þurfa alveg eins og aðrir að borga stór tillög til hliðarsíma, og því meira sem hliðarsímunum fjölgar,

því meira þurfa þeir að borga, alveg eins og á sér stað um aðra. Munurinn er enginn annar en sá, að þeim hefir aldrei dottið í hug að mögla, eins og kjósendum háttvirts þingmanns Norður-Ísfirðinga, og honum fyrir þeirra hönd, og er eg þó viss um að eins mikið kemur á Suður-Þingeyinga eftir efnum og ástæðum, eins og Norður-Ísfirðingar borga til símanna.

Háttvirtur þingmaður N.-Ísf. komst þannig að orði í ræðu sinni, að »Stóra norræna« ritsímafélagið af sinni miklu náð vildi lána okkur peninga, af því að það hefði hag af því. Eg get ekki séð, hvers vegna við ættum ekki að þiggja þetta tilboð, þó að »Stóra norræna« ritsímafélagið hefði hag af því, ef við höfum líka hag af því; þegar beggja hagur fer saman, þá er alt gott. Við fáum þessi vildarkjör hjá »Stóra norræna«, af því að það hefir hag af að við stækkum okkar ritsímakerfi. Og við höfum líka hag af að fá þetta lán hjá félaginu, af því að það býður okkur betri kjör en aðrir. Hverju er það nú eiginlega sem munar á að taka þetta lán eða annað lán.

Hæstvirtur ráðherra gerði ráð fyrir, að það mundi nema 2% í rentu. — Eg vil nú ekki gera ráð fyrir að það muni meiru en 1%. En það munar líka öðru. Það lán sem við gætum fengið, ef við ekki tökum þetta lán, yrði áreiðanlega veitt með stórum afföllum, og afföllin mundu nema af 5% láni, ef fengist, alt að 10%. Rentumunurinn af $^1/_2$ milión kr. nemur á ári 5000 kr. og afföllin alt að 50,000 kr. í byrjun. Alt þetta kæmi niður á 3. flokks símunum. Það er því auðsætt, að það mundi verða mikil hindrun og töf á allri símalagningu okkar, ef við ekki notum þetta tækifæri til að fá ódýra peninga.

Háttv. þingm. Dal. (B. J.) ætla eg ekki að svara. Ekkert nýtt né uýtilegt kom fram í hans ræðu. Tillögur hans í þessu máli, eins og í flestum öðrum málum, stefna í þá átt að tefja fyrir framkvæmdum góðra mála. Það er alt af meira og meira að rótfestast hjá mér sú skoðun, að það væri nauðsyn og gæti orðið honum sjálfum til mikils góðs, ef hann kæmist einhvern tíma upp í ráðherrastólinn; þá mundi hann vitkast um það, hvað framkvæmanlegt er og hvað óframkvæmanlegt, og þá mundi hann fá ábyrgðartilfinningu á landsmálum.

**Stefán Stefánsson:** Eg get ekki fallist á, að fyrsta breyt.till meiri hl. nefndarinnar, sem fer í þá átt að fella fyrstu grein burtu, sé bygð á nokkurri sanngirni.

Þegar við lítum á, hvaða hag landssjóður hefir haft af Siglufjarðarlínunni, þá virðist ekki vera ósanngjarnt að fara fram á, að línan verði tekin í fyrsta flokk. Það, að línan var ekki sett í fyrsta flokk strax þegar hún var lögð, kom til af því, að menn bjuggust ekki við að hún mundi gefa svona mikið af sér, eins og raun hefir orðið á. Hagurinn af þessari línu hefir farið langt fram úr áætlun. Og beri maður hana saman við aðrar línur, sem eru í fyrsta flokki, þá sést, að hún veitir landssjóði miklu meiri tekjur en þær. Beri maður hana t. d. saman við Vestmannaeyjalínuna, sem er í fyrsta flokki, þá sést, að Siglufjarðarlínan veitir landssjóði miklu meiri tekjur. Tekjur af Siglufjarðarlínunni eru nú 33,2% brúttó, en tekjur af Vestmannaeyjalínunni eru ekki nema 21,3% brútto, en netto er hagur af Siglufjarðarlínunni rúm 1% meira. Hvaða réttlæti eða sanngirni virðist nú vera í því að setja ekki Siglufjarðarlínuna í fyrsta flokk, þegar á þetta er litið? Ekkert. Hvaða sanngirni er í því, að halda áfram að hafa Siglufjarðarlínuna í öðrum flokki? Engin. Þegar að alt mælir með því,

að línan komist í flokk með Vestmanneyjalínunni, þá vona eg að Alþingi láti ekki lengur dragast að verða við þessari sanngirnis- og réttlætiskröfu.

Eg mintist á þetta mál við landsímastjórann. Hann kvaðst vera því mótfallinn, að línan yrði tekin í fyrsta flokk, ef rekstrarskostnaður stöðvarinnar á Siglufirði hvíldi ekki á landssjóði. Það hefir komið ósk til okkar þingmanna Eyfirðirðinga frá Siglfirðingum, — borin fram af oddvita hreppsins — um, að línan yrði tekin í fyrsta flokk. Og eg er viss um, að hefðum við þingmennirnir getað haldið þingmálafund á Siglufirði, þá hefði aðaláherzlan verið lögð á þá áskorun til okkar þingmannanna, að við beittum okkur fyrir því máli. Auk þessa man eg ekki betur, en þess væri líka óskað á þingmálafundum í Skagafirði, að línan yrði sett í fyrsta flokk.

Að einhverjar fleiri línur, yrði krafist að yrðu teknar í fyrsta flokk, ef þessi yrði tekin, tel eg ekki ósennilegt. En gætu þær sýnt, að þær gæfu landssjóði eins miklar tekjur eins eg þessi lína gerir, þá sé eg ekkert á móti því, að það yrði gert. Með þessum tekjum mun Siglufjarðarlínan borga sig fyllilega á nokkrum árum, og geti aðrar línur gert það sama, þá er ekki nema sanngjarnt, að þær verði líka teknar í fyrsta flokk.

Það er búið að borga nokkuð af tillagi sveitafélaganna til Siglufjarðarlínunnar og það er ekki farið fram á, að landssjóður endurborgi það. Hitt er ekki nema sanngjarnt, að landssjóður greiði það sem eftir er af lánunum.

**Ráðherrann (H. H.):** Það má ómögulega komast að nein hreppapólitík í þessu máli; málið er of mikilsvert til þess. Hér er um það að ræða, hvort að eigi að halda fram grundvallarreglum laganna, eða ekki. Það eru fleiri línur, en Siglufjarðarlínan, sem gætu gert kröfu til að verða teknar upp í fyrsta flokk. Og það er mikils varðandi, að ekki verði farið fram á það, að grundvallarreglur laganna séu brotnar, minsta kosti nú um hrið.

Um Siglufjarðarlínuna er líka það að segja, að þótt hún veiti nú talsverðar tekjur, þá er ekki víst að það verði lengi. Tekjurnar, sem línan veitir nú, eru aðallega vegna þess, að útlendir síldveiðamenn reka atvinnu sína á Siglufirði. Ef þeir hættu eða flyttu sig eitthvað burtu, mundi línan veita sáralitlar tekjur. Þá yrðu tekjurnar svo litlar, að engum mundi detta í hug, að gera Siglufjarðarlínuna að fyrsta flokks línu. Og enn þá hættulegra, heldur en að færa línur í 1. flokk, væri þó hitt, að landssjóður tæki að sér rekstur 3. flokks stöðva, eins og efri deild samþykti. Það gæti orðið honum þungur baggi með tímanum.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Eg stend upp til þess að gera grein fyrir atkvæði mínu, af því eg er ekki samdóma, hvorki meiri né minni hluta nefndarinnar. Eg er samdóma meiri hlutanum og stjórninni í því, að rétt sé að heimta, að sveitirnar kosti símana að nokkru leyti, til þess að tryggja landssjóði tekjur. Eg er því ósamdóma háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) í þessu efni, og get því ekki greitt dagskrá hans atkvæði. Eg álít, að hann geti tæplega gert mér sömu getsakir og hann gerði háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) um, að eg sé honum ósamdóma vegna þess, að kjósendur mínir hafi fengið símann endurgjaldslaust. Síminn kemur, sem kunnugt er, ekki í land í Suður-Múlasýslu, heldur í Norður-Múlasýslu, og kjósendur mínir kvarta ekkert undan því, og hefðu þeir þó fremur ástæðu til að kvarta en aðrir, vegna þess, að síminn hefði átt

að liggja á land á Reyðarfirði. Það hefðu að líkindum orðið færri símslit á Fagradal en Fjarðarheiði. Það er auðsætt, að ekki er hægt að heimta gjald af þeim sveitum, sem fyrsta símalínan var lögð um; þær *hlutu* að fá símann, hvort sem þær vildu til hans kosta eða ekki. Úr því að nú hefir verið ákveðið, að önnur héruð skyldu greiða peninga fyrir að fá símann, þá er mjög viðsjárvert að vera að krukka í það á hverju þingi.

En eg er ekki samdóma meiri hlutanum í því, að fara að veðsetja tekjur landssjóðs, til þess að fá lán til símalagninga. Eg skil ekki, hvers vegna fé laginu finst það aukin trygging, að því verði veðsettar þessar tekjur, heldur en þó að allur landssjóður ábyrgist lánið.

Hitt skil eg, að það er auðmýking fyrir okkur Íslendinga að taka lán með þessum skilyrðum. Eg vil miklu heldur vinna til, að lánið verði dálítið dýrara, heldur en við auðmýkjum okkur svo mikið. Eg get því ekki greitt atkvæði með 2. og 3. gr. frumvarpsins.

**Framsögum. meiri hl. (Pétur Jónsson):** Eg ætla lítillega að minnast á ræðu háttv. 1. þm. Eyf. (St. St.). Honum þótti leitt, að nefndin skyldi ekki fallast á, að setja Siglufjarðarsímann í fyrsta flokk. Eg skil ekki, hvers vegna hann, svo góður og gegn maður, vill fara að raska öllum grundvelli símalaganna, af því að sími þessi er í hans kjördæmi. Ef að þessi sími yrði færður í fyrsta flokk, þá mundi fjöldi annara sveita heimta að þeirra símar yrðu líka teknir i fyrsta flokk. Endalaust þref mundi verða úr þessu á þingi.

Hann sagði, að aðrar línur þyldu ekki samanburð við Siglufjarðarlínuna, hvað tekjurnar snerti. Því fer nú samt betur, að Siglufjarðarsíminn er ekki alveg einstakur í sinni röð um tekjur fram yfir kostnað.

Þá hefir verið skírskotað til landsímastjórans um þetta mál. Eg hefi nú í höndum bréf frá honum til nefndarinnar og skal eg með leyfi hæstv. forseta lesa upp úr því nokkur orð:

»Að því er snertir arðsemi Siglufjarðarsímans, þá er hún að miklu leyti undir því komin, að in árlega síldveiði haldist, en síldveiðina mun mega telja óvissari en t. d. þorskveiðar«.

Þetta eru bein andmæli gegn því, að taka Siglufjarðarsímann upp í 1. flokk. Það hefir verið sagt hér, að Siglufjarðarsíminn ætti alveg eins að komast í 1. flokk og Vestmannaeyjasíminn. En þetta er ekki rétt. Á Siglufirði er mest um fiskveiðar útlendra manna, og það nær yfir part úr sumrinu. Það eru þessir menn, sem bera uppi símann og geta það. En í Vestmannaeyjum eru innlendar fiskveiðar miklar og viðkomustaður margra skipa, er þau koma fyrst frá útlöndum.

Samanburður, sá sem gerður er af nefndinni í Ed. um það, hvernig þessir símar bera sig, er heldur ekki nákvæmur. Það virðist í skýrslunni, sem nefndin álíti, að Siglufjarðarsíminn stæði þar framar Vestmannaeyjasímanum. En við það er að athuga, að þegar Siglufjarðarsíminn var lagður, þá þurfti að bæta á línuna frá skiftistöðinni til Akureyrar aukaþræði sem kostaði 12 þús. kr. Og þetta verður að telja með stofnkostnaði símans. Þetta hefir Ed. sézt yfir.

Sama mætti segja um fleiri línur. Yfirleitt taka menn ekki nægilega mikið tillit til þess, hver ógrynni hefir kostað að auka aðallínuna með þráðum vegna hliðarlínanna.

Þegar farið er nákvæmlega út í þennan reikning, sést það, að Siglufjarðarsíminn stendur alls ekki eins framarlega og í fljótu bragði virðist. En eins og hæstv. ráðherra tók fram, eru þarna

reknar miklar síldveiðar af útlendingum. Hreppurinn tók mikinn þátt í kostnaði við lagningu símans og verður því að standa straum af töluverðri upphæð. Þetta er alveg satt. En eg sé ekki betur en að hreppurinn eigi hægt með að ná sér niðri á þeim útlendingum, sem þar stunda fiskveiðar, eins og mér er líka kunnugt um, að hann gerir.

Eg endurtek það, að eg álít það ábyrgðarhluta að vera á móti lántökunni. Mér þykir hæpið, að vér fáum nokkurt lán í viðbót við önnur láu, ef vér höfnum þessu. Það er ekki til neins að spyrja, hverníg standi á því, að »Stóra norræna« félagið setji þessi skilyrði, úr því að það vill ekki lána með öðru móti. Þetta stendur fast. Þeir sem vilja girða fyrir það, að vér fáum þetta lán, þeir verða að sýna og sanna, að vér getum fengið lán á annan hátt, og þeir bera ábyrgðina á því, ef nú verða hindranir á inum fyrirhuguðu símalagningum næstu ár og öllum þeim vonbrigðum, sem af slíku stafa fyrir ýmsa landsmenn.

**Skúli Thoroddsen:** Eg skal geta þess, til enn frekari áréttingar því sem eg sagði um lántökuna, að með skilyrðum, þeim sem »Norræna ritsímafélagið mikla« setur, að því er til lántökunnar kemur, fæ eg eigi betur séð, en að lýst sé inu *mesta* vantrausti á skilsemi landsins.

Það er þar farið fram á að beita oss inu *versta* bragði — bragði, sem annars er ekki notað nema af *allra* illvígustu misendismönnum í málaferlamanna-stéttinni, þ. e. því bragði, að búa lánssamningana þannig úr garði, að einatt megi hampa að oss *hegningarlaga-vendinum*, ef ekki er staðið í skilum.

Vér erum settir á bekk með óskilamönnum, er lakastir eru taldir. Er mönnum þá eigi nóg boðið?

Háttv. þingm. S.-Þing. (P. J.) grömdust að mun ummæli mín. Eg sagði að eins, að ef kjósendur hans hefðu og verið í tölu þeirra, sem átt hefðu að greiða tillag til símans, mundu þeir hafa verið *að mun næmari*, og þá eigi háttv. þm. S.-Þing. hvað sízt, að því er það snertir að *finna* hvað *rétt* er.

Hér ræðir þá *eigi* um annað en það, sem vér *alment* rekum oss á í lífinu, þ. e. *að sá sem illu* — þ. e. einhverju *siðferðilega röngu — er beittur, verður þá æ næmari* og *finnur* þá fljótara og *glöggara* en ella, hvað *ljótt* er og *ilt*, sem og hve *afar-brýn* skylda allra það er þá að *þola eigi* að hann sé því beittur augnablikinu lengur.

Til þess að skýra þetta *enn betur* — þótt skýringar ætti að vísu *sízt* að vera þörf — skal eg benda á dæmi:

Segjum að að einhver sé — með hernaðar-nauðung, þ. e. þá hér: með hótun um hegningu — *neyddur til að fara í styrjöld*, rekinn frá heimili til framandi lands. — Hann finnur það þá nær einatt að mun *glöggara*, hver *óhæfa* er í frammi höfð, að *neyða* menn til slíks, en hinn, sem ekki er ætlað í styrjöldina að fara og eigi kennir því þeirrar *kvalarinnar*, að verða sigað til manndrápa o. s. frv.

Eins er um þann sem ekki hefir nóg fyrir sig og sína að leggja, að *hann* finnur þá æ *næmara* til þess en hinn, sem í vellíðan er, hve *ljótt* það er, að öll neyð skuli eigi einatt hvívetna fyrirbygð vera eða þá stöðvuð altafarlaust.

Háttv. þingm. S.-Þing. vildi fá vottorð frá þingmönnum um það, að hann væri »réttlætis-ímyndin« sjálf, og skoraði á mig að sanna, að hann hefði nokkru sinni sýnt sig að ranglæti.

Eg held nú ekki, að ræða mín hafi gefið tilefni til þeirrar áskorunar, en

hygg þó að vísu að finna mætti ýmis dæmin, ef út í það væri farið — *dæmin* (bæði í fjárveitingum og ella, sbr. t. d. samþykt kosningarinnar í Vestur-Ísafjarðarsýslu í fyrra), sem *sýna*, að téðum háttv. þingmanni hafi þó eigi einatt verið svo ant um að fylgja fram því einu, er hann vissi *rétt* vera, sem skyldi.

Annars nægir væntanlega að benda háttv. þingmanni á það, að ið *illa*, þ. e. siðfræðilega ranga, á *aldrei* að fremjast — þ. e. ekki í eitt einasta skifti. En hvaða hlutdeild átti eigi þingmaðurinn í ritsímalögunum frá 22. Okt. 1912? Og er hann þar eigi sá, er *enn* fylgir fram inu *ranga* og bregzt að eins *reiður* við, sé honum — sem af mér gert, sbr. nefndarálit mitt og þingræðu mína fyr í dag — bent á ið *sanna* og *rétta?*

Eg býst nú ekki við, að nokkuð þýði að fara frekara út í þessa sálma. En eg held sem fyr fast fram inni »rökstuddu dagskrá«, sem bent er á í nefndaráliti mínu. Og þótt ið gagnstæða verði hér enn ofan á, *þvæ eg mínar hendur* — hefi gert mitt til þess að opna svo augu háttvirtra þingdeildarmanna, að þeir finni sér *skylt* að stuðla að því, að *ójafnaðar-* og *ranglætis-stefnan*, sem ofan á varð á aukaþinginu í fyrra, verði ekki ríkjandi áfram í þjóðfélagi voru.

ATKV.GR.:

Rökstudd dagskrá á þgskj. 603[1]), feld með 14:5 atkv.

Brtill. 600, 1, við 1. gr. samþ. með 13:7 atkv.

2. gr. samþ. með 15. shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 18:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Benedikt Sveinson |
| Jón Jónsson | Bjarni Jónsson |
| Einar Jónsson | Björn Kristjánsson |
| Guðm. Eggerz | Jón Ólafsson |
| Halldór Steinsson | Sig. Sigurðsson |
| Hannes Hafstein | Skúli Thoroddsen |
| Jóh. Jóhannesson | Valtýr Guðmundss. |
| Jón Magnússon | |
| Kristján Jónsson | |
| Magnús Kristjánss. | |
| Matthías Ólafsson | |
| Ólafur Briem | |
| Pétur Jónsson | |
| Stefán Stefánsson | |
| Tryggvi Bjarnason | |
| Þorleifur Jónsson. | |

Kristinn Daníelsson og L. H. Bjarnason greiddu ekki atkvæði og töldust til meiri hlutans.

Brtill. 600, 2, við 4. gr., samþ. með 14:2 atkv.

5. gr. (óbreytt) samþ. með 13 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin talin samþ. án atkvæðagreiðslu.

Frumvarpinu vísað til 3. umræðu með 12:5 atkvæðum.

---

FRUMVARP til laga um forðagæzlu (514, n. 617); 2. umr.

Frumvarpið tekið út af dagskrá.

---

FRUMVARP til laga um hallærissjóð (344, n. 625); 2. umr.

Frumvarpið tekið út af dagskrá.

---

FRUMVARP til laga um lögskipaða endurskoðendur (193, n. 598, 627); 2. umr.

**Frams.m. meiri hlutans (Jón Ólafsson):** Herra forseti! Nefndin er

[1]) Þessi dagskrá er í skjalaparti á tilvitnuðum stað, en hana vantar í registrið eins og fleiri rökstuddar dkgskrár.

öll á einu máli um það, að æskilegt sé að hafa hér löggilda endurskoðendur; um það var enginn ágreiningur í nefndinni.

Frumvarpið sjálft er stutt, að eins þrjár greinir, og felur í sér fáar ráðstafanir. En það sem frumvarpið nemur, hnígur að því að gera ýmsum félögum kost á að leggja reikninga sína undir löggilta endurskoðendur.

Svo fór, þótt frumvarpið sé stutt, að nefndin klofnaði í tvent. Minni hlutinn vill skylda félögin til að nota endurskoðendur, vill láta skifta landinu í umdæmi og gera lögin þegar almenn.

Meiri hlutinn aftur á móti telur það gagnlegt að fá lögskipaða endurskoðendur, en telur að framan af verði ekki alstaðar völ á svo mörgum mönnum, er fullnægi þeim skilyrðum, sem stjórnarráðið mun setja, svo að ekki sé kleift að lögbjóða þetta um land alt. Það má gera ráð fyrir því sumstaðar, að sækja þurfi til endurskoðanda langt að, og gæti það orðið smáum félögum ærið tilfinnanlegur kostnaður Þess vegna vill meiri hlutinn láta þetta að eins vera heimildarlög. Skilyrði fyrir því, að maður geti orðið endurskoðandi, eru í 2. gr., eftir breyt.till. meiri hluta nefndarinnar, þau, að hann hafi náð lögaldri, sé fullráði fjár síns og hafi óflekkað mannorð. Ennfremur vill meiri hlutinn, að það skilyrði sé sett, að stjórnarráðið eða nefnd manna, er stjórnin skipar, úrskurði, hvort maðurinn sé fær um starfið.

Nefndin vill láta það vera frjálst fyrst í stað, hvort lögin séu notuð, vill ekki leggja mönnum þá skyldu á herðar. En það er víst, að þeim mun skjótt fjölga, er nota lögskipaða endurskoðendur, því að skýrslur slíkra manna um fjárhag eru ætið talin in mesta trygging í viðskiftum öllum. Þegar stundir líða fram, mun verða orðin völ á svo mörgum mönnum til þessa starfs víðsvegar um land alt, að lögbjóða má, að öll félög noti endurskoðendur.

Eg skal taka það fram, að enginn þarf að kveinka sér við að greiða atkv. með þessu frv. af ótta við það, að endurskoðendur þessir fái nokkur laun úr landssjóði; þaðan fá þeir ekki 1 eyri. Enginn verður skipaður til starfsins, sá er ekki sækir um það.

Einnig fer meiri hlutinn fram á það, að dómstólar skuli, þegar þeir þurfi á efnislegri endurskoðun (kritisk Revision) að halda, nota lögskipaða endurskoðendur, ef til þeirra næst.

Þá er stjórninni í 6. gr. falið nánara að ákveða verksvið þeirra.

Breyt.till. nefndarinnar eru ekki annað en orðabreytingar og ágreiningurinn er, eins og eg hefi sagt, ekki annar en sá, hvort *skylt* skuli að útnefna svo og svo marga menn og *óheimilt* skuli, þegar frá byrjun, að nota aðra endurskoðendur.

Háttv. minni hluti hefir látið það í ljósi, að falli hans tillögur, muni hann samþykkja tillögur meiri hlutans.

Eg hefi nú skýrt frá áliti beggja aðilja á þessu máli og vænti að það fái góðan byr hér í deildinni.

**Framsögum. minni hl. (Bjarni Jónsson):** Háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) hefir í ræðu sinni talað fyrir allrar nefndarinnar hönd, því þótt hún skifist í meiri og minni hluta, þá er ekki skoðanamunur nema í einu atriði. En það atriði verð eg raunar að leggja talsverða áherzlu á. Þegar eg bar fram þetta frumv., þá virtist mér það vera eitt af aðalatriðunum, að menn skyldu vera skyldugir til að nota þessa lögskipuðu endurskoðendur. Eg get ekki séð annað en mikil trygging sé einmitt í þessu atriði. Það útilokar hvern sem vera vill og ef til vill er mjög fús á að endurskoða hjá sér nákomnu félagi. Óprúttin gróðabrallsfélög gætu notað sér

það að láta sér holla menn endurskoða reikningana, ef þessi skylda hvíldi ekki á þeim. Þetta viljum við minni hlutinn koma í veg fyrir og því leggjum við áherzlu á, að viðaukatillaga okkar verði samþykt líka. Meira virðist mér óþarfi að taka fram. Að eins skal eg geta þess, að breyt.till. nefndarinnar eru allar orðabreytingar, sem eru framkomnar fyrir tilmæli hæstv. ráðherra, sem ekki þótti upprunalega frumvarpið nógu greinilegt. Nefndin félst á athugasemdir hans og ber því fram þessar breyt.till.

Skal eg svo ekki fjölyrða um þetta. Eg vona að allar tillögur nefndarinnar og svo viðaukatillaga okkar nái fram að ganga.

**Frams.m. meiri hlutans (Jón Ólafsson):** Herra forseti! Eg get tekið undir það með háttv. þm. Dal. (B. J.), að frumvarp meiri hlutans er öll nefndin samdóma um. Ágreiningurinn er að eins um þessa viðaukutill., hvort gera skuli mönnum að skyldu þegar í byrjun að nota þessa lögskipuðu endurskoðendur eina.

Mér heyrðist það í nefndinni á háttv. þm. Dal. að hann hugsaði sér, að landinu yrði í byrjun skift í 4 umdæmi með einum endurskoðanda í hverju. Ef á að gera öllum félögum, sem nefnd eru í frumvarpinu, að skyldu að nota einn endurskoðanda, og engan annan en einhvern inna lögskipuðu, þá er eg hræddur um að það yrði mörgum talsvert kostnaðarsamt og erfitt að ná í einhvern þeirra og sumum jafnvel um megn. Það yrði ekki lítill kostnaðarbaggi á smáfélög, sem ekki hafa meiri viðskiftaveltu um árið en 2—500 kr., að þurfa að kosta mann til þessa starfa, sem sóttur væri mjög langt að. Það gæti alveg gleypt félögin. Sama máli gegnir um ýmsa smásjóði, sem stofnaðir eru í guðsþakkaskyni, en ekki hafa miklu fé yfir að ráða.

Viðvíkjandi því, sem háttv. þm. Dal. var að tala um, að nauðsynlegt væri, að skylda menn til að nota þá lögskipuðu endurskoðendur eina til þess að koma í veg fyrir að »Svindel«-félög gætu sýnt skakka reikninga, þá vil eg geta þess, að ekki er svo mikil hætta á því, sakir þess, að þeir menn, sem lána slíkum félögum peninga, munu sjálfir sjá svo um, að endurskoðunin sé svo trygg, að hún sýni ljóslega hag félagsins. Annars mega þeir sjálfum sér um kenna.

Eg skal svo ekki fjölyrða um þetta, en vænti að málið fái góðar undirtektir.

**Framsögum. minni hl. (Bjarni Jónsson):** Eg býst við að mönnum sé nú orðinn ljós munurinn á skoðunum meiri og minni hlutans.

Viðvíkjandi því sem háttv. þm. sagði um, að eg hefði ætlast til að landinu yrði upprunalega skift í 4 umdæmi, þá skal eg geta þess, að mér hefir aldrei dottið slíkt í hug. Eg ætlaði stjórninni að sjá um að skifta héruðunum og treysti henni til að hafa nægа þekkingu á því, hve margra sé þörf, og sjá svo um, að engum verði ofraun að ná í endurskoðendur.

Til þess að draga úr því sem eg sagði um óreiðufélög, sagði háttv. þm., að þeir sem lánuðu slíkum félögum fé, mundu sjálfir sjá um, að endurskoðunin væri trygg. Það er mikið rétt. En eg átti alls ekki við þá sem lánuðu slíkum félögum fé, heldur hina, sem gintir væru til hlutakaupa í slíkum félögum með skökkum reikningum, er stöfuðu af lélegri eða vísvitandi rangri endurskoðun. Eg vil með því að gera þetta að skyldu, tryggja það, að slíkt komi ekki fyrir.

Þá skal eg geta þess, sem mér láðist að minnast á áðan, að brtill. minni hl. við 7. gr. er ákvæði, sem ekki stendur annarstaðar í frumv. eða nefndaráliti meiri hlutans. Það lýtur að því, að þessir endurskoðendur megi ekki vera embættismenn, sýslunarmenn o s. frv. eða launaðir af annara fé. Svo er því einnig fyrir komið í öllum þeim löndum, sem við höfum náð til að athuga.

Þar sem meiri hlutinn leggst ekki fast á móti viðaukatill., sé eg ekki ástæðu til að tala frekara, en vona að bæði meiri og minni hluta tillögurnar verði samþyktar.

**Framsm. meiri hl. (Jón Ólafsson):** Herra forseti! Háttv. minni hl. neyðir mig til þess að standa upp einu sinni enn.

Eg stend við það, að mér heyrðist svo á honum í nefndinni, sem það vekti fyrir honum, að byrja með lögskipuðum endurskoðendum í stæri kaupstöðunum, og þá getur orðið talsvert erfitt og kostnaðarsamt að ná í þá fyrir fjarlæg héruð. Og honum hlýtur líka að vera það ljóst, að ekki er auðið að byrja nema með fáum og stórum umdæmum. Þeim getur fjölgað seinna.

Viðvíkjandi því sem hann var að tala um hlutafélögin, að það væri hluthafanna vegna, að hann vildi lögskylda þau til þess að nota þessa einu endurskoðendur, þá skal eg geta þess, að þetta gæti venjulega því að eins komið að gagni, að endurskoðun væri lögleidd á hlutaútboðinu (Prospectus). En hafi menn einu sinni neglt sig, þá verður ekki feigum forðað. Þeir verða að bera skellinn og mega sjálfum sér um kenna. Þetta væri að vernda þá fyrir sjálfum sér — og mundi samt ekki koma að haldi. Eg get því ekki lagt mikið upp úr þessari ástæðu hans.

Líka er eg sannfærður um það, að þeir sem til ná, muni einmitt nota þessa lögskipuðu endurskoðendur og enga aðra, en hinum, sem fjarlægari eru, sérstaklega smáfélögum og sjóðum, yrði alt of mikið íþyngt með þessari skyldu. Kostnaðurinn við endurskoðunina gæti alveg gleypt þau.

**Framsögum. minni hl. (Bjarni Jónsson):** Eg hefi aldrei sagt, að eg byggist við að endurskoðendur yrðu ekki settir nema í stærri kaupstöðum. Eg hefi þvert á móti sagt það við háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.), að eg byggist við, að færir menn til þessa starfa fyndust í hverri sýslu og yrði skipaðir þar.

Hann verður að halda mér til góða, þótt eg hafi ekki í þessu sambandi samið nein lög um »prospectus«, sem hann kallar. Það liggur alls ekki fyrir hér.

Viðvíkjandi því sem eg sagði um hlutafélögin, þá er það alveg rétt, því að menn verða ekki eins frakkir á að narra menn, þegar þeir vita, að þeir eiga að leggja reikningana undir lögskipaða endurskoðendur. Þetta átti því að vera vernd gegn slíkum »prospectus«. Líka mundu endurskoðendur geta, þó í óefni væri komið, verndað handa hlutafélögum þær leifar, sem kynnu að vera eftir að fyrsta árinu liðnu.

Það er ekki sama að vernda meðlimi fyrir sjálfum sér og vernda þá fyrir óhlutvandri stjórn. Stjórnandinn getur haft margar tungur, en hann verður aldrei að mörgum einstaklingum.

**Jón Magnússon:** Eg hygg, að nokkuð lengra sé farið í þessu frumv. en háttv. flutningsm. hafi ætlast til. Eg hygg t. d. að það geti varla verið meiningin — en svo kemur það fyrir sjónir í frumv. — ef tveir menn leggja fé í eitthvert fyrirtæki, t. d. halda úti bát, að þeir séu þá skyldir að láta endurskoða reikninga sína árlega. Það getur ómögulega verið rétt, að setja hvern einn smáatvinnufélagsskap undir opin-

bert eftirlit, enda yrði það til að baka mönnum alveg óþarfan og oft óhæfilegan kostnað.

ATKV.GR.:

Brt. 598, 1, samþ. með 16 shlj. atkv.

Brt. 627, 1, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brt. 598, 2 (1. gr.), samþ. með 19 shlj. atkv.

Brt. 627, 2, samþ. án atkv.gr.

Brt. 598, 2 (2. gr.), samþ. með 17 shlj. atkv.

Brt. 598, 2 (3. gr.), samþ. með 19 shlj. atkv.

Brt. 627, 3, samþ. án atkv.gr.

Brt. 598, 2 (4. gr.), samþ. með 18 shlj. atkv.

Brt. 598, 2 (5. og 6. gr.), samþ. með 18 shlj. atkv.

Brt. 627, 4, orðabreyting, samþ. án atkv.gr.

Viðaukatill. minni hl. 598 (7. gr.), feld með 11:6 atkv.

Viðaukatill. minni hl. 598 (8. gr.), sjálffallin.

Brt. 598, 3 (3. gr. frv. falli niður), samþ. með 13 shlj atkv.

Brt. 598, við fyrirsögn, samþ. án atkvgr.

Vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

---

FRUMVARP til laga um heimild fyrir stjórnarráðið til þess að veita mönnum rétt til þess að vera dómtúlkar og skjalþýðendur (194, n. 226); 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKV.GR.:

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkv.gr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

---

FRUMVARP til laga um breyting á 16. gr. laga nr. 29, 16. Nóv. 1907 (336, 378, n. 608); 2. umr.

**Framsm. (Kristinn Daníelsson):** Þessu máli var vísað til sjávarútvegsnefndarinnar og eins og nefndarálitið ber með sér, félst nefndin á að ráða háttv. deild til að samþykkja frv. með þeirri brt., sem fyrir liggur.

Mönnum er það kunnugt, að með lögum 1907 var stofnuð lánsdeild við Fiskiveiðasjóð Íslands. Þessi lánsdeild átti ekki að starfa nema 5 ár, nema lögin yrðu endurnýjuð, og var mælt svo fyrir, að það skyldi gert 1913. Nú hefir lánsdeildin ekki tekið til starfa og skilyrði til að gera lög þar að lútandi eru ekki fyrir hendi. Það er því engin reynsla fengin í þessu efni og verður að fresta endurskoðun laganna og lengja jafnframt heimildina til að lánsdeildin megi lána út, og að því stefnir þetta frumv. Nefndinni kom saman um, að það væri in mesta nauðsyn á að þetta gæti komið til framkvæmdar sem allra fyrst, þar sem stofnun slíkrar lánsdeildar myndi verða til mikillar lyftingar fyrir sjávarútveginn. Eins og bent er á í nefndarálitinu, eru líkur til að sala bréfanna muni takast. Nefndinni datt í hug að koma með þingsályktunartillögu í þessu efni, en hætti þó við það og lét sitja við þau ummæli, sem í nefndarálitinu eru um þetta, og undirstryka þau frekara í umræðum, sem eg hér með leyfi mér að gera.

Eg skal svo ekki fara frekari orðum um þetta mál að sinni, en leyfi mér í nafni nefndarinnar, að ráða háttv. deild til að samþykkja frumvarpið með þeirri breytingu, sem breyt.till. á þgskj. 378 felur í sér.

ATKV.GR.:

Brt. 378, samþ. með 12:1 atkv.

Frumv.gr. þar með ákveðin.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Frumvarpinu vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

---

Útbýtt var í deildinni meðan fundur stóð yfir:

1. Breytingartillögu við frv. til laga um hallærissjóð. Frá Kristni Daníelssyni (676).
2. Frv. til laga um samþykt á landsreikningnum fyrir árin 1910 og og 1911. Eftir 3. umr. í Nd. (669).

Útbýtt var frá Ed.:

1. Nefndaráliti um frv. til laga um að landssjóður leggi Landsbankanum til 100,000 krónur á ári í næstu 20 ár (673).
2. Breytingartillögum við frv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915. Frá fjárlaganefndinni.
3. Tillögu til þingsályktunar um að stjórnin láti skoða og ákveða brúarstæði á Miðfjarðará í Húnavatnssýslu og gera áætlun um kostnað við brúargerðina. Flutnm.: Þórarinn Jónsson (668).
4. Frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um in sérstaklegu málefni Íslands 5. Janúar 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. Okt. 1903. Eftir 3. umræðu í Nd. (667).

Fundi slitið.

---

## 50. fundur.

Miðvikudag 3. Sept. 1913, kl. 12 á hád.

Dagskrá:

1. Frv. til girðingalaga (558, n. 642); ein umr.
2. Frv. til laga um samþyktir um herpinótaveiði á Eyjafirði og Skagafirði (586, n. 662); ein umr.
3. Frv. til laga um friðun æðarfugla (630, n. 647); ein umr.
4. Frv. til laga um friðun fugla og eggja (241, n. 637, 640); 2. umr.
5. Frv. til laga um að leggja jarðirnar Bústaði og Skildinganes undir lögsagnarumdæmi og bæjarfélag Reykjavíkur (309, n. 624 og 641); 2. umr.
6. Frv. til laga um málskostnað (200, n. 643); 2. umr.
7. Frv. til laga um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum (331, 651); 2. umr.
8. Frv. til laga um forðagæzlu (514, n. 617); 2. umr.
9. Frv. til laga um hællærissjóð (344, n. 625, 676); 2. umr.
10. Tillaga til þingsályktunar um strönduð skip (612); ein umr.

---

Allir á fundi.

Fundargerð síðasta fundar samþ. og staðfest.

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið í deildinni:

1. Nefndaráliti um frumv. til laga um breyting á og viðauka við lög 22. Nóv. 1907, um bæjarstjórn í Hafnarfirði (685).
2. Frv. til laga um breyting á 16. gr. laga nr. 29, 16. Nóv. 1907. Eftir 2. umr. í Nd. (681).
3. Frv. til laga um breyting á lögum 22. Okt. 1912, um ritsíma og talsímakerfi Íslands. Eftir 2. umræðu í Nd. (682).
4. Frv. til hafnarlaga fyrir Vestmannaeyjar (674). Eftir 2. umr. í Nd.
5. Breytingartillögu við frv. til laga um sparisjóði. Frá Stefáni Stefánssyni (684).
6. Alþingistíðindum 1913, A. 13. hefti.

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið frá Ed.:

1. Frv. til laga um heimild fyrir lands-

stjórnina til að selja prestinum að Kolfreyjustað landsspildu i Innri-Skálavík. Eftir 3. umr. í Nd. (671).

2. nefndaráliti um frv. til laga um íslenzkan fána. Frá meiri hlutanum (677).
3. Breytingartillögum við sama frumv. Frá meiri hlutannm (678).
4. Frv. til laga um mannanöfn. Eftir 3. umr. í Nd. (672).
5. Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1910 og 1911. Eftir 3. umr. í Nd. (670).
6. Frv. til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbankans til að gefa út 4. flokk (Serie) bankavaxtabréfa. Eftir 2. umr. í Nd. (675).
7. Nefndaráliti um frumv. til laga um viðauka og breyting á lögum um aðflutningsbann á áfengi nr. 44, 30. Júlí 1909. Frá meiri hluta nefndarinnar (679).

Forseti skýrði frá, að lagt hefði verið fram á lestrarsal:

Bréf frá Guðmundi Hannessyni prófessor ásamt eftirriti af bréfi til stjórnarráðsins viðvíkjandi Arnarhólstúni og opinberum byggingum þar.

Þá var gengið til dagskrár og tekið fyrir:

FRUMVARP til girðingalaga (588, n. 642); e i n u m r.

**Frams.m. (Sigurður Sigurðsson):** Efri deild hefir gert nokkrar breytingar á þessu frumv. En í framhaldsnefndaráliti landbúnaðarnefndarinnar er gerð grein fyrir þessum breytingum, svo eg ætla að það sé óþarft að endurtaka það sem þar stendur (þgskj. 642). Þó get eg ekki leitt hjá mér, að minnast á nokkrar breytingar, er máli skifta, og skal eg þá fyrst minnast á breytinguna við 8. gr. Það hafði verið svo ákveðið í frumv., þegar það fór héðan úr deildinni, að girðingarskyldan kæmi þá að eins til greina, er tún og engjar fleiri jarða lægju saman. En efri deild hefir nú bætt inn því ákvæði, að girðingarskyidan skuli einnig ná til þess, er tún og engjar jarða liggja að beitilandi annarar jarðar. Þessi breyting gengur í þá átt, að færa ákvæði 8. gr. nær því sem upphaflega var til ætlast, þegar frumv. var flutt hér inn í deildina. Eg get því eðlilega fallist á þessa breytingu, og skal um leið lýsa yfir því fyrir hönd nefndarinnar, að hún mun sætta sig við orðinn hlut í þessu efni. Önnur veruleg breyting, sem efri deild hefir gert á frumv., er um það, hvert sækja skuli um leyfi þegar um það er að ræða, að girða fyrir veg og setja hlið á fyrir veginum með grind í hliðinu. Girðingalögin ákveða um þetta, eins og kunnugt er, að leita skuli leyfis landsstjórnarinnar, þegar um flutningabrautir, þjóðvegi eða fjallvegi er að ræða, en leyfis sýslunefnda, þegar um hreppsvegi eða sýsluvegi er að ræða. Við umræðurnar í neðri deild voru talsvert skiftar skoðanir um þetta atriði. Nokkrir voru á því, að ekki ætti að þurfa að sækja um leyfi til neinna stjórnarvalda, en niðurstaðan varð sú, að frv. var í þessu efni algerlega í samræmi við vegalögin, þegar það fór héðan til efri deildar. Nú hefir efri deild farið meðalveginn í þessu, og ákveðið, að að eins skuli leita leyfis sýslunefnda, þegar um flutningabrautir er að ræða. Efri deild leit svo á, að þetta kæmi mest við sýslunefndunum, þar sem viðhald flutningabrauta er lagt á sýslusjóðina, og væri því ekki áríðandi að láta stjórnina fjalla um þau mál. Nefndin getur sætt sig við greinina, eins og hún er nú orðin í frumv.

Þá er í þriðja lagi bætt inn í frumv. grein, sem verður 12. gr., og ræðir um stórgripagirðingar með einum eða tveimur gaddavírsstrengjum. Þar er ákveðið,

að eigandi slíkrar stórrgipagirðingar skuli sæta sektum og greiða skaðabætur, ef fénaður meiðist fyrir það að girðingin er í ólagi eða vanhirðu. En nefndin lítur svo á, sem það sé réttur skilningur á greininni, að þessi ákvæði um sektir og skaðabætur eigi einungis við að því er snertir stórgripagirðingar með *einum streng eða tveimur.*

Aðrar breytingar, sem efri deild hefir gert á frumv., skifta ekki máli. Nefndin álítur, að þessar breytingar séu ekki til verulegra bóta, en vill hins vegar ekki eiga í að koma með nýjar btill., og leggur því til, að frumv. verði samþykt eins og það nú liggur fyrir.

ATKV.GR.:

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv.

Afgr. til ráðherra *sem lög frá Alþingi.*

---

FRUMVARP til laga um samþyktir um herpinótaveiði á Eyjafirði og Skagafirði (586, n. 662); e i n u m r.

**Framsögum. (Stefán Stefánsson):** Eg hefi áður tekið fram helztu atriði viðvíkjandi þessu máli og af hverjum ástæðum það er fram komið, og skal eg ekki fjölyrða um það nú. Eg skal geta þess, að efri deild hefir gert þrjár breytingar á frv. frá því sem samþykt var hér í deildinni. Tvær þessara breytinga eru fremur smávægilegar, en að mínu áliti þó til verulegra bóta. Önnur breytingin er í því fólgin, að tiltekinn er viss staður vestan Eyjafjarðar, sem takmarkalínan stefnir frá um nyrðri enda Hríseyjar til lands að austanverðu fjarðarins. Takmarkalínan hefir þannig að eins verið ákveðin nánara heldur en áður var, þar sem þá var ekki tilnefnt annað en norðurendi Hríseyjar. Í öðru lagi hefir verið breytt fyrirsögn frumvarpsins þannig að orðið »herpinót« er notað í stað orðsins »hringnót«. Þessi orðabreyting mun aðallega stafa af því, að annað frv. hefir verið til meðferðar í þinginu viðvíkjandi síldveiði, og var þetta veiðarfæri þar nefnt »herpinót«. Þessi breyting miðar því til þess eins, að veiðarfærið sé nefnt sama nafni í báðum frumv. En svo er aðalbreytingin um það, að heimild til að gera samþyktir um herpinótaveiði nái einnig til insta hluta Skagafjarðar. Að vísu var svipuð tillaga feld hér í deildinni við 2. umr. málsins, en sá var þó munur á, að þar var takmarkalínan ákveðin nokkru norðar á firðinum. Hún er nú ákveðin innan beinnar línu milli syðri enda Þórðarhöfða og Ingveldarstaðarbæjar á Reykjaströnd, og segja kunnugir menn, að það muni um eina mílu frá því sem áður var. Það mun vera mjög lítið um herpinótaveiði á þessu svæði, og til lítilla nota fyrir herpinótaveiðendur, svo að það virðist ekki vera minsta átylla til að álíta, að þetta geti orðið skaðlegt fyrir herpinótaveiði þar.

Það hefir farið líkt fyrir háttv. þm. Skagf. í efri deild eins og fyrir mér, að við höfum orðið að slá töluverðu af þeim upphaflegu kröfum, sem kjósendur okkar og þingmálafundir í þessum kjördæmum skoruðu á okkur að flytja fram á þinginu.

Eg skal láta þess getið, að háttv. efri deild leitaði í þessu máli álits þess manns, sem líklega hefir bezt vit á því hér á landi, þar sem er Bjarni fiskifræðingur Sæmundsson, og áleit hann það meinlaust sem tilraun, að heimila slíkar samþyktir, sem hér er farið fram á. Einnig hefir verið minst á þetta við gamlan og reyndan skipstjóra einn, sem er mjög fróður í þessum efnum, og álítur hann það sama, að af þessu geti engan verulegan skaða leitt.

Þá hafa sumir viljað hafa það á móti þessu máli, að fiskveiðasamþyktir, þær sem áður hafa verið gerðar hér á landi, hafi ýmist verið brotnar eða til beins skaða fyrir veiðiskap alment. En jafnvel þótt sú hefði verið reynslan um sumar samþyktir, þá álít eg að þessi heimild til fiskveiðasamþykta sé alt annars eðlis og ekki sambærileg við aðrar samþyktir.

Eg sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um málið að svo stöddu og treysti því, að menn láti það ekki falla við þessa umræðu, þar sem öllum hlýtur að vera það ljóst, að það hefir verið slegið miklu af inum upphaflegu kröfum og hins vegar vitanlegt, að álit almennings er, að þessi veiðiaðferð hafi haft stórspillandi áhrif á veiðiskapinn, sérstaklega þó á Eyjafirði. Málið fór héðan úr deildinni með talsvert miklum atkvæðamun, og eg sé ekki að þær breytingar, sem efri deild hefir gert, geti orðið þess valdandi, að menn verði nú fráhverfari málinu heldur en áður. Og í efri deild var það afgreitt með mjög miklum atkvæðamun. Eg hefi því beztu von um að það nái fram að ganga í þeirri mynd, sem nú hefir það.

**Bjarni Jónsson:** Þótt eg vilji margt gera fyrir háttv. 1. þm. Eyf. (St. St.), er mér ómögulegt að fylgja honum að málum í þessu, því að eg get enga ástæðu séð til þess að hefta atvinnuveg Íslendinga á þessum svæðum. Ástæður hafa heldur engar verið færðar fram með þessu, því að þetta sem haft er eftir Bjarna Sæmundssyni, hlýtur annað hvort að vera rangt hermt eða misskilið. Ef þetta er öllum skaðlaust, þá er ekki til neins að vera að gera samþyktir um það, og ef skipin hafa engan hag af því að koma á þessi svæði, þá myndu þau alls ekki koma þangað.

Það hefir verið upplýst hér í deilnini, að síldin væri sú kynjakind, að verði hún vör við herpinót, þá leggi hún þegar á haf út, en sjái hún þó ekki sé nema sporð á hval, þá leggi hún þegar til lands og upp í fjöru.

En ef mönnum ber svo á um eðli þessa fisks, sem hér hefir orðið raun á, þá held eg að sé bezt að lofa síldinni að synda sinn eigin sjó, og leyfa henni að leggja út á haf þegar hún vill það, og upp í fjöru þegar hún vil það. En það er ekki rétt að meina þeim mönnum, sem hringnótaveiði nota, að veiða á neinum sérstökum bletti, en skylda þá til að veiða fyrir utan hann, ef þeir á annað borð vilja veiða á því svæði. Þessir menn, sem hafa stundað hringnótaveiði á þessum stað, hafa gert þeim héraðsmönnum, sem þar búa í kringum fjörðinn, stórmikið gagn, og það meðal annars af því, að þeir hafa gætt landhelginnar fyrir útlendum botnvörpungum. Er því in mesta fásinna og ranglæti að banna þessum mönnum að veiða þar með þeirri veiðiaðferð, sem þeir vilja nota.

En ef svo verður, sem mér leikur grunur á, að þetta frumv. fái fram að ganga — eins og reyndar flest þau málin, sem mest eru vanhugsuð — þá hugsa eg, að á þessu þingi eða næsta þingi, gæti menn fengið það samþykt, að menn sem búa við Faxaflóa, fái leyfi til þess að gera samþyktir um veiðiskap þar, svo þeir geti heimtað toll af öllum þeim fiski, sem þar yrði veiddur af mönnum úr öðrum landshlutum. Slík heimildarlög væri sjálfsagt að gefa út, ef þetta frumv. verður samþykt. Væri það jafnsómasamlegt, að gefa út slík lög og þessi. Því auðvitað er það, að fiskur, sem dreginn er af Norðlendingi, getur ekki líka verið dreginn af t. d. manni, sem á heima á Vesturlandi.

Að samþykkja þessi lög er auk þess það sama sem að fara með atvinnugrein Íslendinga eins og hún væri eign út-

lendinga. Er eg því nú sem fyr algerlega á móti þessu frumv., eins og eg aldrei mun vera með þeim frumv., sem fara í þá átt að hefta atvinnufrelsi Íslendinga sjálfra.

**Framsögum. (Stefán Stefánsson):** Háttv. þingm. Dal. (B. J.) gerði ekki mikið úr umkvörtunum Eyfirðinga yfir hringnóta veiðiskapnum. Sagði hann, að það hefðu ekki verið nema einn eða tveir bændur, sem hefðu kvartað yfir aflaleysi vegna hringnótaveiðanna. En svo er heldur ekki. Get eg því til sönnunar skírskotað til þingmálafundargerða í Eyjafirði um þetta mál.

Treysti eg því, að háttv. þingdeild trúi því betur, en því sem þingmaðurinn kann að segja um það hér í deildinni.

Hér er því ekki um einn eða tvo bændur að ræða, heldur undantekningarlaust hvern einasta bónda í þeim héruðum — nema þótt eg geti ef til vill undanskilið einn einasta mann — sem óska þess, að bönnuð verði herpinótaveiði inni á Eyjafirði.

Hér er líka að eins farið fram á að veiðin verði bönnuð 5 ára tíma, en verði hins vegar engin breyting á með netasíldveiðar á þeim tímaa, þá leikur enginn vafi á því, að þessi samþykt verður ekki endurnýjuð, og því er ekki á neinn hátt miklu spilt, þótt þetta frumv. fái fram að ganga.

Það hefir verið talað um það, hvers vegna menn kærðu sig um að veiða á þessum sviðum. En það er ofboð eðlilegt, að menn vilji veiða þar, því menn vilja auðvitað helzt fara þangað sem styzt er. En þótt því sé nú slept, þá finst mér ekki rétt að gera meira úr lítilli kolaeyðslu; meta hana meira en almennings hag af veiðiskapnum.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) var að minnast á það að herpinótaveiðamennirnir hefðu gætt landhelginnar fyrir útlendum botnvörpungum. En því höfum við aldrei haft neitt á móti og þessir menn geta gætt hennar alveg eins eftir sem áður, því það er afar stórt svæði, sem þessir menn geta veitt á og gætt landhelginnar, á öllum Eyjafirði fyrir utan Hrísey, og yrði því það svæði enn betur varið en áður. Þessi landhelgisgæzla yrði því að engu leyti verri þótt þetta frumv. fengi fram að ganga.

Annars er ekki til neins að vera að tala um þetta frekara eða vera að yrðast altaf um sama hlutinn, einkanlega er það óþarft, þegar engin br.till. hefir komið fram við frumvarpið.

**Mattías Ólafsson:** Það hefir verið talað svo margt um veiðiskapinn á Eyjafirði, og hvernig sé að veiða þar í stormi. Veit eg það vel að vel má fiska fyrir innan Hrísey, þó að stormur sé fyrir utan hana, svo ekki megi fiska þar. Eg þekki það vel sem gamall sjómaður, að þótt stormur sé úti á hafi, þá getur þó verið alveg logn inni á firðinum, og þó eg þekki ekki Eyjafjörðinn af eigin reynslu, þá hugsa eg að hann sé í þessu eins og aðrir firðir.

Engar sannanir eru enn þá komnar fyrir því að hringnótaveiðin sé skaðleg fyrir síldarveiðina á Eyjafirðinum. Hvað það snertir, sem hann hefir sagt um það þessi gamli skipstjóri, þá held eg að það sé lítið að marka hvað hann segir um hringnótaveiði á Eyjafirði, því eg veit ekki til að hann hafi nokkurn tíma verið við veiðiskap síðan hringnótaveiðiskapurinn byrjaði. *(Pétur Jónsson:* Hann er þó á lífi enn þá). Já, mér þykir það nú ekkert ósennilegt, og varla hefði hann verið að segja háttv. flutningsmanni um þetta, væri hann ekki lifandi. Og þó hann sé nú á lífi, þá hefi eg þó heyrt að hann kæmi nú aldrei á sjó, heldur héldi sér á þurru landi. Og það sem hann segir það er því bara ímyndun hans, en ekki bygt á neinni reynslu.

Hvað það snertir, sem haft er eftir fiskifræðingnum, að síldin flýji út úr firði þegar hún verði vör við herpinót, þá held eg að það sé ekki haft rétt eftir.

Það er því víst að þessi lög mundu baka þeim tjón, sem herpinótaveiði stunda, en engin sönnun er framkomin fyrir því að þau myndu verða nokkrum manni að gagni. Það er alveg meinlaust að leyfa herpinótaveiði hvar sem er, og þá ekki síður á Eyjafirði.

Annað mál er það, að banna herpinótaveiði á Skagafirði; það er nokkurn veginn sama hvort hún er bönnuð á Héraðsvötnunum eða á Skagafirðinum, hvorugt mundi gera neinn skaða, en þá auðvitað heldur ekkert gagn. Þar er ilt að fiska og heldur ekki er Skagafjörðurinn neitt fiskisæll. Þar væri því meinlaust að banna hringnótaveiði ef hún á annað borð á nokkursstaðar að vera bönnuð. Og ef ekki verði neitt samþykt hér af frumvarpinu annað en það, að Skagfirðingum sé leyft að gera samþyktir um hringnótaveiði hjá sér, stendur mér það á sama, og þá má hv. framsögum. gera sig ánægðan með að koma heim með þennan ræfil af frv., því eg veit að Akureyringar verða á móti því, að samþykt verði gerð um Eyjafjörðinn og þá er eg ánægður.

En þó nú að einhverju leyti væri rétt að samþykkja þetta frumvarp, þá er það þó frá einu sjónarmiði ekki rétt, frá þingsins sjónarmiði. Frá þingsins sjónarmiði er ekki rétt að gera svona lög, sem ekki eru bygð á öðru en ímyndun, og því yrðu hégóminn einber. Það ætti að reyna að koma í veg fyrir það að þingið sýndi þá vanhugsun að láta svona lög frá sér fara, sem maður veit að gerir skaða, en engin vissa er fengin fyrir að geri nokkurt gagn.

Þegar þetta frumvarp var hér í deildinni var eg einráðinn í því að greiða atkvæði á móti því, og er eg það enn, því engin bót hefir verið gerð á því í efri deild.

**Pétur Jónsson:** Eg held að menn hér gái ekki að því, þegar þeir eru að ræða um þetta frumvarp, að hér er að eins um örlítið svæði að ræða. Menn tala hér eins og verið sé að hugsa um að hefta einhvern stóreflis útveg þeirra manna, sem stunda herpinótaveiði, og eins og þeir geti hvergi rekið þessa veiði nema á þessum litla polli, fyrir innan Hrísey á Eyjafirði. Þetta er að eins lítið svæði af öllu því svæði fyrir norðan land sem má veiða með herpinót. Auk þess vildi eg benda á að menn hafa ekki sérstaklega botnvörpuskip til þess að veiða síld fyrir innan Hrísey. Eg hugsa að ef hv. þm. færu að gera sig út þangað með botnvörpuskip til slíkra veiða að Eyfirðingar myndu hlægja drjúgan að þeim. Eg held að Eyfirðingar hafi betra vit á síldarveiði en flestir háttv. þm. hér. Og ef það væri hættulegt ákvæði að banna herpinótaveiði, þá mundu Eyfirðingar ekki hafa svona mikinn áhuga á því að fá því framgengt, eins og þeir hafa sýnt, þar sem þeir sjálfir geta veitt síld með herpinótum á mótorbátum.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) sagði að orð fiskifræðingsins myndu ekki vera rétt hermd. Hann sagði líka á þá leið, að skaðinn af herpinótaveiðinni fyrir Eyfirðinga hlyti að gefa tilsvarandi hagnað fyrir herpinótaeigendur, og þetta taldi hann nóg og réttmætt. En þetta er ekki rétt, þótt skaði og ábati féllist hér í faðma. Það er ekki rétt eða heppilegt, að aðvífandi menn geti komið og hrifsað til sín þá atvinnu, sem um langan tíma hefir verið bjargræðisvegur fyrir heil bygðarlög.

Háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ól.) sagði að það væri engin vissa fengin fyrir því, að herpinótaveiðin væri til skaða þeim

sem búa við Eyjafjörð og þessi lög yrðu engum til bóta.

Eg er viss um það, að háttv. þm. er þessu máli ekki svo kunnugur, að hann geti neitt fullyrt um það. Það sem hann hefir um það að segja, getur ekki stuðst við næga þekkingu og er því ekki annað en órökstudd staðhæfing.

Háttv. þm. hélt því fram að þeir, sem væru þessu máli fylgjandi, ættu að leiða sannanir að, að hvaða gagni þau kæmu. Eg hugsa að þeim sé það ekkert nær að koma með sannanir fyrir sínu máli, heldur en hinum, að koma með sannanir fyrir því gagnstæða. Sönnunin á einmitt að koma fram með reynslunni. Tilgangur þessarar fyrirhugnðu samþyktar er að prófa þetta í 5 ár.

**Matthías Ólafsson:** Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) sagði að eg hefði ekkert vit á því, sem eg væri að fara með. Það er altaf hægt að segja, en það eru engar röksemdir.

Þótt eg sé ekki sjónarvottur að veiðinni á Eyjafirði, þá hefi eg talað við menn, sem voru henni mjög kunnugir og hafa þeir sagt það, að þó að ekki sé hægt að veiða fyrir utan Hrísey, þá sé þó fært að veiða fyrir innan hana. Þessu ber líka saman við reynslu allra sjómanna. Eg er sjálfur gamall sjómaður og þekki þetta vel, að það er hægt að fiska inn á firði, þó það sé ófært fyrir utan fyrir stormi.

Eg hefi talað við útgerðarmenn, sem stunda herpinótaveiði og hafa þeir sagt mér að þeir veiði fyrir fleiri þús. kr. á ári að minsta kosti innan við Hrísey. Væri því hlægilegt að fara að svifta þá þessum hagnaði, þegar engin líkindi eru til þess að neinir aðrir hafi neitt gagn af því. Er það hlægilegt að vera að reyna að reisa rönd við nýjum aðferðum af því að þær keppa við þær gömlu. En svona er það alt af. Ef eitthvað nýtt kemur upp, er sjálfsagt að reyna að spyrna á móti því, en það eru að eins skammsýnir menn, sem það gera. Og þetta er skammsýni.

Sannfæring háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) um það, að þessi lög komi að gagni, er ekki á neinu bygð. Og heldur ekki hefir hann getað sannað það, að herpinótaveiðin hafi skaðleg áhrif á síldarveiðina. Hann veit það, háttv. þm., að síldarveiði hefir oft og mörgum sinnum verið lítil löngu áður en byrjað var að veiða með herpinótum. Og því er engan veginn hægt að sanna, að lítil síldarveiði nú sé að kenna herpinótaveiðinni. Eg man eftir þeim ósköpum, sem á gengu á Ísafirði á móti hvalveiðamönnunum. Menn sögðu þá að þeir myndu alveg gereyðileggja allan fiskiútveg. Nú eru menn steinhættir því að fást um það. Menn eru nú sannfærðir um að það hefir hreint ekkert að segja. Og hugsa eg nú reyndar helzt að þessi óskapagangur hafi ekki verið sprottinn af hræðslu við það, að hvalveiðarnar myndu spilla fyrir öðrum fiskiveiðum, heldur hafi hann eingöngu verið sprottin af öfund, af því að menn gátu ekki sjálfir rekið hvalaveiðar. Og eg játa það, að mönnum hafi verið vorkunn, þó þeim þætti leiðinlegt að sjá útlendingana raka saman fé fyrir augunum á þeim. En hér þarf ekki að ræða um neina slíka öfundsýki, því hér eru það ekki útlendingar sem eiga í hlut, heldur Íslendingar sjálfir. Og þessi 5 ára reynsla gæti orðið nokkuð dýr ef hún yrði til þess að ekkert fiskaðist. Það hefir oft komið fyrir, að ekkert hefði fiskast ef ekki hefði verið hægt að veiða inni á fjörðum. Og teldi eg það mikinn skaða, ef lög þessi yrðu til þess.

Eg held því fram ennþá, að það er mjög vafasamt að lög þessi verði að nokkru gagni, en hitt er víst, að þau verða að miklu tjóni.

**Lárus H. Bjarnason:** Eg ætla

að byrja á því að lýsa því yfir, að það er alveg óþolandi að maður fái ekki dagskrána fyr en $1^1/_2$ klukkutíma áður en maður kemur á fund, og er það því ómögulegra, sem fleiri mál eru á dagskrá. Vildi eg því leyfa mér að æskja þess af hæstv. forseta, að hann lagfæri þetta.

Annars stóð eg upp til að gera grein fyrir atkv. mínu; eg léði frumv. atkv. mitt eins og það fór út héðan úr deildinni til hv. Ed. Það gerði eg vegna þess, að eg hafði heyrt það haft eftir botnvörpuskipstjórum, að það myndi gera þeim lítið mein. Síðan hefi eg sjálfur talað við hlutaðeigendur, og fullyrða þeir að frumv., jafnvel eins og frá því hafði verið gengið hér áður, sé til allmikils baga botnvörpnskipum héðan úr Reykjavík, og þá auðvitað öðrum líka. Sérstaklega kveður þó mikið að þessu eftir þær breytingar, sem hv. Ed. hefir gert á frumv., að því er þessir menn segja. Eg verð að trúa þeim til þess að fara rétt með þetta, en hins vegar hefi eg engan heyrt leggja mikið upp úr hagsmunum þeim, er héraðsbúar þar nyrðra myndu hafa af frumvarpinu, enda hefi eg heyrt mann, sem öðrum fremur er til þess kjörinn að gæta hagsmuna þeirra, segja, að þetta væri nánast fyrir einn hrepp. Eg hefi heyrt þulda langa romsu af skipum héðan, sem öll hafa að meira eða minna leyti bækistöð sína á Akureyri, og mér er sagt að þau myndu verða að hætta við veiðar þar, ef þetta frumv. yrði samþykt. Eg er sérstaklega mótfallinn breytingum hv. Ed. á frumv., og þar sem ekki gefst kostur á að greiða atkv. um þær sérstaklega, þá mun eg greiða atkvæði á móti frumvarpinu, enda nú upplýst sem sagt, að frumvarpið hafi þegar frá upphafi fremur verið kjördæmi mínu til baga.

**Pétur Jónsson:** Eg skal ekki svara þessu mörgum orðum. Einungis vil eg segja það, að það er eins mikil ástæða til þess að banna þessar herpinótaveiðar innan við Hrísey, eins og að banna botnvörpuveiðar innan landhelgi. Því að það er enn ekki fengin nein sönnun fyrir því, að botnvörpungar geri meiri skaða í landhelgi en herpinót á þessu svæði.

**Ráðherrann (H. H.):** Eg vil að eins leyfa mér að gera þá athugasemd, að þetta frumvarp er í fullu samræmi við gildandi lög um fiskiveiðasamþyktir. Munurinn er að eins sá, að hér er um dekkskip að ræða, sem veiðin er stunduð frá — að vísu með opnum bátum. Ef veiðin væri algerlega stunduð af opnum bátum, þá þyrfti ekki þessi lög. Og það væri misrétti að synja Eyfirðingum um lagaheimild til þess að gera slíkar samþyktir, fyrst gildandi lög yfirleitt veita heimild til þess að útiloka viss veiðarfæri á tilteknum svæðum, þegar um opna báta er að ræða.

Háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) sagði að það væri ekki rétt gert að útiloka marga frá veiðunum á þessu svæði vegna fárra manna. Eg hygg að réttara væri að snúa þessu við og segja, að það væri ekki rétt að útiloka þá mörgu, sem við fjörðinn búa, frá síldveiðum, vegna þeirra fáu aðkomumanna, er þangað kynnu að vilja sækja með veiðarfæri, sem hinir eru fulltrúa um að gerspilli fyrir sér þeirri veiði, sem þeir eru færir um að stunda. Að samþyktin mundi ekki snerta nema einn hrepp, getur hátt þm. ekki hafa heyrt neinn kunnugan mann segja. Það er alt svæðið fyrir innan Hrísey beggja megin fjarðar, sem hlut á að máli. En þeir sem senda héðan botnvörpuskip til veiða á því svæði, eru ekki nema örfáir, og gætu alveg eins vel sent þau á aðra staði. Það er ekki ástæða til þess fyrir löggjafarvaldið, að takameira tillit til

þeirra, heldur en íbúa heilla bygðarlaga, að þeir geti notið þeirra gæða, sem náttúran hefir veitt þeim til uppeldis og atvinnu. Annars er ekkert hægt um það að segja, hvort þessi samþykt kemst einu sinni á þegar til kemur, því að á Akureyri eru margir því mótfallnir. Því síður skal eg um hitt dæma, hvort síldargangan inn á fjörðinn ykist, svo að venjuleg netjaveiði gæti aftur komið þar að gagni, þó herpinótaveiðin hætti á þessum stöðum, en kost ættu héraðsmenn að eiga á að gera tilraun, ef meiri hluti þeirra trúir á þetta og getur komið samþykt fram.

**Bjarni Jónsson:** Eg ætla að eins að gera stutta athugasemd, því að eg vil ekki endurtaka það sem þegar er sagt. En hvað sem sagt er um þekkingu eða vanþekkingu á þessu máli, þá ætti enginn, sem nokkurn tíma hefir hefir séð skepnu úr sjó, að geta verið í efa um það, að þetta bann er til skaða skipum, sem hingað til hafa stundað þarna veiðiskap, og að sönnunarskyldan hvílir á þeim, sem þann skaða vilja vinna. Og mig og aðra vantar enn sönnun fyrir því, að rétt sé að útiloka þessi skip frá veiðinni, af því að þau stunda hana með herpinót. Í raun og veru er þetta líka nokkuð hjákátlegt, því að hvernig stendur á því, ef það er rétt, að síldin hrökkvi undan þessum veiðum út á haf, að hún skuli þá aldrei hrökkva undan þeim inn á fjörð, þegar þau eru á veiðum úti í fjarðarmynninu? Eða þá aldrei komast lengra en í fjarðarmynnið?

Eins og eg sagði, er það alveg ljóst, að með þessu banni er hagnaði spilt fyrir sumum mönnum. Það hefir nú verið borið fyrir, að þeir menn séu fáir. En það er ekki rétt. Þeir eru fjöldi manns. Menn verða að muna eftir því, að það eru ekki einungis eigendur skipanna, heldur og allir þeir sem á skipunum vinna, og ekki einungis þeir, heldur allar fjölskyldur þeirra, og allir sem eitthvað eiga undir atvinnu þeirra. Og ætli þeir slagi ekki nokkuð upp í tölu þeirra manna, sem hafa atvinnu af sjó innan Hríseyjar. Annars er það alveg rangt, að vera að metast um þetta alt saman, því að sjórinn á að vera öllum landsmönnum jafn heimill. Og þó að þetta frv. væri engum til ama sérstaklega, þá myndi eg samt vera á móti því, af því að slíkt á ekki að komast inn í löggjöfina. Og þótt hæstv. ráðh. segi að til séu önnur samskonar lög, þá bætir það ekkert úr skák. Þau lög ætti þá sem fyrst að fella úr gildi, því að þau eru höft á atvinnufrelsi manna, sem eru blátt áfram ósæmileg, og verða ekki varin.

**Lárus H. Bjarnason:** Hæstv. ráðherra sagði að eg gæti ekki haft það eftir kunnugum manni að frumvarpið væri nánast fyrir einn hrepp. Eg ræð honum til þess, að fara til háttv. 2. þm. Eyf. (H. H.) og spyrja hann, því að hann hefi eg heyrt segja þetta. Eg heyri að hæstv. ráðh. segir: »Ósannindi« í lágum hljóðum, en eg er steinhættur að furða mig á því, þó að hann muni ekki það sem hann hefir sagt, eða skifti um skoðanir. Eg veit að þetta er satt og hann *má* vita, að það er satt og það er mér nóg.

Hann sagði líka, hæstv. ráðherra, að þetta væri í samræmi við gildandi lög. Eg ætla ekki að eyða orðum við hann út af þessu, en skal að eins með leyfi hæstv. forseta lesa upp fyrir hann 1. gr. laganna, sem hann líklega átti við, lög frá 19. Júní 1888 um bátfiski á fjörðum. Þar segir svo:

»Rétt er að útilykja aðkomandi fiskimenn frá bátfiski, *nema síldveiðar sé*, á fjörðum, eða tilteknum fjarðasvæð-

um, sökum fiskiveiða fjarðarbúa o. s. frv.«

*(Ráðherrann:* Eg átti ekki við þessi lög). Það er hægt fyrir ráðherra að segja að það hafi ekki verið þessi lög, sem hann átti við, því að eg verð dauður þegar hann tekur til máls næst. Hann getur þá vitanlega nefnt önnur lög út i bláinn, en þetta eru einu lögin sem við eiga, og því gat eg þess til að hann mundi hafa átt við þau, en misskilið þau eða mismunað svo sem fyrir kemur.

Það stendur fast, sem eg hefi sagt, að þessi lög myndu verða til mikils hnekkis fyrir botnvörpuútgerð héðan og víðar að, en er aftur á móti ósannað að þau verði til nokkurra verulegra nota fyrir héraðið, sem hlut á að máli.

**Ráðherrann (H. H.):** Það er ekki í fyrsta sinni sem þessi háttv. þm. hefir eftir mér orð, sem mér hefir aldrei dottið í hug að tala; hann hefir lengi haft þann sið. Hann hefir jafnvel þessar síðustu vikur verið svo ófeiminn, að hafa eftir mér á prenti í »Reykjavíkinni« slag í slag hitt og þetta, sem eg hefi aldrei talað, og rangfæra svo orð mín og athafnir, að ekki er heil brú í neinu. *(Lárus H. Bjarnason:* Framvegis verð eg að fara að hafa votta við). Eg segi þetta hér til þess, að ef einhver kynni seinna meir vilja taka mark á þessum skrifum hans, þá skuli menn muna, að eg mótmæli trúverðugleika þeirra í fiestöllum greinum. Öðruvísi nenni eg ekki að svara þeirri sagnfræði hans.

Eg er ekki svo ókunnugur í Eyjafirði ennþá, að eg viti það ekki, að bæði Arnarness- og Glæsibæjarhreppar liggja að þessu svæði, Eyjafjarðarsýslumegin, og auk þess Svalbarðsstrandar- og Grýtubakkahreppur austan megin fjarðarins. Og eg skil ekki, hvað háttv. þm. getur gengið til þess, að hafa aðra eins fjarstæðu eftir mér, eins og þetta, að samþyktin mundi að eins snerta einn hrepp, nema þessi veiki, sem hann virðist þjást af, þessi ástríða til þess að herma upp á menn og hafa eftir mönnum það sem honum býður við að horfa.

Það var algerður misskilningur hjá háttv. þm., að eg ætti við lögin um bátfiski á fjörðum, þegar eg sagði að heimildarlög til samþykta um þetta efni væri í samræmi við gildandi lög. Tilvitnun sú og lagagreinin sem hann las upp kemur þessu máli alls ekkert við, og var fjarri mínum huga. Eg átti auðvitað við hina almennu heimild til fiskiveiðasamþykta, sem gefin er í lögum frá 14. Des. 1877, og sagði, að ef hér væri um opin skip að ræða, þá kæmust þessar samþyktir undir þau lög. Að bera það upp á mig að eg hafi átt við lögin um bátfiski á fjörðum, það er auðvit í samræmi við annað, sem honum þóknast að leggja mér í hug og munn.

**Lárus H. Bjarnason:** Það voru að eins örfá orð. Eg vil minna hæstv. ráðherra á það, að háttv. 2. þm. Eyf. (H. H.) sat í sama stólnum, þegar hann talaði þessi orð við mig, sem ráðherra situr í núna. Háttv. 1. þm. Eyf. hafði snúið snúið sér til mín og eg spurði þá háttv. 2. þm. Eyf. um leið og eg gekk í sæti mitt, sem kunnugan mann, hvort frumvarpið væri Eyfirðingum áhugamál. Hann hristi höfuðið og sagði frumvarpið að eins eða nánast fyrir einn hrepp, og bætti við brosandi »hrepp Stefáns«. Meira sagði hann ekki, *ekki eitt einasta orð*, en hvað hann hefir hugsað, veit eg ekki.

Eg marka lítið heildarmótmæli ráðh., enda siður prokúratora þegar þeir komast í bobba að mótmæla á þann hátt. Mótmæli hann aftur tilteknum sögum mínum, skal eg sanna þær margar »juridiskt«. Það vill svo vel til að margt er hægt að sanna »juridiskt« af

því sem eg hefi haft eftir honum, hann veit það jafn vel og eg, hvað »juridisk« sönnun er.

Tilvitnun ráðherra til laganna frá 1877 var sáróheppileg. Þau lög eiga, eftir útkomu laganna frá 1888, *ekki* við síldveiðar, en fyrirliggjandi frumvarp á svo sem kunnugt er *að eins* við síldveiði.

**Ráðherrann (H. H.):** Þetta, sem háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) kemur nú með, að hann hafi spurt mig, og eg svarað honum svona, er alveg »typiskt« dæmi upp á það, hvernig hann fer að því, að hafa eftir. Eg sagði honum, að þetta mundi aðallega vera áhugamál í einum hreppi, Arnarnesshreppi, því að þar hefði komið þingmálafundaráskorun um þetta, út úr því tekst honum að fá það, að lögin mundu snerta þann hrepp einan. En það er nokkuð sitt hvað eins og allir sjá.

Eg sé ekki til neins að vera að þrátta um þetta við háttv. þm. frekar. Þarna er komin fram mýflugan, sem sá úlfaldinn hans varð úr.

**Guðmundur Eggerz:** Eg hefi áður stutt þetta mál, en þá var að eins að ræða um samþyktarheimild fyrir nokkurn hluta Eyjafjarðar. Mér féll illa viðauki Ed. við frumv., og eg skrifaði með fyrirvara undir framhaldsnefndarálitið fyrir þá sök, að eg var þá ekki búinn að afla mér upplýsinga um, hvort hættulegt væri að láta samþyktarheimildina ná til Skagafjarðar.

Nú segja skipstjórar mér, að síldveiðaskipin fiski örsjaldan eða aldrei fyrir innan línu, þá sem frumvarpið gerir ráð fyrir að samþyktin nái til, og mun eg því greiða frumv. atkvæði mitt þrátt fyrir breytingu þá er háttv. efri deild hefir gert við það.

ATKV.GR.:

Frv. samþykt með 13:9 atkv. og afgreitt til ráðherra sem *lög frá Alþingi.*

---

FRUMVARP til laga um friðun æðarfugla (630, n. 647); e i n u m r.

Enginn tók til máls.

ATKV.GR.:

Frv. samþ. með 14 samhlj atkv. og afgreitt til ráðherra sem *lög frá Alþingi.*

---

FRUMVARP til laga um friðun fugla og eggja (271, n. 637, 640); 2. u m r.

**Framsm. (Benedikt Sveinsson):** Mál þetta er undirbúið af háttv. Ed.. Í Nd. hefir nefndin komið fram með nokkrar brtill. við það á þgskj. 637, sem eg hygg að varla þurfi að leiða mikil rök að. En svo sé eg að háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) hefir enn komið með brtill. á þgskj. 640. Honum þykir friðunartími rjúpunnar eigi byrja nógu snemma eftir tillögu nefndarinnar, en meiri hluti hennar vill ekki láta friðunartímann byrja fyrr en 1. Febrúar, því að rjúpur koma ekki í sum bygðarlög fyr en eftir 20. Desbr., og það er ekki rétt að bægja mönnum í þeim sveitum með öllu frá rjúpnaveiðum. Nefndin verður því að vera á móti þessari brtill.

Annars finn eg ekki ástæðu til þess að lengja umr frekar út af þessu. Hv. Ed. hefir hvort sem er nokkurs konar einkarétt á þessu frumvarpi, því að þar sitja helztu fuglafræðingar þingsins og þangað er að leita vísdómsins og þekkingarinnar í þessu máli.

**Pétur Jónsson:** Eg ætla ekki að

láta mikið til mín taka í þessu máli, en eg vildi þó minnast fám orðum á rjúpurnar. Það vill nú svo til, að eg býst við að hvergi á landinu sé meira um rjúpu en einmitt í mínu héraði, jafnvel í minni eigin landareign. Eftir frumv. Ed. eiga rjúpurnar að vera alfriðaðar 7. hvert ár. En þessu vill nefndin breyta í 5. hvert ár. Sú fjölgun friðunarára þykir mér um of. Þess vegna vildi eg óska að háttv. nefnd vildi taka aftur tillögu sína um þetta og hallast að minni. Eg hefi kynt mér hverjar ástæður eru til friðunarinnar, og eg veit það vel, að rjúpur geta bæði fallið í harðindum og svo fyrir skotum nokkuð; en það þarf ekki nema eitt gott ár með alllöngu millibili til þess að þeim fjölgi aftur að sama skapi.

**Framsm. (Benedikt Sveinsson):** Eg get ekki orðið við beiðni háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) um að taka aftur þennan 3. lið. Nefndin hefir ekki haft tíma til að athuga þetta, en vera má að þessu mætti breyta við 3. umr.

**Guðmundur Eggerz:** Eg á brtill. á þgskj. 640. Eg álít varhugavert að lögbjóða algerða friðun sum árin, því að víða hafa menn töluverða atvinnu af rjúpnaveiðum. Mín tillaga gengur í þá átt, að rjúpan verði friðuð á tímabilinu frá 20. Desember til 20. September. Eg ætla að einna mest sé skotið af rjúpu í Janúar. Þá er farið að harðna að til fulls og rjúpan leitar því niður til sjávar og til bæjanna. Eg held að þetta sé nægilega langur friðunartími, að minsta kosti fyrst um sinn. Skyldi það koma í ljós, að rjúpan minkaði eða útlit væri fyrir að hún mundi gereyðast þrátt fyrir þessa framlengingu friðunartímans, teldi eg sjálfsagt að friða hann algerlega um nokkur ár, því það er skylda hvers siðaðs þjóðfélags að gæta þess, að dýrategundum verði ekki útrutt með öllu að nauðsynjarlausu.

Að öðru leyti hefi eg ekkert við nefndarálitið að athuga.

**Matthías Ólafsson:** Það er alveg ómögulegt fyrir nefndina að verða við tilmælum háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.), að friða rjúpuna frá 20. Desember til 20. September. Með því móti yrðu mörg héruð algerlega útilokuð frá rjúpnaveiðum, og það er ótækt, því að víða eru þessar veiðar talsverður atvinnuvegur. Í mörgum héruðum eru rjúpnaveiðar aðallega stundaðar síðari hluta Desembermánaðar, í Janúar og jafnvel fram í Febrúar. Í þeim héruðum mundi ekki verða ið minsta gagn að þessari veiði, ef veiðitíminn væri þannig takmarkaður. En til þess bæta rjúpunni þetta upp, hefir nefndin lagt til að rjúpan skuli vera alfriðuð fimta hvert ár. Nú virðist háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) vera illa við það ákvæði, og fer hann fram á að nefndin taki þá tillögu sína aftur. Háttv. framsögum. (B. Sv.) hefir lýst yfir því fyrir sitt leyti, að hann geti það ekki En eg hygg þó að hægt mundi að vinna nefndina til þess, ef hún fengi vissu um að friðunartíminn yrði ekki lengri en frá 1. Febrúar til 20. September. Það var þetta, sem vakti aðallega fyrir nefndinni, að gera ekki einstökum héruðum alveg ómögulegt gagnið af þessari veiði.

ATKV.GR.:

Brt. 637, 1, samþ. með 17 shlj. atkv.

1. gr., þannig breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

Brt. 637, 2, samþ. með 13 : 2 atkv.

2. gr., þannig breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brt. 640, feld með 10 : 3 atkv.

Brt. 637, 3, samþ. með 14 : 2 atkv.

Brt. 637, 4, samþ. með 16 shlj. atkv.

Brt. 637, 5, sþ. með 13 : 1 atkv.

3. gr., þannig breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

Brt. 637, 6, samþ. með 13 : 1 atkv.

4. gr., þannig breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brt. 637, 7, samþ. með 14 shlj. atkv.

5. gr. þar með ákveðin.

6.—9. gr. incl. samþ. með 15 shlj atkv.

Fyrirsögnin samþ án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

---

FRUMVARP til laga um að leggja jarðirnar Bústaði og Skildinganes undir lögsagnarumdæmi og bæjarfélag Reykjavíkur (309, n. 624 og 641); 2. umr.

**Framsm. meiri hl. (Kristján Jónsson):** Fyrir 20 árum síðan, á Alþingi 1893, var lagt fyrir þingið frv. til laga um að leggja jarðirnar Laugarnes, Klepp, Skildinganes og Bústaði undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Var það gert þá, eins og nú er um þetta frumvarp, að tilhlutun bæjarstjórnar Reykjavíkur, sem þótti það æskilegt, að þetta væri gert. Þá á þinginu voru samþykt lög um að leggja Laugarnes og Klepp undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur og voru þau staðfest 23. Febrúar 1894. En þingið vildi þá ekki taka Bústaði og Skildinganes með upp í lögin, og mun aðalástæðan hafa verið sú, að Reykjavíkurbær, sem þá var orðinn eigandi að Laugarnesi og Kleppi, hafði ekki eignarrétt yfir Bústöðum og Skildinganesi. Sú ástæða var þá að minsta kosti borin fyrir í þinginu, og hún mun hafa ráðið úrslitum málsins. Reykjavík hefir, sem kunnugt er, stækkað mjög mikið síðan þetta var, fólkinu fjölgað og bygðin færst út til allra hliða. Það virðast því nú vera gildar ástæður til þess að fara fram á að þessar jarðir verði lagðar undir lögsagnarumdæmi bæjarins. Bústaðir liggja við suðausturhorn Reykjavíkurlands milli Elliðaánna og Reykjavíkurlands. Breiðholt, sem er eign Reykjavíkur, er að sunnanverðu. Elliðaárnar eru nú einnig eign Reykjavíkur, og Bústaði hefir kaupstaðurinn og eignast. Jörð þessi er nú í byggingu, en tilætlunin er sú, að þegar núverandi ábúandi deyr eða fer frá jörðinni á annan hátt, þá verði jörðin ekki bygð aftur, heldur verði hún lögð undir kaupstaðinn til afnota, og yrði þá húsið leigt tómthúsmanni. Með tilliti til þessa virðist nú ekkert geta verið því til fyrirstöðu, að þessi jörð verði tekin undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Eg sé ekki að nein ástæða sé til, sem mælir á móti því, sérstaklega þegar þess er gætt, að ábúðin fellur niður þegar ábúandinn, sem nú er á jörðinni, fer burtu. Hreppsfélagið getur þá eigi vænst neinna gjalda af jörðinni. Þetta getur því ekki orðið til neins skaða fyrir það, enda er því áskilin uppbót eða endurgjald, eins og lagafrumvarpið sýnir.

Eg get að nokkru leyti sagt ið sama um Skildinganes. Allir vita að sú jörð er á alla vegu innilokuð í landi Reykjavíkurkaupstaðar, nema auðvitað að sunnanverðu, því að þar er Skerjafjörðurinn. Bygging kaupstaðarins fæst sí og æ nær mörkum jarðarinnar. Skildinganes er auk þess að hálfu leyti, að minsta kosti, eign Reykjavíkurbúa. Afstaðan segir það sjálf, að þessi jörð eigi að heyra undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, en eg get búist við því, að það spilli fyrir framgangi málsins hér á þinginu, að sýslufélag Kjósarsýslu og Seltjarnarneshreppur hafa komið fram með mótmæli gegn því og amast mjög við því að það gangi fram. En eg sé ekki, að sú mótstaða hafi við neitt að styðjast, því að í frumvarpi þessu, eins og í lögunum um Laugarnes og Klepp frá 1894, er svo ákveðið, að viðkomandi

hreppur fái fult endurgjald fyrir það sem hann kann að missa af tekjum sínum sínum við þessa breytingu.

Þá má taka það fram, að það hefir í öðru mikilsverðu efni töluvert mikla þýðing fyrir Reykjavík að þessi breyting komist á, sérstaklega að því er Skildinganes snertir. Reykjavík hefir með aðstoð og fyrir tilstilli löggjafarvaldsins, ráðist í að byggja höfn að norðanverðu við Seltjarnarnesið, það er að segja þar sem skipalagi Reykjavíkur er og hefir verið um langt skeið. En nú er í ráði, að einnig verði gerð höfn við nesið sunnanvert, einmitt fyrir Skildinganeslandi.

Það leggur sig nú sjálft, að það er áríðandi, að bæjarfélagið geti haft hönd í bagga með þessari hafnargerð. Menn segja reyndar að þessi ráðagerð muni nú vera fallin niður, en þá hygg eg, að hún geti vel komið upp aftur þá og þegar, og að rétt sé að taka hana til greina þegar þetta mál er athugað. Eigi þarf að óttast það, að breyting sú, sem frumvarpið vill lögleiða, muni riða í bág við fyrirætlun þessa um hafnargerð við Skerjafjörð, eins og sumir virðist ætla. Ef það reynist framkvæmanlegt að byggja bátahöfn eða jafnvel botnvörpungahöfn í Skerjafirði, þá mun það alls ekki mæta mótstöðu í Reykjavík eða hjá Reykvíkingum. Og á hinn bóginn hefi eg ekki heldur heyrt, að eigendur Skildinganess setji sig upp á móti frv. af *þeirri* ástæðu En því verður eigi neitað, að það er harla eðlilegt, að Reykjavíkurbær vilji hafa lögmætan rétt til að hafa afskifti af hafnargerð við Skerjafjörð, sem er að eins steinsnar frá kaupstaðnum.

Það er ýmislegt fleira en eg hefi nú talið, sem gerir þessa breytingu æskilega. Eg hefi áður bent á, í hve miklu nágrenni Skildinganes er við Reykjavíkurbæ, og af þeirri ástæðu er það nauðsynlegt, að bærinn sjái um lögregluefirlit í landi jarðarinnar. Reynslan hefir oft sýnt þá nauðsyn. En það verður eigi hægt að hafa þar lögregluefirlit af bæjarins hálfu, nema því að eins að jörðin sé lögð undir lögsagnarumdæmið.

Þá er það nauðsynlegt að bæjarstjórnin hafi hönd í bagga með, hvernig háttað er skepnueftirliti á jörðinni, og geti gert ráðstafanir til að hefta peningságang þaðan á land bæjarmanna, sem þeir kvarta mjög undan. Eg veit líka til þess, að ábúendur jarðarinnar kvarta undan peningságangi frá bænum. Það mundi verða létt að ráða sæmilega fram úr þessum vandræðum, ef þessi breyting kæmist á, en annars mun það einlægt verða fremur torvelt.

Þá getur það og haft nokkra þýðing í þessu máli, að ef Skildinganes legðist undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, þá gæti bæjarstjórnin ráðið vegagerðum um land jarðarinnar, og er það ekki lítilsvert, því að yfir Skildinganesland liggur t. d. aðalvegur bæjarmanna suður á Álftanes, þegar sjóleiðin er farin.

Yfirleitt get eg ekki séð, að þær ástæður, sem færðar hafa verið á móti þessu máli, hafi við nein veruleg rök að styðjast, einkum þar sem hreppurinn á að fá fult endurgjald fyrir þann skaða, sem hann álízt verða fyrir við bessa breytingu.

Loks skal eg geta þess, að síðan 1894, að jarðirnar Laugarnes og Kleppur voru lagðar undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, hafa ekki komið fram neinar kvartanir yfir þeirri ráðstöfun. Í fyrstu var raunar deila um, hvernig reikna skyldi gjaldið, er Reykjavík átti að greiða til Seltjarnarneshrepps. En það var til lykta leitt á þann veg, að fenginn var dómsúrskurður um það, og síðan hefir engin óánægja risið út af því.

Að endingu skal eg geta þess, að eg

er ekki flytjandi þessa máls, þó að eg sé framsögumaður meiri hluta nefndarinnar. Þingmenn Reykjavíkur eru flutningsmenn þess eftir fyrirlagi bæjarstjórnarinnar.

**Framsögum. minni hl. (Valtýr Guðmundsson):** Við tveir nefndarmennirnir, sem höfum skrifað undir nefndarálit minni hlutans, höfum ekki getað orðið samferða hinum hluta nefndarinnar, að telja þetta svo mikið nauðsynjamál, að rétt sé að samþykkja frv., þar sem fyrir liggja bein mótmæli frá eigendum annarar jarðarinnar og sérstaklega frá öllum hreppsbúum í Seltjarnarneshreppi og sýslunefnd Kjósarsýslu, eins og sjá má í skjali því, sem sent hefir verið til þingsins.

Þar segir svo:

»Skiftingu þessari eru eigendur jarðarinnar Skildinganess og hreppsbúar allir mótfallnir«.

Og enn fremur:

»Sýslunefndin mótmælir því fastlega, að fyr umræddar jarðir verði lagðar undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur«.

Það er tekið fram í gerðabók sýslunefndarinnar, að mælikvarðinn fyrir endurgreiðslunni, sem farið er fram á í frv. þessu, sé ósanngjarnari en 1893, þegar farið var fram á þetta áður. Það er líka tekið fram, að ekki sé rétt að miða skaðabótagjaldið við núverandi ástand, heldur eigi að miða það við þá framtíðarmöguleika, sem hér geti verið um að ræða. Sýslunefndin bendir á til samanburðar, hvernig farið hafi um Viðey, hvernig ástandið hafi breyzt þar á fáum árum. Það stendur líka svo á, að nú eru einmitt mikikil líkindi til að horfurnar breytist að því er snertir Skildinganes.

Þegar litið er á sveitarstjórnarlögin frá 10. Nóv. 1905, þá er það augljóst, að þetta sem hér er farið fram á, kemur beinlínis í bág við anda þeirra laga, að minsta kosti. Þar er gert ráð fyrir, að ekki sé gerð nein breyting á hreppamörkum nema eftir beiðni hreppsnefndar og meðmælum sýslunefndar. Hér er svo langt frá því að fyrir liggi beiðni um þessa breytingu, að hreppsnefndin og öll sýslunefndin mótmælir henni fastlega. Þó að það sé auðvitað ekki útilokað, að gera megi breytingu á hreppamörkum án þess að hreppsnefnd og sýslunefnd séu því samþykkar, þá er það á móti anda laganna, að gera það beinlínis á móti vilja þeirra sem hlut eiga að máli.

Það er mjög svo ósanngjarnt gagnvart þessu hreppsfélagi, að vera smátt og smátt að klípa úr því og getur komið tilfinnanlega við gjaldþol þess. Það væri miklu nær, ef auka þyrfti land Reykjavíkur, að taka alt Seltjarnarnesið og eyjarnar Engey og Viðey, eða hér um bil allan hreppinn, undir lögsagnarumdæmi bæjarins. Þá væri miklu síður ástæða fyrir hreppsbúana að kvarta, heldur en ef bærinn er smátt og smátt að brytja sér bita úr hreppnum á þennan hátt. Við minni hluta mennirnir álítum það mjög varhugavert að gefa út slík þvingunarlög á móti vilja bæði hreppsnefndar og sýslunefndar. Það er vitanlega öðru máli að gegna um Bústaði en um Skildinganes. Það er vitanlegt, að það er sérstök ástæða til þess að bærinn er áfram um að ná í Skildinganes. Það stendur sem sé til að gera þar mikið mannvirki, sem að sumu leyti getur orðið bænum í óhag, og tilætlunin er eflaust sú, að hindra þá samkeppni við bæinn, er af mannvirkinu gæti leitt. En að hinu leytinu gæti það orðið til mikils skaða fyrir Seltjarnarneshrepp að missa þá hagsvon, sem bundin er við þetta mikla fyrirtæki í hreppnum.

Við minni hluta mennirnir verðum því að leggja eindregið til að frv. verði felt.

**Framsögum. (Kristján Jónsson):** Eg tók það einmitt fram áðan, að þessu hefði verið mótmælt af hreppsnefnd og sýslunefnd. En eg get ekki séð, að það eigi að hafa mikið að þýða, úr því að fult endurgjald kemur fyrir. Þess er engin von fyrir hreppinn, að fá nokkrar verulegar tekjur af Bústöðum eftirleiðis, því mér er kunnugt um, að búskapur verður lagður þar niður og býlið gert að tómthúsi. Það getur því að eins verið um Skildinganes að ræða í þessu efni. En eg hygg, að framtíðarmöguleikar þeir, sem þar er verið að hampa, séu alt of vafasamir til þess, að hægt sé að taka tillit til þeirra, eða að rétt sé að gera það.

Hér er verið að tala um anda sveitastjórnalaganna og að frv. komi í bága við hann; en þau lög eiga ekki að ráða úrslitum þessa máls, því að þau gilda ekki fyrir Reykjavík, sem er annar málsaðilinn.

Eg get ekki séð, að það hafi við nein rök að styðjast, að hreppurinn verði máttvana við þennan missi, því eg hefi marg-tekið það fram, að hann á að fá fult endurgjald fyrir þennan skaða, sem talað er um, að hann verði fyrir.

Hér er sömuleiðis verið að tala um þvingunarlög. En það má kalla öll lög svo. Spurningin á að eins að vera um það, hvort lögin styðjast við réttmætar ástæður og það ætla eg að þessi lög geri.

Þetta mál hefir stöðugt verið vakandi í bæjarstjórn Reykjavíkur frá því um aldamótin síðustu, þó ekki hafi því verið komið í framkvæmd fyr en nú. Mig minnir, að það jafnvel fyrir aldamótin hafi verið samþykt af nýju í bæjarstjórninni að sækja um, að Skildinganes yrði lagt undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur eftir að mál þetta hafði fallið á þingi 1893. En eigi skal eg þó fullyrða það. Eg held ekki, að með þessu sé hreppnum sýnd nein kúgun, eða á nokkurn hátt gengið á rétt hans. Og eg hygg eftir þekkingu minni á Seltirningum að mótmæli þeirra byggist meira á kappgirni og þráa, en nákvæmri íhugun málsins.

**Lárus H. Bjarnason:** Þó að hv. framsögum. meiri hlutans hafi svarað mótmælum háttv. framsögum. minni hl. nægilega, þá ætla eg samt að bæta við örfáum orðum. Það er að vísu satt, að komið hafa mótmæli úr þrem áttum og meðal mótmælendanna eru meira að segja mér nákomnir menn. En eg held samt, að mótmælendurnir séu í rauninni að eins 2, því það er vitanlegt, að þó sýslunefndin mótmæli þessu að nafninu, gerir hún það aðallega, ef ekki að eins, fyrir hreppsnefnd Seltirninga. Eins og háttv. framsögum. sagði, var þetta frumv. í rauninni fyrir Alþingi 1893, þó að undanskilja yrði þá Bústaði og Skildinganes til samkomulags. Það er sömuleiðis rétt, sem háttv. framsögum. sagði, að í ráði er, þegar núverandi ábúandi á Bústöðum, sem nú er orðin sjötugur, lætur af búskap, að bærinn leggi alt Bústaðaland undir sig, að undanskildu túninu; og hefir þá Seltjarnarnesheppur engar tekjur af jörðinni. Getur því ekkert verið á móti að leggja að minsta kosti Bústaði undir bæinn. Það stendur eins á um Bústaði og Skildinganes nú, eins og Klepp og Lauganes áður, er þær jarðir voru lagðar undir Reykjavík gegn beinum mótmælum hreppsnefndar og sýslunefndar. En þó er sá mismunur, að þá var að eins hreppnum bættur skaðinn. Nú er það nýmæli tekið upp í frumv., að ekki eingöngu hreppnum sé bættur skaðinn, heldur einnig sýslusjóði. Þetta atriði hefi eg ekki heyrt nefnt, en það er þó mjög mikilsvert, því að sýslunefndin hefir

áður sett aðallega það fyrir sig að sýslusjóður var engu bættur. Eg get ekki séð, að Seltjarnarneshreppi sé neinn missir að Skildinganesi, því þar er ekki nema einn búandi og framlag hans til hreppsins verður hreppnum bætt og meira en það. Og eftir því, sem eg veit bezt, eru þær vonir, sem menn hafa gert sér um stórborg þar, Port Reykjavík, að engu orðnar, því gjald það sem félagið átti að hafa borgað 1. júlí, hefir eigi verið borgað enn í dag.

Skaðabæturnar á að miða við það sem er, en ekki við það sem menn vona að verði, sérstaklega þegar um svona óábyggilega von er að ræða. Get eg ekki séð annað, en að það sé í raun inni sjálfsagður hlutur fyrir Alþingi, að meta meira hagsmuni Reykjavíkur, en það sem hefir verið fært fram af andstæðingum frumv. sem hagsmunir hrepps og sýslu. Þar að auk hlýtur landssjóði að vera ant um hag Reykjavíkur, ekki síst eftir að ið mikla mannvirki er komið í kring, sem nú er verið að byrja. Verð eg því hiklaust að greiða atkvæði með frumv. og ræð öðrum til að gera slíkt hið sama.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Þótt eg sé Reykvíkingur get eg samt ekki greitt þessu frumv. atkvæði mitt. Er eg háttv. minni hlutanum samdóma að öllu leyti. Mér finst þessi beiðni bæjarstjórnarinnar vera bygð á ósanngirni. Skal eg geta þess, að fyrir fáum árum var Reykjavík boðið þetta land til kaups fyrir lítið verð, en þá vildi bærinn ekki kaupa það. Það er fyrst nú, þegar á að fara að reisa þarna stórvirki, sem vitanlega verður til stórgróða fyrir hreppinn, sem bænum er orðið þetta svo mikið kappsmál. Á sama hátt má búast við, að ef farið væri að reisa eitthvert stórvirki á einhverjum bæ úti á Nesi, mundi Reykjavík undir eins reyna söls það land undir sig. Hér er ekki um annað að ræða, en ágirnd bæjarstjórnarinnar.

Væntanlega ætlar Reykjavík ekki að banna þetta fyrirtæki úr því þegar er byrjað á því Enda getur það aldrei orið bænum hættulegur keppinautur. T. d. Hafnarfjörður gæti orðið langtum hættulegri. Mætti búast við að Reykjavík vildi innlima hann í sitt lögsagnarumdæmi. Það er ósanngjarnt að segja, að bæturnar verði að eins að miða við það sem er, þegar fyrirsjáanlegt er að miklar breytingar verða á næstu árum.

Um Klepp og Laugarnes stóð alt öðru vís á, svo að ekki er hægt að koma með neinn samanburð þar í milli.

Eg álít að tíminn sé nægur til að koma þessu í kring og að það megi gjarnan bíða næsta þings. Er eg sannfærður um að þá líta skaðbæturnar öðru vís út en nú. Og þá á það að verða með fullu samkomulagi beggja aðilja — en ekki ganga fram hjá Seljarnesshreppi.

**Kristinn Daníelsson:** Hlutaðeigendur hafa snúið sér beint til Alþingis með mótmæli gegn þessu frv. En þeir hafa líka snúið sér til okkar þingmanna kjördæmisins og beðið þess að við legðum eitthvað til þessa máls frá þeirra sjónarmiði. Það er að vísu vitaskuld að þingmenn eru eigi skyldir til að fara eftir tillögum kjósenda sinna. Þeir eiga að fara eftir sinni sannfæring, en ekki hreppapólitík. Mér finst að hér sé úr vöndu að ráða, þar sem um hagsmuni jafn merks sveitafélags er að ræða. En aftur á móti skiftir miklu máli að Alþingi gæti hagmuna annars eins staðar og Reykjavík er; því að hagur hennar er mikilvægari en hagur nokkurs annars staðar á landinu. En þrátt fyrir það má ekki þess vegna troða rétti þess, sem veikari er.

Mótmæli gegn þessu hafa að vísu mest

komið frá Seltjarnarneshreppi, sem eðlilegt er, þar eð hann má eigi við neinni skerðingu. En það er alls ekki rétt að Kjósarsýsla láti þetta mál að eins að nafninu til sín taka. Sýslan er svo lítil, að hana munar um skerðingu, þó ekki sé meiri en þessi, sem hér er farið fram á í frumv.

Að vísu er í 2. gr. sveitarstjórnarlaganna skýlaust heimilað að breyta takmörkum sýslna með lögum; og er þar sjálfsagt haft fyrir augum eitthvað svipað þessu, sem hér er farið fram á. Aftur á móti er í 3. gr. sömu laga talað um að breyta megi sveitartakmörkum án laga, en þá þurfi til þess samþykki sveitastjórna. Finst mér að bezt færi á því að andinn í báðum þessum greinum yrði látinn njóta sín, þannig að valdinu til að breyta takmörkun sýslu yrði ekki beitt, nema með undangengnu samþykki sveitarstjórnar.

Ef hér væri einhver stór hætta á ferðum fyrir Reykjavík, mundi eg ekki víla fyrir mér að ganga á móti hagsmunum kjósenda minna, þó eg fylgi þeim að málum eins langt og eg get. En nú hefir mér skilist svo á orðum háttv. framsögum. meiri hlutans, að sú helzta hætta, sem Reykjavík gæti staðið af þessu, sé sú, að höfn kæmi upp við Skerjafjörð, sem gæti kept við höfnina í Reykjavík. Er eg þeirrar skoðunar að ekki megi stofna höfninni í Reykjavík í neina hættu. Gæti það orðið stór hnekkir einnig fyrir landssjóð, þar sem landið hefir lagt til hafnargerðarinnar stórfé og stendur í ábyrgð fyrir miklu fé til hennar þar að auki. En eg hygg að það liggi ekki svo mikið á þessu máli, að það geti ekki beðið næsta þings. Þangað til ætti að vera hægt að koma sér saman við sveitarstjórn þá, sem í hlut á.

Þingið 1915 mundi síður víla fyrir sér að samþykkja frumvarpið, ef málið væri betur undirbúið.

Vil eg gjarnan skjóta því til háttv. framsögumanns og annara, hvort ekki væri vert að leita samkomulags við hlutaðeigandi sýslufélag um að leggja allan Seltjarnarneshrepp undir Reykjavík.

Skal eg svo eigi fara fleiri orðum um þetta mál í þetta sinn, en eg áliti heppilegast að frumvarpið næði ekki lengra í þetta sinn.

**Kristján Jónsson:** Um þetta, sem háttv. 2. þm. G.-K. (Kr. D.) síðast talaði og lagði til málsins, get eg alls ekkert sagt.

Af bæjarins hálfu er ekki farið fram á annað, en að þessi býli, sem liggja inni í landi bæjarins, verði lögð undir lögsagnarumdæmi hans. Hitt er mér ókunnugt, hvort bæjarstjórnin mundi vilja óska þess að allur Seltjarnarneshreppur eða allur vesturhluti hans yrði lagður undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, og get því enga tillögu um það gert.

Eg heyrði, að háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) var að tala um ósanngirni og ásælni. Get eg ekki séð, við hvað hann hefir átt; en það er auðséð að einhver hefir lagt honum þessi orð í munn. Það hefir verið glöggt og greinilega skýrt frá ástæðunum til þess, að bærinn óskar eftir þessu, og fullar bætur eiga að koma fyrir skerðinguna. Um ágang, ásælni, ósanngirni er eigi að ræða.

Síðan um aldamótin hefir þetta mál verið vakandi í bæjarstjórninni, kunnugt bæjarbúum, og kunnugt Seltirningum frá öllum hliðum.

Um þetta stóra hafargerðarfélag er það að segja, að eg veit ekki betur en að það sé nú alveg sofnað; getur verið að það vakni aftur. Mér er ennfremur kunnugt um að af því fé, sem átti að

vera borgað Skildinganesseigendum fyrir Júlíbyrjun, er ekki einn eyrir borgaður enn þá.

Það hefir verið talað um að inn sterki eigi ekki að níðast á hinum veikari. En hver er sá sterki í þessu máli? Eg get ekki betur séð en að sá, sem háttv. 2. þm. G.-K. (Kr. D.) sagði að væri sá veikari, sé einmitt inn sterki í þessu máli, að minsta kosti á þessu þingi.

Mér virðist, hvernig sem litið er á málið, að sjálfsagt sé, að láta það komast til 3. umr.

Háttvirtir flutningsmenn frumvarpsins munu þá taka til íhugunar, hvort ekki sé rétt að mæta andstæðingum frumv. á miðri leið og láta það ná til Bústaða eingöngu, en taka Skildinganes undan ákvæðum þess.

Enn vil eg til frekari skýringar taka það fram, að þegar eg var í fátækranefnd Reykjavíkur, þá var það fullkunnugt, að þessir bæir voru notaðir af hreppnum eins og nýlenda til þess að skjóta þaðan þurfalingum inni í Reykjavík og var það vitanlega til óhagræðis fyrir bæinn. — Ef jarðirnar nú væru lagðar undir lögsagnarumdæmi hans, þá mundi hann að sjálfsögðu láta gera góðan veg suður að Skildinganesi og bötnuðu þá mikið samgöngur við Álftanes.

Mér er þetta sjálfum persónulega ekki kappsmál; eg sit ekki í bæjarstjórninni. Eg er að eins í þingnefndinni, hefi athugað málið þar, og sé ekki ástæðu til annars, en að frumvarpið verði samþykt. Eg veit að þetta mál mun koma fyrir hvert þingið eftir annað, ef það verður ekki samþykt nú, unz það að lokum vinst.

Þetta er venja í öllum borgum heimsins, að þær leggja undir sig þá staði, sem nálægir eru, eða umhverfið. Þetta lögmál mun verða að gilda hér líkt og t. d. í Kaupmannahöfn. Það getur sessunautur minn, háttv. þm. Sfjk. (V. G.) borið um, að Kaupmannahöfn gleypti fyrir nokkrum árum alt umhverfi sitt með húð og hári. Eg vona að háttv. deild líti á þetta mál með sanngirni. Ef hreppurinn hefði getað eða viljað fallast á breytinguna, þá hefði ekkert orð þurft að segja um málið. En úr því að samþykki hreppsins ekki hefir getað fengist, þá verður að sýna, að mótstaða hans er á röngum rökum bygð, og það hefi eg leitast við að gera.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Út af því sem háttv. þm. Borgf. (Kr. J.) sagði, þá vil eg geta þess, að það er ekki rétt, að Kaupmannahöfn hafi gleypt alt. »Frederiksberg« liggur ekki í lögsagnarumdæmi Kaupmannahafnar og liggur þó Kaupmannahöfn utan um bæinn á alla vegu. Háttv. sami þingm. sagði, að sér væri þetta ekkert kappsmál; því er hann þá að koma fram með þetta? Hann sagði líka, að gengi þetta mál ekki fram nú, þá mundi verða komið fram með það á öllum næstu þingum. Látum svo vera, að það yrði gert; þá mundi málið horfa alt öðruvís við en það nú gerir.

**Ráðherrann (H. H.):** Það var getið um það áðan, að jörðin Kjarni hefði verið lögð undir lögsagnarumdæmi Akureyrar móti vilja hreppsins. Þetta er ekki rétt. Kjarni var alls ekki lagður undir lögsagnarumdæmi Akureyrar. Jörðin var að eins seld Akureyrarkaupstað. Aftur á móti hafa tvær aðrar jarðir úr Hrafnagilshreppi verið lagðar undir lögsagnarumdæmi kaupstaðarins. Það eru jarðirnar Naust og Eyrarland. En það var gert með fullum vilja og samþykki hreppsins. Það væri æskilegt, ef hægt væri að koma þessu í kring á sama hátt, að jarðirnar Bústaðir og Skildinganes yrðu lagðar undir lög-

sagnarumdæmi Reykjavíkur með samþykki allra hlutaðeigenda. Ef Reykjavík vill ekki gera þau boð, að það samþykki geti fengist, get eg alls ekki greitt þessu frumvarpi atkvæði. Mér virðist engin sanngirni í að knýja það fram á þennan hátt gegn eindregnum mótmælum hreppsins.

**Lárus H. Bjarnason:** Eg vona að deildin lofi þessu frumvarpi að ganga til 3. umræðu, hvað sem hún kynni að ætla sér að gera við það þá. Ef hún gerir það, þá reyni eg að koma því til leiðar við bæjarstjórnina, að hún láti sér nægja að fá Bústaði. Eg vona að deildin verði þessu samþykk, ekki sízt fyrir þá sök, að háttv. 2. þm. G. K. (Kr. D.) er því víst fylgjandi, að málið fái að ganga til 3. umræðu.

**Kristinn Daníelsson:** Háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) sagði, að eg væri því fylgjandi, að málið færi til 3. umr. Eg var á leiðinni með rökstudda dagskrá til hæstv. forseta, en lét það þó bíða að afhenda hana samkvæmt beiðni þingmannsins. Eg get gert það fyrir þingmanninn, að greiða ekki atkvæði móti því til 3. umræðu; en komist það fram nú við 2. umræðu, þá mun eg koma með mína rökstuddu dagskrá við 3. umræðu.

ATKV.GR.:

1. gr. frumv. feld með 16 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Jón Jónsson |
| Bened. Sveinsson | Björn Kristjánsson |
| Bjarni Jónsson | Einar Jónsson |
| Halldór Steinsson | Hannes Hafstein |
| Jón Magnússon | Jóh. Jóhannesson |
| Kristján Jónsson | Jón Ólafsson |
| Magnús Kristjánss. | Ólafur Briem |
| L. H. Bjarnason | Sig. Sigurðsson |
| | Skúli Thoroddsen |
| | Stefán Stefánsson |
| | Tryggvi Bjarnason |
| | Valtýr Guðmundss. |
| | Þorleifur Jónsson |

Guðm. Eggerz, Kristinn Daníelsson og Matthías Ólafsson greiddu ekki atkvæði og töldust til meiri hlutans. Einn þingmaður fjarstaddur.

---

FRUMVARP til laga um málskostnað (200, n. 643); 2. umr.

**Framsögum. (Jón Ólafsson):** Herra forseti! Þetta frumv. er þgskj. 200, og er eg flutningsm. þess Nefndin, sem þetta mál hafði til meðferðar, hefir orðið ásátt um að ráða háttv. deild, til þess að samþykkja það með lítils háttar breytingu.

Breytingin er í því fólgin, að takmarka ákvæði frumvarpsins. Það stendur í frumvarpinu, að þegar stefndi í einkamáli sé algerlega sýknaður, þá skuli dæma honum málskostnað að skaðlausu frá hinum. Þetta vill nefndin fella burt, en setja í staðinn, að þá skuli dæma honum málskostnað frá gagnaðilja eftir reikningi, sem dómstóllinn úrskurðar. Sumum í nefndinni þótti ekki rétt að dæma stefnda málskostnað þó að hann væri sýknaður; töldu að hann gæti verið sýknaður vegna ónógra sannana. Nefndin varð þó að síðustu sammála um, að ráða háttv. deild til þess að samþykkja frumvarpið þannig breytt. Eg vildi nú mæla með því, að breytingar þessar yrðu samþyktar, því að frumvarpið er áreiðanlega bót frá núgildandi lögum.

**Jón Magnússon:** Það getur vel verið, að frumvarpið sé ekki svo þýðingarmikið eins og það nú liggur fyrir. En eg álít athugavert að fara að breyta litlu atriði í réttarfarinu; það væri eflaust ástæða til að endurskoða réttarfarið í heild. En að taka svona litla

kafla í einu, það dugar ekki; það verður aldrei annað en kák. Eg skal geta þess, að eg álít að nefndinni hafi skotist yfir eitt atriði. Þegar maður mætir ekki fyrir sáttanefnd, þá er vanalegt að dæma hann í málskostnað. Nefndinni hefir skotist yfir að gera ráð fyrir því, að þetta gæti komið fyrir. Ef frumvarpið verður samþykt nú, þá þyrfti þó að breyta þessu síðar.

Annars vil eg geta þess í sambandi við þetta, að það er oft farið í mál að ástæðulitlu út úr litilræði gegn bláfátækum mönnum, sem ekki geta borgað. Og ef nú ætti að dæma í málskostnað að skaðlausu, þá yrði hann oft margfaldur á við skuldina. Það koma fyrir í tugum og hundruðum slík mál hér í Reykjavík. Málaflutningsmenn hafa komið sér saman um taxta um að flytja ekki mál fyrir undirrétti fyrir minna en 25 krónur. Ef þetta yrði dæmt, þá yrði ef til vill málskostnaðurinn tífaldur á við skuldina. Mér virðist miklu betra að svo stöddu að hafa gamla ákvæðið og hrófla ekkert við lögunum nú

**Stefán Stefánsson:** Eg hefi ritað undir þetta frumv. með fyrirvara. Eg skal ekki tala langt mál; það er óþarfi, því að háttv. þm. Vestm. (J. M.) hefir tekið fram flest af því sem eg vildi segja. Að vísu leggur nefndin til, að frumv. verði breytt frá því sem háttv. flutningsmaður þess fór fram á. En þó leggur það enn þá óeðlileg höft á dómara. Gerum nú t. d. ráð fyrir, að manni sé stefnt um skuld, sem hann hefir goldið; hann hefir tapað kvittuninni, en getur fært mjög miklar líkur fyrir því, að hann segi satt, að hann hafi goldið. Dómarinn getur ekki dæmt hann sýknan eftir líkum, og hann verður líka eftir frumv. að dæma hann í allan málskostnað. Í staðinn fyrir það, að með núgildandi ákvæðum mundi dómarinn ekki láta hann bera málskostnað, nema að nokkru leyti. Mér finst að þetta veiki það traust, sem maður á að bera til dómarans. Mér virðist að dómarinn eigi ekki að vera skyldur til að dæma menn í málskostnað, ef hann er sannfærður um, að maðurinn sé sýkn, þótt hann máské af sérstökum ástæðum ekki geti fært fullar sannanir fyrir sýknun sinni. Þetta olli því, að eg gat ekki verið málinu fylgjandi.

**Framsögum. (Jón Ólafsson):** Herra forseti! Eg hefi nú hlustað á mótbárur, þær sem fram komnar eru hér í deildinni gegn þessu máli. Af þeim virðist mér að eins ein vera nokkurs virði. Það er ástæðan, sem háttv. þm. Vestm. (J. M.) kom með um, að nefndinni hefir skotist yfir að taka fram, hvað gera skyldi við þá menn, sem ekki mæta fyrir sáttanefnd, hvort þá ætti að dæma í málskostnað eða ekki. Það er rétt, að nefndin hefir gleymt þessu atriði, en þetta mætti lagfæra við 3. umr. Hitt get eg ekki fallist á, sem hann sagði um það, er menn fara í mál út úr tveim til þrem krónum. Ef farið er í mál að ástæðulausu, þá vinst málið ekki, og þá er hart að þurfa að greiða málskostnað fyrir þann sem sýknaður er. Það er gömul erfðasynd hjá öllum dómurum þessa lands, að þeir dæma aldrei nógu háan málskostnað. Eg skal segja eitt dæmi því til sönnunar, hvað þetta er hart. Maður í Hafnarfirði stefndi manni. Eg flutti málið fyrir stefnda. Eg gerði þrjár ferðir til Hafnafjarðar, og vann málið. En hvað haldi þið að eg hafi fengið í málskostnað fyrir þrjár ferðir til Hafnafjarðar, hest, vagn og tímaeyðslu? — 10 krónur — tíu krónur.

Það er líka nokkuð hart að geta ekki innheimt smáskuldir, vegna þess að maður fær aldrei fullan málskostnað. Allir þekkja það, að blaðaskuldir eru gersamlega óinnheimtanlegar.

Háttv. 1. þm. Eyf. (St. St.) sagði, að það væri hart að dæma þann mann í málskostnað, sem allar líkur væri til um, að væri sýkn saka. Eg vil spyrja hann, hvort honum finnist ekki líka hart að sekta sækjanda fyrir líkur, sem engin vissa er fyrir. Stefndi *veit* það *fyrir fram*, hvort hann hefir sýknu-gögn eða ekki. Annars veit hann, að nú eru bókfærð öll viðskifti samkvæmt lögum um leið og þau gerast. Sömuleiðis fær hver maður kvittun um leið og hann borgar, samkvæmt lögum þessum. Hafi maður tapað kvittuninni og ekkert finst bókfært um greiðslu skuldarinnar í bókum verzlunarinnar, þá er ekki til neins að þrjóskast við að borga. Eg vona, að háttv. deild taki vel í þetta mál. Góðir lögfræðingar, eins og háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) og háttv. þm. Borgf. (Kr. J.), sem einnig er háyfirdómari, hafa athugað málið í nefndinni. Og þó að þeim, eins og okkur hinum nefndarmönnunum, hafi skotist yfir að koma með ákvæði um það, hvað gera skuli við menn, sem ekki hafa mætt fyrir sáttanefnd, þá má laga það við 3. umr.

**Lárus H Bjarnason:** Eg verð strax að gera þá játningu, að eg er ekki eins vel undirbúinn og eg hefði viljað, en það verð eg að segja, að eg verð að taka í sama streng og hv. þm. Vestm. (J. M.), bæði af þeim ástæðum, sem hann nefndi og öðrum.

Það er öldungis rétt, að þessi breyting á gildandi tízku, er til þess fallin að gera skuldheimtumönnum auðveldara að ná skuldum sínum, en þetta mál hefir, eins og fleiri, tvær hliðar, og það hjálpar ekki að einblína á þá hliðina, sem veit að skuldheimtumönnum, heldur verður líka að líta á hina, sem veit að skuldunautum, og jafnvel öllum almenningi. Eg lít nú svo á, að í fyrsta lagi sé óþarft að setja lög um þetta, og það af því, að dómstólunum er þar ekki markaður bás að lögum. Þeir geta hækkað málkostnaðinn — mér liggur við að segja eftir vild — og þeir eru mikið hneigðari til þess nú, en fyrir mörgum árum. Í öðru lagi er það óheppilegt, að setja alveg ófrávíkjanlega reglu um slíkt, hvernig sem á stendur. Lífið er svo margbrotið, að fortakslausar reglur eiga ekki við öll tilfelli þess. Þessi ákvæði væru hæfileg fyrir þá sem geta borgað, en vilja það ekki, en þau eru hörð þar sem svo er ástatt að viljinn er meiri en getan.

Sérstaklega vil eg benda á þetta í sambandi við það, hversu öll réttargjöld eru hærri nú en áður var. Þau voru hækkuð mikið 1909, og enn fremur hafa allir málfærslumenn í Reykjavík myndað hring og ákveðið gjaldskrá fyrir störf sín með 25 kr. lágmarki fyrir undirrétti og 50 kr. fyrir yfirrétti. Eftir því ætti flutningur á máli út af fjórum krónum að kosta 75 kr. fyrir utan öll réttargjöld, sem í báðum réttum mundu ekki verða ofreiknuð eitthvað á þriðja tug, og eru þá komnar um hundrað krónur í málskostnað. Þetta er óhæfilegt, einkum fyrir þá sem lögsóttir eru fyrir lítið tilefni.

Enn er það, að dómarar verða oft að dæma eftir vissum sönnunarefnum, sem ekki friða samvizku dómarans meira en svo. Eg skal t. d. nefna svo kallaðan partseið. Úrslit mála geta sem sé stundum oltið á því, að annarhvor málsaðila vinni eið að framburði sínum. Slíkur framburður er af mörgum álitinn fremur óábyggilegt sönnunargagn, en dómarinn er þó eftir atvikum skyldur að dæma eftir því. Löggjöfin hefir á síðustu tímum fjölgað þeim tilfellum, þar sem má og eftir atvikum á að nota þessa aðferð, og á eg þar sérstaklega við lög um verzlunarbækur frá 1909.

Í tortryggilegum tilfellum er hart fyrir dómarann að vera bundinn af beinhörðum lagabókstöfum.

Ekki mundi þetta frumvarp heldur verða til þess að auka frið í landinu. Miklu fremur stuðla að því, að mönnum yrði lausara í hendi að beita málsóknum, og ýta undir málaflutningsmenn að nota sér deilur manna.

Og það er efamál, hvort lög þessi mundu jafnvel ekki verða til þess, að verka á móti tilgangi síuum að vissu leyti. Eg hygg sem sé, að það hafi meðfram vakað fyrir háttv. flutningsm. og nefndinni, að vinna að því að minka verzlunarskuldir. En ef þær eiga rót sína að rekja til fúsleika lánardrottins að meira eða minna leyti og vilja hans til þess að tryggja sér viðskiftamenn með skuldum, þá mundu lögin ekki draga úr þeirri viðleitni, þar sem lánardrottinn vissi sig enn tryggari en áður.

Af öllum þessum ástæðum verð eg — þótt eg hafi ekki haft nógan tíma til að velta þeim vel fyrir mér — að ráða háttv. deild til að fella þetta frumvarp. Að minsta kosti eru þessar ástæður mér nógar til þess að vera móti því.

**Framsögum. (Jón Ólafsson):** Herra forseti! Mér þykir ilt að frumvarpið skuli sæta mótmælum frá jafn lögfróðum manni og háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.). En eg hugga mig við það, að hann hefir stundum sýnt meiri skarpleika en nú. Hann sagði, að þetta mundi ekki efla friðinn. Sá af nefndarmönnum, sem mesta reynslu hafði í þess konar efnum, áleit að þessi lög mundu fækka málaferlum, enda virðist það auðsætt. Ef einhver *veit*, að hann hefir þann málstað, að málið *hlýtur* að tapast, þá verður hann fúsari til þess að sættast, en fara í mál, ef hann veit að málskostnaður fellur jafnframt á hann. Eins og nú er, fara margir í mál, bara til þess að draga á langinn úrslitin, en ef þetta frumvarp yrði að lögum, mundu fleiri í þess stað taka sanngjörnum kröfum málsóknarlaust.

Þá sagði háttv. þingmaður að þetta kæmi hart niður á þeim, sem vilja borga, en geta ekki. En það er þvert á móti. Ráðvandir menn komast ætíð að góðum skilmálum, því að flestir vilja heldur magra sætt, en feitan »process«. Nú fá menn hegningarólina lengda, og hugsa að það kosti ekki nema 5—6 króna tap.

Þar sem hann mintist á lög um verzlunarbækur, skal eg taka það fram, að þar er sízt um mikinn kostnað að ræða. Mál sem út af þeim rísa, eru venjulega einföld og geta aðiljar venjulega flutt þau sjálfir án þess að hafa málaflutningsmenn. *Geti* skuldunautur alls ekki borgað, *á* hann að lýsa sig gjaldþrota.

Eitt þótti mér fáránlegt í ræðu hans og bera vott um úreltan hugsunarhátt. Hann var að tala um það, að ef innheimtan væri gerð auðveldari, þá yrði lánað frekar en ella. Í öllum öðrum siðum löndum er sú stefna ríkjandi, að gera mönnum sem greiðastan aðgang að lánstraustinu, og þá verður um leið að gera innheimtuna auðvelda. Ef hún er kostnaðarsöm og erfið, þá gengur öllum ver að fá sér lán, en hér hefir það alt af verið efst á baugi frá því fyrst, að vér fengum lögin um varnarþing í skuldamálum, að það er eins og menn haldi að það sé böl að menn geti fengið lán. Það ættu þó allir að vita, að það er hagur að hafa lánstraust, en hitt er hvers manns eigin skuld, hvernig hann fer með það. Eg álít og veit, að það miðar til þess að efla skilvísi, ef mönnum er gerður greiðari aðgangur að innheimtu. Svo er þess að gæta, að hér er ekki eingöngu átt við skuldamál, heldur öll mál yfirleitt, og þegar menn fara í mál, þá hafa þeir að jafnaði hugboð um, hvers vænta má, og ef lítil eða engin útsjón er til að vinna málið, þá hika

menn sér fremur ef þessi ákvæði yrðu að lögum, svo að þau mundu einmitt efla friðinn í landinu.

**Jón Magnússon:** Það sem háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) sagði síðast, á sér ekki stað nema stundum. Það er oft að hvorugur málsaðili er viss um að vinna mál. Og eg segi fyrir mig, að eg er oft í efa um, hvernig dæma skuli bæði um réttarspursmál og sönnunargögn. Þegar nú er álitið, að sá sem tapar málinu hafi haft ástæðu til þess frá sínu sjónarmiði að fara í málið, þá er það venja eins og nú er, að málskostnaður falli niður. Þetta frumv. er bygt á alt öðrum grundvelli — áhættugrundvellinum. Sá sem tapar málinu borgar líka málskostnaðinn. *(Jón Ólafsson:* Sá borgar brúsann, sem brýtur hann). Nei, sá sem verður undir. En ef gengið er inn á þennan grundvöll, þá er það rangt að láta ekki jafnt ganga yfir báða málsaðilja; það væri jafnvel ástæða til þess að láta þetta ráða meira fyrir stefnda en stefnanda.

Eg hygg, að réttast væri að samþykkja ekki þetta frumvarp nú, hvað sem menn kynnu um það að álíta í sjálfu sér; það er eins og til þess að setja nýja og ólíka bót á gamalt fat.

**Kristján Jónsson:** Það er öðru nær en að eg sé spentur fyrir því, að þessi lög verði samþykt. Mér virðist tæplega ástæða til þess að lögbinda þetta, en til samkomulags get eg þó sætt mig við frumv. breytt eftir tillögum nefndarinnar, með því að eg tel að þá sé alveg hættulaust að samþykkja það. Það kemur þá ekki til framkvæmda nema því að eins að stefnandi »fái allar kröfur sínar teknar til greina«. Þegar þetta er svo ákveðið, hygg eg að lögin geti ekki verið óaðgengileg, því að stefndi þarf eigi að láta málið koma fyrir dómstólana; hann getur sæzt. Geri hann það ekki, þá sætir hann afleiðingunum sem það hefir að láta málið ganga til dóms, og það er að mínu áliti eðlilegt.

Athugasemd háttv. þm. Vestm. (J. M.) er eigi á rökum bygð, svo framarlega breytingartillagan verður samþykt, sem eg tel sjálfsagt að verði; sækjandi, er lætur hjá líða að mæta við lögskipaða sáttatilraun, getur eigi unnið mál sitt, en hlýtur að fá frávísunardóm; hann getur því aldrei komið undir ákvæði frumvarpsins, ef þeim verður breytt samkvæmt breyt.till.

Það er áreiðanlegt, að dómstólavenjan hefir í langa hríð verið mjög væg er til málskostnaðar kemur, töluverð tilhneiging til þess að láta málskostnað falla niður, og hafa hann heldur lágan, þá er hann hefir verið dæmdur. Verður því eigi neitað, að nokkur ástæða er til þess að fá þessu breytt, og til þess miðar frumvarpið; eftir breyt.till. er það þó því að eins lögskylt að dæma fullan málskostnað, að sækjandi vinni mál sitt að fullu og öllu, vinni það »*pure*«. Þá er ætlast til þess að hann fái fult endurgjald skaða síns.

Annars vil eg taka það fram, sem og hefir verið bent á af öðrum, að »praxis« dómstólanna í þessu efni hefir áreiðanlega verið að breytast og færast í réttara horf. Í síðustu 20 árin hefir alt stefnt að því, að þeim, er mál sín vinna til fullnustu, sé dæmdur málskostnaður að fullu eða að mestu leyti. Haldi þessi »praxis« áfram í sömu átt og festist meir og meir, þá verður minni þörf fyrir lagaákvæði eins og þau er í frumvarpinu felast.

Eg hefi svo ekki meira að segja um mál þetta. Sem sagt, álít eg það ekki varhugavert, að lögleiða þau ákvæði, er hér er farið fram á, það er að segja

frumv. breytt samkvæmt breytingartill. Verður þá með lögum staðfest og styrkt sú »praxis«, er eg gat um.

---

Umr. lokið á nóni, og var þá fundi frestað til kl. 5 síðdegis.

---

Klukkan 5 síðdegis var fundur settur á ný, og byrjað á atkvæðagreiðslu.

ATKV.GR.:

Brt. 643, 1, samþ. með 12 : 4 atkv.

Brt. 643, 2, samþ. með 13 shlj. atkv.

Frv.greinin feld með 18 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Björn Kristjánsson | Eggert Pálsson |
| Jón Ólafsson | Jón Jónsson |
| Kristján Jónsson | Benedikt Sveinsson |
| Matthías Ólafsson | Bjarni Jónsson |
| Skúli Thoroddsen | Einar Jónsson |
| Valtýr Guðmundss. | Guðmundur Eggerz |
| | Hallór Steinsson |
| | Hannes Hafstein |
| | Jóh. Jóhannesson |
| | Jón Magnússon |
| | Kristinn Daníelss. |
| | Lárus H. Bjarnason |
| | Magnús Kristjánss. |
| | Ólafur Briem |
| | Sig. Sigurðsson |
| | Stefán Stefánsson |
| | Þorleifur Jónsson |

Pétur Jónson greiddi eigi atkvæði og taldist með meiri hlutanum. Einn þm. fjarstaddur.

---

FRUMVARP til laga um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum (331, 651); 2. u m r.

**Halldór Steinsson:** Eg þarf ekki að segja margt um þetta frumv. Það er öllum vitanlegt, hve mannskaðar hér á landi eru tíðir og mikil nauðsyn ber að reyna að draga úr þeim sem hægt er. En fyrsta ráðið til þess er að komast fyrir orsökina til þeirra. Í því skyni er þetta frumv. borið fram. Það fer fram á að lögleiða, að nákvæmar skýrslur séu gefnar um alla mannskaða og orsakir til þeirra. Sýslumönnum og hreppstjórum er með því falið þetta starf og skulu þeir rannsaka nákvæmlega, hvað slysunum valdi. Áður höfðu prestar þetta starf með höndum, en skýrslur þeirra voru óábyggilegar — slysatalan mikið minni en í raun og veru átti sér stað. Ef þetta frumv. verður samþykt, eru þar með settar nákvæmar reglur fyrir rannsókn á mannsköðum og má telja víst, að sárfáar slysfarir koma fyrir, sem mönnum verði ekki kunnugt um.

Nefndin hefir athugað frv. nákvæmlega og ekki séð ástæðu til að koma með neina breytingu á því, enda er málið vendilega rannsakað áður. Leggur hún því til, að frumv. verði samþykt óbreytt.

ATKV.GR.:

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

5.—8. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

9.—13. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkv.gr.

Vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

---

TILLAGA til þingsályktunar um strönduð skip (612); e i n u m r.

**Framsögum. (Þorleifur Jónsson):** Skal fyrst geta þess, að eg ber þetta mál hér fram samkv. óskum, er kom fram á þingmálafundum í kjördæmi mínu. Sérstaklega kom sú ósk frá Öræfingum.

Eins og mörgum mun kunnugt, líður varla ár, svo að ekki strandi fleiri eða færri skip á fjörunum í Skaftafellssýslunum báðum. Í Austur-Skaftafellssýslu stranda skipin einkum á fjörunum fyrir austan og vestan Ingólfshöfða, o: á Breiðamerkursandi og Skeiðarársandi. Í Vestursýslunni munu skip einkanlega stranda á Meðallandssöndum.

Það er einkum síðan að útlendingar fóru að stunda botnvörpuveiðar hér við land að vetrarlagi, að strönd hafa verið svo tíð. Úti fyrir strandlengjunni í Skaftafellssýslunum, er oftast fjöldi af útlendum botnvörpungum við veiðar; munu það vera einkum enskir og þýzkir botnvörpungar, eða að minsta kosti eru það þeirra þjóða skip, sem helzt hefir borist þar á.

Áður fyrri var það venjan, að in strönduðu skip voru seld á uppboði, tamkvæmt hinum íslenzku strandlögum. En í seinni tíð, eða síðasta áratug, hafa skipstjórar tekið upp þá aðferð, að fá einungis aðstoð yfirvaldsins til að fá strandmennina flutta, en hafa ekki viljað láta selja ströndin á uppboði, eða á annan hátt. Stundum getur þetta verið eðlileg ráðstöfun í bili, ef skipið er heilt og von geti verið að það náist út aftur. En þótt skipin hafi komið upp á fjörurnar stráheil, og staðið teinrétt í sandinum um stund, veit eg engin dæmi til — því miður — að þau hafi náðst út aftur, þótt það hafi verið reynt. Enda er Ægir gamli svo þunghendur þar um slóðir, að hann mun oftast vera búinn að vinna eitthvað slig á skipunum, þegar fram á sumar kemur og tiltækilegt er að ná þeim út.

Eins og gefur að skilja hefir enginn neitt á móti því, að strandeigendum sé gefinn nægilegur frestur til að gera tilraunir til að ná út skipum ef viðlit er, og þótt skipin séu seld á uppboði, má gera það með þeim fyrirvara, að salan nái ekki gildi að fullu fyr en eftir 6 mánuði eða svo.

Því miður hefi eg ekki í höndum skýrslu um það, hve margir skipsskrokkar liggja á víð og dreif um fjörurnar í Skaftafellssýslunum, óseld og í algerðu greinaleysi. En eg hygg, að þeir séu milli 10 og 20, og geta verið fleiri.

Menn kunna nú að hugsa og jafnvel spyrja: Hví er mönnum ant um, að þessir strönduðu skipsskrokkar séu seldir, og hví mega eigendur þeirra, eða umráðamenn, eigi láta þau liggja þar sem þeim þóknast, lofa þeim að brotna niður og verða að engu með tíð og tíma. — Til þessa má svara því, að fyrst og fremst er það eðlilegt og rétt, að alt fémætt, sem á landi liggur, ætti að verða einhverjum að notum, náttúrlega gegn borgun. Það er ansi hart að sjá upp á það, að sjórinn mölvi skipin í sundur og dreifi kolum og öðru fémætu, sem í þeim er um sandinn og grafi það niður, án þess að nokkur maður hérlendur megi snerta hendi við þessu.

Þá er að geta þess, að útlendingarnir eiga ekki það land, þá fjöru, sem skipsskrokkarnir liggja á. Fjörur þær er ströndin liggja á, eiga annaðhvort einstakir menn innlendir eða landssjóður, þær heyra með öðrum orðum til einhverra jarðeigna. Nú finst mér að minsta kosti álitamál, hvort landeigandi eða rekamaður er skyldur til að láta annara eigur liggja á landi sínu, endurgjaldslaust, og án þess að um það sé spurt, svo og svo lengi, árum og áratugum saman, eða jafnvel til eilífðar.

Í íslenzkum lögum er ákvæði, sem mér finst dálítið hliðstætt þessu. Það er í lögum um ábúð og úttekt jarða frá 12. Jan. 1884. Þar segir svo í 8. gr.

»Rétt er að fráfarandi skilji eftir, þar sem viðtakanda eigi er mein að, það af búslóð sinni, er hann eigi má burt flytja þegar, en það skal hann

hafa burt flutt, fyrir næstu veturnætur. Séu búsmunir eigi fluttir burtu að veturnóttum, skal búandi segja hreppstjóra til, og fer hann með þá sem fé í vanhirðingu«.

Þarna er íslenzkum mönnum, íslenzkum bændum bannað að láta eigur sínar liggja lengur en 5 mánuði á annars lóð, en útlendingar mega láta skipbrot sín liggja á rekum landsins um aldur og ævi. Menn kunna nú að spyrja, hvaða skaða gerir það rekamanni, þótt rekald liggi hingað og þangað á rekum hans. En eins má spyrja: Hvaða skaða gerir það ábúanda þótt spítur eða aðrir búsmunir fráfaranda liggi einhversstaðar á aurmel, eða grjótholti í landi jarðarinnar. En lögin hafa viljað setja þá reglu, að enginn þyrfti að líða annara eigur á sinni lóð, en einhvern tiltekinn tíma. Og taka jafnframt fyrir það, að menn geti látið dót sitt vera í greinarleysi hingað og þangað. Og svo getur það komið fyrir að beinn bagi geti hlotist af slíkum reköldum á fjörum. Setjum svo að stórt skip ræki upp í litla bátavör, og hvergi væri annað að flýja, með útræði eða lendingu. Þá á að mega láta hræið liggja þar lon og don, og máské eyðileggja sjósókn í heilli sveit. Eg tek þetta sem dæmi, því þótt varir séu óvíða svo litlar, að eitt skip geti eyðilagt aðgang að þeim, þá geta fleiri rekið upp hvort hjá öðru, og það er einmitt lenzkan hjá þeim, ef þeir sjá land, og í óefni er komið, að reyna að stýra þanngað eða þar sem næst, er standað skip er fyrir, því þar halda þeir að landtaka sé betri.

En þótt gengið væri að því vísu, að það gerði engum neinn beinan skaða, að skip lægi á fjörum svo og svo lengi, þá er þó hins að gæta, að líta má svo á, að fjörumaður, eða landeigandi, beri nærri siðferðislega ábyrgð á því, að annara eigur, sem í hans landareign eru fari ekki forgörðum, þannig, að þeim sé ruplað eða rænt. Lagaskylda mun að vísu ekki á honum hvíla að þessu leyti. En alt ber að sama brunni: Komi eitthvað fyrir, hendi það að eitthvað hverfi af slíku dóti, hvert mun þá grunínum oftast beint? Mun ekki grunsemdin falla oftast á fjörumann, af því að hann á oftast leið þar um. Og margt getur ilt hlotist af þessu reiðileysi; hvörf og málaferli, eins og dæmin hafa stundum sýnt. Og þó getur verið um hvörf að ræða úr þessum skipaskrokkum, án þess að hérlendir menn séu að því valdir. — Mikilsmetinn maður í Öræfum og áreiðanlegur, sagði mér frá atviki, sem sýnir að svo geti verið.

Botnvörpungurinn hafði strandað út af Fagurhólsmýri í Öræfum, skipstjóri vildi eigi láta selja skipið. Það var heilt og stóð teinrétt i sandinum. Var svo káetum og öllum niðurgöngum í skipið læst með járnslám, og minnir mig að bændur á Fagurhólsmýri væði beðnir að líta við og við eftir skipinu. En svo kemur það fyrir löngu, löngu seinna, að frá Fagurhólsmýri sást að skip sigldi þar upp undir land, og lagði bátur frá skipinu og sást að menn fóru í ið strandaða skip. Var svo farið í fjöru til að athuga strandið. En þá höfðu þessir útlendingar mölvað lása og brotist inn í herbergi skipsins, auðvitað í þeim tilgangi að ná munum þaðan. Eg get þessa til sönnunar því, að ekki er alt af víst að gruni sé rétt stefnt, um hvörf þau er kunna að verða úr skipum þessum, og þar gjaldi ef til vill margur saklaus af. Og í sjálfu sér er ekki rétt, að líða það að fjármunir liggi hingað og þangað í greinarleysi, sem tálsnara og freisting fyrir almenning.

Að öllu þessu athuguðu, held eg að ekki sé óréttmætt, þótt farið sé fram á

að eitthvað sé tekið hér í taumana. — Upphaflega var eg að hugsa um að koma með viðauka við strandlögin frá 14. Jan. 1876, í þá átt, að skipaeigendum eða ábyrgðarfélögum væri óheimilað að hafa strönduð skip hér á rekum landsins í greinarleysi lengur en 6 mánuði eða svo. En ef engin ráðstöfun væri gerð að þeim tíma liðnum, skyldu þau annað hvort falla til landssjóðs eða fjörueiganda.

En eftir að eg hafði ráðfært mig við lögfræðinga um þetta atriði, og heyrði það hljóð í þeim, að löggjöf á þessu sviði myndi ærið vandasöm, með því að rannsaka þyrfti erlendar reglur eða alþjóðareglur um þetta, hætti eg við það, en tók til ráðs að fela stjórninni málið með þessari þingsályktunartillögu.

Treysti eg því að hæstvirt stjórn taki málinu vel, og geri gangskör að því, að óreglu, þeirri er hér um ræðir, létti af. — Eg býst við, að til þess þurfi nýtt lagaboð, og vona eg og óska að hún undirbúi slík lög undir næsta Alþingi, eftir að hún hefir aflað sér þeirra upplýsinga, sem með þarf um málið.

Orðlengi svo ekki frekara um þetta mál. Vona að háttvirt deild sýni því þá velvild að samþykkja tillöguna. Hún er engum til meins, en gæti komið í veg fyrir óreglu, sem nú viðgengst.

ATKV.GR.:

Tillagan samþykt með 18 samhljóða atkvæðum og verður afgreidd til ráðherra.

---

FRUMVARP til laga um forðagæzlu (514, n. 617); 2 umr.

**Framsögum. (Ólafur Briem):** Það er oft haft í orði að mál vanti nauðsynlegan undirbúning á þinginu. En það verður ekki sagt um þetta frumv. Það styðst við reynslu margra ára. Tilætlunin er, að það komi í stað laga 9. Febr. 1900 um horfelli á skepnum, sem nú í 12 ár hefir átt að framfylgja um land alt. Það hafa komið í ljós verulegir gallar á þessum lögum við reynsluna. Meðal annars er það óheppilegt ákvæði, að þeir menn, sem framkvæma eiga búpeningsskoðanir eftir lögunum frá 1900, eru valdir að eins til eins árs í senn. Og þótt leyfilegt sé að endurkjósa þá, þá eru það fæstir, sem gefa kost á sér til þess, einkum þar sem ekki er fast ákveðin borgun fyrir starfann, heldur fer hún eftir samkomulagi við hreppsnefnd og má ekki fara upp úr 2 krónum á dag. Oft er það því að hreppsnefndirnar reyna að spara þessi útgjöld og fá menn fyrir lægra kaup, eða alls ekkert. En þá gefur að skilja, að þá er ekki ætið farið eftir hæfileikum manna. Í þessu frv. er reynt að bæta úr þessu með því, að skoðunarmenn séu valdir til 3. ára í senn og kaup þeirra fastbundið við 2 kr. á dag.

Annar galli á lögunum frá 1900 er sá, að ekki er fyrirskipuð nema ein skoðun á ári, og það á útmánuðum. Afleiðingin af þessu getur verið sú, að í óefni sé komið með skepnurnar þegar skoðunin fer fram. Fóðrið hefir kann ske verið alt of lítið í byrjun þegar á haustnóttum. Hér er farið fram á 2 skoðanir á ári. Þegar svo er, þá geta skoðunarmenn verið í ráðum með bændum, hve mikið þeir skuli setja á, og vilji menn ekki fara að ráðum skoðunarmanna, gefst þeim tilefni til að hafa altaf vakandi augu á þeim búendum.

Þá er enn þriðji gallinn á, lögum sá, að skoðunarmenn hafa ekki aðra skyldu á hendi, ef þeir álíta að ástandið sé óskyggilegt, en að tilkynna það hreppstjóra í þeim tilgangi, að hann kæri málið fyrir sýslumanni. Í því frumv., sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir að forðagæzlumenn ráði þeim

manni, sem er tæpt staddur, til að fá birgðir handa skepnum sínum, og ef fjáreigandi ekki vill hlíta því, annað hvort að útvega forða eða fækka skepnum sínum, svo að því sé borgið sem eftir lifir, þá fyrst skuli hlutaðeigandi kærður. Með öðrum orðum, hann verður ekki kærður fyr en hann hefir sýnt mótþróa, en ekki fyrir hitt, þótt hann í hugsunarleysi hafi stofnað sér í vandræði.

Þetta eru þá aðalbreytingarnar á gildandi lögum. Þar að auki eru ýmis önnur atriði, sem nefndinni kom saman um að væru til bóta, og leyfir hún sér einhuga að ráða háttv. deild til að samþykkja frumvarpið með þeim breytingum, sem nefndin hefir komið fram með á þgskj. 617.

Fyrsta breyt.till. nefndarinnar er við 3. gr. Þar er svo ákveðið, að forðagæzlumenn skuli skoða fóðurbirgðir manna, en hér er því bætt við, að þeir skuli einnig skoða húsavist búpenings, því að það skiftir miklu máli að hún sé í góðu lagi.

Önnnur breyt.till. við 5. gr. um, að orðin »sem hreppssjóður borgar« falli burt, stendur í sambandi við fimtu brt. um sérstök ákvæði um forðagæzlubækur. Nefndin áleit að þessar forðagæzlubækur myndu verða til mikils gagns og fróðleiks í búnaðarsögu landsins þegar fram liðu stundir, og væri því afarþýðingarmikið að þær væru vel færðar og vel geymdar, og virtist nefndinni Landsskjalasafnið vera eini rétti staðurinn til að geyma þær. Og í sambandi við það að þær eiga að vera eign landsins, virðist vera rétt að landssjóður borgi þær. Vitaskuld skiftir það ekki miklu máli, hvort það er landssjóður eða hreppssjóður, sem borgar.

Þriðja br.till. er orðabreyting um, að sleppa úr 6. gr. orðinu »réttlátan«. Þar er talað um, að forðagæzlumenn eigi að gefa vitnisburð um útlit búpenings, og er komist svo að orði, að hann eigi að vera réttlátur. Nefndin áleit að það væri sjálfsagt, svo að ekki þyrfti að taka það fram.

Þá er fjórða breyt.till. orðabreyting, sem stendur í sambandi við að breytt hefir verið um nafn á öðru frumvarpi.

Nefndin býst við að þetta frumvarp, eins og það er úr garði gert, muni ekki sæta miklum andmælum, og álítur það í heild sinni mikla réttarbót.

ATKV.GR.:

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Breyt till. 617, 1, samþ. með 17 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Breyt.till. 617, 2, samþ. með 14 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

Breyt.till. 617, 3, samþ. án atkvæðagreiðslu.

6. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

7. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Breyt.till. 617, 4, samþ. með 14 shlj. atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

Breyt.till. 617, 5, samþ. með 15 shlj. atkv.

9.—12. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkv.gr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

---

FRUMVARP til laga um hallærissjóð (344, n. 625, 676); 2. umr.

**Framsögum. (Ólafur Briem):** Það verður að vísu ekki sagt hið sama

um þetta frumvarp eins og um frumvarp það, sem var hér til umræðu næst á undan, um forðagæzlu, að nefndin hafi verið sammála, þar sem einn nefndarmaður hefir skrifað undir nefndarálitið með fyrirvara og komið fram með brt. Meiri hlutinn áleit samt sem áður að frumvarpið væri þess vert að því væri allur sómi sýndur og greitt fyrir því gegn um þingið. Vitaskuld er þetta mál nýstárlegt í því formi, sem það kemur fram nú, en grundvöllur þess er alls ekki nýstárlegur, því að hann hefir verið alment umhugsunarefni landsmanna alt frá því er þetta land bygðist og hafa þeir oft verið mintir á að íhuga þetta mál, og það ekki á sem vægilegastan hátt stundum, eins og uppdrátturinn, sem hangir hérna frammi á lestrarsalnum, ber ljóslega með sér.

Það sem helzt hefir valdið hallærum hér á landi, er fyrst og fremst hafísinn með sínum afleiðingum, þá eldgos og öskufall, og svo drepsóttir. Eitt af þessu er nú úr sögunni, það er að segja drepsóttirnar, sem hafa verið mjög átakanleg plága fyrir þetta land. Það er nú svo komið, að við þurfum naumast að óttast slíka plágu, og er það að þakka bættri læknaskipun og breyttum lifnaðarháttum. En enn þá eru hinar plágurnar, sem geta að borið, þegar minst vonum varir, og haft mjög skaðlegar afleiðingar. Eg skal ekki fara langt út í það mál; um það urðu talsverðar umræður í Ed., og ætla eg ekki að neinu leyti að bæta um þær. Eg vil að eins minna á það, að þótt segja megi að menn séu að ýmsu leyti betur búnir gegn afleiðingunum af ísi og eldgosum, þá eru menn að öðru leyti ver við slíku búnir, þar sem menn eru nú orðnir viðkvæmari og gera meiri kröfur til lífsins, eftir því sem framfarirnar hafa aukist og aðbúnaður allur orðið betri. Þegar menn eiga til langframa við eitthvað ilt að búa, verða menn ekki eins næmir fyrir þó á móti blási. Eg vil segja, að ef nú kæmi einhver plága í líkingu við þær sem áður hafa komið, þá myndi hún hafa miklu víðtækari afleiðingar, einmitt fyrir þetta, að menn þola minna.

Með þessu frumv. er farið fram á það, eftir því orðalagi, sem er í 1. gr. þess, að stofna sjóð til hjálpar í hallæri. Nefndinni þótti þetta ekki nógu skýrt orðað og jafnvel ekki nógu víðtækt. Þessi sjóður ætti ekki einungis að vera til að bæta skaða, sem hlýzt af hallæri, heldur aðallega tryggingarsjóður til að afstýra því. Þess vegna hefir nefndin leyft sér að koma með brtill. við 1. gr. þess efnis, að á eftir orðunum: »til hjálpar í hallæri«, komi: »eða til að afstýra því«. Það er einmitt aðalkjarninn í frumv., að þessi sjóður eigi að vera tryggingarsjóður. Ef spurt væri, hver sé sú mesta breyting eða hvað sé það einkennilegasta í þjóðfélagsskipun vorra tíma í samanburði við skipulag fyrri alda, og ef því ætti að svara með einu orði, þá hygg eg að það yrði orðið »samvinna«. Ein tegund þessarar samvinnu er einmitt tryggingarsjóðirnir. Þeir eru sú tegund samvinnu, sem hefir látið mjög mikið til sín taka í löggjöf og menningarskipan annara þjóða. Og við hér á hala veraldar erum ekki alveg ósnortnir af þeirri hreyfingu. Sérstaklega eru það þó persónulegar tryggingar, sem við höfum af að segja. Embættismenn eru skyldir til að tryggja sér og ekkjum sínum ellistyrk og lífeyri, og í seinni tíð hfa verið stofnaðir ýmsir styrktarsjóðir, svo sem styrktarsjóður barnakennara, líftrygging sjómanna, ellistyrktarsjóður og sjúkrasamlög. Alt eru þetta tryggingarsjóðir, sem byggjast á því, að áhættan dreifist á fleiri hendur og lengri tíma. Þetta, sem eg nefndi, eru alt persónutryggingar, en svo höfum við líka

eignatryggingar, svo sem vátrygging sveitabæja og samábyrgð fyrir fiskiskip, og það hafa verið gerðar tilraunir til að koma á frekari eignatryggingum þó að þær hafi ekki borið ávöxt. Þetta er eitt af aðaleinkennum seinni tíma. En eg get ekki stilt mig um að minna á það, að þótt við séum skamt komnir á þessari leið, og förum mest eftir útlendum fyrirmyndum, þá þurfum við ekki svo langt að fara, og getum haft fyrirdæmið frá forfeðrum okkar, því að í okkar elztu lögum eru til ákvæði um þessa hluti, bæði eignatrygging á húsum og eignatrygging á skepnum. Í Grágás er bein skipun um það, að ef þrjú helztu húsin, baðstofa, búr og eldhús eða skáli, brenna á einum bæ, þá séu allir hreppsbúar skyldir að taka þátt í skaðanum að helmingi. Og sama gilti um það ef drepsótt kom upp í skepnum, aðallega nautpeningi, þá voru hreppsbúar skyldir til að taka þátt í skaðanum. Vitaskuld var félagsskipun á þeirri tíð ekki komin svo langt, að þessi trygging gæti stuðst við þær tvær grundvallarreglur, sem tryggingarsjóðir vorra tíma styðjast við, ekki einungis að áhættan dreifist á fleiri hendur, heldur einnig á lengri tíma, þannig, að ekki þurfi að koma til niðurjöfnun á skaðabótum í hvert skifti, en þar á móti sé stofnað til ábyrgðarsjóðs með föstu árgjaldi og að ef ekki þarf til sjóðsins að taka fleiri ár í röð, þá vaxi hann og sé þess öflugri þegar á þarf að halda.

Það er varla hægt annað en furða sig stórkostlega á því, að áminst samábyrgðarlög skyldu vera til hér á landi á þessum tíma, þjóðveldistímanum, þegar ekki er til nokkur vottur þess, að slíkt hafi verið til annarstaðar á Norðurlöndum og þó víðar sé leitað. Það er furðulegt, að Íslendingar skyldu á þeim tíma standa framar öðrum þjóðum að þessu leyti. Og það er átakanlegt, þegar það er borið saman við nútímann, þá stöðum við öllum þjóðum framar, en nú stöndum við öllum öðrum þjóðum að baki í þessu efni. Það er ekki gott að gera sér grein fyrir, hvaðan forfeður vorir hafa haft þetta mikla mannvit, þetta mikla félagslyndi og sjálfsafneitun, sem lýsir sér í þessu, og það því síður, þegar litið er til þess, að það var grundvallarregla þeirra tíma, að vera ekki upp á aðra kominn, og að hver væri sjálfum sér nógur. Samt sem áður hafa þeir séð að þetta var þjóðarnauðsyn.

Ágreiningurinn í nefndinni var eingöngu um það, hvort það ætti að vera skyldukvöð að taka þátt í þessum tryggingarsjóð. Þó þeir hlutar á landinu séu til, sem meiri þörf hefði fyrir hallærissjóð en aðrir, þá er þó ekki hægt að segja annað en að áföll geti alstaðar komið fyrir um alt land. Og þess vegna vill meiri hluti nefndarinnar að það sé bundið fastmælum í frv., að þessi skyldukvöð hvíli á mönnum um alt land. Meiri hlutinn heldur líka þessu fram af því, að hann álítur að ekki megi treysta því að menn, sem þessu eru hlyntir, hafi svo mikinn áhuga á því að nokkuð verði úr framkvæmdum, ef alt á að vera komið undir frjálsum samtökum. Meiri hlutanum finst líka svo hóglega farið í sakirnar þar sem í frumv. er farið fram á að karlmaður, sem kominn er yfir tvítugt, borgi 1 kr. og kvenmaður 60 aura, auk þessa tillags úr landssjóði, sem nemi 40 aurum á hvern gjaldskyldan mann. Jafnframt þessu er svo fyrir mælt í frumv., að sveitarstjórnirnar ráði því, hvernig gjöldunum skuli fyrir komið, og þyki sveitarstjórn óráðlegt að heimta gjaldið sem nefskatt af öllum, þá skuli vera heimilt að jafna því niður á menn eftir efnum og ástæðum eða greiða það úr sveitarsjóði. Meiri hlutinn lagði

mikla áherzlu á það samræmisins vegna, að þessi skyldukvöð skyldi hvíla á mönnum um land alt, en það getur aftur komið síðar til nánari athugunar, hvernig haganlegast sé að verja fé sjóðsins einstökum héruðum til hagsmuna og þá einkanlega að því er snertir þau hér uð, sem til langframa ekki þurfa á neinni hallærishjálp að halda. Allar ákvarðanir um það, hvernig verja megi sjóðnum eða tekjum hans, þurfi ekki að taka til hans fleiri ár í röð, má geyma til seinni tíma.

Af þessum ástæðum var það, að þótt meiri hlutinn meti mikils álit minni hl. háttv. 2. þm. G.-K. (Kr. D.) og brtill. hans á þgskj. 376, þá gat hann þó ekki fallist á þær, vegna þess að hann áleit að þær myndu koma málinu í ógöngur, ef þær gengju fram.

Hvað snertir brtill. nefndarinnar á þgskj. 625, þá eru þær að mestu leyti orðabreytingar, nema ef vera skyldi brtill. undir tölulið 3, við 1. gr., að á eftir orðunum »til hjálpar í hallæri« bætist inn í orðin »eða til að afstýra því«.

Aðrar breytingatillögurnar á þgskj. 625 eru að mestu leyti orðabreytingar, eða til þess að skýra tilgang frumvarpsins.

Eg skal svo ekki tala frekara um þetta að sinni.

**Guðmundur Eggerz:** Eg verð að segja það, að mig stórfurðar á því, hve góðar undirtektir þetta frumv. hefir fengið hjá nefndinni hér í deildinni. Þegar eg sá frumvarpið fyrst, þá sló miklum óhug á mig, því mér virtist það benda til væntanlegs sults og mannfellis. Það er auðséð, að þeir sem eiga þessa hugmynd eða vilja koma henni í framkvæmd, þeir menn eru alveg sannfærðir um það, að á næstu árum muni landið þekjast hordauðum Íslendingum og búfjárræflum. Eg skil ekkert í þeim mönnum, sem ekki hafa meiri trú á framtíð landsins en þetta; að þeir sömu menn skuli þá ekki þegar fara héðan af landi brott og fara til fyrirheitna landsins — Ameríku! Þeir gera það kannske, ef þetta frumvarp verður ekki samþykt.

En svo eg víki nú að frumvarpinu, vil eg fyrst minnast á 1. gr. Þar eru taldar upp 3 tegundir hallæra. Fyrst eru hallæri, sem hljótast af hafís, svo þau, sem hljótast af eldgosum og loks þau, sem hljótast af öðrum stórfeldum orsökum. Svona er nú þessi fallega þrenning. Það er auðséð, að þeim sem hafa búið til þetta merkilega frumvarp, hefir ekki fundist nóg að hafa þessi tvö fyrstu hallæri, af hafís og eldgosum, heldur hafa þeir orðið að bæta 3. hallærinu við, af einhverjum öðrum stórfeldum orsökum. Satt að segja er mér ekki vel ljóst, hvað hér er átt við. *(Jón Ólafsson:* Landskjálfta t. d.). Nú, landskjálfta. Jæja, annars hélt eg að hér væri ef til vill átt við einhver voðaleg jökulhlaup, sem alt mundi drukna í og þá líka máske þetta hallærisfrumvarp. *(Sigurður Sigurðsson:* Og 2. þingmaður S.-Múl. líka). Eg vona að guð gefi að 1. þingmaður Árnesinga færi líka með, enda þótt eg játi, að »selskabið« sé ekki með bezta móti.

En nú skal eg þó gera þeim það til geðs þessum hallæriskrákum, að gera ráð fyrir ekki einungis að hallærissjóðurinn komist á, heldur og hinu, að yfir dynji hallæri.

Setjum svo, að hafís leggist að öllu Norðurlandi, og allar skipaferðir teppist, þá er svo sem ekki öllu borgið með hallærissjóðnum, því enginn étur gull né silfur, þótt í hallærissjóði liggi. Það er hins vegar skylda stjórnarinnar að sjá um að menn deyji ekki úr hungri eða hor, heldur hlaupa undir bagga með mönnum, ef öhöpp ber að. Landssjóð-

urinn er þannig alveg eins góð hjálparhella eins og hallærissjóðurinn.

Eg vil því ráða þeim háttvirtu herrum til þess að fara heim og læra betur, í stað þess að vera hér að krunka um hallæri, sem enginn veit, hvort nokkurn tíma kemur. Frumvarpið er bygt á hallæri, sem áður hefir komið, móðuharðindunum, en engin ástæða er til að ætla að slíkt geti komið fyrir aftur. Nefndin hefir nú ekki séð sér fært að segja hallærið fyrir, hve nær og hvernig það komi, heldur hefir hún aðallega bygt frumvarp sitt á ritgerð Torfa Bjarnasonar í Ólafsdal og móðuharðindunum. En þá er þess að gæta, að móðuharðindin voru fyrir rúmum 130 árum og ástæðurnar voru þá alt öðruvís í landinu en nú. Þá komu líka ýmis önnur óhöpp fyrir, fyrst fjárkláði og svo eldgos. Þótt nú hér kæmi annað hvort hafís eða eldgos, þá dettur mér ekki í hug að halda að hér yrði fellir fyrir því. Ef einhver bjargarskortur yrði, þá væri hægt að bæta úr honum, án þess að hafa þennan sjóð, og það er athugandi, að þessi óhöpp gætu ekki komið yfir alt landið, heldur að eins yfir nokkurn hluta þess. Er nokkur sanngirni í því að leggja svo stóran skatt á Austur- Suður- og Vestur-land, þótt verið geti að hafís komi fyrir nokkrar sveitir Norðurlands.

En aðalástæðan á móti þessum nýja skatti er sú, að skatturinn yrði svo þungur á landsmönnum, og eru þó skattarnir nógu þungir fyrir. Þeir eru ekki svo fáir fyrir skattarnir, þó ekki sé þessnm nýja skatti bætt við. Slík gjöld og þetta yrði, eru t. d. ellistyrktarsjóðsgjald og gjaldið í vátryggingarsjóð sjómanna. Þetta eru skattar, sem hafa mikil útgjöld í för með sér, enda þótt lagðir séu á þjóðina í góðu og gagnlegu augnamiði. En þessi skattur er alveg ónauðsynlegur og við verðum að athuga, að verði frumvarpið að lögum, þá höfum við enn á ný lagt 50 þús. kr. skatt á fátæka þjóð. Því hver tvítugur karlmaður á að greiða 1 kr., en hver tvítugur kvenmaður 60 aura.

Þetta gjald verður fátækum heimilum mikil byrði, byrði sem eg vil ekki leggja á heimilin.

Það væri sök sér ef menn vissu það fyrir með áreiðanlegri vissu, að hallæri mundi koma yfir landið, en nú þegar þetta er að eins bygt á trú eða von um að hallæri komi, þá er þetta frumvarp óhafandi, og ætti hér í deildinni að fá þau óþrif að það horaðist upp og misti lífið.

Þegar um svona skattaálögur er að ræða, held eg að það sé sjálfsagt að bera þær undir kjósendurna. Það má vel vera að svarið verði það sama og oft hefir verið áður þegar um vilja kjósendanna hefir verið að ræða, svarið, að kjósendurnir hafi ekkert vit á því. Það er alveg eins og sumir háttv. þm. álíti það vera heilaga skyldu sína að vera nokkurs konar fjárhaldsmenn þjóðarinnar. — Þeir halda fram, að almenningur hafi hvorki vit né vilja til þess að sjá fótum sínum forráð, og því verði þeir að taka í taumana og finna meðölin, eins og nú þegar hallærissjóðurinn á að vera »general«-meðal gegn hallærunum, sem hann þó aldrei verður, þegar af þeirri ástæðu, að eg er þess fullviss að veikin — hallærið — sem lækna á, muni aldrei koma yfir þjóð vora aftur, á þann veg er hallæriskrákurnar halda fram.

Eg skal enda ræðu mína með þeim orðum, að þeir, sem vilja hamra þessum skatti í gegn um háttv. deild, eru að leika sér með fé þjóðarinnar, ekki sízt fátæklinganna.

**Kristinn Daníelsson:** Eg var einn í nefndinni, sem háttv. Nd. fól á

hendur að athuga þetta mál og hefi eg síðan starfað í nefndinni með hinum nefndarmönnunum og má segja, að það hafi verið með góðu samkomulagi. En þó hefi eg nú skrifað undir nefndarálitið með fyrirvara. Vil eg nú leyfa mér að gera nokkra grein fyrir því; hvers vegna eg skrifaði undir nefndarálitið og hvers vegna eg skrifaði undir það með fyrirvara.

Undirskrift mín undir nefndarálitið þýðir það, að eg var samdóma hinum nefndarmönnunum um þær smábreytingar á forminu, sem þeir lögðu til að gerðar yrðu á frumvarpinu. Auk þess sem eg var þeim samdóma um tilgang frumvarpsins og margt af því sem hv. framsögum. hefir tekið fram.

En fyrirvarinn þýðir það, að eg áskildi mér rétt til þess að koma fram með breyt.till., sem eg nú vildi leyfa mér að mæla með nokkur orð. Breyt.till. mínar eru á þgskj. 675 og stafa þær af því, að eg get með engu móti verið frv. samþykkur í þessu formi. Eg játa frumvarpsins góðu hugsun og góða tilgang, og eg játa möguleikann á því að kynni að þurfa að taka til sjóðsins, þó hallæri yrðu hér ekki í sama mæli og áður. Að því leyti get eg ekki tekið undir ummæli háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.), sem taldi það allsendis óhugsandi að hallæri geti komið.

Háttv. framsögum. tók það fram, að þetta mál hefði verið rætt all-ítarlega í Ed. Eg var þar viðstaddur við umræður um málið og voru það víst margir aðrir háttv. þm. héðan úr deildinni. Heyrðu menn þar góð rök bæði með málinu og móti. Og eg verð að játa það, að mér fanst málið betur sótt af þeim sem voru með frv., en hinum; fanst mér þeir sem voru á móti því, eiga fremur í vök að verjast en hinir. En eg skal nú ekki lengur lengja umræðurnar með því að vera að fara út í þær röksemdaleiðslur. En eg verð að segja það, að eg get ekki fallist á að leggja slíkt nýtt persónugjald á þjóðina á líkan hátt og háttv. Ed. leggur til. Það er búið að leggja nógu marga nefskatta á þjóðina, þó þeim verði nú ekki fjölgað. Reikni maður út, hvað fátæk hjón yrðu að borga í persónugjald ef þetta gjald bættist við almennu gjöldin, þá er það fyrst:

| | |
|---|---|
| Kirkjugjald og prestsgjald | kr. 4,50 |
| Ellistyrktarsjóðsgjald | — 2,25 |
| Og svo þetta nýja gjald | — 1,60 |
| Eða samtals | kr. 8,35 |

Bláfátæk hjón yrðu þá að minsta kosti að borga 8 kr. 35 aura, eða, ef kirkjugjöldin yrðu hækkuð úr því sem nú er, sem svo oft á sér stað, þá yrðu það kringum 9 kr. Sömuleiðis er það mjög mikið, sem altaf er verið að bæta við gjöldin í sveitasjóðina. Veit eg að sveitarbyrðarnar eru víða æði þungar og örðugt að rísa undir þeim, þó ekki væri þessu gjaldi bætt við. Veit eg að svo er í sumum sjóplássunum á Suðurlandi, að erfitt er að rísa undir byrðunum, ef eitthvað ábátar.

En til þess nú ekki að fella frumvarpið, þá vil eg fara miðlunarveginn og hefi því komið fram með breyt.till. á þgskj. 676. Þær fara fram á það, að að eins landssjóðstillagið verði lögboðið; um héraðstillögin, skuli héraðsstjórnunum það vera í sjálfsvald sett, hve mikið það skuli vera. Þetta er aðalefnið í breyt.till. mínum.

Með þessu móti, að héraðsstjórnunum er það í sjálfsvald sett, hve mikið tillag héraðið skuli greiða í sjóðinn, þá á það að koma í ljós, hvort menn vildu leggja nokkuð til þessa sjóðs, og eins það, hvar þörfin sé talin mest, því eins og háttv. framsögum. tók fram, er í inum ýmsu hlutum landsins mjög misjafnt út-

lit fyrir að að hallæri komi, þó eg neiti því ekki að það geti komið alstaðar, um alt land.

En þó nú þetta sé þannig ákveðið fyrst um sinn til þess að leiða í ljós vilja almennings í þessu, þá er þó alls ekki loku fyrir það skotið, að því megi breyta síðar. Það mætti t. d. hafa það þannig, að þetta fyrirkomulag, að héruðunum væri í sjálfsvald sett, hvort eða hve mikið þau vildu gjalda til sjóðsins, stæði fyrst núna í nokkur ár; og svo væri héruðunum gert það að skyldu. Vil eg benda til skólanna. Fyrst þegar þeir voru stofnaðir, var mönnum það í sjálfsvald sett, hvort þeir vildu láta börn fara í þá, en síðan var mönnum gert það að skyldu. Svona var farið með að koma skólunum á fót og eins mætti fara í þessu efni. Þetta gæti líka orðið til þess að miðla málum milli beggja málsaðila. Eg hygg að mönnum í mörgum tilfellum þyki þetta vera nauðsynjamál, bæði hér og í héruðum landsins. Og hve fúsir menn yrðu á að fylgja því, mundi þá geta komið í ljós með breyt.till. mínum. Sýslunefndirnar myndu fúslega samþykkja þetta gjald, væri almenningur yfirleitt fús á það, en þær myndu aftur gera það mjög nauðugar ef þær vissu að almenningur væri því mótfallinn.

Vil eg svo ekki lengja umr. meira um þetta. Eg þarf ekki að útlista brt. mínar á þgskj. 676. Þær eru eins og þær liggja fyrir.

1. gr. er að eins vikið við til þess að hún geti verið í samræmi við efnið í breyt.till. mínum.

2. og 3. gr. segja, hvernig sjóðurinn skuli stofnast, sem er ekki ógreinilegt í frumv. Í 3. gr. er sýslu- og bæjar-félögum það í sjálfsvald sett, hvort þau vilji gjalda þetta gjald til sjóðsins. Ætti það ekki að vera til fyrirstöðu fyrir stofnun sjóðsins, þó þau héruð legðu ekki neitt fram til hans, sem ekki yrðu hans aðnjótandi í neinu.

Í 2. grein er ráðið til þess, að miða gjaldið úr landsjóði ekki við aldurstakmark manna, heldur við það, að menn séu gjaldskyldir til ellistyrktarsjóðs. Finst mér vera hagur í því, að miða það við ellistyrktarsjóðsgjaldið, því um það eru alt af til skýrslur, sem ekki eru alls staðar til, um aldur manna.

3. brtill. fer fram á það, að 14. gr. frumv. falli burtu, og er það af því, að fyrsti liður 14. gr. inniheldur ákvæði, sem ekki eru tiltækileg samkv. þessari stefnu, sem brtill. mínar fara í, og annar liðurinn er óþarfur, ef brtill. verða samþyktar.

Þá er 4. brtill. við 15. gr. að eins orðabreyting, sem eðlilega leiðir af hinum breytingunum, að í staðinn fyrir »*skal*« sýlsunefnd gera samþykt o. s. frv. komi: *getur* sýslunefnd *gert* samþykt o. s. frv.

Bið eg svo háttv. deild velvirðingar á till. mínum. Eg vona, að þær verði ekki til þess að spilla þessu góða máli. En að fara að lögleiða nýjan nefskatt á þjóðina, eða leggja ný gjöld á sveitasjóðina að þeim ef til vill nauðugum, það hefi eg ekki viljað láta ganga fram hjá mér, án þess að vara menn við því.

**Matthías Ólafsson:** Það hefir verið sagt, að mönnum þætti vænna um börn sín en foreldra, að mönnum þætti vænna um vonirnar, sem er framtíðin, en fortíðina. En ef vonirnar eiga að rætast, verður að hlúa að þeim með fyrirhyggju og gera eitthvað fyrir þær. Þess vegna er ekki unt að neita því, að þetta frumv. er fram komið af einlægri löngun til þess að afstýra því, að óhöpp þau sem oft hafa dunið yfir þetta land, komi fyrir aftur. Ef ekki eru sett nein bjargráð, getur enginn maður, nema

þá sá einn, sem ekkert þekkir til sögu þessa lands, annað en móðuharðindin og og fjárkláðann, þrætt fyrir það, að slíkt gæti komið fyrir aftur. Það getur komið að því, að hafís spenni landið heljargreipum, svo að leiði til óárana, fjárfellis og jafnvel manndauða. Hvað stoðar oss þá bættar samgöngur á sjó og landi? Þá koma oss ekki að haldi eimskipafélög né járnbrautir.

Háttv. framsögum. hældi forfeðrum vorum á söguöldinni fyrir fyrirhyggju í þessum efnum. Það er satt, en síðan dofnaði þjóðin og flaut sofandi að feigðar ósi. Þjóðin stendur ekki vel að vígi í efnalegu tilliti, þess mega menn ekki ganga duldir. Því er þetta frumv. orð í tíma talað. Ef forfeður vorir hefðu byrjað á slíkum sjóð, þá mundum vér standa betur að vígi nú. Það er satt, sem skáldið kvað:

Feðranna dáðleysi er barnanna böl,
og bölvun í nútíð er framtíðar kvöl,

Það er skylda vor gagnvart eftirkomendum vorum að tryggja þá, eins og oss er unt fyrir hugsanlegum óhöppum. Fyrir hverja erum vér að rækta skóga? Ekki fyrir oss. Nei, en hver góður drengur lætur sér ekki nægja, að sjá að eins fyrir sínum eigin munni og maga, hann hugsar um þá sem eftir hann eiga að byggja landið og hann sér í anda landið bætt og prýtt, og það hlægir mig, er eg hugsa til þess er »landið verður fagurt og frítt« og skógum vafið, eins og það *getur* orðið.

Eg skal fúslega kannast við það, að það getur orðið erfitt fyrir fátæklinga að greiða þetta gjald, en það þarf ekki að vera endilega nefskattur, enda væri eg tregur til að vera með slíku ákvæði skilyrðislaust. En svo vill til, að ákvæði er í 8. grein frumv. um, að fara megi eftir efnum og ástæðum, ef í harðbakka slær. Það þarf ekki endilega að heimta 1 kr. af fátækum karlmanni eða 60 au. af fátækum kvenmanni, ef sveitafélaginu, sem þau teljast til, þykir það óráðlegt, og verður þá sveitarfélagið að svara fyrir þeirra hönd.

Eg vona, að það dragist ekki lengi, að sjóðurinn verði stór, því eg vona, að ekki þurfi mjög bráðlega að skerða hann, og mundi hann þá verða til þess að auka lánstraust landsins, því að hann er ljósastur vottur um, að Ísland er menningarland, eins og vér vonum allir, að það verði, en ekki er enn orðið nema að nafninu.

Eg þykist nú vita, að jafnvel í mínu kjördæmi séu sumir ef til vill svo skammsýnir, að þeir verði óánægðir með þetta frumv., því að þar kemur aldrei harðæri; sjórinn er örlátur og flutningar hafa sjaldan tepst. En eg tel það nær að sjá fyrir framtíð landsins, heldur en fara að vilja skammsýnna kjósenda í þessu efni.

Áður en eg lýk máli mínu, skal eg taka það fram viðvíkjandi brtill. háttv. 2. þm. G.-K. (Kr. D.), að hræddur er eg um það, ef ekki verður lögskyldað að leggja í þennan sjóð alment, að þá muni sumir draga sig í hlé, svo að lögin koma ekki að fullum notum.

Eg mun hiklaust greiða atkv. með frumv., þrátt fyrir þær afleiðingar, sem það kann að hafa fyrir mig persónulega.

**Skúli Thoroddsen:** Eins og frv., sem hér ræðir um, er í garðinn búið, get eg *ekki* orðið því fylgjandi.

Eg játa það að vísu, að tilgangur frumv. — þ. e. *að fyrirbyggja neyð* í landinu — er *góður* og *sjálfsagður*, þar sem hver maður *finnur* og *veit*, að *sú skyldan hvílir á oss öllum*, og þá og á hverjum *einstökum*.

Í stjórnarskrá vorri er þetta og viðurkent — sbr. 52. gr. stjórnarskrárinnar frá 5. Janúar 1874 — þar sem ákveð-

ið er, að hver maður, karl eða kona, sem ekki getur séð sér farborða, eigi kröfu til framfæris af almannafé.

Þessu ákvæði stjórnarskrárinnar hefir síðan í framkvæmdinni verið atlast til, að fullnægt væri á þann hátt, að *sveitafélögunum* er gert það að *skyldu*, að sjá fyrir þeim er þurfandi eru, hverju innan sinna takmarka, og á þann hátt, sem lögin nákvæmar til taka, en þó svo, að háð er eftirliti sýslunefndanna, og aðgangurinn þá og að sjálfsögðu að *sýslufélögunum* — eða því þeirra, sem í hlut á, — ef sveitarfélagsins þrýtur, eður og bregst skyldu sinni.

En beri *hvorttveggja* upp á sker, þá er *landssjóður* að sjálfsögðu, og á að vera, þrautalendingin, þ. e. hann verður þá að hlaupa undir baggann.

Að þessu leyti virðist þá vera sæmilega séð fyrir einstaklingunum hér á landi, er neyðin kreppin að.

Má því og eigi gleyma — þótt höfð sé þessi tilhögunin hér á landi —, að *einstaklingurinn, sem í neyð kemst, hann á æ* í raun og veru *aðganginn að öllum*, og þá og að vísu *eigi að eins* að öllum, sem *þjóðernis* hans eru, *heldur og að öllum, sem á jörðunni eru*, þar sem á *öllum verum jarðarinnar hvílir að sjálfsögðu einatt og hefir æ hvílt sú skylda, að sjá um, að hvívetna væri svo séð um, að öll neyð, hvar á jörðinni sem er, væri æ fyrirbygð* eða þá tafarlaust stöðvuð.

En þó að íslenzka þjóðin hafi, sem fyr segir, gert sitt til þess að sjá um að bætt sé hér á landi *tafarlaust* úr hverri neyð í efnalegu tilliti, sem að höndum ber — um skyldurnar að öðru leyti, þ. e. út fyrir þjóðernið, hefir hún eigi sint, en *verið þar smá og óviðsýn* að hugsun og framkvæmdum, eins og þjóðerni önnur og stórveldin sjálf —, þá er þó ekkert á móti því, að til sé sérsjóður — hallærissjóður — er grípa megi til, þá er stærri óhöpp ber að höndum, sem hallæri valda, svo sem t. d. eldgos, jarðskjálftar, hafís eða aðrir stórkostlegir náttúruviðburðir, sem hafa í för með sér almenna neyð.

En þótt tilgangur frumv. sé *lofsverður*, þá get eg þó *ekki* felt mig við það, né séð þörf á því, að nú sé *enn* farið að íþyngja almenningi hér á landi með *beinum* gjöldum, 1 kr. á karlmann, en 60 aur. á kvenmann.

Þetta getur orðið *all-tilfinnanlegur skattur* fyrir fátæk heimili.

Ef vér tökum t. d. eitt heimili, þar sem eru gömul hjón, sem orðin eru lúin, og geta ekki séð fyrir sér, en hafa þó einn son heima og tvær dætur — þá verður skatturinn á heimilið þó kr. 3,80 um árið.

Þetta eru ærið tilfinnanleg útgjöld fyrir verkmanna- og húsmanna-stéttina o. fl., — og það til viðbótar alþýðu- eða ellistyrktarsjóðsgjaldinu o. fl. o. fl. beinum gjöldum, að meðtöldum útsvörunum, sem alment er kvartað mjög yfir, og eigi óvíða fara sí-hækkandi.

Annars hefði mér fundist, að *þetur* hefði átt við, að þingið hefði sýnt *einhverja viðleitni* í þá átt, *að reyna að létta* að einhverju leyti *af almenningi beinu gjöldunum*, heldur en að fara nú að bæta við þau, sbr. þá og tillögur mínar á aukaþinginu 1912 í þá átt.

Mig *furðar* satt að segja á því, að frumv., sem þetta — sem hleður á almenning nýjum beinum gjöldum — skuli vera flutt inn á þingið, og það að þjóðinni fornspurðri.

En hvers er annars að vænta af þinginu, eins og það nú er skipað og hefir verið skipað?

Það eru *ekki* efnaminni stéttirnar, sem eiga fulltrúa eða málsvara hér á þinginu.

Nei, það eru *mestmegnis* — ef eigi nær eingöngu — embættismennirnir og betur stæðu mennirnir, bændur o. fl., sem þingið skipa.

Og þegar þess er gætt, fer það að verða *skiljanlegt*, hvernig á því stendur, að frumv. sem þetta kemst eigi að eins inn á þingið, heldur fær hér töluverðan byr.

Þessa menn, þ. e. *þingmennina sjálfa*, skiftir það líklega fæsta — og ef til vill engan — nokkru verulegu, hvort beinu gjöldin eru nokkrum krónunum hærri eður eigi, — lánstraustinu þá og þannig hagað, að eigi skiftir, hvort skuldin hjá kaupfélaginu eða kaupmanninum er fáeinum krónunum meiri eða minni.

*Alt öðru máli er á hinn bóginn að gegna* að því er snertir fjöldann allan af landsmönnum, þ. e. húsmenn, sjómenn og verkamenn í kaupstöðum, kauptúnum og sjóþorpum o. s. frv. — sem og efnaminni bændur.

Ýmsir þessara manna vita oft eigi að vetrinum, hvernig fá eigi eitthvað til næsta málsins, — eða þá til þess að geta haft hita o. s frv.

En beinu gjöldin *verður* að greiða, eins og þau eru, — þar getur enginn neitt við sig sparað.

Og þrátt fyrir þetta skirrist þingið þó ekki við að demba nýjum gjöldum á alþýðu.

Þessu veldur *það eitt*, að *tilfinningin er alt of sljó* hjá þinginu að því er bágindi annara snertir, — *tilfinningarleysið of mikið* og alt yfir gnæfandi, af því að ekkert amar þá að hjá þingmönnunum sjálfum, eða þá þeim þeirra, sem málinu eru fylgjandi.

Hitt, þ. e. að landssjóður legði árlega einhverja tiltekna upphæð í sérstakan sjóð, sem gripið yrði svo til þegar hallæri bæri að höndum, feldi eg mig betur við og gæti þá léð frumvarpinu fylgi mitt.

Brtill. háttv. 2. þm. G.-K. (Kr. D.) bæta frumv. töluvert; verði þær samþyktar — þá yrðu lögin að eins heimildarlög, með því að það væri þá lagt á vald sýslunefnda og bæjarstjórna, hvort leggja skyldi gjaldið á menn í sýslu- eða bæjarfélaginu eður eigi, — stofna þar bjargráðasjóð eða láta það ógert.

En þar sem þó er eigi loku fyrir það skotið, að gjaldið yrði þó sumstaðar lagt á, þar sem menn eru því þó illa vaxnir, að bætt sé á þá auknum beinum gjöldum, tel eg breytingartillögurnar þó *eigi* fullnægjandi.

Eg vil því skjóta því til nefndarinnar, hvort ekki myndi réttara að koma málinu í það horf, sem eg hefi bent á, þ. e. *að landssjóður stofni sér sérstakan hallæris- eða bjargráðasjóð* til hjálpar í almennum bjargarvandræðum.

Menn verða að gæta þess, að málið er enn lítið rætt í blöðunum eða á mannfundum, og má þó ekki minna vera en að almenningur fái að átta sig á málinu áður en að lögum er orðið.

Þá tel eg það og *galla* á lögunum, að *eldra fólki*, þ. e. fólki, sem orðið er t. d sextugt, eða jafnv. 55 ára að eins, er *hvorki* ætlast til að hlift sé, *né* heldur ætlast til hins, að það verði þá undanþegið gjaldinu.

En *gamla fólkinu á að vorkenna og hlífa*, er á fyrgreindan aldur — segjum orðið 55 ára — er komið, sbr. og: það þá og tíðast orðið ið *lasburða* eða *hálfef eigi al-veika* og *finnur* því — sem og allir —, að eigi á né má ætlast til jafnmikils af því sem öðrum, — enda tíðum alls eigi til neins.

Menn kunna nú að vísu að segja, að 8. gr. frumv. ráði bót á að nokkru, þar sem hún hljóðar svo:

»Nú þykir sveitarstjórn óráðlegt að heimta sama gjald af öllum, og er þá rétt, að hún jafni hallærisgjaldinu niður á þá, sem gjaldskyldir eru, eftir efnum og ástæðum, eða greiði það úr sveitarsjóði«.

En þótt ákvæði þetta bæti að vísu

nokkuð úr, þá hafa sveitasjóðir þó víðast *svo miklu* undir að rísa, að sízt er á þá bætandi, enda hafa fræðslulögin að mun aukið útgjöld þeirra — auk þess sem gjöld þeirra til sýslusjóðanna eru eigi óvíða *mjög* há.

Sannarlega er sú þörfin því *miklu brýnust*, að *létta* á einhvern hátt undir með sveitarsjóðunum, þ e. ætla þeim t. d. hluta af tollgjöldum, sbr. tillögu mína á þinginu 1912.

Að því leyti sem gert er þá og ráð fyrir því, að sveitarsjóðirnir nái gjaldinu inn aftur með niðurjöfnun »eftir efnum og ástæðum«, þá er það og *mjög* varhugavert, eins og öll slík niðurjöfnun yfirleitt.

Niðurjöfnunarnefndum og hreppsnefndum er þar fengið vald í hendur, sem einatt má misbeita — vald, sem heita má að hver maður standi alvarnarlaus gegn.

Mennirnir *ekki* eins góðir eins og þeir ættu að vera — fæddir með vísum illa og enda djöfullegra þróa, er síðan *þroskast* í lífinu í stað þess er *alþœlast* ættu niður, o. fl. o. fl., þ. e. hefnigirni o. fl. ilt getur því auðveldlega komist þar að og ýmsum verið gert rangt til.

Að því er frumvarpið í heild sinni snertir, skal eg eigi fara um það frekari orðum, en ítreka það, að eg vænti þess að nefndin taki það að nýju til rækilegrar íhugunar, og athugi þá og bendingar mínar.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Eg er einn þeirra sem sæti eiga í nefndinni. Eg hafði í fyrstu tilhneiging til að ganga með háttv. 2. þm. G.-K. og veita honum fylgi að því, að frumvarpinu yrði breytt þannig, að héruðin væri látin ráða, hvort þau tæki á sig þetta gjald. Það virðist svo í fljótu bragði, sem mörg héruð séu þau, sem aldrei þurfi að kvíða hallæri. En þegar eg hugsaði málið betur, fann eg það, að það er varlega fullyrðandi; og svo fann eg, að það er skylda alls landsins að hlaupa undir baga, þegar einhver hluti landsins er þjakaður af óárani. Þess vegna varð eg samferða meira hluta nefndarinnar.

Eins og það þykir ekkert sældarbrauð að komast á sveitina, þannig er um héruð landsins, ef þau verða bjargþrota, að betra er að þau þiggi hjálp frá landinu, en séu komin upp á náð útlendinga og safnað sé samskotum utanlands til þeirra, eins og komið hefir fyrir.

Þetta vegur svo mikið í mínum augum, að eg vil lögbjóða almenna gjaldskyldu til þessa sjóðs. Eg óttast það, að ef héruðunum er heimilað val um þetta, verði mörg þeirra til að hliðra sér hjá gjaldinu. Það má segja, að það sé ekki réttlátt gagnvart þeim héruðum, sem aldrei kynnu að þurfa að nota þennan sjóð, að skylda þau til að gjalda í hann; þetta sé þeim dauður fjársjóður. En sjóðurinn er ekki einskis verður fyrir þá heldur en aðra, því að þegar sýnt er, að landið þarf ekki að verja neinu af sjóðnum til hallærisvarna, þá má heimila, að verja skuli vöxtum eða nokkurum hluta þeirra til þjóðþrifa. Enginn skaði er að eiga sjóðinn; alt af má nota hann.

Þótt mitt kjördæmi þurfi héraða sízt að kvíða hallærum, þá er eg samt samþykkur frumvarpinu. Eftir skýrslum Hannesar byskups Finnssonar í Félagsritunum gömlu, hefir fólki jafnan fjölgað í Suður-Múlasýslu, er hallæri hafa gengið yfir landið alment, því að menn hafa flúið þangað til að leita sér bjargar. En það samir ekki nokkurum þingmanni að líta á sitt kjördæmi eitt, heldur á hver þingmaður að hugsa um hag alls landsins. Hér má og benda á biblíusetninguna: »Sá sem þykist standa, gæti að því að hann falli ekki«.

Þegar eg hugleiddi framangreind at-

riði, misti eg tilhneiginguna til að fylgjast með háttv. 2. þingmanni G.-K. og hneigðist að tillögum meira hlutans.

**Pétur Jónsson:** Mér féll ekki vel í geð að heyra háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) tala með svo býsna mikilli léttúð um hallæri. Mér virðist ekki að hallæri hljóti að vera svo fjarlægur hlutur, að um það megi tala með léttúð. Hallæri sprettur af þeim atburðum, sem láta alls ekki að sér hæða. Við getum aldrei verið vissir um að hallæri sé ekki í nánd. Það getur reyndar hugsast, að hallæri í þeim skilningi sem gert er ráð fyrir í þessu frumv., komi ekki fyrir í hálfa eða heila öld, en það er engin vissa fyrir því, að það geti ekki alveg eins orðið á næsta ári eins og eftir hundrað ár. En setjum svo, að hundrað árin næstu líði án þess, og setjum jafnframt svo, að sjóðurinn verði stofnaður eftir þessu frumvarpi nú þegar. Þá mundi hallærinu, ef það kæmi fyrir, verða mætt »með heillar aldar taki«. Þetta er tilgangur frumvarpsins. Það er ekki að eins tilgangurinn, að allir þeir sem nú eru uppi, fylgist hér að. Það er líka tilgangurinn, að kynslóðirnar fylgist að. Og þegar samvinnan varir ekki að eins í nútíð, heldur líka í framtíð, þá mun sá kraftur fást, sem ekki hefir áður þekst.

Háttv. framsögumaður tók þetta skýrt fram í framsögu sinni, og þetta er aðalatriðið í þessu máli. Við eigum að mæta voðanum sameinaðir en ekki sundraðir, við eigum að mæta honum ekki að eins í samtíð, heldur líka í framtíð.. Þess vegna get eg ekki felt mig við tillögu háttv. 2. þm. G.-K. (Kr. D.), sem annars er hlyntur þessu máli, um það, að menn verði látnir sjálfræðir um, hvort þeir verði með eða ekki.

Þegar um þetta er að ræða, þá er aðalatriðið að allir fylgist að. Og úr því að því er ekki að heilsa, að allir geri það af fúsum vilja, þá verða sumir að gera það nauðugur viljugir. Hitt játa eg, að það hefir ekki mikla þýðing í mínum augum, að gjaldið til sjóðsins sé svo hátt, sem ákveðið er í frv. Eg gæti felt mig við að það væri tiltekið talsvert lægra. Eg er heldur ekkert ákafur með því að endilega verði byrjað á sjóðnum á næsta ári. Mér er það ekki svo mikið kappsmál, að eg geti ekki felt mig við að það verði hugsað betur, áður en byrjað er. En því fyr sem byrjað er, því betra er það.

Háttv. 2. þm. G.-K. (Kr. D.) gerði mikið úr gjöldunum, sem þetta hefði í för með sér. Hann mintist á nefskattana eða persónugjöldin og sagði, að þetta gjald mundi verða tilfinnanleg viðbót við þau. En það er aðgætandi, að þetta gjald mundi að eins verða tilfinnanlegt fyrir þá, sem fátækastir eru, og fyrir þá mundi líka sjóðurinn verða langmest trygging. Þeir finna bezt, hvar skórinn kreppir, ef mikið misæri kæmi. Hann tók líka fram, að ekki væri rétt að íþyngja sveitasjóðunum með þessu. En hverjir mundu hafa gagn af þeirri tryggingu, sem hér er átt við, ef ekki sveitasjóðirnir? Stórar misfellur koma einmitt harðast niður á þeim. Eg er viss um að sveitarþyngsli væru óvíða mikil, ef hallæri hefði aldrei komið fyrir.

Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) tók í sama strenginn og vildi ekki íþyngja fátæklingunum. En því er nú hagað svo til í frumv., að ekki þarf að láta gjaldið koma niður sem nefskatt, frekara en mönnum sýnist í hverri sveit.

Hann hallaðist fremur að því, að landssjóður legði fram fé til sjóðsins. Það er líka tilætlunin, að hann leggi nokkuð í sjóðinn. En það hefir ekki þá þýðingu, að frelsa gjaldþegnana frá útgjöldum. Eins og hér hefir verið tekið fram áður í ræðu, eru það ekki skattarnir sem íþyngja mönnum, heldur

gjöldin. Við ákveðum, hvaða gjöld skuli leggja á landssjóðinn, og þau gjöld verða gjaldþegnarnir að greiða, á hvern hátt sem þeir gera það. Hér er um það að ræða, að leggja gjaldið réttlátlega á menn. Ef það þykir ekki réttlátt að leggja það á hvert nef, þá má jafna því niður eftir efnum og ástæðum. Og réttlátari máti er ekki til.

**Lárus H. Bjarnason:** Eg er einn þeirra manna, sem játa, að hugmyndin, sem vakir fyrir formælendum þessa máls, sé fögur. En um það, að hve miklu leyti frumv. þetta sé nauðsynlegt og framkvæmanlegt — þar býst eg við að leiðirnar skilji. Eg verð að líta svo á, að lítil eða engin yfirvofandi hætta sé af því sem kallað er hallæri, sízt almenn hætta, jafnvel þó að eg verði að játa það fyrir fram, að eg hefi ekki á takteinum nákvæma skýringu á hugtakinu, og búist jafnvel við, að sitt vaki fyrir hverjum. Hins vegar skal eg játa, að hallæri getur borið að höndum, en þó sérstaklega í einum ef ekki *eingöngu* í einum landsfjórðungi, Norðlendingafjórðungi, og þá sérstaklega, ef ekki einvörðungu, vegna ísa. Þó mundi skortur nú á tímum ekki verða neitt til líka við það sem áður átti sér stað, af því að kringumstæður allar eru mjög breyttar frá því sem áður var.

Fyrst er nú það, að menn væru nú ólíkt fljótari að segja til þarfa sinna en áður — ekki að eins innanlands, heldur og til útlanda. Síminn hefir gert það að verkum, að menn geta nú undir eins og útlitið verður iskyggilegt, gert landstjórninni viðvart, og landstjórnin getur strax gert nauðsynlegar ráðstafanir til þess að láta flytja forða frá útlöndum að landinu.

Annað er það, að samgöngurnar hafa mjög breyzt til batnaðar frá því sem áður var. Aður höfðu menn ekki önnur fartæki en léleg seglskip. Nú hafa menn gufuskip, og veitir þeim ólíkt hægara en fyrri fartækjunum að sæta færi að skríða inn á hafnirnar — jafnvel um vakir.

Þá mun undirrót hallæris oft hafa legið að nokkru leyti í sjálfráðum orsökum, og á eg þar sérstaklega við það, að ekki hafi verið gætt nógu mikillar varúðar um ásetning búfjár. Hallæri á mönnum mun venjulega hafa byrjað með felli á skepnum, en hann mun oftast að meiru eða minna leyti hafa stafað af fyrirhyggjuleysi. Þess konar fyrirhyggjuleysi er ekki jafn-mikið nú og áður var.

Löggjöfin er líka breytt frá því sem áður var að mörgu hér að lútandi. Nú er það þannig skylda sýslunefnda, er til vandræða horfir, að hefjast handa til þess að bæta úr skák, og sveitarstjórnirnar eiga góðan bakjarl þar sem landsstjórnin er, því að þó að henni væri ekki beinlínis skylt að veita fulltingi í þessu efni samkvæmt skrifuðum lögum, þá mundi landstjórnin gera það — hver sem hún væri.

Loks skal eg geta þess, að beri nú móti von hallæri að höndum, þá höfum vér betri tæki til að taka því en menn höfðu áður, og ekki sízt sá fjórðungurinn — Norðlendingafjórðungur — sem er í langmestri hættu. Vil eg í því sambandi sérstaklega benda til tvennra laga, kornforðabúrslaganna frá 1909 og laganna um heyforðabúr frá 1911. Sérstaklega eru það kornforðabúrin, sem eg hygg að koma mundu að beztum notum, ef hallæri bæri að höndum.

Enn vil eg benda á það, að Norðlendingafjórðungur á talsverða tryggingu í gjafasjóði Jóns heitins Sigurðssonar. Frumv. um hagkvæmara fyrir-

komulag á skipulagsskrá sjóðsins er nú einmitt gengið eða að eins ógengið í í gegnum þingið.

En þó að eg verði að játa, að ekki sé ólíklegt að hallæri geti borið að höndum í Norðlendingafjórðungi, þá verð eg að álíta — ef byggja má spá um framtíð af fortíð — að *hinir fjórðungarnir* séu *ekki í* fyrirsjáanlegri *hættu*. En þó á gjaldið til hallærissjóðsins að verða *skyldug*jald á *alla* landsmenn, jafnt þau héruð, sem mega búast við því að hallæri beri þeim aldrei að höndum, nema þá að eitthvað alveg óvenjulegt komi fyrir, og þau héruð, sem mega ekki vera ugglaus um það. Og það verð eg að segja, að það er hart að leggja slíkt skyldugjald á menn í öllum héruðum landsins. Það eru auðvitað fögur orð, að menn skuli bera hver annars byrðar. Og það væri sannarlega gleðilegt ef menn gætu lifað eftir því lögmáli, en þeim mönnum er ekki ætlandi að lifa eftir því, sem eiga nóg með sig og sína. Og því miður eru mörg heimili til víðs vegar á landinu, sem mundu finna mjög til í kr. gjalds á hvern tvítugan karlmann og 60 aura gjalds á hvern tvítugan kvenmann, að því sleptu, að fasta árgjaldið, sem ætlast er til að landssjóður leggi til hallærissjóðsins, mundi verða tekið óbeinlínis úr vasa þjóðarinnar, einungis renna gegn um landssjóð sem miðil. Skatturinn, sem tekinn yrði beint úr vasa þjóðarinnar, mundi nema um 40 þús. kr. árlega, eftir því sem mér skilst áætlun nefndarinnar, enda hefir mér talist svo til, með því að fara lauslega yfir manntalið, að 48—50 þús. menn séu á landinu, sem komnir eru yfir tvítugt. Auk þess mundi það verða 20 þús. kr. sem landssjóður ætti að leggja til. Það má að vísu segja, að framlög þessi yrðu ekki eyðslufé, enda yrði það af framlögum héraðanna, sem ekki yrði brúkað, séreign þeirra. En þó að féð yrði ekki eyðslufé, þá væri það sama sem eytt fyrir þá einstaklinga, sem legðu það fram, því að þeir hefðu engan aðgang að því framar.

En auk agnhnúa, þeirra sem eg þegar hefi talið, þá er þó einn enn ótalinn og ekki sá minsti. Málið er ekki nægilega undirbúið. Það hefir t. d. ekki komið til umræðu á einum einasta þingmálafundi, að því er eg veit bezt til. Væri eg viss um að gjaldendum væri ljúft að inna gjaldið af hendi, þá mundi eg ekki vera á móti frumvarpinu. En eg tel það varhugavert og jafnvel óforsvaranlegt, að skella jafn-tilfinnanlegu gjaldi á þjóðina að henni fornspurðri. Eg segi óforsvaranlegt, þar sem þörfin er ekki brýnni en umræðurnar hafa lýst.

Enn er ein hlið á frumv., sem eg man ekki til að hér hafi verið lýst, og það er, hvaða blæ það mundi kasta á okkur í augum útlendinga. Jú, — eg heyrði einhvern geta þess til, að það mundi auka lánstraust landsins. Eg held þvert á móti að það mundi miklu fremur spilla lánstrausti landsins en auka það. Mér virðist ekki liggja fjarri að hugsa sér, að útlendingar, sem ekkert þekkja til þessa lands, nema þá nafnið eitt — og það er ekki beint glæsilegt — kynnu að álykta, að hér væri ekki alt með feldu, úr því að rokið væri til þess upp úr þurru og með öllu undirbúningslaust, að stofna hér hallærissjóð.

Af því sem nú hefi eg sagt, mundi eg helzt ljá atkvæði mitt rökstuddri dagskrá, eða jafnvel því, að málinu væri vísað til stjórnarinnar — eða þá hvoru tveggju, því að það getur vel farið saman. Stjórnin ætti þá að leita undirtekta héraða- og sveitarstjórna undir frumvarpið. En ef dagskráin annað hvort kæmi ekki fram eða félli, þá mundi eg fremur greiða atkvæði með

tillögum minni hlutans en meiri hlutans.

**Framsögum. meiri hl. (Ólafur Briem):** Eg get þakkað háttv. þingmönnum undirtektirnar undir þetta mál. Eg get jafnvel þakkað þeim sem andmælum hafa hreyft á móti því, og lýst yfir því að þeir gætu ekki fylgt því, því að þeir hafa allflestir játað, að hugmyndin væri fögur og tilgangurinn góður. Og út af fyrir sig er mikið fengið með þeirri viðurkenningu.

Háttv. 1. þingm. Rvk. (L. H. B.) tók það fram, að ekki væri þörf á þessu fyrirtæki og að það væri naumast framkvæmanlegt. Það er aðalatriðið, hvort þörfin er fyrir hendi. Hitt getur mönnum varla blandast hugur um, að það er framkvæmanlegt. Hér er um enga frekari örðugleika að ræða en þá, sem oft hafa verið yfirstignir, og hér á ekki að fara aðra leið en þá, sem venjulega er farin með öll ný mál.

Menn verða að gæta að því, að álögur á landsmenn eru ekki eingöngu fólgnar í beinum ákvæðum um ný gjöld, heldur einnig í hvers konar óbeinum útgjöldum, sem lögð eru á landssjóðinn. Það er vitaskuld, að í hvert skifti sem útgjöld eru lögð á landssjóð, þá skapast með því nauðsynin á nýjum tekjum. Það væri því stór munur, ef mikil slys bera þjóðinni að höndum, að geta bætt úr því án þess að þurfa að láta landssjóðinn blæða til þess. Það væri í raun og veru enginn útgjaldaléttir, því að landssjóðnum þyrfti að útvega tekjur jafnframt — og það yrðu landsmenn sjálfir að greiða ef til vill þegar verst gegndi.

Sami háttv. þingmaður hélt því fram, að ekki væri mikil hætta á því, að hallæri bæri að höndum. Eg þarf ekki annað en að vitna í söguna til þess að sýna, að við erum engan veginn öruggir. Það sem hefir komið fyrir, getur tekið sig upp aftur, ef engar varnarráðstafanir eru gerðar.

Hann vitnaði í það, að hættan væri að ýmsu leyti minni en hún var áður og að ef um nokkurt hallæri gæti verið að ræða, þá næði það aðallega eða jafnvel eingöngu til eins landsfjórðungsins, Norðlendingafjórðungs, vegna hafísa. Það er vitaskuld, að þessi hættan af þremur hefir verið sú, sem aðallega hefir bólað á upp á síðkastið. En það er engan veginn sagt, að ekki geti orðið ný vandræði af öðrum ástæðum. Fólk flykkist saman á vissa staði, þar sem einhver atvinnuvon er í svipinn, en hversu auðveldlega getur það ekki komið fyrir, að atvinnuskortur verði og þar af leiðandi vandræði? Slíkt getur komið fyrir þó að ekki hafi verið samgönguteppu um að kenna, eða öðru slíku.

Hann vitnaði til þess, að skortur meðal manna stafaði jafnan af skorti á fóðri handa skepnum, og væri því að kenna óforsjálni manna.

Það er vitaskuld, að með frumvarpi því bem samþykt var hér í deildinni fyrir skemstu, er verið að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir slíkan skort. — En ef kemur harður vetur og slæmt sumar á eftir og svo enn aftur vetrarharðindi, eins og oft hefir átt sér stað, getur oft verið örðugt að ákveða, hve margt megi setja á, ef fyrningar eru þá heldur ekki miklar fyrir hendi. Og er oft varla hægt að lóga svo skepnum að menn geti verið alveg öruggir.

Þá vitnaði hann til þess, að þá kæmu að haldi forðabúrin og þá sérstaklega kornforðabúrin, samkvæmt lögum þeim sem nýlega hafa verið samþykt. En við því er það að segja, að það hefir ekki verið gert annað en að veita heimild til að gera samþyktir um kornforðabúr. Lögin, sem samþykt voru um þetta

efni, ganga ekki lengra. Það er því engin trygging fyrir að kornforðabúr verði stofnuð, þar sem þeirra er mest þörf.

Svo kom háttv. þingmaður að því, að ef menn kæmust í vandræði, ættu sýslunefndirnar að bæta úr þeim. Um sýslunefndir er það að segja, að þær hafa ekki annað fé til umráða en það, sem hreppasjóðir eiga að standa þeim skil á, og það verður ekki miklu til leiðar komið með því fé, sem þannig er jafnað niður á sveitarfélögin í hvert skifti, ef ekki er reynt að safna í sjóð á góðu árunum til að grípa til, þegar vondu árin koma.

Viðvíkjandi því, að landssjóður hlaupi undir bagga, þá kann það að orka tvímælis, hve langt vald landstjórnarinnar nær í því efni. En hvað sem því líður, þá er samt á þessu hvorutveggja sá mikli galli, að bæði er óvíst að féð sé fyrir hendi og svo hlýtur líka einhvern tíma að koma að skuldadögunum. Einhvern tíma verður að bæta landssjóði upp það fé, sem hann leggur út til þessa, og gæti orðið óþægilegra fyrir menn að þurfa að snara því út í einu eða á skömmum tíma, þegar menn væru nær því búnir, heldur en að safna svona smám saman fyrir fé, sem getur aukist stórkostlega við að ávaxtast.

Ef að sú spá manna skyldi rætast, að ekki þyrfti til sjóðsins að taka, þá eykst hann og margfaldast á líkan hátt og frækornið sem falið er í jörðu og ber margfaldan ávöxt þegar upp kemur. Þessi sjóður getur líka borið góðan ávöxt, ekki eingöngu til að aukast sjálfur, heldur og sem veltufé til arðberandi fyrirtækja.

Þá var það eitt, sem háttv. sami þm. hélt fram, að þetta mál væri ekki nægilega undirbúið og væri haldið hér fram að fornspurðri þjóðinni. Það er nú svo um hvert mál eftir því hvernig á það er litið; en eg tel það ekki lítilsverðan undirbúning, að sá maður, sem af öllum er viðurkendur að vera einn inn vitrasti, áhugamesti og reyndasti af bændum landsins, Torfi í Ólafsdal, hefir undirbúið það með röksamlegum ritgerðum í Búnaðarritinu.

Að um málið hefir ekki verið skrifað mikið í blöðin, mun hafa stafað af því, að menn hafa verið úrræðalitlir. Menn hafa séð þörfina, en engan greiðan veg til að koma málinu í framkvæmd Nú hafa verið fundin ráð til þess og þau ráð álitur nefndin að muni eigi baka mönnum mjög tilfinnanleg útgjöld, því þótt því hafi verið haldið fram, sérstaklega af háttvirtum 2. þiugm. G.-K. (Kr. D.), að varla sé gerlegt að bæta við nefskattana, þá ætti hreppsnefndunum ekki að verða skotaskuld úr því, að láta þetta gjald koma nokkurn veginn réttlátlega niður, þar sem þeim er veitt heimild til að jafna því niður eftir efnum og ástæðum og þætti mér líklegt að sú leiðin yrði einmitt farin.

Síðan mintist háttv. þm. á, að þetta mundi verða til þess að veikja lánstraust landsins í útlöndum. Er það undarleg skoðun, að álita, að það muni veikja lánstraust landsins, sem einmitt ætti að tryggja það. Ef nokkur hlutur ætti að auka lánstraust landsins, er það einmitt þetta, að hafa sem beztan viðbúnað við þeirri hættu, sem á undanförnum öldum hefir valdið mestum hnekki í velmegun landsmanna. Þó hallærisbálkurinn sé þéttskipaður í sögu vorri, þá er hér samt engu verið að spá um þetta fyrir framtíðina. Það er nú liðinn fullur aldarfjórðungur frá því er síðast kom hér hallæri. Árin 1882—1887 má telja hallærisár, en síðan ekki, og er það langur góðæriskafli. En þótt hallæri geti komið fyrir, þá er það ekkert sérstakt fyrir þetta land. Í þeim löndum, sem lúta brezkum yfirráðum,

kemur iðulega fyrir hallæri, jafnvel þó það ríki þyki fyrirmynd í fjálmálastjórn og margri félagsskipun. En hvað ætli það séu mörg ár, sem sjálf höfuðborg heimsins, Lundúnaborg, er laus við hallæri? Eða Indland, sem lýtur sama konungi og Bretland og er að ýmsu leyti eitt af beztu löndum í heimi.

Þetta úrræði, sem háttv. þm. talaði um síðast í ræðu sinni, að fela stjórninni málið til undirbúnings, getur haft sína kosti. En eg ímynda mér, að hún verði heldur úrræðalítil. Enda er það engin trygging fyrir að þingið aðhyllist málið, þó stjórnin undirbúi það. Þess eru mörg dæmi.

Í sínu innsta eðli er þetta mál lífsnauðsyn þjóðarinnar, og henni ætti ekki að vera nein vorkunn á að koma sér saman um úrræði til að bæta úr þeirri nauðsyn. Og eg hygg, að þessi stefna geti ekki vakið neina óánægju, sízt hjá þeim sem eitthvað hugsa fram í tímann.

**Kristinn Daníelsson:** Þeir hv. ræðumenn, sem talað hafa í þessu máli, hafa farið mjög vinsamlegum orðum um tillögur mínar; jafnvel þeir sem hafa verið á móti þeim. Geri eg mér von um, að þær vinni svo hylli deildarinnar, að þær verði samþyktar.

Eg ætla að eins að fara nokkrum orðum um það sem ýmsir háttv. þm. hafa sagt. Háttv. þingm. V.-Ísf. talaði um, að við mundum ekki vera taldir meðal menningarþjóða. Þó að þetta komi málinu ekkert við, get eg samt ekki annað en rekið tærnar í þessi ummæli. Ímynda eg mér, að okkur verði aldrei neitað um það, að við séum menningarþjóð, þótt við séum máské eigi komnir langt áleiðis á menningarbrautinni.

Eg var búinn að taka það fram, að hallærishættan í landinu væri misjafnlega mikil. Það eru ýmis héruð, sem eru útundan að því leyti. Sérstaklega er hætt við hallæri í Norðlendingafjórðungi, og álít eg því að vel við ætti að hann gengi á undan í þessu efni, og safnaði fé saman í sjóð af frjálsum vilja. Gæti málið engan betri undirbúning fengið, en ef við gætum bent á, að þetta væru menn farnir að gera í Norðlendingafjórðungi. Sunnlendingafjórðungur og aðrir landsfjórðungar gætu þá líka hagað sér eftir því fyrirkomulagi, sem komið væri á fyrir norðan.

Þá hefi eg skrifað eitthvað af því upp, sem háttv. þingm. S.-Þing. (P. J.) sagði. Þykir mér verst að hann er nú að ganga út. Get eg tekið undir þá góðu hugsun með honum, er hann vildi að allir fylgdust að, og að nútíð og framtíð tækju saman höndum um þetta mál. Með einhverjum slíkum hug var það, að eg gekk svo langt með nefndinni, sem eg gerði. En þar sem háttv. sami þm. sagði, að ef menn vildu ekki fúsir gangast undir skattinn, hefði hann ekkert á móti, að menn yrðu neyddir til þess, get eg ekki verið honum sammála. Bezt væri að þjóðin væri öll á einu máli um þetta. Og við, sem erum hér verkamenn hennar, ættum að gera sem fæst að henni fornspurðri.

Í annan stað finst mér, að háttv. þm. sé þetta ekki svo miklð kappsmál; og finst mér þá, að það kæmi nokkurn veginn í sama stað niður, þótt það biði til næsta árs. Mér finst, að ef mínar tillögur yrðu samþyktar, gæti málið fengið þann undirbúning, sem það þarfnast. Háttv. sami þm. sagði, að þó þessi lög mundu íþyngja sveitasjóðum, þá yrðu þau einnig til að létta undir með þeim. Fæ eg eigi séð, hvernig það má verða. Það eru ellistyrktarsjóðirnir, sem koma sveitarsjóðunum að gagni. Eru þeir þegar farnir að gera það og munu í framtíðinni ef til vill létta af öllum sveitarbyrðum. Þegar hallæri kemur,

gengur það ekki eingöngu út yfir fátæklingana, heldur einnig yfir ríkismennina. Við höfum sögur af því, að jafnvel stórríkir menn hafa orðið að kaupa einn málsverð fyrir heilar jarðir.

Þá ætla eg að minnast á, það sem háttv. framsögum. sagði, að mér hefði ekki þótt gerlegt að bæta við nefskattana. Eg tók einnig fram, að eg áliti að það bæri ekki að bæta á byrðar sveitasjóðanna. Mér finst svo mörgu gjaldi varpað á sveitasjóðina, sem fremur ætti að vera landssjóðsgjald en sveitargjald. Hv. frsm. sagði, að menn yrðu líka að gæta þess, að þó að þetta gjald yrði ekki lagt á þennan hátt á einstaklingana, þá yrði það þó lagt á þá öðruvís, sem landssjóðsgjald. En það er alt annað, að landssj. borgi gjaldið, en að það leggist á hvern einstakling. Ef landssjóður yrði látinn borga gjaldið, yrðu einhver önnur gjöld að þoka fyrir því að einhverju leyti, svo að útgjöld landssjóðs mundu eigi hækka svo mjög við það.

Skal eg svo ekki orðlengja meira um þetta mál. Vil eg að endingu leyfa mér að mæla sem bezt með tillögum mínum.

**Lárus H. Bjarnason:** Eg ætla að eins að víkja nokkrum orðum að háttv. framsögum. nefndarinnar. Hann játaði með mér, að eigi væri fyrirsjáanleg nein hallærishætta, sízt utan Norðurlands; þó að hann vitanlega héldi því fram, að hallæri *gæti* komið fyrir.

Viðvíkjandi drepsóttar-hættunni skal eg leyfa mér að benda á, að sú hætta er minni nú en áður. Læknar eru nú langtum fleiri en áður, og lyfjabúðir í hverjum landsfjórðungi og kostnaðurinn við varnir gegn drepsóttum mundi mestmegnis lenda á landssjóðnum.

Og þótt »landsins forni fjandi«, hafísinn, leggist að landinu, þá getur ekki stafað eins mikil hætta af honum og áður. Við höfum nú bæði gufuskipaferðir og síma. En þótt svo færi, að hvorugt stoðaði til fulls, þá væri undir öllum kringumstæðum hægt að koma nægum birgðum upp í Borgarnes, og þaðan mætti koma þeim langt áleiðis norður á við, alténd í Húnavatnssýslu. Þá ættu líka kornforðabúrin að geta komið að góðu haldi. Háttv. framsögum maður lét reyndar í ljósi nokkurn vafa á því, að þau mundu verða stofnuð. En eg tel mikla spurningu, hvort eigi að hjálpa því fólki, sem ekki vill hjálpa sér sjálft.

Þá sagði háttv. framsögum. að sýslunefndir hefðu ekkert fé til að bæta úr skorti manna ef hallæri kæmi. Vitanlega hafa þær ekki svo miklar tekjur; en þær geta gripið til annara ráða. Þær geta tekið fé til *láns*. Viðlagasjóður ætti ekki að vera ófús á að lána undir slíkum kringumstæðum. *(Sigurður Sigurðsson:* Viðlagasjóður er allur í útlánum). Ef hann getur það ekki, þá er að snúa sér að bönkunum. *(Sigurður Sigurðsson:* Þeir eru tómir). Þeir eru ekki tómir, að minsta kosti ekki eins innantómir og sumir þingmenn.

Eg gæti nefnt banka, sem hefir lánað hundruð þúsunda til eins einstaks félags.

Þá sagði háttv. þm. að landsstjórnin hefði ekki vald til að hjálpa í hallærisárum, en þetta er *ekki* rétt. Landstjórnin hefir ekki einasta vald til að hjálpa, heldur ber henni jafnvel skylda til að hjálpa samkv. 4. gr. ráðherraábyrgðarlaganna. Og eg er þess fullviss, að hver sem væri ráðherra, er hallæri bæri að dyrum, þá myndi hann telja það siðferðislega skyldu sína að hlaupa undir bagga.

Eg skal í þessu sambandi minna á að landsstjórnin hefir stundum jafnvel verið *of* ljúf á lán- og styrkveitingar; nægir í því efni að minna á heimildarlaust lán til Vífilsstaðahælisins og styrkinn til að sækja alþjóðafundinn í Buda-Pest.

Hversu miklu fremur myndi landsstjórnin þá ekki hlaupa undir bagga ef hallæri stæði fyrir dyrum?

Þá vildi háttv. þm. færa frv. til bóta, að með því ykist Landsbankanum veltufé, en úr því get eg ekki gert mikið, þegar af þeirri ástæðu, að landsbankinn yrði að hafa fé þetta, sem ætti að vera nokkurs konar »hjálp í viðlögum«, á takteinum.

Þá hélt háttv. þm. því fram, að málið væri nægilega rætt, þar sem Torfi Bjarnason hefði gefið út ágætis-ritgerðir um þetta efni, en er háttv. þm. viss um að almenningur hafi lesið ritgerðir Torfa? Því miður má telja víst, að almenningur hafi ekki gert það, enda heyrðist mér háttv. þm. játa því, að menn hefðu hingað til ekki fundið ráð við hallærishættunni.

Háttv. þm. sagði, að jafna mætti gjaldinu niður eins og aukaútsvari og þá réðu kjósendur því í rauninni, en þetta er ekki annað en orðaleikur, því að háttv. þm. veit það eins vel og eg, að það eru sveitastjórnirnar, sem jafna niður, en ekki kjósendur. *(Ólafur Briem:* En þeir kjósa sveitastjórnirnar). Já, víst kjósa hrepps- og kaupstaðabúar sveitastjórnir, en til fleiri ára í senn og þess verður líklega langt að bíða, að sveitastjórnir verði kosnar með væntanlegt hallæri, einhverntíma í væntanlegri eða óvæntanlegri framtíð, fyrir augum.

Eg skildi háttv. þm. ekki vel, þegar hann var að tala um hallæri í Lundúnum og Indlandi í þessu sambandi, en svo mikið skildist mér samt, að hann styddi með því tali okkar mál en ekki sitt, því að mér vitanlega hafa Bretar hvorki stofnað hallærissjóð í Lundúnum né á Indlandi.

Þá var háttv. þm. hræddur um að ekki yrði til mikils að vísa málinu til landsstjórnarinnar. Það má vera, en það hefði þó altaf unnist það, að með því móti fengist vissa um skoðun og undirtektir héraðastjórna um málið, og það eitt út af fyrir sig væri mjög mikilsvert.

Það mun sannast, að verði málið borið fram nú, þá verður það ekki vinsælt. Hins vegar mundi málið, jafnfallegt og það er að hugsuninni til, ekki að eins þola nokkra bið, heldur jafnvel batna við það, því að sá er huliðskraftur hvers góðs máls, að því vex fylgi eftir því sem tímar líða.

Eg hefi samið *rökstudda dagskrá* sem eg með leyfi hæstv. forseta les upp:

> »Með því að frumvarpið stofnar til þungrar skattaálögu á almenning án fyrirsjáanlegra brýnna nauðsynja, enda sjálfgefið að kjósendum gefist kostur á að átta sig rækilega á slíku nýmæli, þá tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá og vísar jafnframt frv. til landsstjórnarinnar til frekari undirbúnings og eftirgrenslunar um undirtektir héraðs- og sveitastjórna«.

Eg vildi að eitthvað þessu líku yrði endir málsins nú á þessu þingi. En falli dagskráin, mun eg fylgja tillögum minni hlutans.

ATKV.GR.:

Dagskráin (sem vantar í skjalapartinn og registrið) var feld með 14 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Bjarni Jónsson |
| Jón Jónsson | Jón Magnússon |
| Björn Kristjánsson | Jón Ólafsson |
| Einar Jónsson | Kristinn Daníelsson |
| Guðm. Eggerz | Magnús Kristjánss. |
| Halldór Steinsson | Matthías Ólafsson |
| Jóh. Jóhannesson | Ólafur Briem |
| Kristján Jónsson | Pétur Jónsson |
| Lárus H. Bjarnason | Sig. Sigurðsson |
| Skúli Thoroddsen | Stefán Stefánsson |
| | Tryggvi Bjarnason |
| | Þorleifur Jónsson. |

Hannes Hafstein og Valtýr Guðmundsson greiddu eigi atkvæði og töldust með meiri hlutanum. Einn þm. fjarstaddur.

Brt. 676, 1, feld með 14 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Björn Kristjánsson | Eggert Pálsson |
| Einar Jónsson | Bjarni Jónsson |
| Halldór Steinsson | Guðmundur Eggerz |
| Hannes Hafstein. | Jón Magnússon |
| Jóh. Jóhannesson | Jón Ólafsson |
| Kristinn Daníelss. | Matthías Ólafsson |
| Kristján Jónsson | Ólafur Briem |
| Lárus H. Bjarnason | Pétur Jónsson |
| Magnús Kristjánss. | Sig. Sigurðsson |
| Skúli Thoroddsen | Stefán Stefánsson |
| | Tryggvi Bjarnason |
| | Valtýr Guðmunds. |
| | Þorleifur Jónsson |

Jón Jónsson greiddi eigi atkvæði og taldist með meiri hlutanum. Einn þm. fjarstaddur.

Brt. 625, 1, sþ. með 14 : 1 atkv.

Brt. 625, 2, sþ. með 14 shl. atkv.

Brt. 625, 3, sþ. með 14 shlj. atkv.

Brt. 625, 4, sþ. með 15 shlj. atkv.

Brt. 625, 5, sþ. með 15 shlj. atkv.

1. gr., þannig breytt, sþ. með 14 shlj. atkv.

Brt. 625, 6, sþ. með 14 shlj. atkv.

Brt. 676, 2, feld með 12 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Jón Jónsson | Eggert Pálsson |
| Björn Kristjánsson | Bjarni Jónsson |
| Einar Jónsson | Jón Magnússon |
| Guðm. Eggerz | Jón Ólafsson |
| Halldór Steinsson | Matthías Ólafsson |
| Hannes Hafstein | Ólafur Briem |
| Jóh. Jóhannesson | Pétur Jónsson |
| Kristinn Daníelsson | Sig. Sigurðsson |
| Kristján Jónsson | Stefán Stefánsson |
| Magnús Kristjánss. | Tryggvi Bjarnason |
| L. H. Bjarnason | Valtýr Guðmundss. |
| Skúli Thoroddsen | Þorleifur Jónsson |

Einn þm. fjarstaddur.

2. gr. sþ. með 15 : 9. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Bjarni Jónsson | Eggert Pálsson |
| Hannes Hafstein | Jón Jónsson |
| Jón Magnússon | Björn Kristjánsson |
| Jón Ólafsson | Einar Jónsson |
| Kristinn Daníelsson | Guðm. Eggerz |
| Kristján Jónsson | Halldór Steinsson |
| Matthías Ólafsson | Lárus H. Bjarnason |
| Ólafur Briem | Magnús Kristjánss. |
| Pétur Jónsson. | Skúli Thoroddsen |
| Sig. Sigurðsson | |
| Stefán Stefánsson | |
| Tryggvi Bjarnason | |
| Valtýr Guðmundss. | |
| Þorleifur Jónsson. | |

Jóh. Jóhannesson greiddi eigi atkv. og taldist með meiri hlutanum. Einn þm. fjarstaddur.

3. gr. sþ. með 14 shlj. atkv.

4.—13. gr. sþ. með 15 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Bjarni Jónsson | Eggert Pálsson |
| Hannes Hafstein | Jón Jónsson |
| Jón Magnússon | Björn Kristjánsson |
| Jón Ólafsson | Einar Jónsson |
| Kristinn Daníelsson | Guðmundur Eggerz |
| Kristján Jónsson | Halldór Steinsson |
| Matthías Ólafsson | Lárus H Bjarnason |
| Ólafur Briem | Magnús Kristjánss. |
| Pétur Jónsson | |
| Sig. Sigurðsson | |
| Stefán Stefánsson | |
| Tryggvi Bjarnason | |
| Valtýr Guðmundss. | |
| Þorleifur Jónsson. | |

Jóhannes Jóhannesson greiddi ekki atkv. og taldist með meiri hlutanum. Tveir þm. fjarstaddir.

Brt. 576, 3, feld með 11 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Jón Jónsson | Benedikt Sveinsson |
| Björn Kristjánss. | Bjarni Jónsson |
| Einar Jónsson | Jón Ólafsson |
| Guðm. Eggerz | Magnús Kristjánss. |
| Halldór Steinsson | Matthías Ólafsson |
| Hannes Hafstein | Ólafur Briem |
| Jón Magnússon | Pétur Jónsson |
| Kristinn Daníelss. | Sig. Sigurðsson |
| Kristján Jónsson | Stefán Stefánsson |
| L. H. Bjarnason | Tryggvi Bjarnason |
| Þorleifur Jónsson | Valtýr Guðmundss. |

Jóhannes Jóhannesson greiddi ekki atkvæði. Tveir þingmenn fjarstaddir.

14. gr. sþ. með 11 : 10 atkv.

15. og 16. gr. samþ. með 15 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin talin samþykt án atkv.-greiðslu, með breyting samkvæmt brtill. 625, 5.

Frumvarpinu vísað til 3. umr. með 14 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Bjarni Jónsson | Eggert Pálsson |
| Hannes Hafstein | Jón Jónsson |
| Jón Magnússon | Benedikt Sveinsson |
| Jón Ólafsson | Björn Kristjánsson |
| Kristinn Daníelss. | Einar Jónsson |
| Matthías Ólafsson | Guðmundur Eggerz |
| Ólafur Briem | Halldór Steinsson |
| Pétur Jónsson | Kristján Jónsson |
| Sig. Sigurðsson | Lárus H. Bjarnason |
| Stefán Stéfánsson | Magnús Kristjáns. |
| Tryggvi Bjarnason | |
| Valtýr Guðmundss. | |
| Þorleifur Jónsson | |

Jóh. Jóhannesson greiddi ekki atkv. og var talinn til meiri hlutans.

Skúli Thoroddsen fjarstaddur.

---

Útbýtt var á fundinum:

I. Í deildinni:

1. Frv. til laga um löggilta endurskoðendur. Eftir 2. umr. í Nd. (683).
2. Nefndarálit um frv. til laga um sölubann á tóbaki til barna og unglinga (690).

II. Frá efri deild:

Breytingartillögum við frv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915 á þgskj. 686, 687, 688.

Fundi slitið.

---

## 51. fundur.

Fimtudag 4. Sept. 1913, kl. 12 á hád.

Dagskrá:

1. Frv. til hafnarlaga fyrir Vestmannaeyjar (674); 3. umr.
2. Frv. til laga um breyting á lögum 22. okt. 1912, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands (682); 3. umr.
3. Frv. til laga um löggilta endurskoðendur (683); 3. umr.
4. Frv. til laga um heimild fyrir stjórnarráðið, til þess að veita mönnum rétt til þess að vera dómtúlkar og skjalþýðendur (194); 3. umr.
5. Frv. til laga um breytingu á 16. gr. laga nr. 29, 16. Nóv. 1907 (681); 3. umr.

---

Allir á fundi, nema þm. Snæfellinga, sjúkur.

Fundargerð síðasta fundar samþykt og staðfest.

Forseti skýrði frá, að með bréfi dags. 3. Sept. hefði forseti efri deildar tilkynt sér, að:

1. Frv. til laga um breyting á lögum um vörutoll, 22. Okt. 1912 og
2. Frv. til laga um hagstofu Íslands, hefðu verið samþykt óbreytt þar í

deildinni og verið afgreidd til ráðherra sem lög frá Alþingi.

Forseti skyrði frá, að útbýtt hefði verið:

I. Í deildinni:

1. Frv. til laga um sparisjóði. Eftir 2. umr. í Nd. (680).
2. Frv. til laga um friðun fugla og eggja. Eftir. 2 umr. í Nd. (696).
3. Nefndaráliti um frv. til laga um breyting á fátækralögum 10. Nóv. 1905 (698).
4. Breytingartillögu við frv. til laga um löggilta endurskoðendur. Frá minni hluta nefndarinnar (705).
5. Frv. til laga um forðagæzlu. Eftir 2. umr. í Nd. (703).
6. Alþingistíðindum 1913 A. 14. hefti.

II. Frá efri deild:

1. Nefndaráliti um frumv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915 (701).
2. Breytingartillögu við frv. til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbankans til að gefa út 4. flokk (Serie) bankavaxtabréfa (692).
3. Nefndaráliti um frv. til laga um viðauka og breyting á lögum um aðflutningsbann á áfengi nr. 44, 30. Júlí 1909. Frá minni hlutanum (699).
4. Breytingartillögu við frv. til laga um að landssjóður leggi Landsbankanum til 100 þúsund krónur á ári í næstu 20 ár. Frá Steingrími Jónssyni (700).
5. Nefndaráliti um samgöngumál á sjó (697).

Þá var gengið til dagskrár og tekið fyrir:

FRUMVARP til hafnarlaga fyrir Vestmannaeyjar (674); 3, umr.

**Frmsögum. (Pétur Jónsson):** Eg hefi í rauninni ekkert að segja fyrir hönd nefndarinnar nú. Að vísu komu í lok 2. umræðu fram upplýsingar frá hæstv. ráðherra um það, að tilboð, sem komið er fram frá Monberg, fari 45 þús. kr. fram úr áætlun hafnarverkfræðingsins, þeirri sem þetta frumv. er bygt á. Þótt þetta sé óþægilegt, þá telur nefndin ekki útilokað, að lægra tilboð geti komið fram og nefndin telur að minsta kosti líklegt, að höfn megi gera fyrir ið áætlaða verð. Því hefir nefndinni ekki þótt ástæða til að koma með brtill. um hækkun upphæðarinnar, hvorki styrksins né lánsins. Nenfdinni hefir nú að vísu ekki verið sýnt fram á það, að tekjur innar fyrirhuguðu hafnar muni geta borið þau auknu útgjöld, sem þetta háa tilboð Monbergs mundi hafa í för með sér, ef því yrði tekið.

Meiri hluti nefndarinnar telur samt ekki ástæðu til að fella frumv. Samkvæmt 5. gr. frumv. hefir stjórnarráðið yfirumsjón verksins. Er því engin hætta á, að ráðist verði í fyrirtækið, nema útlit sé til að það beri sig. Leggur því meiri hl. nefndarinnar til að samþykkja frumv. óbreytt.

**Lárus H. Bjarnason:** Þótt mér væri það ljóst, að ráðgerð höfn í Vestmannaeyjum yrði aðallega ef ekki eingöngu fyrir eyjarnar sjálfar, þá lagðist eg þó ekki móti frumvarpinu í nefndinni, meðan sat við inar upprunalegu ráðgerðu upphæðir framlags og ábyrgðar, enda þótt engar sannanir lægju fyrir um það, að höfnin mundi bera sig.

Nú hefir hæstv. ráðherra upplýst, að tilboðið, sem fram er komið, sé 45 þús. kr. hærra en áætlunin gerir ráð fyrir. Þessi upplýsing eykur enn vafa minn og það tvöfaldlega:

1. Verður þar með óvíst, að Vestmanneyingar megni að koma höfninni upp, og sérstaklega
2. Hvort þeir geti staðið straum af vöxtum, afborgunum og rekstrarkostnaði.

Til stuðnings því, að þetta fyrirtæki mundi bera sig, hefi eg að eins heyrt órökstudda yfirlýsing frá háttv. flutnm. (J. M.). Ekki get eg heldur gert ráð fyrir því, að lægri tilboð muni koma fram en komið hefir frá Monberg; hann stendur allra manna bezt að vígi að því að gera tilboð, þar sem hann hefir öll tæki við hendina við hafnargerðina hér og þarf ekki annað en að fleyta þeim stuttan spöl.

Þegar þetta er athugað, þá er fallin burt ástæðan fyrir því, að amast ekki við því að landssjóður leggi fram styrk og ábyrgð á láni til fyrirtækis, sem líklega eingöngu kemur Vestmanneyingum að haldi.

Eg get því ekki greitt frumvarpinu atkvæði á þessu stigi málsins; verð líklega hlutlaus.

**Jón Magnússon:** Út af orðum hv. 1. þingm. Rvk. (L. H. B.) skal eg taka það fram, að ef fé það sem veitt er, er ekki nægilegt til þess að fyrirtækið komist á, þá er ekki hættan stór, því að þá verður fjárveitingin ekki notuð. Annars þarf hvorugu þessu að kvíða. Fjárveitingin verður notuð, af því að hún er nægileg til þess að fyrirtækið komist á fót. Fyrst er nú það, að hafnarsjóður Eyjanna á talsvert fé í sjóði — mér skilst ein 20 þúsund krónur — sem má hafa til viðbótar við það fé, sem farið er fram á að Alþingi veiti og ábyrgist, og svo fær sjóðurinn árlega talsverðar tekjur, um 5000 kr. á ári, eins og nú til háttar. Auk þess skýrir sýslumaður Eyjanna mér frá því, að draga megi úr kostnaðinum, þótt ið umrædda tilboð Monbergs verði tekið og höfnin þó jafntrygg. Eg hygg því að háttv. 1. þm. Rvk. þurfi engan kvíðbeyg að bera fyrir því, að féð sé of lítið, og eg fyrir mitt leyti sé enga ástæðu til að fara fram á hærri fjárveitingu fyrir þessa upplýsingu um tilboðið.

Að þetta sé gert fyrir Eyjarnar; látum svo vera, það er ekkert annað en bein skylda landssjóðs; þær eru landsins eign. Landssjóður hefir aldrei gert neitt annað, að kalla má, fyrir Eyjarnar, en að hirða af þeim tekjurnar, og þær tiltölulega afarmiklar. Atvinnuvegur þeirra sem þar búa, er í stöðugri hættu meðan höfnin er ekki bætt. Auk þess er það ekki rétt, að fyrirtækið sé eingöngu fyrir Eyjarnar. Eg hefi tekið það fram áður, að höfnin hefir mikla þýðing fyrir aðra jafnframt, t. d. fyrir flutninga til Rangárvallasýslu, Skaftafellssýslu og jafnvel Árnessýslu, og auk þess fyrir ýmis skip, sem þangað kunna að hleypa.

Eg skal ekki fara lengra út í þetta mál; það hefir enga þýðing. Það er ekki svo margbrotið, að hv. þingdeildarmenn geti ekki fljótt áttað sig á því. Eg vona að frumvarpið nái fram að ganga, þótt háttv. formaður fjárlaganefndar leggist nú á móti því, af misskilningi og þekkingarleysi á því, hvað málið er áríðandi.

**Lárus H. Bjarnason:** Mér þótti einkennilegt að heyra háttv. þm. Vestm. (J. M.) taka sérstaklega fram þá ástæðu, sem eg lagði minsta áherzlu á. Hann sagði, að Vestmanneyingar gætu komið upp höfninni á eigin spýtur, en eg lagði ekki aðaláherzluna á það, heldur hitt, hvort þeir gætu staðið straum af henni.

Sami háttv. þingmaður sagði, að enginn skaði væri skeður, þótt lögin yrðu samþykt; ef ekki þætti ráðlegt að leggja út í fyrirtækið, mundi það ekki verða gert. Eg er nú hræddur um það, að eyjabúar klífi þrítugan hamarinn til þess að fá höfnina, ef frumvarpið verður að lögum, án þess að líta jafnmikið á það,

hvort þeir mundu geta staðið straum af höfninni hjálparlaust, og þeim væri það fullkomin vorkunn.

Sami háttv. þingm. tók það fram, að eyjarnar ættu um 20 þús. kr. í hafnarsjóði, auk þess sem safnast á næstu árum, og mundi eign hafnarsjóðs nm það leyti sem byrjað yrði á verkinu, nema jafnmikilli upphæð og framkomið tilboð færi fram úr áætlun. Má vera, en hræddur er eg um að hér sé vel í lagt, enda skildist mér á manni í fjárlaganefnd, að það fé væri ætlað til annars. Og hvað sem því líður, þá létti það að eins undir um byggingarkostnað, en ekki um *viðhaldskostnaðinn*, sem er aðalatriðið fyrir landssjóð, af því að hann mundi verða að hlaupa þar undir bagga vegna ábyrgðarinnar.

Að öðru leyti efast eg ekki um, að eitthvað megi klípa úr upphæðinni — t. d. með því að minka þetta stóra upplagsplass.

En því meira sem skorið er af upphæðinni, því óaðgengilegra verður frumvarpið fyrir þingið, sem veitir féð í því trausti, að höfnin geti komið fleirum að notum en Vestmanneyingum einum, kaupstöðunum á suðurströndinni, Vík, Eyrarbakka og Stokkseyri. Eigi höfnin að eins að vera fyrir mótorbáta og til skjóls botnvörpungum, þá fellur sú ástæða til að styrkja höfnina — von um almenningsnot hennar — burtu.

Háttv. þm. Vestm. hefir ekki tekist að tala svo, að hann hafi getað haft áhrif á mína skoðun, sérstaklega þar sem hann hrakti ekki aðalatriði ræðu minnar — vafann um það, að héraðið geti staðið straum af hafnargerðinni. Aftur á móti hefir hann styrkt þá skoðun mína, að komast megi af með minna en undir 300 þús. kr. til þess að ná aðaltilgangi frumvarpsins, að höfnin verði til skjóls mótorbátum.

Eg get því ekki léð frumvarpinu atkvæði mitt, enda mun það ekki þurfa þess með.

**Jón Magnússon:** Það er satt, að eg talaði ekki nú um það, hvort áætlun sýslunefndar um væntanlegar tekjur af höfninni væri ábyggileg. Eg gat þess við 1. umr., að eg teldi það víst að hún færi ekki of hátt í áætlun sinni, sýslunefndin hefir lagt áætlunina fyrir fjárlaganefndina, er tók hana gilda og bygði á henni. Það er sjálfgefið, að það er ekki hægt að færa lagasönnun fyrir því, að áætlun sýslunefndarinnar sé rétt, en eg staðhæfi það, og þykist af kunnugleika mínum geta betur um það borið en inn háttv. þm., að ekki sé hægt annað að segja en að áætlunin sé mjög varleg.

Auðvitað væri æskilegt að höfnin væri stærri, en eins og fyrirætlunin er að hafa hana, þá kemur hún að notum, ekki einungis fyrir mótorbáta, heldur geta komist þar inn flest þau flutningagufuskip, sem eru í förum hingað til lands, fyrir utan hin stærri millilandapóstskip, og auðvitað geta botnvörpungar farið þar inn. En það er mikilsvert atriði að höfnin geti orðið fyrir botnvörpunga. Bæði mundu erlendir botnvörpungar koma þangað oft inn til að kola, en hitt er þó aðalatriðið, að mikil líkindi eru til að Eyjabúar fari að snúa sér að botnvörpungaútgerð sjálfir. En það er rangt hjá háttv. þm., að þurfi að dýpka alla höfnina fyrir það. Eyjabúar hugsa sér víst ekki að hafa mjög marga botnvörpunga í byrjun, svo að höfnin ætti fyrst um sinn að vera nógu stór fyrir þá.

En þótt svo verði, sem líklegt er, að botnvörpuveiðaútgerð komi í Eyjum, þá er líklegt að mótorbátaútvegur haldist þar enn lengi og þá er lífsskilyrði að fá eitthvað skjól fyrir þá. Eg skal

ekki segja beint nema hægt væri ef til vill að komast af með minna fé til þessa eins, en það er ekkert vit í öðru en að gera höfnina þannig úr garði, að hún geti auk þess komið botnvörpungum að haldi. Líka ber þess að gæta, sem áður hefir verið tekið fram, að höfn í Eyjunum kemur nálægum héruðum að mjög miklu gagni.

**Bjarni Jónsson:** Eg hefi verið að skoða uppdráttinn að þessu mannvirki. Þegar eg leit á hann, var eg í byrjun hikandi og efinn um, hve miklu væri kostandi til þessa. Það lítur svo út, sem talsvert mikið þurfi til að leggja til þess að gera höfnina nógu djúpa fyrir hafskip sem þau, er nú erú í förum milli Íslands og annara landa.

En við nánari athugun komst eg að þeirri niðurstöðu, að sjálfsagt væri að samþykkja frumvarpið, þótt slík skip gætu ekki hafnað sig þar að staðaldri.

Ástæður, þær sem móti frumvarpinu hafa verið færðar, hafa ekki verið rökstuddar með öðru en því, að sýslunefndin hefði ekki rökstutt áætlun sína. En af tveimur órökstuddum setningum, þá vil eg heldur trúa orðum þeirra manna, sem þekkja til málanna, en hinna, sem ekki þekkja til. Og það er sýslunefndin í Vestmannaeyjum, sem veit, hve mikið er hægt að leggja á Eyjamenn til þess að fyrirtækið blessist. Mishepnist það, þá eiga þeir mest í húfi sjálfir.

Það er mála sannast, að útvegur Eyjamanna er í inni mestu hættu, með an þeir þurfa að leggja bátum sínum fyrir opnu hafi, þannig að stormur geti á hvaða átt sem hann er, skelt þeim upp í klettana. Mest-allar eignir þeirra liggja í bátunum og þeir vilja leggja á sig mikið gjald til þess að geta varðveitt þá. Eg sé því ekki þessa hættu, sem háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) sá, að þeir gætu ekki staðið straum af fyrirtækinu, þar sem hann líka kannaðist við, að þeir mundu klífa þrítugan hamarinn til þess að halda þessu við.

Þá þótti háttv. þm. varhugavert, að leggja fé til þessa fyrirtækis þar sem það væri eingöngu ætlað til skjóls vélarbátum, en þann útveg kvað hann mundu detta úr sögunni von bráðar. Það er nú einkennilegt, ef hætta ætti við vélarbátaútveg í Vestmannaeyjum, sem er víst eini staðurinn á landinu, þar sem það er beinlínis sannað, að vélarbátar borga sig vel. En enn þá undarlegri verður rökfærsla háttv. þm., þegar hann vill gera höfnina eingöngu að vélarbátahöfn. Til hvers er að vera að búa til höfn fyrir þau skip, sem hann segir, að séu að detta úr sögunni? Væri ekki nær að gera hana hæfa fyrir botnvörpunga, sem hann segir að von bráðar verði farið að gera þar út.

Annars hygg eg að aldrei verði of stórt hugsað til hafnargerða og samgöngubóta á sjó. Við, sem árin eru farin að færast yfir, þurfum ekki annað en líta til uppvaxtaráranna okkar, þegar ekki þektust nema opnir fiskibátar — þá sjáum við, hve fljótt og hve stórt spor hefir verið stigið fram á leið.

Eg sé það á dýptarmælingum á hafnarstæðinu, að þetta verður efalaust góð höfn fyrir þá botnvörpunga, sem Vestmannaeyingar afla sér. En höfnin kemur mikið fleirum að gagni. Eg skal nefna botnvörpunga Reykvíkinga. Hversu mikið sparast við það, að þeir þurfa ekki að fara 12—15 tíma siglingu til Reykjavíkur til þess að kaupa kol o. s. frv. Þeir geta verið að veiðum á þeim tíma og skroppið inn á höfnina í Vestmannaeyjum og sparað við það bæði tíma og kol. Og það gerir mikið meira en vega á móti hafnargjaldinu, þótt það verði sett mjög hátt.

Þá er það ekki lítill hagnaður fyrir landið alt, ef íslenzkir menn gætu sett upp stóra kolaverzlun í Vestmannaey-

jum. Það getur okkur ekki staðið á sama um.

Þá hefir eigi alllítið tjón orðið að hafnleysinu á allri suðurströnd landsins. Þar er nú enginn griðastaður, sem skip gætu leitað til í lífsháska Þau hafa ekki annað að ráð en að hleypa til skipbrots, þar sem skárst er. Það væri ekki lítill hagur að því, að eiga eitthvert athvarf bæði fyrir fiskiskipin og bátana til að að leita til úr tvísýnu. Það er nokkur munur á því og þurfa að fara yfir Reykjanesröst, sem hefir kollvætt margan góðan dreng.

Það er auðsætt á mælingunum, að 16 feta dýpi er á nokkuð stærra svæði en afmarkað er á kortinu. Auk þess er það ekki rannsakað, hvers konar botn er í norðvesturhluta hafnarinnar. Það má vel vera að það sé leirlag eða móhella, sem lítið mundi kosta að sprengja upp og dýpka. Ef botninn er hraun, verður það auðvitað talsvert dýrara. Þó mætti kosta þar nokkru til að dýpka þar lítið eitt og væri það ekki frágangssök, þótt skip þyrftu að sæta sjávarföllum. Það er ekki meira en menn verða að sætta sig við víða í útlöndum. T. d. er því svo farið með höfnina í Leith — þar verða skip að bíða fyrir utan ef þau eru ekki svo heppin að koma að hæfilega útföllnum eða aðföllnum sjó.

Eg legg ekki mikið upp úr því, að áætlunin sé of há, vegna þess að Monberg vill vinna verkið fyrir hærra fé. Verkið hefir ekki verið boðið öðrum, og þótt hann standi betur að vígi vegna þess, að hann hefir verkfærin hér heima, þá er ekki sagt, enda ósennilegt, að hann kæri sig um að láta Vestmanneyinga græða á því. Við höfum séð dæmi þess úr sama landi og hann er, að stofnanir þar hafa gert sitt til að knýja Íslendinga til að leggja sér fé. Simskeytið, sem ráðherra barst fyrir skömmu, ber þess ljósastan vottinn. Það er því alls ekki óhugsanlegt, að einhverjir aðrir kunni að vilja taka að sér verkið fyrir minna verð en Monberg þessi.

Þessi fjárveiting er ekki svo mikil, að hún sé eftirtöluverð til þessarar landssjóðseignar, sem er stór fiskibær og margfaldast áreiðanlega á nokkrum árum.

Ef farið væri gegn um manntalsskýrslurnar, þá mundi það sjást, hve margar slysfariir orsakast af ótryggum lendingum. Og þegar við leggjum of fjár til vegabóta á landi, sem auðvitað er sjálfsagt, þá á ekki að telja svona fjárveitingar eftir. Hér er um lífið að tefla, en það kemur sjaldnar fyrir á landi.

Auk þessa verður höfnin til mikils hags landssjóði, þegar landið tekur að sér samgöngurnar. Þá mun það sýna sig, að það borgar sig betur að leggja fé út til hafnar en að láta skipin sveima svo og svo lengi kringum Heimaklett og kannske þurfa að fara framhjá og flytja vörurnar til þessara staða fyrst til útlanda, svo til Reykjavíkur og kannske enn þá fleiri krókaleiðir, þangað til þær loksins eftir mánaðar eða tveggja mánaða tíma koma til ákvörðunarstaðarins.

**Framsm. (Pétur Jónsson):** Út af ræðu háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) skal eg geta þess, að eg er honum samdóma í því, að sé þessi höfn ekki ætluð fyrir önnur skip en mótorbáta og þau skip, sem, eins og nú stendur, geta komist inn á innri höfnina, að vegur sé til að komast af með minna fé en ráð er gert fyrir í frumv.

Til þess að menn geti glöggvað sig á málinu, þá ætla eg að gefa háttv. þm. stutt yfirlit yfir kostnaðinn eins og ráð er gert fyrir í áætluninni. Það eru þá fyrst tveir hafnarármar, sem gera það að verkum, að kyrt er á höfninni, og kosta 130 þús. kr. Ennfremur bryggja

úr landi, sem ætlast er til að botnvörpungar geti lagst við. Hún kostar með uppfyllingu 42 þús. kr. Af þessu fé ganga að eins 18 þús. kr. til bryggjunnar sjálfrar, en hitt til uppfyllingar. Þá er uppgröftur hafnarinnar, fjögra metra dýpi alstaðar með fjöru og 5 metra á dálitlu svæði. Þetta er áætlað alt að 52.000 krónum. Þetta álít eg tæpasta liðinn í áætluninni. Það er gert ráð fyrir, að hver teningsmeter kosti jafnmikið og Monberg tekur fyrir hvern teningsmeter hér í hafnaruppgreftrinum, umfram það sem í inu fasta tilboði er til tekið. Eg álít rétt að gefa þessar upplýsingar.

Til þess að tryggja mótorbáta og skip alt upp að 100 tons, er hægt að komast af með hafnargarðana, 130 þús. kr., og bryggjur innan við 20 þús. kr. Eigi aftur á móti að grafa höfnina upp, þá hleypir það kostnaðinum mikið fram. En talsvert væri máske hægt að greiða fyrir með minni háttar uppgrefti á vissum stöðum.

Nefndin var öll sammála um það, að varhugavert væri að leggja út í fyrirtækið, ef það kæmi til að kosta fast að 300 þús. kr., en það virðast allmiklar líkur til, að komist verði af með minna og hægt verði að halda áætlun.

ATKV.GR.:

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv.

Afgreitt til Ed.

---

FRUMVARP til laga um breyting á lögum 22. Okt. 1912 um ritsíma- og talsímakerfi Íslands (682); 3. u m r.

Enginn tók til máls.

ATKV.GR.:

Frv. sþ. með 15 shlj. atkv.

Endursent til Ed.

---

FRUMVARP til laga um löggilta endurskoðendur (683); 3. u m r.

Enginn tók til máls.

ATKV.GR.:

Brt. 705 (of seint fram komin, en leyfð), sþ. með 17 shlj. atkv.

Frv. svo breytt sþ. með 16 shlj. atkv.

Afgreitt til Ed.

---

FRUMVARP til laga um heimild fyrir stjórnarráðið til þess að veita mönnum rétt til þess að vera dómtúlkar og skjalþýðendur (194); 3. u m r.

Enginn tók til máls.

ATKV.GR.:

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv.

Afgreitt til Ed.

---

FRUMVARP til laga um breytingu á 16. gr. laga nr. 29, 16. Nóv. 1907 (681); 3. u m r.

Enginn tók til máls.

ATKV.GR.:

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv.

Afgreitt til Ed.

Fundi slitið.

---

## 52. fundur.

Föstudag 5. Sept. 1913, kl. 12 á hád.

Dagskrá:

1. Frv. til laga um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum (331); 3 umr.
2. Frv. til laga um sparisjóði (680, 684, 726, 730); 3. umr.
3. Frv. til laga um friðun fugla og eggja (696); 3. umr.

4. Frv. til laga um breytingu á og viðauka við lög 22. Nóv. 1907 um bæjarstjórn í Hafnarfirði (243, n. 685); 2. umr.
5. Frv. til laga um breytingu á fátækralögum 10. Nóv. 1905 (220, n. 698); 2. umr.
6. Frv. til laga um sölubann á tóbaki til barna og unglinga (275, n. 690); 2. umr.

---

Allir á fundi.

Fundargerð síðasta fundar samþykt og undirskrifuð.

Forseti skýrði frá, að forseti Ed. hefði endursent sér:

Frv. til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbankans til að gefa út 4. flokk (Serie) bankavaxtabréfa (727), með tilmælum um, að það það verði lagt fyrir Nd. að nýju.

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið:

I. Í deildinni:

1. Framhaldsnefndaráliti um frv. til laga um viðauka og breyting á lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða, 12. Jan 1884 (719).
2. Breytingartillögu við frv. til laga um friðun fugla og eggja. Frá Pétri Jónssyni (735).
3. Breytingartillögu við frv. til laga um sauðfjárbaðanir. Frá landbúnaðarnefndinni (733).
4. Frv. til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbankans til að gefa út 4. flokk (Serie) bankavaxtabréfa. Eftir 3. umr. í Ed. (727).
5. Nefndaráliti um frv. til laga um sauðfjárbaðanir. Frá meiri hluta landbúnaðarnefndarinnar (732).
6. Breytingartillögum við frv. til laga um sparisjóði. Frá meiri hl. nefndarinnar (730).
7. Breytingartill. við sama frv. Frá Kristni Daníelssyni (726).
8. Frv. til laga um breyting á lögum um að íslenzk lög verði eftirleiðis að eins gefin á íslenzku, 18. Sept. 1891. Flutnm.: Bjarni Jónsson frá Vogi, Skúli Thoroddsen, Benedikt Sveinsson.
9. Breytingartillögum við frv. til laga um viðauka og breyting á lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða frá 12. Jan. 1884. Frá nefndinni (720).
10. Frv. til laga um bjargráðasjóð Íslands. Eftir 2. umr. í Nd. (704).

II. Frá Ed.:

1. Breytingartillögum við frv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915, á þgskj. 706, 707, 708, 709, 710, 711, 712, 725, 728, 729, 731.
2. Breytingartillögum við frv. til laga um viðauka og breyting á lögum um aðflutningsbann á áfengi nr. 44, 30. Júlí 1909. Frá Sig. Eggerz.
3. Tillögu til þingályktunar um Reykjavíkurdómkirkju. Frá fjárlaganefndinni (714).
4. Nefdaráliti um frv. til laga um íslenzkan fána. Frá minni hlutanum (716).
5. Frv. til hafnarlaga fyrir Vestmannaeyjar. Eftir 3. umr. í Nd. (718).
6. Framhaldsnefndaráliti um frv. til landskiftalaga (715).
7. Frv. til laga um breyting á lögum 22. Okt. 1912, um ritsíma og talsímakerfi Íslands. Eftir 3. umr. í Nd. (722).
8. Frv. til laga um lögilta endurskoðendur. Eftir 3. umr. í Nd. (723).
9. Frv. til laga um heimild fyrir stjórnarráðið til þess að veita mönnum réttt til þees að vera dómtúlkar og skjalþýðendur. Eftir 3. umr. í Nd. (724).
10. Frv. til laga um breyting á 16. gr. laga nr. 29, 16. Nóv. 1907. Eftir 3. umr. í Nd. (721).

Forseti skýrði frá, að lagt hefði verið fram á lestrarsal:

1. Símskeyti frá kjósendafundi á Patreksfirði, þar sem skorað er á Alþingi að veita Eimskipafélagi Íslands sem ríflegastan styrk.
2. Símskeyti frá kjósendafundi á Flateyri, sama efnis.

Þá var gengið til dagskrár og tekið fyrir:

FRUMVARP til laga um mannaskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum (331); 3. u m r.

Enginn tók til máls.

ATKV.GR.:

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv.

Afgr. til ráðherra sem *lög frá Alþingi.*

---

FRUMVARP til laga um sparisjóði (680, 684, 726, 730); 3. u m r.

**Lárus H. Bjarnason:** Eg leyfi mér að biðja hæstv. forseta að taka þetta mál út af dagskrá vegna margra þrt., sem nefndin verður að átta sig á.

**Forseti (M. A.):** Eg tek þetta mál eftir ósk út af dagskrá.

---

FRUMVARP til laga um friðun fugla og eggja (696); 3. u m r.

**Pétur Jónsson:** Eg vildi óska að þetta mál yrði tekið út af dagskrá, til þess að eg geti komið að brtill.

*Forseti* tók málið út af dagskrá.

---

FRUMVARP til laga um breytingu á og viðauka við lög 22. Nóv. 1907 um bæjarstjórn í Hafnarfirði (243, n. 685); 2. u m r.

**Frams.m. (Kristinn Daníelsson):** Eg var búinn við 1. umr. þessa máls að skýra frá, hvernig í því lægi. Eg þarf því ekki að fara út í það í þetta sinn og get vísað til nefndarálitsins um þá niðurstöðu, sem nefndin hefir komist að.

Við 1., 3. og 4. gr. hafði nefndin ekkert að athuga. En við 2. gr. sem er aðalmergurinn í frumv., hefir meiri hl. nefndarinnar komið fram með brtill. á þgskj. 685, þess efnis, að greinin falli burt. Eg get hvorki sem flytjandi málsins né nefndarmaður aðhylst þessa tillögu, og vona að háttv. deild fallist á ósk bæjarstjórnarinnar og mína, að samþykkja 2. gr. Aðalatriðið er að geta lagt útsvar á menn, sem reka þar atvinnu lengri tíma, en er ekki hægt vegna bæjarstjórnarlaganna. Þetta ákvæði um fjögra mánaða fast aðsetur er orðið ótímabært, og nær það engri átt lengur að láta undan ganga ýmsa gjaldstofna, því að atvinnuvegirnir eru orðnir mjög svo breyttir. Til dæmis eru reknar þaðan ekki minna en 16 botnvörpuútgerðir, og skortir að eins 1—2 vikur á að hægt sé að leggja á þær útsvar. Útlend stórgróðafélög hafa bækistöð sína í Hafnarfirði og leggja þar upp afla. Þau reka stórkostlega útgerð og er mér sagt af kunnugum mönnum, að aflinn sé venjulega 250—300 tons á hvert skip. Það er líka margt fleira, sem kemur til greina. Eins þarf að breyta sveitarstjórnarlögunum, svo að hægt sé að leggja á þessa gjaldastofna. Útlendingar vaða inn í landið með ýmsan atvinnurekstur, og ætti að vera hægt að leggja á þá í hlutfalli við aðra gjaldendur. Eg varð í minni hl. í nefndinni, og munu hinir nefndarmennirnir skýra málið frá sínu sjónarmiði. Mér finst það ekki næg mótbára, að það þurfi að breyta bæjarstjórnarlögum annara bæja um leið og

þeim er breytt í Hafnarfirði. Það stendur ekki alstaðar eins á, og er ekkert á móti því að þessi bær gangi á undan, því að það hagar svo sérstaklega til að því er snertir þessa botnvörpuútgerð.

Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál, en legg brtill. á þgskj. 685 undir úrskurð háttv. deildar með þeirri ósk og von, að hún fallist á mitt mál í þessu efni.

ATKV.GR.:

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brt. 685 samþ. með 9:8 atkv.

3.—4. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkv.gr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

---

FRUMVARP til laga um breyting á fátækralögum 10. Nóv. 1905 (220, n. 698); 2. umr.

**Frams.m. (Kristinn Daníelsson):** Það er eins með þetta frumv., að eg get vísað til nefndarálitsins um niðurstöðu nefndarinnar. Nefndin gat ekki orðið sammála um, að tiltækilegt væri að breyta því sem farið er fram á í frumv., að öðru leyti en því sem lagt er til á þgskj. 698.

Í 2. gr. frumv. er farið fram á, að hægt skuli að krefjast flutnings þurfalings á framfærslusveit þegar hann hefir þegið 100 kr. styrk af dvalarsveit. En það hefir komið fyrir, að manneskja hefir legið karlæg og verið á sveitinni árum saman, en læknir hefir bannað að flytja hana vegna hættu fyrir heilsu hennar. Auðvitað er það vanalegt að sjúklingar séu fluttir upp á von og óvon, þegar um það er að ræða að leita þeim læknishjálpar. En það er alt öðru máli að gegna, þegar verið er að hrekja þurfalinga úr einum stað í annan, og er það óforsvaranlegt að tefla á tvær hættur með líf þeirra. Það ætti ekki að þurfa lög til annars eins og þessa. En það er órétt, að sveitarfélag, sem vill flytja þurfaling í burtu á dvalarsveit hans, en getur það ekki vegna þess að læknir bannar flutninginn, skuli þurfa að liggja undir því að borga $^1/_3$ hluta meðlagsins. Er það vegna þess, að í fátækralögunum er heimilað að flytja þurfaling yfir á framfærslusveit, þegar hann hefir þegið 100 kr. styrk af dvalarsveitinni.

Svo skal eg ekki fara fleiri orðum um þetta mál að sinni. Eg fyrir mitt leyti er samdóma flutningsmanni frumv., að allar 3 greinar frumv. ættu að verða samþyktar, en nefndin áleit ekki að því ætti að halda svo fast fram. En hvað brt. snertir, þá vona eg, að háttv. deild samþykki þessa litlu og sjálfsögðu réttarbót.

**Matthías Ólafsson:** Eg gat ekki verið svo heppinn, að vera samdóma háttv. meiri hluta í þessu máli. Reyndar kom okkur saman um, að ekki yrði það vinsælt að samþykkja frumv. eins og það lá fyrir, en við nefndarmennirnir, sem skifuðum undir nefndarálitið með fyrirvara, álitum heldur ekki heppilegt að samþykkja það með þessum breytingum, sem gerðar hafa verið á því, og er það af sömu ástæðum og með frumv. í heild sinni, að við álítum að það muni ekki verða vinsælt.

Aðalástæðan á móti þessum breytingum við frumv. er sú, að menn þyrpast svo mjög úr sveitunum í kaupstaðina, vinna þar svo þangað til þeir geta ekki meira, og þegar þeir eru orðnir þurfalingar, þá eru þeir aftur sendir til framfærslusveita sinna, sem svo verða að bera allan kostnað af þeim upp frá því, og það eins þó þeir hafi aldrei haft nein not vinnu þeirra. Það eru til ótal mörg dæmi upp á það, að menn alast upp á sinni sveit til fermingaraldurs; þá þegar

þeir geta farið að vinna að nokkru gagni, þá flytja þeir sig til kaupstaðanna, vinna þar á meðan þeir geta og fyrst þegar þeir eru orðnir ósjálfbjarga aumingjar, þá eru þeir fluttir á fæðingarhrepp sinn, sem svo verður að ala önn fyrir þeim það sem eftir er ævinnar.

Þetta er alveg óþolandi, að sveit, sem aldrei hefir nein not af einum manni, verður að sjá um hann að öllu leyti, þegar hann er orðinn ósjálfbjarga. Þetta batnaði svo, þegar það var ákveðið í fátækralögunum, að dvalarsveitin ætti að nokkru að bera byrðarnar af þurfalingum, svo ekki lentu þær allar á framfærzlusveitinni. En nú er farið fram á að þessu ákvæði sé kipt til baka. Ef það væri sanngjarnt, þá væri það líka sanngjart, að miða framfærslukostnað af barni, sem af hendingu fæðist í einum hreppi, við þann hrepp, sem það fæðist í. En það er ósanngjarnt Tökum t. d. förukonu. Hún er á ferðalagi og elur barn í öðrum hreppi, sem það að hendingu fæddist í. Nei, það réttlátasta væri það, að allir ætti framfærzlurétt í sínum dvalarhreppi, en þá ætti um leið að vera hægt að setja skorður fyrir því að menn kæmist in í hreppinn. Ef hreppavöldin hefðu leyfi til þess að banna mönnum að setjast að í hreppnum, þá væri sjálfsagt, að hreppurinn hefði allan framfærslukostnað af þeim mönnum, sem leyft væri að setjast að í hreppnum.

Og þegar um flutning þurfalinga er að ræða og um vottorð frá læknum um það, hvort megi flytja þá, þá er nú þess að gæta, að læknar geta átt sæti í fátækrastjórn, og telja þeir þá stundum varhugavert að flytja sjúkan þurfaling burtu úr dvalarsveitinni til framfærslusveitarinnar, sem þeir gerðu kannske ekki væru þeir sjálfir lausir við fátækrastjórn. Það gæti vel verið, að þeir myndu ráða frá flutningi, sem þó væri mögulegur, vegna þess að ef maðurinn dæi, sem flytja ætti, þá gæti verið að það yrði kent flutningnum og þá um leið lækninum, sem leyfði flutninginn. Því finst mér engin furða þó læknar séu stundum varkárir að leyfa flutning á svona mönnum.

Eg held því að það mundi valda óánægju að fara nú aftur að breyta þessu ákvæði. Enda er eg viss um, að það mundi koma mönnum mjög á óvart ef það væri gert.

Vil eg svo ekki orðlengja þetta meira vegna þess að eg hugsa að háttv. deild muni ekki samþykkja það.

**Jón Jónsson:** Eg hafði skilið svo háttv. meðnefndarmenn mína, að þeir gætu allir fallist á þessa miðlunartillögu, þótt þeir gætu ekki fallist á frumvarpið, eins og það lá fyrir í upphafi, — og mér kom það því dálítið á óvart, að 2 þeirra skyldu skrifa undir nefndarálitið með fyrirvara.

Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.), sem hefir skrifað undir fyrirvaralaust, kannaðist undir eins við það, að hér væri ekki um annað að ræða en fullkomna sanngirniskröfu, og háttv. nefndarmenn mæltu engir á móti því, enda er hægt að færa ljós rök að þessu. Dvalarsveit þurfalings á ekki að gjalda þess, að ekki er hægt að flytja hann á framfærslusveitina vegna sjúkleika, og framfærlsusveitin á ekki að geta gengið upp í þeirri dulunni, að heimta þurfalinginn fluttan hverju sem tautar og neita að öðrum kosti að greiða fullan sveitarstyrk og sjúkrakostnað. Þetta er ekkert annað en rangsleitni. Og skal eg sýna það með nokkrum dæmum, hversu hart Reykjavík hefir orðið úti í þessu efni:

Fyrir sjúkling, sem var sveitlægur í öðru héraði, og lagðist nokkru eftir að

hann kom til bæjarins, varð fátækrastjórnin að leggja út í legukostnað 1036 kr. og veita heimilinu 485 kr. styrk vegna veikindanna, eða samtals 1521 kr., og af því varð bærinn sjálfur að greiða að fullu $^1/_3$ eða rúmar 500 kr. Fyrir annan sjúkling varð bærinn að svara út 699 kr. legukostnaði, fyrir þriðja sjúklinginn 689 kr., fyrir fjórða sjúklinginn 594 kr., fyrir fimta sjúklinginn 409 kr. o. s. frv. svo tugum skiftir, og jafnan greiða $^1/_3$ af því að fullu og öllu úr eigin vasa. Þetta er því ósanngjarnara sem dæmi eru til, að fólk komi þannig félaust og meira og minna veikt til bæjarins, jafn vel með vitund ef ekki vilja hreppsnefndarinnar, og krefjist þess nokkrum dögum eftir komuna að vera lagt á sjúkrahús, og verður þá bærinn jafnan að bera $^1/_3$ af öllum kostnaði. Það sjá allir, að þetta *má* nota sér, og þetta *hafa* menn notað sér til stórfeldrar byrði fyrir Reykjavíkurbæ. Þar á ofan bætist, að oft og tíðum verður allmikill dráttur á endurgreiðslu frá sveitunum, svo það er ekki lítið fé, sem bærinn missir árlega í vaxtatap á útlögðu fé fyrir utan bein útgjöld að $^1/_3$ hluta. Þessi litla tilslökun, sem hér er farið fram á, er því ekki annað en bein sanngirniskrafa, miðuð eingöngu við þau tilfelli, sem öllum eru ósjálfráð, sem sé veikindi, er koma í veg fyrir flutning þurfamanns á framfærslusveit sína.

Breytingin stefnir jafnframt í mannúðaráttina til að afstýra því, að sjúkir þurfalingar séu hraktir á sveit sína, máske lítt ferðafærir, til að firra dvalarsveitina frekari kostnaði. Það er full ástæða til að gefa þessu gaum og reyna að draga sem frekast úr allri harðýðgismeðferð á fátæklingum, sem því miður hefir oft þótt brenna við hér á landi að m. k. á fyrri tímum. Fátæklingar eiga sannarlega ekki síður en aðrir, nema fremur sé, rétt á vernd þjóðfélagsins, einkum þegar veikindi bætast ofan á fátæktina, — og veit eg það, að háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ól.) er svo brjóstgóður og yfirleitt allir háttv. deildarmenn, að eg býst við að þeir séu mér samdóma í því.

Skal eg svo ekki fara frekari orðum um þetta mál. Býst eg við því að hv. framsögum. muni svara, ef einhverju þarf að svara. Vona eg að háttv. deildin fallist á þessa breytingu, sem er svo lítilvæg í samanburði við sjálft frumvarpið.

**Einar Jónsson:** Eg þarf hér litlu við að bæta við það sem háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ól.) sagði, því eg er honum samstæður í skoðunum. En það var út af ummælum háttv. 2. þm. Rvk., sem eg vildi leyfa mér að segja nokkur orð. Hann sagði, að sér hefði komið það undarlega fyrir sjónir að við nefndarmennirnir vorum ekki allir á einu máli. Mér kom það líka undarlega fyrir sjónir og því undarlegra þótti mér þetta nefndarálit, sem mér skildist svo, þegar um þessa breytingu var að ræða, að öllum virtist hún vera svo smávægileg, að það væri ekki ekki erfiðisins vert að fara að breyta þessum lögum hennar vegna. Hvort þetta sé sanngirniskrafa eða ekki, þá má lengi þræta um það. Í sumum tilfellum þá er þetta ákvæði heppilegt, en í öðrum tilfellum hættulegt og ranglátt. Þetta ákvæði var í byrjun sett inn í lögin til þess að koma í veg fyrir, að þurfalingum væri veitt ótakmarkað fé í dvalarsveitinni. Og þessi undanþága er í sumum tilfellum sanngjörn, en í öðrum aftur ósanngjörn.

Mér finst ósanngjarnt að veita framfærsluhreppi þessa undanþágu þegar um þurfaling er að ræða, sem ekki er flutningsfær og hefir unnið lengi í sinni framfærslusveit. En hitt finst mér aftur sanngjarnt, að veita framfærslusveitinni þessa undanþágu, þegar um mann

er að ræða, sem framfærslusveitin hefir aldrei haft neitt annað en kostnað af, mann, sem aldrei hefir unnið neitt í sinni framfærslusveit, heldur að eins bakað henni kostnað.

Annars eru ýmsir sjúklingar tregir á að láta flytja sig, og mörg dæmi eru til þess, að sjúklingar hafa verið fluttir án læknisleyfis og ekkert orðið meint við. En annars er erfitt að að setja reglur um það. Eg hefði líka helzt viljað, að nefndin hefði fylgt reglunni, sem leit út fyrir að hún ætlaði að hafa í fyrstu, að láta frumvarpið vera eins og það var.

Að öðru leyti skírskota eg til þess, sem háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ól.) sagði.

**Kristinn Daníelsson:** Eg ætla mér ekki að fara að fara út í hugleiðingar háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ól.), sem hann byrjaði á, því þær voru um þau atriðin, sem öll nefndin kom sér saman um að fella.

En um hin atriðin, sem okkur skilur á um, og háttv. þingmaður mælti móti, þá finst mér þau mótmæli vera bygð á heldur litlum ástæðum. Það var þá önnur ástæðan sú, að þetta mundi valda óánægju; en það eru engar sannanir færðar fyrir því. Eg skal auðvitað ekki segja um það, hvort einhverjar sveitir geti ekki verið óánægðar yfir því, af því þeim finst þær ekki græða neitt á því. En það er þó að öllu leyti ósannað. Hin ástæðan var sú, að þetta væri ekki réttlátt. Eg held þvert á móti, að það sé fullkomlega réttlátt. Skal eg segja hér eitt dæmi því til sönnunar:

Kvenmaður kemur gestkomandi að bæ suður í Garði. Hún verður veik þar og legst í rúmið. Hún fær að vera þar á bænum ókeypis missiris tíma. Þá vill bóndi ekki hafa hana lengur ókeypis og lætur hreppstjóra skrifa hreppsnefndinni í framfærslusveit stúlkunnar og skora á hana að borga með sjúklingnum. Hreppsnefndin svarar: Nei, við borgum ekkert. Sendið þið hana til okkar. Nú er læknir spurður, hvort óhætt sé að flytja stúlkuna, og hann aftekur það. Nú liggur stúlkan veik eitt ár enn þá. Þá er hreppsnefndinni í framfærsluhreppnum skrifað aftur og krafist borgunar með stúlkunni. Þá kemur sama svarið aftur: Nei, við borgum ekkert; sendið hana til okkar. Þá er læknir spurður aftur og hann bannar að flytja hana; henni standi lífshætta af því. Svona fer aftur næsta ár; svarið aftur: Við borgum ekkert; sendið okkur hana. Og svona getur það haldið áfram fleiri ár. Er það ekki öllum ljóst, að svona getur það ekki gengið?

Háttv. 1. þm. Rangv. (E. J.) hélt því fram, að læknisvottorð væru einskis verð. Finst mér það nokkuð hart, að bera embættismönnum það á brýn, hvort sem það eru læknar eða prestar eða aðrir, að þeir láti sér ekki fyrir brjósti brenna að gefa fölsk vottorð í embættisnafni. Þetta er svo fjarstætt að það nær ekki nokkurri átt. En þó voru þessi brigzlyrði háttv. þingmanns í garð læknanna ekki í neinu til þess að styðja mál hans, því það er ekki dvalarsveitinni í hag, að læknir dæmi þurfaling annarar sveitar ekki flutningsfæran. Dvalarsveitin vill auðvitað helzt að hún geti komið sjúklingnum burtu og í sinn framfærsluhrepp.

Svo býst eg ekki við að tala meira í þessu máli. Og þótt eg álíti að þetta sé réttlátt ákvæði, þá játa eg, að það sé ekki neitt slíkt höfuðspursmál fyrir landsins gagn og nauðsynjar, að það þurfi þess vegna að halda neitt langar tölur um það.

**Matthías Ólafsson:** Háttv. formaður nefndarinnar sagði, að sér hefði komið það mjög á óvart, að við, háttv. 1. þm. Rangv. og eg, skrifuðum undir nefndarálitið með fyrirvara. Eg skil

ekki í þessum orðum háttv. þingmanns. Við tókum það einmitt fram í meferð málsins, að við vildum helzt, að ekki yrði neitt hróflað við þessum lögum, og þó að við myndum ekki koma fram með neitt ágreiningsálit, þá áskildum við okkur þó rétt til þess að skrifa undir nefndarálitið með fyrirvara.

Svo vildi eg með fáum orðum leyfa mér að svara því sem háttv. 2. þingm. G.-K. (Kr. D.) sagði um þetta ákvæði, hvort það væri réttlátt eða ranglátt.

Þetta dæmi um stúlkuna, sem háttv. þm. kom með, var afar-hart fyrir dvalarsveitina. En gerum nú ráð fyrir, að þessi stúlka hafi verið alin upp í sinni framfærslusveit fram til fermingaraldurs, en þá fyrst þegar hún gat farið að vinna nokkuð að gagni, hafi hún farið úr sveitinni og unnið annarstaðar. Þá er það líka hart fyrir framfærslusveit hennar, að taka hana aftur upp á sínar herðar, þegar hún er orðin veik og getur ekkert unnið sveitinni að gagni. Það er augljóst, að það er ranglátt að hreppur beri byrðar manns, sem aldrei hefir unnið honum neitt gagn. Þetta hérna er því ekki annað en að skift er um ranglæti, af dvalarhreppnum og á framfærsluhreppinn.

Það hefir verið sagt hér, að þetta gengi mest út yfir kaupstaðina. Það er ekki rétt. Það gengur einmitt mest út yfir sveitirnar. Menn alast upp í sveitunum og fara til kaupstaðanna þegar þeir fara að geta unnið fyrir sér. Vinna svo í kaupstöðunum á meðan þeir geta, taka hús á leigu, borga húsaleiguna á meðan þeir geta unnið; yfirleitt vinna kaupstöðunum alt sem þeir geta unnið. Og svo fyrst þegar þeir hætta að geta unnið, þá eru þeir fluttir aftur til framfærsluhrepps síns, sem svo verður að annast þá upp frá því. Þeir eru orðnir ósjálfbjarga aumingjar og geta ekkert gagn gert. Þessir menn eru því sveitunum til byrða, en kaupstöðunum til hagnaðar. Og vegna þess að fólk flykkist til kaupstaðanna, þá eru þeir kaupstöðunum til hagnaðar að því leyti líka, að vinnan lækkar í verði, því það er algild regla, að þar sem nóg er eftirspurnin eftir vinnu, að þar lækka vinnulaunin. Í kaupstöðunum lækka vinnulaunin, en hækka í sveitunum.

Eg þykist nú hafa sýnt það með skýlausum rökum, að það er ranglátt að framfærsluhreppur beri allar byrðar af ómögum, sem aldrei hafa orðið hreppnum að neinum notum. Bezta bótin væri því, að dvalarhreppar stæðust allan kostnað af þurfalingum. Og þó svo sé ekki nú, þá er þó millivegurinn í fátækralögunum, og þeim millivegi vildi eg óska að yrði haldið framvegis, þangað til bezta úrlausnin fæst, sú, að dvalarhreppar beri allar byrðar af þurfalingunum, en því takmarki yrði ákaflega erfitt að ná. En að fara nú að fara aftur frá þessum millivegi, yrði að eins til þess að koma þeirri reglu á, að dvalarsveitirnar gætu kastað burtu beinunum, en étið sjálft ketið.

Auðvitað getur það stundum verið afar-hart fyrir dvalarsveitirnar að bera kostnað af sjúkling, sem að eins hefir dvalið þar stund, en aftur á móti er það ekki nema sjálfsagt, að dvalarhreppurinn beri byrðarnar af þeim þurfalingum, sem hafa verið þar fjöldamörg ár. Þeir þurfalingar eiga því ekki nema sanngjarna kröfu til þess að dvalarsveitin ali önn fyrir þeim, þegar þeir eru hættir að geta unnið.

ATKV.GR.:

Brtill. 698, 1, sþ. með 16 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Jón Jónsson | Eggert Pálsson |
| Benedikt Sveinsson | Einar Jónsson |
| Björn Kristjánsson | Jón Magnússon |
| Hallór Steinsson | Matthías Ólafsson |

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Hannes Hafstein | Ólafur Briem |
| Jóh. Jóhannesson | Sig. Sigurðsson |
| Jón Ólafsson | Stefán Stefánsson |
| Kristinn Daníelss. | Þorleifur Jónsson |
| Kristján Jónsson | |
| Lárus H. Bjarnason | |
| Magnús Kristjánss. | |
| Pétur Jónsson | |
| Skúli Thoroddsen | |
| Tryggvi Bjarnason | |
| Valtýr Guðmundss. | |

Bjarni Jónsson greiddi eigi atkv. og taldist til meiri hlutans. Einn þingm. fjarstaddur.

Brtill. 698, 2, samþ. með 17 samhlj. atkv.

Fyrirsögn frumv. sþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umræðu með 13 gegn 5 atkvæðum.

---

FRUMVARP til laga um sölubann á tóbaki til barna og unglinga (275, n. 690); 2. umr.

**Matthías Ólafsson:** Eg óska þess, að þetta mál verði tekið út af dagskrá. Nefndin hefir, eins og kemur fram í enda nefndarálitsins, komið fram með tillögu til þingsályktunar, sem kemur bráðum til umræðu hér í deildinni.

Málið tekið út af dagskrá.

Fundi slitið.

---

## 53. fundur.

Laugardag 6. Sept. 1913, kl. 12 á hádegi.

Dagskrá:

1. Frv. til laga um sparisjóði (680, 684, 726, 730); 3. umr.
2. Frv. til laga um friðun fugla og eggja (696, 735); 3. umr.
3. Frv. til laga um viðauka og breyting á lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða frá 12. Jan. 1884 (659; n, 719, 720); ein umr.
4. Frv. til laga um bjargráðasjóð Íslands (704); 3. umr.
5. Frv. til laga um forðagæzlu (703); 3. umr.
6. Till. til þingsályktunar, um að landstjórnin hlutist til um, að fræðslumálastjórn landsins afli sér upplýsinga um tóbaksnautn ungmenna og barna um land alt (739); hvernig ræða skuli.

---

Allir á fundi.

Fundargerð síðasta fundar samþykt og staðfest.

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið:

I. Í deildinni:

1. Brtill. við frv. til laga um breyting á lögum nr. 18, 3 Okt. 1903, um kosningar til Alþingis. Frá nefndinni (742).
2. Nefndaráliti um sama frv. (741).
3. Till. til þingsályktunar um mælingar á túnum og matjurtagörðum. Flutn.m. Sig. Sigurðsson (744).
4. Till. til þingsál. um að landstjórnin hlutist til um að fræðslumálastjórn landsins afli sér upplýsinga um baksnautn ungmenna og barna um land alt. Frá nefndinni í málinu: Frv til laga um sölubann á tóbaki til barna og unglinga (739).
5. Frv. til laga um breyting á fátækralögum 10. Nóv. 1905. Eftir 2. umr. í Nd. (745).
6. Frv. til laga um breytingu á og viðauka við lög 22. Nóv. 1907, um bæjarstjórn í Hafnarfirði. Efir 2. umr. í Nd. (746).
7. Nefndaráliti um frv. til laga um eignarnámsheimild fyrir bæjarstjórn

Ísafjarðar á lóð og mannvirkjum undir hafnarbryggju (740).

8. Nefndaráliti um frv. til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum 10. Nóv. 1905 (738).
9. Brtill. við frv. til laga um forðagæzlu. Frá Þorleifi Jónssyni og Sig. Sigurðssyni (749).
10. Nefndaráliti um frv. til laga um járnbrautarlagningu og frv. til laga um verðhækkun út af járnbrautarlagningu. Frá minni hlutannm (734).

II. Frá efri deild:

1. Framhaldsnefndaráliti um frv. til laga um mannanöfn (737).
2. Brtill. við brtill. á þgskj. 687. Frá Guðjóni Guðlaugssyni (747).

Forseti skýrði frá, að lagt hefði verið fram á lestrarsal:

Símskeyti frá kjósendafundi á Bíldudal, þar sem skorað er á Alþingi að veita Eimskipafélagi Íslands sem ríflegastan styrk.

Forseti tilkynti, að ráðherra hefði framlengt þingtímann til Laugardags 13. þ. m. að þeim degi meðtöldum.

Þá var gengið til dagskrár og tekið fyrir:

FRUMVARP til laga um sparisjóði (680, 684, 726, 730); 3. umr.

**Framsm. meiri hl. (Magnús Kristjánsson):** Við frumv. þetta eru framkomnar 8 brtill. á þrem þingskjölum. Nefndin hefir tekið þær til athugunar og skal eg nú með sem fæstum orðum skýra frá áliti hennar á þeim.

Fyrsta brt. er á þgskj. 684. Nefndin getur ekki fallist á hana, vegna þess að hún lítur svo á sem hún muni verða til þess að minka tryggínguna fyrir útlánum úr sjóðunum, en eins og öllum er ljóst, er það aðaltilgangur frumv. að auka hana. Nefndin getur ekki annað séð, en að það sé fulllangt gengið, að heimilað sé að hafa helming veltufjárins í sjálfskuldarábyrgðar- og víxil-lánum, þegar athugaðar eru ástæðurnar eins og nú er, þar sem rúmlega $^4/_{10}$ af öllum lánum eru veitt gegn fasteignarveði. Það verður að gæta að því, að ekki er ætlast til að þessi ákvæði nái til þeirra lána, sem þegar eru til, heldur þeirra sem hér eftir verða veitt. Nefndin leggur því til, að þessi brtill. verði feld.

Þá eru brt. á þgskj. 726 frá 2. þm. G.-K. (Kr. D.). Meiri hluti nefndarinnar hafði ekki búist við þessum brtill. frá honum, af því að hann hafði fengið framgengt sínum brtill. við 2. umræðu.

1. brtill. á þessu þgskj. er við 9. gr. og fer fram á að síðari hluti hennar falli burtu. Það ákvæði var gert til þess að gera mönnum hægra fyrir að skifta við sjóðina, að féhirðir megi veita greiðslum móttöku án þess að annar starfsmaður sé viðstaddur, en að hins vegar kvittun hans sé ekki skuldbindandi fyrir sjóðinn, nema hún sé meðundirrituð a. bókara. Það sjá allir, að þetta fyrirkomulag hlýtur að vera miklu þægilegra, sérstaklega í sveitum, og þess vegna álítur meiri hluti nefndarinnar rétt, að fella þessa brtill.

2. brtill. á þessu þgskj. er ekki heldur þannig vaxin, að meiri hluti nfnd. geti aðhylst hana. Hún er um það, að fella burtu skyldu sjóðanna til þess að eiga þetta handbæra tryggingarfé, 5% af sparisjóðsinnstæðufénu. Eins og frumv. kom frá Ed., var ætlast til, að þetta yrðu 10% af innstæðufénu. Nú hefir það verið lækkað um helming, og er nefndin eindregið móti því, að lækka það ennþá meira.

Þá er loks 3. brtill. á þessu þgskj. við 22. gr., sem fer fram á það, að laun eftirlitsmannanna greiðist úr landssjóði, bæði ferðakostnaður og dagpeningar. Þetta vill nefndin ekki aðhyllast. Úr því að það var felt, að hafa eftirlits-

manninn einn, en hitt ráðið tekið, að hafa þá marga víðsvegar um landið, virðist henni ekki ástæða til þess að landssjóður kosti þá, heldur sparisjóðirnir.

Nefndin leggur því til að fella þessa brtill. eins og hina. Og um varatillögu háttv. sama þm., um að landssjóður greiði ferðakostnaðinn, en sparisjóðirnir dagpeningana, er alveg sama að segja. Nefndin leggur til að fella hana líka.

Þá eru brtill. á þskj. 730, frá minni hl. nefndarinnar, sem öll nefndin getur fyllilega fallist á að því er snertir 8. gr. Þetta eru ekki annað en orðabreyt., sem ekki þarf að skýra og eru sjálfsögð afleiðing af því sem þegar hefir verið samþ. Sama er að segja um brtill. á þessu þskj. við 12. gr.; hún er líka afleiðing af því sem áður hefir verið samþ. En 3. brtill. er dálítil efnisbreyting, og álítur nefndin að hún sé til bóta, þótt ekki sé hún beint nauðsynleg. Hún er um það, að jafnan skuli borga af sjálfskuldarábyrgðarlánum, sem verða eldri en eins árs, og að þau skuli ekki verða eldri en 10 ára. Nefndin er því meðmælt öllum brtill. á þgskj. 730.

Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta. Væntanlega hafa háttv. þm. kynt sér þessi þingskjöl, og nefndin gerir sér góðar vonir um að tillögum hennar verði vel tekið.

**Stefán Stefánsson:** Eg á brtill. á þgskj. 684. Háttv. framsögum. meiri hl hefir nú skýrt frá því, að nefndin geti ekki fallist á hana, af því að hún minki tryggingu þeirra manna, sem fé eiga inni í sjóðunum. Það kann að vera að svo fari í sumum tilfellum, en ekki hygg eg að sú verði raunin á, þar sem eg þekki til. Þar er mér kunnugt um, að sjálfskuldarábyrgðarlán eru ekki talin neitt ótryggari en jarðarveð, og mér er ekki kunnugt um, að sá sparisjóður, sem eg þekki nánast, hafi tapað á þeim einum eyri. Þegar litið er til sparisjóðanna í Norðurlandi, þá kemur það í ljós, að þeir fá miklu meira fé í vöxtum af sjálfskuldarábyrgar- og víxillánum en af fasteignalánum, og þá hygg eg, að varhugavert sé að breyta svo mjög til um þetta, án þess að sýnt sé fram á, að önnur lán séu hættumeiri, en fasteignaveðslánin. Og eins og nú er ástatt á Norðurlandi, veit eg að mundi verða að heimta inn afarmikið fé til þess, að ekki væri nema helmingur sparisjóðslánanna í sjálfskuldarábyrgðar- og víxil-lánum.

Mér skilst svo, að í lögum þessum sé að eins um heimild að ræða fyrir stjórnina, til þess að veita núverandi sparisjóðum undanþágu, en alls ekki neina skyldu. Og eg hygg, að það mundi víða verða óþægilegt, að ganga eftir þessum útistandandi upphæðum til þess að fá þennan rétta samanburð. Því að gæta verða menn þess, eftir þeim skilningi sem eg hefi sagst hafa á lögunum, að þótt sjóðirnir séu stofnaðir löngu áður en þau urðu til, getur stjórnin þó neitað þeim um undanþágu frá þeim. Og þetta á ekki eingöngu við Norðurland, því að mér er kunnugt um það, að hér á Suðurlandi eru stórir sjóðir, sem eiga ekki eina einustu krónu í fasteignaveðslánum, en eiga fleiri tugi þúsunda í sjálfsskuldarábyrgðarlánum. Og þau lán hafa einmitt aukist mjög mikið á síðustu árum. Enda er það auðvitað, að þeir sem eiga fasteignir, þurfa síður á sparisjóðslánum að halda en aðrir, heldur ganga þeir einmitt í ábyrgð fyrir þá sem þess þurfa. Og nöfn þeirra ættu að verða jafngóð og jarðirnar, sem þeir eiga, svo að sjóðirnir missi ekki neitt við það að lána gegn ábyrgð þeirra. Ef þessum lögum yrði beitt freklega,

þá álít eg þau óheppileg og hygg, að þau mundu draga úr viðgangi sjóðanna, í stað þess að efla hann.

Enn fremur er annað ákvæði í þessum lögum, sem eg hygg, að muni gera það að verkum, að beztu mennirnir verði fráhverfir því, að taka að sér forstöðu sparisjóðanna. Hve margir eiga að taka á sig tryggginguna? Og hve mikil á tryggingin að vera? Á hún að vera fyrir öllu því fé, sem árlega fer í gegnum höndur sparisjóðsstjórnanna, eða því sem mest er í hennar vörzlum í eitt skifti? Eg er að minsta kosti viss um það, að þeir menn í minni sveit, sem helzt er til þess trúandi að stjórna slíkum sjóðum, muni hika við það, ef þetta verður að lögum, og svo hygg eg að verði víðar. Ef þessi brt. mín verður feld, þá mun eg ekki geta fylgt þessu frumv. lengur, því þá hygg eg að það verði til þess, að draga heldur úr sparisjóðunum en hitt. Og það er þó eitt fyrsta framfararsporið hjá okkur, að halda uppi þessum sparisjóðum, því að víst er um það, að þeir peningar, sem í þá eru lagðir, mundu sjaldnast sjást til neins gangs, heldur verða að eyðslueyri, ef þessir sjóðir væru ekki til. Einkum er mikils um það vert, að börnin læri að leggja aura sína í sparisjóð. Enda er nú svo komið, að þeir eru víða orðnir þeim kærir, og þess vegna væri ilt, ef lagðar væru hömlur á þá, þar sem ekki er hægt að sýna, að þeir hafi tapað miklu með því fyrirkomulagi, sem nú er. Og hvers vegna á þá að vera að gera stór-breytingar á fyrirkomulagi þeirra að óþörfu?

**Kristinn Daníelsson:** Eg verð að segja nokkur orð, þar sem eg hefi komið fram með fáeinar breytingartill. á þgskj. 726.

Háttv. framsögum. meiri hlutans (M. K.) sagði, að ekki hefði verið hægt að búast við að fram kæmu brtill. frá mér, sérstaklega þar sem till. okkar háttv. 1. þingm. Skagf. (Ól. Br.) hefðu fengið framgang við 2. umr. þessa máls. Eg hygg, að háttv. framsögum. muni úr nefndinni, að eg talaði þar æ í þá átt sem þessar brtill. mínar fara, þó að það fengi ekki áheyrn hjá hv. meiri hluta. Eg hefi frá upphafi verið efins um, að eg gæti fylgt málinu til enda, ef eg fengi ekki breytingar á því.

Eg skal svo víkja að breytingartill. mínum og efni þeirra. Það hefir aðallega vakað fyrir mér, að núverandi starfsaðferð sparisjóðanna mætti ekki raska um of, og sízt gerbreyta henni svo sem farið er fram á í þessu frumvarpi. Slík breyting mundi verða óvinsæl hjá öllum almenningi og það þarf langan tíma til að koma henni í kring, ef vel á að fara. Sparisjóðsstjórnunum má ekki, svona alt í einu, gera alveg ómögulegt að vinna í þeim anda, sem þær hafa unnið hingað til. Menn verða að gæta að því, að þó að sparisjóðirnir séu orðnir allmargir hér á landi, þá eru þeir smáir enn þá, og þess vegna má ekki sníða þeim reglur eftir þeim sparisjóðum, sem þetta frumv. virðist hafa fyrir augum. Eg álít, að þegar gera á breytingar á þeim, þá verði að ganga út frá því sem er, en ekki að koma með alveg nýja sköpun á öllu fyrirkomulagi þeirra.

Fyrsta brtill. mín er við 9. gr. um, að síðari hluti hennar falli burt, svo að eftir standi að eins, að það skuli vera aðalreglan, að tveir starfsmenn sparisjóðsins séu viðstaddir, þegar einhver upphæð er greidd úr sjóðnum eða í hann, en að það þurfi ekki endilega að vera. Eg held, að það sé rétt að láta sér nægja þessa aðalreglu, því að í henni felst þó nokkur trygging fyrir því, að það verði smámsaman jafnvel eina reglan. Það er algengt nú sem stendur, að féhirðir tekur einn á móti innborgunum í sparisjóðsbækur og greiðir vexti og afborganir af lánum, og kvittanir hans

eins fyrir því eru teknar gildar. Þetta er mjög þægilegt og jafnvel ómissandi eins og nú hagar til hjá okkur, einkum þegar aðkomumenn eiga í hlut, sem getur bráðlegið á því að fá sig fljótt afgreidda. Í þessu sambandi er á tvent að líta, tryggingu sparisjóðsins og tryggingu hvers einstaks manns, sem leggur fé sitt í sjóðinn. Trygging sparisjóðsins má ætla að aukist með því að þetta sé aðalreglan, að tveir menn séu viðstaddir allar innborganir og útborganir. Hins vegar ætti hverjum einstaklingi að vera óhætt að fá féhirði einum í hendur fé sitt.

Mér finst að almenningi ætti að vera óhætt að treysta svo mikið opinberum starfsmönnum. Og ef eitthvað bæri út af, ætti einstaklingurinn ekki að gjalda þess, heldur stofnunin, sem hefir manninn fyrir trúnaðarmann. Eg hygg líka, að hver banki hafi jafnan talið það skyldu sína, að láta viðskiftamennina ekki gjalda þess, að einhver starfsmaður hefir reynst óáreiðanlegur. Mér finst að stjórn stofnunarinnar, en ekki einstaklingurinn, sem getur verið fáfróður almúgamaður, eigi aðgang að féhirðinum, ef eitthvað ber út af, og að það sé á hennar ábyrgð að hann standi trúlega í stöðu sinni. Féhirðirinn á líka samkvæmt 10. gr. frumv. að setja tryggingu fyrir fé, því sem honum er trúað fyrir. Sparisjóðurinn á því hægt með að krefja hann til reikningsskapar ef út af bæri. Ef orðin í 9. gr., að féhirðir megi taka á móti greiðslum í sjóðinn án þess að annar starfsmaður sé viðstaddur, eiga við það, að hann megi gera það sem »privat«-maður — öðruvís verður það ekki skilið, þar sem kvittun hans eins fyrir upphæðinni er ekki skuldbindandi fyrir sjóðinn — þá þarf eg engin lög til þess, að mega biðja féhirði eða bókara að geyma fyrir mig peninga og leggja þá síðan inn í sparisjóðinn fyrir mína hönd, þegar svo stendur á, að hægt er að gera það formlega. En það getur staðið svo á, að eg komi að eins einu sinni á sumri þangað sem sparisjóðurinn er, og þá vil eg fara með sparisjóðsbókina mína heim með mér og hafa alt klappað og klárt. Það er alls ekki víst, að eg hafi tíma til að bíða eftir því, að hægt sé að fylgja þessum reglum. Þó að þetta fyrirkomulag sé haft á stórum sparistjóðum annarstaðar, þá eru okkar sparisjóðir svo smáir, að það þarf ekki að eiga við um þá. Það er ekki vel til fallið, að gera starfsmönnum þeirra óþarflega erfitt fyrir, þegar sparisjóðirnir okkar allflestir lifa á bónbjörgum um mannhjálp, ef svo má segja. Þeir eru of smáir til þess að vel fari, að klæða þá í jafn-stóran stakk. Eg legg því til, að þessi breytingartillaga mín verði samþykt.

Næsti töluliðurinn í breyt.till. mínum á þgskj. 726 er við 17. gr., að hún falli burtu. Þetta miðar að því, að láta ekki of mikið af fé sparisjóðanna vera bundið og tekið út úr veltu. Því var haldið hér við 2. umræðu, að sparisjóðirnir væru að eins til þess að geyma fé manna á tryggilegan og áreiðanlegan hátt. Eg játa nú sem þá, að þetta er fyrsti tilgangur sparisjóðanna. En því held eg fast fram, að eins og á stendur, þurfa þeir líka að vera lánsstofnanir, ef þeir eiga að geta nokkurn veginn fullnægt þörfum almennings. Það verður ekki hjá því komist enn sem komið er, þó að hitt sé vitanlega aðalhlutverk þeirra Það er svipað um þá eins og mennina. Þeir hafa oftast nær eitthvert aðalhlutverk, en verða þó jafnframt að gegna ýmsum aukastörfum. Eg nefni t. d. okkur prestana. Prestskapurinn er okkar aðalhlutverk, en við erum margir jafnframt oddvitar, sparisjóðsformenn og

til skamms tíma höfum við orðið að vera bólusetjarar. Nú eru prestarnir lausir við þetta síðasta starf, og eins hygg eg að það muni ganga með sparisjóðina, að þeir muni seinna meir geta hætt að sinna lánsstörfum, sem þeir mega nú til með að gera, t. d. ef þeir kæmust í fast bandalag við einhvern banka. Nú sem stendur þarfnast alþýðan og vill að sparisjóðirnir fullnægi báðum þessum þörfum. Þeir Suðurnesjungar, sem hafa peninga afgangs, eru fúsir til að lána þá öðrum Suðurnesjungum, sem þurfa þeirra við. Þeim er það alt eins ljúft, eins og að þeir séu settir í bankaobligationir eða bundnir á annan hátt. Eg álít þess vegna mjög varhugavrrt að binda varasjóð sparisjóðanna þannig, eins og gert er ráð fyrir í 17. gr. frumv. Það getur meira að segja farið svo, eftir orðum greinarinnar, að allur varasjóðurinn verði bundinn. Þessarar tryggingar þarf líka miklu síður við, þar sem annarstaðar í frumv. eru ákvæði um aðrar tryggingar, t. d. í 13. gr. Mér er þetta ekkert kappsmál sem »princip«-atriði. En það verður að fara eftir því sem hagar til um þá sparisjóði, sem nú eru í landinu. Ýmislegt af þessu, sem eg legg til, hefi eg gert í samráði við glöggan og reyndan sparisjóðsstjórnanda, sem eg hefi unnið með.

Þá kem eg að síðustu breytingartill. minni, sem er nokkuð annars eðlis en hinar. Hún miðar að eins að því, að firra sparisjóðina tilfinnanlegum skatti, sem mér finst vera. Þegar litið er til þess, hvað sparisjóðirnir eru yfir leitt fátækir, þá munar þá ekki svo lítið um að bera einir alla byrðina, sem af sparisjóðseftirlitinu leiðir. Eg hefi borið fram aðra tillögu til vara, ef mönnum þætti aðgengilegra að losa þá ekki að öllu leyti við þennan skatt. Eftir henni eiga sparisjóðirnir aðra grein kostnaðarins, en landssjóður hina.

Breytingartill. minni hlutans þarf eg ekki að tala um. Eg skal að eins lýsa yfir því, að eg er þeim fylgjandi.

Breytingartill. háttv. 1. þm. Eyf. (St. St.) er eg samþykkur. Hún miðar að því sama sem viðleitni mín, og mundi eg hafa tekið hana með mínum tillögum, ef hann hefði ekki orðið á undan mér. En sennilega mundi eg hafa farið enn lengra en hann og tiltekið $^3/_4$ í stað $^2/_3$. En eftir atvikum sætti eg mig við þó að ekki sé lengra farið.

Að svo mæltu legg eg tillögur mínar á vald háttv. deildar. Eg sel þær ekki dýrari en eg keypti þær. Þetta er skoðun mín á þessu máli, bygð á þeirri reynslu, sem eg hefi fengið við sparisjóðsstarf um allmargra ára skeið.

**Framsögum. (Magnús Kristson):** Eg get lofað því, að tefja ekki tímann fyrir mönnum. Enda hefir ekki neitt það komið fram, sem gefi mér tilefni til að tala langt mál. Eg get ekki séð, að ástæður þær, er eg flutti fram fyrir nefndarinnar hönd, hafi að nokkru leyti verið hraktar. Háttv. 1. þm. Eyf. (St. St.), sem talaði talsvert langt mál með sinni tillögu, hefir að því er mér virðist, ekki skilið eða ekki viljað skilja það sem eg sagði. Eg reyndi þó að tala greinilega, og eg hygg, að orð mín hafi verið svo ljós, að þau hafi ekki gefið tilefni til nein smisskilnings. Eg tók það skýrt fram, að ekki væri ætlast til, að ákvæðið um upphæð sjálfskuldarábyrgðarlána og víxillána næði til þeirra sparisjóða, sem stofnaðir væru, þegar lög þessi gengju í gildi. Ummæli hans voru því þýðingarlaus, þar sem hann var að sýna fram á, hve miklum örðugleikum væri bundið að breyta til um þau útlán, sem þegar væri búið að veita. Það er ekkert það ákvæði í frumvarpinu, sem gerir stjórn-

um sparisjóðanna að skyldu, að taka neina nýja aðferð upp hvað þau snertir. En ef svo færi, að sparisjóðastjórnirnar tækju upp hjá sjálfum sér að haga sér eftir þessu ákvæði frumvarpsins, þá sýndi það ekki annað en það, að þær væru fullkomlega samþykkar stefnu frumv., sem ætlast er til að gildi um in nýju lán. En eg hygg, að engin hætta sé hér á ferðum, því að stjórnum sparisjóðanna er það alveg í sjálfsvald sett, hvernig þær haga sér í þessu efni.

Háttv. sami þm. (St. St.) gerði ráð fyrir því, að ef féhirðum sparisjóðanna væri gert að skyldu að setja tryggingu fyrir fé, því er þeim væri trúað fyrir, þá mundi enginn verða fáanlegur til að takast þann starfa á hendur. En það er aðgætandi, að í frumvarpinu er ekkert bindandi ákvæði um þetta. Það er á ábyrgð stjórna stofnananna, hver tryggingarupphæð verður ákveðin í hverju einstöku tilfelli, því landsstjórnin ákveður hana eftir tillögum þeirra. Að öðru leyti skal eg ekki dvelja við þetta atriði.

Viðvíkjandi ræðu háttv. 2. þm. G.-K. (Kr. D.) hefi eg lítið að segja annað en það, sem eg hefi tekið fram áður, að að eg hefði álitið heppilegra ef hann hefði komið fram með þessar athugasemdir sínar í nefndinni, því að þá hefðum við getað sparað okkur að yrðast hér út af þeim. *(Kristinn Daníelsson:* Eg gerði það). Hér er auðvitað ekki að ræða um vitnaleiðslu, en eg hygg þó að aðrir nefndarmenn muni það með mér, að háttv. 2. þm. Gullbringusýslu hreyfði engum verulegum mótmælum í nefndinni á móti þeim till., er meiri hlutinn bar fram við 2. umræðu, fyr en um leið og nefndarálitið var undirskrifað. Það hefði mátt vænta þess að jafn skarpur maður sem þessi háttv. þm. er, hefði fullkomlega verið búinn að átta sig á málinu við 2. umræðu, og því gat meiri hlutinn ekki búist við, að hann kæmi nú fram með nýjar breyt.till., sem miða til þess að raska þeim grundvelli, er nefndin bygði á. En það verður skiljanlegt, hvernig í þessu liggur, af því sem hann sagði nú í ræðu sinni. Hann tók það fram að hann hefði borið fram þessar tillögur sínar eftir viðtali við sérlega fróðan mann í þessum efnum. Það sannar, að þetta var ekki komið í huga hans þegar nefndin sat að störfum sínum. Að því leyti er það afsakanlegt, að hann skyldi ekki koma fram með þessar athugasemdir sínar þar. Samt sem áður vil eg ekki viðurkenna að ráðunautur háttv. þm. (Kr. D.) hafi það meirra vit á þessu máli en allir þeir er í nefndinni sátu, að sjálfsagt sé að byggja verulega á tillögum hans eða láta þær hafa áhrif á atkvæðagreiðsluna. Allir nefndarmennirnir hafa fengið meiri eða minni reynslu í þessum efnum þar sem þeir hafa um talsvert margra ára bil, verið riðnir við stjórn sparisjóða víðsvegar um landið. Eg hygg því að fult eins mikið tillit sé takandi til skoðana þeirra og skoðana háttv. 2. þm. G.-K. (Kr. D.) nú, jafnvel eftir að hann hefir fengið þessar nýju upplýsingar.

Eg skal svo ekki fjölyrða frekar um málið. Mér er þetta ekkert sérlegt kappsmál, en eg tel það samt sem áður skyldu mína, úr því að eg er við málið riðinn, að leggja á móti þessum brt., sem komið hafa fram á síðustu stundu, og eg ásamt meiri hluta nefndarinnar álít heldur spilla málinu.

**Kristinn Daníelsson:** Eg vildi að eins gera stutta athugasemd, sem ekki snertir efni málsins. Eg verð að bera af mér þær aðdróttanir, sem háttv. framsögum. meiri hlutans (M. Kr.) vill halda að mér, að eg hafi jafnvel sýnt ódrengskap gagnvart nefndinni. *(Magnús Kristjánsson:* Það sagði eg alls ekki). Háttv. framsögum. (M. Kr.) segir, að eg

hafi aldrei hreyft þessum athugasemdum minum í nefndinni. Eg lét það hvað eftir annað í ljós í nefndinni, að eg teldi það varhugavert að binda þannig hendur sparisjóðsstjórnanna og festa þannig fé sjóðanna eins og ákveðið er í frumvarpinu. Hitt er annað mál, að eg hreyfði ekki mótmælum á móti br.till. meiri hlutans. Eg fann enga ástæðu til þess, því að eg var þeim samþykkur. En það sannar ekki, að eg hafi ekki viljað fleiri og frekari breytingar.

Eins og allir vita, er það venja í nefndunum, að fara fyrst fljótlega yfir frumvörpin, er þær hafa til meðferðar, til þess að glöggva sig á þeim, og síðan er farið vandlega yfir þau. En vegna naumleika tímans var síðari, vandlega, yfirferðin aldrei viðhöfð af nefndinni í þessu máli. Eg man eftir því, að eg gat þess einu sinni, að nú væri rétt að fara yfir frumvarpið alt, til þess að vita hvort það gæfi ekki tilefni til nýrra athugasemda. En ofan á varð, að það var aldrei gert. Svo þegar háttv. minni hluti nefndarinnar kom fram með álit sitt, þá hallaðist eg að tveimur tillögum hans eftir nokkra umhugsun, með því að eg áleit þær miða til nokkurra bóta, þó að þær fullnægðu mér ekki algerlega.

Eg get fúslega kannast við, að málið hefir orðið ljósara fyrir mér af viðtali við aðra menn. En eg þurfti engar upplýsingar til þess að sjá, að ýmislegt í þessu frv. mundi koma í bága við núverandi starfsfyrirkomulag sparisjóðanna, ef það næði samþykkt. En það vil eg algerlega bera af mér, að eg hafi komið öðruvísi en heiðarlega fram við nefndina. Eg skrifaði líka undir nefndarálit meiri hlutans með fyrirvara, og það nægði til að sýna, að eg var honum ekki að öllu leyti samþykkur.

**Stefán Stefánsson:** Það eru að eins nokkur orð sem eg vildi segja viðvíkjandi því sem háttv. frams.m. meiri hlutans (M. Kr.) talaði til mín. Hann sagði, að ákvæðið um upphæð sjálfskuldarábyrgðarlána og víxillána snerti ekki þá sparisjóði, sem þegar væru stofnaðir. Eg skil ekki, hvernig hann fer að álíta að svo sé. Eg fyrir mitt leyti verð að álíta, að það sé fult eins mikil ástæða til að fara eftir því sem sagt er með skýrum orðum í frv., og því, sem hv. framsögum. segir.

Í 1. gr. frumvarpsins stendur: »Sparisjóði má ekki nefna aðrar stofnanir eður sjóði en þá sem fullnægja ákvæðum þessara laga«. Stjórninni er vitanlega heimilt, að veita þeim sparisjóðum, sem þegar eru stofnaðir, undanþágu frá þessum lögum. En það er einungis *heimild*, henni ber engin sjálfsögð skylda til þess.

Annað sagði eg ekki, og held eg að það muni sannast í reyndinni, að eg hafi hér rétt fyrir mér, þótt svo kunni að fara að annað verði ofan á hér í deildinni í þetta sinn.

**Framsögum. minni hlutans (Ólafur Briem):** Eg ætla að eins að segja nokkur orð viðvíkjandi breyt.till. minni hlutans á þgskj. 730.

1. og 2. breyt.till. eru að eins orðabreytingar, sem eru bein afleiðing af atkvæðagreiðslunni við 2. umr. 4. tillagan er líka að eins orðabreyting. Eina verulega efnisbreytingin er við 13. gr. Þar er svo fyrir mælt í frumvarpinu, að eigi megi veita sjálfskuldarábyrgðarlán úr sjóðnum til einstakra manna, nema í lengsta lagi til eins árs.

Um þetta atriði varð lítils háttar ágreiningur í nefndinni. En þó að þessi lán yrðu aldrei veitt nema til eins árs, mundu þau þó verða framlengd, og vildi minni hlutinn binda framlenginguna við það tvent, að menn að minsta kosti yrðu

skyldaðir til að greiða afborgun á hverjum gjalddaga, og að lánin mættu aldrei verða eldri en 10 ára.

Það hafa orðið miklar deilur um það, hve miklu megi verja af sjóðnum til víxillána og sjálfskuldarábyrgðarlána. Skal eg eigi blanda mér í þær deilur, en vil að eins taka fram, að eg hallast heldur að tillögunni á þgskj. 684, að þessi lán séu ekki bundin við helming innstæðufjárins, heldur $^2/_3$ hluta. Eg held að sjálfskuldarábyrgðarlán, ef þau eru veitt með nærfærni og vel um hnútana búið, séu yfirleitt engu ótryggari en 2. og 3. veðréttur í fasteignum, sérstaklega þegar um sumar húseignir er að ræða.

Vitaskuld er rètt að sparisjóðsstjórnin hafi alla varúð við að lána út fé gegn sjálfskuldarábyrgð, og gæti að því, að tryggja fé sparisjóðanna sem bezt. Stjórnir sparisjóða standa líka í flestum tilfellum langtum betur að vígi í því efni en bankarnir, sem oft eiga mjög erfitt með kynna sér nákvæmlega hag manna í fjarlægum sveitum víðsvegar um landið. Með þetta fyrir augum óttast eg ekki svo mikið þó að hámark þess fjár, sem má hafa til víxillána og sjálfsábyrgðarlána, verði fært upp úr helmingi innstæðufjárins upp í $^2/_3$ hluta.

Þetta atriði kom til rækilegrar athugunar í nefndinni og var tekið fram, að ákvæðið í frumvarpinu gerði töluverða röskun á því ástandi sem nú er. En það sem gerði, að nefndin ekki vildi breyta þessu, var meðal annars það, að stjórninni er veitt heimild til að veita undanþágu. Má búast við að stjórnin fari vægilega í sakirnar og fylgi eigi stranglega fram þeim ákvæðum, sem koma í bág við ástandið, sem nú er, að því leyti sem þau eru ekki beint nauðsynleg til tryggingar almenningsfé, sem sjóðnum er trúað fyrir.

**Pétur Jónsson:** Eg hefi litlu við það að bæta, sem háttv. framsögumaður minni hlutans sagði. En eg vil samt eigi draga dul á, að mér virðast breyt.-till. þeirra háttv. 2 þingm. G.-K. og háttv. 1. þm. Eyf. eigi vera til bóta, heldur langtum fremur til skaða tilgangi þessa frumv.

Breyt till. á þgskj. 726 við 9. gr. er um að fella niður seinni hluta 2. málsgreinar, sem hljóðar svo:

»Þó má féhirðir veita móttöku greiðslum í sjóðinn, án þess að annar starfsmaður sé viðstaddur, en skuldbindandi er kvittun hans því að eins fyrir sjóðinn, að hún sé meðundirrituð af bókara Sömuleiðis getur féhirðir greitt fé úr sjóðnum gegn ávísun formanns, þótt aðrir starfsmenn séu eigi viðstaddir, sbr. 6. gr í 1. málsgr.«.

Það er eitt, sem veltur á þessu ákvæði, og það er, að hér er nákvæmlega ákveðið, hvenær inngreiðslur séu orðnar skuldbindandi fyrir sjóðinn. Hér er skorið úr um það, að ef gjaldkeri og bókari gefa kvittun fyrir greiðslu í sjóðinn, er það orðið skuldbindandi fyrir hann, þó að eigi standi í bókunum. En ef ekki hefir nema annarhvor þeirra kvittað, er það ekki skuldbindandi. Þetta finst mér nauðsynlegt að sé ákveðið greinilega.

Að skella ferðakostnaði gæzlumanna á landssjóð finst mér vera óviðeigandi, úr því að búið er að rýra eftirlitið með sjóðunum í sparnaðarskyni við landssjóð. Það mun einmitt hafa vakað fyrir, þegar umsjónin var gerð kostnaðarminni, að sparisjóðirnir sjálfir ættu að standa straum af henni. Það er alt annað mál, þótt landssjóður hefði borgað umsjón eins manns, eins og til var ætlast í frumvarpinu eins og það kom frá efri deild. Þó var eg þeirrar skoðunar, að sparisjóðirnir ættu einnig undir þeim kringumstæðum að leggja eitt-

hvað af mörkum í staðinn samkvæmt stjórnarfrumv.

Þá ætla eg að minnast á breytingartillögu háttv. 1. þingm. Eyf., um að rýmka svo til um útlán úr sjóðunum gegn víxlum og sjálfskuldarábyrgð, að þetta megi nema alt að $^2/_3$ hlutum.

Eg er að vísu alls eigi ánægður með greinina eins og hún er í frumvarpinu. Úr því farið var að setja fastar skorður um tryggingar, hefði eg heldur kosið að tiltekið væri nákvæmlega, hve mikið af innstæðufé sjóðanna skuli vera trygt með *öruggum* veðum. Gæti eg því fallist á þessa breytingartillögu, ef í henni væri jafnframt ákveðið, að t. d. $^1/_3$ hluti innstæðufjárins skuli vera í tryggum veðum. Á eg þar ekki eingöngu við 1. veðrétt í fasteign, heldur einnig 2. veðrétt, ef hann er verulega góður eða hátt upp í venjul. fyrsta veðrétt, eins og oft getur orðið. En 2. og 3. veðréttur fara að verða lítils virði, þegar út á þá er tekið alt að fullu verði. Eins og tillagan liggur fyrir, er því ekkert bætt úr þessu með henni.

Eg hefi borið þetta atriði undir bankafróðan mann, og sagði hann, að sér litist ekki á þetta ákvæði. Kvað hann til jafnaðaðar meiri tryggingu vera í fasteignarveðum, þótt léleg væru, en í sjálfskuldarábyrgð, því þar sem of mikið væri lánað út á fasteignir, þar væri líka lítið að byggja á ábyrgð manna.

Get eg því ekki verið með breytingartillögunni eins og hún liggur fyrir. Enda þótt sparisjóðir hafi það hlutverk, að hlanpa undir bagga með lánveitingar, þá er þó aðalhlutverk þeirra að vernda tryggilega fé, það sem inn í þá er lagt.

ATKV.GR.:

Brtill. 730, 1, orðabreyting, samþ. án atkv.gr.

Brtill. 726, 1, feld með 11 : 10 atkv.

Brtill. 730, 2, sþ. með 17 shlj. atkv.

Brtill. 684 sþ. með 15 : 6 atkv.

Brtill. 730, 3, sþ. með 15 shlj. atkv.

Brtill. 726, 2, feld með 10 : 10 atkv.

Brtill. 726, 3, sþ. með 10 : 9 atkv.

Varatill. fellur burtu.

Brtill. 730, 4, feld án atkv.gr.

Frumvarpið svo breytt felt með 13 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Jón Jónsson | Benedikt Sveinsson |
| Jóh. Jóhannesson | Bjarni Jónsson |
| Jón Magnússon | Björn Kristjánsson |
| Kristján Jónsson | Einar Jónsson |
| Magnús Kristjánss. | Guðm. Eggerz |
| Matthías Ólafsson | Halldór Steinsson |
| Ólafur Briem | Kristinn Daníelsson |
| Pétur Jónsson. | Lárus H. Bjarnason |
| Tryggvi Bjarnason | Sig. Sigurðsson |
| Valtýr Guðmundss. | Skúli Thoroddsen |
| | Stefán Stefánsson |
| | Þorleifur Jónsson. |

Eggert Pálsson greiddi eigi atkv. og taldist til meiri hlutans. Tveir þingmenn voru ekki viðstaddir.

---

FRUMVARP til laga um friðun fugla og eggja (696, 735); 3. umr.

**Matthías Ólafsson:** Eg ætla að eins að segja örfá orð viðvíkjandi brtill. á þskj. 735, ekki af því að eg sé þar á sama máli, heldur þvert á móti. Það munar ekki svo miklu, hvort takmarkið er heldur 7 ár eða 5 ár, en eg hygg, að breytingin verði til þess, að menn ruglist fremur í tölunni, því að það er óneitanlega handhægara að hún standi á tug. Er eg hræddur um að fyrir þessa breytingu muni það fremur gleymast mönnum, hvenær það er, sem drepa má rjúpuna. Held eg að breytingin mundi því fremur stuðla til þess að auka lögbrotin en hitt.

Vildi eg óska að háttv. flutningsmenn vildu taka aftur þessa breytingartillögu.

**Pétur Jónsson:** Eg ætla að eins að lýsa yfir því, að eg sé ekki ástæðu til að taka þessa breytingartillögu aftur. Þykist eg hafa töluverðan rétt til að tala um þetta mál, þar eð það kemur meira við því kjördæmi, er eg mæti fyrir, en flestum öðrum héruðum á landinu.

Annars skal eg taka það fram, að eg geri þetta ekki að neinu kappsmáli.

ATKV.GR.:

Brtill. á þgskj. 735 samþ. með 13:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Jón Jónsson |
| Björn Kristjánsson | Benedikt Sveinsson |
| Guðm. Eggerz | Jóh. Jóhannesson |
| Halldór Steinsson | Lárus H. Bjarnason |
| Kristinn Daníelsson | Matthías Ólafsson |
| Kristján Jónsson | Sig. Sigurðsson |
| Magnús Kristjánss. | Skúli Thoroddsen |
| Ólafur Briem | Stefán Stefánsson |
| Pétur Jónsson | Þorleifur Jónsson. |
| Tryggvi Bjarnason | |
| Valtýr Guðmundss. | |

Einar Jónsson og Jón Ólafsson greiddu ekki atkvæði og töldust til meiri hlutans. Þrír þingmenn fjarstaddir.

Frumvarpið var endursent efri deild með 22 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | |
| Jón Jónsson | |
| Benedikt Sveinsson | |
| Björn Kristjánsson | |
| Einar Jónsson | |
| Guðmundur Eggerz | |
| Jóh. Jóhannesson | |
| Jón Ólafsson | |
| Kristinn Daníelsson | |
| Kristján Jónsson | |
| Lárus H. Bjarnason | |
| Magnús Kristjánss. | |
| Matthías Ólafsson | |
| Ólafur Briem | |
| Pétur Jónsson | |
| Sig. Sigurðsson | |
| Skúli Thoroddsen | |
| Stefán Stefánsson | |
| Þorleifur Jónsson. | |

Halldór Steinsson, Tryggvi Bjarnason og Valtýr Guðmundsson greiddu ekki atkvæði og töldust til meiri hlutans. Þrír þingmenn fjarstaddir.

---

FRUMVARP til laga um viðauka og breyting á lögum um bygging, ábúð og útekt jarða frá 12. Janúar 1884 (659, n. 719, 720); e i n u m r.

**Framsögum. (Ólafur Briem):** Eins og nefndarálitið ber með sér, hafa töluverðar breytingar verið gerðar á frumvarpinu í efri deild. Nefndinni hér í deildinni virtist þær breytingar fremur skemma frumvarpið en laga það og hefir því lagt til, að færa frumv. að miklu leyti í sama horf, sem það var í, þegar það fór héðan úr deildinni.

Efri deild hafði felt úr 1. gr. frumv. um endurgjald fyrir unnar jarðabætur, og var sú grein að mestu leyti samhljóða 20. gr. ábúðarlaganna, með þeim breytingum, að hámark endurgjalds fyrir jarðabætur, er leiguliði vinnur á ábúðarjörð sinni umfram það sem áskilið er í byggingarbréfi, var hækkað um $^1/_5$ úr tólffaldri í fimtánfalda afgjaldshækkun eftir mati úttektarmanna. Þessi grein leggur nefndin til að verði aftur tekin upp í frumvarpið.

Efri deild hefir gert þá breytingu á 2. gr. í frumv. neðri deildar, að hún hefir hækkað gjaldið fyrir unnar jarðabætur um $^1/_8$, úr 1 kr. upp í kr. 1,50

fyrir hvert dagsverk. Nefndin gengur að þessari breytingu, en vill þá binda endurgjaldið við þær einar jarðabætur, er lúta að túnrækt og líklegastar eru til að koma að beztum notum til frambúðar.

Þá er 3. breytingin viðvíkjandi innlausn kúgilda á leigujörðum. Samkv. frumvarpinu, eins og það var, þegar það fór héðan úr deildinni, var leiguliðum í 3. og 4. grein veittur réttur til þess að losa sig við innstæðukúgildi með vissum takmörkunum. Efri deild hefir nú fært þetta saman í eina grein, og vill ekki leyfa leiguliðunum að losa sig við kúgildin, nema þegar ábúandaskifti verða á jörðinni. Þetta ákvæði telur nefndin þýðingarlaust með öllu, en verður hins vegar að halda því fram, að ákvæði, þau er neðri deild samþykti, sé góð réttarbót fyrir leiguliða, en gangi þó ekki of nærri rétti jarðareiganda, og leggur því til að færa þetta aftur í samt lag.

Nefndin vonar, að háttv. deild samþykki breytingartillögur hennar, því að þær eru ekki annars efnis, en það sem deildin hefir áður samþykt.

**Bjarni Jónsson:** Eg lét það í ljós, þegar málið var hér til umræðu fyrir nökkru, að mér líkaði ekki alls kostar hvernig frumvarpið væri úr garði gert. Til dæmis lét eg það í ljósi, að mér virtist rétt, að eigendur jarðanna ættu sjálfir húsin á jörðum sínum; og ýmislegt fleira var það, sem eg hafði við frumvarpið að athuga. En þegar frumv. kemur nú frá efri deild, þá var það orðið enn þá verra. Ef frumv. á nú að ganga fram, þá verður að færa það aftur í samt lag; því eins og það er nú úr garði gert, þá er það algerlega óhafandi. Eg vil leggja það til, að ef breytingartillögur nefndarinnar ekki verða samþyktar, þá verði frumv. líka í heild sinni felt. Mér virðist það hlægilegt að gera svona litlar umbætur á jafnstórum lagabálk og búnaðarlöggjöfin er. Búnaðarlöggjöfin er reyndar í mörgum atriðum úrelt orðin og illa við hana unandi. Hún þarf því endurskoðunar við, og það sem fyrst. Eg mun því bera upp þingsályktunartillögu einhvern næsta daga um, annaðhvort að fela stjórninni að undirbúa málið til næsta þings, eða þá að skipa milliþinganefnd í það.

Síðan að málið fór til efri deildar, hefi eg lesið ritgerð eftir Pál heitinn Briem amtmann, í »Lögfræðingi«. Hann er á sömu skoðun sem eg um það, að jarðeigendur ættu að eiga húsin á sínum eigin jörðum. Eg hafði ekkert fyrir mig að bera, þegar málið var fyrst hér til meðferðar í deildinni annað en mitt eigið hyggjuvit og það sem mér fanst sanngjarnast og réttast. Páll segir í ritgerð sinni, að ákvæði þessa efnis hafi staðið í Grágás, og sama ákvæði hafi líka staðið í Jónsbók, alt þangað til konungarnir tóku að senda hingað upp menn, til að beita órétti, stela gulli, gripum kirknanna, fleka menn af landi burt, eins og t. d. Ögmund biskup Pálsson. Þessum útlendu ræningjum þótti of dýrt að við halda sjálfir húsunum á jörðum, þeim sem þeir höfðu náð í með alls konar vélum, og því var tilskipun um þetta efni gefin út 1622, og leiguliðunum gert að skyldu að útvega sér sjálfir húsaskjól. Þetta er ekki talað út í loftið. Í ritgerð Páls er alstaðar vitnað í umgetnar lagagreinar.

Þessa vildi eg láta getið, til þess að styðja rök, þau sem eg færði fyrir máli mínu, þegar þetta var fyrst til meðferðar hér í deildinni. Af þessu er eg nú hefi sagt, er auðsætt, að það er ekki ástæðulaust þó eg beri fram þessa þingsályktunartillögu, sem eg gat um, með hvaða hætti sem hún verður, hvort sem að lagt verður til að vísa málinu til

stjórnarinnar eða skipa í það millipinganefnd.

ATKV.GR.:

Breytingartill. á þgskj. 720, 1, samþ. með 16 shlj. atkv.

Breytingartill. á þgskj. 720, 2, samþ. með 18 shlj. atkv.

Breytingartill. á þgskj. 720, 3, samþ. með 17 shlj. atkv.

Breytingartill. á þgskj. 720, 4, samþ. með 18 shlj. atkv.

Breytingartill. á þgskj. 720, 5, samþ. með 18 shlj. atkv.

Frumv., svo breytt, samþ. með 17:1 atkv. og endursent efri deild.

---

FRUMVARP til laga um bjargráðasjóð Íslands (704); 3. umr.

**Ólafur Briem:** Eg vildi mælast til þess við hæstv. forseta, að hann taki þetta og næsta mál út af dagskrá, vegna þess að nefndin hefir ekki enn tilbúnar þær breytingarill., sem hún vildi koma fram með.

**Forseti (M. A.):** Samkvæmt þessari ósk tek eg 4. og 5. mál út af dagskrá.

---

TILLAGA til þingsályktunar um, að landsstjórnin hlutist til um, að fræðslumálastjórn landsins afli sér upplýsinga um tóbaksnautn ungmenna og barna um land alt (739). Hvernig ræða skuli.

ATKV.GR.:

Ein umræða samþykt í einn hljóði.

Fundi slitið.

---

## 54. fundur.

Mánudag 8. Sept. 1913, kl. 12 á hád.

Dagskrá:

1. Frv. til laga um bjargráðasjóð Íslands (704, 751); 3. umr.
2. Frv. til laga um forðagæzlu (703, 748, 749, 750); 3. umr.
3. Frv. til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbankans til að gefa út 4. flokk (Serie) bankavaxtabréfa (727, n. 753); ein umr.
4. Frv. til laga um breyting á fátækralögum 10. Nóv. 1905 (746); 3. umr.
5. Frv. til laga um breyting á og viðauka við lög 22. Nóv. 1907 um bæjarstjórn í Hafnarfirði (745); 3. umr.
6. Frv. til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum 10. Nóv. 1905 (98, n. 738); 2. umr.
7. Frv. til laga um eignarnámsheimild fyrir bæjarstjórn Ísafjarðar á lóð og mannvirkjum undir hafnarbryggju (203, n. 740); 2. umr.
8. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 18, 3. Okt. 1903, um kosningar til Alþingis (570, n. 741, 742); 2. umr.
9. Tillaga til þingsályktunar um að landstjórnin hlutist til um, að fræðslumálastjórn landsins afli sér upplýsinga um tóbaksnautn ungmenna og barna um land alt (739); ein umr.
10. Tillaga til þingsályktunar um mælingar á túnum og matjurtagörðum (744); hvernig ræða skuli.
11. Frv. til laga um breyting á lögum um að íslenzk lög verði eftirleiðis að eins gefin á íslenzku, 18. Sept. 1891 (717); 1. umr. [Ef leyfi fæst].

---

Allir á fundi nema Jón Magnússon, þm. Vestm., sjúkur.

Fundargerð síðasta fundar samþ. og staðfest.

Forseti tilkynti, að forseti efri deildar hefði endursent sér:

1. Frv. til landskiftalaga (760).
2. Frv. til laga um viðauka og breyting á lögum um aðflutningsbann á áfengi nr. 44, 30. Júlí 1909 (783)

ásamt tilmælum um að þau yrðu lögð að nýju fyrir Nd.

Enn fremur skýrði forseti frá, að forseti efri deildar hefði tilkynt sér, að eftirnefnd frumvörp hefðu verið samþykt þar í deildinni og verið afgreidd til ráðherra sem lög frá Alþingi:

1. Frv. til laga um lögreglusamþykt og byggingarsamþykt fyrir Vestmanneyjasýslu.
2. Frv. til laga um samþykt á landsreikningnum fyrir árin 1910 og 1911.
3. Frumv. til laga um heimild til að veita einkarétt til þess að vinna salt o. fl. úr sjó.
4. Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1910 og 1911.
5. Frv. til laga um mannanöfn.

En að frv. til laga um íslenzkan fána hefði verið vísað til stjórnarinnar með rökstuddri dagskrá.

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið:

I. Í deildinni:

1. Frv. til landskiftalaga. Eftir eina umr. í Ed. (760).
2. Tillaga til þingsályktunar um forkaupsrétt landssjóðs að jörðum og um erfðafestuábúð. Frá Sigurði Sigurðssyni (757).
3. Nefndaráliti um frumv. til laga um sauðfjárbaðanir. Frá minni hluta nefndarinnar (756).
4. Framhaldsnefndaráliti um frumv. til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbankans til að gefa út 4. fl. bankavaxtabréfa (753).
5. Breyt.till. við frumv. til laga um forðagæzlu. Frá nefndinni (750).
6. Breyt.till. við frv. til laga um bjargráðasjóð Íslands. Frá Eggert Pálssyni (748).
7. Breyt.till. við brtill. á þgskj. 751, 1. lið. Frá Lárusi H. Bjarnason (766).

II. Frá efri deild:

1. Nefndaráliti um frv. til hafnarlaga fyrir Vestmannaeyjar (774).
2. Framhaldsnefndaráliti um frv. til laga um friðun fugla og eggja (776).
3. Nefndaráliti um frmv. til laga um heimild fyrir landstjórnina til að selja prestinum að Kolfreyjustað landspildu í Innri-Skálavík (763).
4. Nefndaráliti um frumv. til laga um rafveitu í kaupstöðum og sjálfstjórnarkauptúnum (770).
5. Nefndaráliti um frumv. til stjórnarskipunarlaga (765).
6. Tillaga til þingsályktunar um það, að stjórnin leggi fyrir næsta þing frv. til laga um rafmagnsveitu. Frá nefndinni í málinu: Frv. til laga um rafveitu í kaupstöðum og sjálfstjórnarkauptúnum (771).
7. Frv. til laga um viðauka og breyting á lögum um aðflutningsbann á áfengi nr. 44, 30. Júlí 1909. Eftir 2. umr. í Ed. (764).
8. Frv. til laga um íslenzkan fána. Eftir 2. umr. í Ed. (758).
9. Frv. til laga um viðauka og breyting á lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða, frá 12. Janúar 1884. Eftir eina umr. í Nd. (761).
10. Frv. til laga um friðun fugla og eggja. Eftir 3. umr. í Nd. (759).
11. Till. til þingsályktunar um milliþinganefnd í slysfaramálum. Fltm. Guðm. Björnsson og Sig Stefánsson (752).
12. Frv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915. Eftir 2. umr. í Ed. (754).
13. Breyt.till. við fjárlagafrv. 1914 og 1915 á þgskj. 755, 762, 767, 769,

772, 773, 775, 777, 778, 779, 780, 781, 782.

14. Breyt.till. við frv. til laga um viðauka og breyting á lögum um aðflutningsbann á áfengi nr. 44, 30. Júlí 1909. Frá J. Havsteen (768).

Forseti skýrði frá, að lagt hefði verið fram á lestrarsal:

Símskeyti frá kjósendafundum á Þingeyri, þar sem skorað er á Alþingi að veita Eimskipafélagi Íslands sem ríflegastan styrk.

Þá var gengið til dagskrár og tekið fyrir:

FRUMVARP til laga um bjargráðasjóð Íslands (704, 751, 766); 3. umr.

**Framsögum. (Ólafur Briem):** Jafnvel þótt frumvarpið tæki töluverðum breytingum við 2. umr., hefir nefndin þó komið fram með nokkrar brtill. á þgskj. 751 og þar reynt að taka til greina, eftir því sem hún sá sér fært, bendingar þær og athugasemdir, sem þá komu fram frá einstökum þingmönnum.

Mótbárur, þær sem komu fram við 2. umræðu, voru aðallega tvenns konar.

Í fyrsta lagi þótti ýmsum það varhugavert, að lagður væri nefskattur á til þess að mynda þennan sjóð og auka þannig in persónulegu gjöld, sem jafnan koma þyngst niður á inum efnaminni. Mönnum þótti þetta varhugavert, jafnvel þótt í frv. væri heimild til þess að jafna gjaldinu niður eftir efnum og ástæðum eða greiða það úr sveitarsjóði. Þótti mönnum engin trygging vera fyrir því, að sú heimild yrði notuð.

Til þess að mæta þessum kröfum leggur nefndin til að breyta 2. gr. þannig, að gjaldið skuli jafnan greitt úr sveitarsjóði eða bæjarsjóði og þá sé gjaldið ekki miðað við aldur eða kynferði, heldur bundið við mannfjölda yfirleitt, 25 aura fyrir hvern mann, sem heimilisfastur er í sveitarfélaginu þegar manntal er tekið.

Önnur aðalmótbáran gegn frv. var sú, að gjaldið væri þungt, hvort sem litið væri til einstakra manna eða sveitarsjóðanna.

Úr þessu hefir nefndin einnig reynt að bæta.

Eftir frv. mundi gjaldið, sem hvíla mundi á sveitunum samkvæmt síðasta manntali, hafa numið 38,000 krónum. Þetta leggur nefndin til að lækka um 44%, þannig að samkvæmt brtill. nefndarinnar verður gjaldið samtals 21.000 kr. En samhliða þessu, að gjaldið er fært yfir á sveitasjóði, þótti nefndinni, eins og áður er tekið fram, heppilegra og einfaldara að miða ekki gjaldið við aldur né kyn, heldur láta það vera jafnt fyrir alla, sem sé 25 a. á hvern mann. Með þessu álítur nefndin, að trygging sé fengin fyrir því, að gjaldið komi hvorki ranglátlega niður, né verði tilfinnanlegt.

Samkvæmt síðustu manntalsskýrslum eru hreppar hér á landi 197, að frádregnum kaupstöðunum og Vestmannaeyjum, með samtals 65,851 íbúa, eða að meðaltali 334 menn í hverjum hreppi. Með 25 aura gjaldi á hvern mann nemur því gjaldið af hverjum hreppi að meðaltali 83 kr. Vitaskuld er það, að hrepparnir eru mismunandi að fólksfjölda, sumir fjölbygðari en þetta meðaltal sýnir. Með þessari lækkun og því fyrirkomulagi, sem nefndin leggur til að hafa á innheimtunni, álítur nefndin hóglega í sakirnar farið og lögin muni ekki valda óánægju né baka mönnum tilfinnanlega útgjaldabyrði. Fyrst og fremst er þess að gæta, að gjaldið verður séreign hverrar sýslu eða kaupstaðar og er alls ekki almennur skattur, heldur verður miklu fremur að skoðast sem iðgjald fyrir vísan aðgang að fjárstyrk eða lánveitingum með góðum kjörum til hjálpar í brýnni þörf, ef neyð ber að höndum. Í öðru lagi er ekki

ætlast til, að gjaldið verði notað sem eyðslufé, heldur renni í sjóð, sem ætlast er til að ávaxtist og margfaldist og ekki verði skertur að því er höfuðstólinn snertir, nema þá að eins í bili. En komi það fyrir, að sjóðurinn gangi til þurðar þegar í harðbakka slær, er svo ráð fyrir gert, að hann fái það uppbætt þegar betur lætur.

Önnur brtill. á þgskj. 751 miðar að því, að færa til landssjóðstillagið, þannig, að í stað þess að eftir frumv. á að greiða 40 aura til sjóðsins úr landssjóði fyrir hvern, sem orðinn er fullra 25 ára, leggur nefndin til, að landssjóður leggi fram 25 aura fyrir hvern mann í landinu. Lætur þá nærri, að útkoman verði sú sama, en er þó dálítið hærri samkvæmt brtill.

Aðrar breyt.till. nefndarinnar eru að mestu afleiðingar af þessum tveim aðalbreytingartillögum, og skal eg ekki eyða orðum að þeim.

Þá skal eg snúa mér að breyt.till á þgskj. 766, frá háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.), sem fer fram á það, að breyta einu orði í fyrstu brtill. nefndarinnar á þgskj. 751, setja »má« fyrir »skal«. Þó þetta sé ekki nema eitt orð, þá hefir það afarmikla þýðingu að því leyti, að þar með er breytt grundvallaratriði laganna, sem er, að allir landsmenn taki höndum saman um þetta mál. Nefndin skoðar þetta aðalkjarna málsins, og getur með engu móti lagt til, að breyt.till. verði samþykt.

Vona eg að með þessum breyt.till. nefndarinnar, sem miða að því að gera frv. aðgengilegra fyrir þá sem andmæltu því við 2. umræðu, fái frumv. jafngóðar eða betri undirtektir en þá, og verði nú samþykt til fullnaðar í þessari háttv. deild.

**Halldór Steinsson:** Það fyrsta, sem ríður á að gera sér grein fyrir í hverju máli, er það, hvort málið sé gott og nauðsynlegt, og hvort það sé framkvæmanlegt.

Um þetta mál er það að segja, að eg tel í sjálfu sér gott að eiga sjóð, er grípa megi til þegar hallæri eða annan háska ber að höndum. Ekki get eg fallist á þeirra manna mál, sem halda því fram, að oss sé jafnmikil hætta búin nú sem fyr á öldum. Eg get jafnvel ekki fallist á það, að oss sé eins hætt eins og oss var fyrir tveim, þrem áratugum. Þar með er ekki sagt, að ekki væri gott að eiga slíkan sjóð, en yfirleitt má með sanni segja, að þörfin á hallærissjóði fari þverrandi ár frá ári, svo miklum framförum taka atvinnuvegir vorir í hvívetna. Því er fjarstæða að halda því fram, að vér séum jafn óviðbúnir við hvers konar óárani sem fyrrum Eg skal nefna t. d. drepsóttir, sem fyrrum lögðu í eyði heila landshluta, eins og t. d. svartidauði, stórabólan o. fl. Slíkt gæti aldrei komið fyrir nú. Eg skal játa það, að eldgos, jarðskjálftar og hafís geta enn komið sem fyr, en gagnvart því fári stöndum vér betur að vígi en áður. Auðvitað getur ilt árferði alt af komið fyrir, en tæplega leitt til bjargarskorts. Afli getur brugðist eina og eina vertíð í sumum verstöðum, en miklu síður getur það orðið oss til hnekkis nú en áður. Nú er mönnum miklu hægara um að flytja í aðra verstaði, ef afli bregst, enda veit eg til þess, að Vestmanneyingar hafa í aflaleysi í Vestmannaeyjum flutt báta sína undir Jökul, og Ísfirðingar, þegar aflalaust er hjá þeim, farið norður á land og sótt sjó þaðan. Fyrir því má eg fullyrða, að menn þurfa ekki oft að vera í vandræðum, þó að afli bregðist eitt og eitt ár í bili.

Það er auðvitað, að ilt árferði hefir áhrif á landbúnaðinn, veldur heyleysi og skepnufækkun. T. d. hefir verið votviðrasamt í sumar sunnanlands og

vestan, og viðbúið að menn verði að lóga skepnum sínum í haust, ef menn vilja vera forsjálir. En af því þarf þó ekki að kvíða bjargarskorti alment.

Þá er og að líta á það, að það er langt frá að landið sé jafn-opið, jafnmóttækilegt fyrir þær plágur, sem tíðast eru sök í hallæri. Mörg hundruð ára reynsla hefir sýnt okkur, að hafísinn festist að jafnaði ekki við Suður- og Vesturland, en jafnlöng reynsla hefir sýnt, að einmitt þessi plága hefir tíðast verið orsök til hallæris hér á landi. Þess vegna má ekki og á ekki að láta sömu lög og reglur gilda um alt land þegar um varnir gegn hallæri er að ræða.

Þá sný eg mér að hinni spurningunni, hvort málið sé framkvæmanlegt. Yfir höfuð þykir mér sú stefna ráða of miklu meðal þingmanna, þegar um ný gjöld er að ræða, að líta að eins á aðra hliðina, á það góða og gagnlega, sem af gjaldinu kann að leiða, ekki á þau óþægindi, sem gjöldin hafa í för með sér fyrir fátæka gjaldendur, og oft eru svo mikil, að gagnið af gjaldinu er svo langt frá því að vega upp á móti þeim. Sumum kann nú að sýnast, að ekki muni mikið um þetta lága gjald, en þar til er því að svara, að það munar talsvert um það, þegar það bætist ofan á há gjöld fyrir hjá fátækri alþýðu, og safnast þegar saman kemur.

Mér er kunnugt um það, að mörgum manni veitir þungt að standa í skilum með in lögboðnu gjöld. Þegar svo þar við bætist, að nú á síðari árum hefir sí og æ verið hlaðið á þjóðina nýjum *óhjákvæmilegum* gjöldum, þá er sannarlega ástæða til að fara varlega í að leggja á hana þetta gjald, sem með engu móti verður sagt um, að ekki verði án af komist.

Þótt þetta kunni nú að vera framkvæmanlegt, þá þykir mér þó ekki vera farið rétt að. Þjóðin hefir ekki verið spurð um þetta mál og hún á eftir að leggja dóm sinn á það.

Því hefir verið haldið fram til stuðnings þessu máli, að í öðrum löndum sé algengt að stofna slíka sjóði til tryggingar fyrir ýmsar stéttir manna þegar neyð ber að höndum. Það er rétt, en þar er líka öðru máli að gegna. Þar ráða samtök borgarannasjálfra, en engin nauðung af hálfu löggjafarvaldsins.

Þetta mál er svo vaxið, að eg tel sjálfsagt að það sé borið undir landsmenn, áður það verði að lögum. Ef landsmenn sjá engin tök á að koma því í framkvæmd, þá er það ekki tímabært og verður að bíða betri tíma, en ef landsmenn aðhyllast það í einhverri mynd, sem eg ráðgeri, þá er sjálfsagt fyrir þingið að taka það til meðferðar með hliðsjón af þeim skoðunum, sem fram komu í því.

Því kysi eg helzt, að málinu yrði vísað til stjórnarinnar til undirbúnings undir næsta þing, og henni falið að leita álits og tillagna héraðsstjórna um málið og að því búnu leggja frumvarp fyrir þingið, þar sem hliðsjón sé tekin af þeim mismunadi skoðunum, er kunna að koma fram í því.

**Tryggvi Bjarnason:** Það hefir verið tekið heldur mjúkum höndum á þessu máli hér í deildinni og það jafnvel af andstæðingum frumvarpsins. Þeir telja það í raun og veru gott og hv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) sagði við 2. umr., að það væri fögur hugsjón, sem vekti fyrir flytjendum málsins. Eg get nú ekki vel samrýmt þetta tvent, að álíta málið gott, en styðja frumvarpið ekki.

Ein mótbára móti frv. er sú, að hættan á fóðurskorti og þar af leiðandi bjargarskorti sé mikið minni nú en áður. Hefir í því efni verið bent á það, að nú séu komin hraðskreið gufuskip í stað

seglskipa, og eins það, að hægt væri að kalla á hjálp í símanum, ef þörf krefði. Það er nú svo. Það er nokkuð seint að kalla á hjálp, þegar hafís er búinn að loka leið að hálfu landinu. Eg veit ekki, á hvern hátt hjálpin ætti þá að koma, því illa mun ganga að senda fóður og matvörur með símanum frá auða sjónum í þá hluta landsins, sem luktir eru ís.

Einnig hefir verið bent á það, að hættan væri mest á Norðurlandi. Háttv. 1. þm. Rvk. hefir bent á það þrautaráð, að þá mætti flytja fóður og matvöru landveg úr Borgarnesi norður í land. En jafn-skarpskygn maður og hann er, hlýtur að sjá það við nánari íhugun, að þetta er ómögulegt Ef um fóðurskort er að ræða, þá mundi ekki duga neitt smáræði. Jafnvel heill skipsfarmur mundi tæplega nægja. Til þess að flytja kornmat, sem að nokkru haldi kæmi, þyrfti því mörg hundruð hesta. Jafnvel þótt færðin væri svo, að yfirferð væri möguleg, yrði þetta samt óframkvæmanlegt. Í fyrsta lagi af því, að þegar fóðurskortur er fyrir hendi, þá verða menn auðvitað að draga af við skepnurnar og verða þær því óhraustari og lítt færar til langferða á vetrardegi og um torfærur. Og í öðru lagi af því, að illhægt eða allsendis ómögulegt mundi vera að útvega fóður og húsaskjól á leiðinni fyrir alla þessa hesta. Fóðrið mætti kannske ná í, en þá með þeim einum kostum að borga með fóðri þegar þeir kæmu aftur og því held eg að fóðurbaggarnir væru farnir að léttast, þegar lestin kæmi norður, t. d. norður í Skagafjarðar og Eyjafjarðar sýslur. Hættan segja menn að sé mest á Norðurlandi vegna þess að ís geti lokað þar höfnum. Það er satt, að þessu leyti er hún meiri þar en á Suðurlandi, en þó held eg að jafn-víst sé, að áhrifin af ísnum nái til alls landsins og ekki minna til Suðurlands, að minsta kosti í sumum ísárum, eða svo virðist það vera.

Það er sagt í »Fregnum frá Íslandi«, að árið 1882 hafi fellir orðið skæðastur í Snæfellsness- og Hnappadals-, Dala-, Mýra-, Borgarfjarðar- og Kjósarsýslu. Talsvert mikill hafi hann verið í Stranda-, Rangárvalla-, Skaftafells-, Ísafjarðar- og Barðastranda-sýslu, en á Norður og Austuramtinu hafi hann verið mikið minni, víðast ekki orðið annað að en lambafellir. Í Rangárvallasýslu féll fjöldi fjár í sandroki, sem þá var eftir páskana. Í þeirri sömu hríð var rekið 1400 fjár á afrétt Árnesinga. En þegar hríðinni slotaði, voru að eins 100 á lífi og illa haldið. Þetta vonda hríðarkast, sem stafaði af ísnum, náði því einnig til Suðurlands og varð þar til stórtjóns. Það er ekki til yfirlit yfir fellinn frá 1882, nema í nokkrum sýslum — á svæðinu frá Skarðsheiði og Oki til Gilsfjarðar og Kjósar- og Gullbringusýslu. Á svæðinu frá Skarðsheiði og Oki til Gilsfjarðar féllu 12100 ær, 3750 geldfé, 10200 gemlingar, 136 kýr, 1300 hross og 16400 unglömb. Eftir verðinu, sem þá var á peningi, var skaðinn metinn 480 þús. kr. Ef sama kæmi fyrir nú, yrði skaðinn talsvert meiri, vegna þess, hve peningur hefir hækkað í verði. Sé ærin metin á 18 kr., geldfé á 15 kr. hver kind, gemlingar á 12 kr., lömb á 8 kr., kýr á 100 kr. og hross á 60 kr. (verðið set eg svona lágt vegna þess að margt af þeim hrossum, sem fórust, voru tryppi), þá yrði skaðinn nú 619,280 kr. Og þetta er heldur lágt reiknað eftir gangverði því sem nú er á fé. Lægsta verð fyrir ær mun nú vera 20 kr., en þær hafa komist upp í 24—26 kr., t. d. á uppboðum og jafnvel þess utan.

Í Kjósarsýslu fórst 1885 af afleiðingum þessa hallæris 1500 fjár alls. Sé meðalverð reiknað 15 kr., verður það 22500 kr. Ennfremur fórust þar 1000

lömb, sem eg reikna á 8 kr. hvert og 110 hross á 60 kr. hvert, sem gerir 14-600 kr. Verður þá skaðinn allur í þeirri sýslu 36,600 kr. Þetta eru nokkuð ægilegar tölur. Og eg skil ekki í öðru en að þeim mönnum muni ofbjóða þessi skattur, sem sjá eftir örlitlum skatti eða kinnoka sér við að leggja ofurlítinn skatt á þjóðina, sem ætti að geta komið í veg fyrir að slíkt endurtækist. Svo kom eftir þetta harða vor kalt sumar og varð að farga miklu af því litla, sem eftir var af búpeningnum. Bjargráðavandræðum er sagt að hafi ekki kveðið mikið að, nema í Kjósar- og Gullbringu. sýslu. Sú sýsla varð 1885 að taka 20 þús. kr. lán til þess að verja menn hungri. Það er sagt að jafnvel hafi séð á fólki í þeirri sýslu. Og þetta hélzt fram til 1887. Það er nú auðsætt hvílíkt stórtjón það getur gert þjóðinni, ef þetta kemur fyrir aftur, sem vel getur orðið. Og mig furðar á því, að þeir menn sem hér sitja og muna þessi ár, skuli geta lagst á móti þessu frv.

Þeir segja, að við séum betur búnir undir harðæri nú. En eg hygg, að það sé öðru nær. Svo er því að minsta kosti farið á Norðurlandi, að þar er mikið meiri hætta á kornskorti nú en áður. Meðan seglskipin voru í förum og þeirra var ekki von fyr en í Maímánuði, þá keptust bæði verzlanir og bændur við að birgja sig upp til þess tíma að von var skipanna. En síðan gufuskip komu og ferðirnar urðu tíðari — 2—3 á vetri — þá leggja menn ekki eins mikla áherzlu á að birgja sig svo upp að haustinu að þeir komist af til vordaga, en láta það slampast af og reyna, hvort komi fyrr, skipið eða ísinn. Menn hafa hingað til verið svo hepnir, að skipið hefir orðið á undan, en ekki er sagt, hve lengi það verður. Það getur orðið öfugt. Eg man eftir því 1902, að þá var Húnaflói orðinn fullur af ís eftir miðjan febrúarmánuð. Hefði skipinu seinkað, þótt ekki hefði verið nema örfáa daga, þá hefði ísinn orðið á undan og vandræði staðið fyrir dyrum.

Einnig hefir því verið haldið fram, að sjávarútvegurinn standi nú á fastari fótum en áður og minni hætta sé á aflaleysi. Þetta held eg að sé nokkuð mikil missýning. Greindur og glöggur maður af Ísafirði sagði mér það, að ef annað eins ár hefði komið aftur eins og árið í fyrra, hefði fjöldi manna óumflýjanlega flosnað upp og orðið að flytja burtu. Eg hygg, að það hafi verið svo lengi og sé enn í fjölda veiðistöðva, jafnvel í inum beztu, að bregðist ein vertíð, komast menn í miklar kröggur og sé aflaleysi lengri tíma, þá flosnar fjöldi inna fátækari fjölskyldumanna upp, líða skort og fara að lokum á sveitina. Við vitum það líka allir, að með vaxandi velmegun til lands og sjávar vaxa kröfurnar að sama skapi og eyðslan svo mjög, að ekki þurfa að koma fyrir nema litlar misfellur, svo að menn þoli þær mikið ver en áður. Menn eru miklu viðkvæmari fyrir öllu slíku en áður var, sem kemur líka meðal annars til af því, að menn kosta miklu meira til framleiðslunnar, en áður var. Raunar mun botnvörpuútvegurinn vera nokkurn veginn ábyggilegur, en þó þarf ekki mikið út af bera þar, vegna þess, hve útvegurinn er dýr. Og botnvörpungar eru ekki til nema á örfáum stöðum — aðallega hér í Reykjavík og eru þar í fárra manna höndum. Líka ber þess að gæta, að þeir hafa mikinn hluta árs verið að veiðum fyrir Norðurlandi, því þar telja þeir sér veiðina arðmesta að sumrinu við síldveiðina. En sé allur sjór þar þakinn ís, þá geta þeir ekki leitað þangað. Raunar er ekki þar með sagt, að þeir geti ekki borið sig, en ólíklegt

er að þeir leiti norður vegna annars en þess, að þeir telja sér það arðvænlegast — en arðurinn verður þá minni.

Mér þykir leitt, að jafngott frumv. og þetta hefir ekki fengið betri byr en raun er á orðin. Það var að eins samþykt með litlum atkvæðamun við 2. umr. Helzt hefði eg kosið, að það gengi fram óbreytt, en nefndin hefir nú komið fram með brtill., sem gera tillögin nokkuð minni, en það mun vera gert til þess, að menn fáist fremur til að fallast á það. Og þótt eg kysi helzt, að það yrði samþykt óbreytt, þá kýs eg samt heldur að samþykkja brtill., en málið nái ekki fram að ganga.

Ýmsir eru þeir, sem halda því fram, að ekki sé rétt að leggja svona skatt á þjóðina, án þess að bera málið undir hana áður. En eg hika ekki við að greiða því atkvæði, þótt það hafi ekki verið gert. Eg er nefnilega viss um, að allur fjöldi hugsandi manna tekur málinu vel og sér nauðsynina á því, að tryggja okkur betur en áður gagnvart harðindum. Og þótt eg kynni — sem eg óttast ekki — að mæta einhverju aðkasti hjá kjósendum mínum fyrir það, að greiða þessu máli atkvæði, þá læt eg mér það í léttu rúmi liggja, þar sem eg veit, hve bráðnauðsynlegt þjóðþrifamál þetta er, og eg er viss um, að þeir sem ekki láta sannfærast nú, þeir sannfærast síðar um nauðsyn þessa máls.

**Matthías Ólafsson:** Enda þótt eg kysi helzt, að frumv. yrði samþykt óbreytt, þá get eg þó fallist á brtill. nefndarinnar, vegna þess að mér er það ljóst, að málið fær fremur fylgi fleiri manna. Og eg vil á engan hátt stofna því í voða. Eg legg aðaláherzluna á principið í málinu, að við höfum einhverja fyrirhyggju, ef eitthvað kynni út af að bera síðar meir. Upphæðina legg eg minni áherzlu á, og get því fallist á brevtt.ill. vegna þess, að principið helzt fyrir það.

Mótstaðan á móti frumv. hefir verið væg, en hún getur verið málinu óholl fyrir það. Það sýnist kannske ekki mikill munur á orðunum »má« og »skal«, en samt er hann svo, að orðið »má« getur orðið til þess að eyðileggja málið. Það er líka beinlínis hlægilegt, að vera að setja það inn í frumv. Hverjum er hægt að banna að setja upp sjóði til þess að tryggja sig og eftirkomendur sína? Það er óþarfi að vera að setja nokkur lög um það. Það er hverjum manni frjálst.

Það hafa verið haldnar langar ræður um það, hve ónauðsynlegt þetta mál sé nú. En það er kannske aldrei meiri þörf á því en einmitt nú. »Sá sem stendur, gæti sín að hann ekki falli«. Það er satt, að atvinnuvegir okkar hafa aldrei verið eins blómlegir og nú. En hvernig er efnahagurinn? Við étum ekki húsin, þótt þau séu skrautleg, eða húsgögnin, þótt þau séu fögur. Við erum orðnir því vanir nú að lifa svo, að það væri kvalalíf fyrir okkur nú, það sem var sældarlíf fyrir menn áður.

Við höfum heyrt raktar hér langar raunarollur og við sjáum, að þær eru sannar, þegar við lesum söguna, og það er ekki lengra síðan óáran kom fyrir, en að allir okkar, sem hér sitjum, munum eftir því. Við getum átt von á því sama á næsta ári. Á Suður- og Vesturlandi eru býli, þar sem enn hefir ekki náðst fjórði partur af heyi inn. Fólkið þarf því að farga skepnum sínum. Menn halda kannske, að þeir peningar, sem fyrir þær fást, verði lagðir inn. Nei! Þeir fara annað hvort upp í skuldir eða verða eyðslufé, því að fyrirhyggja er ekki meiri en þetta.

Það er ekki gott verk að telja úr mönnum að sjá fyrir framtíðinni. Það

þarf stöðugt að brýna það fyrir mönnum — þótt það verði ekki annað en hrópandans rödd í eyðimörkinni — að búa sig undir komandi ár. Eg vona, að svo fari, að við verðum búnir undir vondu árin, en við erum það ekki enn og því er þetta frumvarp nauðsynlegt. Háttv. 2. þm. Húnv. (Tr. B.) gat þess eftir manni frá Ísafirði, að ef komið hefði önnur eins vertíð aftur og í fyrra, þá mundi fjöldi manna hafa flosnað upp. Þetta er alveg rétt. Eg hefi heyrt sagt ýmislegt um kjör manna þar í fiskileysinu árið, sem leið, og eg býst við að sessunautur minn, háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) geti borið þetta með mér. Það var því nær hungur í Ísafjarðarbæ. Það er farið að sverfa að mönnum, þegar þeir verða að sitja í myrkri. Hungurvofan hefir naumast verið allfjarri þeim heimilum, því hún þrífst ekki sízt í myrkrinu, eins og margt annað illþýði.

Nei! Við skulnm ekki gera okkur að meiri mönnum en við erum Við skulum heldur reyna að búa okkur undir að geta tekið á móti vondum árum.

Við 2. umr. heyrði eg þá furðulegu ástæðu á móti þessu frumvarpi, að það mundi veikja lánstraust okkar erlendis. Eg hefi sjaldan heyrt annað eins. Eg kem til manns og bið hann að lána mér fé. «Hvað áttu?« segir hann. »Þetta og þetta«. »Lítið er nú það«. »En svo er eg trygður í sjóð, sem hægt er að grípa til ef illa fer«. »Þá er það annað mál«. Þá greiðir hann fyrir mér.

Og við skulum ekki halda það, að við fengjum stórlán hjá neinum, þeim sem væri ekki kunnugt um að harðæri, eldgos, jarðskjálftar, ís o. s. frv. geti komið hér. Nei! En við ættum að tryggja okkur fyrir þessu. Og það er að mínu áliti heppilegasta leiðin til þess að auka lánstraust okkar.

Það hefir verið sagt, að við gætum sagt til þess, gegn um símann, að við værum svangir. Það getur auðvitað jafnvel skeð, að við náum í vistir þrátt fyrir ísinn. En þá er að borga þær. Eg hefi heyrt einn háttv. þm. segja, að þá yrði landssjóður að taka lán. En það hygg eg að yrði okkur til meira böls, en bæði eldgos, ísar, jarðskjálftar og jafnvel drepsóttir. Ilt er það fyrir einstaka menn og þá ekki betra fyrir landssjóð að taka lán til slíks. Það er nauðsynlegt og sjálfsagt að taka lán til þarfra fyrirtækja, sem geta borgað sig, en þegar á að fara að taka lán til að eta út á, þá er í óefni komið.

Eg vona, að frv. þetta sé með br.till. orðið svo aðgengilegt, að háttv. þm. samþykki það. Það er ekki farið fram á miklar álögur — verður aldrei meira en 100 kr. á hrepp — og það margborgar sig.

**Lárus H. Bjarnason:** Eg á ofboð stutta breyt.till. á þgskj. 766 við breyt.till. nefndarinnar á þgskj. 751.

Það var réttilega athugað hjá háttv. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.), að þetta sé meira en orðabreyting, enda átti það svo að vera. Eg gat þess á dögunum, að ekki væri fyrirsjáanleg brýn nauðsyn til að stofna þennan bjargráðasjóð nú þegar og því hefir enginn mótmælt með nægilegum rökum. Það er ekki fyrirsjáanlegt nú fremur en endranær yfirvofandi hætta af eldgosum, hafís, drepsóttum eða því um líku, en eg varð var annarar hættu í morgun, meira að segja hér innan þings — í efri deild — eg á við heigulsháttarins, kaupskaparins, svikanna, í einu orði sagt, siðspillingarinnar miklu hættu, og við henni dugar enginn bjargráðafjársjóður. Hallærishætta er aftur á móti engin, sízt almenn, en álögurnar, sem ætlast er til að demba á þjóðina, eru ekki litlar, þó að þær séu nú orðnar minni, en til var stofnað

í fyrstu, vegna mótspyrnu okkar, sem andæft höfum frumvarpinu.

Í árslok 1910 voru hér á landi 85,183 manneskjur. Á hvert nef á að leggja 25 aura úr landssjóði, og 25 aura úr sveitarsjóðum. Þetta verður samtals kr. 42,591,50 og er það ekki lítill skattur og tekinn beint úr vösum almennings, því að þetta yrði nefskattur fyrir því, þótt sveitarsjóðir og landssjóður séu notaðir sem miðlar, því að einhvern veginn verða landssjóður og sveitastjórnir að jafna skattinum niður á gjaldendur, frá einhverjum verður skattinn að taka, sá »einhver« er almenningr. Að demba slíkum skatti yfir þjóðina að henni fornspurðri og að nauðsynjalausu, er óforsvaranlegt, enda ætti að nægja að gefa heimild til áminstrar skattheimtu.

Það sagði einhver þingmaður, sem ristir ekki djúpt, eða hefir að minsta kosti ekki lagst djúpt nú, að það væri hlægilegt að gefa heimild til að stofna slíkan sjóð sem þennan. Hann veit þó, eða ætti að vita, að samkvæmt stjórnarskránni má engan skatt heimta án lagaheimildar. Heimildin ættti auk heldur að réttu lagi ekki að ná nema til norðursýslnanna, Þingeyjarsýslu, Eyjafjarðarsýslu, Skagafjarðarsýslu, Húnavatnssýslu og Strandasýslu, því að þær eru einu sýslurnar, sem í verulega hættu gætu komist af völdum hafíss. Í þessum sýslum eru sem stendur 22,728 menn, og eg tel víst, að þótt ekki væru búin til nema heimildarlög, þá myndu þær nota sér heimildina, ef nauðsynin er eins mikil og flytjendur málsins halda fram, og þá fengju þær 11,364 krónur, 5682 kr. úr landssjóði og annað eins úr héruðunum sjálfum, auk þess, sem Eyjafjarðarsýsla og Akureyri fengju úr »Gjafasjóði Jóns Sigurðssonar«, sem á að vera til varnar í hallæri. Eg tók þetta og fleira fram við 2. umræðu málsins, og nenni ekki að vera að rekja það alt upp aftur. Mér finst það óforsvaranlegt að leggja jafn þungt gjald á þau héruð, sem eru fyrir utan alla hættu, og svo verður um þau flest. Á Reykjavíkurhérað eitt kæmi yfir 3000 kr. og gæti eg búist við að Reykvíkingum þætti það drjúgur ábætir á þau gjöld, sem þeir þegar þurfa að greiða, það því fremur, sem gjöldum hér er alt af að fjölga og þau hækka, sem fyrir eru. Sjómannaheimili yrði t. d. upp og niður að borga kr. 1,75, og eg get fullvissað háttv. þm. um, að það eru mörg heimili hér í bæ og hér á landi, sem því miður munar um minna. Þess vegna hefi eg komið fram með breyt.till. um að heimta *megi* þennan skatt í stað þess að frumvarpið ákveður að hann *skuli* heimta. Eg bið hæstv. forseta, þegar til kemur, að láta greiða atkvæði með nafnakalli um breyt.till. mína. Ef hún gengur fram, mun eg greiða atkvæði frumvarpinu, en gangi hún ekki fram, mun eg greiða atkvæði móti því, hvað sem eg kynni að gera, ef kjósendur hefðu fengið að átta sig á frumvarpinu.

Að öðru leyti leyfi eg mér að vísa til ins ítarlega erindis míns um málið við 2. umr. þess.

**Kristinn Daníelsson:** Af því að eg hefi tekið töluverðan þátt í meðferð þessa máls hér í þinginu, fyrst í nefndinni og síðan komið fram með brtill. við það, þá þykir mér hlýða að fara nokkrum orðum um afstöðu mína til þess nú við 3. og síðustu umræðu málsins.

Þegar þetta mál kom fyrst fram, þá gekk eg að því með þeirri hugsun, að mér var mjög fjarri skapi að geta aðhylst frumvarpið. Orsakir til þess voru: í fyrsta lagi sú, að nú orðið virðist ekki vera svo mikil þörf á að stofna slíkan sjóð; í öðru lagi, að hér var verið að leggja nýjan persónulegan skatt á þjóðina, sem alt af er mjög óvinsælt af öllum almenningi; og í þriðja lagi, að þetta

var verið að gera að þjóðinni algerlega fornspurðri, og álít eg það sízt mega, þegar verið er að leggja á hana beina skatta. Þjóðin á rétt á því, að sem flest mál séu borin undir hana, en allra helzt þó þegar um nýjar skattaálögur er að ræða. Þótt afstaða mín í fyrstu væri þannig, fór þó svo, hvað fyrstu ástæðuna snertir, um nauðsynina, eins og oft vill verða við nánari ihugun, að mér þótti ábyrgðarhluti nokkur að ganga algerlega á móti málinu, hugsaði sem svo, að vera kynni þó talsverð nauðsyn á þessu. Auðvitað er þessi nauðsyn mjög svo misjöfn á ýmsum stöðum á landinu, og þrátt fyrir það, þótt reynt hafi verið að hnekkja því, þá verður því ekki neitað.

Eg gerði við 2. umræðu tilraun til að bjarga málinu og bæta úr agnúunum, og kom fram með brtill. eins og háttv. deildarmenn muna, þess efnis, að fyrst um sinn skyldi þetta vera mönnum í sjálfsvald sett, til þess að ekki yrði þrengt skatti upp á menn og tími ynnist til að vita hug og vilja þjóðarinnar.

Því miður féllu þessar tillögur mínar við 2. umr., en nú eru að vísu komnar fram tillögur svipaðs efnis, sem eg skal játa að gera málið mun aðgengilegra, enda sagði háttv. framsögumaður, að þær væru fram bornar til samkomulags. Þessar tillögur bæta úr að því leyti, að eftir þeim á gjaldið ekki að vera persónulegur skattur á einstaka menn og þar að auki nokkrum mun lægra en áður, en þó enn þá töluvert tilfinnanlegt.

Eg hjó eftir því hjá háttv. þm. V.-Isf. (M. Ó.), að hann sagði, að gjaldið myndi verða sem næst 100 kr. á hvern hrepp. Þetta getur verið sumstaðar, en hlýtur þó að verða meira annarstaðar, og þá þeim hreppum tilfinnanlegt. Hver er sjálfum sér næstur, og eg veit að í mínum hreppi myndi þetta gjald verða um 200 kr. Nú geldur hann 1300 kr. sýslugjald, 1700 kr. til fátækraframfærslu, 1000 kr. til skóla, 400 kr. í afborganir af skuldum og 150 kr. í símagjald. Ef þetta gjald bættist við, verð eg að segja, að það yrði hreppnum mjög svo tilfinnanlegt. Eg hafði hugsað mér að koma með brtill. til að lagfæra þetta betur en till. nefndarinnar á þskj. 751, en hætti þó við það, vegna þess að ekki er fengin vissa um vilja þjóðarinnar í þessu efni, og hins vegar hefði gjaldið þá orðið svo lítið, að langan tíma þyrfti til þess að sjóðurinn yrði svo stór, að um munaði hjálp hans, ef eitthvað á bjátaði.

Þegar litið er á það, að þetta á að verða stór sjóður til að bæta úr stórvandræðum, sem að höndum kynnu að bera, þá vil eg benda háttv. deild á, að það munar ekki miklu þótt sjóðstofnunin dragist um eitt fjárhagstímabil eða jafnvel ef til vill ekki nema eitt ár. Þótt eg játi, að hugsunin sé góð í málinu, þá þykist eg samvizku minnar vegna vel geta lagt það til, að því verði frestað að þessu sinni. Það getur ekki orðið til mikils skaða fyrir hugsjónina, en vinst að hinu leytinu tími til þess, bæði af stjórnarinnar hendi og almennings, að íhuga málið betur.

Tillögur mínar í málinu verða því þær, að biðja hæstv. forseta samkvæmt 39 gr. stjórnarskrárinnar og 52. grein þingskapanna að bera það undir atkv., að vísa málinu til ráðherrans. Verði það felt, mun eg greiða atkvæði með tillögu háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) og nái hún fram að ganga, greiði eg málinu atkvæði, en falli hún, þá á móti.

**Eggert Pálsson:** Eg gæti fallið frá orðinu, því að háttv. 2. þm. G.-K. (Kr. D.) hefir komið fram með tillögu, sem eg ætlaði að koma með, þá sem sé að vísa þessu máli til stjórnarinnar, og mun eg því auðvitað fylgja henni.

Eg efast ekki um, að þetta frumv. sé af góðum toga spunnið, og eg þykist vita, að sú hugsun sé allrík hjá þjóðinni, að eitthvað beri að gera í þessu efni, en á hina hliðina eru menn alls ekki búnir að gera sér það ljóst, hvaða leið eigi að fara. Samkvæmt frumvarpinu eru gjöldin til bjargráðasjóðs lögð beint á hvern einstakling, en aftur á móti hafa komið fram brtill., þar sem ætlast er til að gjöldin sé lögð á menn óbeint, þannig að hreppsjóðir borgi fyrir alla, en hreppsnefndir ráði því svo sjálfar, hvernig þær nái gjaldinu aftur inn hjá einstaklingunum. Mér fyrir mitt teyti finst seinni leiðin vera enn þá ógeðfeldari en sú fyrri, þó að gjaldið sé lægra. Eg sé ekki, hvar það lendir, ef alt af eru lögð ný og ný gjöld á hreppasjóðina. Á þeim hvílir nú svo mikið, að naumast virðist á það bætandi. Og þó eru á þessu þingi á leiðinni mörg frumv., sem leggja þeim nýjar byrðar á herðar og skal eg í þeim efnum, auk þessa frv., benda á forðagæzlufrv. og sauðfjárbaðana frv., þar sem hreppasjóðum er ætlað að greiða svo og svo mikið fé til eftirlits. Þetta er í sannleika varhugaverð braut og undarlegt, hvernig þingið getur ætlast til að hreppasjóðir geti greitt öll þessi gjöld, þar sem þeir hafa ekki annað fé í fórum sínum heldur en það, sem þeir ná inn með aukaútsvörunum.

Yfir höfuð álít eg, þegar um gjaldaálögur er að ræða, að það sé það minsta, sem þjóðin eigi rétt á, að fá að segja til, á hvern hátt hún vill láta leggja gjöldin á sig, og þann rétt ætti hún einnig að fá í þessu máli, enda hygg eg að málið hafi bezt af því sjálft, að fá að bíða til næsta þings, jafnskiftar sem skoðanir manna eru á því, hver leiðin sé tiltækilegust. Eg skal játa, að það er vel farið, að það hefir komið fram nú, því að það þarf ítarlega að hugsa og ræða jafn-yfirgripsmikið mál sem þetta, áður en það er afgreitt frá þinginu. En einmitt af því, hversu það er þýðingarmikið mál og áríðandi, að eðlilegur og góður grundvöllur sé lagður í byrjun, hygg eg að fari bezt, að ekki sé flanað að neinu.

Fyrir mitt leyti mun eg því greiða atkvæði með tillögu háttv. 2. þingm. G.-K., en nái hún ekki fram að ganga, greiði eg atkvæði með brtill. á þgskj. 766, sem gengur í þá átt, að heimila hreppsnefndum að greiða áminst gjald úr hreppssjóði, en skylda menn ekki til þess. Hin tillagan þykir mér þó viðfeldnari, að gefa þjóðinni umhugsunartíma, með því að hvor stefnan sem ofan á kann að verða, hvort heldur að leggja gjaldið á hvern einstakling eða greiða það úr hreppssjóði, þá hlýtur hér að vera að ræða um tilfinnanlegan skatt, sem þjóðin á heimting á að segja álit sitt um áður en hann sé lögleiddur.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Eg stóð aðallega upp út af nokkrum orðum, sem féllu hjá háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B). Hann sagði, að ekki væri fyrirsjáanleg nein brýn nauðsyn til að stofna þennan bjargráðasjóð nú. En hvenær á þá að gera það? Á þá fyrst a stofna sjóðinn, þegar hallæri er komið? Það er seint að byrgja brunninn, þegar barnið er dottið ofan í.

Hann sagði og, að þetta yrði tilfinnanlegur skattur á landsmönnum, og sama sagði háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.), að þessi skattur væri tekinn úr vasa landsmanna. Þetta er líka alveg rétt. En mér er spurn, úr hvers vasa ætti að taka fé til að fyrirbyggja hallæri hér á landi, ef ekki úr vasa landsmanna sjálfra? Við höfum ekki álögurétt á aðrar þjóðir, og eg býst við að mönnum þyki hvorki heppilegra né sæmilegra að þurfa

að grípa til þess að sníkja á þær, ef hallæri bæri að höndum, heldur en að eiga sjálfir sjóð, sem gæti bætt úr vandræðunum.

Það hefir verið talað um hallærishættu af hafís, en af honum stafar ekki slík hætta beinlínis, því að skip geta nú orðið alt af komist að landinu. En það er annað, sem getur bakað hallæri. Það er brestur á atvinnu. Þegar atvinnuvegina þrýtur, svo að þeir geta ekki framfleytt fólkinu hjálparlaust, þá er hallæri. Og hvernig árar hjá okkur í sumar? Það er fyrirsjáanlegt, að menn verða að lóga talsverðu af fénaði sínum hér sunnanlands vegna slæmrar heynýtingar, sem aftur stafar af óþurkum og litlum grasvexti. Ef við fáum svo 1—2 ár eins í viðbót — hvað þá? Þá er komið hallæri. Það hefir nú viljað svo til, að þessi slæma tíð hefir komið yfir Suðurland í sumar, og það er oft góðæri fyrir norðan og austan þegar hér er óáran, og svo aftur ið gagnstæða, að þegar sífeldir óþurkar eru fyrir norðan og austan, getur hér verið gott árferði.

Þetta hefir komið áður, ekki að eins eitt ár í einu, heldur líka 2—3 ár í röð, og þá er lítt hjákvæmilegt að hallæri komi. Og þar sem talað hefir verið um, að hallæri gæti ekki komið fyrir vegna þess að breytingar hafa orðið svo miklar á högum manna frá því sem áður var, þá vil eg geta þess, að í þeim einasta hluta landsins, þar sem aldrei hefir orðið mannfellir af hallærum, í kjördæmi mínu, Múlasýslunum, þar sem alt af fjölgaði fólkinu, þegar því fækkaði annarstaðar á landinu, — þar eru nú orðnar svo miklar breytingar á atvinnuvegum manna frá því sem áður var, að ef hallæri dyndi nú yfir landið, þá mundi það ekki koma síður niður á þessum landshluta en öðrum. Áður lifðu menn þar mest á landbúnaði, en nú lifa menn í þessu plássi fult svo mikið á fiskiútvegi eins og landbúnaði, og er því þetta pláss ekki lengur óhult fyrir hallæri Eg minnist þess nú, að fyrir eitthvað 10 árum skrifuðu mér 20 menn af Eskifirði og báðu mig að fá því framgengt, að þeir yrðu fluttir ókeypis til Grænlands, svo þeir þar gætu haft ofan af fyrir sér. Gátu þeir þess, að það væru einir 60 menn aðrir, sem óskuðu þessa sama. Eg bar nú aldrei fram þessa ósk þeirra, en skrifaði þeim og benti þeim á önnur lönd, sem myndi vera heppilegra fyrir þá að flýja til. Að þeir vildu fara til Grænlands, hugsa eg að hafi helzt verið af því, að þeir *héldu* að þeir gætu komist þangað ókeypis, en það gætu þeir ekki, færu þeir til annars lands. Þetta sýnir, að menn óttast hallæri eins í þessum hluta landsins og öðrum. Eg er því á þeirri skoðun, að þessu máli eigi ekki að fresta, og því líklegra er að hallæri komi, sem lengra er síðan það kom.

Og þetta gjald, sem brtill. nefndarinnar leggur til að lagt verði á hreppana, er ekki svo tilfinnanlegt, að það beri að horfa í það, því það er að eins nauðsynleg trygging fyrir því, að þessi sjóður verði stofnaður, og allir eru á einu máli um það, að þennan sjóð cigi að stofna. Vona eg því, að brtill. háttv. 1. þm. Rvk. verði feld, enda er brtill. hans ekki annað en lítið breytt tillaga, sem var feld hér við 2. umr., um að alt yrði látið drasla í sama horfinu og áður.

**Framsögum. meiri hl. (Ólafur Briem):** Þessar mótbárur, sem síðast hafa komið fram, eru aðallega um það, að ekki sé nein þörf á bjargráðasjóði til tryggingar atvinnuvegum landsmanna gegn áföllum af völdum náttúrunnar. Þessar mótbárur eru sumpart bygðar á því, að ekki sé eins mikil

hætta á hallæri nú og áður, og sumpart á því, að málið sé ekki nógu vel undirbúið.

Eg skal játa það með háttv. þm. Snæf. (H. St.), að ein tegund hallæris, sem áður hefir orðið mönnum að miklu meini, nefnilega drepsóttirnar, er ekki eins hættuleg nú og áður, og stafar það af betri læknaskipun og fullkomnari sóttvarnarráðstöfunum, og síðast en ekki sízt af því, að nú eru í öðrum löndum gerðar miklu meiri og betri ráðstafanir gegn því, að drepsóttir breiðist út. En þó að þessi tegund af hallærishættu sé minni nú en áður, þá er þó ein tegundin, sem alt af hefir verið og er enn jafnhættuleg, nefnilega hættan af hafís. Og það er aðgætandi, að hallæri af hafís verkar ekki að eins á einn hluta landsins, þann hlutann, sem hafísinn lokar, heldur á alt landið í heild sinni. Eins og reynslan hefir sýnt, þá hafa oftlega orðið stórkostleg vandræði af hafísveðráttu á öðrum stöðum, en þeim sem voru lokaðir inni af ísnum, svo að skipagöngur teptust. En svo geta verið fleiri hættur, sem yfir vofa. Háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) gerði reyndar lítið úr öðrum hættum en þeim, sem stöfuðu af hafís. En nú hefir háttv. þm. S.-Múl. (J. Ól.) nýlega bent á eina tegund hallæris, sem mikil hætta stafar af, þeirri tegund hallæris, sem stafaði af atvinnubresti. Þessi tegund hallæris er að því leyti miklu hættulegri en allar aðrar, að mest biögð geta orðið að atvinnubresti, þar sem flest fólk er saman komið, og þá einkum í kaupstöðum og sjávarþorpum. Þetta hallæri getur stafað af ýmsum ástæðum, t. d. af skipsköðum eða langvinnu aflaleysi. Mörg dæmi eru til þess, að fjöldi manns hafi druknað í einu, svo að þau sveitarfélög, sem fyrir því hafa orðið, hafa lengi verið að ná sér aftur, og langvinnu aflaleysi getur margt valdið. Og þó menn hafi betri útveg nú til þess að sækja út á miðin í kringum landið til þess að fiska, þá getur samt orðið misbrestur á fiskiveiðunum fyrir því. Og hver kann að segja það, að það verði ekki einmitt höfuðstaður landsins og fólksflesti bærinn, Reykjavík, sem er mest hætta búin af þessu? Menn geta gert sér *vonir* um að þessi tegund hallæris komi ekki, en enginn getur staðhæft það, að hún *geti* ekki komið.

Háttv. 2. þm. G.-K. (Kr. D.) og háttv. 2. þm. Rangv. (E. P.) lögðu mesta áherzlu á, að fresta málinu og fela það stjórninni að undirbúa það undir næsta þing. Það er nú gott og gott ekki, að draga það á langinn, sem hægt er að gera nú. Yfirleitt er ekki gott að fresta því til morguns, sem hægt er að gera í dag.

Því hefir ekki verið neitað, að hér væri um þarft mál að ræða, og því síður hefir nokkur sýnt fram á það með rökum, að fullgild ástæða væri til þess að fresta því. Enginn okkar á það víst, að eiga atkvæði um málið á næsta þingi eða næstu þingum, eða geta stutt það þá Þeir sem vilja málinu vel, eiga því ekki að draga sig í hlé að styðja það nú. Nei, því sannarlega er þetta mál búið að dragast alt of lengi, ekki að eins um nokkur ár, heldur um fleiri aldir. Þetta hefði átt að vera búið að gera fyrir mörgum öldum síðan. Þá hefði að ýmsu leyti verið öðruvís umhorfs hér á landi en nú.

Þegar Íslendingar byrjuðu að setja sér sjálfir skattalög til landsþarfa með tíundarstatútu Gissurar byskups árið 1096, þá skiftu þeir niður tekjunum í 4 flokka, biskupstíund, preststíund, kirkjutíund og fátækratíund. Ef menn þá hefðu bætt við 5. flokkinum, gjaldi til þess að fyrirbyggja hallæri, þá væru aðrar horfur en nú eru.

Þessi mótbára, að málið sé óundirbúið, er á engum rökum bygð. Það má

alt af slá slíku fram, en það verður tæpast sagt um þetta mál með sanni. Á seinni tímum hefir þetta mál verið rætt all-ítarlega. Þó ekki hafi verið ákveðið neitt um það, *hvernig* því yrði komið í sem bezt horf, eða með öðrum orðum, hverja aðferð væri tiltækilegt að hafa til að koma því á góðan rekspöl. Jafnvel andstæðingar málsins þora ekki að staðhæfa, að þessi aðferð, sem hafin er með því frumv., sem fyrir liggur um stofnun bjargráðasjóðs, sé skökk, og því er líka ástæðulaust að fresta því. Það hefir verið stungið upp á því, að vísa málinu til stjórnarinnar. Hvaða líkindi eru fyrir því, að stjórnin hafi hér fremur ráð undir rifi hverju, heldur en þingmennirnir, sem þjóðin kýs til að ráða sínum ráðum? Og þó að það sé góð regla að leggja ekki skatt á þjóðina að henni fornspurðri, þá get eg ekki viðurkent, að þetta tryggingargjald, sem hér er um að ræða, sé skattur í eiginlegri merkingu, þar sem iðgjöldin til sjóðsins eiga að greiðast af þeim sem eiga að njóta þeirra. Þetta fé er ekki heldur neitt eyðslufé, heldur þvert á móti ætlað til þess að það sé geymt, safnað í sjóð og ávaxtað þangað til þörf er á að grípa til þess. Það mætti með jafnmiklum rétti segja, að bera ætti undir þjóðina allar stærri fjárveitingar úr landssjóði. Og þó er það jafnaðarlega látið undir höfuð leggjast. Þegar hv. 2. þm. Rang. (E. P.) fór fram á það við stjórnina, að hún veitti kjördæmi hans vaxtalaust lán úr landssjóði að upphæð 25,000 kr., til þess að bæta kjör manna og hjálpa þeim eftir landskjálftana síðustu, þá talaði háttv. þingm. ekkert um það, að það ætti að bera það fyrst undir þjóðina. Nei, hann beið ekki einu sinni eftir því með málaleitunina, að þingið kæmi saman. Þetta fé var veitt af því að knýjandi nauðsyn bar til. Þetta var og rétt og sjálfsagt, en betra hefði verið að sýslufélagið hefði átt sérstakan hjálpsjóð, svo að ekki hefði þurft að leita til landssjóðs. Því að það má líta svo á, að það að veita vaxtalaust lán úr landssjóði, sé að leggja óbeinlínis skatt á þjóðina. Nefndin getur því ekki fallist á, að það sé nein knýjandi ástæða til þess að fresta málinu nú, heldur sé rétt að leiða það til lykta. En komi það í ljós við reynsluna, að á því sé einhver agnhnúi, er jafnan innan handar að laga það síðar.

**Bjarni Jónsson:** Eg skal ekki lengja umræðurnar, en vildi að eins mæla nokkur orð til þess — eins og margir segja — að gera grein fyrir mínu atkvæði. Eg ætla ekki að fara í gegnum sjálfan mig, eins og sumir aðrir hv. þingm. hafa gert, heldur mun eg standa við mitt atkvæði, sem eg greiddi málinu við 2. umr.

Eg hefi aldrei embættismaður verið, en heyrt hefi eg sagt, að embættismönnum væri skylt að leggja fé í sjóð til þess að tryggja konum sínum lífsuppeldi, að þeim fráföllnum. Þetta tel eg góða reglu, sem ekki að eins embættismenn ættu að hafa, heldur líka aðrir. Ellistyrktarsjóðir eru líka stofnaðir í því skyni, að landsmenn leggi fé í þá til þess að tryggja sér framtíð sína. Og í þessu sama skyni skal þessi bjargráðasjóður stofnaður, ekki að eins til þess að tryggja mönnum yfirstandandi tíma, heldur framtíðina. Er það því hárrétt sem háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) sagði, að það væri of seint að byrgja brunninn, þegar barnið væri dottið ofan í. Því þó ekki sé komið hallæri, þá getur það þó komið síðar. Skil eg ekki, að menn geti sagt það í alvöru, að ekki sé þörf á þessum sjóði, og of seint yrði að fara að stofna hann, þegar hallærið er komið. Eg ætla að hér hafi komið til

umræðu sjóður einn i Eyjafirði, sem nú nemur 50—60 þús. kr. Ef fyrst hefði verið stofnað til hans nú, þá væri hann líklega minni en hann er. Segi eg þetta til þess að sýna, hve hlægilegt það er að koma fram með slíkar ástæður, að það liggi ekkert á að stofna þennan sjóð; það er engin ástæða. Því fyr sem þessi sjóður er stofnaður, því betra. Og að rangindi séu höfð í frammi við landsmenn með stofnun þessa sjóðs, þá get eg ekki fallist á það. Eg teldi það engin rangindi þó jafnvel nefskattur væri lagður á þjóðina til þess að stofna þennan sjóð, því þegar hallæri kemur, þá kemur það niður á hvern einasta mann. Það kemur hart niður á sjávarbúum, komi hallæri yfir sveitirnar og sveitamenn verði að fella fé sitt. Eg vildi biðja menn að hugsa um, hvernig kjötverðið yrði hér í Reykjavík, ef fellir yrði á fé í sveitunum. Ætli mönnum fyndist það ekki verða ærið hátt þá, þegar mönnum finst það fullhátt nú, þegar pundið kostar nú 50 aura og þar yfir.

Hallæri getur líka stafað af öðru en hafís, það getur komið af eldsumbrotum, landskjálftum og slíku. Og nýlega hefir það verið talið skylt, að landið hlypi undir bagga í slíkum tilfellum. Og yrði þessi sjóður stofnaður, þá lægi nóg fé fyrir til þessa. Og menn verða að gæta að því, að þó þessi sjóður verði stofnaður, þá er þó féð ekki tapað fyrir því. Eg gæti hugsað mér, að ef haldið verður áfram að veðsetja tekjur landssjóðs, eins og t. d. hefir verið gert við tekjurnar af símanum, ef menn fara nú að veðsetja húsaskattana og ábúðarskattana, þá get eg hugsað mér, að ekki verði mikið fé til þess að grípa til, beri hallæri að höndum. Og hvar er þá lánstraust landsins, sem menn segjast bera svo mjög fyrir brjósti? Menn byggja það þá líklega á hordauðum lambsskrokkunum einum.

Þetta skraf, að það sé að eins á Norðurlandi sem hallæri geti orðið, þá undrar mig það, að nokkur maður skuli geta látið út úr sér aðra eins fjarstæðu. Sjálfur hefi eg aldrei átt heima á Norðurlandi, en það veit eg, að þegar hallærið var árið 1882, þá var eg oft svangur og kaldur og þreyttur, þó eg ætti ekki heima á Norðurlandi. Og séð hefi eg skepnur drepast úr hor í Borgarfirði, þótt aldrei hafi þar ís komið að landi. Hafísinn hefir sömu áhrif á alt landið og þokan og rigningin, og sé enginn maturinn til, þá stoðar ekki þó allar hafnir séu auðar. Og ekki stoða peningar, ef engan matinn er hægt að fá. Og undarlegir eru þeir menn, sem ekki vilja að menn komi upp hjá sér birgðum til þess að grípa til, ef í harðbakkann slær, heldur vilja að landssjóður fari þá að leggja mönnum til fé, eins og þeir haldi að þeir peningar séu lostætari.

Og um þennan frest, svo eg komi nú að honum, þá veit enginn hvenær hallæri getur komið. Það getur komið þá og þegar, það getur komið á meðan verið er að bollaleggja, hvernig eigi að verjast því. Hvar eru bréf fyrir því að hafísi komi ekki í vetur? Hvar eru bréf fyrir því að skip komist til norðurlands frá því í Marz og fram til höfuðdags? Einhver vitur maður hefir sagt hér að hægara væri að koma gufuskipum í gegnum hafís en seglskipum. En það eru engin skip, hvorki gufuskip eða seglskip, sem geta siglt í gegnum hafís. Það hefir verið sagt, að menn væru betur undir hafísinn búnir nú en áður fyr. En það er ekki rétt. Nú er enginn sá kaupstaður, sem hefir svo mikinn forða að hann þrjóti ekki, teppist skipagöngur. En það vissi eg að hallærisárið

1882, þá höfðu allar verzlanir á hverjum einasta firði fyrir norðan land birgt sig svo vel upp með korni, að það entist fram á sumarið, og varð þetta til þess að bjarga mönnum frá bæði skepnufelli og mannfelli. Og þegar það er nú ekki meir en hér er farið fram á, þá skil eg ekki, hvað þeir menn hafa fyrir sig að bera, sem eru á móti því. Þetta, sem er svo lítið, að það getur ekki heitið nema byrjunin ein, og eg er þess fullviss að þjóðin ekki að eins heimtar þetta, heldur líka að sjóðurinn verði aukinn og það að miklum mun. Eg vissi um það að t. d. í Dalasýslu, þar vildu menn leggja á sig nefskatt til þessa. Og verði svo sjóðurinn svo stór að ekki þurfi að nota hann allan til hallærisvarna, þá má nota hann til einhverra annara þarflegra fyrirtækja. Þessu fé verður því ekki á glæ kastað, þó svo hallæri aldrei kæmi. *Guðm. Eggerz:* Maður getur kannske búið til hallæri!). Nei, við hvorki viljum né getum búið til hallæri, en þeim er það skömm mikil, sem þannig tala, og verra verður það fyrir þá, þegar fólk kemur til þeirra og biður þá um að fá eitthvað að borða.

Hvað annað er verið að gera hér, en heimtað er af bændunum, að þeir setji ekki svo á á haustin að skepnur þeirra falli úr hor? Hvað er hér heimtað af landsins hálfu annað en það sem heimtað er af hverjum einstaklingi? Og þegar einstaklingarnir duga ekki, þá á landið að duga. Og þeir menn, sem segja að þetta sé skattur, og megi ekki leggja hann á að þjóðinni fornspurðri, þeir þekkja ekki þjóðina, því heyrt hefi eg um þetta mál fjallað frá því 1882, þó það hafi ekki fram komið fyr en nú, og þó er þetta ekki nema byrjunin ein, þá er það ílt verk og óþokkað að vera á móti því. Og ekki hygg eg að háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) hljóti neitt þakklæti kjósenda sinna fyrir framkomu sína í þessu máli. Hann má vera viss um það, að hann fær ekki þökk landsmanna fyrir þetta, ekki einu sinni úr sínu eigin kjördæmi, þó að þar væru tóm kauptún. Þeir munu skilja það, eins og aðrir, að vér erum aldrei trygðir fyrir hallæri fyr en alt landið er altrygt í einu lagi, eins og hér er gert. Og það er svo langt frá því, að þetta hræði erlendar þjóðir frá viðskiftum við oss, af því, að það bendi á að landið sé ilt, að það er einmitt þvert á móti. Því að þegar þær sjá, að hér býr þjóð með viti og fyrirhyggju, þjóð, sem sér fyrir því, að hana þurfi ekki að reka upp á sker, hvað sem á bjátar, heldur hefir hjálparmeðul, þótt atvinnuvegir hennar þrotni að einhverju leyti um stundarsakir, — þá verða þær auðvitað allar þess fúsari til að lána oss fé. Hitt er ekki frambærilegt fyrir mentaða og nokkurn veginn skynbæra menn; það ætti öllum að vera skiljanlegt, ef gáfnafarið er ekki í því verra lagi. Eg hygg líka að engum detti í hug að halda slíku fram í alvöru, en það er svo oft, að hér á þingi getur að heyra ýmislegt, sem hvergi er boðlegt annarstaðar. Það er svo oft, að ef einhver sleppur hér inn á þing og þykist hafa ráð á atkvæði sínu, þá er ekki hugsað um annað, en að veifa sleggjunum, og þykjast hafinn yfir venjulegar hugsunarreglur. Ef þessir menn væru orðnir einvaldsherrar, hvað verður þá af umkvörtununum yfir ofbeldi og misbeitingu valdsins o. s. frv. Nei, hér á þessum stað eru menn skyldir til þess, að flytja fram fullgildar og rökréttar ástæður fyrir sínu máli.

Þetta var það, sem eg vildi sagt hafa, áður til atkv. væri gengið.

**Einar Jónsson:** Það er, eins og kunnugt er, margt, sem mælir með þessu

frumvarpi. En það er líka margt, sem mælir á móti því, og eg þarf ekki »recept« frá landlækni um það, sem lesa má um liðin hallærisár í árbókunum og víðar. Þeir hafa satt að mæla, sem segja það, að hallæri getur alt af komið fyrir. En eg vil spyrja að öðru. Hver á að bjarga og borga, ef hallæri kemur nú á næstu árum, þó þingið samþykki nú þennan umrædda harðærissjóð?

Það er ekki svo að skilja, að mér sé ljúft að vera á móti þessu frv. En hér er tvent, sem rekkur sig hvað á annað. Öðrum megin er hér um það að ræða, að stofna þarflegan sjóð, og því er eg fylgjandi, en hins vegar um það, að bæta persónulegum útgjöldum á þjóðina, og það er mér meinilla við. En með þeim breytingum, sem háttv. nefnd hefir nú lagt til að gerðar verði á frv., er mér miklu nær skapi að fallast á það, en áður. Eg álít sem sé að mjög mikil bót sé að flestum breyt.till. á þgskj. 751, þótt ekki geti eg sagt svo um þær allar. Hitt er nú nýskeð fram komið, að fela stjórninni málið, og álít eg að vísu að það gæti verið hyggilegt og æskilegt, en það dregur málið á langinn. Og þar sem nú hafa verið góð ár að undanförnu, ætti mönnum að vera minni vorkunn nú en oft endranær að hrinda þessu áleiðis.

Hvað það snertir, að málið sé lítt undirbúið, þá er það að vísu satt, að það hefir ekki verið borið undir þjóðina, sem vel hefði þó mátt vera. Og þar sem það er rétt, sem tekið hefir verið fram, að sumir landshlutar eru í miklu meiri hættu fyrir harðindum en aðrir, mætti ef til vill búast við því, að undirtektirnar yrðu misjafnar. En ekki vil eg þó fara eftir því, og þótt minu kjördæmi sé heldur vel í sveit komið, og það þurfi síður að óttast hallæri en mörg héruð önnur, þá er eg ekki eigingjarnari en svo, að eg vil ekki skorast úr leik þessvegna. Og vissi eg vilja kjósenda minna með mér, þá skyldi ekki standa á mínu atkvæði. Því að eg kannast fyllilega við, að það er rétt, sem sagt hefir verið, að

»Feðranna dáðleysi' er barnanna böl,
og bölvun í nútíð er framtíðar kvöl«.

Og ánægðir værum við nú, ef forfeður vorir hefðu verið búnir að stofna slíkan sjóð áður.

Eg vil því lýsa yfir því, að þótt eg hafi verið nokkuð móthverfur þessu frv. áður, þá er eg því nú miklu hliðhollari eftir þessar breytingar.

Mig furðaði á því, að háttv. 2. þm. Húnv. fór að tala um það, að í Rangárvallasýslu hefði fé farist í sandroki. Það er satt, en það er þó fátt, og slíkt er ekki hallæri og kemur því ekki þessu máli við, þótt nokkrar kindur farist í illviðrum og svo skaðasárir eða litlir eru Rangvellingar ekki, að þeir telji þess konar óhöpp hallæri.

Þá talaði háttv. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.) um það, að ekki ætti við fyrir Rangæinga að vera á móti þessu, þar sem þeir hefðu áður beiðst hjálpar í vandræðum sínum, þegar jarðskjálftarnir gengu. Það er að vísu satt, að þeir gerðu það, en þó ekki á þann hátt, sem hér er um að ræða. Þeir báðu um lán úr landssjóði og það fekst. Það var vel gert að veita það og sýslubúar voru þakklátir fyrir. En lán úr landssjóði er ekki sama sem persónugjald frá hverjum manni, og eg er hræddur um, að Rangæingum hefði veitt örðugra að fá þessa hjálp á þann hátt.

Eg skal svo ekki lengja umr. meira, en mun reyna að sýna það við atkvæðagreiðsluna, að eg sé sanngjarn í þessu máli.

**Kristinn Daníelsson:** Háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) hjó eftir því sem eg sagði, að hér væri verið að fara ofan í

vasa einstaklinga, og spurði svo, úr hvers vasa ætti að taka þetta gjald, ef eigi landsmanna. En eg tók það þó greinilega fram, að það væri verið að taka það *beint* úr vasa einstaklinganna, og það er munur, hvort það er tekið þannig eða úr almennum sjóðum. t. d. landssjóði

Sami háttv. þingmaður sagði, að þetta væri skattur á þjóðina, ef það væri tekið úr landssjóði; en það sjá þó allir, hver munur er á þessu tvennu. Menn kenna ekki fyrri en kemur að hjartanu, þegar á að fara að heimta persónuleg gjöld af fátæklingum og buddan er tóm. Mér virtist ekki laust við að háttv. þm. sneri út úr fyrir mér, í þá átt, að eg ætlaðist til að koma þessu gjaldi á útlendinga. Það dettur mér ekki í hug, en hitt er þó víst og satt, að ýmis gjöld renna í landssjóðinn frá útlendingum, og þau gjöld geta vaxið.

Eg skal geta þess, að þessi sami hv. þingmaður var ekki svo fjarri því, undir meðferð málsins, að héruðunum væri í sjálfsvald sett hluttaka þeirra í þessu máli. Eg hefði því fremur getað búist við því, að hann fylgdi mér að tillögu minni eða jafnvel flytti hana, sem eldri og reyndari þingmaður, en eg stutt hana.

Eg er þakklátur háttv. framsögum. fyrir það, að hann tók ástæður mínar til greina, þótt hann gæti ekki fallist á þær. Hann áleit ekki rétt að fresta málinu, þar sem nú væri þegar fengin föst niðurstaða. Eg veit nú ekki, hvort hér er hægt að tala um fasta niðurstöðu, þar sem málið er fyrst fram komið á þessu þingi, og hefir auk þess sætt hér töluverðum mótmælum.

Háttv. framsögumaður sagði, að það hefði átt að vera búið að þessu fyrir mörgum öldum. Eg skal ekki bera á móti því, að það hefði verið æskilegt, en úr því að það hefir nú dregist svona lengi, þá finst mér ekki muna miklu um eitt eða tvö ár enn. Og ef spurt er, hvað sé unnið við þann drátt, þá er því fljótsvarað, að þá fengi stjórnin umhugsunarfrest til að undirbúa málið, meðal annars til þess að athuga alt, sem lagt hefir verið til þess með og móti á þessu þingi, og það er mikið, og svo vitanlega bæta þar við því sem hún kann að finna málinu til upplýsinga. Málið er ekki glatað fyrir því og þá gæti þingið gengið að samþykt þess með betri samvizku, ef þjóðin hefði áður fengið að dæma um það.

Háttv. þingm. Dal. (B. J.) bar saman kvaðir, þær sem frumvarp þetta leggur á menn, við skyldu embættismanna til þess að leggja fé í ekknasjóð. Þetta á ekkert skylt hvað við annað, því að þessari skyldu embættismanna er svo fyrir komið, að gjald þeirra er að nafninu sniðið eftir launahæð þeirri, sem þeim er veitt af inu sama löggjafarvaldi, sem leggur á þá skattinn. En það vald hefir ekki ætlað alþýðu manna neinar sérstakar tekjur til þess að taka þetta gjald af.

Og svo er eitt. Hvar höfum við bréf fyrir því, að harðindi komi ekki strax á næstu árum? Ef svo færi, þá væri lítið unnið. Eg geri mér ekki vonir um það, að þessi sjóður komi að notum fyr en hann er orðinn nokkuð stór, og mest gagn yrði auðvitað að honum, ef hann gæti orðið mjög stór. Hitt væri ekkert vit, að fara að smá-mjatla úr honum áður en honum væri almennilega vaxinn fiskur um hrygg.

Sami háttv. þingmaður talaði mjög geist um það, að við, sem viljum fara mjög varlega í þessu máli, hefðum ekkert fyrir okkur að bera. Hann hefir víst ekki tekið eftir því, að eg færði full rök að því, að ástæða væri til að leggja þetta undir samþykt þjóðarinnar sjálfrar. Hann var sannfærður um það,

að þjóðin mundi heimta þetta. Jæja, það er ágætt ef svo er. Þá er eg líka með því og þá er engu spilt. En hitt þarf hann ekki að halda, að eg sé hræddur um að kjósendur áfellist mig fyrir framkomu mína í málinu nú. Eg er viss um, að eg fæ þakklæti fyrir það að farið var varlega og viljað að málið væri athugað sem bezt. Og eg er enn á því, að full ástæða væri til þess að bera málið undir fleiri menn en þá sem þjarkað hafa um það hér í sumar.

**Bjarni Jónsson:** Eg vil að eins gera örstutta athugasemd við ræðu hv. 2. þm. G.-K. (Kr. D.).

Það var ekki ætlun mín, að bera það saman, hvaðan ætti að taka peningana í þessa tryggingarsjóði. Hitt vildi eg sagt hafa, að þar sem það er skylda, að tryggja ekkjur embættismanna, þá ætti það ekki síður að vera sjálfsagt, að tryggja alla þjóðina fyrir voða, enda þótt bæði eg og aðrir vilji að ekkjur eigi við góð kjör að búa.

Hann spurði, hvar væri bréf fyrir því, að ekki kæmi harðindi á næstu árum, og sagði, að þá væri sjóðurinn ónýtur. En það eru alveg jafnlítil bréf fyrir því, hve nær sem sjóðurinn er stofnaður, svo að þetta má engan fæla. Hins vegar er það víst, að hann stækkar því fyr, sem hann er fyr stofnaður. En það veit eg, að hann mundi ekki geta bjargað mönnum frá hallæri, ef svo illa vildi til, að það bæri að höndum næstu árin eftir að hann er stofnaður. Eg vildi ekki segja það, að hann hefði ekkert fyrir sig að bera í sínum mótbárum gegn frumvarpinu, eða þær væri allar jafnónýtar, sem hér hafa fram komið. Eg sagði þetta um þá eina, sem vilja halda því fram, að sjóðsstofnun þessi mundi veikja lánstraust vort út á við. Eg skar ekki alla niður við sama trogið; og þó að eg geti ekki fallist á ástæður þessa háttv. þm., þá tel eg þær þó það betri en hitt, að eg átti alls ekki við þær, þegar eg talaði þessi hörðu orð.

Hann segir, að enginn skaði sé skeður, þótt málið bíði til næstu ára, ef það þá sýnir sig, að þjóðin sé því fylgjandi. En að því er að hyggja, að töluvert mundi safnast á þeim fresti, og nú höfum vér það í höndum oss, að hrinda málinu af stað. En hitt vitum vér aldrei, hverjir kosnir verða næst, og þótt þeir heiti þá þjóðinni að fylgja þessu máli, þá er ekki víst að þeir verði svo orðheldnir, að þeim geti ekki t. d. dottið í hug að vísa málinu til stjórnarinnar, eða þá finna upp á því, að það sé ekki nógu undirbúið. Þess háttar má alt af segja. En þetta mál hefir nú verið undirbúið í 1000 ár, og það af öllum þeim öflum hér innanlands — eg á ekki við erlenda kúgara og þjófa — sem þessu landi hafa þjakað, og það ætti sannarlega að vera nokkur undirbúningur.

Eg hefði ef til vill ekki þurft að svara þessu, en af því að hv. þm. hélt, að eg hefði haft öll þessi hörðu orð um allar mátbárur gegn frumv., bæði hans og annara, þóttist eg verða að láta hann vita, að eg átti þar einungis við þessa einu firru um lánstrausts-spjöllin, og hún átti þessi ummæli sannarlega skilið.

ATKV.GR.:

Tillaga um að vísa málinu til stjórnarinnar feld með 15 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Bjarni Jónsson |
| Jón Jónsson | Jóh. Jóhannesson |
| Benedikt Sveinsson | Jón Ólafsson |
| Björn Kristjánsson | Kristján Jónsson |
| Guðmundur Eggerz | Magnús Kristjánss. |
| Halldór Steinsson | Matthías Ólafsson |
| Kristinn Daníelss. | Ólafur Briem |
| Lárus H. Bjarnason | Pétur Jónsson |
| Skúli Thoroddsen | Sig. Sigurðsson |

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| | Stefán Stéfánsson |
| | Tryggvi Bjarnason |
| | Valtýr Guðmundss. |
| | Þorleifur Jónsson |

Einar Jónsson og Hannes Hafstein greiddu eigi atkv. og töldust til meiri hlutans.

Brt. 766 við brt. 751, I, feld með 14:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Bjarni Jónsson |
| Jón Jónsson | Hannes Hafstein |
| Benedikt Sveinsson | Jóh. Jóhannesson |
| Björn Kristjánss. | Jón Ólafsson |
| Einar Jónsson | Kristján Jónsson |
| Guðm. Eggerz | Magnús Kristjánss. |
| Halldór Steinsson | Matthías Ólafsson |
| Kristinn Daníelss. | Ólafur Briem |
| L. H. Bjarnason | Pétur Jónsson |
| Skúli Thoroddsen | Sig. Sigurðsson |
| | Stefán Stefánsson |
| | Tryggvi Bjarnason |
| | Valtýr Guðmundss. |
| | Þorleifur Jónsson |

Brt. 751, 1, samþ. með 18:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Benedikt Sveinsson | Eggert Pálsson |
| Bjarni Jónsson | Jón Jónsson |
| Einar Jónsson | Guðm. Eggerz |
| Jóh. Jóhannesson | Hallór Steinsson |
| Jón Ólafsson | Lárus H. Bjarnason |
| Kristinn Daníelss. | |
| Kristján Jónsson | |
| Magnús Kristjánss. | |
| Matthías Ólafsson | |
| Ólafur Briem | |
| Pétur Jónsson | |
| Sig. Sigurðsson | |
| Skúli Thoroddsen | |
| Stefán Stefánsson | |
| Tryggvi Bjarnason | |
| Valtýr Guðmundss. | |
| Þorleifur Jónsson | |

Björn Kristjánsson greiddi ekki atkv. og taldist með meiri hlutanum.

Tveir þingmenn fjarstaddir.

Brt 751, 2, samþ. með 13:2 atkv.

Brt. 751, 3, samþ. án atkv.gr.

Brt. 751, 4, samþ. með 16 shlj. atkv.

Brt. 751, 5—10 incl., sþ. án atkv.gr.

Frv., þannig breytt, samþ. með 15:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Bjarni Jónsson | Eggert Pálsson |
| Hannes Hafstein. | Jón Jónsson |
| Jóh. Jóhannesson | Benedikt Sveinsson |
| Jón Ólafsson | Björn Kristjánsson |
| Kristján Jónsson | Guðmundur Eggerz |
| Magnús Kristjánss. | Halldór Steinsson |
| Matthías Ólafsson | Kristinn Daníelss. |
| Ólafur Briem | Lárus H. Bjarnason |
| Pétur Jónsson | Skúli Thoroddsen |
| Sig. Sigurðsson | |
| Stefán Stefánsson | |
| Tryggvi Bjarnason | |
| Valtýr Guðmunds. | |
| Þorleifur Jónsson | |

Einar Jónsson greiddi ekki atkv. og taldist með meiri hlutanum.

Einn þingm. fjarstaddur.

Endursendist Ed.

---

FRUMVARP til laga um forðagæzlu (703, 748, 749, 750); 3. u m r.

**Framsm. (Ólafur Briem):** Nefndin hefir komið fram með breyt.till. við þetta frumv. á þgskj. 750.

1. brt. er við 1. gr., að við hana sé bætt ákvæði um, að ef fleiri en einn forðagæzlumaður er í hverjum hreppi, þá geti hreppsnefndin skift hreppnum í jafnmörg forðagæzluumdæmi, og að hver forðagæzlumaður hafi þá sitt svæði til umsjónar. Það er ekki nema eðlileg afleiðing, ef forðagæzlumenn eru fleiri en einn, að hreppnum sé skift á milli þeirra. Það mundi spara talsverðan

kostnað, ef forðagæzlumenn eru t. d. tveir, að þeir færu ekki báðir saman um allan hreppinn, heldur hvor um sinn hluta. Hins vegar er hreppsnefndunum ekki meinað með þessu að hafa það fyrirkomulag, ef þeim þykir það tryggilegra eða á einhvern hátt heppilegra.

2. brt. á þgskj. 750 er við 12. gr., og er hún einungis lagfæring á tilvitnun.

3. og síðasta brt. nefndarinnar á þessu sama þgskj. er einnig við 12. gr. Það er að eins orðabreyting, að fyrir »opinber« komi: almenn.

Þá hafa nokkrar brt. komið fram frá einstökum háttv. þingm. Háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.) og háttv. 1. þm. Arn. (S. S.) hafa borið fram brt. á þgskj. 749. Þær breytingar getur nefndin að miklu leyti aðhylst.

1. brt. er við 3. gr., að fyrir orðin »í vetrarbyrjun« komi: snemma vetrar. Þetta er að eins lítil efnisbreyting, og er nefndin á því, að betra sé að orða þetta ákvæði þannig, heldur en það er gert í frumv.

2. brt. er einnig við 3. gr., að ákvæðið um, að forðagæzlumaður skuli jafnan mæla heyin og meta fóðurgildi þeirra, falli burt. Nefndin er reyndar á því, að meira en ekki minna sé komið undir því, að miðað sé við fóðurgildið, heldur en við fóðurmagnið, þegar um ásetning er að ræða. En hins vegar lítur hún svo á, að hver forðagæzlumaður muni hafa þetta fyrir augum, og þess vegna nægi að taka það fram í frumv., að heybirgðir, kornvörubirgðir og aðrar fóðurbirgðir skuli rannsakaðar á hverju heimili. Þess vegna hefir nefndin ekkert á móti því, að þessi breytingartill. verði samþykt.

3. brt. er við 7. gr. og lýtur að því, að kaup forðagæzlumanna sé ekki einskorðað við 2 kr. fyrir daginn eins og í frumv., heldur fari það eftir samkomulagi við hreppsnefndina, hvert kaupið sé, og hámarkið sé að eins til tekið og bundið við 2 kr. Það hefir vitaskuld vakað fyrir aðalflutningsmönnum frv., að meiri trygging væri fyrir því að starfið yrði betur rækt, ef vissa væri fyrir því, að það yrði ekki lakara borgað en þetta. Nefndin sér þó ekkert verulegt á móti því, að það fari eftir samkomulagi við hreppsnefndina, hvert kaupgjaldið verður í hverju einstöku tilfelli; enda er það í fullu samræmi við gildandi lög, horfellislögin frá 9. Febr. 1900.

Þá er 4. brt. við 8. gr. Hún er, að áliti nefndarinnar, heldur til skemda, þar sem hún fer fram á, að felt sé burt ákvæðið um, að sýslunefnd semji reglugerð fyrir forðagæzlumenn »eftir fyrirmynd sem bjargráðastjórn landsins lætur í té«. Nefndin álítur, að slík fyrirmynd gæti orðið til mikilla þæginda og hægðarauka í einstökum tilfellum og vill því síður að frumv. sé breytt í þessu atriði, án þess þó, að hún leggi nokkra verulega áherzlu á það.

5. breyt.till. er við sömu grein, að felt sé burt ákvæðið um, að stjórnarráðið leiti í hvert skifti álits bjargráðastjórnar áður en það samþykki reglugerðirnar um störf forðagæzlumanna. Nefndin hefir ekkert á móti því að stjórnarráðið verði látið sjálfrátt í þessu atriði og fellir sig því við að breyt.till. verði samþykt.

6. og 7. breyt.till. eiga við 11. gr. Þó að þær séu tvær, þá standa þær samt sem áður í nánu sambandi hvor við aðra. Þær lúta að því, að nægilegt sé, að forðagæzlumaður geri hreppstjóra aðvart, ef búandi fer ekki að ráðum hans, svo að til vandræða horfi út af því, og að hreppstjóri geri síðan nauðsynlegar ráðstafanir, án þess að sýslumaður þurfi þar nærri að koma. Það er auðvitað, að það væri krókaleið og mundi tefja tímann, að þurfa að leita

til sýslumanns í hverju einstöku tilfelli og er nefndin því eindregið á því að þessi breyting sé til bóta og vill mæla með því að hún verði samþykt.

Tilgangurinn með því að setja þetta ákvæði í frumvarpið var vitanlega sá, að koma í veg fyrir að gerræði væri beitt í þessu efni. En hins vegar má ganga að því vísu, að hreppstjórar séu alment manna kunnugastir hvernig til hagar hver í sínum hreppi, og þess vegna er þeim trúandi til að gera þær ráðstafanir, er bezt henta í hverju einstöku tilfelli.

Sem sagt þá aðhyllist nefndin allar breytingartill. þessara tveggja háttv. þingmannna (Þ. J. og S. S.), nema 4. till. Henni er nefndin heldur mótfallin, án þess þó að hún geri það að nokkru kappsmáli.

Þá hefir háttv. 2. þm. Rang. (E. P.) komið fram með breytingartill. á þgskj. 748, sem lýtur að því, að setja frekari takmarkanir viðvíkjandi kaupi fordagæzlumannanna, sem sé að það megi aldrei fara fram úr 1 kr. fyrir hvern búanda hreppsins. Nefndin álítur, að það sé nægileg takmörkun, að binda kaupið við hámark 2 kr. fyrir daginn og að með því sé fengin nægileg trygging fyrir því, að fé hreppsins verði ekki notað að óþörfu og að hæfilegs sparnaðar verði gætt, sem ávalt er gott og nauðsynlegt, þar sem því verður við komið. Nefndin getur því ekki talið nauðsynlegt að setja ákvæði um, að fordagæzlukostnaðurinn megi ekki nema meiru 1 kr. á hvern búanda í hreppnum, eins og háttv. þm. (E. P.) fer fram á. Þetta ákvæði er heldur ekki í gildandi lögum, horfellislögunum frá 9. Febr. 1900, og veit eg ekki til að það hafi nokkurn tíma sýnt sig að á því væri þörf. Og enn óþarfara verður það ef till. háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.) og háttv. 1. þingm. Arn. (S. S.) gengur fram, að kaupgjaldið skuli vera eftir samkomulagi við hreppsnefndina og að hámarkið sé 2 kr. fyrir daginn. Nefndin verður því að leggja á móti að þetta atriði verði samþykt.

**Þorleifur Jónsson:** Eg skal fyrst játa, að eg hefi ekki sérlega mikla trú á nytsemi þannig lagaðra laga eins og þetta frumvarp er, sem nú liggur fyrir. Við höfum haft um nokkurn tíma þess konar lög, horfellislögin frá 9. Febrúar 1900, og eg held að flestir viðurkenni, að þau hafi ekki gert sérlega mikið gagn. Eg held, meira að segja, að þau lög hafi reynst alt annað en praktisk, og það er varla við öðru að búast. Það er mikið vandaverk að setja lög um, hvernig menn eigi að hegða sér, sem atvinnurekendur. Það er vandasamt að semja lög, sem skipa vissum mönnum að búa fyrir sveitunga sína að meiru eða minna leyti. Margir þeir sem telja slík lög nauðsynleg, hafa haldið því fram, að það hafi vantað í horfellislögin frá 9. Febrúar 1900, að haustskoðanir skyldu fara fram. Það má vel vera, að þær hefðu gert frekara gagn en vorskoðanirnar einar, því skal eg ekki neita, þó að eg hins vegar geti ekki viðurkent, að þetta sé það eina sem að þeim lögum má finna. En þó að eg hafi nú ekki mikla trú á þannig löguðum fyrirskipunnm, þá vil eg ekki beinlínis leggjast á móti þessu frumv. Eg vil að þeir er halda því frekast fram, að þetta sé allra meina bót, fái að komast að raun um, hvort það verður til þess að bæta búskapinn að því leyti, að skynsamlegar verði sett á og menn þar af leiðandi betur búnir undir harða vetur. Þess vegna hefi eg ásamt háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) komið fram með nokkrar breytingartill. viðvíkjandi einstökum atriðum frumvarpsins. Háttv. framsm.

(Ol. Br.) tók vel á þeim öllum og þarf eg þess vegna ekki að eyða mörgum orðum að þeim.

1. brt. okkar á þgskj. 749 fer fram á, að í 3. gr. komi: snemma vetrar, í stað orðanna »í vetrarbyrjun«. Það hagar svo til í mörgum hreppum hér á landi, að óheppilegt er að skoðunin fari fram í vertarbyrjun. Fé er þá víða varla komið að og í mörgum útigangssveitum getur það dregist fram undir Jól, að fénaður sé kominn að húsi. Þess vegna fanst okkur rétt, að binda ekki skoðunina við vetrarbyrjun, og álítum nægilegt að ákveða að hún skyldi fara fram einhvern tíma snemma vetrar.

Þá förum við fram á, að síðasti málsliðurinn í 3. málsgr. 3. gr. falli burt. Við eru hræddir um, að mörgum skoðunarmönnum muni verða erfitt að mæla heyin, en þó *einkum að meta fóðurgildi þeirra.* Við búumst því ekki við öðru, en að ákvæði um það yrði ekki annað en dauður bókstafur. Það eru miklir annmarkar á því fyrir ókunnuga menn, að komast að því, nokkurn veginn með vissu, hve miklar heybirgðirnar eru á þeim og þeim stað. Það er auðvitað hægara þar sem heyunum er kastað úti, en þar sem þau eru í hlöðum, verður skoðunarmaðurinn að fara að mestu leyti eftir því sem bóndinn segir til. Og að meta fóðurgildi heyjanna, það verðum við að álíta, í flestum tilfellum, alveg óframkvæmanlegt.

3. brt. okkar fer fram á, að því sé einhver takmörk sett, hve mikið sveitasjóðunum beri að borga fyrir þessa forðagæzlu. Menn munu álíta, að ef hún verður ekki að miklu gagni, þá sé hún því verri því dýrari sem hún sé. En eins og frumvarpsgreinin er nú orðuð, þá er ekki loku skotið fyrir það, að skoðunarmennirnir geti ekki teygt tímann eins og þeim sjálfum sýnist. En með því móti gæti kostnaðurinn orðið all-tilfinnanlegur fyrir hreppssjóðina. Við viljum því breyta greininni þannig, að það fari eftir samkomulagi milli hreppsnefndar og skoðunarmanna, hvert kaupið verður. Eg ímynda mér, að horfellislögin frá 1900 hafi víða þótt leggja hreppunum óþarfa byrði á herðar. Eftir þeim var þó ekki nema um eina skoðun að ræða. En þegar nú á að fara að borga fyrir tvær eða fleiri skoðanir, þá er eg hræddur um, að menn muni rísa mjög á móti því, einkum þeir sem álíta, að þetta muni ekki gera mikið gagn. Við álítum, að það sé til talsverðra bóta, að breyta greininni á þann hátt, sem við förum fram á.

Þá höfum við í fjórða lagi komið fram með brt. við 8. grein frumvarpsins um, að niður falli ákvæðið um, að sýslunefnd semji reglugerð forðagæzlumanna »eftir fyrirmynd, sem bjargráðastjórn landsins lætur í té«. Þetta ákvæði kann í sjálfu sér að gera lítið til, en það hefir verið skoðun okkar, að sýslunefndir ættu að fjalla um þetta sjálfar og hafa sem óbundnastar hendur, því að þær munu reynast fróðastar um, hvað bezt hentar í þessu efni á hverjum stað.

Þá höfum við einnig viljað nema brott það ákvæði, að stjórnarráðið þurfi í hvert skifti að leita álits bjargráðastjórnar áður en það samþykkir reglugerðir sýslunefndar. Okkur virðist það ekki annað en óþarfa snúningar og töf; en ef stjórnarráðinu sýndist, gæti það borið það undir Búnaðarfélag Íslands.

Þá er breytingin við 11. gr., sem er í því fólgin, að við viljum fá hreppstjórum það vald í hendur, sem sýslumanni er þar ætlað samkvæmt frumv. Það getur komið fyrir, að svo langt sé til sýslumanns, að ógerningur sé að ná til hans í tæka tíð. Eg skal geta þess til dæmis, að í Austur-Skaftafellssýslu tekur það 3 vikur til mánuð frá því sýslu-

manni er skrifað þar til svar kemur til baka með póstum. Gæti þá alt verið dautt hjá veslings bóndanum, áður en úrskurður sýslumanns kæmi. Það getur verið, að sumum þyki hreppstjórum fengið fullmikið vald í hendur með þessu, en eg vænti þess, að þeir beiti ekki valdi sínu mjög frekt í þessu, það sé engin hætta. Og eitthvert vit fæst þó í þessi fyrirmæli með svona löguðu ákvæði.

Eg vænti þess, að brtill. okkar, þó að smávægilegur sé, horfi fremur til bóta frumv., ef þær ná fram að ganga, og mun eg fylgja frumv. í heild sinni, ef þær verða samþyktar, þó að eg telji það raunar ekki annað en nýja bót á gamalt fat, að fara nú enn einu sinni að basla við að búa til ný horfellislög.

**Pétur Jónsson:** Eg ætla að eins tala um eitt atriði. Það er brtill. hv. 2. þm. Rangv. (E. P.), sem eg vildi fara nokkrum orðum um. Fyrri hluti hennar er í samræmi við brtill. á þgskj. 749, um að kaup forðagæzlumanna fari eftir samkomulagi og ekki fram úr 2 kr. á dag, og skal eg ekki fjölyrða um það, en það er seinni hluti tillögunnar, sem eg verð að leggja á móti, að kaup forðagæzlumanna megi aldrei fara fram úr því sem svarar 1 kr. á hvern hreppsbúa. Þessi takmörkun hefir það í för með sér, að hér getur ekki orðið um að ræða neitt, sem borgun geti heitið, og ef þetta ákvæði er sett í lögin, þá er það sama sem að taka aftur með annari hendinni það sem rétt er fram með hinni, sem sé að mæla fyrir um eftirlit og 2 skoðunarferðir á ári, sem svo verður ekki unt að framkvæma.

En þó er hitt ekki síður athugavert. Eg veit ekki til að nein slík takmaörkun á valdi sveitarstjórna hafi áður verið sett af löggjafarvaldinu. Hún er algert nýmæli og athugavert. Þessir forðagæzlumenn geta haft jafnvel meira verksvið en lögin mæla fyrir, það getur farið nokkuð eftir atvikum og staðháttum og hugsunarhætti í hverri sveit, og það geta verið til margir hreppar, sem vilja borga þessi störf vel og hafa sem mest gagn af forðagæzlumönnunum. Það er því hin mesta fjarstæða að taka fram fyrir hendurnar á sveitarstjórnunum í þessu efni. Nei, þessi skerðing á valdi þeirra kemur í bág við allar venjur. Mér er það minnistætt frá Alþingi 1907, þegar sveitarstjórnarlögin voru þá til meðferðar, að mikið var barist á móti því að leggja bönd á vald sveitarstjórna og héraðsstjórna af æðra valdi. Og sú skoðun varð ofan á þá. Eg tel betra að gera enga breyting á lögunum, heldur en að þetta gangi fram.

**Eggert Pálsson:** Eg get tekið í sama strenginn, sem háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.), hvað sjálft frumv. snertir, því að eg lít svo á sem hann, að öll svo kölluð horfellislög komi ekki að tilætluðum notum, heldur séu þau högg út í loftið, sem lítið eða alls ekkert gagn geri.

Það veit og skilur hver einasti maður, að engum einum manni er fært að gefa öðrum fullgildar fyrirskipanir um, hvað sé holt eða hagkvæmt fyrir hann að því er snertir inar sérstöku kringumstæður og fyrirkomulag á búnaði. Það hagar svo misjafnlega til meira að segja í sömu sveit, að það sem einum er holt, getur verið öðrum ilt og óhagkvæmt. Og ef menn vita ekki sjálfir, hvað þeim er fyrir beztu að því er búskap snertir, þá geta aðrir tæplega kent þeim það. Það er farið fram á það í frumv. þessu, að gefa einum eða tveim mönnum í hreppi vald til þess að ráða fyrir öllum öðrum búendum í hreppnum að því er heyásetningu og fénaðarhirðingu snertir, en það getur að minni

hyggju aldrei blessast. Menn verða sjálfir að læra að sjá sér farborða og haga sér í þessum efnum eftir því sem reynslan sýnir að bezt á við á hverjum einstökum stað. Reynslan hefir leitt í ljós, að horfellislögin, sem við nú höfum, hafa ekki komið að notum, heldur verið hreinasti hégómi eða »humbug«, og eg býst við að svo verði einnig með þetta frumv., þótt það verði að lögum og beri annað heiti. En eg þykist vita, að það sé að berja höfðinu við steininn að vera á móti því, og að það verði samþykt með afli atkvæða, hvort sem þjóðin vill eða ekki og að henni fornspurðri. En eg finn skyldu mína til að bæta úr þessu hégóma horfellisfrumv., sem unt er, og þess vegna hefi eg borið fram brtill. á þgskj. 748. Fyrri hluti brtill. minnar er að efni til samhljóða brtill. á þgskj. 749, en seinni hlutinn kemur í veg fyrir að ótakmörkuðu fé hreppsbúa sé eytt í alt þetta »humbug« og að engu gagni. Eg vil ekki láta gjaldið fara fram úr 1 kr. á búanda. Það hefir hingað til þótt nóg, þegar um borgun til hreppstjóra hefir verið að ræða, og starf þessa svo nefnda fordagæzlumanns er sannarlega ekki þýðingarfyllra eða veglegra en starf hreppstjórans. Eg sé það, að sumir vilja láta þessa borgun eingöngu fara eftir samkomulagi við hreppsnefndina, en mér er ekki ljóst, hvernig það samkomulag getur fengist. Hve nær eiga hreppsnefnd og fordagæzlumaður að koma sér saman? Á það að gerast áður en kosið er, eða þegar búið er að kjósa? Ef samið er fyrirfram og hreppsnefndin vill vitanlega halda í, getur verið að beztu menn skorist undan kosningu og þá takmarkast valið og lendir sennilega á óheppilegum manni. En ef samið er eftir á, þegar búið er að kjósa, getur hreppsnefnd ekki sett manninn af þó að hann gangi ekki að kjörum, þeim sem hún býður, svo að það getur þannig í eðli sínu ekki verið um neitt samkomulag að ræða. En ef mín brtill. kemst fram, þá er þar um fast lagaákvæði að ræða, hvað miklu megi verja úr hreppssjóði í þessu skyni.

Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) taldi þetta ákvæði mitt alt of bindandi fyrir sveitarstjórnirnar. En má eg spyrja: Er ekki alt frumv. bindandi fyrir þær? Er það ekki bindandi, að þurfa að borga svo og svo mikið úr hreppssjóði fyrir allar þessar ráðstafanir, jafn þýðingarlausar og þær eru og hljóta að verða? Eg geri að vísu ekkert kappsmál úr því, hvort þetta frumv. nær fram að ganga eða ekki, því að hér er ekki um neitt höfuðmál að ræða. En óþarfi finst mér að vera að fleygja út mjög miklu fé í þessu skyni, jafn bersýnilegt og það er, að árangurinn verður lítill sem enginn.

Kostnaðurinn við þetta í hverjum hreppi verður sýnilega talsverður, þó að ekki séu borgaðar fordagæzlumanni nema 2 kr. á dag. Og þó er það svo lágt, að enginn verulega góður maður fæst til að gefa kost á sér í svona starf, með fram líka vegna þess, að þeim er það ljósast, hversu ónýtt og tilgangslaust starfið er. Þeir, sem helzt mundu sækjast eftir þessu starfi, yrðu þeir sem minsta tiltrú hefðu í raun og veru. Þeir mundu gangast fyrir borguninni, og það því fremur, sem þeir gætu treint sér starfið allan veturinn, með því að fara t. d. á einn og einn bæ á dag, og gefa svo fullan reikning fyrir, sem þeim væri fullkomlega heimilt, ef frumv. verður samþykt óbreytt eða breyt.till. mín nær ekki fram að ganga.

---

Umr. var eigi lokið á nóni, var þá fundi frestað þar til stundu fyrir miðaftan.

---

Kl. 5 síðd. var fundur settur á ný og haldið áfram umræðum.

**Matthías Ólafsson:** Eg hafði ekki búist við að frumvarpið fengi svo mikla mótspyrnu, sízt frá háttv. 2. þm. Rang. (E. P.). Hér er virkilega um þarft lagafyrirmæli að ræða, sem mikið er aðgengilegra og nýtilegra til gagnsemi en horfellislögin hafa nokkurn tíma verið. *(Eggert Pálsson:* Alveg það sama!) Eg býst ekki við að sannfæra háttv. 2. þm. Rang., en vil leyfa mér að benda á nokkurt ósamræmi, sem kom fram í ræðu hans. Það þarf ekki að óttast að menn skorist undan kosningu, því að samkvæmt 2. gr. eru menn skyldir að taka við henni, eins og í hreppsnefndir, og fá þó hreppsnefndarmenn enga borgun fyrir sitt starf. Það þarf ekki að fara í grafgötur um það, hvort semja eigi á undan eða eftir. Auðvitað samið á eftir, eða með öðrum orðum, sveitarstjórnin getur skamtað mönnum úr hnefa. Háttv. síðasti ræðumaður virtist þekkja marga skussa, sem sækjast mundu eftir þessu starfi. Getur vel verið, að svo sé, þar sem hann þekkir til, en það er ekki hætt við slíku þar sem eg þekki til. En þó að svo færi að slíkir menn kæmist að þessum störfum, þá mundu þeir missa þau eftir 3 ár, ekki verða endurkosnir, og þar að auki glata tiltrú sveitunga sinna. Eg neita því algerlega, að frv. þetta verði til þess að rýra álit þjóðarinnar út í frá. Það sýnir þvert á móti, að hún vill vera sannarlega sjálfsæð, og það mun enginn kalla þetta frumv. »humbug«, nema hv. 2. þm. Rang. Það er fjarri öllum sanni, að verið sé að skipa mönnum eða neyða þá með frv., heldur er verið að leiðbeina þeim og gefa holl ráð, sem eru þeim sjálfum fyrir beztu. Eg vona að ræða háttv. 2. þm. Rang. verði til þess að auka frv. fylgi.

**Stefán Stefánsson:** Eg hefi hér áður á þingi talað um þetta mál, og hefi þá fremur lagt á móti því. Sérstaklega hefi eg verið mótfallinn því, að mönnum sé falin haustskoðun á heybirgðum og fóðurgildi heyanna, og er það af þeirri ástæðu að eg álít svo afarerfitt verk, bæði að áætla hve heyin sé mikil, og þó einkum hvert næringargildið sé, að heita má ógerningur. Oftast ekki unt að mæla heyin, og verður þá að fara eftir frásögn um hestatölu, en band er mjög misstórt. En þegar meta á fóðurgildið, þarf að vita, hvernig heyið er verkað, hvort það hefir hrakist og hvers konar hey það sé. En um þetta er alls ekki unt að fá fullnægjandi vissu og þess vegna er eg þeim sammála, sem sleppa vilja ákvæðinu um að meta fóðurgildið.

En eins og þessu nú er fyrir komið, mun eg þó greiða frv. atkvæði mitt, og treysti þá því, að valdir menn verði kosnir til að annast skoðanirnar menn, sem almenningur ber ið bezta traust til. Eg vænti þess einnig, að hreppstjórar beiti valdi, því sem þeim er ætlað samkvæmt breyt till. við 11. gr, svo samvizkusamlega sem kostur er á, og vandi um við menn og hjálpi til úrræða þegar þörf krefur. Í öðru lagi er farið fram á í breyt.till. að fastákveða ekki 2 króna dagkaup til skoðunarmanna og álít eg það betur fara að slíkt sé samningamál. Það væri tilfinnanlegur kostnaður að hafa t. d 2 menn í hverjum hreppi við forðagæzluskoðanir, sem greiða yrði 2 kr. á dag, sé strjálbygð mikil og gengi þess vegna langur tími í ferðalög. Og ef þetta ákvæði frv. verður samþykt óbreytt, þá veit eg með vissu að alþýða manna verður alt annað en þakklát fyrir, því að margur mun hafa litla trú á gagnsemi þessara skoðunarferða og þá álíta þar af leiðandi ekki mjög miklu fé til þeirra verjandi. En

breyt.till. með orðunum »alt að« er til venjulegra bóta, og mun eg greiða henni atkvæði mitt.

Breyt.till. háttv. 2. þm. Rang. get eg ekki gefið atkvæði, því að mér virðist hún verða til þess, að koma hreppsnefndum í hreinan og beinan vanda. Það má heita ógerningur fyrir 1 mann og því verra, ef tveir eru, að fara 3 ferðir í strjálbygðum sveitum að vetrarlagi fyrir eina einustu krónu á búanda samanlagt. Það er með örðrum orðum vart hugsanlegt í flestum tilfellum að bjóða það nokkrum hæfum manni. Hvað það snertir, er háttv. 2. þm. Rang. sagði eða gaf í skyn, að skoðunarmenn mundu ekki halda vel áfram við skoðnirnar, þá er mér ekki kunnugt um, að þeir hafi slæpst á ferðum sínum. Hitt öllu fremur, að þeir þykja stundum fara of hart yfir, og þá máske ekki vinna verkið af nógu mikilli vandvirkni.

Að þetta verði tilfinnanlega aukinn kostnaður, frá því sem nú er, ætti ekki að þurfa að verða, sé starfið falið að eins einum manni. Hvert hreppsfélag er nú skildugt til að láta fara fram eina skoðun, og eru þá venjulegast 2 menn saman. Verði nú einum falið þetta starf, ætti kostnaðaraukinn ekki að fara að mun fram úr þriðjungi, ekki sízt yrði sá sami maður við það um mörg ár, því óefað æfist hver í þessu sem öðru.

Í þeirri von að með tímanum leiði þetta fyrirkomulag, sem frumvarpið bendir á, bæði til betri ásetnings og meðferðar á búfé manna, þá mun eg greiða því atkvæði.

**Pétur Jónsson:** Það er nokkuð óvanaleg aðferð, sem háttv. 2. þm. Rang. viðhefir í þessu máli. Það er mjög óvanalegt af honum að hafa svona litla breyt.till. til þess að eyðileggja heilan lagabálk. Því hefir maður ekki átt að venjast af honum áður, að hann hafi reynt að kyrkja mál með svo óviðeigandi aðferð. Eg get vel skilið, að hann sé mótfallinn lögunum í heild sinni, en hitt get eg ekki skilið, að hann skuli nota slíka aðferð til þess að eyðileggja framkvæmd þeirra.

Eg skal geta þess, að fyrirkomulag það sem hér á að vera á launanum eftir fyrri hluta breyt.till. hans, er alveg það sama sem nú er í lögum. En viðaukinn er algert nýmæli.

Eg verð að mótmæla fullyrðingum háttv. 2. þm. Rang. um, að þessi lög yrðu aldrei annað en »Humbug«. Eg hefði getað sætt mig við, þótt hann hefði sagt það sem sína eigin skoðun, en eg get ómögulega sætt mig við að hann slái því fram sem óyggjandi dómi. Það er mín skoðun, að fjárskoðanir séu til mikils gagns og mín skoðun er bygð á reynslu.

Í minni sveit hafa fjárskoðanir farið fram næstum því á hverjum vetri síðan eg man eftir mér og eg hefi séð árangurinn, sem af þeim hefir orðið; og hann er mikill. Það er óhætt að fullyrða, að fjárskoðanir hafa meiri áhrif en flestir gera sér í hugarlund. Þetta er líka alveg eðlilegt, því að »betur sjá augu en auga«. Árangurinn er aukinn kunnugleiki manna á milli á högum og háttum, meira félagslyni og hjálpfýsi þegar að herðir. Betri meðferð á búpeningi og betri úrræði, ef til vandræða kemur. Í stuttu máli aukin menning. Eg þekki til víðar en í minni sveit og veit, að árangurinn hefir orðið þar góður líka.

Þar sem háttv. þm. sagði, að hann þekti ekki til að gagn hefði orðið að lögunum, þá verð eg að álíta, að það komi af þeirri ástæðu, að Rangvellingar, þótt ótrúlegt sé, séu ekki komnir svo langt enn þá að hafa gagn af þeim.

Hér er einungis um það að ræða, að gera gömlu lögin ljósari. Hér er ákveðið, að skoðað verði tvisvar á vetri hjá hverjum manni. Gömlu lögin fyrirskip-

uðu ekki nema eina skoðunarferð, en fyrirskipa þó eftirlit, sem ekki verður framkvæmt með minna en 2 skoðunarferðum á vetri. Því koma þau ekki að eins miklu haldi og hægt hefði verið. Eg veit t. d. að í minni sveit hepnaðist að fá 2 beztu fjármennina til þess að vera skoðunarmenn, en þeir fengust með öngu móti til þess að takast það á hendur nema með 2 skoðunum. Þeir sögðu, að þeir gætu ekki haft eins mikið eftirlit og þyrfti með því að skoða ekki nema einu sinni. Eg var alveg sömu skoðunar, enda vissi eg tilgang laganna, af því eg var viðriðinn tilbúning þeirra.

**Eggert Pálsson:** Eg skal ekki fara að þrátta við háttv. þm. S.-Þing. (P. J.). Það var mín skoðun og mín reynsla, sem eg lét í ljósi, er eg sagði að horfellislögin hefðu ekki komið að gagni, en enginn sleggjudómur eins og háttv. þingmaður sagði. Hann kvaðst hafa reynslu fyrir því, að þau kæmu að miklu haldi og eg skal ekki rengja, að svo kunni raun að hafa orðið á í hans eigin sveit, enda býst eg við að hann sé sjálfur skoðunarmaður í sinni sveit og honum hafi því tekist að láta koma að gagni þar. En það er ekki öllum eins gefið og honum að búa fyrir aðra, og ekki er hægt að dæma lögin eftir því, því að slíkir menn eru ekki á hverju strái.

En þótt Suður-Þingeyjarsýsla og þá sérstaklega Mývatnssveit eigi jafn-ágætum skoðunarmönnum á að skipa, svo sem t. d. háttv. þingm., sem geti búið eins vel fyrir aðra eins og sjálfan sig, þá er því ekki svo háttað í Rangárvallasýslu. Þar eru vandfengnir skoðunarmenn, sem hafi eins gott vit á að búa fyrir aðra sem sjálfa sig, og viti eins vel, hvað hentugast er á öðrum jörðum sem sinni eigin. Enda er það ekki nema eðlilegt, þar sem sumir stunda aðallega sauðfjárrækt og aðrir meir nautgriparækt. Og skal eg nefna til dæmis »Æsahrepp«. Á efstu bæjunum er aðallega stunduð sauðfjárrækt, en í neðri hlutanum t. d. í Þykkvabæ, er nautgriparæktin aðalatriðið. Og þar sem svo hagar misjafnlega til, en svo er vitanlega víða ástatt hér á landi, þá er það skiljanlega mikið vandaverk, að skipa fyrir um, hverja aðferð skuli hafa á hverjum einstökum stað eða einstakri jörð.

Þetta er orsökin til þess, að horfellislögin hafa ekki komið að almennum notum, heldur orðið eintóm pappírslög, nema þá í Þingeyjarsýslu eða Mývatnssveit, eftir því sem háttv. þingmaður hefir upplýst, og stafar þá sennilega af því hvorutveggja, að þeir hafi sérstaklega góðum mönnum á að skipa til skoðunar og búnaðarhættir og landkostir á inum einstöku jörðum svo nauðalíkir.

Eg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta mál. Eg þykist vita, að eg geti ekki sannfært háttv. þingm. S.-Þing. (P. J.) fremur en honum hefir tekist að sannfæra mig.

ATKV.GR.:

Brtill. á þskj. 750, 1, samþ. með 16 : 1 atkv.

Brtill. á þskj. 749. 1, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtill. á þskj. 749, 2, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtill. á þskj. 748 feld með 19 : 5 atkvæðum, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Bjarni Jónsson |
| Benedikt Sveinsson | Björn Kristjánsson |
| Einar Jónsson | Jóh. Jóhannesson |
| Guðm. Eggerz | Jón Ólafsson |
| Skúli Thoroddsen | Kristján Jónsson |
| | Magnús Kristjánss. |
| | Matthías Ólafsson |
| | Ólafur Briem |
| | Pétur Jónsson |

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| | Stefán Stefánsson |
| | Tryggvi Bjarnason |
| | Valtýr Guðmundss. |

Jón Jónsson, Halldór Steinsson, Hannes Hafstein, Kristinn Daníelsson, Lárus H. Bjarnason. Sig. Sigurðsson og Þorleifur Jónsson greiddu eigi atkvæði og töldust til meiri hlutans.

Einn þingm. fjarstaddur.

Brtill. á þskj. 749, 3, samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtill. á þskj. 749, 4, samþ. með 10: 7 atkv.

Brtill. á þskj. 749, 5, samþ. með 17: 6 atkvæðum, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Jón Ólafsson |
| Benedikt Sveinsson | Kristján Jónsson |
| Bjarni Jónsson | Magnús Kristjánss. |
| Björn Kristjánsson | Matthías Ólafsson |
| Einar Jónsson | Pétur Jónsson |
| Halldór Steinsson | Tryggvi Bjarnason |
| Jóh. Jóhannesson | |
| Kristinn Daníelsson | |
| Ólafur Briem | |
| Sig. Sigurðsson | |
| Stefán Stefánsson | |
| Valtýr Guðmundss. | |
| Þorleifur Jónsson. | |

[Jón Jónsson, Guðm. Eggerz, Hannes Hafstein og Skúli Thoroddsen greiddu eigi atkvæði og töldust til meiri hlutans.

Tveir þingmenn fjarstaddir.

Brtill. á þskj. 749, 6, samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtill. á þskj. 749, 7, samþ. án atkvæðagreiðslu.

Brtill. á þskj. 750, 2, samþ. án atkvæðagreiðslu,

Brtill. á þskj. 750, 3, samþ. án atkvæðagreiðslu.

Frumvarpið þannig breytt samþ. með 19:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Bjarni Jónsson | Eggert Pálsson |
| Björn Kristjánsson | Bened. Sveinsson |
| Jóh. Jóhannesson | Einar Jónsson |
| Jón Ólafsson | Guðm. Eggerz |
| Kristinn Daníelsson | |
| Kristján Jónsson | |
| Magnús Kristjánss. | |
| Matthías Ólafsson | |
| Ólafur Briem | |
| Pétur Jónsson | |
| Sig. Sigurðsson | |
| Stefán Stefánsson | |
| Tryggvi Bjarnason | |
| Valtýr Guðmundss. | |
| Þorleifur Jónsson | |

Jón Jónsson, Halldór Steinsson, L. H. Bjarnason og Skúli Thoroddsen greiddu ekki atkv. og töldust til meiri hl.

Tveir þingmenn fjarstaddir.

Málið endursent Ed.

---

FRUMVARP til laga um eignarnámsheimild fyrir bæjarstjórn Ísafjarðar á lóð og mannvirkjum undir hafnarbryggju (203, n. 740); 2. umr.

Frumv. tekið út af dagskrá.

---

FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr. 18, 3. Oktbr. 1903, um kosningar til Alþingis (570, n. 741, 742); 2. umr.

**Framsögum. (Jón Ólafsson):** Þetta er ekki stórmál. Nefndin telur frumvarpið til bóta. Allar brtill. nefndarinnar miða að því að breyta orðalagi og lagfæra form, t. d. vill nefndin fella burt úr 3. gr. orðin »þar til gerðum« á undan þerripappír. Nefndinni þykir

óliklegt, að farið verði að búa til sérstakan þerripappír til notkunar við þetta tækifæri. Enn fremur vill nefndin fella niður 6. gr. frumvarpsins. Það tekur því ekki um svona lítið frv., að vera að færa breytingarnar inn í meginmálið á kosningalögunum að sinni.

Hitt eru smábreytingar.

ATKV.GR.:

1. gr. frumv. (óbreytt) samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtill. 742, 1, við 2. gr., samþ. án atkvæðagr.

Brtill. 742, 2, við 2. gr., samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtill. 742, 3, við 2. gr., samþykt án atkv.gr.

2. gr. (þannig breytt) samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtill. 742, 4, við 3. gr., talin samþ. án atkv.gr.

3. gr. (þannig breytt) samþ. með 14 shlj. atkv.

4. og 5. gr. (óbr.) samþ. með 15 shlj.

Brtill. 742, 5, við 6. gr., samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögnin talin samþ. án atkvæðagreiðslu.

Frumvarpinu vísað til 3. umr. með 16 samhlj. atkv.

---

FRUMVARP til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbankans til að gefa út 4. flokk (Serie) bankavaxtabréfa (727, n. 753); einum r.

**Framsögum. (Björn Kristjánsson):** Eg þarf í rauninni ekki að taka margt fram viðvíkjandi brtill. nefndarinnar, því að nefndin hefir gert rækilega grein fyrir þeim í framhaldsnefndaráliti sínu á þgskj. 753. Eg vil þó vekja athygli háttv. deildar á nokkurum atriðum.

Háttv. Ed. hefir gert ýmsar breytingar á frumv.

Í 3. gr. hefir hún breytt röðinni þann veg sem gengið yrði að þegar til ábyrgðar kæmi, og er sú breyting til bóta.

Í 4. gr. hefir Ed. skeytt inn lagfæringu.

Í 5. gr. hefir Ed. bætt inn setningu, sem er eðlileg og því til bóta.

Þessar breytingar getur nefndin fallist á og sömuleiðis breytinguna á 7. gr. um það, að eftirlitsmennnirnir séu innan héraðs, því það var líka meining nefndarinnar hér.

Enn fremur getur nefndin fallist á breytinguna við 9. gr., að minsta lán, sem veðdeildin veiti, sé 300 kr. í stað 500 kr. eftir frumv. eins og það fór úr neðri deild.

Þar á móti getur nefndin ekki fallist á þá breytingu Ed. á. 10 gr., að skella aftan af greininni síðustu málsgreinina. Álveg sams konar regla sem felst í þessari málsgrein er í lögum ýmsra danskra lánsfélaga. Með því að bæta við þessa málsgrein, eins og nefndin leggur til, að samþykkis stjórnarráðs þurfi til söluverðsins, þá er fengin full trygging fyrir því, að bankastjórnin selji ekki bréfin hugsunarlaust, eins og Ed. ef til vill óttast.

Þá hefir Ed. breytt 11. gr., felt niður ákvæðið um það, að við eigandaskifti á fasteign skuli inn nýi eigandi greiða 2 % í varasjóð. Þessa breytingu getur nefndin ekki fallist á. Áður var svo ákveðið um veðdeildirnar, að $^1/_6$ af verðbréfum þeirra skyldu vera í varasjóði. Í stað þessa ákvæðis voru sett ýmis önnur tryggingarákvæði, þar á meðal gjald af eftirstöðvum fasteignaveðlána við eigendaskifti. Það sér hver maður, að einhver trygging verður að vera fyrir veðdeildinni, ella kaupir engin maður bréfin. Hér er um að ræða vöru, sem

koma á á útlendan markað, og því ríður á, af safna sem mestu í varasjóð. Til samkomulags við Ed. hefir nefndin þó lagt til að færa gjaldið niður í 1 %. Þar hefir nefndin þó bætt við nýrri málsgrein þess efnis, að ekkert gjald skuli greiða við eigandaskifti, sem stafa af erfðum.

Eg vona, að háttv. Ed. fallist á þessar brt. með þessum skýringum, sem eg hefi nú gefið.

1. gr. frumv. um upphæð veðdeildarinnar hefir Ed. einnig breytt, fært hana úr 6 miliónum kr. niður 3 milliónir króna. Nefndin leggur til að færa upphæðina upp aftur, upp í 5 miliónir kr. Að talan hefir verið sett svona há, stafar af því, að bankastjórnin telur hægara að koma bréfunum út, að minsta kosti getur það ekki skaðað að hafa hærri töluna.

Vegna tillögu nefndarinnar um 1 % gjaldið við eigandaskifti á fasteignum, þarf líka að færa inn í 13. gr. tilvitnun, eins og nefndin leggur til.

Það leiðir af hækkun upphæðarinnar úr 3 miliónum kr. upp í 5 miliónir kr., að hækka verður rekstrarkostnað úr 4000 kr. í 5000 kr. og endurskoðunarkostnað úr 250 kr. í 300 kr.

Eg skal að endingu taka það fram, að svo framarlega sem frumv. verður ekki samþykt með þessum breytingum, er alveg þýðingarlaust að gera frumv. að lögum. Bankastjórnin hefir teygt sig eins langt og hún hefir getað, og meir en það.

**Skúli Thoroddsen:** Eg skal geta þess, að eg verð eindregið að mæla á móti 4. brt. nefndarinnar við 11. grein frumvarpsins.

Yfirleitt verða bæði bankastjórn og þingmenn að gæta þess, að bæði veðdeildin og bankinn er stofnaður almennings vegna. — En, því miður, virðist mér margt benda á það, að bankastjórninni hætti eigi sjaldan til þess, að líta stundum meira á hag bankans og veðdeildarinnar, en á hag almennings, enda löggjöfin ekki gætt þess sem skyldi, að gera almenningi stofnanirnar sem hagkvæmastar.

Á þetta bendir t. d. það, er maður fær 100 kr. bankavaxtabréf í bankanum, en getur síðan ekki selt það nema fyrir 94—96 kr, og verðar þó að gjalda vexti af 100 kr.

Þetta á í raun og veru ekki annað nafn skilið, en að vera nefnt okur, og gegnir sannast að segja stórri furðu, að svo skuli líða þing eftir þing, að eigi er úr þessu bætt.

En nú á að fara enn þá lengra, þ. e. gera veðdeildina, sem hér um ræðir, enn óaðgengilegri. Nú á að skylda hvern þann er fasteign kaupir, er veðdeildarlán hvílir á, til þess að greiða 1 % af eftirstöðvum fasteignaveðslánsins í varasjóð bankans, og það, hve oft sem eignin gengur kaupum og sölum.

Þetta eru með öllu óaðgengilegir kostir. Eða því á að gera þau lánin þá dýrari en hin?

Þegar menn fá veðdeildarlán, þá er einatt miðað við virðingarverð, eða verðmæti eignarinnar sjálfrar, en alls eigi við hitt, hversu fjárhag viðkomanda er háttað.

Veðsett eign getur og gengið kaupum og sölum, þar sem veðhafi missir ekki rétt sinn við eigandaskiftin, og tel eg hæpið, að tilkynningar til veðdeildarinnar um eigandaskiftin sé þarfar. Veðhafi, í þessu tilfelli veðdeildin, getur gengið að veðinu, ef skilyrðunum, að því er til greiðslu lánsins o. fl. kemur, er ekki fullnægt.

En þessi skattur, sem hér ræðir um, ofan á ýmis önnur miður aðgengileg lánskjör veðdeildarinnar, virðist mér alveg óþolandi.

Eg vona því, að menn hugsi sig vel

um, áður en þeir greiða þessari brtill. nefndarinnar atkvæði, og mun eg fyrir mitt leyti fremur kjósa að greiða atkv. með 11. gr. frumv. óbreyttri, eins og hún er komin frá Ed.

**Framsögum. (Björn Kristjánsson):** Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) gekk alveg fram hjá aðalatriðinu. Eg tók það fram í fyrri ræðu minni, að hér sé verið að búa til vöru á erlendan markað. Ef eigi er séð fyrir nægum varasjóð, þá er algerlega þýðingarlaust að bjóða bréfin fram til sölu, og með athugasemdum sínum stefnir háttv. þm. að því að girða fyrir það, að veðdeildin fái nokkurn varasjóð, sem er alveg sama sem að veðdeildarbréfin geti aldrei selst, og lántakendur ekki fengið nokkurt lán.

Háttv. þingm. sagði, að bankastjórnin liti meira á hag bankans en hag landsins. Hér er einmitt um hag landsins að ræða, þegar verið er að reyna að búa til vöru, sem sé gjaldgeng á útlendan markað. Til þess að bréfin verði seljanleg og það svo hátt, að almenningur tapi ekki meira en þessu 1%, þá nægir ekki að vér búum til lögin svo eða svo sem oss þykir haganlegast, heldur verðum vér að gera lögin svo úr garði, að þau komi að notum. Annars er oss bezt að hætta við alt saman: Hætta að lána og leggja niður veðdeild.

Eg held, að bankastjórnin sé kunnugri en háttv. þingmaður, hvað *vægast* verði farið og hún hefir slegið af eins og hún sér sér fært og fram yfir það. Það er verra, að bréfin falli 2% í kurs, en að spara sér 1% í varasjóð, en það getur vel farið svo, ef umrædd 4. brtill. nefndarinnar nær ekki fram að ganga. Það er engin hegning að leggja á nýjan eiganda við eigendaskifti fasteignar 1% af eftirstöðvum lánsins, heldur miðar það ákvæði að eins að því að fá nægar tekjur í varasjóð. Eg skal leyfa mér að benda á það, að sum dönsku lánsfélögin fara lengra, þau taka 2% og þar að auki þegar skift er bréfunum, taka þau 50 aura fyrir hvert bréf. Þannig fara þau lánsfélög að því að tryggja varasjóði sína.

Þeir menn sem mæla á móti því, að séð sé nokkurn veginn fyrir varasjóði, þeir eru á móti allri veðdeildarstofnun og móti því, að leitað sé meira láns í útlöndum, því að eins og eg tók fram áðan, er ókleift að selja bréfin nema þau séu trygð á líkan hátt og annarstaðar gerist.

**Bjarni Jónsson:** Mér þykir verða lítið úr bænheyrslu þingsins við almenna ósk þjóðarinnar um bætur á fjárhagsástandinu, ef þetta er eina umbótin, sem þingið ætlar að gera, jafnvesöl og ill sem hún er.

Mörg eru ákvæði frumvarps þessa einkennileg. Ekki skil eg það, hví hámark lána er sett 50 þús. kr. Setjum svo, að Reykjavík setti upp rafmagnsstöð, sem kostaði með húsum og áhöldum ½ milíón krónur; eftir ákvæði frv. mætti ekki lána meira út á þá eign en 50 þúsund krónur. Þetta er næsta furðulegt.

Sama máli er að gegna með tímann. Eg býst við, að þeim sem þurfa að taka lán til ýmissa fyrirtækja, þyki nokkuð stuttur tími 40 ár.

Þá kem eg að varasjóði, sem háttv. 1. þm. G.-K. (B Kr.) ber svo mjög fyrir brjóstinu og hann ætlast til að lántakendur einir leggi í, í fyrsta lagi með 1% af lánsupphæðinni, þegar þeir taka lánið, og í öðru lagi með 1% í hvert skifti sem veðsett eign gengur kaupum og sölum. — Auk þess standa þeir í ábyrgð fyrir veðdeildinni með 10% af lánsupphæðinni. Og þeir standa, að því er þetta snertir, á undan landssjóði.

Hann kemur fyrst til greina, er þessum 10% sleppir. Það má vel vera, að þetta verði útgengileg vara í útlöndum, vegna þess hve bréfin eru krosstrygð, en það verður ekki að sama skapi álitlegt að taka lán. Það er auðvitað mikilsvert að fá góðan markað fyrir bréf vor, og það má gera trygginguna svo góða, að að hver maurapúki vilji kaupa bréfin, en með því yrði krept svo að lántakendum, að lítt væri við unandi.

Eg skal fúslega kannast við það, að bankastjórnin viti bezt um það, hvaða tryggingar menn heimta, einkum ef hún hefir samið um kaupin fyrir fram. En eg get ekki skilið, að kaupendunum sé ekki sama um, hvaðan þessi 1% kemur — heimti að það komi frá lántakendum, sem auk þess þurfa að borga ½% í kostnað og fá svo ekki lán nema til 35 ára, kannske út á vönduðustu steinhús, sem geta staðið í mörg hundruð ár. Lánskjörin verða þessum mönnum svo erfið, að þeir neyðast til að setja leiguna afarhátt, ef þeir eiga ekki að flosna upp.

Eg segi þetta ekki í því skyni, að hægt sé að bæta úr þessu núna, en það er athugandi til næsta þings og ætti stjórnin þá að vera með í ráðum og vita, hvort hún fyndi ekki eitthvert ráð í pokahorninu til þess að hægt væri að menn gætu fengið peninga með brúklegum kjörum.

Þá undrar mig það, að ákveðið er í lögunum, að glatist bréf, skuli það auglýst í Ríkistíðindunum í Kaupmannahöfn. Það er eins og menn búist við, að ekki verði aðrir en danskir menn, sem kaupi þessi bréf. Því að í öðrum löndum skilja menn ekki fremur dönsku en íslenzku. Það væri þá nær að ákveða, að auglýsa skyldi í einhverju heimsblaðinu, t. d. Times. Hverjir eru það, sem lesa Ríkistíðindi aðrir en Danir. *(Jón Ólafsson:* Bankar). Svo bezt að þeir hafi nokkurn mann í sinni þjónustu, sem skilur það mál. Og þeir munu fáir vera.

Eg fylgi háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) í því, að ekki verði tekið sérstakt gjald þótt eigendaskifti verði á eign. Eg hefi ekki fengið neina sönnun fyrir því, að það sé nauðsynlegt. Enda fellur það alveg blint á eignirnar, — sumar ganga kaupum og sölum því nær daglega, en sumar eru á sömu höndum í mörg ár. — Eg skil ekki, hvers vegna þeir sem þurfa að kaupa eignir, eiga fremur að borga í varasjóð en aðrir.

Annars get eg ekki skilið annað en það sé næg trygging að landssjóður ábyrgist. Eg býst við, að menn láti sér það nægja og kaupi bréfin.

Út úr vandræðum verð eg víst að greiða þessu máli atkvæði mitt og eins öllum brtill. nefndarinnar, nema þessari einu.

**Björn Kristjásson:** Viðvíkjandi þessu 50 þús. kr. lánshámarki, sem hv. þm Dal. (B. J.) var að fetta fingur út í, þá skal eg geta þess, að það er sett með það fyrir augum, að veðdeildin lánar bæði út á húseignir í kaupstöðum og jarða- og húseignir í sveitum. Þetta hámark er sett til þess að tryggja það, að ekki verði lánuð geypilega há lán út á stórhýsi í kaupstöðum. Það er nokkuð öðru máli að gegna hér og í útlöndum, t. d. í Danmörku, þar hafa jarðeignirnar lánstofnanir fyrir sig, kaupstaðirnir fyrir sig og verksmiðjufyrirtæki sínar eigin lánsstofnanir. Þess vegna var þetta ákvæði sett inn í frumvarpið og háttv. Ed. hefir fallist á það.

Mig furðar á þeim orðum háttv. þm. Dal. að honum þótti það undarlegt, að landssjóðsábyrgð ein nægði ekki til þess að útvega kaupendur að verðbréfunum. Þetta er því kynlegra þar sem háttv. þm. sjálfur hefir sem viðskiftaráðunautur reynt að selja þessi bréf í útlöndum,

en honum hefir ekki tekist að selja eitt einasta bréf. Hann hefir sjálfur reynsluna fyrir sér í þessu.

Þá þótti honum það óaðgengilegt, að lánin væru ekki veitt nema til 40 ára. En það liggur í því í fyrsta lagi, að aldrei hefir verið tiltekinn lengri tími í lögunum, og einnig er það upplýst, að því styttri tíma, sem lánin eru veitt til, því betri sölu getur maður vænst á bankavaxtabréfunum. Eg álít því alveg sjálfsagt að samþykkja þetta ákvæði. Eg hygg líka, að það séu harla óarðvænleg fyrirtæki, sem ekki geta borgað sig á 40 árum. Það er þá ekki lánandi fé til þeirra, og allra sízt ástæða til að taka það að láni í útlöndum.

Það er auðvitað rétt hjá háttv. þm., að ákvæðið um varasjóð gengur nokkuð út yfir lántakendurna. En hvar á að taka trygginguna? Nefndin sá sér það alls ekki fært, að stinga upp á því að landssjóður færi nú enn að taka lán og setja upp á gamla mátann verðbréfin að veði fyrir því. Og satt að segja virðist mér Íslendingar alveg eins geti trygt sín verðbréf eins og bæði Danir og allar aðrar þjóðir verða að gera það.

Þá var háttv. þm. Dal. að fetta fingur út í það, að auglýsa skyldi í Ríkistíðindum Dana, ef veðbréf glataðist. En meðan við stöndum í sambandi við Dani og höfum viðskifti við þá, verðum við auðvitað að auglýsa þar. Þar með er alls ekki bannað að auglýsa annarsstaðar og verður jafnvel gert, ef við höfum verðbréfaviðskifti við aðrar þjóðir.

Svo ber þess líka að gæta, að það eru ekki að eins bankar í *Danmörku*, sem fylgjast með í banka-auglýsingum í Ríkistíðindum, heldur allir þeir bankar, sem hafa íslenzk og dönsk bréf með höndum. Þeir láta auðvitað viðskiftabanka sinn í Kaupmannahöfn fylgjast með því sem auglýst er um þau í Ríkistíðindum.

Háttv. þm. Dal. er kunnugt um það, hve erfitt veitir að ná í peninga nú. Hann hefir dæmin fyrir sér í því efni héðan af þinginu, þar sem landssjóður getur ekki fengið $^1/_2$ milíón kr. lán, nema með því móti að tryggja það með sérstökum tekjum landsins — þær gengju beint upp í afborganir. Eg skil því ekki, af hverju hann ræðst á þetta frv.

Eg skal svo ekki þrátta meir um þetta, en vil taka það fram aftur, að vilji deildin ekki taka frumvarpið svona, þá er bezt að fella það, því að það verður gagnslaust með öðru móti. Markaðshorfurnar eru sannarlega ekki svo glæsilegar nú, að ekki sé þörf á sem beztri tryggingu. Jafnvel konunglegar »obligationer« standa ekki hærra en í 81%. Og nóg er í heiminum af lántakendum sem bjóða háa vexti; Chile og Argentína bjóða 7—8% í vexti og fá þó að eins $^1/_4$ virðingarverðs út á eignir sínar. Vilji menn ekki ganga að þessu, þá er ekki um annað að gera en ákveða að hætta að taka lán og hætta að byggja. Bankastjórnin getur ekki snúið peningaástandinu í heiminum við, og Alþingi ekki heldur.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Eg stend upp að eins vegna einnar athugasemdar í ræðu háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), sem eg held að ekki hafi verið svarað ennþá. Hann áleit það óþarft að áskilja það í lögunum, að eigandaskifti að fasteignum væru tilkynt bankastjórninni. Hann sagði, að lánin hvíldu á eignunum, en ekki mönnunum. Það getur verið mikið rétt, en eg held að hv. þm. hafi ekki athugað afleiðingarnar, sem geta orðið af því, að eigendaskifti eru ekki tilkynt. Hér í Reykjavík mundi þetta ekki gera mikið til, þar sem allar fasteignir eru einkendar með tölum og götunöfnum. En annarstaðar á landinu eru þær kendar við eigendurna.

Eg skal nefna dæmi upp á, hve hættulegt það getur orðið bankanum að fá enga tilkynningu um þetta. Bankinn lánar fé út gegn öðrum veðrétti í húsi Guðmundar Guðmundssonar í Keflavík. Seinna er auglýst nauðungaruppboð á húsi Hinriks Jónssonar í Keflavík. Bankinn gerir auðvitað ekki neitt, því að hann veit ekki til að hann eigi nokkuð hjá Hinrik Jónssyni. En þetta er einmitt sama húsið, sem hefir verið selt tvisvar, án þess að bankastjórnin hafi haft hugmynd um það. Bankinn missir því færis á að gæta réttar síns. Svona dæmi *hefir* komið fyrir — og ekki útséð enn um afleiðingarnar.

Eg vona því að háttv. þm. sjái, þegar hann athugar afleiðingarnar, að *nauðsynlegt* er að ákveða í lögunum, að eigendaskifti skuli tilkynt bankastjórninni.

**Skúli Thoroddsen:** Út af ræðu háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) vil eg mótmæla því, að eg vilji á nokkurn hátt spilla fyrir þessu máli

Það sem eg legg áherzlu á er það, að þegar samin eru lög um stofnun nýrrar veðdeildar, þá beri fyrst af öllu að líta á hag þeirra manna, sem veðdeildina þurfa að nota. Ef ekki er kostur á að tryggja hana nægilega á annan hátt, þ. e. án þess að íþyngja lántakendum eins og breyt till. fer fram á, þá verður landssjóður að leggja til fé í varasjóð og gera hann nógu öflugan.

Þau ummæli háttv. þm., að það mundi spilla fyrir sölu bankavaxtabréfanna að samþykkja eigi þetta ákvæði um það, að 1% af lánseftirstöðvum til veðdeildarinnar skuli æ greitt í varasjóð þegar eigendaskifti verða, get eg ekki séð að eigi við nein rök að styðjast.

Þeir menn, sem »spekúlera« í því, að kaupa slík bréf, spyrja líklega sjaldnast um það, hve stór varasjóður sé, heldur hitt, hversu háir vextirnir séu og hvort landssjóður ábyrgist ekki bréfin. Tryggingu hans láta þeir sér nægja, vilji þeir á annað borð kaupunum sinna eða beri þeir nokkuð traust til ábyrgðar landssjóðsins, — vita, að um örlítinn varasjóð gæti oft fljótlega farið svo eða svo.

Enn fremur ber og að gæta þess — sem háttv. þm. Dal. (B J.) benti og greinilega á —, að lögin gera og ráð fyrir »solidariskri ábyrgð« allra lántakenda, sem gengur á undan landssjóðsábyrgðinni, ef veðdeildin verður fyrir tjóni, og fer því enn ver á því en ella — þar slík kvöð er nú á lántakendurna lögð —, að bæta þá og enn fremur við téðu 1% gjaldi til varasjóðsins.

Eg vænti þess því, að háttv. þm. hugsi sig vel um áður en þeir greiða því atkvæði, að skattskylda hverja einustu fasteign, sem af tilviljun gengur kaupum og sölum á oftgreindan hátt.

Út af ræðu háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.), skal eg benda á, að hver jörð, hvar á landinu sem er, hefir sitt ákveðna nafn, og þar er því ekki um að villast.

Hvað húseignir í kaupstöðum snertir, þá er það og alls ekki rétt hjá háttv. 1. þm. S.-Múl., að þær séu að eins einkendar með nafni eigandans, þar sem einatt stendur skýrum orðum í hverju veðbréfi eigi að eins húsnúmer — sé það nokkurt — heldur og virðingaruppbæðin, ásamt dagsetningn virðingargerðarinnar.

Eg vona því, að háttv. þm. fallist ekki á þá tillögu, sem hér er um að ræða, og eg er sannfærður um það, að það spillir ekkert sölu bréfanna, þótt hún væri feld.

Háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) hættir til þess, vegna þess að hann er bankastjóri, að hugsa þá alt of mikið um varasjóð og vilja tryggja hann sem bezt, — og er eg sannarlega ekki að lasta það. En sé tryggingin ekki nóg, eins og hún er ákveðin í frumv., að þessari tillögu sleptri, þá verður að láta lands-

sjóðinn hlaupa undir bagga. En hitt má alls ekki eiga sér stað, að lántakendum sé íþyngt meira en gert er í frumv. að öðru leyti.

**Tryggvi Bjarnason:** Frv. þetta hefir tekið nokkrum breytingum í háttv. Ed., og felli eg mig að sumu leyti betur við það eins og það er nú.

Háttv Ed. hefir felt burtu það ákvæði, sem að mínu áliti var alt of hart aðgöngu, að lántakendur borguðu við hver eigendaskifti 2% af lánsupphæðinni í varasjóð. Nefndin í þessari deild hefir nú sett tillögu um þetta inn aftur og til samkomulags fært gjaldið niður í 1%, því þá er það orðið eins og það var í brtill. minni, er eg flutti, er þetta mál var hér til umræðu áður og þá var feld. Mér fanst þetta gjald ranglátt, sérstaklega vegna þess, hve hátt það var, en get nú eftir atvikum sætt mig við það, þegar það er fært svo mjög niður. Það ætti líka að vera trygging fyrir því, að bréfin seldust betur og gæti ef til vill losað landssjóð frá því, sem venja hefir verið til hingað til, að taka lán til þess að kaupa bréfin. Eg býst þess vegna við að fylgja öllum brtill. nefndarinnar til þess að vinna að því, að salan gengi betur og bætt verði úr lánsþörf landsmanna.

Mig langar til að spyrja háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.), sem jafnframt er bankastjóri, hvort það sé örugg von hans, að verði frumv. samþykt í því formi, sem nefndin leggur til, þá geti bankastjórnin annast sölu á bréfunum og landssjóður losni við að taka lán enn á ný.

Verði þetta til þess að salan gengi betur, þá álít eg rétt að reyna það. Það kynni því að fara svo, að bréfin seldust 1—2% hærra og ynnist þá upp nokkuð af því gjaldi, sem lagt er á lántakendur með þessu frumv., ef það verður að lögum, fram yfir það, sem þeir hafa orðið að greiða vegna lántöku í inum fyrri flokkum veðdeildarinnar. Mér þætti æskilegt að fá að heyra svar háttv. þm. upp á þessa fyrirspurn.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Það er út af því, sem háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) sagði, að eg vildi segja nokkur orð. Hann sagði, að í þessu máli bæri fyrst að líta á hagsmuni lántakanda. Eg er honum ekki samdóma um þetta. Á hagsmuni lántakanda ber auðvitað einnig að líta eftir atvikum, en aðalatriðið er, að bréfin séu svo úr garði gerð, að þau fái kaupanda. Þess verður því fyrst og fremst að gæta, að bréfin séu þannig gerð úr garði, að þau seljist. Og það er einmitt lántakanda líka til hagsmuna. Sé ekki svo um bréfin búið, þá verður að hætta að veita veðdeildarlán. En ætli lánþurfum þyki *það* vera *sér* til hagsmuna? Við verðum að gæta að því, að lán eru ódýr hér á móti því sem annarstaðar er í heiminum. Það hefir verið talað um, að þessi 1% væri tilfinnanlegur fyrir þá sem selja. Eg tel það ekki tilfinnanlegt að borga þennan 1% fyrir þá, sem selja einu sinni. En það er ein tegund manna, sem þetta verður tilfinnanlegt, og það eru þessir svokölluðu húsabraskarar, sem alt af eru síseljandi og selja og kaupa aftur sömu eignina ef til vill einu sinni á hverri viku. Það ætti engum að verða klaksárt, þó þeim verði þetta tilfinnanlegt, því að sá atvinnuvegur er hvorki hollur né heilbrigður.

Háttv. 2. þm. Húnv. (Tr. B.) fór mörgum og samgjörnum orðum um frumv, og er eg honum þakklátur fyrir undirtektir hans. Hann vék þeirri spurningu að háttv. framsögumanni (B. Kr.), hvort bankastjórnin gerði sér örugga von um að geta selt bréfin, ef frumv. næði fram að ganga, og mun hann svara því. Um örugga *vissu* um sölu bréfanna getur

víst ekki verið að ræða, en bankastjórnin mun gera sér einhverja von um að það takist, — en *enga* von með rýrari ákvæðum um gildi bréfanna, en hér er farið fram á.

**Framsögum. (Björn Kristjánsson):** Út af ummælum háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) skal eg taka það fram, að það gleður mig, að hann vill ekki spilla fyrir málinu. En það er hætt við því, þegar menn grípa inn í málin á síðasta augnabliki, að menn hafi ekki sett sig inn í þau, og til þess benti ræða hans. Hann var að tala um, að þeir sem verðbréfin keyptu, spyrðu ekki um varasjóð, heldur um tryggingguna. Eg vil benda á, að tryggingarákvæðin eru prentuð á hvert einasta bréf og reglugerð fyrir deildina. Viðvíkjandi því sem hann sagði, að landssjóður ætti að bera þetta, þá getur það vel verið, en það hafði ekki fylgi. Annars eru þessi lánskjör, sem menn verða að sæta hér nú, miklu betri en annarstaðar þar sem eg þekki til. Berlínarbanki lánar t. d. gegn 7% með 1. veðrétti í fasteign. En við lánum ennþá meðan deildin hrekkur gegn 5% og »kurs« 94.

Viðvíkjandi fyrirspurn háttv. 2. þm. Húnv. (Tr. B.) verð eg að segja það sama sem eg sagði í upphafi, að bankastjórnin gerði sér enga vissa von um að selja bréfin þó frumv. hefði gengið fram ólimlest, hvað þá nú þegar búið er að skemma það.

**Lárus H. Bjarnason:** Eg ætla að greiða atkvæði með frumv. og brt. nefndarinnar, af því að eg tel það varða meiru fyrir almenning að fá peninga, þótt dýrir yrðu, heldur en hitt, að geta alls ekki fengið peninga, jafnvel ekki til brýnustu nauðsynja.

ATKV.GR.:

Brtill. 753, 1, samþ. með 19 : 1 atkv.

Brtill. 753, 2, samþ. með 18 samhlj. atkv.

Brtill. 753, 3, samþ. með 18 samhlj. atkv.

Brtill. 753, 4, samþ. með 17 : 5 atkv.

Brtill. 753, 5, samþ. án atkv.gr.

Brtill. 753, 6, samþ. með 14 samhlj. atkv.

Brtill. 753, 7, samþ. með 14 samhlj. atkv.

Frumvarpið svo breytt samþ. með 22 shlj. atkv.

Endursendist efri deild.

---

FRUMVARP til laga um breytingu á fátækralögum 10. Nóv. 1905 (746); 3. umr.

**Frams.m. (Kristinn Daníelsson):** Umræðurnar við 2. umr. þessa máls urðu all-ítarlegar, og hefi eg engu þar við að bæta. Frumvarpið hlaut þá samþykki háttv. deildar, og eg vona að það njóti sömu velvildar áfram og verði nú samþykt.

ATKV.GR.:

Frumvarpið samþykt með 12 : 5 atkv. og afgreitt til Ed.

---

FRUMVARP til laga um breyting á og viðauka við lög 22. Nóv. 1907, um bæjarstjórn í Hafnarfirði (745); 3. umr.

**Frams.m. (Kristinn Daníelsson):** Það er sama um þetta frumv., nema hvað það stendur betur að vígi en hitt, þar sem engin mótmæli hafa komið fram gegn því. Eg leyfi mér því að vænta, að háttv. deild samþykki það nú til fulls.

ATKV.GR.:
Frumvarpið samþykt með 18 samhlj. atkv. og afgreitt til Ed.

---

FRUMVARP til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum 10. Nóv. 1905 (98, n. 738); 2. umr.

**Framsögum. (Stefán Stefánsson):** Eins og háttv. þingdeildarmenn rekur minni til, flutti eg snemma á þinginu frumvarp um breytingu á sveitarstjórnarlögunum. Breytingin var sú, að heimila að leggja útsvör á verzlanir, þótt ekki væru reknar lengur en 4 vikur af gjaldárinu, og þótt eigandi hennar hafi þar ekki fast aðsetur. Það hefir nefnilega síðustu árin verið gert talsvert að því, að einstakir kaupmenn reki selstöðuverzlanir í útkjálkahéruðunum á þeim tíma sem aðalverzlun sveitamanna fer fram, og svo eftir stuttan tíma, 2—3 mán., farið með verzlunararðinn, án þess að hlutaðeigandi sveitarfélag hafi getað lagt á þá útsvar. Þegar eg bar fram frumv., þekti eg einn stað, þar sem þannig löguð verzlun er rekin, en síðan hefir mér verið sagt af þeim fleiri og víðsvegar, svo að það virðist vera fylsta ástæða til að breyta sveitastjórnarlögunum í þessu efni. Máli þessu var vísað til nefndar og ræddi hún það á nokkrum fundum, en jafnframt komu til tals í nefndinni ýmis önnur atriði viðvíkjandi sveitastjórnarlögunum, sem henni virtist vera ástæða til að breyta. Til dæmis þótti nefndinni það óeðlilegt að ekki skuli vera heimilt að leggja sveitarútsvar á lifrarbræðslumenn og aðra slíka atvinnurekendur, sem alt af eru útlendingar og hafa stórhagnað af sínum fyrirtækjum, þótt þeir reki þau styttri tíma en 4 mánuði. Enn fremur þótti nefndinni rétt að leggja mætti útsvar á þiljubáta úr fjarlægum sveitum, sem halda til í öðrum sveitafélögum, þótt styttri tíma sé en 4 mánuði, hafi þeir mjög verulegan hagnað af útgerðinni. Þessum þiljubátum er haldið úti um helzta bjargræðistímann og enginn skattur borgaður af útgerð þeirri, en smábátar, sem gerðir eru út innanhéraðs, eru aftur á móti útsvarsskyldir. Þetta er mjög tilfinnanlegt, sérstaklega fyrir þau sveitafélög, sem verða að borga útsvar af opnum bátum sínum, er leita til annara veiðistöðva, en stóru aðkomubátarnir, sem eru miklu arðmeiri, sleppa við útsvar bara vegna þess, hvernig þeir eru bygðir.

Þá var því hreyft í nefndinni af sérstöku, gefnu tilefni, hvort ekki myndi vera ástæða til að taka til athugunar, hvort gerlegt væri að undanskilja síldveiðamenn í öðrum hreppi, en sínum eigin, aukaútsvari, er þeir reka veiðiskap að eins í fáa daga, og það án þess að hafa fast aðsetur á landi. En það er fullkomlega rétt samkvæmt sveitastjórnarlögunum, að leggja á þessa menn, jafnvel þótt þeir hafi ekki stóran arð af veiðiskapnum og dvölin sé að eins um fáa daga. Ef mig minnir rétt, þá eru það einungis síldveiðamenn og hvalveiðamenn, sem ótiltekið er um, hvað lengi megi reka atvinnu sína, án þess að á þá sé lagt sveitarútsvar.

Það eru þessi atriði meðal annars fleira, sem nefndarmönnunum kom saman um, að yrðu tekin til athugunar, þegar farið yrði að breyta sveitastjórnarlögunum. En af því að nú er svo áliðið þingtímans, að ekki eru tiltök á að breyta öllu, sem lagfæra þarf í þeim lagabálki, og hins vegar óheppilegra að breyta nú einstökum atriðum, án þess að lögin þá um leið séu tekin til gagngerðrar athugunar, þá áleit nefndin ráðlegast að vísa málinu til landsstjórn-

arinnar til undirbúnings undir næsta þing, og leggi þá fram frumvarp til breytinga á núgildandi sveitastjórnarlögum. Það er því ósk nefndarinnar, að háttv. deild afgreiði málið að þessu sinni á þann hátt, að vísa málinu til stjórnarinnar.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til stjórnarinnar með 15 shlj. ttkv.

---

TILLAGA til þingsályktunar um, að landsstjórnin hlutist til um, að fræðslumálastjórn landsins afli sér upplýsinga um tóbaksnautn ungmenna og barna um land alt (739); e i n u m r.

**Framsögum. (Matthías Ólafsson):** Það hefir leikið orð á því síðustu árin, að tóbaksneyzla barna og unglinga hafi farið mjög í voxt, sérstaklega í bæjum og kauptúnum. Þetta hefir verið allmikið áhyggjuefni þeirra manna, sem annast um uppeldi barnanna, en ekkert hefir verið gert í málinu fyr en í vetur, er út kom ritgerð um þetta efni eftir barnakennara í Vestmannaeyjum. A þinginu í sumar kom svo fram frumvarp um, að banna sölu á tóbaki til barna og unglinga. Það var sett í nefnd, en þegar nefndin fór að athuga það, kom brátt í ljós, að málið var ekki nægilega undirbúið, og þótti nefndinni ýmis vandkvæði á að koma því í framkvæmd. Meðal annars leit nefndin svo á, að það myndi verða erfitt að sanna, hve gamall unglingur væri. En hins vegar viðurkennir nefndin, að málið sé þess vert að athugast, og vill skjóta því til fræðslumálastjórnarinnar og síðan til kennara út um land, að undirbúa það. Nefndin hefir því komið fram með þingsályktunartill. þar að lútandi. Eg þarf ekki að fjölyrða um þetta nú, en fáist ábyggilegar upplýsingar um þetta, má væntanlega taka til athugunar, hvað hægt sé að gera til að ráða bót á þessu meini.

ATKV.GR.:

Tillagan samþ. með 14 shlj. atkv. og afgreidd til ráðherra.

(Frv. til laga um sölubann á tóbaki til barna og unglinga þar með tekið aftur).

---

TILLAGA til þingsályktunar um mælingar á túnum og matjurtagörðum (774); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umræðu.

ATKV.GR.:

Ein umr. samþ. með 14:1 atkv.

---

FRUMVARP til laga um beyting á lögum um, að íslenzk lög verði eftirleiðis að eins gefin út á íslenzku, 18. Sept. 1891 (717); 1. u m r. (Ef leyfi fæst).

Forseti leitaði leyfis deildarinnar til þess að málið kæmi til umræðu.

ATKV.GR.:

Var það samþ. með 13:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Hannes Hafstein |
| Jón Jónsson | Jóh. Jóhannesson |
| Benedikt Sveinsson | Jón Ólafsson |
| Bjarni Jónsson | Kristján Jónsson |
| Guðm. Eggerz | Magnús Kristjánss. |
| Halldór Steinsson | Pétur Jónsson. |
| Kristinn Daníelsson | Valtýr Guðmundss. |
| Lárus H. Bjarnason | |
| Matthías Ólafsson | |
| Ólafur Briem | |
| Stefán Stefánsson | |
| Tryggvi Bjarnason | |
| Þorleifur Jónsson. | |

Fimm þingmenn fjarstaddir.

**Flutningsm. (Bjarni Jónsson):** Eg skal ekki fjölyrða um þetta mál, því að það er svo sjálfsagður hlutur, að ekki á að binda mönnum þær byrðar og kostnað að skylda stjórnarráðið til þess að gera þýðingar af íslenzkum lögum á dönsku, eins og ákveðið er í lögum frá 18. Sept. 1891. Því síður eiga menn að láta sér lynda það ákvæði laganna, að þar sem í íslenzkum lögum er verið að tala um eitthvert konungsríki — líklega Danmörku — því nánara stendur það ekki, en að í konungsríkinu eigi öll íslenzk lög að birtast á dönsku. Ef það á að birta íslenzk lög á einhverri erlendri tungu, þá fyndist mér það miklu réttara, að birta þau á einhverju víðlesnara máli, en því sem talað er í þessu »konungsríki« Danmörku. Ef menn vildu fara að þýða íslenzk lög á erlenda tungu, þá ættu menn að þýða þau á þýzku, ensku eða frönsku, eða á einhverja þá tungu, sem inn mentaði heimur skilur, svo að heimurinn geti séð, hvernig íslenzkri löggjöf sé farið.

En hitt er rétt, að menn sjái, að það er þýðingarlaust og óviðfeldið að þýða íslenzk lög á danska tungu, sem enginn skilur nema Danir einir. Því ankannalegra væri það líka, að þýða þau á dönsku, þar sem engin ákvæði eru um það í dönskum lögum, að lög Dana eigi að þýða á íslenzku. Ef það væri ákveðið, að stjórn »konungsríkisins« ætti að birta öll lög ríkisins á íslenzku, þá mætti tala það, því eitt ríkið er ekki rétthærra en hitt.

Hér er því ekki annað fyrir hendi en það, að annað hvort sjái Danir um þýðingu íslenzkra laga á dönsku, eða að við Islendingar leggjum niður þessa greiðvikni. Og þetta ið síðasta tel eg réttast. Það var rétt, sem stjórnin bar fram í þessu máli 1891, að hún taldi það ekki við nein rök að styðjast, að nauðsynlegt væri að þýða íslenzk lög á danska tungu, önnur en þau, að það yrði að þýða þau vegna hæstaréttar. En nú er svo um hæstarétt, að dómarar hans mega byggja á þessum þýðingum, en þó má hnekkja þeim dómi með því að sýna fram á, að þýðingarnar séu ekki réttar. Meðan hæstiréttur fer með íslenzk mál, á meðan hann er æðsti dómstóll landsins, þá er hann líka íslenzkur dómstóll, og þá er ekki til of mikils ætlast, að dómendurnir skilji íslenzku og dæmi ekki eftir þýðingum og jafnvel ekki þótt stjórnin geri þær þýðingar.

Þessi breyting hér fer ekki fram á annað en að 2. gr. þessara laga falli burtu. Býst eg við því, að málið geti gengið hér í gegnum deildina umræðulítið og geti gengið í gegnum báðar deildirnar á þessum dögum, sem eftir eru þingtímans. Býst eg við því að stjórnin og allir þingmenn séu með þessu. Og með góðum vilja og afbrigðum frá þingsköpunum, þá má koma málinu í gegn á þessu þingi.

Vona eg, að allir háttv. þingmenn séu mér samdóma í þessu, að þessi grein eigi að falla niður.

**Ráðherrann (H. H.):** Eg get ekki verið háttv. þm. Dal. (B. J.) samdóma í þessu máli. Er eg líka sannfærður um það, að hann trúir því naumast sjálfur, að menn séu honum samdóma í þessu. Hann veit það vel, háttv. þingmaður, að það dugar ekki að heimta það, að hæstaréttardómarar skilji íslenzku til hlítar; og á meðan hæstiréttur er æðsti dómstóll landsins, þá verður að sjá um að íslenzk lög séu skiljanleg fyrir dómstólinn, og því verður að þýða þau. En það er heldur ekki að eins hæstiréttur, sem gera verður íslenzku lögin skiljanleg fyrir, heldur er

það líka annar þáttur löggjafarvaldsins, konungurinn sjálfur, og ekki er hægt að fara að skylda hann til þess að kunna íslenzku, þótt hann sé konungur Íslendinga. En þegar hann verður nú að skilja þessi lög, sem hann á að samþykkja, þá er ekki annað ráð fyrir hendi, en að láta prenta þau á dönsku.

Eg held því, að þetta hljóti að vera gamanleikur hjá háttv. þingmanni, því honum getur ekki dottið sú fjarstæða í hug, að deildin samþykki þetta frumvarp hans.

**Lárus H. Bjarnason:** Eg er ósamdóma háttv. flutningsmönnum og framsögumanni þessa frumvarps, af ástæðum, sem þegar hafa verið teknar fram, og býst jafnvel við, að hann *meini annað* en frumvarpsorðin lýsa. Eins og nú standa sakir, verður að þýða íslenzk lög á dönsku, og það getur ekki komið til nokkurra mála, að annar annist þýðinguna en ráðherra, af því að stjórnskipuleg ábyrgð verður að fylgja því verki.

En það finst mér aftur á móti bæði óviðfeldið og óþarft, að flytja danska þýðingu á íslenzkum lögum í íslenzkum stjórnartíðindum, enda er það hvergi áskilið í lögum vorum. 2. gr. laga 18. Sept. 1891 segir þvert á móti, að birta skuli þýðinguna í Danmörku. En til þess að koma því á, að íslenzk lög verði að eins birt á íslenzku á Íslandi, til þess þarf ekkert lagaboð. Stjórnin getur tekið það upp hjá sjálfri sér, og trúi menn henni ekki til að taka þá nýbreytni upp, þá nægir að skora á hana með þingsályktun að gera það.

Eg mun þó greiða frumvarpinu atkv. til 2. umræðu, en eingöngu í því skyni, að háttv. flutningsmanni eða öðrum gefist kostur á að koma því, sem fyrir mér vakir og hefir lengi vakað, í réttara form.

**Flutningsm. (Bjarni Jónsson):** Eg vildi frábiðja mér þær getsakir, að eg beri þetta frumvarp fram að gamni mínu. Eg ber það fram í fullri alvöru og er sannfærður um réttmæti þess. En hitt kannast eg við, að það er hart að heimta það af dómurum hæstaréttar, að þeir skilji íslenzka tungu, en þá er ráð fyrir ráðherrann að flytja hæstarétt heim. Og þótt ekki verði annað, þá trúi eg því fastliega, að ráðherra beri fram frumvarp fyrir næsta þing, um það, að Íslendingar skuli eiga sinn eiginn hæstarétt, með því að það sé óviðunandi, að hæstiréttur dæmi eftir íslenzkum lögum, en ekki á íslenzku, heldur í þýðingum, sem oft er líf og æra undir komið, hvort orð er rétt þýtt eða ekki. Hæstiréttur verður því annað hvort að afsala sér dómsvaldinu, eða að dómararnir verða að læra íslenzku, eða ef léttara er, að afsala sér dómaratigninni. Þá getum við sett upp okkar eigin hæstarétt, þar sem dómararnir skilji íslenzku.

Eg er alls ekki að gera að gamni mínu, þótt mér finnist óviðfeldið að birta þessi smáu íslenzku lög í einu litlu kotungsríki. Ef menn væru neyddir til þess að þýða lögin vegna hæstaréttardómaranna, þá ætti að þýða þau á eitthvert víðlesnara mál en dönsku. Og ef málið kemur til 2. umræðu, þá skal eg breyta þessu þannig, að íslenzk lög eigi að þýða á þýzku, ensku eða frönsku, því það er þó hægt að gera ráð fyrir, að dómarar hæstaréttar skilji eitthvert þessara mála. En hitt, að prenta íslenzk lög á dönsku og birta þau í danskri þýðingu í íslenzkum stjórnartíðindum, það er svo öfugt, sem nokkuð getur öfugt heitið. Furðar mig á, hve lengi þessi ósiður hefir haldist, og ekki ætti að þurfa þingsályktun til þess að nema hann í burtu.

Þetta frumv. hefi eg ekki borið fram í þeirri vissu trú, að það yrði samþykt, heldur til þess að heyra undirtektir manna og vekja athygli manna á því, hvílíkur ósiður þetta er og vona eg það, að þetta merki undirlægjuháttar okkar Íslendinga verði afmáð af lögum þessum. Óska eg því, að málið fái að ganga til 2. umr. Og geta menn þá komið með brtill. við frumvarpið eins margar og þeim sýnist. Eða þeir menn, sem vilja vísa öllu til stjórnárinnar, geta þá gert það. Ætti stjórninni ekki að vera það ofvaxið, þegar stjórninni er falið að útvega Íslendingum siglingafána. Ætti henni þá að vera kært að koma fram þessu smámáli. Smámál er það reyndar ekki, að því leyti sem það sýnir undirlægjuhátt okkar Íslendinga gagnvart Dönum og það alveg að óþörfu.

Margir lækir smáir gera stóra á, og ef í hverjum lögum Íslendinga kemur fram á sviðið eitthvert undirlægjumerkið, sem engin nauðsyn rekur til að þar standi, þá geta þau öll í sameiningu orðið til þess, að koma því inn í meðvitund Íslendinga, að þeir sé undirlægjur Dana og geti ekki staðið á sínum eigin fótum. »Á mjóum þvengjum læra hundarnir að stela«. Fyrst er að innræta Íslendingum, að þeir séu kotungar einir og svo að telja þeim trú um það, að þeir eigi engan rétt, heldur lifi fyrir guðs og Dana náð.

Þetta mál er því stórmál, eins og öll þau mál eru, sem snerta samband okkar við aðrar þjóðir, eða réttara sagt yfirgang annarar þjóðar við okkur. Það er aldrei neitt svo smátt, að ekki megi sýna með því, að Íslendingar séu drengir góðir, sem hafi hug og þor til þess að standa á eiginn fótum. Fyrst er að sýna hugarfarið, svo er að sýna verkin, fyrst koma smáu málin og svo koma stóru málin á eftir. En ið gagnstæða má og sýna, í hve smáu sem er. Og á eftir sýna menn það svo í stórmálum. Er skemst á að minnast járnbrautarmálið. þar sem gefa átti Dönum kost á að hafa járnbraut hér austur um á kostnað og ábyrgð landssjóðs, svo að þeir gæti varið sínum eigin peningum til þess að kaupa Flóann og áveitusvæðið handa józkum bændum. Þá væri Ísland að fullu lagt undir aðra þjóð og fyrirgert þjóðerninu. Nefni eg þetta að eins til þess að leiða hugi manna að því, hvers konar fjötur má gera úr þessum mjóu þvengjum. En menn sjá þetta ekki af því að það, sem svo margt annað, liggur undir útskæklum þess fortíðarskugga, sem á oss hvílir, en þó má þurka út ef menn eru sér þess meðvitandi, að þeir þurfi, að þeir vilji ekki lengur láta þennan óheillaskugga á sér hvíla.

Skal eg svo ekki þreyta menn lengur með orðmælgi, heldur sjá til hvort málið fær að ganga til 2. umr., og ef svo verður, mun eg glaður tala við þá menn, sem okkur flutningsmönnum standa næstir, og heyra álit þeirra og gera brtill. í samráði við þá, ef stefnan helzt.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Alt sem liggur í þessu máli, er það eitt, að flutningsmennirnir eru óánægðir með það, að hæstiréttur skuli vera æðsti dómstóll landsins. Eg skil það, að menn geti verið óánægðir með það, og eg gæti því skilið frumv., ef það væri um það, að við skyldum flytja hæstarétt hingað heim, en þetta, að ekki megi löggilda danskar þýðingar á íslenzkum lögum, það skil eg ekki, svo lengi sem hæstiréttur er *að lögum* vor æðsti dómstóll. Að koma fram með svona frumv. er því ekki annað en að gefa sér sjálfum selbita í vasann. Það er ekki verið hér að tala um sjálfstjórn, að Íslendingar eigi sinn eigin hæstarétt, heldur er það að eins það, að íslenzk lög skuli ekki gefa út í danskri þýðing, sem till.-

mennirnir tala svo fagurlega um. Nú er frumv. því ekki til annars en að tefja þingtímann; ef það væri hægt að finna eina einustu ástæðu til þess að mögulegt væri að það gengi í gegn um báðar deildirnar, þá væri það sú, að með frumv. væri verið að reyna að útvega skjalþýðendum eitthvað að gera, því það er vitanlegt, að hæstiréttur *verður* að fá staðfesta þýðing, til að geta dæmt eftir, og yrði þá að fá hana hjá skjalaþýðendum, sem háttv. þm. Dal. (B. J.) er að streitast við að lögleiða. En nú eru lög um þessa skjalaþýðendur og dómtúlka í efri deild, og veit eg það síðast um málið, að það hefir verið sett þar í nefnd, og er það spá mín, að það muni daga þar uppi. Vildi eg nú að við sýndum þessu frumv. engu minni sæmd og veittum því veglega útför, og geri eg það því að tillögu minni, að 9 manna nefnd verð sett í málið.

**Flutningsm. (Bjarni Jónsson):** Það er eins og vant er þegar þessi mikli lærifaðir tekur til máls, að hann sýnir sig sem góðan læriföður í öllum uppeldismálum og einkum að hann þekki kraft endurtekningarinnar. Því að 100 sinnum er hann búinn að tala um að gefa sér sjálfum selbita í vasann, og áður hefi eg heyrt hann víst 300 sinnum tala um strútinn með hausinn niðri í sandinum. Og hugsa eg nú að þessi orð hans muni standa á hverri síðu í öllum þeim bókum, sem hann mun gefa út hér eftir, og hugsa eg því að hann byrji undir eins að setja það í þessa miklu bók, sem hann á að gefa út 40 arkir á ári af.

Nú kemur þessi lærifaðir með sitt tólfkóngavit, að setja 9 manna nefnd í málið til þess að drepa það. Það er eins og hann gangi með kattarins níu líf í lúkunni og viti ekki, hvað hann á við þau að gera. Annars er það slæm dægrastytting, að vera að þjarka um þetta, og nær að láta ganga til atkvæða um það, hvort málið skuli ganga til 2. umr., og þá getur þingm. komið með kattarins níu líf í brtill.formi. Og ef 9 manna nefnd verður sett í málið, þá má setja háttv. 1. þm. S.-Múl (J. Ól.) í nefndina einan saman, því níu manna maki er hann að áliti þingmanna efri deildar, sem skylda hann einan til þess að gefa út 40 arkir af orðabók, sem aðrir menn, þó þeir væru 4, þyrftu mörg ár til. Og þó hann ef til vill væri ekki nema 8 manna maki, þá þyrfti ekki nema einn mann í nefndina, til þess að þá væru í hana komin kattarins níu líf.

Eg hefði fylgt því að máli, hefði frv. komið fram um það, að hafa breytingu á dómstólunum þannig, að við Íslendingar hefðum okkar eigin dómstól. Minnir mig ekki betur en að þessu væri hreyft á þingi fyrir fáum árum og var eg því fylgjandi, en 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) gleymdist víst að ljá því sitt lið. *(Jón Ólafsson:* Nei).

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Það gleður mig að heyra, að háttv. flutningsmaður (B. J.) hefir ekki meira um *málið* að segja, og verð eg því að álíta, að hann sé að þrotum kominn með röksemdirnar sínu máli til stuðnings.

ATKV.GR.:

Frv. felt frá 2. umr. með 12 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Benedikt Sveinsson | Jón Jónsson |
| Bjarni Jónsson | Einar Jónsson |
| Guðm. Eggerz | Hannes Hafstein |
| Kristinn Daníelss. | Kristján Jónsson |
| Lárus H. Bjarnason | Magnús Kristjánss. |
| Ólafur Briem | Pétur Jónsson |
| | Tryggvi Bjarnason |
| | Valtýr Guðmundss. |

Þessir greiddu ekki atkv. og töldust

til meiri hlutans: Eggert Pálsson, Halldór Steinsson, Jón Ólafsson, Stefán Stefánsson.

7 þingmenn fjarstaddir.

Fundi slitið.

---

## 55. fundur.

Þriðjudag 9. Sept. 1913, kl. 12 á hád.

Dagskrá:

1. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 18, 3. Okt. 1903, um kosningar til Alþingis (791); 3. umr. (Ef leyft verður).
2. Frv. til laga um sauðfjárbaðanir (441, n. 732, 733, n. 756); 2. umr.
3. Till. til þingsályktunar um atkvæðagreiðslu um að nema úr gildi lög nr. 44, 30. Júlí 1909, um aðflutningsbann á áfengi (635); ein umr.
4. Till. til þingsályktunar um mælingar á túnum og matjurtagörðum (744); ein umr.
5. Till. til þingsályktunar um forkaupsrétt landssjóðs að jörðum og um erfðafestuábúð (757); hvernig ræða skuli.

---

Allir á fundi.

Fundargerð síðasta fundar samþykt og staðfest.

Forseti skýrði frá, að forseti Ed. hefði sent sér:

Tillögu til þingsál. um, að stjórnin láti skoða og ákveða brúarstæði á Miðfjarðará í Húnavatnssýslu og gera áætlun um kostnað við brúargerðina (794); og endursent sér:

Frv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915 (793).

Forseti skýrði frá, að útbýtt væri:

I. Í deildinni:

1. Breytingartillögu við frv. til laga um viðauka og breyting á lögum um aðflutningsbann á áfengi, nr. 44, 30. Júlí 1909. Frá ráðherra (806).
2. Frv. til laga um sauðfjárbaðanir. Eftir 2. umr. í Nd. (805).
3. Framhaldsnefndaráliti um frv. til landskiftalaga (804).
4. Till. til þingsál. um þýðingar ísl.laga. Fltm.: Lárus H. Bjarnason (801).
5. Till til þingsályktunar um íslenzkan siglingafána, Flutn.m.: Bjarni Jónsson, Skúli Thoroddsen, Bened. Sveinsson (800).
6. Tillögu til þingsályktunar um að stjórnin láti skoða og ákveða brúarstæði á Miðfjarðará í Húnavatnssýslu og gera áætlun um brúargerðina. Eftir eina umr. í Ed. (794).
7. Frv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915. Eftir 3. umr. í Ed (793).
8. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 18, 3. Okt. 1903, um kosningar til Alþingis. Eftir 2. umr. í Nd. (791).
9. Viðaukatill. við frumv. til laga um viðauka og breyting á lögum um aðflutningsbann á áfengi nr. 44, 30. Júlí 1909. Fultn.m.: Jón Ólafsson (792).
10. Frv. til laga um viðauka og breyting á lögum um aðflutningsbann á áfengi, 30. Júlí 1909. Eftir 3. umr. í Ed. (783).

II. Frá efri deild:

1. Frv. til laga um bjargráðasjóð Íslands. Eftir 3. umr. í Nd. (790).
2. Frv. til laga um breyting á fátækralögum 10. Nóv. 1905. Eftir 3. umr. í Nd. (797).
3. Frv. til laga um breyting á og viðauka við lög 22. Nóv. 1907 um bæjarstjórn í Hafnarfirði. Eftir 3. umr. í Nd. (796).

4. Frv. til laga um forðagæzlu. Eftir 3. umr. í Nd. (798).
5. Breytingartill. við till. til þingsál. á þgskj. 752 (807).
6. Frv. til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbankans til að gefa út 4. flokk (Serie) bankavaxtabréfa (749).

Þá var gengið til dagskrár og tekið fyrir 2. mál á dagskránni:

FRUMVARP til laga um sauðfjárbaðanir (441, n. 732, 733, n. 756); 2. umr.

**Frams.m. (Sigurður Sigurðsson):** Það hefir komið fram hér sem oftar í landbúnaðarnefndinni, að hún hefir ekki getað orðið sammála um þetta frumvarp.

Meiri hlutinn hefir lagt til að frumvarpið verði samþykt með örfáum brt., sem standa á þgsk. 733.

Í nefndaráliti meiri hlutans á þgskj. 732 er gerð grein fyrir þeim breyt.till. og er ekki þörf á að endurtaka það hér. En um 6. gr. skal eg geta þess, að meiri hluti nefndarinnar leit svo á, að engin ástæða væri til að hafa sérstaka eftirlitsmenn við þrifabaðanir, heldur væri nóg að hreppsnefndir önnuðust það og að þeim væri trúandi til að leysa þetta af hendi samkvæmt þeirri væntanlegu reglugerð sem stjórnarráðið setti þar um. Eins og menn ef til muna, var samþykt í fyrra þingsályktunartillaga um að skjóta því til fjáreigenda, hvort þeir óskuðu heimildarlaga til samþykta um þrifabaðanir. Út af þessu hefir stjórnin leitað umsagna víðsvegar að, og hafa legið hér fyrir þinginu skjöl frá hreppsnefndum um þetta. Árangurinn af þessum málaleitunum er sá, að 109 hreppar hafa viljað samþykta lög, 32 hreppar hafa viljað almenn lög, en 31 hreppur hefir álitið allar baðanir óþarfar.

Í sambandi við þetta vil eg geta þess, að spurningin var að eins um heimildarlög, hvort menn vildu segja já eða nei við þeim. En eg fyrir mitt leyti verð að taka undir með nefndinni í hv. Ed. með það, að ef spurningin hefði verið orðuð þannig, hvort menn vildu þrifaböð eða ekki, þá mundu jafn margir hafa verið með því eins og þessu, enda er meiri hluti nefndarinnar og jafnvel öll nefndin á einu máli um það, að um heimildarlög geti hér verið naumast að ræða. Nú hefir dýralæknir haft þessi svör til umsagnar, og segir hann, að það að fyrirskipa heimildarlög, sé »krýning heimskunnar í þessu máli«. Annað mál er það, hvort yfirleitt beri að fyrirskipa þar nokkuð, og um það hafa verið skiftar skoðanir í nefndinni.

Þar sem það hefir verið samþykt á nokkrum þingmálafundum, að æskilegt væri að fá almenn lög um þetta efni, og meiri hluti nefndarinnar er á því, að myndi í engu spilla, því verður að álítast að slík lög muni geta komið að nokkru gagni. Það er kunnugt, að þótt víða sé farið að baða sauðfé, þá eru þó margir, sem skjóta sér undan því. Nú er þetta engin þvingun fyrir þá sem baða hvort sem er, en hins vegar er það til góðs fyrir þá sem ekki vilja gera það með góðu, og meiri hlutinn álítur að ekki sé brotið í bága við persónufrelsi einstaklingsins þótt þetta sé samþykt með þeim br.till., sem standa á þgskj. 733.

Skal eg svo ekki eyða fleiri orðum að þessu, en vona að nefndin fái góðan byr að því er snertir þessar tillögur.

**Bjarni Jónsson:** Eg skal tala stutt, því að í nefndaráliti okkar eru tekin fram aðal-rökin til þess, að þetta eru óþörf lög. Enda er hér að eins tekið eitt einasta atriði úr sauðfjárræktinni og smíðuð lög um. Og hvaða ástæða er til þess? Hví á þá ekki heldur að semja heilan lagabálk um það, hvernig

eigi að hirða sauðfé, beita því og gefa, hrista heyið, raka krórnar, stinga út úr húsunum o. s. frv.

Þá væri hægt að segja að þetta væri á einhverju bygt, ef löggjöfin tæki að sér, að gefa mönnum fyrirskipanir og leiðbeiðingar í fjárrækt, en þessa lagasetningu skil eg ekki.

Það getur verið, að munurinn á skoðunum okkar og hinna, sé fólginn í því, að þeir haldi, að í þessum fyrirmælum liggi trygging gegn fjárkláða, en það getur ekki verið. Það er auðvitað, að þegar svo stendur á, að varna þarf útbreiðslu fjárkláða, þá verður að taka í strenginn með lagasetningu. Það er alt annað en að vera að gefa lagafyrirskipanir um daglegar framkvæmdir í búnaði. Þá ætti alt eins og engu síður að gefa viðlíka lög fyrir mannfólkið — því að það er þó meira virði en sauðkindurnar — t. d. um það, hve oft og hvenær ætti að þvo sér og greiða. Yfirleitt á ekki að þurfa að kenna mönnum með lögum hluti, sem eru svona sjálfsagðir hverjum manni sem stunda vill sinn eigin hag. Það mætti jafnvel geta þess til, að ef lög væru sett um þetta, þá yrðu menn ekki eins fúsir á að gera það. Nú baða margir menn fé sitt ótilknúðir, og eg gæti vel búist við því að það yrði sjaldgæfara, ef farið yrði að fyrirskipa það með lögum. Og ef menn vilja vera alveg ugglausir um, að allir geri það, þá væri líklega réttast að banna það með lögum. Það er vitlaust að vera að skipa fyrir um svona smáatriði, og varhugaverð braut sem löggjöfin þar kemst inn á. Eg skal svo ekki orðlengja mikið um þetta, en ef þetta verður samþykt, höfum við hugsað okkur að koma með svo sem 12—20 þingsályktunartillögur um að skora á stjórnina að gera eitthvað svipað þessu.

Eitt á eg eftir að minnast á. Hvers vegna á að fella burtu eftirlitið með þessu, ef nokkuð á að verða úr þessu á annað borð? Ef ekkert eftirlit á að hafa, þá eru þessi lög ekki nema til gamans, og þá væri miklu réttara að samþykkja heimildarlög. Þau væru miklu betri til að sveigja sérvitringa, sem alt af eru til í hverri sveit, enda hafa flestir hreppar óskað einmitt slíkra laga. Mér er þetta ekkert kappsmál, en hins vegar get eg ekki léð mitt atkvæði til þess að samþykkja það.

**Eggert Pálsson:** Eg hefi skrifað fyrirvaralaust undir nefndarálitið, en hins vegar veit nefndin það, að stuðningur minn við þetta frumvarp er þó skilyrðum bundinn, sem sé þeim, að 5. brtill. á þgskj. 733 verði samþykt. Hún fer fram á það, að losa hreppana við ið kostnaðarsama eftirlit með böðunum.

Eins og háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) tók fram, var spurningin þannig lögð fyrir, hvort menn vildu hafa heimildarlög, og því hafa 109 hreppar játað, en margir hafa tekið það skýrt fram, að þeir vildu ekki hafa óþarfa-kostnað við eftirlitið, svo að búast má við, að ef þeir hefðu átt von á slíkum kostnaði, þá hefðu þeir ekki einu sinni viljað heimildarlög, og því síður bein og ákveðin lög.

Það hefði verið eðlilegast, þegar spurningunni var svona háttað, að samin hefðu verið heimildarlög, en ekki alt önnur lög, eins og þessi eru. En þótt eg hefði nú helzt viljað það, þá sá eg hins vegar, að tíminn var orðinn of naumur til þess að snúa þessu frumv. upp í heimildarlög, og vann eg það þá til, að ganga að þessu frumv., ef þessi eftirlitskostnaður hyrfi, því að þá hygg eg að hreppsnefndirnar eða aðrir muni ekki amast við lögunum, heldur gera þau sér að góðu.

Þetta vildi eg taka fram, áður gengið er til atkvæða, að mitt atkvæði er bund-

ið þessu skilyrði. Eins og allir sjá, er það skiljanlegt, að menn vilja ekki fara að eyða stórfé til eftirlits með þessum böðunum, sem alls ekki eru til þess gerðar að útrýma fjárkláða, heldur að eins til þess að bæta ullina og hirðing fjárins yfirleitt.

Ef baðanirnar hefðu beinlínis það markmið, að útrýma kláðanum, þá mætti segja, að nauðsyn væri á ströngu og kostnaðarsömu eftirliti, en þar sem svo er ekki — hvorki að dómi dýralæknis eða annars — sýnist það ekki nema sjálfsagt, að spara allan óþarfa-kostnað.

**Sigurður Sigurðsson:** Eg álít ekki þörf á því að svara háttv. þingm. Dal. (B. J.) miklu, enda býst eg við, að hvorugur okkar muni sannfæra annan héðan af. En út af því sem hann sagði, að ef þetta frumvarp ætti að verða að lögum, þá ætti einnig að gefa lög um annað, sem að fjárrækt lýtur, skal eg minna hann á það, að hér hefir legið fyrir á þinginu frumvarp í þá átt, nefnilega um forðagæzlu. Innihald þess er um fóðurbirgðir manna og skyldu til að hafa eftirlit með þeim. Hér er því ekki um neina nýja stefnu í löggjöfinni að ræða. Sams konar ákvæði eru líka til í mörgum öðrum lögum.

Háttv. þingmaður var að gera ráð fyrir því, líklega meira í gamni en alvöru, að fara að koma með þingsályktunartillögur um það, hvenær menn ættu að þvo sér og kemba o. s. frv. En hér er ólíku saman að jafna. Mennirnir eru eða eiga að vera sjálfs síns herrar í því efni og finna og vita, hvað þeim er þar fyrir beztu. En þegar verið er að lögskipa þrifabaðanir á sauðfé, þá miðar það að því, að skepnunum geti liðið betur en ella og eigendum þeirra er það hagnaður.

Eg vil aftur minna á það, að það hafa komið fram margar óskir frá þingmálafundum, bæði í Borgarfirði og víðar, um að fá slík lög sem þessi, svo að það ætti ekki að koma mönnum á óvart að lögin eru gefin. Þvert á móti hygg eg, að þau muni víða verða kærkominn gestur.

Um samþyktarlög í þessu efni skal eg lýsa yfir því, fyrir mitt leyti, að eg er þeim algerlega mótfallinn. Ef setja á lög um þetta á annað borð, þá verða það að vera almenn lög, sem fyrirskipa sauðfjárbaðanir um alt land. Það verður að skylda menn til þess að baða fé sitt; heimildarlög mundu reynast þýðingarlaus.

Um eftirlitskostnaðinn skal eg ekki fjölyrða. Háttv. 2. þm. Rangv. (E. P.) mintist á það atriði, og get eg tekið undir með honum, að ekki sé þörf á frekara eftirliti en því, að þess sé gætt að allir baði. Hinu er nokkurn veginn treystandi, að menn setji baðlöginn saman eftir því sem reglur mæla fyrir, og að þeir baði allar þær kindur, sem þeir ná til. Hitt getur komið fyrir, að menn nái ekki í alt fé sitt til böðunar, og það mundi engu síður vilja til, þó að skipaðir væru fastir eftirlitsmenn, kostaðir úr landssjóði.

Eg er þess vegna á því, að frumvarpsgreinin, eins og hún er nú, nái ekki betur tilgangi sínum en breytingartillaga meiri hl. nefndarinnar á þskj. 733.

Að öðru leyti skal eg ekki fjölyrða um málið, en vona, að því verði vel tekið.

**Tryggvi Bjarnason:** Eg hafði tæplega búist við því, að frumv. þetta mundi sæta miklum andmælum. Eg get ekki séð, að nokkur harðneskja sé í því frá hálfu löggjafarvaldsins, þó að það setji lög, sem skipa sauðfjáreigendum að baða fé sitt.

Því hefir verið haldið fram, og það með réttu, að það væri hagur fyrir eigendurna að baða fé sitt og þrifa það

vel. En til þess að vel geti heitið, þá þarf að baða árlega. Hvort þrifabaðið getur orðið til þess að útrýma fjárkláðanum, það skal eg ekki fullyrða. Það er þó skoðun ýmissa skynberandi manna, að svo geti farið. Og mér þykir það ekki ólíklegt. Það er sannað, að þar sem fé er vel þrifað og baðað árlega, verður miklu síður vart við kláðann en þar sem baðanir eru vanræktar. Það er ekki heldur óeðlilegt. Því að þótt venjulegt þrifabað drepi ekki maurinn, þá er það vitanlegt, að maurinn og alls konar bakteríur þrífast miklu ver þar sem þrifnaðar er gætt. Og þess vegna er hugsanlegt, að þrifnaðurinn geti smátt og smátt dregið svo úr lífsafli maursins, að hann á endanum deyi algerlega út. Það er ekki óeðlilegt, þó að menn yfirleitt viti ekki, hvað til þess þarf, að útrýma kláðamaurnum, þar sem þá dýralækninn Magnús Einarsson og kláðalækninn Myklestad greinir svo mjög á um lífseigju hans.

Mylkestad hélt því fram, að maurinn gæti ekki lifað utan kindarinnar lengur en í 6 daga, en eg man ekki betur en að einhverstaðar sé skráð eftir Magnús Einarsson, að ekki sé ugglaust að beita á það svæði, sem kláðakindur hafa verið á, fyr en eftir 6 vikur. En út í þessa sálma skal eg ekki fara frekara.

Þar sem það er viðurkent að þrifabaðið sé til hagnaðar fyrir fjáreigendur, þá sé eg ekki að það sé hart þó að löggjafarvaldið skyldi alla til að baða árlega. En heimildarlög í þessu efni álít eg að ekki muni koma að nokkru gagni. Mikill meiri hluti allra fjáreigenda á landinu hafa, eftir skýrslum frá fjölda hreppa, óskað eftir slíkum lögum um sauðfjárbaðanir. En þó að ýmsir hafi látið í ljós að þeir aðhyllist þrifabaðanir, þá er ekki þar með sagt að þeir geti ekki sætt sig við almenn lög í þessu efni. Spurningin, sem beint var til manna, hljóðaði ekki um annað en heimild til þrifabaðana og menn gátu ekki svarað öðru en þeir voru spurðir um. Eg þykist ekki í neinum vafa um, að ef fé væri baðað árlega úr þrifabaði, þá mundi það halda kláðanum svo niðri, að hann gerði aldrei mikinn skaða, þó að hann kynni að gera vart við sig á stöku stað. Kláðatilfellunum mundi fækka ár frá ári, og kláðinn mundi að síðustu jafnvel deyja út.

ATKV.GR.:

1. gr. samþ. með 12 : 4 atkv.

2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Breyt.till. 733, 1, samþ. með 20 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Bjarni Jónsson |
| Einar Jónsson | Halldór Steinsson |
| Guðmundur Eggerz | Skúli Thoroddsen |
| Jóh. Jóhannesson | |
| Jón Magnússon | |
| Kristján Jónsson | |
| Magnús Kristjánss. | |
| Matthías Ólafsson | |
| Ólafur Briem | |
| Pétur Jónsson | |
| Sig. Sigurðsson | |
| Stefán Stefánsson | |
| Tryggvi Bjarnason | |
| Þorleifur Jónsson | |

Jón Jónsson, Björn Kristjánss., Hannes Hafstein, Kristinn Daníelsson, Lárus H. Bjarnason Valtýr Guðmundss. greiddu ekki atkvæði og töldust með meiri hl. 2 þm. voru fjarstaddir.

Breyt.till. 733, 2—3, sþ. án atkv.gr.

3. gr., þannig breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 13 : 1 atkv.

Breyt.till. 733, 4, sþ. án atkv.gr.

5. gr., þannig breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Breyt.till. 733, 5, samþ. með 21 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Bjarni Jónsson |
| Einar Jónsson | Halldór Steinsson |
| Hannes Hafstein | Kristinn Daníelss. |
| Jóh. Jóhannesson | |
| Jón Magnússon | |
| Kristján Jónsson | |
| Magnús Kristjánss. | |
| Matthías Ólafsson | |
| Ólafur Briem | |
| Pétur Jónsson | |
| Sig. Sigurðsson | |
| Stefán Stefánsson | |
| Tryggvi Bjarnason | |
| Þorleifur Jónsson | |

Jón Jónsson, Benedikt Sveinsson, Björn Kristjánsson, L. H. Bjarnason, Guðm. Eggerz, Skúli Thoroddsen og Valtýr Guðmundsson greiddu ekki atkvæði og töldust með meiri hlutanum. Einn þm. var fjarstaddur.

6. gr. þar með ákveðin.

7. og 8. gr., samþ. með 13 : 3 atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 18 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Bjarni Jónsson |
| Jón Jónsson | Guðmundur Eggerz |
| Benedikt Sveinsson | Halldór Steinsson |
| Björn Kristjánsson | Jón Magnússon |
| Hannes Hafstein | Skúli Thoroddsen |
| Jóh. Jóhannesson | Valtýr Guðmundss. |
| Kristján Jónsson | |
| Magnús Kristjánss. | |
| Matthías Olafsson | |
| Ólafur Briem | |
| Pétur Jónsson | |
| Sig. Sigurðsson | |
| Stefán Stefánsson | |
| Tryggvi Bjarnason | |
| Þorleifur Jónsson | |

Einar Jónsson, Kristinn Daníelsson og Lárus H. Bjarnason greiddu ekki atkv. og töldust með meiri hlutanum. Einn þm. var fjarstaddur.

---

TILLAGA til þingsályktunar um atkvæðagreiðslu um að nema úr gildi lög nr. 44, 30. Júlí 1909 um aðflutningsbann á áfengi (635); e i n u m r.

**Flutn.m. (Guðmundur Eggerz):** Eg ætla að leyfa mér að gera grein fyrir því, hver rök liggja til þess, að þessi þingsályktunartillaga er fram komin. En áður en eg vík að þessum rökum, vil eg taka það fram, að í sjálfu sér ætti samþykt þessarar tillögu ekki að vekja neina óánægju hjá bannmönnum og sérstaklega ekki hjá Good-Templurum, því að þeir hafa einmitt haldið því fram, að meginþorri allra kjósenda væri bannlögunum hlyntur. Ef þetta væri rétt, og ný atkvæðagreiðsla 1914 leiddi í ljós að bannvinum hefði ekki fækkað heldur jafnvel fjölgað síðan 1908, þá höfum við flutningsmennirnir gert bannmönnum inn mesta greiða með því að bera fram þessa þingsályktunartillögu. En eg skal reyndar hreinskilnislega játa, að það er mín skoðun á þessu máli, að almenningur sé yfirleitt búinn að fá nóg af þessum lögum og sé orðinn sárleiður á þeim. Þess vegna er það vilji minn, að mönnum sé gefinn kostur á því af nýju að láta í ljós skoðun sína með atkvæðagreiðslu. Eg hygg að þessi skoðun sé ekki á all-litlum rökum bygð.

Eins og menn muna fór fram 10. Sept. 1908 atkvæðagreiðsla um alt land, í sambandi við alþingiskosningarnar, um það, hvort menn vildu innleiða bannlög hér á landi eða ekki. Þessar kosningar fóru svo, að hlyntir banninu reyndust 4900 kjósendur, en á móti því voru

2500. Meiri hlutinn var því í sjálfu sér ekki mikill fyrir banninu, og það er eiginlega furða að hann skyldi ekki vera meiri, þegar litið er til þess, hvernig til þessarar atkvæðagreiðslu var stofnað. Atkvæðagreiðslan fór fram — eins og eg benti á — um leið og Alþingiskosningarnar. En þá var einmitt sambandsmálið á dagskrá og það eitt réð úrslitum kosninganna, en bannið hafði aftur á móti engin áhrif á það, hverjir væru kosnir. Þá var eingöngu barist um sambandsmálið, en ekki um aðflutningsbannsmálið, af því mál þetta var svo afar þýðingarmikið fyrir þjóðina. Þess vegna var ekki rétt að setja atkvæðagreiðsluna í samband við þær pólitísku kosningar. Good-Templarafél., sem hefir landssjóðsstyrk til þess að »agitera«, notaði eðlilega tækifærið við þessa atkvæðagreiðslu, sendi menn út um land til þess að tala fyrir banninu og hafði fulltrúa á öllum kjörstöðum. En andbanningar hreyfðu þar á móti engum andmælum og bar tvent til þess. Fyrst það, að þeir höfðu allan hugann við sambandsmálið og í öðru lagi það, að þeir könnuðust við, að Good-Templarareglan hefði unnið margt gott og þarflegt hér á landi og vildu þess vegna ekki leggjast á móti henni í þessu máli á annan hátt en að greiða atkvæði á móti væntanlegum bannlögum.

Eg hefi í byrjun minst á þessa atkvæðagreiðslu fyrir þá sök, að til hennar er ávalt skírskotað af hálfu bannmanna, ef einhver dirfist að ýta við bannlögunum. Eg vildi benda á, að hún var ekki mikils virði, og að öll ástæða er til að ætla að öðruvís færi, ef nú væri gengið til atkvæða fyrir 1. Júlí 1914. Þótt andbanningar svæfu 1908, þegar atkvæðagreiðslan fór fram, þá vöknuðu þeir — eða rumskuðust dálítið — þegar bannlagafrumv. kom inn á þingið 1909. Þá var sannarlega farið aftan að kjósendunum, því að jafnvel þeir sem bannlögunum voru hlyntir og greiddu atkvæði með þeim, bjuggust ekki við að þau mundu skella svo fljótt á, sem raun varð á. Þeir vöknuðu, segi eg, þegar bannlagafrum. kom inn á þingið, og það var sannarlega engin furða, því að frumv. var víst einhver sá mesti óskapnaður, sem nokkurn tíma hefir komist inn á nokkurt löggjafarþing. Meðal annars lá betrunarhússvinna við því að flytja, þó ekki væri nema $^1/_2$ flösku af brennivíni inn í landið. Og ef mótorbátur flutti 2 potta af brennivíni milli hafna, þá var hann réttilega upptækur. Frjálslyndið var þó svo mikið, að ekki gilti ið sama, ef um stór gufuskip var að ræða, er fluttu áfengi milli hafna. En upp úr þessu geðslega frumv. voru svo bannlögin samin 1909, og var ekki von að vel færi. Eg hefi nýlega lesið umræður þær í Alþingistíðindunum, sem urðu um mál þetta 1909, og hefi rekið mig á, að þeir ókostir, sem bannandstæðingar þá bentu á, eru ýmist þegar fram komnir eða eru enn að koma fram. Reynslan er ólygnust, og því ætla eg að hafa hana sem fyrsta máttarstólpann undir tillögu okkar hér í deildinni.

Svo sem kunnugt er, öðluðust lög þessi að nokkru leyti gildi 1. Jan. 1912. En á þeim stutta tíma hafa þegar komið í ljós slíkir agnúar á lögunum, er hafa það í för með sér, að þau eru í ýmsum atriðum óframkvæmanleg eða lítt framkvæmanleg. Samkvæmt lögum þessum mátti ekkert áfengi flytja til landsins eftir 31. Des. 1911, annað en það sem undanþegið er í 2. gr., svo sem til iðnaðar, efnarannsókna og lyfja. Enn fremur er svo að orði kveðið í 5. gr. laganna, sem eg leyfi mér að lesa upp með leyfi hæstv. forseta:

»Hann (skipstjóri) skal og skýra frá, hvort og hve mikið áfengi hann hafi

meðferðis sem skipsforða, en óheimilt skal honum, meðan hann er í höfnum inni eða í landhelgi við Ísland, að veita eða selja eða á annan hátt láta af hendi eða leyfa öðrum skipverjum að láta af hendi nokkuð af því áfengi, er til skipsforða er ætlað, til annara manna en þeirra sem eru lögskráðir skipverjar«.

Eg hélt að það væri nokkurn veginn ljóst af þessari grein, að skipstjóra er stranglega bannað með henni að veita nokkurt áfengi inni á höfnum eða í landhelgi eftir 1. Jan. 1912, þó að honum sé vitanlega heimilt að kaupa það í landi. Stjórnarráðið sá þegar vandkvæði á að framfylgja þessu atriði stranglega, og eg get satt að segja ekki lá því, þó að því þætti hart að banna skipstjórum að veita gestum sínum annað en vatn og sódavatn við máltíðir eða í veizlum, en þeim sjálfum var heimilt að neyta hvers konar vintegunda. Það má að vísu segja, að þetta sé ekki mikilsvert atriði, en þó sá stjórnarráðið ástæðu til að veita undanþágu í þessu atriði. Það var gert meðan háttv. þm. Borf. (Kr. J.) var ráðherra. Undanþáguna er að finna í Stj.t. 1911, bls. 241, og hljóðar svo:

»Þar sem svo er í 5. gr. ákveðið, að skipstjóri megi ekki »veita« öðrum en skipverjum áfengi, þá má ekki skilja þetta svo, að skipstjóri megi ekki hafa gesti í boði og veita þeim jafnframt áfengi, meðan að hver sem vill, getur veitt áfengi í landi«.

Að vísu finst mér þetta stjórnarráðsbréf koma í bága við lögin, en eg get virt stjórnarráðinu til vorkunnar, þó að því virtist að það mundi verða erfitt verk og draga dilk á eftir sér, ef hefði átt að lögsækja og elta skipstjóra út af því, að hann byði út á skipi hjá sjálfum sér vinum sínum glas af víni eða bjór. En þetta er eitt dæmi þess, hvernig reynslan hefir sýnt, að gloppur eru í frumvarpinu. Og eg skil það vel, að hæstv. ráðherra hafi tekið nærri sér að troða upp í þessa gloppu. Eg neita því ekki, að stjórnarráðsbréfið sé í sjálfu mjög varhugavert, því að búast má við, þegar ein undanþága er fengin frá lögunum, þá fari fleiri á eftir. Hér er t. d. skipstjóranum leyfð undanþága, en væri þá ósanngjarnt að veita stýrimanni sams konar undanþágu? Mætti ekki eins veita honum leyfi til að veita gestum sínum? Eða þá vélstjórum, hásetum og jafnvel kokkinum? Og ætli jómfrúin vildi þá ekki fá sömu undanþágu og því næst allir farþegar? Mér finst það ekki nema mannúðlegt, að gera þeim jafnt undir höfði.

En menn kunna nú að segja, að þessu séu sýslumenn ekki skyldir að hlýða. Þetta má að vísu segja, en þó að það riði í bága við lögin, verð eg að segja fyrir mitt leyti, að eg varð bréfinu feginn, því að eg vissi, hvernig var að framfylgja þessu atriði. Það kveður oft við, að lögreglustjórar gæti bannlaganna slælega. En eg hefði gaman að láta bannvini taka að sér eftirlitið nokkra daga, og menn skyldu þá sjá, að það kæmi fljótt annað hljóð í strokkinn.

Það er ýmislegt að athuga í þessu efni, sem ókunnugum kemur ekki í hug, og skal eg leyfa mér að nefna nokkur dæmi.

Það bar til í einu kauptúni landsins fyrir nokkru, að lögreglustjóri sektaði bryta um 50 kr. fyrir ólöglega vínsölu. Þetta hafði þau áhrif, að hlutaðeigandi gufuskipafélag feldi niður sex skipsferðir til þessa kauptúns næsta ár, og hefir jafnvel síðan haft það útundan. Auk óþægindanna bakaði þetta kauptúninu 500 kr. tekjumissi í hafnarsjóð og nokkurn atvinnumissi, og þá þóttu þessi afskifti lögreglustjórans ekki annað en smámunaleg og óþörf afskiftasemi.

Þá skal eg benda á aðra undanþágu, sem veitt hefir verið frá lögunum. Mér er sagt, að danskir strandmælingamenn, sem nú eru vestur í Gilsfirði, hafi fengið leyfi til að flytja í land eitthvað af áfengi með sér. Það er svipuð undanþága eins og um skipstjórana.

Mér dettur í hug að geta þess, sem yfirmaður landmælingamanna sagði við mig viðvíkjandi bannlögunum. Það er duglegur og reglusamur maður, en hann sagði, að ef sér væri bannað að hafa vín með sér, þá kæmi hann ekki hingað. Mælingamenn þurfa að fara um fjöll og firnindi, þar sem oft er kalsi og fjúk, fjarri öllum mannabygðum, svo að ekki næst í neinar vistir nema þær sem þeir geta flutt með sér, og þegar þeir hafa unnið 12 tíma, þá þykir þeim hart að mega ekki fá sér eitt bjórglas, ef þeir eru þyrstir, og eitt staup, ef þeim er kalt. En í mjólk geta þeir ekki náð, langt frá öllum mannabygðum.

Eg vil geta þess í þessu sambandi, að eg er ekki í neinum vafa um, að eftir 1915 munu ferðir útlendinga leggjast niður, því að þeim kemur það illa og ókunnuglega fyrir, að mega ekki neyta áfengis á ferðum sínum. Eg gæti trúað að margan munaði um þá atvinnu, sem hann missir við það. Það mundi baka landinu mörg þúsund króna skaða. Og varla mundi ganga greiðlega að leigja Elliðaárnar, ef Englendingum væri bannað að hafa Whisky, því að mér er sagt þeir séu gefnir fyrir það.

Enn vil eg benda á einn agnhnúa, sem reynslan hefir líka leitt í ljós. Samkvæmt þessum bannlögum mun verða litið svo á, að eftir 1. Jan. 1912 megi ekki veita farþegum vín inni á höfnum né í landhelgi *(Lárus H. Bjarnason:* Það er úr öðrum lögum). Já! Það er mikið rétt, að til eru önnur eldri lög um þetta, en þar fyrir er líka á þetta minst í 5. gr. bannlaganna, þar sem segir svo, — ef eg má með leyfi forseta lesa nokkur orð:

»... óheimilt skal honum (ɔ: skipstjóra) meðan hann er í höfnum inni eða í landhelgi við Ísland, að veita eða selja eða á annan hátt láta af hendi, eða leyfa öðrum skipverjum að láta af hendi nokkuð af því áfengi, er til skipsforða er ætlað, til annara manna en þeirra sem eru lögskráðir skipverjar«.

Hér er það skýrt tekið fram, að ekki má selja eða veita vín á höfnum eða í landhelgi, öðrum en lögskráðum skipverjum, en það eru farþegar ekki. Mér er einnig kunnugt um fyrirmæli eldri laganna, sem banna vínsölu *á höfnum.*

En mér er kunnugt um, að það vakti óánægju meðal farþega á fyrsta skipi, sem kom eftir 31. Des. 1911. er þeim var sagt í landhelgi, að nú fengist ekki framar vín. En á hinn bóginn veit eg ekki til, að neinn búist við, að þetta ákvæði sé haldið. Eg hefi jafnvel heyrt Good-Templara segja, að ekki komi til mála að fást um, þó að þetta atriði sé brotið. Og það er víst, að allir skipstjórar, sem hingað hafa siglt síðan, þeir hafa marg-, margbrotið þessa grein bannlaganna, og meira að segja fleiri greinar. Og þar sem sektirnar eru 50—100 kr. í fyrsta sinn, en 100—1000 kr. í annað sinn, þá væri þetta óneitanlega orðinn dálaglegur skildingur, ef gengið hefði verið eftir því.

Eg hefi engan veginn talið alla þá agnhnúa, sem eru á þessum bannlögum. Mér þætti t. d. gaman að fá upplýsingar um eitt ákvæði 5. greinar: Skipstjóri má ekki iáta af skipsforðanum, meðan skipið er í landhelgi, en aftur á móti undir eins eg skipið er komið út fyrir landhegislínuna. Eða hljóðar ekki ákvæðið einhvern veginn á þessa leið? Hvernig á þá að fara að úti á hafi, þegar skip eru að fara héðan, ef svo skyldi

takast til, að farþegi fengi eina bjórflösku rétt innan við landhelgislínuna, og væri ef til vill búinn að drekka örlítið úr henni áður en skipið kemst út fyrir landhelgislínuna. Það er ekki gaman, þegar lögin eru svo úr garði gerð, að óhjákvæmilegt er að þau verði brotin. Og það að lögin eru brotin átölulaust af öllum, gerir þau með öllu óhafandi. Því það er ekki nóg með það, að þjóðin hættir að bera virðingu fyrir bannlögunum, heldur getur afleiðingin orðið sú, að virðingin fyrir lögum landsins yfirleitt þverri. Og ekki vex virðing íslenzku þjóðarinnar í augum annara þjóða við það. Af þessum ástæðum vildi eg sem lögreglustjóri, að lög þessi yrðu numin úr gildi.

Því var að vísu haldið fram 1909, að aðalhlutverk Goodtemplara, þegar lögin væru gengin í gildi, ætti að verða það, að snuðra uppi syndir náungans, þefa af þeim og kæra síðan fyrir lögreglustjóra. En reynslan hefir sýnt, að ekkert hefir orðið úr þessu, og ástæðurnar til þessa eru aðallega tvær.

Fyrst, að stúkum hefir hnignað og þeim hefir fækkað mjög, síðan lögin gengu í gildi, og hitt, að áhuginn fyrir þessu máli hefir dofnað ákaflega síðan reynslan fór að koma á bannlögin. Eg vil ekki beinlínis kenna bannlögunum það, að stúkur hafa lagst niður, heldur er því um að kenna, að stjórnin er nú ekki eins góð eða ströng í Goodtemplarafélagsskapnum eins og var um eitt skeið. Goodtemplarar vilja auðsjáanlega ekki skifta sér af því, þó að bannlögin séu brotin, og þá fer að verða örðugt fyrir lögreglustjóra að skifta sér af því, þegar enginn kærir. Og eg hygg sannast að segja, að mikið áfengi hafi verið flutt inn síðan 1912, en menn munu spyrja: »Hvar eru sannanirnar?« Það er vitanlega ekki hlaupið að því að koma með þær, en þó hefir það beinlínis komist upp oftar en einu sinni, að vín hefir verið flutt í land, eða átt að flytjast í land. Í annan stað má ráða ýmislegt af líkum, og mér er spurn, hafa ekki flestir þeir sem hér eiga sæti, heyrt þess getið, að vín væri ólöglega flutt inn í landið? Mér er kunnugt um það, að gerð hefir verið tilraun til að brjóta lög þessi í stórum stíl. Það kom t. d. skip frá útlöndum með nokkra farþega og eitthvað 3000 flöskur af Gamla Carlsberg, mikið af Whisky og önnur vínföng, alt *forsiglað* að vísu, og þessu átti öllu að lauma í land, en það tókst að vísu ekki í það skiftið. Mér er engin launung á því, að tveir kunningjar mínir hafa sagt mér, að farþegar, sem farið hafa á botnvörpuskipum til Englands, hafi komið til sín og spurt, hvort þeir vildu ekki að þeir keyptu fyrir þá 1 til 2 Whiskykassa á Englandi. Þetta og margt annað slíkt, sem mér hefir borist til eyrna, finst mér benda til þess, að talsvert áfengi sé flutt á laun inn í landið. En úr því að lögin eru komin á, þá er sjálfsagt að framfylgja þeim, segja menn, en eg óttast, að það muni verða mjög erfitt verk. Hvernig getur t. d. lögreglustjóri, sem hefir margar hafnir undir, verið á þeim öllum til að rannsaka skip, sem koma? Og þó að hann aldrei nema forsigli það sem finst af áfengi, þá verður gömlum og reyndum sjómönnum ekki skotaskuld úr að koma einhverju undan. Það er heldur ekki hægt að rannsaka skip, sem eru 4 til 500 tons, öðruvís en að flytja alt í land úr þeim, en allir sjá, hvílík fjarstæða slíkt væri. Eg sé að vísu einn veg til að gera eftirlitið tryggara en nú er. Það er að hafa mann á hverri höfn, eins konar tollgæzlumann, sem rannsakaði hvern kassa sem kæmi á land. Og þó væri það ekki nóg. Vér þyrftum líka að hafa skip til eftirlits úti á sjó, sem gætti þess, að vín væri

ekki flutt úr einu skipi í annað. En hvað mundi slíkt kosta? Það mundi kosta fleiri hundruð þúsund krónur, og vér hefðum alls ekki efni á svo kostnaðarsamri tollgæzlu. Það nær alls engri átt.

Reynslan hefir leitt í ljós, að stjórnarráðið hefir orðið að veita undanþágu frá þessum lögum; bindindinu hefir hnignað við þau og drykkjuskapur aukist, og vér höfum ekki efni á að framfylgja þeim. Reynslan sýnir, að bannlögin eru »humbug«, en hvað segir svo yfirdómurinn um þau? Hann hefir leitt í ljós, að þau eru ekki einungis götótt, heldur öllu fremur eitt stórt gat, sem allir bannfjendur geta að ósekju smogið út um. Dómurinn segir t. d., að áfengið sé komið til landsins, þegar skipið er lagst. Setjum nú t. d. svo, að hingað komi nú útlent fiskiskip með brennivínstunnu og einhver komist á snoðir um það, bregði sér fram og kaupi tunnuna, en skipið fari um leið og hann leggur af stað í land. Það væri nú ekki nema eðlilegt þó Good-Templarar, sem yrði varir við það, vildu ekki láta hann njóta tunnunnar. En hvað gerir svo þessi maður, ef bannmenn ætla sér að hindra það? Hann sendir til lögreglustjóra og biður um aðstoð lögregluliðsins til að koma tunnunni heim til sín.

Eg kann alveg utanbókar það sem mótstöðumenn mínir í þessu máli hafa fram að færa. Þeir segja, að þetta breytist alt við 1. Janúar 1915, því þá megi ekki framar selja áfengi hér á landi.

En það verður áreiðanlega auðveldara en þeir hyggja, að hafa vín um hönd eftir 1915. Bannmenn gæta ekki að því, að það er hverjum manni heimilt að eiga vín, og hafa til eigin afnota eftir 1. Jan. 1915. Eg er mjög hræddur um að það fari svo, að enginn kæri, þótt hann gruni að brot hafi verið framið. Eg er hræddur um, að þau ákvæði laganna, sem ganga í gildi 1915, verði ekki síður brotin en ákvæðin, sem gengu í gildi 1912, voru brotin og eru brotin.

Eg skal benda á eitt atriði, sem gengur í gildi 1. Jan. 1915. Í 11. gr. bannlaganna er svo á kveðið, að enginn megi flytja neitt áfengi út af heimili sínu, nema hann flytji búferlum eða það sé gert ófært til drykkju. Enginn maður má taka með sér »Whisky« í vasann ef hann ríður sér til skemtunar inn að ám. Hann má ekki taka með sér, þótt ekki sé meira en 50 gröm — ekki einn einasta dropa. — Dettur nú nokkrum manni í hug, að lögreglan færi að þjóta upp til handa og fóta, þótt símað yrði frá Kolviðarhól, að þar væri maður með 100 gröm af »spiritus«. Mér dettur það ekki hug. Og eg býzt ekki við að nokkrum heilvita manni detti það í hug. Nei! lögin verða aldrei annað en pappírsgagn.

Annað atriði, sem gengur í gildi 1. Jan. 1915, er það, að þá er hver maður skyldur að gefa lögreglustjóra skýrslu um, hve mikið áfengi hann hafi í vörzlum sínum. Eg er ákaflega hræddur um að framtalið verði ekki alstaðar ábyggilegt. Ef nokkur von á að vera um, að hægt verði að hafa eftirlit með því að framtalið sé rétt, þá verður hver lögreglustjóri að fara heim á hvert einasta heimili, snuðra þar í hverju horni og þefa upp úr hverri kirnu og hverjum dalli. Í þessu atriði geta lögin aldrei orðið annað en pappírsgagn, fremur en í því atriðinu, sem eg nefndi áðan.

Úr því eg annars mintist á 11. gr., verð eg að halda áfram með 12. og 13. gr.: Ef maður sést ölvaður þá má draga hann fyrir dómara. Svo er ákveðið í þessum hávitru lögum. Má eg nú spyrja, hvenær er maður ölvaður. Hve mikið af »spiritus« þarf hann að hafa drukk-

ið til þess að hann geti talist ölvaður. Er hann ölvaður þegar hann hefir drukkið 1 bjór? eða þarf hann 3 bjóra eða ef til vill meira? Ef einhver maður er »blindfullur«, þá má ekki draga hann fyrir dómara, því að þá er hann viti sínu fjær, og það er óverjandi að halda halda rétt yfir slíkum manni.

Það sem eg hefi nú talað um til þessa, er, hvernig lögin hafi reynst og hvernig þau muni reynast. En eg á eftir að tala um þá hlið málsins, sem er einna svörtust af þeim öllum og það er fjárhagshliðin. Við höfum orðið varir — og það til muna — við afleiðingarnar af því glapræði, er þingið 1909 dembdi bannlögunum yfir þjóðina algerlega fyrirvaralaust. Og það er engin furða að við höfum orðið varir við áhrifin. Árin 1906—07 nam tollur af áfengi 427 þús. kr. Þessari tekjulind landssjóðs kipti þingið í burtu án þess að setja nokkurn hlut í staðinn. Eg man, hvað framsögum. bannmálsins sagði um það, þegar hann var spurður um, hvaða tekjur ættu að koma í staðinn, þá segir hann: »Það liggur ekki fyrir á þessu þingi að svara þeirri spurningu«. Það var ein af mörgum dauðasyndum þess þings, hvernig það skildi við það mál.

Þegar atkv.gr. um bannið fór fram 10. Sept. 1908, þá var ekki gerð in minsta grein fyrir því, hvað koma ætti í staðinn fyrir þær tekjur, sem landið hefði af víninu. Það var svo sem ekki verið að gera kjósendum það ljóst að um stórkostlega hækkun á tollum og sköttum var að ræða, ef bannlögin yrði að lögum. Léttúðin var jafn vel svo mikil, að á þinginu 1909 þótti það ekki liggja fyrir að benda á tekjur í staðinn fyrir víntollinn, sem var verið að afnema. En spurningin lá fyrir *seinna*. Hún lá fyrir þinginu 1912, og það fann enga leið heppilegri en að leggja toll á allar vörur, sem til landsins flyttust. Þá var lögleiddur hinn svonefndi »vörutollur«, sem orðinn er alræmdur hér á landi, þóttt hann sé ekki gamall.

Ef menn nú hugleiða, hvernig vörutollurinn kemur niður á landsmönnum, geta menn skjótt gengið úr skugga um, að hann kemur ærið hart niður á fátæklingum, svo að það er ekki ofhermt, að nú bera fátæklingarnir mestan hluta af þeirri byrði, sem áður hvíldi á efnamönnum og útlendingum, því að þessir tveir flokkar keyptu mest áfengið og greiddu þar afleiðandi bróðurpartinn af áfengistollinum. En nú þegar allar vörur eru tollaðar, þá er tollabyrðinni að miklu leyti velt af efnamönnum og útlendingum yfir á fátæklingana, sem margir hverir hafa aldrei keypt einn dropa af áfengi og þar af leiðandi ekki goldið einn eyri af áfengistollinum.

Eg geri ráð fyrir að áfengistollurinn næmi nú um 700 þús. króna, ef bannlögin hefðu ekki orðið til. Skyldi ekki mörgum fátæklingnum veita léttara að komast áfram, ef að hann losnaði við þau gjöld, sem hann nú verður að gjalda til þess að fylla í skarðið fyrir þessa fúlgu? Mikill hluti áfengistollsins var áður greiddur af útlendingum. Það voru næstum því þau einu gjöld, sem þeir greiddu í landssjóðinn. Það er ekki gott að segja, hve mikið þeir keyptu hér á landi af áfengi, en víst er um það, að það var talsvert.

Eg veit til dæmis að taka, að í einu kauptúni á Vesturlandi var stundum á einum degi útlendingum selt áfengi fyrir 2000 kr. Og það mun ekki vera eins dæmi, að þeir keyptu fyrir svo stórar upphæðir. Við erum of fátækir til þess að við höfum efni á að kasta frá okkur slíkum fúlgum. Það má margt gott gera

fyrir $^1/_2$—$^3/_4$ miljón króna; eg er viss um, að eg stend ekki einn uppi hér í deildinni með þá skoðun.

Þá er enn eitt atriði, sem eg hefi ekki enn minst á.

Það eru margir mjög góðir, nýtir og löghlýðnir borgarar til á þessu landi, sem ekki hafa ef til vill nokkurn tíma brotið nein lög, sem munu ekki telja sér mikla vansæmd í því að brjóta þessi lög. Þeim finst gengið of nærri persónulegu frelsi manna, þegar löggjöfin fer að hlutast til um það, hvað menn mega drekka og hvað ekki. Og að hverju leiðir slík íhlutunarsemi frá löggjafarvaldsins hálfu, þegar hún er einu sinni komin á? Því er fljótsvarað. Til yfirdrepskapar og lögbrota.

Eg get vel ímyndað mér, að haldið verði áfram með þessa bannstefnu. Og eg þykist hafa séð dálitla byrjun til þess hér á þinginu nú þegar. Menn munu minnast þess, að hér hefir legið fyrir frumvarp, sem fór í þá átt að takmarka sölu á tóbaki. Raunar átti það bann að eins að ná til unglinga; en hver veit, nema af því banni gæti sprottið bannlög gegn allri tóbakssölu hér á landi? Þótt nú óliku sé saman að jafna, slíku banni sem frumvarpið fór fram á og þessu banni, sem komið er á, þá er samt ekki mikill vandi að sjá, að hér er verið að stíga spor í áttina til þess að halda áfram þessum ófögnuði. Eg hefi jafnvel heyrt menn segja, að nauðsynlegt væri að setja bannlög um innflutning á kaffi og ýmissi annari munaðarvöru. Eg er nú reyndar ekki sérlega hræddur um að kaffibann verði nokkurn tíma lögleitt, því að eg hugsa, að um það leyti sem fitjað verður upp á því, verði kvenfólkið búið að fá kosningarrétt, og þá er ekki svo mikil hættan; þær munu kunna betur við að vera ekki kaffilausar, blessaðar dúfurnar!

Það getur vel verið, að tillaga okkar fái ekki mikið fylgi *nú*, en sá tími mun koma, að bannið verður upphafið, og það er ekki víst að þess verði langt að bíða. Það líða áreiðanlega ekki mörg ár þangað til hróflað verður við bannlöggjöfinni.

Eg skal taka það fram, að þótt eg sé því fylgjandi, að bannið verði numið úr gildi, þá vil eg ekki hafa gömlu áfengislöggjöfina eins og hún var. Hún þarf þvert á móti margvíslegra breytinga við.

Eg er viss um það, að þegar reynslan hefir fært Good-Templurum heim sanninn um, að ekki er nokkur kostur að hefta innflutning á áfengi með bannlögum, þá verða þeir eins fúsir á að afnema það, eins og þeir voru á að koma því á. Við flutningsmenn þessarar tillögu sjáum það fullvel, að ekki er þess nokkur kostur að við losnum við innflutning á áfengi og þess vegna viljum við afnema bannið, til þess að halda tollinum.

Eg mintist á það áðan, að eg væri engan veginn viss um, að tillaga okkar fengi fylgi í þetta sinn. Getur margt borið til þess, sem hér er óþarft að telja. En við flutningsmennirnir teljum langréttast, að allir yrðu þessari tillögu fylgjandi, jafnt »Good-Templarar« sem aðrir. Því að hafi bannvinum fjölgað síðan 1908, þá er það »Templurum« og þeirra málstað gróða, að atkvæðagreiðsla fari fram. Ef hitt aftur á móti yrði ofan á, að þeir væru nú orðnir í minni hluta, þá er ekki nema sjálfsögð skylda að afnema lögin. Eg og mínir líkar teljum það alveg efalaust, að bannvinum hafi fækkað til stórra muna og þess vegna viljum við láta atkvæðagr. fara fram.

Eg mun að svo komnu ekki tala meira um tillöguna, en bíða átekta, ef einhver hreyfir mótmælum gegn ræðu minni.

**Lárus H. Bjarnason:** Þessi ræða háttv. flutningsmanns hefði átt að vera flutt 1909 en ekki 1913. Hún er eftirskot, stórt eftirskot og ekkert annað. Þetta er í rauninni nóg svar við ræðunni, en eg ætla þó að segja dálitið meira og reyna að mæla bannlögunum bót.

Háttv. þingmaður sagði, að 1908 hefði eingöngu verið kosið um sambandsmálið. Það er erfitt að segja það fyrir víst, hvaða drög liggja til þess, að einn nær kosningu og annar ekki, enda held eg að sambandsmálið eitt hafi ekki ráðið þingkosningunum 1908. En hvað sem því líður, þá vil eg benda háttv. flutningsmanni á það, að það var greitt *sérstaklega* atkv. um aðflutnings*bannið*. Það skiftir því engu máli, hvað *annari* atkvæðagreiðslu, atkvæðagreiðslu um þingmannsefnin réði. Háttv. þingmaður veit það eins vel og eg, að hver kjósandi fekk 2 miða og kaus þingmann með öðrum, en greiddi atkvæði um aðflutningsbannið með hinum. Það er því algerlega tilhæfulaust, að Alþingi 1909 hafi svikist að kjósendum og dembt bannlögunum á þá upp úr þurru.

Svo sannarlega sem nokkur meining átti að fylgja fyrirspurn þings og stjórnar, um hvort kjósendur vildu hafa áfengi í landinu eða ekki, þá var Alþingi rétt að lögleiða bannið, úr því að kjósendur kusu það. Bjóði eg manni vindil eða kaffi og þiggi hann boðið, þá er mér skylt, svo framarlega sem eg vil heita sæmilegur maður, að láta honum í té vindilinn eða kaffið.

Þá sagði háttv. flutningsmaður, að reynslan hefði sýnt, að bannlögin kæmu ekki að gagni. Þetta er rangt. Reynslan hefir ekkert sýnt um það enn, sízt til fullnustu, hvort bannið muni koma að haldi, og getur ekkert um það sýnt, fyr en sölubannið er gengið í gildi 1915.

Það er algerlega ómögulegt að komast eftir því nú, hvort maður hefir gert sig ölvaðan með löglega aðfengnu eða ólöglega aðfengnu víni. Ef eg sæist ölvaður, þá væri ómögulegt að vita, hvort eg hefði keypt vínið hjá bróður mínum eða svikið það inn í landið. Það verður miklu hægara eftir 1. Janúar 1905, að komast eftir því, hvort vínið er löglega fengið eða ekki.

Þá sagði háttv. flutningsmaður, að það væri algengt að skipstjórar veittu vín á höfnum. Þetta er rétt, en það er ekki að kenna neinum galla á aðflutningsbanns*lögunum*. Það er að kenna illri framkvæmd laganna af hendi stjórnarráðsins. Háttv. þingm. Borgf. (Kr. J.) leyfði þetta beint í ráðherratíð sinni með umburðarbréfi 2. Des. 1911 til allra lögreglustjóra, en hafði enga heimild til þess. Og það er sannarlega ekkert undarlegt, þótt limirnir dansi eftir höfðinu, enda veit eg að sumir lögreglustjórar eru ekki ýkja eftirgangssamir um það, að fyrirmælum laganna sé fylgt. Eg þekki reyndar heiðarlegar undantekningar, t. d. háttvirtan flutningsmann tillögunnar, sem eg veit að hefir gætt þess mjög vel, að lögunum væri hlýtt. Líka er sagt um lögreglustjórann á Ísafirði, að hann sé mjög eftirgangssamur um þetta og svo eru vafalaust fleiri; en hinir munu ekki vera færri, sem láta sér í léttu rúmi liggja um lögin.

Þá hafði háttv. þm. það á móti lögungum, að þau flæmdu ferðamenn frá landinu, en móti hagnaðinum sem við kunnum að hafa af ferðamönnum, verðum við að meta hagnaðinn, sem við óbeint mundum hafa af því að vín væri ekki til í landinu. Annars hefir reynslan ekki sýnt, að ferðamönnum hafi fækkað og er þó miklu örðugra að fá vín nú en áður. Eg veit ekki til að ferða-

mönnnum hafi fækkað síðan 1912, er bannlögin gengu í gildi.

Enn sagði háttv. þm., að ómögulegt væri að koma upp brotum gegn lögunum, enda hefðu Goodtemplarar ekki stutt neitt að því að brot á móti þeim kæmust upp. Hafi þeir ekki gert það, þá er það líklega vegna þess, að þeir hafa treyst lögreglunni til þess að gæta þess, enda er það ekki þeirra skylda fremur en annara borgara að komast fyrir, hvort lögin séu brotin. Þeim ber ekki spæjaraskylda fremur en öðrum borgurum þjóðfélagsins. Það starf heyrir undir lögregluna. Hitt er rétt, að oft er erfitt að komast fyrir brot, en það er ekki erfiðara um bannlagabrot, en ýmis önnur, enda hefir háttv. þm. sannað það sjálfur. Hann hefir bæði vestra og eystra komist fyrir bannbrot, sem aðrir mundu ef til vill ekki hafa látið til sín taka. Góður lögreglustjóri getur gert mikið. Annars eru líklega öll lög brotin, meir eða minna, án þess að upp komist hvert brot, og hefi eg þó engan heyrt leggja það til, að öll lög beri þar fyrir að afnema, eða heldur háttv. þingm. t. d., að hver smá gripdeild í Suður-Múlasýslu komist upp? Nei, það er eg viss um, að svo góðan telur hann hvorki sig né Sunnmýlinga og hann hefir þó ekki enn farið fram á, að hegningarlögin yrðu numin úr gildi.

Háttv. þm. þótti sérstaklega erfitt að skera úr því, hvenær maður væri ölvaður, og spurði hver væri »ölvaður«. Það er vitanlega ekki gott að svara því í einu lagi, því að ölvan lýsir sér með ýmsu móti, en sæmilega sjáandi maður sér þó, hvort maður er ölvaður eða ekki, sé nokkur brögð að.

Þá sagði háttv. þingm. að fjárhagurinn þyldi ekki, að bannlögin væru lengur í gildi, en þar komst hann í mótsögn við sjálfan sig, því hann nefndi um leið vörutollinn, sem nemur 600 þús. kr. um fjárhagstímabilið. Háttv. þm. má því trúa því, að skarðið er fult og meira en það.

Hitt skal eg játa með háttv. þingm., að það var ekki gætilegt að skella á þjóðina vörutollslögunum, en það var ekki mér að kenna að það var gert. Það lá fyrir þinginu frumv. um verðgjald, sem var miklu aðgengilegra en vörutollslögin, en það var felt.

Það er gömul setning, sem háttv. þm. var að fara með, að lögin væru skerðing á persónufrelsi. Hvaða lög ganga ekki meira eða minna nærri persónulegu frelsi manna?

Háttv. þingm. sagði, að lögin myndu ekki ná tilgangi sínum, og það má vera að svo verði, en fari svo, þá verður það ekki sízt að kenna slælegu eftirliti landsstjórnar og lögreglustjóra. Það má ónýta öll lög með slælegu eftirliti. Þingið ætti að taka í taumana og leggja stjórninni fyrir að gæta laganna betur en hingað til.

Háttv. flutningsm. sagði, að bannvinir ættu að samþykkja till. af því, að hafi þeim fjölgað, þá sé sjálfsagt að lögin standi í gildi, en það mætti snúa þessu við og segja, að andbanningar ættu að láta lögin hlutlaus, því að sýni það sig að þau nái ekki tilgangi sínum, þá falli þau af sjálfu sér. Svona ættu andbanningar að hugsa og haga sér og það því fremur, sem lögin yrðu áreiðanlega sett á laggirnar aftur áður en þau kæmust í framkvæmd.

Að svo mæltu vildi eg mega segja nokkur orð um gæzlu bannlaganna af hendi stjórnarráðsins, og vík eg þá fyrst að umboðsbréfinu frá 2. Desbr. 1911, sem eg nefndi áðan. Skal eg með leyfi hæstv. forseta lesa upp póst úr því til lögreglustjóranna um framkvæmd bannlaganna.

Þar segir meðal annars:

»Þar sem svo er í 5. gr. (o: bann-

laganna) ákveðið meðal annars, að skipstjóri megi ekki »veita« öðrum en skipverjum áfengi, þá má ekki skilja þetta svo, að skipstjóri megi ekki hafa gesti í boði, og veita þeim jafnframt áfengi, meðan hver sem vill getur veitt áfengi í landi« (sbr. Stj tíð. 1911, B, bls. 241).

Eg er háttv. þm. alveg samdóma um það, að lögin eru hér brotin, því að í 5. gr. bannlaganna er kveðið svo að:

»Hann (o: skipstjóri) skal og skýra frá, hvort og hve mikið áfengi hann hafi meðferðis sem skipsforða, en óheimilt skal honum, meðan hann er í höfnum inni eða í landhelgi við Ísland, að *veita* eða *selja* eða *á annan hátt láta af hendi* eða leyfa öðrum skipverjum að láta af hendi nokkuð af því áfengi, er til skipsforða er ætlað, til *annara* manna en þeirra, sem eru lögskráðið skipverjar«.

Orðin »óheimilt skal honum . . . á *annan hátt* að láta af hendi . . . nokkuð af því áfengi, er til skipsforða er ætlað«, taka alveg tvímælalaust af skarið um það, að skipstjóra er óheimilt að láta áfengi af hendi á hvern hátt sem er til annara manna en skipverja. Þetta ákvæði tekur því yfir það, er skipstjóri hefir gesti í boði á skipi sínu og »veitir« þeim vín. Það er fullkomið brot á bannlögunum, þar á er enginn vafi. Og þannig löguð boð hafa jafnvel ráðherrar setið.

Það er alt annað en vel fallið til þess að halda uppi virðingu fyrir lögunum, að æðstu stjórnendur landsins verða til að brjóta þau? Og ekki nóg með það: Með umburðarbréfinu er jafnvel undirmönnum ráðherrans skipað að brjóta lögin!

Enn má nefna stjórnarráðstöfun, sem gerð var í Marzmánuði 1912 og Alþingi síðar vítti að nokkru leyti. Þá var frakkneskum manni leyft að flytja í hafnfest skip áfengi og geyma þar um stundar sakir. Þetta var og skýlaust brot á bannlögunum og get eg þar borið fyrir mig sama manninn, sem leyfði þetta. Með landsyfirréttardómi í vor er hliðstætt tilfelli óbeinlínis dæmt brot á bannlögunum. Þar er flutningur áfengis frá útlöndum inn á íslenzka höfn réttilega talinn brot á bannlögunum. Í landsyfirréttinum átti og á þó sæti sá maður, sem gaf út umburðarbréfið 2. Desbr. 1911 og leyfði áfengisgeymsluna hér á höfninni í Marzmánuði 1912.

Út af nefndu leyfi var samþykt rökstudd dagskrá á síðasta þingi, sem vítti — að vísu mjúklega — ráðherra fyrir þetta. En hverju lætur landssjórnin sig það skifta? Það hefði mátt ætla, að hún mundi sjá að sér. Síður en svo! Nokkrum dögum eftir að in rökstudda dagskrá var samþykt, leyfði landstjórnin »Fálkanum« að flytja áfengi á land á Akureyri. Dagskráin var samþykt 13. Ágúst, en í September veitti núverandi ráðherra »Fálkanum« leyfið. Mér þykir leitt, að hæstv. ráðherra, sem eg heyri nú til í háttv. efri deild, skuli ekki vera hér viðstaddur. Kannske einhver vilji segja honum til. Nú er eg kominn að honum.

Þessu tjóar ekki að mótmæla, því að eg hefi handa á milli bréf stjórnarráðsins til stórtemplars, dags. 22. Okt. 1912, þar sem stjórnarráðið endursendir kæru, er fram hafði komið út af þessu broti, og segist ekki taka kæruna til greina.

Þetta leyfi er því merkilegra, sem nóg er til í landinu af áfengu öli. (*Guðmundur Eggerz:* Það er ódrekkandi). Eg hefi þó séð háttv. þm. drekka það og ekki gretta sig.

5. Júní þ. á. leyfir stjórnarráðið mælingarmönnunum dönsku enn fremur að flytja brennivín og whisky á land í Stykkishólmi. Um það verður ekki deilt, því að stjórnarráðið hafði skrifað

þetta á farmbréfið: »Innflytjist tollfrítt, þar á meðal ákavíti«. Þessi innflutningur var ekki nauðsynlegri en á Akureyri, því að nóg brennivín og whisky var og er til í Stykkishólmi.

Allar þessar undanþágur eru að mínu viti ugglaus lagabrot, og skal eg því til sönnunar með leyfi hæstv. forseta lesa upp 2. gr. bannlaganna. Hún hljóðar svo:

»Heimilt skal stjórnanda eða eiganda iðnaðarfyrirtækis, efnarannsóknarstofu, náttúrugripasafna eða annara þvílíkra stofnana, að flytja frá útlöndum vínanda eða annað áfengi til iðnþarfa og verklegra nota í stofnuninni. *Svo* skal og heimilt, að flytja til landsins vínanda, sem ætlaður er til eldsneytis. Lyfsölum og héraðslæknum skal *og* heimilt að flytja til landsins vínanda þann og annað áfengi, sem þeim er skylt að hafa til læknisdóma samkvæmt inni almennu lyfjaskrá. *Enn* skal smáskamtalæknum heimilt að flytja frá útlöndum smáskamtalyf með vínanda í, ef pöntun þeirra fylgja meðmæli hlutaðeigandi lögreglustjóra og sóknarprests. *Að lokum* skal próföstum þjóðkirkjunnar og forstöðumönnum annara kirkjudeilda heimilt að láta flytja frá útlöndum messuvín, er nauðsynlegt sé til altarisgöngu, þótt í því sé meira af vínanda en $2^1/_4\,\%$«.

Með þessu ákvæði sjá allir, að *tæmd er til fulls* heimildin til innflutnings á áfengi. Um það ætti enginn að vera í vafa, allra sízt sá sem heita vill löglesinn. Greinin tínir upp heimildirnar lið fyrir lið, og sannast þar, svo sem mest má verða setningin: »inclusio unius, exclusio alterius«.

Það er ekki að búast við góðri löggæzlu af hendi lögreglustjóranna, þegar stjórnin sjálf veitir slíkt fordæmi, enda hefir landstjórn vor sjaldan tekið hart á drykkjuskap. Drykkjuskapur meðal embættismanna er nú að vísu að mestu leyti úr sögunni, en þó gætir hans sumstaðar enn. Þannig er sagt að hans kenni rétt undir handarjaðri ráðherrans. Og kunnugt er, að hans gætir enn víðar. Séð hefi eg t. d. lækni reika hér um göturnar um hábjartan dag, og sagt er, að 2 prestar hefðu haft of mikið í kollum á nýafstaðinni synodus. Þá liggur það heldur ekki í láginni, að maður einn í hvítu húsi nálægt stjórnarráðinu sé um of hneigður til vínnautnar.

Þetta afskiftaleysi stendur annars í sambandi við slælegt eftirlit með embættismönnum yfirleitt. Þannig er mér sagt, að einn af stærstu gjaldheimtumönnum landssjóðs hafi árum saman verið laus við eftirlit um eina grein embættis síns, og það eftir samkomulagi við einn ráðandi mann í stjórnarráðinu.

Það sýnist svo sem stjórninni þyki það mestu skifta að sitja, enda til þess oft, bæði nú og fyr, höfð flest spjót úti.

Eg get, sem sagt, samsint háttv. flutningsmanni um það, að laganna sé ekki gætt sem skyldi. En þótt svo sé nú, þá getur það batnað, einkanlega ef stjórnin væri brýnd að gæta laganna betur en hingað til. Hvorttveggja er nauðsynlegt, bæði að brýna stjórnina til eftirlits, og ekki síður hitt, að fá reynslu um lögin. Reynslan er nauðsynleg frá beggja sjónarmiði, bannvina og andstæðinga bannsins. Reynsla laganna er nauðsynleg fyrst og fremst vegna nytsemdar þeirrar, sem af þeim mun leiða, verði þau haldin. Í öðru lagi er reynsla nauðsynleg vegna sóma þjóðarinnar. Bannið er á komið samkvæmt óskum þjóðarinnar. Málið var borið undir þjóðina og hlaut þá meira hluta atkvæða, 4900 greiddra atkvæða gegn 3250. Á þinginu voru lögin líka samþykt með miklum meiri hluta í Nd.,

18 atkv. gegn 6, en í Ed. með 9 gegn 4. Hér er því um svo alment fylgi að ræða, að óforsvaralegt væri að fleygja lögunum nú þegar að óreyndu, ekki sízt þegar þess er gætt, að aðrar þjóðir oss nákomnar, eru nú að undirbúa bann hjá sér. T. d. hefir forsætisráðherra Svía tekið aðflutningsbann áfengis upp á stefnuskrá sína og konungsefni Svía er því mjög fylgjandi. Enn fremur hefir einn af helztu stjórnmálamönnum Dana lýst yfir því nýlega, að hann tæki aðflutningsbann á stefnuskrá sína, Þetta sýnir, að það eru fleiri en Íslendingar, sem vilja hafa aðflutningsbann á áfengi.

Þetta, sem eg nú hefi sagt, ætti að nægja til að sýna, að oss er eigi að eins vegna reynslunnar eða öllu heldur reynsluleysis ótækt að afnema bannlögin nú, heldur liggur sómi vor við, ef vér gerum það að óreyndu.

Eg veit nú ekki, hvort mínum háttv. vini og sessunaut þykir spá sín hafa rætzt, sú er hann spáði í upphafi ræðu sinnar, að eg mundi verða til þess að greiða atkvæði með tillögu sinni. Um það getur hann sannfærst enn frekara er hann heyrir tillögu til rökstuddrar dagskrár, sem eg ætla hér með að lesa upp og síðan mun afhenda hæstv. forseta. Tillagan hljóðar svo:

»Neðri deild Alþingis skírskotar til rökstuddrar dagskrár sinnar 13. Ágúst f. á. og telur það jafnframt mjög aðfinsluvert, að landsstjórnin leið innflutning áfengis til Akureyrar í September f. ár og aftur til Stykkishólms í Júní þ. á., jafnvel áfengis, er fáanlegt var og er í landinu.

Þó að landsstjórnin hafi eigi framfylgt aðflutningsbanninu sem skyldi, telur deildin nauðsynlegt, að bannlögin verði reynd, en ábyggileg reynsla fæst því að eins um lögin, að þau fái að standa í óröskuðu gildi hæfilega lengi yfir 1. Janúar 1915.

Fyrir því tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá og felur stjórninni jafnframt framkvæmd bannlaganna til rækilegrar gæzlu«.

Eg bið forseta að skifta atkvæðslunni, þannig að 1. málsgr. verði borin upp sér, og óska nafnakalls um báða liði dagskrárinnar. Skifting atkvæðagreiðslu er nauðsynleg.

**Flutningsm. (Guðm. Eggerz):** Það eru að eins örfá orð. Háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) byrjaði á því að segja, að eg væri með eftirskot. Jæja, en skot er það, og hann skildi það réttilega, að það er skot á bannlögin. Það gekk eins og rauður þráður gegn um ræðu hans, að svo framarlega sem þessi þingál.till. yrði samþykt, þá mundi það verða til þess, að bannlögin yrðu afnumin. Þessa hefi eg orðið var hjá mörgum öðrum. Í sjálfu sér þyrfti þó ekki sú að verða afleiðingin. En eftir því sem eg þekki bezt til, þá er það alveg víst, að ef bannlögin yrðu borin undir atkvæðagreiðslu þjóðarinnar, mundu þau ekki fá mikið fylgi. Þetta er hann og aðrir bannvinir hræddir við.

Eg held að það sé ekki neitt aðfinningarvert eða óttalegt, þótt kjósendur fái að láta í ljós vilja sinn um það, hvort þeir vilji afnema ein tiltekin lög eða ekki.

Mér þótti háttv. háttv. Rvk. á óviðurkvæmilegan hátt kasta hnútum í garð embættismanna fyrir drykkjuskap. Yfirleitt er drykkjuskapur hér miklu minni en annarstaðar, og fór síminkandi alt að því að bannlögin komu.

Síðan hefi eg bæði heyrt og orðið var við það, að menn drekka miklu meira en áður, og er það eðlilegt, því að síðan bannlögin komust á hefir starfsemi Goodtemplarafélagsins lagst að mestu niður.

**Einar Jónsson:** Háttv. flutnm. er nokkuð seinn í tíðinni; hann hefði átt að vera á þinginu 1909. Þá hefði þessi

tillaga hans verið frambærileg, þá var hún að nokkru leyti rétt, en nú á hún ekki við. Eg var hlyntur því 1909, að bannlögin, eins og þau lágu fyrir, yrðu borin undir þjóðina. Nú er alt öðru máli að gegna. Þjóðin hefir áttað sig á bannlögunum og felt sig við þau. Að minsta kosti hefir ekki, mér vitanlega, komið fram alment á þingmálafundum ósk um að afnema þau.

Hér við bætist enn eitt mikilsvert atriði, og það er það, að lögin eru enn óreynd. Látum þau reyna sig.

Jón sál. í Múla sagði, og það hafa margir aðrir mætir menn sagt, að það væri heimskulegt að afnema bannlögin fyr en þau væru reynd.

Háttv. flutnm. sagði, að kvenfólkið ætti ekki að hafa atkvæði um málið. Hvers vegna ekki? Er hann hræddur um, að kvenfólkið sé fylgjandi banninu? Mér er kunnugt um það, að konur eru skiftrar skoðunar um það mál, eins og karlmennirnir. Sumar eru með, sumar móti.

Eg vona, að tillagan fái þann byr, sem hún á skilið. Tillagan hefði ekki átt að koma fram, og helzt ætti faðir hennar að taka hana aftur, því að hún er ótímabær og sprottin af ókunnugleika.

**Forseti (M. A.):** Mér hefir verið afhent svo hljóðandi tillaga til rökstuddrar dagskrár frá háttv. 1. þingmanni Rvk. (L. H. B.):

> Neðri deild Alþingis skirskotar til rökstuddrar dagskrár sinnar 13. Ágúst f. á. og telur það jafnframt mjög aðfinsluvert, að landstjórnin leið innflutning áfengis til Akureyrar í September fyrra ár og aftur til Stykkishólms í Júní þ. á., jafnvel áfengis, er fáanlegt var og er í landinu
>
> Þó að landstjórnin hafi eigi framfylgt aðflutningsbanninu sem skyldi, telur deildin nauðsynlegt, að bannlögin verði reynd, en ábyggileg reynsla fæst því að eins um lögin, að þau fái að standa í óröskuðu gildi hæfilega lengi fram yfir 1. Janúar 1915.
>
> Fyrir því tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá og felur stjórninni jafnframt framkvæmd bannlaganna til rækilegrar gæzlu.

Eg mun verða við óskum háttvirts þingmanns um að bera tillöguna upp að lokinni umræðu, og er það samkvæmt þingsköpunum og þeirri venju, sem komin er á.

Aftur á móti ber eg ekki tillöguna upp í tvennu lagi; eg álít ekki heimild til þess í þingsköpunum.

**Ráðherrann (H. H.):** Eins og háttv. þingmenn hafa séð, hefi eg ekki getað verið viðstaddur þessar umræður — eg þurfti að vera uppi í efri deild. Eg hafði ekki látið mér hugkvæmast, að þessi þingsályktunartillaga um nýja atkvæðagreiðslu um bannlögin ætti að notast til þess, að greiða stjórninni eitt tilræðið enn, og datt mér ekki í hug að þau óviðkomandi mál, sem þessi nýupplesna dagskrártillaga 1. þingm. Reykvíkinga hljóðar um, yrðu tekin til umræðu og ályktunar á þessum fundi, það því síður, sem eg hafði heyrt, að háttv. 1. þingm. Rvk. hefði í hyggju að bera fram fyrirspurn til stjórnarinnar um þessi tvö atriði, væntanlega til þess að fá að heyra tilsvör hennar, áður dómur væri feldur. En nú átti að nota tækifærið í fjarveru minni til þess að drífa þetta af.

Í dagskrártillögunni stendur, að landstjórnin hafi liðið innflutning áfengis til Akureyrar í fyrra og leyft innflutning til Stykkishólms í vor.

Hér getur ekki verið við annað átt, en það, að nokkrir kassar af öli, sem ætlað var til vistaforða Fálkanum, voru

settir á bryggjusporð á Akureyri í fyrra og teknir þaðan aftur að vörmu spori og fluttir í Fálkann. Einhver Akureyrarbúi hafði kært þetta, sem brot á bannlögunum, fyrir lögreglustjóra. En hann kvað, sem rétt var, að þar sem hér væri um herskip að ræða, hefði hann ekki vald til að skera úr spursmálinu og vísaði málinu til stjórnarráðsins. Það svaraði svo, að það liti svo á, að flutningur áfengis til dansks herskips væri leyfilegur samkvæmt almennum þjóðarrétti.

Eg var utanlands þegar þetta gerðist, en auðvitað skiftir það ekki máli, að mér var ekki kunnugt um þetta fyr en nú fyrir nokkrum dögum, er eg frétti um væntanlega fyrirspurn háttv. 1. þm. Rvk. Það er auðvitað gert á mína ábyrgð. Afstaða stjórnarráðsins til málsins var þessi, að hér væri ekki um neina undanþágu frá bannlögunum að ræða, heldur hitt, að herskipið nyti »exterritorialitets-réttar« til þess að afla sér þess vistaforða, er það á að hafa eftir sínum reglum.

Það hefir heldur ekki legið fyrir nein beiðni um undanþágu í þessa átt. Hér er því ekki að tala um neitt »leyfi« er veitt hafi verið, heldur að eins um skilning á almennum lögum, og eg verð að álíta, að stjórnarráðið sé alveg eins bært um að meta, hvað rétt er í því efni og háttv. þingdeild. Stjórnin lítur svo á, að þetta tilfelli *liggi fyrir utan bannlögin* og þeim skilningi ber hún lagaábyrgð á. Honum verður ekki hrundið nema með dómstóla úrkurði.

Það er ekki samkvæmt stjórnarskránni að þingið fari að gera sig að hæstarétti í »juridiskum« spursmálum. Eg get því ekki séð, þótt einhverjir séu á öðru máli en stjórnin um þetta atriði, að hægt sé, formsins vegna, fyrir háttv. þingmenn að láta með þessari dagskrártillögu leggja sér dómsorð í munn í þessu máli.

Hitt atriðið í dagskrártillögunni er um innflutning áfengis til Stykkishólms, og þar er talað um »leyfi« frá stjórninni. Það liggur svo í þessu, að herdeildin, sem vann að landmælingum á Gilsfirði í sumar, hafði fengið af vistaforða hersins nokkrar flöskur af vínföngum. Þessar flöskur höfðu verið settar á tollskrá. Málið var borið undir skrifstofustjóra 1. skrifstofu, sem þá var settur landritari, vegna þess að bæði eg og landritari voru fjarverandi. Hann leit svo á, að þar sem hér væri um herdeild að ræða undir kommandó, þá kæmi hér til greina sérstakur réttur, sem bannlögin hefðu ekki gert neina breytingu á. Stjórnarráðið skoðaði þetta ekki sem *innflutning* á áfengi í þeim skilningi, sem aðflutningsbannslögin banna hann. Vínið var ekki ætlað borgurum landsins né neinum þeim sem dómstólar landsins hafa lögsögu yfir, heldur herdeild, sem að vísu var hér stödd, en laut sínum sérstöku lögum, herlögunum, því vínið var engum sérstökum manni sent, heldur liðsflokknum sem slíkum. Inn setti landritari ritaði því á tollskrána, að vínið mætti láta af hendi.

Hér er heldur ekki að ræða um það, að stjórnin hafi tekið sér bessaleyfi til þess að veita undanþágu frá gildandi lögum, heldur um skilning á alþjóðarrétti. Ekki lögskýring á bannlögunum, því að tilfellið var talið fyrir utan þau. Það gildir ið sama um þetta atriði og og ið fyrra, að þingið er ekki bært um að dæma, hvort hér sé lögfræðislega réttur úrskurður feldur eða ekki. Þetta heyrir eingöngu undir úrlausn dómstólanna. Eg get því ekki séð, að nokkuð tilefni hafi verið gefið til þess að ávíta stjórnina fyrir slælegt eftirlit með framkvæmd bannlaganna.

Fyrir utan þetta verð eg að spyrja: Hvers vegna er verið að blanda svona óskyldu máli inn í þessar umræður?

Það virðist naumast samrýmanlegt þingsköpunum, að vera að koma með slíkt inn í umræður þingsályktunartillögunnar, sem fer fram á það eitt, að þjóðaratkvæðis sé leitað um bannlögin að nýju. Það mætti alveg eins koma öllum öðrum óskyldum málum hér að, t. d. framkvæmd vörutollslaganna, eða jafnvel uppburði lotterílaganna eða öðru, sem háttv. þm. þætti athugavert í fari stjórnarinnar. Enn er það mjög kynlegt, að háttv. þm. skyldi einmitt nota þann tíma, sem hann vissi að eg var bundinn annarstaðar, til þess að draga fram mál, sem mér gat ekki dottið í hug að farið yrði að ræða nú.

Sömuleiðis hefði það verið viðkunnanlegra af háttv. þm. að heyra fyrst svör stjórnarinnarinnar um þau atriði, sem hann vildi fá upplýst, áður en hann bæri fram tillögu til úrskurðar um þau atriði.

**Lárus H. Bjarnason:** Hæstv. ráðherra sagði, að það væri undarlegt, að eg notaði þann tíma, sem hann væri ekki viðstaddur, til þess að koma fram með ákúrur til stjórnarinnar. Til þessa er því að svara, að eg nefndi það þegar í byrjun, að eg saknaði háttv. ráðherra og skaut því fram, hvort ekki ætti að segja honum til, í því skyni að honum yrði gert aðvart. Hafi hann því ekki vitað um þetta, þá er það ekki mín sök, enda þekkir hæstv. ráðherra mig svo, að hann veit, að mér eru tamari brjóstvíg en bakvíg.

Hæstv. ráðherra sagði, að réttara hefði verið af mér, að bera fram fyrirspurn til stjórnarinnar um þessi atriði, þar sem mér væru ekki kunnir málavextir. Það hefði eg líka gert, ef svo hefði ekki staðið á, að eg hefi liggjandi fyrir mér öll skjöl málinu viðvíkjandi, kæruna frá Akureyri og neitun stjórnarráðsins um að sinna henni, og afrit af farmskrá, sem settur landritari hefir skrifað upp á. Skjölin sýna það berlega, að stjórnin hefir leyft innflutning áfengis, jafnvel ákavítis og whisky, sem þó er hægt að kaupa í hvaða vínverzlun, sem til er í landinu.

Eg þarf því ekki að *spyrja* um þetta. Það er öllum ljóst. Spurningin er að eins um það, hvort eg hafi dregið rétta ályktun af »factis«, og það er ekki fyrirspurnarefni.

Hæstv. ráðherra sagði, að það væri rangt að blanda þessu máli inn í umræður um bannlögin. Ekki hefir hann þó úrskurð forseta fyrir því. Forseti hefir þó sagt, að hann muni bera rökstuddu dagskrána undir atkvæði. Enda sér það hver maður, að bannlögin og eftirlitið með framkvæmd þeirra er jafnnáið hvort öðru og nef augum. Eg veit heldur ekki betur en að ráða megi hverju þingmáli, sem er, — þingsályktun jafnt sem fyrirspurn og frumvarpi, — til lykta með rökstuddri dagskrá. Og eg hefi sýnt og sannað það með því að lesa upp 2. gr. bannlaganna, sem alveg tæmandi telur upp, hverjum heimilt sé að flytja vín inn í landið, að innflutningur, sá sem eg mintist á, er óheimill. Háttv. ráðherra vitnaði í »exterritorialitetsrétt« og alþjóðarétt. En misskilningur hans á því, í hverju hvor sá réttur um sig væri fólginn, var svo rammur, að eg hefði sízt af öllu búist við að heyra slíkt úr ráðherrastólnum. Í fyrsta lagi getur aldrei verið um þjóðarétt að ræða, nema í viðskiftum milli framandi ríkja, en hingað til hefir ráðherra ekki talið Danmörku framandi ríki gagnvart Íslandi. Og þar næst gæti þjóðarétturinn ekki bjargað ráðherra hér, þótt svo væri. »Exterritorialréttur«, eða úrlendisréttur, sem eg kalla hann, leysir ekki þann sem þess réttar nýtur, undan því að hlýða lögum dvalarlandsins, en leysir

manninn að eins undan dómsvaldi og lögregluvaldi dvalarlandsins, gerir það að verkum, að dvalarlandið verður að leita réttar síns í heimalandi ins útlenda manns. Jafnvel konungar, sem eru á ferð í framandi landi, mega ekki brjóta lög þess lands, sem þeir eru staddir í, því síður mega aðrir gera það.

Eg þurfti ekki upplýsinga háttv. ráðherra um það, að íslenzkir dómstólar gætu ekki átalið gerðir »Fálkans« og mælingamanna, hafi þeim annars verið um nokkuð að kenna. Það hafði mér aldrei komið til hugar. En ráðherra hefði getað kært gerðir þeirra til hermálastjórnarinnar dönsku, og það hefði ráðherra átt að gera út af fánatökunni 12. Júní. En vitanlega gerði hv. ráðh. ekkert þvílíkt. Stjórnarráðið leið landflutning áfengis á Akureyri, en leyfði hann beinlínis í Stykkishólmi.

Annars skal eg geta þess, að mér virðist það ekki karlmannlegt af hæstv. ráðherra að bera það fyrir sig, að hann hafi verið ytra þegar þetta skeði, enda ósennilegt, að inn setti landritari mundi hafa gert slíkt upp á eigin spýtur, ef honum hefði ekki verið kunnugt um hugarfar háttv. ráðherra. Og að minsta kosti kemur Alþingi það ekki við, hver fyrir þessu stóð í stjórnarráðinu. Ráðherra ber ábyrgð á öllum gerðum stjórnarráðsins og Alþingi á því við hann einan. Eg vil líka benda hæstv. ráðherra á það, að dagskráin beinist ekki að ráðherra persónulega, heldur að landstjórninni.

Háttv. ráðherra sagði, að það væri gagnstættt öllum reglum, að þingið færi að skera úr um slík mál sem þetta, en þessar bágbornu varnir eru afturgöngur frá í fyrra, uppvaktar þá af honum og fyrverandi ráðherra, núverandi þm. Borgf. (Kr. J.). Þá tók deildin sér vald til þess að dæma um það, hvort rétt hefði verið að leyfa geymslu hér á höfninni í nokkra daga á víni, sem átti að fara til New-Foundlands, virti þær mótbárur að vettugi, og eins vona eg að nú muni fara. Eg þori því óhræddur að leggja *það* atriði undir dóm deildarinnar, enda liggur annað nær en að landsstjórnin sjálf, sem sök á að máli, dæmi um, hvað hún má og má ekki. Og hver stendur þá — að landsdómi sleptum, sem engum dettur í hug að leita út úr þessu — nær en einmitt þingið, sem átöluvaldið gegn ráðherra er hjá, til þess að finna að gerðum ráðherra, enda er ráðherra í raun og veru aðallega umboðsmaður þings og þjóðar milli þinga, um leið og hann auðvitað er ráðunautur konungs og aðstoðarmaður.

Eg hefi nú svarað vörn háttv. ráðh. og sé ekki, að hún sé á rökum bygð, enda legg eg málið á vald hv. deildar í þeirri von að hún verði sjálfri sér samkvæm, enda þótt forseti hafi neitað að bera tilföguna upp í tvennu lagi, af hverju sem það er. »Facta« standa óhögguð: Innflutningur áfengis hefir verið *liðinn* á Akureyri og *leyfður í* Stykkishólmi.

Eg get ekki talað oftar í þessu máli, nema þá hæstv. forseta og mig greini eitthvað á um þingsköpin, því að þá á eg *heimtingu* á að tala. Hæstv. ráðh. getur því sagt óátalið af mér það sem honum þóknast að láta taka sig út í þingtíðindunum.

**Bjarni Jónsson:** Mér er það mjög nauðugt að standa upp og tala um þetta bannmál. Það virðist liggja beint fyrir, að það sé vilji þjóðarinnar að full reynsla fáist á bannlögunum, og er þá ekki nema sjálfsagt að bíða þess að það komi í ljós, hvernig þau gefast. Orsökin til þess að eg stóð upp er sú, að hæstv. ráðherra var að vitna til alþjóðalaga. Því var nú svarað að nokkru leyti af háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.), og eg hygg að það sé vegur til að verja rétt

sinn jafnvel fyrir herskipum annara þjóða. Eg veit ekki til að það sé heimilt að leggja áfengi hér á land. Ef franskt herskip kæmi hingað, gæti það ekki sent brennivín með verzlunarskipi og látið skipa því upp hér á brygjuna og standa þar þangað til það kæmi aftur. Til þess hefir það engan alþjóðarétt, eða eg þekki hann þá ekki. Mér er ókunnugt um, að herskipum sé slíkt heimilt í hvaða landi sem er. Öðru máli er að gegna um Fálkann, því að í hann var flutt vín úr öðru erlendu skipi, enda er efasamt að hann sé herskip, eða að minsta kosti er fjárveiting til hans skrifuð á Íslands reikning í fjárlögunum dönsku. Hann er því eins og nokkurs konar lögreglubátur til að gæta fiskiveiðanna hér, en ekki herskip. Það var reyndar ekki aðallega þetta, sem eg ætlaði að tala um, heldur vildi eg minnast lítið eitt á herdeidina í Gilsfirði. Þegar eg bað um fjárveitinguna til að mæla innsiglinguna á Gilsfjörð, þá var það ekki ætlun mín, að farin yrði herferð inn í kjördæmi mitt. Það er annars undarlegt, hvað þessi mæling hefir dregist lengi. Ef beðið hefir verið eftir dönskum hersveitum undir forystu reglulegt hershöfðingja, þá var það óþarfi, því að nóga aðra mátti fá. *(Forseti:* Hvernig kemur þetta því máli við, sem er til umræðu?). Það stendur í beinu sambandi við það sem hæstv. ráðherrra talaði um exterritorial-rétt. Það er ekki hægt að skoða þessa menn sem herdeild undir forystu hershöfðingja, heldur sem rétta og slétta verkamenn, sem engan exterritorial-rétt hafa til að flytja með sér vínföng. Svör hæstv. ráðherra hafa hert á mér að finna að þessu. Eg sé mér ekki annað fært en taka fyrir það með mínu atkvæði, að þeir menn, sem ekki bera neina ábyrgð á stjórnarathöfnum sínum, leyfi sér að gera slíkar undantekningar á ábyrgð ráðherra í fjarveru hans.

Að endingu skal eg taka það fram, að það er óþarfi fyrir hæstv. forseta að ókyrrast í sæti sínu út af því sem eg hefi sagt, því að það var alt því máli viðkomandi, sem til umræðu er, og eg kann því illa að eg fái áminningu fyrir það.

**Ráðherrann (H. H.):** Háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) leyfði sér að bera það fram þvert ofan í það sem háttv. deildarmenn hafa heyrt, að eg væri að skjóta mér undan ábyrgðinni í þessu máli. Allir sem heyrðu mál mitt, hljóta að hafa tekið eftir því, að eg sagði að auðvitað bæri eg ábyrgð á þessu, þótt eg hefði ekki persónulega tekið þátt í þessum stjórnarathöfnum. Mér hefir ekki dottið í hug að skjóta mér undan neinni ábyrgð, og eg lýsi yfir því að eg er algerlega samþykkur þessum ráðstöfunum, og mundi hafa gert einmitt það sama, sem gert hefir verið, ef eg hefði verið viðstaddur. Eg mótmæli því, að ráðherrann sé umboðsmaður þingsins á þann hátt að honum beri að beygja sig fyrir lögfræðislegum sleggjudómum einstakra þingmanna. Í lögskýringum er engin stjórn skyldug til að fara eftir öðru en því sem hún sjálf hyggur réttast vera. Þetta tvent, sem hér hefir verið dregið fram, er ekkert leyfi eða undanþága frá bannlögunum, heldur hefir stjórnin litið svo á, að það kæmi bannlögunum ekki við. Hvort það er rétt álitið, er dómstólanna að úrskurða.

Þá fór inn háttv. þm líka skakt með það, að eg hefði sagt að þjóðarréttur og exterritorial réttur væri eitt og ið sama. Slík fásinna hefir mér aldrei dottið í hug. Hann sagði, að um exterritorialrétt geti ekki verið að ræða nema milli framandi ríkja. Hann var að fetta fingur út í það, að danskt herskip væri

þá talið til framandi ríkis. En hér er um tvö löggjafarsvið að ræða, hvað sem ríkiseiningunni líður. Það löggjafarsvið, sem dönsk herskip heyra undir, er alveg laust við bannlögin. Okkar land er eina löggjafarsviðið í veröldinni, sem verður að lúta slíkum lögum. Það er því ekkert óeðlilegt við það, að dönsk herskip njóti frelsis frá þeim lögum, eins og herskip allra annara þjóða. Um innflutninginn á Akureyrarhöfn er það að segja, að ölið átti að flytja úr skipi yfir í herskipið, úr Ingólfi yfir í Islands Falk. En á leiðinni var eitthvað af því lagt upp á bryggjuna rétt sem snöggvast, og að vöru spori tekið það aftur og flutt í herskipið.

Að kalla þetta innflutning í landið, er sama sem að snúa öllu öfugt og nær ekki neinni átt. Háttv. 1. þingm. Rvk. (L. H. B.) lét fyrst svo sem stjórnin hér hefði vanrækt að koma fram ábyrgð út af þessum »innflutningi«, en hann sansaðist síðar á, að það væri vitleysa tóm að stjórnin færi að hegna sjóðliðsforingjanum fyrir þetta. Hann áttaði sig á því, að bæði Fálkinn og mælingadeildin hlíta sínum hegningarlögum og standa fyrir utan okkar dómsvald í því efni. En hann vildi þó ekki láta mig sleppa ábyrgðarlausan fyrir þetta, og sagði, að það væri fádæma-uppburðarleysi af mér að klaga það ekki fyrir hermálastjórninni dönsku, að herdeildin hefði fengið þessar 13 flöskur af víni og fyrir flotamálastjórninni, að Fálkinn hefði fengið öl. En hvernig átti mér að detta slíkt í hug, þar sem eg álít ekki um neitt brot að ræða? Það skiftir væntanlega engu máli og eg veit ekki, hvort eg á að voga að stynja því upp vegna væntanlegra ásakana frá háttv. 1. þm. Rvk. um, að eg vilji skjóta mér að baki annara, að þó eg hefði viljað skýra þessum herstjórnarvöldum frá þessu, þá var mér það ómögulegt, því eg vissi ekkert um þessa merkisatburði fyr en mér var sagt, að hv. þm. Rvk. ætlaði að koma með fyrirspurn og greipilega vantraustsyfirlýsingu út úr þessu »vítaverða« athæfi mínu. Í stjórnarráðinu hafði engum þótt þetta svo markvert, að neinum hefði dottið í hug að segja mér frá því. En aðrir kraftar höfðu verið í hreyfingu. Leynilegar njósnir höfðu farið fram bak við tjöldin, til þess að reyna að finna einhverja átyllu, sem nota mætti til andróðurs og æsinga, einhverja yfirtroðslu-vitund, sem sletta mætti framan í stjórnina, þó ekki væri nema til þess að skaprauna henni, og var þó lagst lágt þarna, að lúta að því að taka þessi tvö atriði, sem inn háttv. þm. hefir þó hlotið að vita, að gátu ekki snert persónulegt traust mitt til eða frá.

Eg sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta meira, eg mótmæli því algerlega, að sýndur hafi verið nokkur slæleikur í að framfylgja bannlögunum, þegar verið hefir að ræða um brot á þeim lögum. En hitt getur verið, að þau hafi verið brotin á laun, en brot, sem ekki er kært fyrir, getur stjórnarráðið ekki ráðið við.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Eg er enginn þjóðaréttarfræðingur og ætla ekki að blanda mér inn í þetta háfleyga spursmál um exterrtorial-rétt.

Eg flutti hér á þinginu í fyrra rökstudda dagskrá, sem átaldi flutning áfengis í skip úr skipi, og þessa rökstuddu dagskrá samþykti deildin með miklum meiri hluta atkvæða. *(Ráðherrann:* Það hefði hún ekki átt að gera). Þetta var ekki stórvægilegt brot, en hvað um það, dagskráin var engu að síður samþykt, og eftir að deildin hafði látið í ljósi þessa yfirlýsingu, sem var beint til landsstjórnarinnar, þá getur engum dulist, að það er löðrungur í andlitið á þinginu, að leyfa mönnum að víkja enn frekara frá bannlögunum,

heldur en þá var gert. Eg skal segja það um dönsku mælingamennina, að eg hefði gjarnan óskað að það stæði í lögunum, að þeir mættu flytja með sér vínföng til eigin þarfa. En þessu er ekki að heilsa. Það stendur ekki í lögunum, og þau eru skýr og ákveðin í þessu efni. Eg held að mig minni það rétt, að þegar Kristján Jónsson var ráðherra, hafi mælingamennirnir leitað leyfis til stjórnarinnar til að flytja með sér áfengi, en hann úrskurðaði, að það væri *ekki* leyfilegt. Hér eru tveir ráðherraúrskurðir í beinni mótsögn hvor við annan. Úr því að áður var kominn úrskurður í þessu máli, var það rangt að ganga á móti honum. Eg veit ekki betur, en að núverandi ráðherra hafi beðið um leyfi handa ræðismönnum til að flytja inn áfengi til eigin notkunar. Og mig minnir, þegar frumv. um viðauka við aðflutningsbannslögin kom fram, þá hafi hv. ráðh. lesið upp kafla úr bréfi frá frönsku stjórninni, og mig minnir að þar stæði, að hún gæti ekki borið neitt fyrir sig, af því að þetta væri *unicum*, þ. e. a. s. einsdæmi. Aðrar þjóðir telja sig ekki hafa *rétt* til að flytja hér inn afengi. En stjórnarráðið hér þykist hafa rétt til að leyfa það. Hvað það snertir, hvað fram hafi farið í málinu, þá var á öllum áfengisilátunum orðrétt áteiknað:

»Flytjist tollfrítt«

f. h. r.

E. Briem«.

Með þessu eru tollögin brotin líka. Eg veit ekki, hvaðan hæstv. ráðherra kemur heimild til þess að leyfa útlendingum að flytja tollfrjálst inn í landið tollskyldar vörur. Eg var á því upphaflega, að rétt væri að láta vera samfara aðflutningsbann og sölubann. En fyrst að svo er ekki, verður ekki fengin full reynsla á lögunum fyr en 1915. Það er barnaskapur, frá hvaða sjónarmiði sem það er skoðað, að vera að reyna til að ónýta lögin nú. Eg get því ekki verið með þingsályktunartillögu háttv. samþingismanns míns, 2. þingm. S. Múl. (G. E.), því að mér finst það vera alla vega jafnóréttlátt að afnema lögin áður en fengin er full reynsla fyrir því, hvernig þau gefast.

**Ráðherrann (H. H.):** Má eg að eins benda á það, að þetta atriði, sem háttv. 1. þm. S-Múl. (J. Ól.) tók fram, að það hafi fylgt í úrskurði stjórnarráðsins, að vínið skyldi flytjast tollfrítt, staðfestir enn betur það er eg hefi sagt um skilning stjórnarráðsins á þessu. Það sýnir, að stjórnarráðið hefir verið fullkomlega sjálfu sér samkvæmt í þessu máli. Ef það hefði heimtað toll, þá hefði það skoðað vöruna sem flutta inn í landið, en einmitt það, að enginn tollur var heimtaður, sýnir að það taldi alls ekki vera um neinn innflutning að ræða í tekniskum skilningi. Eg þakka inum háttv. þm. fyrir, að hann hefir bent á þetta; það skýrir málið vel, og ætti að vera hvöt fyrir háttv. deildarmenn til þess að blanda sér ekki með samþykt á þessari »rökstuddu dagskrá« inn í lagaskýringar. Það hefir aldrei verið heimtaður tollur af herskipum eða mælingaherdeildum, vega þess sama skilnings á afstöðu þeirra sem hefir ráðið úrskurði stjórnarráðsins um þessi tvö nú umræddu atriði.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Eg vil að eins taka það fram, að þegar maður les bannlögin, þá er það sýnilegt, að þetta kemur hvergi fram í þeim. Eg met orð hæstv. ráðherra mikils, en eg met líka mikils orð og álit ýmissa annara manna, og heilbrigða skynsemi met eg mest. Bréf utanríkisráðherrans franska og úrskurður Kristjáns Jónssonar ber það með sér, að þeir hafa verið á annari skoðun um þetta, heldur en hæstv. ráðherra. Yfir það verður ekki klórað.

Sú skýring ráðherra, að það sem flutt er inn tollfrítt, sé alls ekki flutt inn, er honum ósamboðin. Áteiknunin »*flytjist* tollfrítt« hlýtur að þýða »flytjist *inn í landið*«. Annars væri »talað svart« í úrskurðinum.

**Ráðherrann (H. H.):** Mér þykir leitt, að eyða tímanum í þetta þras. En eg verð að benda á, að eg hefi aldrei haldið því fram, að sendikonsúlar hefðu exterritorial-rétt. Ef þeir hefðu exterritorial rétt, þá hefði engum dottið í hug að sækja um undanþágu frá bannlögunum fyrir þá. *(Jón Ólafsson:* Þá nær þjóðarétturinn ekki til þeirra). Jú, hann nær til allra. En eg sé ekki ástæðu til að vera skattyrðast um þetta; það leiðir hvort sem er ekki til neins. En það gegnir furðu, að eins skarpur maður og háttv. 1. þm S.-Múl. (J Ól.) skuli halda að þetta tvent sé eitt ogið sama. Það er sitt hvað, og mig furðar að honum skuli detta í hug, að þessi orð er hann nefndi úr bréfi frakkneska sendiherrans, þýði nokkuð um það.

ATKV.GR.:

Rökstudd dagskrá[1]) feld með 13 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Einar Jónsson |
| Jón Jónsson | Guðm. Eggerz |
| Benedikt Sveinsson | Hannes Hafstein |
| Bjarni Jónsson | Jóh. Jóhannesson |
| Björn Kristjánsson | Jón Magnússon |
| Halldór Steinsson | Kristján Jónsson |
| Jón Ólafsson | Magnús Kristjánss. |
| Kristinn Daníelss. | Matthías Ólafsson |
| Lárus H. Bjarnason | Ólafur Briem |
| Skúli Thoroddsen | Pétur Jónsson |
| Þorleifur Jónsson | Sigurður Sigurðsson |
| | Tryggvi Bjarnason |

Valtýr Guðmundsson greiddi ekki atkvæði og var talinn til meiri hlutans.

[1]) Sjá hér að framan; dagskrána vantar í registrið.

Fjarverandi var Stefán Stefánsson.

Þingsályktunartillagan var feld með 22 : 2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Guðm. Eggerz | Eggert Pálsson |
| Valtýr Guðmundss. | Jón Jónsson |
| | Benedikt Sveinsson |
| | Bjarni Jónsson |
| | Björn Kristjánsson |
| | Einar Jónsson |
| | Halldór Steinsson |
| | Hannes Hafstein |
| | Jón Magnússon |
| | Jón Ólafsson |
| | Kristinn Daníelsson |
| | Kristján Jónsson |
| | Lárus H. Bjarnason |
| | Magnús Kristjánss. |
| | Matthías Ólafsson |
| | Ólafur Briem |
| | Sig. Sigurðsson |
| | Skúli Thoroddsen |
| | Tryggvi Bjarnason |
| | Þorleifur Jónsson. |

Jóh. Jóhannesson og Pétur Jónsson greiddu ekki atkv og voru taldir til meiri hlutans.

Fjarverandi var Stefán Stefánsson.

---

Þá var komið af nóni, er hér var komið umræðum; frestaði forseti því fundi og gaf fundarhlé til náttmála (kl. 9 síðdegis).

---

Á náttmálum var fundi fram haldið.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr. 18, 3. Okt. 1903 um kosningar til Alþingis (791); 3. u m r.

Leyfð afbrigði frá þingsköpum til að taka málið fyrir.

ATKV.GR.:

Frumvarpið samþ. með 15:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Jón Jónsson | Eggert Pálsson |
| Bened. Sveinsson | Hannes Hafstein |
| Bjarni Jónsson | Kristján Jónsson |
| Jón Magnússon | Sig. Sigurðsson |
| Kristinn Daníelsson | |
| Magnús Kristjánss. | |
| Matthías Ólafsson | |
| Ólafur Briem | |
| Pétur Jónsson | |
| Skúli Thoroddsen | |
| Tryggvi Bjarnason | |
| Þorleifur Jónsson | |

Björn Kristjánsson, Einar Jónsson, og Stefán Stefánsson greiddu ekki atkv. og töldust til meir hlutans.

6 þm. fjarstaddir.

---

TILLAGA til þingsályktunar um mælingar á túnum og matjurtagörðum (744); einumr.

**Flutningsm. (Sigurður Sigurðsson):** Búnaðarþingið í sumar hafði til meðferðar málaleitun frá Ræktunarfélagi Norðurlands þess efnis, að Búnaðarfélagið hlutaðist til um það, að mæld væru tún og matjurtagarðar á landinu. Út af þessari málaleitun Ræktunarfélagsins samþykti svo búnaðarþingið þá tillögu, að þessu túnmælingamáli væri beint til Alþingis, með tilmælum um það, að það tæki málið að sér og komi því í framkvæmd.

Nú hefi eg í tilefni af þessari búnaðarþingsályktun leyft mér að koma með tillögu til þingsályktunar, sem prentuð er á þgskj. 744 og fer fram á það, að skora á stjórnarráðið að undirbúa þetta mál fyrir næsta reglulegt Alþingi og gera tillögu um það.

Það er nú mín meining og þeirra, sem um þetta mál hafa hugsað, að þessi mæling á túnum og matjurtagörðum væri gerð á þann veg, að hún hefði í för með sér sem minstan kostnað, er auðið væri, bæði fyrir landið og þá er hlut eiga að máli. Hefir mönnum dottið í hug, að þessu yrði þannig fyrir komið, að skoðunarmenn jarðabóta framkvæmdu mælinguna um leið, eða jafnhliða því, er þeir mældu jarðabætur búnaðarfélagsmanna. Mætti því gera búnaðarfélögunum að skyldu að annast þessar mælingar, og binda landssjóðsstyrkinn til þeirra því skilyrði, að þessum mælingum á túnum og matjurtagörðum væri lokið innan ákveðins tíma. Gæti þá komið til mála, að auka styrkinn til félaganna í notum þess, að þau annast þessar mælingar, ef svo sýndist. — Mælingamenn jarðabóta eru nú orðnir svo færir og vel að sér í sinni ment, að þeim er trúandi til þess að leysa þetta verk af hendi nokkurn veginn viðunanlega.

En þá er spurningin um það, hvernig eigi að framkvæma þessar mælingar í þeim sveitum, sem búnaðarfélög eru ekki til í, eða hjá þeim mönnum, sem ekki eru í neinu búnaðarfélagi. Þar er alt verra viðureignar. Sumum hefir dottið í hug, að fela mætti þessar mælingar þar úttektarmönnum hreppanna. En það er ekki ætíð víst, að þeir séu færir um að leysa þetta verk af hendi, svo að vel sé. Og svo er einnig spurningin um hitt, hverjir eigi að kosta mælingarnar, þar sem svo er ástatt, að ekkert búnaðarfélag er til, eða hjá þeim sem ekki eru í búnaðarfélagi.

Sanngjarnt virðist, að mælingastarfið í þessum sveitum, og hjá þeim mönnum, sem ekki eru í búnaðarfélagi, væri borgað að einhverju leyti úr landssjóði, segjum að helmingi, en að hinn helm-

inginn af kostnaðinum greiði þeir sem hlut eiga að máli. Landstjórnin annaðist svo um mælingarnar og gæti hún þar notið aðstoðar búnaðarsambandanna og starfsmanna þeirra, að því er snertir framkvæmd verksins. En þá býst eg við, að þurfi lög, er heimili stjórninni allar framkvæmdir í þessu efni.

Málið horfir þá þannig við, að eigi er auðvelt, að koma þessum framkvæmdum til leiðar, nema með ráði og aðstoð landstjórnarinnar og löggjafarvaldsins. Og það er af þessum ástæðum, að tillagan er fram komin.

Þetta er nú að eins önnur hlið málsins. En þá er á hitt að líta, hvort ástæða sé til eða þörf á, að ráðast í að framkvæma mælingu þá, er tillagan nefnir. Um það geta eðlilega verið skiftar skoðanir. Vil eg þá víkja að því með fáum orðum.

Samkvæmt lögum um hagfræðisskýrslur frá 8. Nóv. 1895 3., gr., eru bændur skyldir að segja til og láta skýrslur í té, svo nákvæmar, sem kostur er á um stærð túna og sáðlands. En hvernig eru nú þessar skýrslur? Mér er óhætt að fullyrða, að þær eru meira og minna gallaðar.

Töluvert alment mun það vera, að hreppstjórarnir skrifa upp ár eftir ár sömu tölurnar að því er snertir stærð túna og matjurtagarða. Auk þess eru þessar tölur um túnastærðina og flatarmál jarðanna frá öndverðu meira og minna *ágizkaðar*. Að vísu sýna búnaðarskýrslurnar, að ræktaða landið hafi aukist, túnin stækkað. Það er heldur ekki neinum vafa undirorpið, að flatarmál túnanna á landinu er miklu meira núna en það var fyrir 10—20 árum. En allar þær tölur, sem tjaldað er með í þessu efni, eru veilar og meira og minna óábyggilegar.

Sannleikurinn er sá, að allur fjöldinn af bændum veit ekki, hvað túnin þeirra eru stór. Þeir hafa aldrei vitað það, langflestir, vita það ekki enn og geta ekki vitað það fyr en þau eru mæld.

En það er ekki vegna bændanna, að hér er verið að fara fram á, að gerðar verði ráðstafanir til þess að mæla tún og matjurtagarða. Það er að vísu skemtilegt fyrir þá að fá vitneskju um slíkt, en engin brýn nauðsyn. En það er *nauðsynlegt fyrir búnaðarskýrslurnar og hagfræði landsins*, að skýrslur um þetta efni séu sem sannastar og réttastar. Og því er það að mínu áliti skylda þings og stjórnar, að gera ráðstafanir til þess, að slíkar skýrslur verði framvegis sem ábyggilegastar.

Nýlega er búið að samþykkja lög um hagstofu Íslands. Samhliða þessu laganýmæli ætti þing og stjórn að stuðla að því af fremsta megni, að hagskýrslur landsins verði gleggri og ábyggilegri en þær hafa verið. Það er ekkert vit í því, að setja á fót *kostnaðarsama hagstofu* til þess eins, að vinna úr meira og minna röngum skýrslum og búa þar af leiðandi til vitlausar hagskýrslur. Það nær ekki neinni átt.

Tillaga mín um túnmælingarnar er nú spor í þá átt, að fá ábyggilegar skýrslur um efni það, er hún ræðir um.

Æskilegast væri, að samfara flatarmálsmæling túna og matjurtagarða yrðu um leið gerð ummálsteikning af túnum. Og ef það ekki hleypti kostnaðinum mjög mikið fram, vildi eg beina því til stjórnarinnar, að taka þetta atriði — ummálsteikningarnar — með í reikninginn. Sömuleiðis væri gaman að fá það upplýst, hvað mikið væri slétt og hvað mikið þýft af hverju túni fyrir sig. Og þetta ættu túnmælingamennirnir að geta vitað nokkurn veginn án verulegs aukakostnaðar.

Vonandi tekur landsstjórnin þessu máli vel, og leggur fyrir næsta Alþingi tillögur sínar þar að lútandi. Ættu svo

þessar mælingar að geta farið fram næstu árin þar á eftir og vera lokið að minsta kosti fyrir árið 1920.

Áður en eg sezt niður vil eg leyfa mér að vekja athygli stjórnarinnar á því, hvort ekki væri ástæða til í sambandi við stofnun hagstofunnar, að endurskoða og sameina í eitt lagafyrirmæli, þau er lúta að hagfræðisskýrslum landsins. Við höfum lög um hagfræðisskýrslur frá 8. Nóv. 1895, viðaukalög við þau frá 30. Okt. 1913 og enn fremur lög um breyting og viðauka við þessi nefndu lög, hvortveggja frá 9. Júlí 1909. Loks höfum við lög um skýrslur um alidýradýrasjúkdóma frá 26. Okt. 1905, og enn fleiri lagaboð, er lúta að hagskýrslum landsins.

Það er ekki ólíklegt, að þessi lög þurfi umbóta við á einn eður annan veg, og að það sé því ástæða til fyrir stjórnina að taka þau til rækilegrar meðferðar. Auk þess jafnan hagkvæmd að lög um svipuð efni, eða sama efni, séu sem mest í einu lagi eða í einni heild.

Að svo mæltu vænti eg þess, að tillaga mín verði samþykt.

**Einar Jónsson:** Það er yfir höfuð létt verk að fela stjórninni alla skapaða hluti, hvort sem það er þarft eða ekki. Þetta mál er mjög lítilsvert og vanhugsað, því eg hugsa, að það séu að eins mjög fáir bændur, sem ekki geti mælt tún sín og matjurtagarða án fyrirskipunar frá stjórninni. Eg hugsa að það séu fáir bændur, sem ekki geti mælt tún sín eftir ferhyrningaraðferðinni. Og hins vegar finst mér það ekki nema sjálfsagt, að hagstofan hafi sér það til skemtunar, að mæla tún manna í frístundum sínum. Og ekki neitt ofverk fyrir ráðunautana að gera það sjálfir. Þetta er því ekki annað en óþarfi, fordildin ein, að vera að fela stjórninni annað eins og þetta, sem ekkert hefir að þýða. Því geta bændur ekki gert þetta sjálfir? Því geta þeir ekki mælt tún sín sjálfir undir umsjón hreppsnefnda og eftir leiðbeiningum ráðunautanna. Ráðunautunum ætti það ekki að vera neitt ofverk að kenna mönnum að mæla tún sín sjálfir. Þessi tillaga er því ekki annað en fordild, og ekki til annars en að sýna nafn háttv. 1. þm. Árnesinga á þingskjalinu.

**Flutningsm. (Sigurður Sigurðsson):** Skýst þó skýrir séu! Og ekki þarf háttv. þm. að bregða mér um það, að eg hafi ekki hugsað málið. Gæti hann fremur beint þeirri ásökun til sjálfs sín, að hann hafi ekki alt af hugsað það sem hann talar um.

Það er ekki svo auðhlaupið að því, að fá réttar mælingar á túnum eins og háttv. þm. heldur. Hélt eg að honum væri kunnugt um það sjálfum.

Háttv. þm. var að tala um það, að hagstofan ætti að gera það í frístundum sínum að mæla tún manna. Í sjálfu sér hefi eg ekkert á móti því, að hagstofan bæri þann kostnaðarauka, sem af þessum mælingum leiddi, en hitt hefir mér aldrei dottið í hug að hagstofan ætti sjálf að sjá um mælingarnar, heldur hafði eg hugsað mér að hagstofan ynni úr þeim skýrslum, sem mælingamennirnir gæfu um mælingarnar.

Hann sagði það, háttv. þm., að þessi tillaga væri fram komin af fordildinni einni og til þess að nafn mitt sæist á þingskjalinu. Ójá, svo er nú hvert mál, sem það er virt, og hægast að borga þingm. í sömu mynt, og segja að hann hafi víst að eins staðið upp til þess, að það skyldi sjást í þingtíðindunum, að hann hafi talað um málið.

Háttv. þm. sagði, að menn gætu mælt tún sín sjálfir og reiknað út flatarmál þeirra. Þar held eg að hann ætlist til

of mikils af bændum. Geri eg þeim ekkert lágt undir höfði þó eg segi, að þeir geti ekki gert það eins vel og þeir menn, sem hafa lært það. Og legg eg þeim það ekki neitt til lasts, því þeir hafa aldrei fengið tækifæri til þess að læra það. Það eru tiltölulega fáir bændur, sem geta mælt svo bletti, að ábyggilegt sé. Og eigi að mæla túnin á annað borð, þá er ekki nema sjálfsagt að það sé gert af þeim, sem kunna og vit hafa á.

Háttv. þm. sagði, að ráðunautarnir gætu gert þetta. Háttv. þm. hefir þar víst meint ráðunauta Búnaðarfélagsins eða búnaðarsambandanna. En það er líka meining mín að þeir hjálpi til við þetta, mæli túnin, þegar stjórnin er búin að undirbúa málið, þegar búið er að gera áætlun um, hvernig verkinu skuli hagað.

Þegar háttv. þm. athugar málið, vona eg að hann verði með því, og að eg verði ekki fyrir þeim vonbrigðum, að neinn fari að snúast gegn jafn-einföldu máli og sjálfsögðu.

**Einar Jónsson:** Eg ætla ekki að fara að þræta við vin minn, háttv. 1. þm. Árn. (S. S.). En þegar hann segir að eg hafi ekki hugsað málið áður en eg talaði um það, þá hugsa eg að slíkt hendi hann jafn-oft og mig. Við skulum láta það fallast í faðma og sleppa því. Og eins skulum við fallast í faðma upp á það, að hvorugur okkar er vanur að tala mjög mikið að óþörfu.

En þar sem hann sagði að fjöldi bænda gæti ekki reiknað út túnin sín í □ föðmum, þá þótti mér hann gera heldur lítið úr okkur. Og hann er þá ekki mikill leiðbeinandi sem ráðunautur, ef hann kennir ekki mönnum svo lítið. Það ætti honum þó að vera innan handar á ferðalögum sínum. *(Sigurður Sigurðsson:* En ef túnin eru nú kringlótt?). Það er líka auðvelt að mæla út kringlótt tún. Eg kann það jafnvel, og þykist þó ekki mikið af mínum fræðum og hefi ekki ástæðu til þess.

Yfirleitt er þessi till. eitt af mörgu, sem verið er að hnoða á stjórnina, þýðingarlaust. Það eru 40 menn á þinginu, og ef þeir gerðu sér allir að skyldu að hnoða á stjórnina þó ekki væri nema einni till. slíkri hver þeirra, þá vært gaman að sjá hvað hún gerði úr þeirri súpu.

ATKV.GR.:

Till. samþ. með 16:1 atkv. og send til ráðherra.

---

TILLAGA til þingsályktunar um forkaupsrétt landssjóðs að jörðum og um erfðafestuábúð (757); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umræðu og var það samþ. með 15 shlj. atkv.

---

Forseti tilkynti, að með bréfi dags. 9. Sept. hefði forseti Ed. tilkynt sér, að samþykt hefði verið og verði afgreidd til ráðherra sem lög frá Alþingi:

1. Frv. til laga um friðun fugla og eggja.
2. Frv. til laga um að landssjóður leggi Landsbankanum til 100 þús. kr. á ári í næstu 20 ár.

Fundi slitið.

## 56. fundur.

Miðvikud. 10. Sept. 1913, kl. 12 á hád.

Dagskrá:

1. Frv. til laga um viðauka og breyting á lögum um aðflutningsbann á áfengi nr. 44, 30. Júlí 1909 (783, 792, 806); ein umr.
2. Frv. til landskiftalaga (760, n. 804); ein umr.
3. Frv. til laga um sauðfjárbaðanir (805); 3. umr.
4. Frv. til laga um eignarnámsheimild fyrir bæjarstjórn Ísafjarðar á lóð og mannvirkjum undir hafnarbryggju (203, n. 740); 2, umr.
5. Tillaga til þingsályktunar um forkaupsrétt landssjóðs að jörðum og um erfðafestuábúð (757); ein umr.
6. Tillaga til þingsályktunar um að stjórnin láti skoða og ákveða brúarstæði á Miðfjarðará í Húnavatnssýslu og gera áætlun um kostnað við brúargerðina (794); hvernig ræða skuli.
7. Tillaga til þingsályktunar um íslenzkan siglingafána (800); hvernig ræða skuli.
8. Tillaga til þingsályktunar. [Danska þýðingin á íslenzkum lögum falli úr stjórnartíðindunum] (801); hvernig ræða skuli.

---

Allir á fundi.

Fundargerð síðasta fundar samþykt og undirskrifuð.

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið:

I. Í deildinni:

1. Breytingar- og viðaukatillögum við frv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915 á þgskj. 809, 810, 812, 813 814.
2. Alþingistíðindum 1913 A 16. hefti.

II. Frá efri deild:

Frumv. til laga um rafmagnsveitu í kaupstöðum og kauptúnum. Eftir 2. umr. í Ed. (808).

Þá var gengið til dagskrár og tekið fyrir:

FRUMVARP til landskiftalaga (760 n. 804); ein umr.

ATKV.GR.:

Frumvarpið samþ. með 14 shlj. atkvæðum og afgreitt til ráðherra, sem *lög frá Alþingi.*

---

FRUMVARP til laga um sauðfjárbaðanir (805); 3. umr. (með afbr. frá þingsköpunum).

**Einar Jónsson:** Eg ætla ekki að tala langt mál, en með leyfi hæstv. forseta ætla eg að fara dálítið út fyrir efnið. Eg álít sem sé lítið gagn að þessum fyrirskipunum, þótt sauðfjárbaðanir séu í sjálfu sér góðar og eg því muni ekki setja mig upp á móti þessu frumv. En eg vildi minna á annað, og það er það, að í dag er 10. Septbr., 5 ára afmælisdagur okkar hérna. Það eru 5 ár síðan við vorum kosnir til þings síðast, flestir okkar, og þá finst mér það eiga vel við, að menn athugi það, hvernig þeir hafa staðið í stöðu sinni í þessi 5 ár. Eg býst nú við því, að eg þurfi ekki að minna háttv. þingm. á þetta. Þeir eru sjálfsagt allir svo samvizkusamir menn. En eg vil þó að minsta kosti nota tækifærið til þess, að þakka öllum góðum mönnum fyrir samveruna, og um leið biðja alla þess, að gera svo vel þennan stutta tíma sem eftir er, að gæta þess, jafnvel betur en hingað til, að reka ekki að ástæðulausu hnífla hver í aðra, eins og eg, því miður, varð var við að átti sér stað í gærkvöld.

ATKV.GR.:

Frvumv. samþ. með 13:1 atkv. og endursent til Ed.

---

FRUMVARP til laga um eignarnámsheimild fyrir bæjarstjórn Ísafjarðar á lóð og mannvirkjum undir hafnarbryggju (203; n. 740); 2. u m r.

Enginn tók til máls.

ATKV.GR.:

Brt. 740, 1, samþ. með 18 shlj. atkv.

1. gr., þannig breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

2. gr., óbreytt, samþ. með 18 samhlj. atkv.

Brt. 740, 2 (ný 3. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umræðu með 16 shlj. atkv.

---

TILLAGA til þingsályktunar um forkaupsrétt landssjóðs að jörðum og um erfðafestuábúð (757); e i n u m r.

**Flutningsm. (Sigurður Sigurðsson):** Mér er sagt, að þessi till. mín muni sæta misjöfnum dómi, og það jafnvel ekki sízt innan bændaflokksins. Sínum augum lítur hver á silfrið, og það er kunnugt, að skoðanir manna um þetta efni, er till. ræðir um, eru mjög svo skiftar, bæði á þingi og utan þings.

Efni till. er, eins og menn sjá, að skora á stjórnina að undirbúa lagafrv. um heimild landssjóðs til forkaupsréttar að jörðum, er ganga kaupum og sölum og um, að lögleiða erfafestuábúð á þjóðjörðum og kirkjujörðum. Till. stendur því í nánu sambandi við þjóðjarðasölumálið, og í 3. lið hennar er gert ráð fyrir því, að þjóðjarðasölulögin og lögin um sölu kirkjujarða, séu afnumin.

Því hefir nú verið haldið fram í sambandi við þjóðjarðasöluna, að hún trygði sjálfsábúð í landinu. En þetta er mesta fjarstæða, að minsta kosti er fram líða stundir. Meðan ekki eru reistar lagaskorður gegn því, að jarðir fari úr sjálfsábúð, hlýtur það að ganga upp og niður með sjálfsábúðina, eins og verið hefir að undanförnu. Meðan góðæri er, haldast jarðirnar í sjálfsábúð; en ef verulega harðnar í ári, fer alt á ringulreið í því efni, og þá geta einstakir menn náð undir sig jörðum, og jarðirnar þannig safnast á fáar hendur. En slíkt er hættulegt fyrir efnahag og velmegun þjóðarinnar.

En það er á fleira að líta, sem hér kemur til greina.

Eins og kunnugt er, hefir nú á síðustu árum gengið yfir landið eins konar gróðabralls-alda, og brallsmennirnir hafa meðal annars gert sér far um að ná í og sölsa undir sig jarðir til þess að græða á því. Fyrir þetta gróðabrall eru nú jarðir, t. d. í nánd við Rvík komnar í óeðlilega hátt verð sem stendur, miklu hærra verð, en sannvirði þeirra nemur. Og afleiðingin af þessu er sú, að eigendur þessara jarða fara að spekúlera með þær á ýmsan veg, til þess að hafa sem mest upp úr þeim. Selja af þeim í burtu allar afnytjar, ræna þær ítökum og hlunnindum, leggja þær síðan í eyði og selja þær loks útlendingum, ef þess er kostur. En þetta miðar alt að því, að eyðileggja jarðirnar, og er til niðurdreps viðkomandi sveitarfélagi og stórtjóns fyrir landbúnaðinn í heild sinni.

Eg skal nefna sem dæmi þessu til sönnunar, að hér í nágrenni við Reykjavík er jörð, ein af fornum höfuðbólum landsins, sem seld hefir verið fyrir skömmu fyrir þrem sinnum hærra verð, en *sannvirði* hennar nemur, að dómi gagnkunnugra manna. Þessi jörð hefir um nokkurt skeið gengið kaupum og

sölum. Og áður en hún var seld síðustu skiftin, var búið að ræna jörðina, eða selja undan henni $^1/_8$ hluta af engjunum, og allri veiðinni, sem henni fylgdi.

Eg skal nefna aðra jörð austan fjalls, höfuðból að fornu og nýju. Hún lendir í höndunum á einum gróðabrallsmanninum. Hann selur hana svo dönsku félagi, sem ætlar að setja upp fyrirmyndarbú á jörðinni og kenna okkur Íslendingum að búa! En hvað skeður? — Í stað þess að hefja þarna fyrirmyndar búskap er jörðin sama sem lögð í eyði og niður nídd á allar lundir. Og nú er hún ekki kaupandi fyrir hálfvirði þess, er hún var upphaflega seld fyrir.

Mörg fleiri dæmi þessu lík mætti nefna. Þessar »spekulationir« með jarðir hér hefðu aldrei átt sér stað, ef landið hefði átt þær frá öndverðu, eða ef landssjóður hefði séð sér fært og haft heimild til að kaupa þær í tíma, eða áður en þær komust í þetta óeðlilega háa verð.

Þá er á það að líta, að jarðir hækka oft í verði fyrir tilverknað ins opinbera. Það eru lagðir vegir eða önnur mannvirki sett á fót og kostuð af landsfé og hefir þetta þau áhrif, að jarðir meðfram vegunum og umhverfis mannvirkin hækka í verði. Þessa verðhækkun á landið í raun og veru, en ekki inir einstöku eigendur jarðanna. Ef landið ætti jarðirnar, nyti það ágóðans af verðhækkuninni á ýmsan hátt. Að vísu gæti landssjóður, eins og nú er, áskilið sér einhvern hluta af þessari verðhækkun, með því að leggja verðhækkunarskatt á eignir þær og jarðir, er hækka í verði fyrir aðgerðir ins opinbera. En hugðnæmara væri það þó, að landið sjálft ætti jarðirnar.

Sama er að segja um það, ef ráðist er í einhver framfarafyrirtæki, er lúta að jarðrækt, t. d. vatnsveitur í stórum stíl. Þá væri ólíkt hagkvæmara, ef landið ætti þær jarðir, er þar ættu hlut að máli.

Með því fyrirkomulagi sem nú er á jarðeignum í landinu, kostar það mikið stríð og erfiði að fá slíkum fyrirtækjum til leiðar komið. En ef landinu væri heimilaður forkaupsréttur að öllum jörðum, sem gangá kaupum og sölum, og það eignaðist þær með því móti smátt og smátt, þá væri öðru máli að gegna. Þegar landið sjálft er eigandi jarðanna, þá gengur alt greiðara í þessu efni og þá fyrst fær landið að njóta þeirrar hlutdeildar í umbótum jarðanna, sem því ber með réttu.

Enn vil eg benda á það í þessu sambandi, að víðsvegar í heiminum er vöknuð hreyfing, sem fer í þá átt, að koma upp grasbýlabúskap, sem svo er nefndur á íslenzku máli. Það er búskapur í smáum stíl. Stórum jarðeignum er skift á milli manna og þeim síðan bygðir smáir jarðarpartar til grasbýlisábúðar. Þessa hreyfingu, sem að margra manna dómi er mjög svo þýðingarmikil fyrir landbúnaðinn, væri miklu hægara að efla, ef landið ætti sig sjálft. Þegar jarðirnar eru í eigu einstakra manna, á hún miklu erfiðara með að ryðja sér til rúms. Þá er miklu hættara við, að menn eigi frekar undir högg að sækja, að fá land með sæmilegum kjörum til grasbýlisábúðar, heldur en ef landið væri eigandinn.

Í mörgum löndum, svo sem í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Englandi hleypur ið opinbera oft undir bagga í þessu efni. Það heimilar mönnum lán, bæði til þess að kaupa landið og til húsabygginga. Annarstaðar er landið selt á erfðafestu, og er það sérstaklega þar seð ið opinbera á jarðirnar.

Eins og nú er ástatt, á þessi hreyfing mjög erfitt uppdráttar hér á landi. Þó að fjöldi jarðeigenda hafi hvergi nærri

við alla jörð sína að gera, eru þeir þó oftast ófáanlegir til að láta af hendi jarðarskika til grasbýlismanna, þó að því væri að skifta.

Eg ætla ekki að fara út í það hér, hvort grasbýlastefnan er réttmæt miðuð við okkar kringumstæður, en eg þori þó að fullyrða, að grasbýlabúskapurinn á víða við hér á landi og gæti í mörgum sveitum orðið til mikilla nota. Eg vil að eins benda á það, að fjöldi manna, sem elst upp í sveitum og dvelur þar til fulltíða aldurs, verður, þegar hann vill fara að eiga með sig sjálfur, að fara burt úr sveitunum að sjónum eða af landi burt til Ameríku, einungis af þeim ástæðum, að engan jarðarpart er hægt að fá til ábúðar. Jarðarþrengslin eru orðin svo mikil, að í hvert skifti sem jörð losnar, eru tíu um einn, sem vilja komast að henni.

Þetta ásamt fleiru mælir með því, að landssjóði sé gefin heimild til forkaupsréttar að þeim jörðum, sem ganga kaupum og sölum. Eg er viss um, að sú heimild, ásamt því að nema úr gildi lögin um sölu þjóðjarða og lögin um sölu kirkjujarða, yrði til þess að koma meiri festu í jarðræktina og aðrar framfarir í landbúnaðinum.

Mér hefir aldrei getað skilist, að það gæti háð jarðræktinni, þó að landssjóður væri gerður að lánardrotni, ef svo væri búið um leigumálana og ábúðartímann, að ábúandinn nyti allra ávaxta af verkum sínum meðan hann lifði, og jörðin gengi svo í arf til niðja hans að honum látnum. Eg er miklu trúaðri á að það fyrirkomulag myndi ekki að eins gefa eins mikla, heldur jafnvel miklu meiri tryggingu fyrir umbótum í jarðræktinni, en það fyrirkomulag, sem nú er. Eg endurtek það sem eg sagði í byrjun ræðu minnar, að sjálfsábúðin er engan veginn trygð með núverandi fyrirkomulagi. Margir þeir sem festa kaup í jörðum, verða dauðir áður en þeir hafa borgað verðið að fullu. Og hvað verður þá úr sjálfsábúðinni að þeim látnum? Það er alt í óvissu. Þó má benda á það, að þegar efnalitlir menn ráðast í jarðakaup, þá reisa þeir sér með því þann hurðarás um öxl, að það stendur í vegi fyrir því, að þeir geti sýnt jörðunum nokkurn verulegan sóma.

Eg skal svo ekki fjölyrða meira um tillöguna, en læt það ráðast, hvernig henni verður tekið. En eg vil vænta þess af hæstv. forseta, að hann beri upp hvern lið tillögunnar fyrir sig, þegar til atkvæða er gengið.

**Stefán Stefánsson:** Mig furðar stórlega að þessi tillaga skuli vera komin frá háttv. 1. þm. Árn. (S. S.), þeim manni, sem flestum betur hefir haft tök á að kynna sér áhrif laganna um sölu þjóðjarða og kirkjujarða á landbúnaðinn. Eg hefi orðið var við alveg gagnstæð áhrif þeim, er hv. flutm. skýrði frá, sem sé mjög góð áhrif, og eg skil ekki í öðru en að hann, ráðunauturinn,hafi hlotið að verða var við þau á ferðum sínum hér á landi. Þess vegna furðar mig stórlega, að einmitt hann skuli verða til þess að flytja slíka tillögu, sem miðar ekki til annars en að eyðileggja aðalvísinn til þeirrar löggjafar, sem svo mjög hefir hvatt menn til að bæta og prýða jarðir sínar. Og það er ekki einasta, að þessi lög hafi hvatt menn til gera jarðir sínar að álitlegum og skemtilegum eignum, heldur hafa framkvæmdirnar sýnt að sú hefir raunin á orðið. Eg hefi haft góð tækifæri á, að kynnast þessu í minni sýslu, Eyjafjarðarsýslu, því að eg hefi nú um æðimörg ár verið mælingamaður jarðabóta þar í nokkrum hreppum. Og það er segin saga, að þær jarðirnar, sem eru í sjálfsábúð, hafa alt annan svip yfirleitt, en hinar, sem leiguliðar búa á. Einkum eru tún og og jafnvel engjar, þar sem því verður

annars við komið, stórum bættar og öll umgengni og hirðing á jörðinni svo miklum mun betri. Auðvitað eru í þessu sem öðru nokkrar undantekningar. Þessi reynsla mín — og eg er ekki einn um hana — kemur illa heim við skoðun ráðunautsins, og er mér algerlega óskiljanlegt, hvernig honum hefir getað dulist þessi virkileiki.

Að fyrirmuna ábúandanum kaup á jörð, sem hann hefir setið mjög sómasamlega og bætt hana svo, að verð hennar hefir margfaldast, það er svo gagnstætt stefnu þingsins nú undanfarið, að eg skil ekki að nokkur verði til þess að ljá því atkvæði sitt.

Þá er það þessi erfðafestuábúðarréttur, sem maður heyrir svo oft rætt um. Eg skil ekki, hvernig hægt er að búast við því, að hann geti samsvarað eignarréttinum og hvetji menn til að bæta jarðirnar eins og þeir eigi þær sjálfir. Ef menn eiga jarðirnar, sem þeir sitja, þá mega þeir sjálfir ráða sölunni á þeim, eftir að þeir hafa bætt þær, og með því móti geta þeir fengið fullkomið verð fyrir vinnu sína. En ef um erfðafestuábúðarrétt er að ræða og hann á að reynast eins hvetjandi til jarðarumbóta, þá verða ábúðarskilyrðin að vera svo óeðlilega góð, að það er vart hugsanlegt að um nokkurn hagnað verði að ræða fyrir landssjóð og sé hvorki um hagnaðarhliðina að tala, né um meiri umbætur á jörðum að gera — ja, hvað er þá unnið?

Eg get heldur ekki skilið, að meiri festa komi í jarðræktina ef landsjóður á jarðirnar. Ekki varð sú raunin á meðan landssjóður átti flestar jarðeignir í landinu. Og hver er nú raunin á um þær jarðir, sem hann á? Það er alveg þveröfugt við það sem háttv. flutnm. (S. S.) heldur fram.

Að kaupendurnir deyi áður en þeir hafi borgað jarðirnar að fullu, það sannar ekkert um það, að sjálfsábúð sé verri en erfðafesta. *(Sigurður Sigurðsson:* Þær haldast ekki í sjálfsábúð). Eins og erfingjarnir geti ekki haldið áfram að sitja jarðirnar, bæta þær og borga þær, þó að fyrsti kaupandinn deyi. *(Sigurður Sigurðsson:* Hvaða trygging er fyrir því?) Það verður ekki sagt, að að þessu leyti geti ekki orðið eins góð trygging á sjálfábúðinni, eins og erfðafestuábúðinni.

Þó að þessi kenning, sem háttv. flutningsm. heldur fram, sé útlend, þá er ekki sýnt, að hún sé happasæl fyrir íslenzkan landbúnað. Eg verð því eindregið að mæla á móti þessari tillögu, og mig mundi furða stórlega ef þingið gengi nú svona öldungis óathugað frá þeirri stefnu, sem það til þessa tíma hefir viðurkent mörgum árum saman að væri til stórbóta fyrir búnaðinn á þessu landi.

**Bjarni Jónsson:** Eg ætla ekki að flytja langt mál, en þó langar mig til að segja örfá orð. Þó að ýmsar greinir hafi verið með okkur »nautunum«, þá verð eg að lýsa viðurkenningu minni á þessari tillögu háttv. þm. (S. S.). Eg hygg hana rétt upp borna og ekki of snemma, heldur miklu fremur of seint. En það er ekki honum að kenna. Eg er ósammála þeim er tala svo sem háttv. síðasti ræðumaður (St. St.). Þeir gera ekki annað en að tefja gott mál, með því að streitast við að halda í þveröfuga átt við það sem halda ber. Háttv. 1. þm. Eyf. (St. St.) þarf ekki að ímynda sér, að við teljum þetta gott mál af því að það er útlent. Við getum þess að eins, að höfundur þess er útlendur, til þess að gera okkur ekki seka í því, sem kallað er hugmyndaþjófnaður eða bókaþjófnaður. Og það er enginn hlutur verri fyrir það, þó að erlendur maður hafi hugsað hann upp.

Nú vill svo til, að Ísland er hér um bil eina landið, sem svo er sett, að það getur bókstaflega framfylgt þeirri hugsun, að landið eigi sig sjálft. Jarðeignir eru svo ódýrar hér, að landssjóður getur á skömmum tíma, sér að bagalausu, keypt alt landið. Og hér er sannarlega ekki til mikils mælst, að landssjóði sé leyfður forkaupsréttur að þeim jörðum, sem ganga kaupum og sölum. Hitt væri strangara, þó að það gæti talist réttmætt, að taka jarðirnar af mönnum eignarnámi eftir mati. Í því tilfelli væri rétt að tala um eignarnám, en ekki í sambandi við vatnsveitingar. Það verður því ekki annað sagt, en að hér sé farið hægt af stað.

Þegar menn eru að standa upp og segja, að sjálfsábúðarstefnan sé holl stefna og heppileg fyrir landbúnaðinn, þá eru það engin mótmæli á móti því sem við höldum fram. Okkur dettur ekki í hug að neita því, að sú stefna sé góð. En þetta er einmitt bezta ráðið til þess að koma á varanlegri sjálfsábúð. Háttv. 1. þm. Eyf. (St. St.) sagði, að ábúðin á landssjóðsjörðunum hefði ekki gefist vel. Þetta sýnir, að hann skilur ekki, hvað hér er um að ræða. Hingað til hafa menn búið á jörðum landssjóðs eins og leiguliðar og ekki átt verk sín á jörðunum. En þegar um erfðafestuábúð er að ræða, þá er mönnum leigt landið eftir réttu mati og á þann hátt, að þeir eiga allar umbætur, er þeir gera á jörðunum. Þeir geta selt þær og veðsett og farið með þær að öllu leyti eins og eign sína. Þeir geta, meira að segja, látið þær ganga að erfðum. Auk þess er það sjálfsagt ákvæði, að ef ábúandi dæi eða yrði að fara af jörðinni nauðugur, þá tæki landið umbæturnar og borgaði þær út í hönd. Og í þessu er mesta tryggingin fólgin fyrir því, að menn bæti jarðirnar eftir því sem þeir frekast geta.

Með þessu móti er líka hægt að styðja þá stefnu tímans, sem rás viðburðanna hefir skapað, og hún er sú, að stórbúskapurinn er að breytast í einyrkjabúskap. Arðmiklar atvinnugreinir hafa komið upp á ýmsum stöðum, og það leiðir til þess, að fólkið flykkist úr sveitunum þangað sem atvinnan býðst. Við það verður tilfinnanleg vinnukraftaþurð í sveitunum. Nú er miklu almennara en áður var að hver maður stundi jörð sína sjálfur með sínu skylduliði *og fái* ekki vinnufólk. Og þetta heldur svo áfram. Það er ekki eingöngu að þetta sé svo hér á landi, heldur er það lögmál um allan heim, að fólkið þyrpist úr sveitunum til borgannna. Í öllum þremur Norðurlöndum er sterk hreyfing í þá átt að hjálpa einyrkjabúskapnum með því að fá mönnum smá grasbýli til afnota með sæmilegum kjörum. En versti þröskuldurinn, sem þar er í veginum, er það, að einstakir menn sitja yfir stórum landsvæðum, sem þeir nota ekki nándar-nærri að hálfu leyti, en eru þó ófáanlegir til að sleppa nokkrum hluta af. Landið liggur ónotað og menn fá ekki að komast að því, þó að þeir séu fúsir til þess og hafi sára þörf á því. Allir sjá, hvað þetta er ranglátt.

Hér er ekki verið að tala um að taka eignir af mönnum, sem þeir hafa fengið eftir gildandi lögum. En réttast væri að landið ætti sig sjálft, því að hver maður, sem fæðist, á jafna kröfu til jarðarinnar. Sveitarómaginn, þó að hann sé kominn af sveitarómögum svo langt sem rakið verður, á jafnmikinn rétt til lífsuppeldis af landinu, sem hann er fæddur í, og sá maður, sem er fæddur af stórauðugri ætt og á margar jarðeignir, sem gengið hafa að erfðum mann fram af manni.

En þessu verður aldrei hægt að kippa í lag, nema með því, að landið eignist

sig sjálft. Þá fyrst er hægt að láta hvern mann hafa þann hluta jarðarinnar, sem honum er fært að rækta, og fyrir það geldur hann landskuld. Þá þarf ekki að deila um fasteignaskatt, því að landskuldin er eini rétti fasteignaskatturinn, sem menn eiga að gjalda í sameiginlegan sjóð.

Þetta, sem eg hefi nú sagt, er svo augljóst mál og hverjum manni skiljanlegt, að ekki ætti að þurfa að vitna í fræðimenn. En þeim er vilja kynna sér þetta nánara fyrir næsta þing, ræð eg til að lesa eitthvað af ritum Henry George's, t. d. stutt bréf, er hann sendi páfanum hér um árið, þar sem hann gefur stutt yfirlit yfir kenningar sínar. Eg man ekki nákvæmlega, hvenær það kom út, en eg hygg, að það hafi verið um 1890.

Eg skal svo ekki þreyta menn á lengri ræðu. Málið er flókið, ef ætti að rekja það frá rótum. En til þess að segja aðalstefnuna, þarf ekki fleiri orð en nú hafði eg. Reynsla, er á móti þessu mæli, er ekki til, því að þetta hefir aldrei komið inn á reynslusviðið. Og jafnvel þó að eitthvað í þessu efni hafi reynst vel, er ekki þar með sagt, að þetta geti ekki reynst betur. Rökin liggja ljós, tvenn og þrenn á tungu hvers manns, sem þetta mál hefir hugsað og rétt kann að hugsa. Og svo bætist það við, að Ísland er það land, þar sem auðveldast er að framkvæma þessa hugmynd. Það er enginn ástæða til að bíða lengi, þegar það sem beðið er eftir, er bæði þarflegt og nauðsynlegt.

**Tryggvi Bjarnason:** Eg vil gera örfáar athugasemdir við ræðu háttvirts framsögumanns. Hann sagði, að það væri fjarstæða, að sala þjóðjarða og kirkjujarða hefði aukið sjálfsábúðina í landinu. Eg skil ekki, á hverju það er bygt, því þegar menn kaupa jarðirnar, gera þeir það til eigin nota, og þótt sá sem kaupir jörðina upphaflega, selji hana, þá er venjan sú, að hún er þó höfð til eiginna nota. Það er kunnugt, að jarðir á einstakra manna hönd hafa fækkað ákaflega í seinni tíð. Og orsökin er sú, að leigumáli stendur ekki í réttu hlutfalli við verð jarðanna. Verð jarðanna hefir hækkað til muna á síðari árum, en eftirgjaldið hefir staðið svo að segja í stað. Virðist því sem eignamenn sjái sér nú meiri hag í að leggja fé sitt í annað en jarðakaup. Hættan er því miklu minni en var — og eg vil segja engin — að margar jarðir hlaðist á hendur einstakra manna. Stótbændum fer fækkandi, en smábændum fjölgar. Efnahagurinn er að jafnast hjá bændum í landinu.

Eg tel engan efa á því, að sala þjóðjarða og kirkjujarða hafi flýtt fyrir ræktun þeirra. Mönnum er miklu ljúfara yfir höfuð að leggja fram fé sitt og krafta til að rækta sitt en annara. Og þó að það ætti kannske að vera mönnum jafnljúft að hafa jarðirnar bygðar með erfðafesturétti, eins og að eiga jarðirnar, þá er sá hugsunarháttur ekki enn kominn inn hjá öllum, hvað sem síðar kann að verða.

Háttv. framsögumaður (Sig. Sig.) sagði, að sala þjóðjarða og kirkjujarða hefði orðið til þess að koma af stað braski í jarðasölu og óeðlilega háu verði á jörðum, þeim sem næstar liggja Reykjavík. En verðhækkun, sú sem orðið hefir á jörðum í nánd við Reykjavík, stafar að minni hyggju af alt öðrum ástæðum. Hún stafar af aukinni framleiðslu á jörðunum og hækkandi verði afurðanna. Hér í Reykjavík er bezti markaður landsins fyrir búsafurðir, og það er ekki nema eðlilegt, að nálægustu jarðirnar hafi hækkað í verði.

Eg held að það sé mjög varúðarverð

leið fyrir þingið, að stuðla að því, að landssjóði verði heimilaður forkaupsréttur allra jarða í landinu; jafnvel þó að það kunni að vera gott, að þjóðin eignist landið, þá verður að fara mjög gætilega í þeim efnum, því að hætt er við, að tilgangurinn verði misskilinn og hætt er við, að margur uni því illa, að þurfa að selja landssjóði jörð sína, ef hann hefir hugsað hana öðrum, en reyndar býst eg við, að einhver ákvæði verði sett í lögin, sem úr þessu geti bætt, t. d. lík ákvæðum, þeim sem eru í lögum um forkaupsrétt leiguliða, þannig, að landssjóður gæti því að eins notið þessa réttar, að hann vildi sæta sömu kjörum og aðrir bjóða.

Eg játa, að skamt er milli eignarréttar og erfðafestrréttar, en samt er því svo farið, að fjöldi manna telur sjálfsábúðina eðlilegasta og tryggilegasta, og eg veit, að það mundi slá óhug á margan, ef þetta yrði að lögum. Það mun vaka fyrir háttv. framsögumanni, að þetta gæti stuðlað að skifting jarða og aukinni ræktun, ef grasbýli kæmust á fót. En eg er ekki viss um, nema betra væri að byrja á annan hátt.

Ekki skal eg þó dæma um, hve hyggilegt það var, að byrja á sölu þjóðjarða, en það hefir þó áreiðanlega orðið til þess að ýta undir grasrækt og aðrar umbætur.

Ef fólki á að geta fjölgað að mun til sveita, þá verður að skifta jarðeignunum, og mér finst vel hugsanlegt, að sumum stærri jörðum mætti skifta í tvent eða jafnvel þrent, svo að meira mætti framfleyta þar en nú er gert, með aukinni grasrækt.

Eg hefði fremur getað aðhylst þá tillögu, að fresta um nokkur ár frekari sölu þjóðjarða og kirkjujarða og láta fara fram skoðun á þeim, til að rannsaka, hvort ekki megi skifta þeim sundur í fleiri jarðir, og það gerðu menn, sem hafa áhuga á jarðrækt og glögt auga fyrir ræktun og ræktunarskilyrðum, og ef það álitist tiltækilegt, væri fengin undirstaða undir þessa nýju braut, sem nú er lagt til að leggja út á, að leyfa landssjóði forkaupsrétt jarða. Lögin frá 1907, um lausamenn, húsmenn og þurrabúðarmenn, hafa ekki náð tilgangi sínum um aukna grasrækt. Lóð, sú sem þar er ákveðin handa þurrabúðarmönnum, er of lítil. Hversu vel sem hún er ræktuð, þarf notandinn þó að leita sér annarar aðalatvinnu, því framleiðsla af jafnlítilli lóð og þar er ákveðin, getur aldrei orðið nema lítill stuðningur til að framfleyta fjölskyldu, aðalatvinnan verður að vera alt annað. En öðru máli er að gegna, ef stórri jörð væri skift og hún síðan vel ræktuð; þá mætti þar framfleyta fleiri búpeningi en nú er; þannig mætti framfleyta 2—3 fjölskyldum, og það jafnvel eins stórum og nú eru á sömu jörð óskiftri, og það eingöngu á landbúnaðinum, ef landrými er allgott. Smábýlin verða að vera svo, að minsta kosti upp til sveita, að ábúandinn geti lifað af þeim eingöngu. En ef auka-atvinnu þarf að leita, verður bóndinn að yfirgefa heimilið tímum saman og leita sér annarstaðar atvinnu. En það mundi gefast illa, því að þá mundi lítið verða um jarðabæturnar, en stundum reynist það alls ómögulegt að fara að heiman, vegna fjárhirðingar og fleiri anna.

Eg get því ekki aðhylst þessa tillögu, en skoðunarmál er hitt, hvort ekki mætti fresta sölu þjóðjarða og kirkjujarða um nokkur ár, til að rannsaka þetta nánara, hvort ekki væri tiltækilegt að skifta sumum þeirra í sundur, en þessa nýju stefnu tel eg ógerning að hefja undirbúningslaust og að eg hygg þvert ofan í vilja mikils meiri hluta þjóðarinnar.

**Framsm. (Sigurður Sigurðsson):** Eg get ekki leitt hjá mér að

segja nokkur orð út af framkomnum andmælum, sérstaklega frá háttv. 2. þm. Eyfirðinga og háttv. 2. þingm. Húnv. Um það er eg ekki í neinum vafa, að sala þjóðjarða og kirkjujarða leiðir ekki til neins góðs í landbúnaðinum. Lanbúnaðinum væri það langhollast, að landið ætti sig sjálft. En eg veit, að þegar eg og aðrir halda fram þeirri skoðun, þá særir það tilfinningar þeirra manna, sem drukkið hafa í sig þá skoðun, að sjálfsábúðin sé in eina rétta til umbóta og leiðréttingar landbúnaðinum; en það er langt frá að svo sé.

Háttv. 1. þm. Eyf. (St. St.) vék að því, að umbætur væri meiri hjá sjálfs eignarbændum en leiguliðum. En eg vil segja, að eftir minni þekking og athugun, þá er þetta mjög svo upp og niður. Eg fullyrði, að víða verði ekki gert upp á milli sjálfseignarbænda og leiguliða í þessu efni.

Eg get nefnt dæmi þessu til sönnunar. Maður, sem mældi jarðabætur allra bænda í upphluta Árnessýslu, rannsakaði, hvorir meira hefði gert, sjálfseignarbændur eða leiguliðar, komst að þeirri niðurstöðu, að það munaði á öllu þessu svæði til jafnaðar tveim, segi og skrifa tveim, dagsverkum að meðaltali. Og eg hygg að sama yrði ofan á, ef þetta væri viðar athugað og mælt. En ef Árnessýsla er einsdæmi i þessu efni, þá verð eg að segja, *að Árnesingar eru meiri föðurlandsvinir og viðsýnni jarða bótamenn en aðrir landsmenn.*

Að búskapur sé yfir höfuð nokkuð betri hjá sjálfseignarbændum en leiguliðum, það held eg sé líka alveg upp og niður. Eg veit ekki betur en búskapur á þjóðjörðum sé víða mjög góður, og þegar menn eru að fjölyrða um, hvað leiguliðabúskapur sé bágborinn, þá er það oft og einatt bygt á misjafnlega ábyggilegum sögusögnum af Snæfellsnesi. En eg er kunnugur þar og veit, að landssjóðslandsetar þar standa ekki sjálfseignarbændum að baki yfir höfuð tala. Og þó að jarðir hafi þar sumstaðar verið miður vel setnar en áður, þá hafa framfarir orðið þar á síðustu árum og víða er þar góður búskapur.

Mér er líka kunnugt um, að jafnvel í Eyjafirði, kjördæmi háttv. 1. þm. Eyf., var búskapur sjálfseignarbónda þar á jörð nokkurri ekki betri en það, að ekkert hafði verið gert á jörðinni til bóta um mörg ár, og við það bættist svo það, að partur af túninu stóð jafnvel í sinu, og hafði þó jörðin verið lengi í leiguábúð þessa manns. Hins vegar má benda á jarðir, sem lengi hafa verið í sjálfábúð, sem bættar hafa verið til mikilla muna, og eg vil benda á það, að margir, sem fengið hafa verðlaun úr styrktarsjóði Kristjáns IX, hafa einmitt verið leiguliðar meðan þeir gerðu mestu jarðabæturnar, og sumir allan sinn búskap. Því segi eg það, að leiguliðar jafnast fullkomlega á við sjálfseignarbændur og standa þeim jafnvel framar sumir hverir. Eg skrifaði fyrir 1½ ári grein í »Frey« um »fyrirmyndarbændur«, fátæka leiguliða, sem mikið lá eftir. Sumir höfðu verið á landssjóðsjörðum, sumir á kirkjujörðum, sumir leiguliðar bænda. Þó að sumir þeirra hafi síðan fest kaup á jörðum sínum, þá hafa þeir gert mestar jarðabæturnar meðan þeir voru leiguliðar. Faðir minn var einn þeirra manna, sem verðlaun hlaut úr styrktarsjóði Kristjáns IX, og skal eg geta þess, að hann var leiguliði meðan hann gerði sínar jarðabætur eða mestan hluta þeirra, og sama er að segja um marga aðra bændur og jarðabótamenn fyr og síðar.

Lögin um sölu þjóðjarða og kirkjujarða voru tilraun til þess að fjölga tölu sjálfseignarbænda, en það var tilraun, sem aldrei gat eða getur náð tilgangi

sínum. Og það eru einmitt þessi lög, sem ef til vill fremur öðru hafa staðið í vegi fyrir því, að gerð væri breyting til batnaðar á kjörum leiguliða, og störf þingsins til umbóta leiguliðaábúðinni undanfarin þing hafa meðfram strandað á kenningunum um sjálfseignarábúðina. Þessi sjálfsábúðarhugmynd er hugsjón, sem erfitt og jafnvel ómögulegt verður að koma í framkvæmd eins og nú er ástatt. Betra og eðlilegra að landssjóður eignist nú aftur þær jarðir, sem hann hefir illu heilli látið af hendi.

**Eggert Pálsson:** Eg get enga dul dregið á, að ákvæði þetta bendir skýlaust í aðra átt en áður hefir verið farin í þessu máli, þegar stöðva á sölu þjóðjarða og kirkjujarða, og jafnvel láta landssjóð fara að kaupa jarðir af nýju. Mér kæmi það mjög á óvart, ef háttv. deild vildi nú víkja þvert af leið og leggja inn á algerlega nýjar og gagnstæðar brautir athugunarlaust, og skil ekki að háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) ætlist til þess. Enda liggur það í hlutarins eðli, að ef honum hefði verið þetta áhugamál, hefði hann átt að koma fram með þetta fyr á þinginu, svo að tími veittist til íhugunar, en ekki í þinglok, þegar alt er komið í eindaga.

Þó að tillagan sjálf sé í þrem liðum, eru þó aðalatriðin ekki nema tvö í eðli sínu.

Fyrst er það atriðið, sem nefnt er í 3. lið, að stöðva sölu þjóðjarða og kirkjujarða, og ef það tekst, þá má jafnframt koma því í framkvæmd, sem nefnt er í öðrum lið.

Hitt atriðið er, að fara að kaupa jarðir af nýju, landssjóði til handa.

Á þessu tvennu er nú næsta mikill munur.

Það fyrra er framkvæmanlegt, að stöðva sölu jarðanna og gefa ábúendum erfðafesturétt, en ið síðara, að kaupa jarðirnar af nýju, er með öllu óframkvæmanlegt, eins og högum er nú háttað, auk þess sem það gæti ekki talist neitt sérlega arðvænlegt fyrir landssjóðinn eftir þeim nettótekjum — einum 16 þús. kr. — sem hann hefir nú af öllum jörðum sínum.

Eg er nú fyrir mitt leyti á móti báðum þessum atriðum. Eg hefi aðhylst þá stefnu, að þjóðjarðir og kirkjujarðir væru seldar, af því að eg hefi þózt sjá, að það væri spor í áttina til að auka verðmæti jarðanna og stuðla að betri búskap í landinu.

Mér er ekki unt að skilja, að menn yfirleitt leggi sig eins fram til endurbóta þegar þeir eru leiguliðar, eins og ef þeir væru eigendur. *(Sig. Sig.:* Hvað hefir presturinn á Breiðabólstað gert?). Einstök dæmi sanna lítið. En dæmi máli mínu til sönnunar mega teljast almenn. Eg sé þess merki, hvar sem eg fer um, að sjálfseignarjarðir eru *yfirleitt* betur setnar en leigujarðir, og það er ekki nema eðlilegt að menn sitji jarðirnar betur þegar þeir geta gert sér vonir um að fá eitthvað í aðra hönd fyrir starf sitt, en leiguliðar fá hins vegar ekkert endurgjald og eru meira að segja jafnvel stundum *látnir gjalda þess*, ef þeir bæta jarðirnar, á þann hátt, að afgjald þeirra er *sett upp*, og eg man ekki betur en háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) hafi sjálfur sagt mér, að faðir sinn hafi einmitt sætt slíkri meðferð.

Það er víst, að flestir sjálfseignarbændur vilja hlynna að ábýlisjörðum sínum, eftir því sem efni og kringumstæður leyfa. Og hvað þær þjóðjarðir og kirkjujarðir snertir, sem seldar eru, þá hljóta þær að haldast í sjálfsábúð þau 28 árin, að minsta kosti, sem verið er að afborga þær, og það má ganga að því vísu, að miklar umbætur verði gerðar á þeim allan þann tíma, hverju sem svo kann fram að vinda. En lík-

legt má það telja, að sjálfsábúðin í landinu verði að þeim tíma liðnum ekki minni, heldur miklu fremur meiri, heldur en nú á sér stað.

Hvað hinn liðinn áhrærir, að landssjóður eigi að kaupa allar jarðir, þá er ekki hægt að sjá, hvort átt er þar við að stjórnin eða Alþingi annist kaupin. Ef stjórnin ætti að gera það, get eg óttast, að það reyndist í mörgum tilfellum mjög hættulegt. Ef einhver jarðeigandi væri innundir hjá stjórninni, ætti honum að vera innan handar að nota sér velvild hennar og vinfengi sér til fjár á landssjóðsins kostnað. Hann þyrfti ekki annað en að fá einhvern kunningja sinn til að gera hátt tilboð í jörð sína. Að því búnu sneri hann sér til stjórnarinnar og segði: »Viltu kaupa fyrir þetta verð?«. Og mér finst ekki ólíklega tilgetið, að stjórnin vildi gera honum þann greiða, að kaupa, enda þótt það ekki gæti talist neinn búhnykkur fyrir landssjóðinn.

En hitt, ef þingið ætti að fjalla um það, gæti það bæði valdið örðugleikum og stórskaða að þurfa að bíða þings til að gera út um kaupin.

Eg álít því, að það geti ekki komið komið til mála að þessi till. nái samþykki deildarinnar. Á hina hliðina er málið mjög mikilsvert — það skal eg játa — og legg eg því til, að því verði vísað til landbunaðarnefndarinnar. Þar er háttv. 1. þm. Árn. sjálfur og gæti hann þá athugað málið betur til næsta þings.

ATKV.GR.:

Vísað til landbúnaðarnefndarinnar með 9:6 atkv.

Umr. frestað.

---

TILLAGA til þingsályktunar um, að stjórnin láti skoða og ákveða brúarstæði á Miðfjarðará í Húnavatnssýslu og gera áætlun um kostnað við brúargerðina (794); hvernig ræða skuli.

ATKV.GR.:

Ein umr. var samþykt í einu hljóði.

---

TILLAGA til þingsályktunar um íslenzkan siglingarfána (800); hvernig ræða skuli.

ATKV.GR.:

Ein umræða samþykt í einu hljóði.

---

TILLAGA til þingsályktunar. [Danska þýðingin á íslenzkum lögum falli úr stjórnartíðindunum] (801); hvernig ræða skuli.

ATKV.GR.:

Ein umræða samþykt í einu hljóði.

---

FRUMVARP til laga um viðauka og breyting á lögum um aðflutningsbann á áfengi nr. 44, 30. Júlí 1909 (783, 792, 806); ein umr.

Forseti tók málið út af dagskrá.

Fundi slitið.

---

## 51. fundur.

Fimtudag 11. Sept. 1913, kl. 12 á hád.

Dagskrá:

1. Frv. til laga um viðauka og breyting á lögum um aðflutningsbann á áfengi nr. 44, 30. Júlí 1909 (783, 792, 806); ein umr.

2. Frv. til laga um eignarnámsheimild fyrir bæjarstjórn Ísafjarðar á lóð og mannvirkjum undir hafnarbryggju (826); 3. umr.
3. Till. til þingsál. um, að stjórnin láti skoða og ákveða brúarstæði á Miðfjarðará í Húnavatnssýslu og gera áætlun um kostnað við brúargerðina (794); ein umr.
4. Till. til þingsályktunar um íslenzkan siglingafána (800); ein umr.
5. Till. til þingsályktunar [Danska þýðingin á íslenzkum lögum falli úr stjórnartíðindunum] (801); ein umr.
6. Frv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915 (793, 809, 810, 812, 813, 814, 817, 821, 822, 823, 825, 834, 841, 844, 845, 846, 847, 848, n. 849, 850, 853); ein umr.

---

Allir á fundi.

Fundargerð síðasta fundar samþykt og staðfest.

Forseti skýrði frá, að samkv. bréfi dags. 10. Sept. frá forseta efri deildar hefðu:

1. Frv. til laga um strandferðir
2. Frv. til laga um hvalveiðamenn
3. Frv. til laga um heimild fyrir landstjórnina til að selja prestinum að Kolfreyjustað landspildu í Innri-Skálavík

verið samþykt þar í deildinni og verið afgreidd til ráðh. sem lög frá Alþingi.

Enn fremur skýrði forseti frá, að með sama bréfi hefði forseti Ed. sent sér:

Tillögu til þingsályktunar um milliþinganefnd í slysfaramálum (839)

og endursent:

Frv. til laga um rafmagnsveitu í kaupstöðum og kauptúnum (840)

með tilmælum um, að þau yrðu lögð fyrir Nd.

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið:

I. Í deildinni:

1. Frv. til laga um rafmagnsveitu í kaupstöðum og kauptúnum. Eftir 3. umr. í Ed. (840).
2. Framhaldsnefndaráliti um sama frv. (843).
3. Framhaldsnefndaráliti nr. 2 um samgöngumál á sjó (835).
4. Nefndaráliti meiri hlutans um járnbrautarmálið (836).
5. Till. til þingsályktunar um milliþinganefnd í slysfaramálum. Eftir eina umr. í Ed. (839).
6. Frv. til laga um eignarnámsheimild fyrir bæjarstjórn Ísafjarðar á lóð og mannvirkjum undir hafnarbryggju. Eftir 2. umr. í Nd. (826).
7. Breytingartill. við till. til þingsályktunar um íslenzkan siglingafána. Flutnm. Lárus H. Bjarnason (837).
8. Breytingar- og viðauka-till. við frv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915 á þgskj. 817, 821, 822, 823, 825, 834, 841, 844, 846, 847, 848, 850, 853.

II. Frá Ed.:

1. Frv. til laga um sauðfjárbaðanir. Eftir 3. umr. í Nd. (827).
2. Framhaldsnefndarál. um frv. til laga um viðauka og breyting á lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða frá 12. Jan. 1884 (842).
3. Framhaldsnefndaráliti um frv. til laga um bjargráðasjóð Íslands (819).
4. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 18, 13. Okt. 1913, um kosningar til Alþingis. Eftir 3. umr. í Nd. (815).
5. Framhaldsnefndaráliti um sama frv. (816).
6. Framhaldsnefndaráliti um frv. til laga um forðagæzlu (820).
7. Framhaldsnefndaráliti um frv. til laga um breyting á lögum 22. Okt. 1912 um ritsíma og talsímakerfi Íslands (824).

8. Framhaldsnefndaráliti um frv. til laga um sauðfjárbaðanir (851).
9. Framhaldsnefndaráliti um frv. til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbankans til að gefa út 4. flokk (Serie) bankavaxtabréfa (829).

Forseti skýrði frá, að lagt hefði verið fram á lestrarsal:

1. Erindi frá prestinum að Kolfreyjustað til stjórnarinnar þess efnis, að hann fái keypta landspildu í Innri-Skálavík.
2. Erindi frá Magnúsi Júlíussyni lækni um ljósstofnun á Íslandi með ummælum landlæknis og læknadeildar Háskólans.

Þá var gengið til dagskrár og tekið fyrir:

FRUMVARP til laga um viðauka og breyting á lögum um aðflutningsbann á áfengi nr. 44, 30. Júlí 1909 (783, 792, 806); ein umr.

**Ráðherrann (H. H.):** Háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) og eg, höfum báðir komið fram með breytingartillögu við aðalatriði þessa frumv. *(Lárus H. Bjarnason:* Það er ekki aðalatriðið). Það er annað aðalatriðið í þessu frumv., að sendiræðismenn annara ríkja fái að hafa það mataræði, sem þeir eru vanir, þann tíma sem þeir eru hér. Munurinn á breyt till. okkar er að eins sá, að eg fer fram á að setja sama ákvæði inn í frv. og áður var í því, þegar það fór héðan úr deildinni. En tillaga háttv. 1. þm. S.-Múl. gengur inn á að leyfa þeim að flytja inn vissa pottatölu af áfengi og það að eins vissa tegund. Í báðum tilfellum er orðið við óskum ræðismannanna að nokkru leyti. Eftir minni till. er aðflutningsbanni ekki beitt við þá, en í hinni er því beitt með takmörkun. Og sú takmörkun er aðallega í því fólgin, að miða við það, hvað löggjafarvaldið álítur þeim holt og heilsusamlegt. Eg er hræddur um, að ef að fallist verður á þetta, þá kunni að koma fleiri, sem segja að þeim sé mjög holt og heilnæmt að drekka svona saklaust vín, sem ekki hafa nema 15 % styrkleika. Þessu mundi oft verða erfitt að mótmæla og því tel eg eftirkasta-minna að hafa það þannig, að banninu væri alls ekki beitt við þessa menn, að því er snertir þá sjálfa. Þeir fengju sjálfir að ráða því, hvað og hve mikið þeir vildu nota til heimilisþarfa sinna. Spurningin er um það, hvor breytingin sé líklegri til þess að ná samþykki efri deildar. Eg tel það alveg víst, að mín breytingartillaga nái samþykki efri deildar, ef hún verður samþykt hér. Eg vona, að háttv. 1. þm. S.-Múl. verði ekki á móti henni, þar sem eg tek upp orðrétt það sem áður var samþykt hér í deildinni.

**Lárus H. Bjarnason:** Eg var að bíða eftir því, að háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) tæki til máls, þar sem mér var kunnugt um, að hann átti breytingartillögu við frumvarpið. Eg ætti ef til vill að vera hæstv. ráðherra þakklátur fyrir að hann tekur upp orði til orðs ákvæði, sem eg hafði áður sett í frumv. En eg er það nú samt ekki, vegna þess, að eg tel ekki líklegt að það ákvæði nái nú fram að ganga í háttv. efri deild. Hæstv. ráðherra hélt því fram, að fyrir sér væri það aðalatriðið í frumvarpinu, og minsta kosti annað aðalatriðið, að sendiræðismenn fengju leyfi til að flytja inn vín til heimilisþarfa. Fyrir mér var það ekki aðalatriði. Það má að vísu segja, að það sé sanngjarnt, en aðalatriðið fyrir mér var að fá nauðsynlegar bætur á þeim göllum á aðflutningsbannslögunum, sem fundist hafa, en Alþingi er nú svo skipað, að þeim einum út af fyrir sig hefði ekki orðið framgegnt. Nú verð eg að vera á móti

tillögunni á þgskj. 806, og af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi af því, að eg tel vonlaust um, að hún nái fram að ganga í efri deild, en tel hins vegar tillöguna á þgskj. 792 ugglausa til framgangs þar. Og í öðru lagi af því, að eg vil girða fyrir að leyfi til innflutnings á áfengi verði ranglega veitt, eins og komið hefir fyrir áður, en fyrirbyggingarákvæði í því skyni hefir ráðherra felt úr inu upprunalega ákvæði.

Svipuð tillaga og hv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) ber nú fram, féll fyrir vangá í efri deild, en nú veit eg að tillaga hans mundi ganga fram. Hins vegar veit eg að tillaga hæstv. ráðherra nær ekki samþykki deildarinnar. Reyndar veit eg, að hæstv. ráðherra getur fengið þingm. Ísf. til þess að hringla með atkvæði sitt eins nú og á Mánudaginn var; en honum nægir ekki fylgi hans.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Eg skal ekki vera að lengja umræðurnar með því að vera að tala fyrir þessari tillögu. Eg tel það alveg óþarft.

Eg hefi komið fram með hana eftir beiðni annara, vegna þess, að hún þótti vísari til famgöngu í háttv. efri deild, heldur en hin breytingartill. Ástæðurnar fyrir henni tel eg alveg óþarft að vera að taka hér upp aftur; háttvirt deild mun þekkja þær.

**Ráðherrann (H. H.):** Eg finn ekki ástæðu til að svara háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) mörgu. Eg get auðvitað ekki svarið, að mín breytingartill. gangi fram í efri deild, eg hefi engin ráð yfir atkvæðum manna; en eg tel það mjög líklegt og hefi fyrir því ástæðu. En eg vísa til baka þeim ummælum, sem þingmaðurinn beindi að nafngreindum manni í efri deild. Eg veit með vissu, að hann muni ekki greiða atkv. móti báðum tillögunum. Fyrir mér er aðalatriðið, að sýna kurteisi þeim útlendu ríkjum, sem hingað senda fulltrúa sína. Hér er um atriði að ræða, sem engum er til tjóns. Eg vil ekki miða innflutning sendiræðismanna við þarfir eins einstaks manns. Mér er ekkert kappsmál, hvor tillagan er tekin, en eg tel það miklu heppilegra, samkvæmara réttri hugsun og fyrri gerðum þessarar deildar í málinu, að mín breyt.till. verði samþykt.

**Eggert Pálsson:** Eg hefi ekki áður tekið til máls í þessu máli, enda þótt eg sé annar flutningsm. þess inn í þingið. Eg þóttist ekki sjá neina ástæðu til þess. En nú finn eg þó hvöt hjá mér til þess að fara nokkrum orðum um málið og afstöðu mína gagnvart því. Það sem olli því, að eg gerðist meðflutningsmaður þessa frumvarps, voru einmitt þær greinar frumvarpsins, sem enn standa eftir. Eg taldi eins og aðrir bannvinir, sérstaklega með tilliti til þess yfirréttardóms, sem á hefir verið minst, brýna nauðsyn til þess að fá þessa bót á aðflutningsbannslögunum. En með því að eg jafnframt varð þess vís, að það var sterk tilhneiging hjá mönnum hér á þinginu að heimila sendiræðismönnum annara ríkja að flytja inn áfengi til eigin heimilisnotkunar, þá þótti mér vel við eiga að binda þetta hvorttveggja saman í eitt frumvarp og fá þar með tilstyrk þeirra sem sterkasta tilhneiging höfðu til þess að veita þessa undanþágu, til þess að koma þeim umbótum á aðflutningsbannslögunum, er eg taldi mestu máli skifta, í gegn. Enda get eg ekki séð neitt verulegt á móti þessari undantekning hvað sendiræðismennina snertir. Tel það þvert á móti miklu betra að slík undanþága sé beinlínis leyfð í lögunum, heldur en að stjórnin sé beint á móti lögunum að veita slíka undanþágu, sem veldur svo illindum og þjarki á þinginu eins og dæmin hafa svo ljóslega sýnt. Eg býzt fullkomlega við því, að ef þessi heimild

er ekki gefin nú í einhverri mynd þessum umræddu mönnum, þá geti farið svo, að þeim verði liðinn innflutningur á víni, ef ekki beinlínis leyfður, og alþjóðaréttur eða annað slíkt hafður að skálkaskjóli. Og við eigum svo von á þjarki og jafn vel vantraustsyfirlýsingu út af slíku. Þetta getum við forðast með því beinlínis að veita lagaheimild til þessarar skaðlausu undanþágu. Vegna þessa hefi eg getað verið með til þess að veita þessa undanþágu og svo er enn. En með tilliti til þess, þá hallast eg aðallega að því að fara þá leiðina, sem farin er á viðaukatill. á þgskj. 792, enda veit eg að einn inn ákveðnasti bannmaður á þingi, einn háttv. þm. í Ed., hefir hallast að þeirri tillögu og má teljast höfund hennar. Oss getur sú tillaga engan miska gert. Bannlögin eru sett til þess að varðveita oss sjálfa, en eigi útlendinga, frá illum afleiðingum áfengisins. Þar sem ekki er veitt meiri heimild til innflutnings en gert er í till. á þgskj. 792, þá þarf ekki að óttast, að sú heimild verði til að ala upp í oss drykkjuskap, og það er það, sem jafnan hefir vakað fyrir oss bannmönnum. Oss hefir aldrei komið til hugar að grípa inn í lifnaðarháttu annarra þjóða. Það er heill og hamingja vorrar eigin þjóðar, en síður annara, sem vér höfum viljað hafa og eigum að hafa fyrir augum.

**Lárus H. Bjarnason:** Eg er sammála hæstv. ráðherra um það, að vér eigum að sýna sendimönnum erlendra ríkja kurteisi. En það er líka gert með viðaukatill. á þgskj. 792. Eg heyrði einn inna kgkj. þingm., Guðmund Björnsson landlækni, segja, eftir samtali við frakkneska ræðismanninn, að hann væri fyllilega ánægður með breyt.till. á þgskj. 792. En ef hann er ánægður, hví á þá að gera honum betri skil en hann sjálfur biður um? Landsstjórninni er innanhandar að leita til þingsins um frekari undanþágur, ef hingað kæmu sendiræðismenn frá Englandi, Rússlandi, Tyrklandi eða annarsstaðar að og þættust ekki geta lifað án sterkari drykkja en 15%. Úr því að sá sem beiðist, fær fullnægju sína, þá ættum vér að mega við una.

**Ráðherrann (H. H.):** Það er rétt hermt hjá háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.), að landlæknirinn hafði það eftir franska ræðismanninum, að hann gerði sig ánægðan með ákvæði það, sem er á þgskj. 792.

En, eins og eg hefi tekið fram, dugar ekki að líta á það, hvað einn einstakur maður telur nægja sér og sínu heimili.

Háttv. 2. þm. Rang. (E. P.) sagði, að það væri ekki um mikla undanþágu að ræða, ef tillaga háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) er tekin. Það ef svo hvert mál sem það er virt. Drjúgur sopi er 800 pottar hana einum einhleypum manni. Aftur í móti getur verið, að þessi pottatala af öli eða rauðvíni nægi ekki fyrir mann, sem hefir 10—20 manns í heimili og mikinn gestagang.

Alveg einlæglega verð eg að segja, að eg álít það hættulegra fyrir bannlögin að ganga inn á þessa greinargjörð á saklausum og sterkari vintegundum, heldur en að segja í eitt skifti fyrir öll: þessir menn skulu undanþegnir banninu fyrir sínar heimilisþarfir. Það geta vel komið hingað menn með öðrum smekk en þeir sendiræðismenn, sem nú eru hér. Það væri í meira lagi afkáralegt að þurfa að hlaupa til þingsins í hvert skifti til að fá undanþágur eftir smekk og heimilisþörfum hvers einstaks.

**Eggert Pálsson:** Eg játa það með hæstv. ráðherra, að 800 pottar eru nokkuð mikið fyrir einhleypan mann. En úr því að kvantum er tiltekið er það miðað við venjulegar heimilisþarfir.

Enda má og segja, að takmörkunin í breyt.till. á þgskj. 806 »hæfilegur« sé nokkuð óákveðið. Hver á að meta hófið?

Till. á þgskj. 792 hefir líka aðra takmörkun en pottafjöldann, sem sé styrkleikann, en fyrir honum er ekkert takmark sett, eftir breyt.till. hæstv. ráðherra.

Það sem mér gerir, að eg fylgi till. á þgskj. 792, er það, að eg veit, að hún fær fremur fylgi bindindisvina. Það var einmitt einn sá ákafasti bannmaður, sem kom fram með þessa brt. í Ed., en fyrir klaufaskap atvikaðist það svo, að hún komst ekki fram við atkv.gr. þar. Eg var sjálfur viðstaddur og get borið um þetta.

Annars skal eg ekki þrátta um þetta. Eg get ekki verið með till. á þgskj. 806 vegna þess, að þá tel eg vonlaust um, að frumgarpið nái fram að ganga, og þar með féllu þær greinir, sem, eins og eg tók fram áðan, fyrir mér eru og hafa verið aðalatriði málsins.

**Bjarni Jónsson:** Eg stend upp til þess að láta þá skoðun mína í ljósi, að þetta frumvarp kemur ekkert bannlögunum við; það hefir engin áhrif á framkvæmd þeirra. Hér er um það eitt að ræða, að þessum mönnum sé leyft að flytja inn vín til heimilisþarfa með sama eftirliti, sem flutt er inn messuvín til kirkna, vínandi til lyfjabúða o. s. frv.

Það er alveg víst, að þessir menn geta ekki notað heimildina til þess að skemma fyrir framkvæmd bannlaganna, með því að selja, gefa eða veita vín. Ef þeir gerðu sig seka í því, mundu þeir tafarlaust verða að hverfa heim. Því er alveg hættulaust að leyfa þetta.

Sú eina ástæða, sem er til þess að veita þessa heimild, er, að önnur ríki hafa mælst til þess, að hún yrði veitt, svo að sendiræðismennirnir fengi að njóta víns eftir þeim hætti, sem bezt þykir og innan þeirra takmarka, sem velsæmistilfinning þessarar góðu þjóðar setur. Það er hart að verða ekki við þessari beiðni. Vér getum það vel án þess að sýna nokkurn undirlægjuhátt. Hér er að eins um greiða að ræða. Það er kurteisleg beiðni og einhver munur á því eða láta skipa sér hitt og þetta eða hætta við einhverja umbót vegna hótana.

Þótt hér sé um smáræði að gera, þá mundu þessar þjóðir, ef vér neituðum þessari beiðni þeirra, verða miklu ófúsari til að gera oss greiða á móti, t. d. viðurkenna siglingafána vorn, þegar þar að kemur.

Þetta er eina ástæðan og er hún nægileg.

Eg vil ekki fara að skamta þessum sendiræðismönnum í askana. Mér er alveg sama, hvort þeir drekka sig fulla eða ekki. Því er eg með þeirri tillögu, sem ekki fer fram á það, að skamta þeim vínið í pottatali, því að eins og eg tók fram í upphafi, þarf enginn að óttast það, að þessir menn fari að leggja stöðu sína í sölurnar með því að gefa vín eða selja, eins og hverir aðrir prangarar.

**Ráðherrann (H. H.):** Háttv. þm. Dal. (B. J.) sagði, að þetta mál kæmi ekki bannlögunum við. Víst kemur það bannlögunum við. Þessir menn eru undir þeim meðan þeir eru hér og þurfa því undanþágu frá þeim með lögum, fyrst hún var ekki frá upphafi veitt á sama hátt og undanþága frá tolllögum alt af hefir verið veitt.

Það sem háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) tók fram í fyrra dag, að þeir sem exterritorialrétt hafa, þyrftu líka undanþágu frá bannlögunum, er hins vegar hreinn misskilningur. Hvernig eiga þeir að þurfa undanþágu, sem undir engum kringumstæðum eru undir bannlögunum? Ef herskip eða flotadeildir annara ríkja

koma hingað til lands, hvernig á að banna þeim að ráðstafa forða sínum hér við landið sín á milli eftir vild? Ef t. d. Þýzkalandskeisari kæmi hingað og færi til Þingvalla með nesti sitt, ætti hann þá að fá undanþágu frá bannlögunum?

Nei, vald Alþingis nær ekki til slíks. Þar er annað vald, annar réttur, alþjóðareglur að baki og í þeirra skjóli eru slíkir menn fyrir vorum innlendu matarhæfisþvingunum.

**Lárus H. Bjarnason:** Hæstvirtur ráðherra kom með alveg nýja skýring á exterritorialréttinum, sem hvern löglesinn mann má undra að heyra.

Hæstv. ráðherra heldur því fram, að þeir sem þessa svo kallaða exterritorialréttar njóta, séu undanþegnir bannlögunum og öðrum landslögum. Þetta er in mesta kórvilla. Þeir menn mega ekki fremur brjóta bannlögin en drepa mann eða stela.

Exterritorialrétturinn lýsir sér eigi í því, að þeir sem hans njóta, séu undanþegnir lögum dvalarlandsins, því að allir eru háðir lögum þess lands, sem þeir dvelja í, jafnvel konungar, hvað þá aðrir — heldur lýsir þessi réttur sér *að eins* í því, á hvern hátt brot slíkra manna verði átalin. Vitanlega verða þeir ekki látnir sæta ábyrgð fyrir dómi dvalarlandsins, heldur einvörðungu fyrir dómstólum heimalandsins, og af því getur eðlilega orðið allerfitt að koma fram ábyrgð gegn slíkum mönnum. En það er sitt hvað, *hvort* manni er leyfilegt að gera tiltekið verk, og svo hitt, *hvar* koma eigi fram ábyrgð fyrir verkið.

Slíkar fáránlegar kenningar ætti enginn maður að þurfa að heyra af lögfræðingi og sízt af lögfræðingi í ráðherrasessi, sem ætti að vera innan handar að afla sér jafn-alþektrar fræðslu hjá aðstoðarmönnum sínum, hafi hann hana ekki sjálfur.

**Ráðherrann (H. H.):** Lengi má steininn klappa. Annar segir klipt, hinn skorið. Hvað sem líður lögskýringum prófessorsins, þá þætti mér gaman að því að vita, hvernig hann ætlar að afstýra því, að t. d. herskip taki til sín vín úr öðru herskipi hér á höfninni. Mundi það vera lagabrot? Efni í þjóðarþrætur? Casus belli? Ætli það yrði ekki lítið úr kenningu hans í því tilfelli?

Það er eg, sem hefi laukrétt fyrir mér, en háttv. 1. þingmaður Rvk. (L. H. B.) rangt.

ATKV.GR.:

Brtill. á þgskj. 806 samþ. með 11:7 atkv.

Brtill. 792, 1. mgr., þar með fallin.

Brtill, 792, 2. mgr., samþ. með 18:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Hannes Hafstein |
| Jón Jónsson | Kristján Jónsson |
| Bjarni Jónsson | Matthías Ólafsson |
| Björn Kristjánsson | Ólafur Briem |
| Halldór Steinsson | Pétur Jónsson |
| Jón Ólafsson | |
| Kristinn Daníelsson | |
| Lárus H. Bjarnason | |
| Skúli Thoroddsen | |
| Stefán Stefánsson | |
| Tryggvi Bjarnason | |
| Þorleifur Jónsson. | |

Benedikt Sveinsson, Guðm. Eggerz, Jóh. Jóhannesson, Jón Magnússon, Magnús Kristjánsson og Valtýr Guðmundss. greiddu ekki atkvæði og töldust með meiri hlutanum.

Frumvarpið þannig breytt samþ. með 14:4 atkv. og endursent til Ed.

FRUMVARP til laga um eignarnámsheimild fyrir bæjarstjórn Ísafjarðar á lóð og mannvirkjum undir hafnarbryggju (826); 3. u m r.

Afbrigði frá þingsköpunum leyfð.

Enginn tók til máls.

ATKV.GR.:

Frumvarpið samþykt með 17 samhlj. atkv. og endursent Ed.

---

TILLAGA til þingsályktunar um að stjórnin láti skoða og ákveða brúarstæði á Miðfjarðará í Húnavatnssýslu og gera áætlun um kostnað við brúargerðina (794); e i n u m r.

**Flutningsm. (Tryggvi Bjarnason):** Það er víst flestum háttv. þm. kunnugt, að þessi á, sem hér er um að ræða, er eitt af þeim stærstu vatnsföllum og verstu yfirferðar hér á landi. Svo stendur á, að póstvegur liggur yfir ána og liggur því auðsjáanlega fyrir, að hún verði brúuð innan skamms. Verkfræðingur hefir oft ferðast um þessar slóðir til þess að rannsaka hentugt brúarstæði. Hann hefir fundið það; en það er alllangt frá þjóðveginum og hefir hann því hugsað sér að rannsaka það að nýju, hvort ekki væri tiltækilegt að gera brúna einhverstaðar nær veginum. Hann leggur það til, að brúin verði gerð sem fyrst, annaðhvort jafnhliða eða næst á eftir brú á Eyjafjarðará. Ástæðurnar til þess, að þessi tillaga er fram komin, eru þær, að litlar líkur eru til þess, að Eyjafjarðará verði búin á næsta fjárhagstímabili, en það getur haft talsverða þýðingu fyrir það, hvar brúarstæðið verður valið, hvernig vegirnir verða lagðir út frá. Og þótt verkfræðingur hafi nokkuð rannsakað þetta mál, er hann ekki kominn að fastri niðurstöðu enn þá. Það er því nauðsynlegt, að fullnægjandi rannsókn fari fram sem fyrst, og vil eg því mælast til þess, að þessi tillaga verði samþykt.

ATKV.GR.:

Till. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgreidd til ráðherra.

---

TILLAGA til þingsályktunar um íslenzkan siglingafána (800); e i n u m r.

**Flutningsm. (Bjarni Jónsson):** Það sem valdið hefir því, að við höfum leyft okkur að koma fram með þessa þingsályktunartillögu, er ferill fánamálsins á þessu sumri, utan þings og innan.

Menn muna atburðinn, sem varð 12. Júní og þarf eg ekki að endurtaka þá sögu. Þegar til þingsins kom, var borið fram frumv. um staðar- eða landsfána, en það fullnægði ekki þeim kröfum, sem við flutningsmenn þessarar tillögu gerum með allan þorra þjóðarinnar á bak við okkur. Það var ekki þess konar fáni, sem þjóðin heimtar, er frumv. fór fram á, svo að það var ekki neitt svar við ofbeldisverkinu 12. Júní. Þegar svo frv. kom úr Nd. — í því formi, að það fór fram á landsfána — til Ed., þrátt fyrir mikla mótspyrnu okkar flutningsmanna þessarar tillögu, lagfærði hún það svo, að hún tók orðið »lands« framan af og getur það ekki hafa verið gert í öðrum tilgangi en þeim, að frv. löghelgaði íslenzkan fána, eins og orðið fáni þýðir í málinu, með öðrum orðum: ríkis- eða siglingafána. Þetta var samþykt í háttv. Ed. við 2. umr. En þetta var aftur, illu heilli, felt við 3. umr. á þá lund, að háttv. þm., sem virðast alt í einu hafa fengið svo mikið traust á háttv. ráðherra til að fylgja málinu fram, fólu honum málið — að koma því á framfæri. Eg vil nú ekki undirskrifa þetta traust háttv. þm., en þó reyni eg að gera mér von um, að hann vinni það í þessu máli, sem hann getur,

þjóðinni og sjálfum sér til gagns og sóma. Samt vildi eg og við flutningsm., að Nd. legði orð í belg og skýrði honum frá, hver væri vilji þings og þjóðar í þessu efni. Við viljum hjálpa hæstv. ráðherra með því að benda honum á, hvers þjóðin krefst, svo að ekki slái í baksegl fyrir honum, þegar hann kemur með málið fyrir næsta þing.

Þess ber líka að gæta, að frumv., eins og það var samþykt í háttv. Ed., getur verið tvírætt. Það er hægt að leggja í það annan skilning en þann sem þjóðin vill. Á þessum misskilningi má hæstv. ráðherra ekki ala, þegar hann ber málið fyrir konung, og því viljum við nú þegar taka skarið af.

Þá er það og athugavert, að ekki er tekið fram í dagskránni, sem nauðsynlegt er, að áherzla sé lögð á það, að gerð fánans sé in sama og samþykt var í frumv.. Sé ekki haldið fast við gerðina, þá getur litið svo út sem dagskráin sé ekki annað en dulbúin tilraun til þess að vinna bug á fánahreyfingunni hér á landi — einkum ef ætlast er til að breyta litunum, sem hafa unnið ást og hylli þjóðarinnar og hlotið hafa vígslu við atburðinn, sem varð 12. Júní þ. á. Það væri því in versta fásinna að rugla frá þessari gerð og getur ekki skoðast á annna hátt en sem mótspyrna gegn þeim mönnum, sem uppástunguna áttu um þessa gerð. En nú eru þeir horfnir. Nú er það þjóðin öll, sem heimtar þennan fána og engan annan.

Eg hefi heyrt tvær mótbárur á móti þessum fána. In fyrri er sú, að hann sé svo líkur gríska fánanum, eða réttara sagt sjóliðsforingjamerki Grikkja, að hann verði ekki greindur frá því. En þetta er skakt. Gríski siglingafáninn er röndóttur og að eins kross í einum feldi uppi við stöngina, svo að ekki er á því að villast. Hitt merkið, sjóliðsforingjamerkið, er nú þessi krossfeldur úr fánanum, en það væri heldur ekki mikil mótbára, þótt þetta merki væri nokkuð svipað okkar fána, því að það er ekki siglingafáni, svo að ekki mundi það valda neinum misskilningi, þótt grísk herskip færu að sigla hér um norðurhöfin, enda er ekki sjóliðsforingi (aðmíráll) á hverju herskipi, eða íslenzk skip um Miðjarðarhafið, enda bera herskipin ekki merkið á aftursiglu, eins og öll skip bera siglingafána. Það er því ekki þörf að beygja sig fyrir þessari mótbáru.

Þá hefir það verið sagt, að það væri ókurteisi við konung, að samþykkja ákveðinn fána, án þess að honum gæfist kostur á að láta álit sitt í ljós. Þessi ástæða er ekkert annað en uppspuni — og ber enn minna gildi en in fyrri. Raunar er það svo, að flestra þjóða fánar eru svo gamlir, að þeir eiga sögu sína til einvaldra konunga að rekja, en það stafar ekki af því, að það liggi í hlutarins eðli, heldur hinu, að konungarnir voru einvaldir og réðu því þessum málum sem öðrum, og jafnframt af því, að þeir voru sjálfkjörnir herforingjar. Eg get líka nefnt að minsta kosti einn fána, sem aldrei hefir komið undir konungs-atkvæði. Hann er rauður með hvítum krossi og er fallinn af himnum að tilhlutun guðs almáttugs, sem alls ekki spurði Danakonung neinna ráða. Það er alls ekki hægt að segja, að Alþingi sýni nokkra ókurteisi, þótt það ákveði gerð fánans. Þess er líka að gæta, að við höfum þingbundna konungsstjórn, og það er því ekki konungur, sem á endilega að eiga frumkvæðið að þessum málum, heldur sá sem ábyrgð ber á stjórnarathöfninni. Það eitt nægir, að ráðherra skýri konungi frá, að Alþingi óski eftir þessari gerð á fánanum, og eg er þess fullviss, að konungur er

oss svo góðviljaður, að hann setur sig ekki á móti óskum Alþingis í þessu efni.

Eg endurtek það, að það liggur í hlutarins eðli, að það er siglingafáni, sem íslenzka þjóðin krefst. Það er Íslendingum enginn sómi, að það standi í lögum, að þeir megi draga upp einhverja blæju, sem enga þýðingu hefir. Við þurfum engin lög til þess — það er hverjum manni heimilt. Og við þurfum ekki að semja lög um eitthvert merki, sem auðkenni okkur t. d. frá Grænlendingum. Við höfum okkar þjóðareinkenni í tungu okkar og fari.

Það er ekki að eins þjóðarmerki, sem við krefjumst — það sjá allir, að við erum sérstök þjóð — nei! það er merki þess, að við séum sjálfstætt ríki. Eigi fáninn að tákna þetta, þá er óþarfi að vera nokkuð að bisa við málið.

En sé hitt vilji okkar, þá þýðir ekki að vera koma fram með neitt tvírætt, því að það eru til aðrir okkur jafnfínir í hártogunum og því gefur að skilja, að skilningur þess sterkara hlýtur að ráða. En sé málið skýrt frá upphafi, þá hljótum við, þótt ekki verði það strax, að sigra um síðir.

Þessar upplýsingar vil eg gefa stjórninni, þegar hún fer með erindi Ed. til konungs. Og breyti hún samkvæmt þeim, þá á hún von á þökkum allra Íslendinga. Eg veit það líka, að eg og meðflutningsm. minir eigum þökk skilið fyrir það, að gefa stjórninni færi á að ganga hreint að verki og þurfa ekki að vitna til tvíræðra orða háttv. Ed. Og eg tala hér ekki fyrir hönd mína og flutningsm. einna, heldur tala eg erindi allra þeirra mörgu, sem okkur eru sammála. Og þótt gengið væri til atkvæða núna um þetta mál, þótt aðrir hafi ekki heyrt ræðu mína, en þeir háttv. þingm., sem hér sitja og beygja sig svo mjög fyrir góðum rökum, þá mundu áreiðanlega $^{9}/_{10}$ af allri þjóðinni greiða atkv. með þessari till. okkar.

**Lárus H. Bjarnason:** Eg get ekki verið sammála háttv. þingmanni Dal. um það, að frumvarp, það er Ed. samþykti við 2. umræðu fánamálsins, hafi farið fram á svo nefndan »siglingafána«. Þarf í því efni ekki annað en að benda til nefndarálitsins þar og orðanna í frumvarpsgreininni sjálfri: *»hér á landi«* o. s. frv.

Eg verð að játa það, að mér finst það í rauninni nánast leikaraskapur, að Nd. feli sókn fánamálsins þeim manni, sem lagst hefir bæði móti siglinga- og landsfána við allar umræður málsinsins í báðum deildum, hefir jafnvel lýst yfir því, að hann áliti íslenzkt löggjafarvald bresta heimild til þess að löghelga ekki að eins siglingafána, heldur jafnvel landsfána.

Jafnvel þótt hæstv. ráðherra hefði tungur tvær og talaði sitt með hvorri, þá væri honum manna erfiðast að koma fánamálinu fram við konung. Hann getur ekki »prokurerað« fyrir því hjá konungi, að leggja fyrir þingið frumv., sem hann hvað eftir annað hefir lagst á móti og jafnvel talið þingið bresta heimild til að samþykkja. Hér er því í rauninni ekki um annað en leik að ræða, og ætti því hvorki eg né aðrir fánamenn að koma nærri málinu, og það því síður sem óttast má, að hæstv. ráðherra hafi — með aðstoð þingm. Ísf. — tekist að búa svo um hnútana, að við fáum *engan* íslenzkann fána í nánustu framtíð, hvorki siglingafána né landsfána. Mér þætti sem sé ekki ósennilegt, að það færi líkt um fánamálið og lotterímálið. Ekkert ólíklegt, að Danir taki til þeirra ráða, nú þegar þing þeirra kemur saman í Októbermánuði, að samþykkja frumv., sem löghelgi eitt flagg — »ríkisflagg« — fyrir alt veldi Danakonungs, enda hefir hv. ráðherra talið

danska flaggið »eina löglega« flaggið hér á landi og fánatökuna hér á höfninni 12. Júní þ. á. ómerkilegan atburð. Ráðherra og forsætisráðherrann danski hafa verið hjartanlega sammála um þetta hvorttveggja. Eg segi ekki, að háttv. *ráðherra* renni grun í, að svona gæti farið og því síður að hann hafi þess vegna lagst á móti fánamálinu svo fast á þinginu núna, en það er ekki ósennileg tilgáta að svona kunni að fara eftir lík afdrif lotterímálsins. Og því tjáir ekki að þræta, að ráðherra muni hafa vitað um það, hvað til stóð af hendi danska dómsmálaráðherrans í lotterímálinu, þegar hann frestaði uppburði Alþingisfrumvarpsins haustið 1912, enda hafa 3 vitni borið það — þar á meðal einn háttv. þm., sem á sæti hér í deildinni, að hæstv. ráðherra hafi sagt á tilteknum stað og stundu í Októbermánuði í fyrra, að lotterífrumvarpið væri úr sögunni, vegna þess að Bülow dómsmálaráðherra mundi leggja fyrir ríkisdaginn lagafrummvarp, sem bannaði að reka önnur lotterí í Danmörku en þau tvö, er nú eru rekin þar, ríkislotteríið og Koloniallotteríið. Hæstv. ráðherra hefir að vísu lýst þetta »lygi«, en hann hefir ekki orðið við áskorun hr. Philippsens um það að endurtaka þetta orð utan þings, utan þinghelgi 32. gr. stjórnarskrárinnar. Hefði hæstv. ráðh. gert það, þá hefði ef til vill fengist lagaleg sönnun fyrir því, hvort ráðherra hafi vitað um frv. Bülows þegar hann frestaði Alþingisfrumvarpinu. En úr því að hr. Philipsen gafst ekki kostur á að reka af sér þetta harða ámæli af hálfu ráðherra, þá er ekki ómögulegt, að ýmsir trúi því, að hann hafi haft vitneskju um, hvað til stóð í lotterímálinu, og gæti þá hinum sömu mönnum orðið á að trúa því, að eitthvað líkt hefði ef til vill ráðið niðurlögum fánamálsins hér á þingi í sumar og enda »frestur á illu beztur«.

Þótt eg nú ekki, af fyrgreindum ástæðum, beri það traust til hæstv. ráðherra, að honum lánist að reka það erindi, sem Ed. hefir falið honum og sé þess vegna alls ekkert kappsmál um framgang tillögunnar, jafn vel breyttrar — þá hefi eg samt sem áður leyft mér að koma fram með breyt.till. við þingsályktunartill. háttv. þm. Dal. (B. J.) og fer hún fram á það, að forskeytinu »siglinga« verði slept framan af orðinu siglingafána. Eg vil ekki að þingið feli ráðherra mál, sem vonlaust er um að gangi fram og ráðherra því ef til vill gæti forsvarað að láta liggja afskiftalaust. En annars bar eg breyt.till. fram aðallega af »taktiskum« ástæðum.

Eg hjó eftir því á dagskrá Ed., að skorað er á ráðherra að leggja frumvarpið fyrir næsta *»reglulegt«* Alþingi — en ekki komandi aukaþing. Eg lít svo á sem orðalag þetta hefði verið valið með vilja og að meiningin muni vera sú, að halda fánamálinu utan við kosningar, þær sem óumflýjanlega leiða af samþykt stjórnarskrárfrumvarpsins.

Háttv. ráðherra hefir nú að vísu lofað því að fylgja þessu máli kappsamlega og einlæglega fram og leggja frumvarp fyrir næsta þing. En af því að dæmi eru til þess bæði hjá honum og öðrum, að sérstaklega pólitisk loforð falli í gleymsku, þá hefi eg eftir atvikum talið rétt að minna hann á Ed. loforð sitt, *ef* háttv. Nd. annars þykir rétt að skifta sér frekara af málinu í þetta skifti en hún hefir gert með samþ. fánafrumvarpsins.

Eg tel eftir atvikum rétt, að kjósendum verði kunnar tillögur hæstv. ráðherra til H. h. konungsins um fánamálið, en það gætu þær ekki orðið, ef draga ætti að mega málið til næsta reglulegs

þings. — Eg geri þetta, enda þótt eg búist við að fyrir næstu kosningar kunni að verða fundin upp einhver púðurkerling út af fánamálinu eða öðru máli til að sprengja frammi fyrir kjósendum. Og eg þykist geta rent grun í, hver sú púðurkerling muni verða. Eg gæti trúað því, að svo gæti farið, að ráðherra létist þá vilja leggja embættið í sölurnar, í því trausti að hvellurinn af slíkri fórn gengi í fólkið, ekki sízt ef takast kynni að komast yfir öll eða flest blöð landsins svo sem viðleitni hefir verið sýnd á. Það mætti ef til vill búast við ekki litlu bergmáli af slíkri púðurkerlingu frá vel steyptum blaðahring. Það er að minsta kosti ekki ótrúlegt, að ráðherra veitist örðugra að koma fram fánamálinu við konung nú, eftir meðferð efri deildar á því, heldur en reynst mundi hafa að koma fram samþyktu fánafrumvarpi hvort heldur neðri eða efri deildar. Um það verð eg að vera samþykkur blaði, sem kom hér út í gær. Hitt er eftir að vita, hvort ekki stæði samt á »fórninni«.

Jæja, eg greiði nú samt atkvæði með þingsályktunartillögunni, gangi mín brt. fram, hvað sem aðrir kunna að gera, og þó að mér sé það ljóst, að gamall og nýr andstæðingur íslenzku litanna sé ekki vel fallinn til þess að flytja oss viðurkenningu þeirra heim. Eg hefi ekki sömu tröllatrú á hæstv. ráðherra í þessu efni og háttv. þm. Ísf. (Sig. St.) lézt hafa.

**Ráðherrann (H. H.):** Háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) sagði að það væri leikaraskapur að fela mér á hendur að bera það upp við konung, að frumvarp til laga um íslenzkan fána verði lagt fyrir næsta Alþing. Eg álít fyrir mitt leyti, að það sé fult eins mikill leikaraskapur, sem hefir farið fram hér í dag, fyrst hjá háttv. þm. Dal. (B. J.) að koma fram með þessa þingályktunartillögn um siglingafána og þá ekki síður hjá háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) að þykjast vilja létta af mér þessari byrði með breytingartillögu sinni. Það er varla mögulegt, að jafn vel háttv. þm. Dal. geti lagt þann skilning inn í orðabreyting nefndarinnar í efri deild, að þar með væri löghelgaður sérstakur siglingafáni. Orðin »hér á landi« í 1. gr. frumvarpsins benda miklu fremur til þess, að fánann megi ekki nota nema innan landssteinanna, og útiloka það alveg að um siglingafána geti verið að ræða, enda tekur nefndarálitið það skýrt fram, að frumvarpið eigi ekki að koma í bága við eða breyta *neinum* gildandi lögum.

En íslenzk fánalög, sem ekki koma í bága við nein gildandi lög, þau geta ekki einu sinni varnað því, að ið sama sem kom fyrir 12. Júní, verði *föst regla*, Samkvæmt gildandi lögum mega menn sem sé ekki nota neinn annan fána á lögskráðum skipum en danska ríkisfánann, og í Danmörku er þeirri lögskýringu haldið fram, að þær flaggreglur, sem gilda um lögskráð skip, verði einnig *analogiskt* að gilda um báta. Sú spurning liggur undir úrskurð dómstólanna. Fyrir þeirra dómi verða stjórnarvöldin að beygja sig, meðan lögin eru óbreytt. Nú gæti farið svo, ef í mál færi, að hæstiréttur dæmdi þannig, að eins skyldi fara um báta eins og registreruð skip í þessu efni. Og þá er augljóst, að það hefði verið lakur »siglingafáni«, sem við hefðum fengið með fánafrumvarpinu, þrátt fyrir breytinguna, sem kom fram í Ed., að nefna »fána« í stað »landsfána«.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) talaði um, að það væri nauðsynlegt að slá fyrirfram fastri gerð fánans, að hann skuli vera blár með hvítum krossi. En eg verð að álíta, að svo framarlega sem konungur vildi aðhyllast eitthvert fánafrv.,

þá væri einmitt vel til fallið að leita álits þjóðarinnar um það, hvort hún vill þá gerð á fánanum, vita, hvort hún vildi stúdentafánann eða einhvern annan. Eg veit það, að víða um land alt eru menn óánægðir með stúdentafánann, og vilja hafa fána, sem sé fallegri, einkennilegri og ólíkari öðrum fánum. Ef tíminn leyfði, þá álít eg að það væri heppilegt áður en fánafrumv. væri sett á pappírinn, að leita fyrst, eftir því sem við verður komið, vilja þjóðarinnar um gerð fánans.

Háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) leyfði sér að segja, að eg hefði hvað eftir annað haldið því fram, að Alþingi bresti heimild til að lögleiða heimafána. Þar fór hann nokkuð laust með sannleikann eins og stundum áður, því að það hefi eg aldrei sagt, heldur hefi eg að eins bent á það, að sumir menn héldu því fram, að alt fánamálið, og þá einnig þetta, væri sameiginlegt mál. Eg hefi talið skyldu mína að vekja athygli á því, að við eigum að sækja málið á móti þessari kenningu. Eg hefi alls ekki haldið þessu fram sem minni skoðun, og skal ekki segja neitt um, hvor kenningin verður ofan á, en við megum ekki dylja okkur sjálfa þess, að það er einn af aðal-erfiðleikunum, sem við eigum við að etja, að þessari kenningu hefir verið, er og mun væntanlega verða otað á móti málinu.

Þá sagði hann sömuleiðis, að eg væri vitanlegur mótstöðumaður fánans og »íslenzku litanna«. Eg veit ekki til, að eg hafa nokkurn tíma látið í ljósi að eg væri á móti fánahugmyndinni, en eg hefi verið og er á móti því, að einn pólitískur ungæðisflokkur, sem hefir tekið sér fána í mynd og líking flaggs frá öðru landi, og notað hann til »demonstrationa« í stjórnmáladeilum og flokkserindum, tromfi þessum fána fram undir því yfirskyni, að þetta sé ið eina og sanna merki íslenzks þjóðernis og íslenzks hugarfars.

Af því er hann sagði að öðru leyti, skal eg að eins athuga það sem hann sagði út af því, að í inni rökstuddu dagskrá efri deildar er nefnt »reglulegt Alþingi«. Ástæðan fyrir þessu orðalagi mun vera sú, að þegar þessi tillaga var samin, var engin vissa fengin fyrir því að stjórnarskráin gengi fram. En eg lýsti þegar yfir því, þegar tillagan kom fram, að ef aukaþing yrði, þá mundi verða fengin full vissa fyrir það þing um afdrif málsins.

Það þarf því enga áskorun til mín um það, að flýta málinu fyrir aukaþingið. Hitt er efasamara, hvort endanleg ákvörðun af konungs hendi verður komin fyrir kosningar, ef þær fara snemma fram, sem vel má vera. Frumvarp um fána verður væntanlega ekki lagt fyrir konung til endanlegrar ákvörðunar fyr en um leið og önnur stjórnarfrumvörp, sem leggja á fyrir aukaþingið, en það hefir aldrei verið gert fyr en skömmu fyrir þing. Hitt mun sýna sig, þegar aukaþingið kemur saman, hvað málinu hefir orðið ágengt.

Eg vil svo helzt ekki vera að þrátta um þetta mál lengur, en eg get þó ekki látið vera að benda háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) á það, hvað ósæmilegt það er af honum, að vera að ausa auri mikilsmetinn þingmann annarar deildar, sem ekki er viðstaddur, og ætti slíkt ekki að líðast átölulaust.

Um slettur hans út úr lotterimálinu, sem ekki kemur þessu máli við, skal eg að eins segja það, að það er næsta óviðfeldið að hann bregði mér um það, að eg hafi ekki boðið mig fram undir lögsókn frá hr. Philipsen fyrir það orð, sem eg slepti hér í deildinni, að það sem háttv. 1. þingm. Rvk. hermdi eftir

honum, væri það sem á íslenzku er kallað »lygi«. Í fyrsta lagi er þetta ekki meiðyrði gegn hr. Philipsen; það er til bæði »objektiv« og »subjektiv« lygi, og eg sagði ekkert um það, að hér væri um ina síðari tegundina að ræða. En auk þess var lífs ómögulegt, að hr. Philipsen *gæti* sannað það sem aldrei hefir átt sér stað. Hann hefir sennilega misskilið eða á einhvern hátt fært úr lagi einhver ummæli, sem eg kann að hafa látið falla um það, að dómsmálaráðherrann *gæti* komið með lagafrumv. um þetta marg-umtalaða Hafnarlotterí, en að hann *ætlaði* að gera það, það hefi eg aldrei sagt né getað sagt, því að um það hafði eg enga vitneskju fengið En þessi árás háttv. þingmanns liggur svo mjög fyrir utan umræðuefnið, að eg mun ekki svara henni frekara, þótt inn háttv. þm. fái að taka til máls aftur.

Eg hefi svo ekki fleira um þetta mál að segja, heldur en það sem eg sagði í efri deild, og það er engin ástæða til að halda, að eg standi ekki við það sem eg sagði þar.

**Bjarni Jónsson:** Eg veit ekki, hvort eg hefi haft í minni ræðu nokkur óhæversk orð í garð hæstv. ráðherra. Gerði eg það? *(Ráðherrann:* Hefi eg ráðist á þingm.?) Já, eg kalla það óhæversku í minn garð að segja, að þetta sé leikspil frá minni hendi, og ósæmilegt að gera mér þær getsakir. Eg er ekki tvítyngdur, og hann hefir enga ástæðu til að segja, að eg geri þetta af leik, og eg vil engum láta haldast það uppi. Það er mín meining, að eg hjálpi stjórninni með því að leggja ákveðinn skilning í þetta, og eg hefi látið hana vita það sem satt er, að bak við þetta standi þjóðarviljinn. Hæstv. ráðherra vitnaði til orða, sem standa í efri deildar nefndarálitinu, en eg er viss um, að ef frumv. hefði verið samþykt og hann hefði átt að skýra það á eftir, þá hefði hann skýrt það eftir lögunum, en ekki eftir því sem í nefndarálitinu stendur. Það eru svo skynsamir menn í efri deild, að þeir hljóta að hafa haft einhvern ákveðinn tilgang með því að taka »lands« framan af, og þá ekki til að stytta orðið, heldur til að leggja í það þann ákveðna skilning, að þetta ætti að vera fullkominn fáni, eða með öðrum orðum siglingafáni. Þá fyrst getur stjórnin haldið þessu máli fram með fullum krafti, þegar hún veit, að á bak við það stendur ótvíræður vilji þjóðarinnar.

Hæstv. ráðherra var að tala um, að hann hefði ekkert á móti að lögleiða eitthvert merki. Ef það merki á að vera siglingafáni, þá er alt gott, en ef það á að vera eitthvað annað, þá fullnægir það mér ekki, og ekki íslenzku þjóðinni, og þarf þá heldur ekki að bera það fram fyrir konung. Hæstv. ráðherra ætti að beita sér fyrir þetta mál, og það því fremur, sem hann hefir sjálfur játað, að það sé ekkert unnið, nema með því að fá siglingafána, því að hér er ekkert þriðja til. Annaðhvort verðum við að fá siglingafána eða ekkert. Heimafáni eða staðarfáni, eða hvað menn vilja kalla það, er þá bara það sem eg nefndi í sumar skattlandssvuntu. Eg hefi ekki borið þessa tillögu fram af neinum leik, heldur af því að eg veit, að það er ekki til neins gagnvart þjóðinni að halda öðru fram en þessu, og það skal ganga fram, þótt ekki fáist samþykt nú.

Stjórnin má þakka fyrir að hafa hreinlyndan mann, sem segir henni eins og er, og eg get sagt henni, að þetta er vilji þjóðarinnar að undanteknum örfáum hræðum. Um gerð fánans hefi eg ekkert að segja. Það má gjarnan leita atkvæða þjóðarinnar um það atriði, og mun þá hæstv. ráðherra sjá, að stú-

dentafélagsfáninn, sem hann kallar, er orðinn að íslenzkum fána í meðvitund þjóðarinnar.

Það sem eg vildi segja, þegar eg talaði um gerð fánans, var það, að eg teldi það skyldu hæstv. ráðherra, að halda því fram við konung, að gerðinni yrði ekki breytt. Mér gekk enginn leikur til að bera fram þessa tillögu, enda er þetta ekki mál til að leika sér að. Með því standa menn og falla hér á landi, hvort menn eru óvinir íslenzka fánans eða ekki. Sá sigurkraftur fylgir ekki neinum viðrinisfána, og við ætlum okkur ekki að hafa þann fána, sem ekki táknar það, sem hann á að tákna.

**Lárus H. Bjarnason:** Það er ofboð hægt að fara að dæmi ungra drengja og svara aðfinningum með því að segja: »Þú getur sjálfur verið það og það«. Eg hafði leyft mér að segja, að það væri leikspil hjá efri deild, að fela ráðherra þetta mál, en nú segir hann: »Þú leikur þér sjálfur«. Eg veit fleira í þessu máli, t. d. um viðskifti ráðherra og þm. Ísfjk., heldur en eg vil draga fram í dagsbirtuna, og meðferð meiri hluta efri deildar á því verður ekki kölluð vægara nafni en leikspil. Hæstv. ráðherra hefir margsagt, að Alþingi brysti heimild til að lögleiða fána, nú telur hann það vafasamt, og í prentuðu þingræðunum kemur vafalaust 3. útgáfan. Hér er ekki að ræða um tiltekin orð, framkoma hans öll í fánamálinu frá fyrstu byrjun er þannig vaxin, að honum er tæpast trúandi til að bera frumv. um það fram fyrir konung með von um góðan árangur.

Eg efast um, að nokkur danskur lögfræðingur hafi enn til skamms tíma talið okkur óheimilt að lögleiða landsfána. Eg get bent á bók, sem liggur hérna frammi á lestrarsalnum, með úrklippum úr dönskum blöðum. Meðal þeirra er löng ritgerð eftir próf. Knud Berlin um þetta efni. Hann dregur það ekki í vafa, að okkur sé heimilt að lögleiða staðarfána. En hitt er satt, að *nú* kvað Danir telja það vafasamt, hvort við höfum heimild til þess, og jafnvel próf. Knud Berlin kvað halda því fram nú, að alt flaggmálið sé sameiginlegt mál, en það hafa Danir ekki gert fyr en þeir fréttu af undirtektum hæstv. ráðherra undir málið hér á þingi.

Hæstv. ráðherra vildi bera brigður á að það væri rétt, að hann hefði verið mótstöðumaður fánans og íslenzku litanna, en það tjáir honum ekki, því að það er á vitorði *allra* kunningja hans, enda segir hann nú að hann hafi ekkert á móti, að við lögleiðum eitthvert íslenzt »merki«, líklega fálkann upp aftur eða ef til vill þorskinn? Jú, ráðherra hefir sannarlega alt af verið á móti bláhvíta dúknum, kallað það ýmsum gælunöfnum, t. d. Tobbufána o. s. frv. *(Ráðherrann:* Nei, aldrei. Eg hefi ekki heyrt þetta nafn fyr).

Hæstv. ráðherra sagði, að það væri engin ástæða til að bera brigður á að hann legði fyrir næsta Alþingi frumv. til laga um íslenzkan fána. Eg vona að svo sé, en af því að hann hefir stundum gleymt og stundum skift um skoðanir, þá skaðar tæpast að hann sé mintur á loforðið með þingsályktunartillögu. Ráðherra kannast ekki við þetta, en eg gæti mint hann á fjölda dæma, t. d. á lendingarstað sæsímans, skoðanaskifti hans í sambandsmálinu, farmgjaldinu, stjórnarskrármálinu og jafnvel í bannmálinu. Stjórnarskránni vildi hann hvorki hreyfa á þingmálafundum í vor né í þingbyrjun og atkvæðagreiðslu í bannmálinu vildi hann hafa fyrir norðan en ekki hér núna á dögunum. Eg er þó ekkert harður á þingsályktunartillögunni, og allra sízt nú, er eg hefi heyrt ráðherra segja, að engan veginn sé víst, að úrskurður kon-

ungs um fánamálið geti orðið heyrinkunnur fyrir kosningarnar. Eg skil að ráðherra muni ekki vera áhugamál að flýta fyrir honum, en þá er að sama skapi rýrð löngunin eftir tillögunni. *(Ráðherra* og *forseti:* Hvað kemur þetta umræðuefninu við?). Ef forseta finst eg vera kominn út fyrir efnið, þá get eg gjarnan hætt. *(Ráðherra:* Upp með vasabókina!). Hún er heima, en eg skal finna hana og gjarnan láta prenta hana, ef hæstv. ráðherra vill kosta útgáfuna.

Hæstv. ráðherra sagði, að eg hefði verið að kasta auri á fjarverandi þingmenn, en það nær engri átt, enda hefir forseti ekki tekið fram í út af því. Eg mintist að eins lauslega á alræmdan snúning hjá einum háttv. þm. Ed., sem nú stendur hérna á gólfinu ekki alllangt frá mér. *(Sig. Stefánss.* hneigði sig).

Háttv. ráðherra sagðist ekki hafa meitt Philipsen og M. Stephensen, þó að hann kallaði orð þeirra »lygi«, sagði lygi vera bæði »objektiva« og »subjektiva«, en þar skjátlast lögfræðingnum enn einu sinni. Orðið »lygi« varðar alt af við lög, af því að það táknar »subjektiv« ósannindi, eða að maður hafi sagt vissvitandi ósatt, og má vitna til fjölmargra landsyfirréttardóma í því efni. *(Forseti:* Eg vildi mælast til þess, að háttv. þm. héldi sig við efnið. Þetta, sem háttv. þm. er að tala um, kemur málinu ekkert við). Eg er að svara hæstv. ráðherra, en get gjarnan farið að beiðni forseta, enda er eg nú að lúka máli mínu. Eg nefndi þetta síðasta atriði sérstaklega af því, að hæstv. ráðherra heimtaði það af háttvirtum þm. Sfjk. (V. G.) sem »gentlemanni«, að hann tæki aftur nokkur, að dómi ráðherra afbökuð, orð um hr. Henriksen, og finst mér að hæstv. ráðherra ætti nú að vera sami gentlemaðurinn og taka aftur þetta, sem hann sagði um þá félaga, Philipsen og M. St., eða þá að öðrum kosti taka á sig lagaábyrgð af áburðinum.

Skal eg svo ekki þreyta hæstv. forseta lengur, en þess óska eg að hann láti viðhafa nafnakall um brtill. mína.

ATKV.GR.:

Brtill. á þgskj. 837 samþ. með 18 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Benedikt Sveinsson |
| Jón Jónsson | Bjarni Jónsson |
| Guðm. Eggerz | Pétur Jónsson |
| Jóh. Jóhannesson | Sigurður Sigurðsson |
| Jón Magnússon | Skúli Thoroddsen |
| Jón Ólafsson | Þorleifur Jónsson |
| Kristján Jónsson | |
| Lárus H. Bjarnason | |
| Magnús Kristjánss. | |
| Matthías Ólafsson | |
| Ólafur Briem | |
| Stefán Stefánsson | |
| Tryggvi Bjarnason | |
| Valtýr Guðmundss. | |

Þessir greiddu ekki atkv. og töldust til meiri hlutans: Björn Kristjánsson, Halldór Steinsson, Hannes Hafstein og Kristinn Daníelsson.

Einn þingm. fjarstaddur.

Þingályktunartill., með áorðinni breytingu, feld með 16 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Benedikt Sveinsson |
| Guðmundur Eggerz | Bjarni Jónsson |
| Jón Ólafsson | Halldór Steinsson |
| Kristinn Daníelss. | Magnús Kristjánss. |
| Lárus H. Bjarnason | Matthías Ólafsson |
| Þorleifur Jónsson | Ólafur Briem |
| | Pétur Jónsson |
| | Sig. Sigurðsson |
| | Skúli Toroddsen |
| | Tryggvi Bjarnason |

Björn Kristjánsson, Jóh. Jóhannesson, Jón Magnússon, Kristján Jónsson, Stefán Stefánsson, Valtýr Guðmundsson og

Hannes Hafstein greiddu ekki atkv. og töldust til meiri hlutans.

Einn þingm. fjarstaddur.

---

TILLAGA til þingsályktunar. (Danska þýðingin á íslenzkum lögum falli úr stjórnartíðindunum) (801); e i n u m r.

**Flutningsm. (Lárus H. Bjarnason):** Tillagan er stutt og hljóðar svo:

»Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landstjórnina að fella úr stjórnartíðindunum dönsku þýðinguna á íslenzkum lögum«.

Meðan eg man ætla eg að biðja hæstvirtan forseta að viðhafa nafnakall um tillöguna.

Eg skal vera stuttorður. Fái tillagan byr deildarinnar og verði stjórnin við henni, þá fæst það fyrst og fremst, að útgáfukostnaðurinn við A-deild Stjórnartíðindanna sparast að miklum mun. Þetta er þó engan veginn aðalatriðið, heldur það, að birting þessi kemur engum að neinum notum, hvorki Íslendingum eða Dönum. Hún kemur Íslendingum ekki að notum, af því að þeir þurfa ekki útlenda þýðingu á máli sínu, og hún er óþörf Dönum, af því að þeir eiga aðgang að þýðingum á íslenzkum lögum í stjórnartíðindum sínum eða »Lovtidende« sem svo eru kölluð. Hér við bætist, að útlend þýðing á íslenzkum lögum í íslenzkri bók er óviðfeldin íslenzku auga og íslenzkri tilfinning.

Loks vil eg geta þess, að það er laust við, að þessi birtingarmáti styðjist við lög, heldur þvert á móti; hann er ekki annað en gömul og úrelt tízka. Því til sönnunar vil eg leyfa mér — með leyfi hæstv. forseta — að lesa upp 2. gr. úr lögum frá 18. Sept. 1891. Hún hljóðar svo:

»Um leið og lög verða staðfest, annast stjórnarráðið fyrir Ísland um opinbera þýðingu á þeim á dönsku og löggildir hana; skal hún almenningi birt í *konungsríkinu* á þann hátt, sem þar tíðkast um birtingar laga. Þurfi danskir dómstólar og stjórnarvöld að beita lögunum, má byggja á þýðingu þessari«.

Með orðinu »konungsríkinu« er átt við Danmörku gagnstætt Íslandi.

Í sambandi við þetta get eg þess, að eg hafði ásett mér að skora og á stjórnina að hætta að láta auglýsingar frá alríkisstjórninni birtast undir nafni forsætisráðherrans, með því að réttara er að ráðherra landsins annist birtingu slíkra auglýsinga undir sínu nafni, en mér láðist að taka þetta upp í tillöguna og verður nú við það að sitja.

Annað hefi eg ekki að segja um tillöguna, legg það á vald deildarinnar, hvort hún vill samþykkja hana eða hafna henni.

**Ráðherrann (H. H.):** Það er svo að heyra á háttv. 1. þm. Rvk., að honum finnist hann hafa gert hér nýja uppgötvun. En það er ekki hann, sem hefir gert uppgötvunina, heldur er það þingmaður Dalamanna, sem á heiðurinn fyrir að hafa fyrstur vakið máls á þessu atriði, í frumvarpi, því sem hann bar fram hér í deildinni. Og þótt í því frv. væri farið fram á meira en hæfilegt var, þá var það þó gott að hann vakti um leið athygli á þessu atriði og gat með því vakið enn þá nýjar hugsjónir hjá þessum hugsjónaríka manni, háttv. 1. þingm. Rvk.

Það er ekki rétt, sem háttv. þingm. sagði, að útgáfuréttarkostnaðurinn við við íslenzku stjórnartíðindin sparaðist með þessu um helming. Því fer mjög fjarri. Eftir lögunum er landstjórninni skylt að birta í Danmörku danska þýðingu á öllum íslenzkum lögum, og hún verður að láta prenta danska þýðingu vegna konungs og hæstaréttar. Þetta

hefir verið gert hiugað til í viðauka við »Lovtidende« A, þannig, að notaður hefir verið sami »sats« eins og við prentun dönsku þýðinganna í A-deild íslenzku Stjórnartíðindanna, því bæði ritin eru prentuð í sömu prentsmiðju. Þótt nú yrði hætt við að prenta dönsku þýðinguna í íslenzku Stjórnartíðindunum, þá yrði þó að borga setningar og prentunar kostnaðinn af þeim fyrir því eftir sem áður. Það yrði því að eins pappirinn í A-deildinni, sem sparaðist um helming með þessu, og nemur það ekki miklu. En þótt sparnaðurinn sé nú ekki meiri en þetta, þá er eg alls ekki á móti því að hætt verði að prenta dönsku þýðinguna í Stjórnartíðindunum. Eg tel það óþarfa fyrir flesta menn hér á landi, og þeir sem nota íslenzk lög í Danmörku munu fremur leita þeirra í Lovtidende en í íslenzku Stjórnartíðindunum hvort sem er. Þó það kannske geti gert útlendingum, er fá Stjórnartíðindin héðan, eitthvað léttara fyrir, að hafa danska þýðingu við hliðina á íslenzkunni, þá geri eg ekki svo mikið úr því.

Úr þörf þeirra manna, sem þurfa að sjá dönsku þýðinguna hér á landi, má bæta með því, að láta taka sérprentanir úr Lovtidende, þar sem íslenzku lögin eru birt, og hafa þær til sölu í bókaverzlunum hér á landi. Eg get því vel gengið að því, að framkvæma þessa breytingu, en vil að eins leiða athygli manna að því, að þeir geti ekki vænst neins verulegs sparnaðar með því.

**Flutningsm. (Lárus H. Bjarnason):** Eg skal vera stuttorður. Eg votta hæstv. ráðherra þakklæti mitt fyrir það, að hann ætlar að taka tillöguna til greina. Það er mergurinn málsins. Hitt skiftir ekki máli, hver faðir er að hugmyndinni. Þó fór ráðherra ekki rétt með það heldur, og sýnir það, eins og margt annað, að maðurinn er ekki viðlesinn. Eg hefi sem sé haldið þessari skoðun fram og ýmsum öðrum nýjum, síðan eg fór að fást við lagakenslu, svo sem viðstaddir laganemendur meðal skrifaranna vita.

Hitt mun satt vera, að fjársparnaðurinn verður ekki svo mikill sem eg bjóst við, en hann var ekki aðalatriðið fyrir mér, svo sem eg tók fram í upphafi, heldur hitt, að óþarft og óviðfeldið er að hafa útlenda þýðingu í íslenzkum bókum á íslenzkri tungu. Að eins merkilegt, að jafn-þjóðrækinn og nýmælarikur maður og ráðherra, sbr. sérstaklega stjórnarfrv. á þessu þingi, skyldi ekki verða fyrri til.

ATKV.GR.:

Þingsályktunartillagan var samþykt með 20 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | |
| Jón Jónsson | |
| Benedikt Sveinsson | |
| Björn Kristjánsson | |
| Guðmundur Eggerz | |
| Halldór Steinsson | |
| Jón Magnússon | |
| Jón Ólafsson | |
| Kristinn Daníelsson | |
| L. H. Bjarnason | |
| Matthías Olafsson | |
| Ólafur Briem | |
| Pétur Jónsson | |
| Skúli Thoroddsen | |
| Stefán Stefánsson | |
| Tryggvi Bjarnason | |
| Þorleifur Jónsson | |

Jóh. Jóhannesson, Kristján Jónsson og Valtýr Guðmundsson greiddu ekki atkv. og töldust til meiri hl.

Hannes Hafstein greiddi heldur ekki atkvæði, en ástæður hans voru teknar gildar.

Fjórir þingmenn fjarstaddir.

Tillagan afgreidd til ráðherra.

Klukkan var nú 2 og 20 mín. síðd., og gaf forseti fundarhlé til kl. 5 síðd.

---

Stundu fyrir miðaftan var fundur settur á ný.

---

FRUMVARP til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915 (793, 809, 810, 812, 813, 814, 817, 821, 822, 823, 825, 834, 841, 844, 845, 846, 847, 848; n. 849, 850, 853, 857, 859, 864, 865 og 866); einumr.

**Framsögum. (Pétur Jónsson):** Eg geri ráð fyrir að háttv. þingmenn hafi athugað þetta frumvarp, síðan það kom frá háttv. Ed. En eg ætla þó fyrst stuttlega að taka það fram, að þótt svo virðist, sem háttv. fjárlaganefnd í Ed. hafi viljað draga úr útgjöldunum, þá hefir þó farið svo, að tekjuhallinn hefir aukist um 11 þús. kr. við meðferð hennar. Eg skal nú ekki fást mikið um þetta. Það er eðlilegt, að sú deild vilji einnig nokkru ráða um fjárlögin, og margir háttv. þm. þar hafa sjálfsagt þar ýmislegt fram að bera vegna sinna kjördæma, sem ekki gat komið til greina í Nd. En við þessar 11 þús. kr. má eiginlega einnig bæta 20 þús. kr. til viðhalds dómkirkjunnar í Reykjavík, sem færðar hafa verið úr 14. gr. yfir í lánagreinina. Það fé er tæplega sparað.

Eg hygg að fjárlaganefndir beggja deilda hafi sýnt það, að þær hafa haft vilja á því, að halda útgjöldunum í skefjum, þótt þær hafi báðar verið nokkuð örlátar í sumu. En þessar tilraunir þeirra hafa lítinn byr fengið. Og það er einkennilegt, að fáar af þeim till. þeirra hafa fallið, sem til gjaldauka hafa horft, en aftur á móti meiri hlutinn af þeim, sem miðað hafa til sparnaðar.

Það var einu sinni talað mikið um það, að stjórnin sem þá var, og var sú sama og nú er, væri eyðslusöm. Ef það væri sagt nú, þá hygg eg að mætti bæta því við, að fjárlaganefndirnar séu þó eyðslusamari, þar sem þær hafa báðar lagt til að hækka útgjöldin frá því sem stjórnin vildi vera láta, en að deildir þingsins séu þó eyðslusamastar af þessu þrennu. Þannig horfir þá fjárhagurinn við, nú sem stendur, og ekki mun verða hægt að kalla þetta þing sparnaðarþing. Eg ætla nú samt ekki að fara að halda langa vandlætingarræðu út af þessu, en hitt álít eg mér rétt og skylt, að vara menn við of miklu örlæti, og allra helzt við því, að fara nú á síðustu stundu að samþykkja hækkunartillögur, sem lítil líkindi eru til að muni ná samþykki í Ed., því að það er hvorki holt fyrir fjárhaginn né háttv. þm. sjálfa, að hleypa tjárlögunum í sameinað þing. Í fyrsta lagi myndi það kosta það, að lengja þyrfti þingtímann um 2 daga og það kostaði þó nokkurn kostnað. Í öðru lagi hefti það för okkar þingmanna heimleiðis, sem heima eigum langt í burtu.

Þá skal eg snúa mér að einstökum breyt.till., og kvíði eg fyrir því, að langur tími muni ganga í að tína upp alt það moð. Fyrst og fremst eru nú milli 30 og 40 breyt.till. frá nefndinni sjálfri, og þar sem þetta stutta nefndarálit kom ekki fram, fyrri en nú á fundinum, býst eg við að verða að minnast nokkuð á þær, þótt mér þyki leitt að þurfa þess. Þær eru á þgskj. 850.

1. breyt.till. er um það, að færa upp styrkinn til eftirlits með botnvörpuveiðum úr landi, úr 4500 kr. upp í 7000 kr. hvort árið. Þótt þessi upphæð, sem nú er á frumvarpinu, sé nokkru hærri en tillaga fjárlaganefndar Nd. var á sínum tíma, hefir nefndin þó leyft sér að koma fram með þessa till. eftir samkomulagi við háttv. sjávarútvegsnefnd. Það virð-

ist nauðsyn á því, að hafa bát til slíkrar gæzlu á Eyjafirði um síldveiðatímann, og menn fullyrða að hann gæti orðið að verulegum notum. Það er búist við því, að það muni kosta 6 þús. kr., að halda honum úti um þennan tíma, og ef hann getur ekki sint öðru, þá myndi þetta verða mjög tilfinnanleg gjaldabyrði fyrir hlutaðeigendur styrklaust.

2. breyt.till. er út af athugasemd um vatnsvirkjafræðinginn í 13. gr. B. I. 2. Háttv. Ed. hefir viljað einskorða styrkinn, sem þar er veittur, við ræktunarfyrirtæki. En það getur líka komið fyrir að nota þurfi vatnsvirki til kraftframleiðslu, t. d. rafmagns o. s. frv., og nefndin álítur heppilegast, eftir atvikum, að sameina undir þetta öll stærri fyrirtæki í þessa átt, hvort sem þau lúta að ræktun eða ekki. Þetta þarf alls ekki að koma í bága við það, að ræktunarfyrirtæki gætu notið þessarar fjárveitingar eftir þörfum, því að líklega yrðu þau látin sitja í fyrirrúmi, ef ráðist væri í nokkuð verulegt.

3. breyt.till. er um hækkun á þjóðvegafé, 6000 kr. samtals, og er ætlast til að það gangi til Eskifjarðarvegar, sem feldur var í Ed. Eg er ekki sjálfur meðmæltur þessari hækkun, en það er ætlun nefndarinnar, að fyrir þetta mætti bæta um reiðfæran veg milli Eskifjarðar og Búðareyrar í Reyðarfirði, en til þess að gera þar akfæran veg mundi þurfa 40—50 þús. kr. Eg fyrir mitt leyti álít að nú sé þegar búið að leggja til þjóðvega á þessu fjárhagstímabili það fylsta, sem má, og auk þess standi aðrir vegir nær en þessi, þar sem samgöngur milli þessara beztu hafna landsins eru aðallega á sjó. En eg geri ráð fyrir að háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) tali fyrir þessari br.till.

Næsta breyt.till. nefndarinnar er um 2 brýr, sem bætt hefir verið inn í Ed. Nefndin hefir ekki viljað fella þessa fjárveitingu, en meiri hlutinn álítur sjálfsagt að skylda héruðin til þess að leggja eitthvað fram til móts við landssjóðsstyrkinn. En nú stendur svo á, að það er ekki nema einn hreppur, sem þarna á í hlut, og þess vegna hefir nefndin ekki viljað fara fram á það, að hann leggi meira til, en það sem umfram þyrfti 6000 kr. til beggja brúanna. Eg skal geta þess, að eftir breyt.till. er fjárveitingin miðuð við seinna árið, en eftir nánara viðtal við landsverkfræðinginn hefir það komið í ljós, að ekkert er á móti því, að setja hann fyrra árið, og er á leiðinni breyt.till. frá nefndinni í þá átt. Nefndin treystir því að brýrnar verði gerðar fyllilega í samræmi við áætlun verkfræðings.

5. breyt.till. er um Faxaflóabátinn. Þegar litið er þess, hvern styrk aðrir flóabátar fá, þá munu menn sjá, að hann er ekki illa að hækkuðum styrk kominn. Okkur hefir verið sýnt, að þörfin á honum er meiri en á nokkurum hinna bátanna. Sumir nefndarmenn hafa átt kost á að kynna sér reikninga bátsins, og á þeim sést, að ekki gerir betur en að hann hangi í því að borga sig með þeim styrk sem hann hefir nú, sem sé 14. þús. kr.

6. breyt.till. fer fram á það, að kippa í samt lag aftur fjárveitingunni í 13. gr. D. III. 2. a. um starfrækslu ritsímans á stöðinni hér í Reykjavík. Eftir tillögu fjárlaganefndarinnar hér í Nd. höfðu verið hækkuð laun tveggja símastarfsmanna, Gísla J. Ólafssonar og P. Smiths. Þetta hefir Ed. felt, en nefndin vill halda fast við það, sem hér hefir verið samþykt áður um þetta.

7. brtill. er um það, að ákvæðið um kaup á núverandi símastöðvarhúsi á Akureyri verði felt burtu. Nefndin getur ekki fallist á það, að þröngva símastjórninni eða landsstjórninni til þess að kaupa þetta hús, þar sem landsíma-

stjórinn hefir mótmælt því kröftuglega. Nefndin hefir haft þetta mál til meðferðar, og vildi þá ekkert við það eiga. Hún áleit að það ætti stjórnin að gera. En þótt nefndin vilji að þetta ákvæði falli burtu, þá vill hún hins vegar ekkert um það dæma, hvort flytja eigi stöðina úr þessu húsi eða ekki. Eg álít fyrir mitt leyti, að hún geti vel verið þar fyrst um sinn. Eg þekki engar þær breytingar, sem geri það nauðsynlegt að flytja hana þaðan, og þótt raddir hafi heyrst í þá átt þar nyrðra, þá hafa líka heyrst aðrar raddir á móti því, og vill nefndin ekki dæma þar í milli.

Þá er eg kominn að 14. gr. Þar er 8. og 9. brtill. viðvíkjandi háskólanum. Þar er farið fram á að færa upp aftur liðina, sem Ed. hefir klipið af, sem sé húsaleigustyrk og námsstyrk. Hér er um breytingu á stjórnarfrumv. að ræða af hálfu Ed., því að þessar fjárhæðir höfðu verið látnar óhaggaðar hér í deildinni. Nefndin lítur svo á, sem háskólanum muni vera fullörðug samkepnin við háskólann í Khöfn, þótt reynt sé eftir mætti að bæta kjör nemenda hér heima. Það er nokkurs konar neyðarvörn, svo að þar verður að ganga nokkuð langt.

Þá eru næstu breyt.till. um kennara mentaskólans. Frá þeim liðum var gengið svo hér í Nd., að þeim 3, sem lægri launin hafa, var ætluð 400 kr. persónuleg launaviðbót, en hinum 3, sem hærri laun hafa, 200 kr. Nú hefir hv. Ed. fært einn þeirra upp og ætlað honum 400 kr. viðbót, og álítur þá nefndin rétt að láta eitt yfir þá alla ganga, og að því miða þessar breyt.till. Ed. hefir líka hækkað launaviðbót 1. kennara gagnfræðaskólans á Akureyri, Þorkels Þorkelssonar, úr 200 kr. í 400 kr. Nefndin vill ekki vera að raska þessu, og þykir þá, eftir atvikum, rétt að hækka einnig laun 2. kennara við þann skóla, og sömuleiðis 2 af kennurum kennaraskólans hér í Reykjavík, sem líkt er ástatt með. Þess vegna leggur hún til, að við laun hvers þessara þriggja manna, Árna Þorvaldssonar, Björns Bjarnarsonar og Ólafs Daníelssonar, sé bætt 200 kr. persónulegri launaviðbót. Þá er fengið samræmi nokkurn veginn í laun kennaranna við þessa 3 skóla.

15. br.till. nefndarinnar lýtur að því, að Ed. hefir hækkað framlagsskilyrðið hjá kvennaskólanum í Reykjavík um 175 kr. Þessari breytingu vill nefndin kippa til baka.

Ed. hefir sett inn styrkinn til dr. Guðm. Finnbogasonar, 600 kr. hvort árið, sem upphaflega stóð í stjórnarfrv., en var feldur hér í Nd. eftir tillögu nefndarinnar. Við lögðum sem sé til, að þessi styrkur félli burt, en manninum væri aftur á móti veitt 500 kr. persónuleg launaviðbót fyrir starf hans við Landsbókasafnið. Úr því nú að hv. Ed. lítur svo á, að hann eigi að fá þennan bókastyrk, þá vill nefndin hér ekki setja sig upp á móti því, en leggur þá um leið til að hin persónul. launaviðbót hans lækki í 300 kr. og að hann fái 1800 kr. alls við Landsbókasafnið. Jafnframt leggur hún til að færa styrkinn til aðstoðar á lestrarstofunni upp um 200 kr. á ári. Nefndin hefir fengið upplýsingar um það, að maðurinn, sem gegnt hefir þessu starfi, hefir unnið við það 6 tíma á dag, 3 á salnum og 3 þess utan á safninu sjálfu. Það virðist ljóst, að 800 kr. fyrir það starf í 10 mánuði er lítil borgun, og nefndin hefir, samkvæmt till. um, er henni hafa borist utan að, fallist á að hún mætti ekki minni vera en 100 kr. á mánuði.

18. brtill. fer fram á það, að hækka

laun aðstoðarskjalavarðar úr 960 kr. upp í 1200 kr. Aðstoðarskjalavörður er nú, eins og kunnugt er, Hannes Þorsteinsson, fyrrum ristjóri. Honum voru ætlaðar 2500 kr. til sagnaritunar á fjárlögunum, eins og þau fóru héðan úr deildinni, en Ed. hefir fært þann styrk niður í 2000 kr. Nefndin álítur rétt að bæta þetta upp að nokkru með því að hækka laun hans við safnið.

19.—22. brtill. eru allar viðvíkjandi skáldunum. Það var látið í ljós hér, hvers vegna nefndin vildi færa þessar fjárveitingar til fyrra ársins og afnema þær síðara árið, og skal eg ekki taka þær upp aftur. En nú vill nefndin sýna að henni er þetta alvara, en ekki hitt, að færa styrki þessa niður. Einkum vakti það fyrir nefndinni, að það skyldi sjást, að engu væri slegið föstu um það, að þessir menn skyldu endilega hafa þennan styrk ævilangt. Á hinn bóginn vildi nefndin sýna það líka, að hún sæi ekki eftir að þessir menn fengju sömu upphæð á fjárhagstímabilinu, sem stjórnin hafði ætlað þeim. Það er heldur ekki sagt með þessu, að þeir geti ekki vænt styrks eftirleiðis, hvort sem hann verður þá bundinn við unnin störf eða væntanleg. Það verður undir stjórn og þingi komið.

Á sama hátt vill nefndin haga því með Einar Jónsson myndhöggvara, að færa fjárveitinguna til hans á fyrra árið og minka hana dálítið í tilliti til þess, að nefndin ætlast til að hann sitji aðallega fyrir því fé, sem ætlað er til höggmyndakaupa. Þá fjárveitingu vildi nefndin ekki fella burtu þó E. J. fengi þennan styrk, en að eins lækka hana dálítið og færa hana á síðara árið.

Þá kem eg að 25. brtill., viðvíkjandi styrknum til Jóns ríthöfundar Ólafssonar. Skilyrðunum fyrir þeirri styrkveitingu var að nokkru leyti breytt í Ed. Það var numið burtu, að þetta væri 1. og 2. greiðsla af 8 ára styrk, og því skilyrði var bætt við, að höfundurinn skyldi skila árlega 40 örkum af bókinni fullbúnum til prentunar. Viðvíkjandi fyrra atriðinu lítur nefndin svo á, að það væri meiningarlaust að veita fé til þessa ritverks, ef það næði ekki til lengri tíma en tveggja ára. Til þess að það komi að nokkru haldi, verður maðurinn auðvitað að halda styrknum meðan hann vinnur sæmilega fyrir honum, þangað til bókin er fullgerð. Og það er gert ráð fyrir að bókinni yrði lokið eftir 7—8 ár, samkvæmt bréfi frá höfundinum, sem legið hefir fyrir nefndinni. Síðara atriðið, að höfundinum sé gert að skyldu, að skila 40 örkum af bókinni fullbúnum til prentunar á hverju ári, telur nefndin óþarflega bindandi. Stjórnarráðinu er trúandi til að hafa það eftirlit með verkinu, sem þörf er á, og þar sem maðurinn má ekki vera bundinn við önnur störf en þetta eina, má gera ráð fyrir að hann vinni sæmilega að bókinni, einkum þar sem hann á að gera stjórnarráðinu grein fyrir starfi sínu á hverju missiri. Það skilyrði hefir nefndin sett fyrir fjárveitingunni, um leið og hún færði athugasemdina að öðru leyti í samt lag.

Þá er 16. gr. Ed. hefir bætt þar við fjáveitingu til ræktunarfræðisnema. Það var ekki gert eftir tillögu nefndarinnar í Ed., heldur eftir uppástungu frá öðrum. Nefndinni er ekki vel kunnugt um, hvað við er átt með þessu. En eftir því sem hún kemst næst, á það að miða til þess að ala upp vatnsvirkjafræðing — »Kulturtekniker« — sem gæti síðan tekið að sér »kulturteknisk« fyrirtæki hér á landi. Nefndin lítur svo á, að ekki sé rétt að ganga lengra í þessu efni en hún gerði síðast, með því að leggja til að einum verkfræðingi væri bætt við, er sérstaklega hefði með höndum vatnsvirkjafyrirtæki. Nefndin legg-

ur því enn til, að við það verði látið sitja að svo stöddu, og að þessi fjárveiting Ed. verði feld burtu.

Búnaðarfélagsstjórnin hefir skrifað þinginu viðvíkjandi erindi, er borið var fram á síðasta búnaðarþingi, um að koma því til leiðar, að berklaveiki í kúm væri rannsökuð betur en verið hefir.

Það hefir legið grunur á því, bæði í Héraði austur og í Eyjafirði, að talsvert mundi vera um berklaveiki í kúm, og dýralæknirinn í Eyjafirði hefir þegar orðið einhvers var í því efni þar fyrir norðan. Þetta mál, sem er mjög svo þýðingarmikið, hefi aldrei verið ítarlega rannsakað, og því vill nefndin veita ofurlitið fé til þess, einar 300 kr. á ári. Það má vera, að þetta fé hrökkvi ekki langt, en það er þó betra en ekkert til að byrja með. Málið er svo mikils varðandi, að það er nauðsynlegt að vita vissu sína um það.

Ed. hefir felt styrkinn til iðnaðarnáms erlendis, úr 3000 kr. niður í 2500 kr. Mér er þó kunnugt um, að talsverðar umsóknir eru um þennan styrk og að hann hefir mikið gagn gert, með því að gera efnilegum mönnum fært að fullkomna sig í iðn sinni erlendis, frekara en hægt er hér á landi.

Upphaflega var það tilætlunin, að Iðnaðarmannafélagið hér í Reykjavík væri stjórninni til ráðuneytis í þessu efni. En nú er það ákvæði horfið. Mér er reyndar ekki kunnugt um, hvernig samvinnan milli stjórnarinnar og Iðnaðarmannafélagsins hefir verið eða hvort nokkurt tilefni er til að svifta félagið allri hlutdeild í þessu máli. En eg get sagt það fyrir mitt leyti, að eg taldi það ákvæði heppilegt, ef það hefði getað orðið til þess, að félagið fyndi til ábyrgðarinnar, sem á því hvildi, vegna traustsins, er þingið sýndi því. Nefndin hefir þó enga athugasemd gert við þessa styrkveitingu, en leggur að eins til, að hún verði hækkuð upp í 3000 krónur hvort árið.

Þá hefir Ed. tekið upp í frumv. 1500 kr. fjárveitingu, fyrra árið, til Þorkels Þ. Clemenz, »til þess að afla sér frekari þekkingar á þurkunar-aðferðum og þeim tækjum og útbúnaði, sem notaður er til inniþurkunar«. Hér er víst átt við fiskþurkun. Nefndin getur ekki fallist á að veita persónulega fjárveitingu í þessu skyni. Það hefir verið reglan, þegar um utanfararstyrki til búnaðarnáms hefir verið að ræða, að menn hafa snúið sér einungis til Búnaðarfélagsins. Þingið hefir svo, eins og kunnugt er, styrkt félagið til að geta látið eitthvað af mörkum í þessu efni. Ið sama er nú þingið farið að gera viðvíkjandi Fiskveiðafélaginu. En af því að nefndin lítur svo á, að það sé hæpið að þannig lagaður styrkur hafi verið tekinn í áætlun Fiskveiðafélagsins, þá leggur hún til, að þessari upphæð verði bætt við fyrra ársstyrk þess, auðvitað í því skyni, að hún verði að eins notuð til þannig lagaðs fyrirtækis. Þá er það á valdi félagsins, hver valinn verður til þessa hlutverks. Þetta er eitt með öðru til þess, að losa þingið við persónulegar fjárveitingar eða ina svo nefndu bitlinga.

31. brtill. fer ekki fram á annað en að setja í samt lag aftur fjárveitinguna »til að launa erindreka erlendis, er hefir með höndum sölu og útbreiðslu á íslenzkum sjávarafurðum á erlendum markaði«. Þessari fjárveiting var talsvert breytt í Ed. Nefndin sér ekki ástæðu til að fallast á þá ráðabreytni efri deildar.

Brtill. sjávarútvegsnefndarinnar, um að hækka styrkinn úr 3000 kr. á ári upp í 4000 kr., er að því er upphæðina snertir samhljóða till. nefndarinnar. Eg hefi líka heyrt, að sú tillaga sé tekin

aftur, og er þá einungis um till. nefndarinnar að ræða. Sjálfur gæti eg fult eins vel felt mig við orðalagið á þessum lið, eins og það er í frumvarpinu, en nefndin er á því, að orða hann eins og gert var, er frumv. var afgreitt hér frá deildinni, með þeim litla viðauka, að tillagið annarstaðar frá megi ekki taka af fjárveitingu úr landssjóði.

32. brtill. er um lítils háttar breytingu á styrknum »til ábúandans á Hrauntanga á Öxarfjarðarheiði, til þess að halda þar bygð við og veita ferðamönnum gisting og beina«. Fjárveitingin er 200 kr. á ári. Eg leit svo á, að þetta væri óþarflega hár árlegur styrkur, því að þótt nauðsynlegt sé að hafa þarna gistingarstað, og geti jafnvel varðað líf manna, þá er umferðin ekki svo sérlega mikil, að það komi til mála, að miklu þurfi að kosta til þess árlega. Aftur á móti eru húsakynnin þar svo léleg, að tæplega er við það unandi, þó að þeir séu ekki margir, sem bera þar að garði. Þess vegna leggur nefndin til, að styrkurinn verði færður til þannig, að 300 kr. komi á fyrra árið, og ætlast hún til, að 200 kr. af því gangi til þess að hressa kotið svo við, að hægt verði að hýsa menn í því. Það verða því 100 kr. sem koma á síðara árið.

Það er bent á það í nefndarálitinu, hvernig stjórnin geti hagað sér í þessu máli, til þess að fjárveitingin komi að góðum notum.

33. brtill. er um að færa í samt lag aftur styrkinn til mótorvagnaferðanna austur. Nefndin í Ed. lét styrkinn óhreyfðan, en hann var samt sem áður færður niður í 3500 kr. þar í deildinni. Nefndin hefir á ný talað við manninn, sem hér á hlut að máli, hr. Svein Oddsson, og hefir hann tjáð henni, að hann gæti alls ekki staðið við tilboð sitt, en yrði að draga eitthvað af því, ef styrkurinn væri lækkaður svo mikið. Jafnframt sagði hann nefndinni, að það sem aðallega hefði verið haft á móti fjárveitingunni í Ed., hefði verið bygt á misskilningi, t. d. það sem sagt var um flutningstaxtann. Hann bað að láta þess getið, að hann hefði miðað verðið, 3 aura undir pundið, við mestu fjarlægðina, austur að Ægissíðu, en það yrði að sjálfsögðu því minna, sem leiðin væri styttri. Þetta væri hæsta flutningsgjaldið, sem hann hefði hugsað sér. Enn fremur tjáði hann sig fúsan til að hafa vagna fyrir austan fjall, þann tímann sem vegurinn yfir fjallið væri ekki svo fær, að hægt væri að halda uppi reglubundnum ferðum yfir það. Þann tímann gæti hann þá haldið uppi ferðum frá fjallinu austur að Ölfusárbrú og Þjórsárbrú og niður á Eyrarbakka. Þetta bauðst hann til að gera, ef hann fengi að halda þeim styrk, sem nefndin ætlaði honum.

Nefndin leggur til, að hann fái að halda þeim styrk, og væntir að deildin fallist á það.

Ed. hefir sett inn í frumv. 600 kr. fjárveitingu hvort árið »til Eggerts Briem til að nema rafmagns- og vélafræði á Þýzkalandi«. Eg segi auðvitað það sama nú, sem eg lét í ljós fyrir nefndarinnar hönd, þegar tillagan um um þetta var borin upp hér í deildinni. Nefndin lítur eins á þetta mál nú, og leggur þess vegna enn til, að fjárveitingin verði feld. Það er alls ekki af því, að hún vilji rengja það, að pilturinn sé sérlega efnilegur til þessa náms. Heldur er það af hinn, að það eru einlægt að koma fram óskir um svipaðar fjárveitingar frá svo ákaflega efnilegum mönnum, og ef þingið ætti að verða við þeim öllum, þá væri örðugt að standast það. Það væri mjög útdráttarsamt fyrir landssjóðinn, ef hann ætti að styrkja alla þá efnilegu menn,

sem leita til útlanda í líku skyni, á þá leið, að borga kostnaðinn við háskólanám þeirra frá byrjun, að mestu eða öllu leyti.

Það er sérstaklega þetta, sem nefndin hefir á móti, að styrkja piltinn alt frá byrjun. Það væri öðru máli að gegna, ef hann ætti ekki nema svo sem 2 ár eða svo eftir til þess að verða fullnuma og hefði þá fengið reynslu og meðmæli frá kennurum sínum, sem alt af eru mikils virði þegar um styrkveitingar er að ræða. Af þessum ástæðum leggur nefndin til að þessi fjárveiting verði felld í burtu.

Þá kem eg að bylgjubrjótnum í Bolungarvík. Þegar málið var hér til meðferðar í deildinni, kom háttv. þingm. N.-Ísf. (Sk. Th.) fram með till. um, að veita þessa upphæð, sem nú er í frumvarpinu, og með þeim skilyrðum, sem þar eru. Nefndin lagði þá til að breyta þessu þannig, að færa upphæðina niður um helming og setja þau skilyrði, að tvöfalt fjárframlag væri lagt í móti landssjóðsstyrknum. Þetta bygði nefndin á þeirri algildu reglu, að leggja aldrei úr landssjóði til slíkra fyrirtækja meira en $^1/_3$ af öllum kostnaðinum. Nefndin áleit þá ekki ástæðu til að hafa upphæðina hærri en þetta — 5000 kr. hvort árið. En henni var ekkert kappsmál um fjárupphæðina; það sem aðallega vakti fyrir henni, var að halda »principinu« föstu. Eins og kunnugt er, var þessi breytingartillaga nefndarinnar feld hér í deildinni. En nefndin í Ed. var Nd. nefndinni sammála um þetta atriði. Hún vildi færa styrkinn niður, en sérstaklega var hún áfram um, að fá skilyrðunum breytt. Þetta gekk heldur ekki fram í Ed. Þó að nefndin komi nú enn fram með sömu till. um skilyrðin fyrir þessari fjárveitingu, þá dylst henni ekki, að það eru lítil líkindi til að hún gangi fram. En þar sem till. var áður borin upp í einu lagi, þá hefir ekki komið fyllilega í ljós, hvort það er meining deildarinnar að brjóta þetta »princip«. Og það vill nefndin fá að vita. En hvað svo sem deildin gerir, þá áleit nefndin einnig rétt að sýna, að fjárlaganefndir beggja deilda myndu eftir frumreglunni og héldi fast við hana. Nú hefir háttv. þm. N.-Ísf. gert ágreiningsatkvæði um þetta atriði, eins og sjá má af framhaldsnefndarálitinu. Þar kemst hann svo að orði, ef forseti vill leyfa mér að lesa það upp:

> »Brimbrjóturinn er fyrirtæki, sem miðar að því, að bjarga lífi fjölda sjómanna úr lífshættu — fyrirtæki, sem því er landinu skyldara en alt annað, og þar sem *alls ekkert* tillag ætti því að áskilja gegn landssjóðstillaginu«.

Hér er kominn aðalkjarninn úr skoðun þingmannsins á þessu máli. Hann lítur svo á, að helzt eigi að gera þetta að öllu leyti á landssjóðs kostnað, af því að það miði til þess að fyrirbyggja lífshættu. Það mætti spyrja, hvað mikið væri fyrirbygt af lífshættu, þó að þetta væri tekið eitt út af fyrir sig. Háttv. þm. N.-Ísf. getur búist við, að víðar verði að líta á lífshættur, en á þessum eina stað. Eða ætlast hann til að landssjóður kosti að öllu leyti alt, það sem á einhvern hátt miðar til að tryggja líf manna? Eiga menn ekkert að gera sjálfir til þess að forða lífi og limum? Það er þó til gamalt spakmæli, sem hljóðar svo: »Hjálpaðu þér sjálfur, þá hjálpar guð þér«. Þar er þó ætlast til að mennirnir leggi eitthvað frá á móti guði almáttugum. En skyldi þaðþá vera síður um hjálp landssjóðsins? Eg held ekki. Menn eiga fyrst að sýna, að þeir vilji hjálpa sér sjálfir, áður en þeir geti vænst hans hjálpar. Nefndin á ekki við annað með þessu skilyrði, sem hún vill setja, og það er þetta, sem réttlætir »principið« sem eg hefi haldið fram stöðugt. Það

sannar líka bezt að fyrirtækið sé þarflegt, ef menn vilja sjálfir leggja eitthvað í sölurnar til þess að koma því í framkvæmd.

Ed. hefir felt í burtu eina lánsheimild, sem nefndin getur ekki séð, að nokkur ástæða hafi verið til, því að henni virðist að sú heimild hafi við fult eins mikil rök að styðjast og sumar aðrar. Það er heimild um lán úr viðlagasjóði til Rangárvallasýslu »alt að 14000 kr. til að kaupa jörðina Stórólfshvol með hjáleigum fyrir læknissetur og sjúkraskýli«. Nefndin getur ekki séð, að þetta sé neitt hættufyrirtæki fyrir sýslufélagið, en lítur svo á, að það sé miklu fremur til frambúðar en hitt. Svo var það heldur engum í Ed. kappsmál að fella niður þessa lánsheimild. Hún fekk þar mikil meðmæli, en aftur á móti engin sérleg mótmæli. Nefndin hefir því gert það að tillögu sinni, að þessi lánsheimild verði tekin upp aftur.

Þá hefi eg drepið á brt. nefndarinnar og skal eg minnast á þær tillögur, sem fram hafa komið frá einstökum háttv. þm. og fara fljótt yfir sögu.

Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) fer fram á, að Hólshreppi í Norður-Ísafjarsýslu verði veittur 300 kr. styrkur til að leita lækishjálpar. Tvær slíkar fjárveitingar hafa verið settar inn í frumv. Ed., sem nefndin hefir ekki séð sér fært að leggja til að fella. En afleiðingarnar eru þegar farnar að sýna sig. Nú kemur hver hreppurinn af öðrum og heimtar sams konar styrk. Það sæti illa á mér, ef eg kæmi ekki með slíka beiðni fyrir 1—2 hreppa í mínu kjördæmi. Að minsta kosti vil eg benda háttv. þm. N.-Þing. á 2 hreppa í hans kjördæmi, sem þannig lagaðan styrk gætu fengið Nefndin álítur þetta svo hættulegt, vegna afleiðinganna, að hún sér sér ekki fært að mæla með því.

Þá kemur háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.) með veginn sinn í Austur-Skaftafellssýslu. Fjárveitingin til hans var samþykt hér í deildinni, eins og menn muna, en feld í Ed. Nefndin verður, nú sem áður, að vera á móti þeirri fjárveitingu, þar sem það er ekki einu sinni upplýst, hvar þessi vegur á að vera. Verkfræðingurinn hefir verið spurður að því, en hann ekki getað svarað því. Af þessu má geta nærri um annan undirbúning. Nefndin verður að telja það algerlega óforsvaranlegt að veita þannig fé út í bláinn, þegar þörfin kallar svo ríkt eftir víða annarstaðar, sem allur undirbúningur er í bezta lagi.

Þá kemur brt. frá háttv. þingm. G.-K. um 5000 kr. til vegarins frá Keflavík til Grindavíkur. Nefndin hefir ekki séð ástæðu til að taka brtill. til greina, og situr við sinn keip, hvað skoðun snertir því í máli.

Sama er að segja um fjárveitinguna, sem háttv. þingm. Eyf. fer fram á, um 7000 kr. til brúar á Þverá í Eyjafirði. Nefndin getur ekki heldur fallist á hana.

Þá kem eg að tillögu háttv. þriggja þingm. um, að fella niður skilyrði, það sem efri deild setti Eimskipafélagi Íslands, ef það fengi 40,000 kr. fjárveitinguna, sem sé það, að félagið taki þá að sér strandferðirnar, eigi seinna en 1916.

Mér þykir mjög leiðinlegt, að þetta atriði skuli hafa verið gert að þrætuefni hér í þinginu. En eg er sömu skoðunar sem háttv. efri deild, og hygg, að svo sé um meiri hluta nefndarinnar. En eins og eg sagði áðan, þá þykir mér það mjög leiðinlegt, að þetta skuli gert að kappsmáli, þegar ríður lífið á, að gæta eindrægni og samkomulags. Eg hefi aldrei getað komið auga á, að þetta skilyrði stæði á miklu fyrir Eimskipafélag Íslands. Mér finst það alveg óhjákvæmilegt, að félagið takist strandferðirnar á hendur, svo fljótt sem auðið er, hvað sem þessu líður. Og nú leggur þingið alt upp í hendurnar á félaginu,

sem til þess þarf. En málið horfði nokkuð öðruvís við, þegar það var hér til umræðu á dögunum, því að síðan hefir nokkuð nýtt komið fram í málinu. Þá virtust mögulegir vegir til að komast að samningum um strandferðirnar næstu tvö árin, en síðan hefir símskeytið komið frá Sameinaða gufuskipafélaginu, þar sem það lýsir yfir því, að það taki aftur tilboð sitt um strandferðirnar, ef Eimskipafélag Íslands fái styrk af landssjóði í nokkurri mynd.

Sameinaðafélagið hefir kastað hanzkanum framan í þjóðina, og eg sé ekki betur, en að Eimskipafélagið verði sóma síns vegna að taka hanzkann upp, ef það vill hafa nokkurn tilverurétt, auðvitað í samlögum við landssjóð. Ekkert félag hefir verið gylt og hylt og dýrðast með eins og þetta, og mér finst þess vegna óhjákvæmilegt að sýna nú í verkinu, að það vilji taka vald á samgöngum á sjó. Skilyrði þetta hafi því lítið að þýða til eða frá. En eg mun greiða atkvæði með því, af því að það er svo eðlilegt og sjálfsagt.

Þá vík eg að brt. háttv. þm. Borgf. (Kr. J.) um, að hækka styrkinn til Hvítárbakkaskólans úr 600 kr. í 800 kr. Nefndin hefir ekki beint fallist á þessa brtill., en gerir það þó ekki að kappsmáli. Stjórnarfrumv. fór fram á 600 kr., neðri deild breytti því í 800 kr., en efri deild færði það aftur niður í 600 krónur.

Þá er tillagan á þgskj. 814 frá háttv. 2. þm. G.-K. (Kr. D.) um, að landssjóður kaupi vitajörðina á Reykjanesi. Nefndin hefir ekki viljað hafa neitt á móti þessari tillögu; býst ekki við að hún skaði landssjóð.

Þá er brt. háttv. þm. N.-Ísf. (M. Ól.) um styrk til skólans á Núpi. En nefndin telur hana óþarfa, því að eins og tekið var fram við 3. umr. og í framhaldsnefndarálitinu, þá er skólanum einmitt ætlaðar óskertar 1600 kr., ef í móti kemur það sem til er skilið. *(Matthías Ólafsson:* Eg tek brtill. aftur, því að eg er fyllilega ánægður með skýringu nefndarinnar).

Þá er brtill. háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) um styrkveiting til dr. Helga Pjeturss, að færa hann úr 1200 kr. upp í 1500 kr., og önnur frá þm. G.-K. um, að hækka styrkinn í 1800 kr. Í stjórnfrumv. voru upphaflega 2000 kr., en Ed. lækkaði ofan í 1200 kr. Nefndin hefir fallist á að fara meðalveginn og fylgja brt. háttv. þm. N.-Ísf.

Brtill. er frá háttv. þm. Vestm. (J. M.) um, að færa styrk Einars Hjörleifssonar upp í 1200 kr. úr 1000 kr. Eg hefi áður talað um þær styrkveitingar, og nefndin hefir samkvæmt því ekki getað fallist á tillöguna.

Tillaga frá háttv. þm. N.-Þing. (B.Sv.) fer fram á hækkun til bifreiðaferða með því skilyrði, að bifreiðin komi við á Eyrarbakka. Ef það væri ekki framkvæmd málsins til hnekkis, getur nefndin fallist á það.

Háttv. þm. Sfjk. (V. G.) sækir um 500 kr. styrk til Heimilisiðnaðarfélagsins. Legið hefir fyrir þinginu töluvert há umsókn frá félaginu, en það er nýstofnað, og fyrsta vikið sem það gerir er að leita til landssjóðs um háan styrk. Virðist sem réttara væri, að það gerði eitthvað áður en farið er að styrkja það. Þess vegna getur nefndin ekki mælt með fjárveitingunni, en gerir það þó ekki að kappsmáli um ekki stærri upphæð en hér er nefnd.

Þá sný eg mér að brtill. háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.) um 800 kr. fjárveiting til að rannsaka bátalending við Ingólfshöfða í Öræfum. Það er langt frá því, að nefndin sé á móti að rannsókn verði gerð, en hún leit svo á, að auðvelt væri

að gera það án teljandi aukakostnaðar, ef vitaverkfræðlngi væri falið það um leið og vitinn á Ingólfshöfða er reistur. Það er hvort sem er ekki völ á öðrum en vitaverkfræðingnum til starfsins, og gæti hann þá gert það um leið, og hefir hæstv. ráðherra fallist á, að þessu mætti koma svo í kring, án teljandi aukakostnaðar. Læt þetta þó liggja milli hluta, þó að eg geti ekki beint felt mig við tillöguna.

Brtill. er frá háttv. þm. N.-Þing. um, að hækka styrk Guðrúnar Jónsdóttur úr 200 kr. í 300 kr. Nefndin hefir ekki séð ástæðu til að mæla með þessari breytingartillögu.

Þá er ein stór brtill. frá meiri hluta járnbrautarnefndarinnar um 18000 kr. fjárveitingu til að rannsaka járnbrautarmálið alt. Nefndin hefir ekki haft tíma til að athuga þetta nákvæmlega, en það vill svo til, að 3 menn eiga sæti í fjárlaganefndinni, sem eru í járnbrautarnefndinni. Yfir höfuð er nefndin hlynt járnbrautarmálinu og telur nauðsyn á að hlynna að því og halda því í réttu horfi. Hún hefir því fallist á, að rétt væri að sinna þessari beiðni, þó að fjárhagurinn sé nú orðinn nokkuð iskyggilegur, eftir alla þessa meðferð.

Að síðustu vildi eg enn óska þess, að þingmenn samþykki ekki neinar þær brtill., sem verða til þess að fjárlögin þurfi að koma til umræðu í sameinuðu þingi. Það yrði til þess eins, að lengja þingtímann enn af nýju, og er hann þó orðinn æði-langur.

Nefndinni berst rétt í þessu bréf frá Kaupmannaráðinu hér í Reykjavík, þar sem skorað er á hana, að hlutast til um, að Alþingi skori á stjórnina að semja við eitthvert gufuskipafélag um skipaferðir til Hamborgar, eins og árin 1910—1912 og telur, að til þess munu þurfa 1500 kr. Bréfið er dagsett í dag og barst á þessari stundu hingað, svo að nefndin hefir ekki haft tækifæri til að bera sig saman um þetta. Eg skal engan dóm á þetta leggja, og meiri hl. nefndarinnar er mér þar að líkindum samdóma, að fara ekki að lengja þingið og fresta umræðum nú, til þess að koma þessu að.

**Skúli Thoroddsen:** Það er ræða háttv. framsögum. (P. J.), sem gerir það að verkum, að eg er *neyddur* til að standa upp, sem og að vísu eigi síður in mjög svo einkennilega aðferð meiri hluta háttv. fjárlaganefndar gagnvart mér, — aðferð, sem að líkindum má teljast *einsdæmi* í þingsögunni.

Að því er snertir skoðun hv. deilda á nauðsyninni á því, að halda áfram brimbrjótinum í Bolungarvík, þá er hún *svo* föst, eða eindregin í *báðum* deildum, að fjárveitingin var samþ. í neðri deild með 19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, en með 8 atkv. í efri deild.

Atkvæðagreiðslur þessar lutu þá og að sjálfsögðu eigi að eins að fjárupphæðinni, sem samþykt hefir verið, heldur og *engu síður* að skilyrðunum, sem fjárveitingin var bundin.

En meiri hluti fjárlaganefndarinnar hefir þó engu að síður gerst svo djarfur, að koma fram með brt., og ætlar háttv. þingdeildarmönnum, að ganga *þvert ofan í* fyrri atkvæði sín við aðra umræðu um málið hér í deildinni.

Mér finst *ekki* hægt, að fara öllu lengra í tilraununum til þess að sýna háttv. neðri deild — og þá og efri deild — *lítilsvirðingu*, en hér hefir gert verið.

Auk þess er það og mjög hart aðgöngu fyrir mig, sem samnefndarmann meiri hlutans í fjárlaganefndinni, að verða að sæta því, að meiri hl. skuli hafa tekið svona í strenginn, þar sem samvinna í nefnd getur þó *því að eins* gengið greiðlega, að nefndarmenn líti sanngjarnlega á kröfur og málavöxtu hverir gagnvart öðrum.

Af þessum ástæðum hefi eg þá og að sjálfsögðu verið *tilneyddur*, að gera ágeiningsatriði og semja ágreinings nefndarálit eins og þingskjal 849 ber með sér.

Háttv. framsögum. tók það fram, að hér væri um »fastar reglur» að ræða, — reglur, sem þingið hefði sett sér, og venjan hefði helgað svo að ekki mætti frá víkja.

Háttv. framsögumaður á hér við það, að sú hafi verið *venjan*, er um landssjóðsstyrk til bryggjugerða í kauptúnum hefir verið að ræða, að leggja þá fram eigi meira úr landssjóði en $^1/_3$ kostnaðarins gegn $^2/_3$ annarsstaðar frá.

En eins og eg hefi bent á í nefndaráliti mínu, má ekki blanda »brimbrjótinum« í Bolungarvík saman við bryggjur í einstökum kauptúnum, svo sem á Blönduósi, Húsavík o. fl.

Hér er *ekki* um það að ræða, að byggja bryggjur til þess að hjálpa kaupmönnum og öðrum til að ná vörum sínum sem greiðlegast og kostnaðarminst í land. Hér er um alt annað að ræða.

Það er að ræða um *lífsnauðsyn* allra þeirra sem stunda sjóinn í Bolungarvík, einni stærstu og fiskisælustu verstöð landsins.

Eins og eg hefi áður, hvað eftir annað, bent á, þá er mjög brimasamt í Bolungarvík á haustum og vetrum, af því að víkin er opin, einkum fyrir norðan og norð-austan veðrum. Brýtur þá svo á víkinni, að þrásinnis er ekki unt að lenda þar nema með lífsháska, og hafa því oft orðið þar slys í brimum, ofviðri og myrkri; en stundum hafa menn orðið að hleypa frá víkinni og út í tvísýnu til að leita lendingar annarstaðar, sbr. fyrri ræður mínar um málið.

Ef »brimbrjóturinn» væri fullger orðinn, þá mætti hins vegar miklu oftar leita sér lendingar í Bolungarvík, því að þá yrði þar þó töluvert hlé, eins og menn gætu þá og miklu oftar komist á sjóinn en nú á sér stað, eins og eg hefi sýnt fram á í nefndarálitinu.

Bygging »brimbrjótsins« má því og skoða sem öflun aukinna tekna fyrir landssjóðinn, því að þegar »brimbrjóturinn« er kominn upp, verða róðrardagar mun fleiri en nú er og meiri afli berst þar þá og á land en áður, sbr. nefndarálit mitt.

Að öðru leyti skal eg að því er snertir inar »föstu reglur«, sem háttv. framsögumaður talaði um — láta þess getið, að þær geta nú, er til framkvæmdanna kemur, verið svona og svona.

Það, að binda sig æ við það, að láta landssjóðinn aldrei leggja fram meira en þriðjung kostnaðarins — ætlandi þá héraðinu, eða öðrum, að leggja hitt fram — *getur* leitt til *megnasta ranglætis*.

Og þó að þingið — mest fyrir atfylgi háttv. framsögumanns — hafi fylgt þessu »principi«, er þm. svo nefnir, að því er stöku bryggjugerðir o. fl. snertir, þá *getur* þingið *ekki* og *má ekki* setja sér slíkar fastar reglur, sem *alófrávíkjanlegar*. Það væri alt annað en fallegt.

Þörfin getur verið mjög misjöfn, en *því* ríkari sem hún er — *að því skapi* verður og hjálparskyldan æ *ríkari*.

Þá er og hagur þeirra sem njóta eiga góðs af fyrirtækjunum einatt mjög mismundi, eða getur þó verið það. — Og að því skapi sem hann er *verri*, *þeim mun ríkari* verður þá og hjálparskyldan við þá.

Sama er þá og um þá, er *öðrum fremur* eru afskektari, eða þá að einhverju öðru leyti ver settir.

Eg bendi á þetta til að sýna, að oss er æ, í hverju einstöku tilfelli *skylt að líta á atvikin og ástæðurnar*, þ. e. skylt að líta þá bæði á það hvar þörfin er brýnust, og þá og á það, hvar ástæð-

unum er að öðru leyti svo háttað, að *skyldan verður oss*, þeirra vegna, *brýnni* og enda margfalt, ef eigi alósamberanlega, brýnni *en ella*.

Af þessu leiðir það — sem hver maður veit vel — að oss er það *eigi heimilt*, að binda oss um of við slíkar »fastar reglur« (eða »princip«), sem hér ræðir um.

Að því er nú til Bolvíkinga kemur, er mál þetta snertir beinast — þó að það sé og að sjálfsögðu *mesta* áhugamál alls almennings við Ísafjarðardjúp, og megi og, vegna aðsóknarinnar þangað til sjóróðra, teljast mál ýmsra annara héraða — þá verður yfirleitt eigi sagt, að þar sé um efnað hérað að ræða — er borið verði t. d. saman við efnaðri landsveitirnar —, en þar eru dugnaðarmenn — menn, sem sýnt hafa *mjög* lofsverðan áhuga, og viljað mikið á sig leggja til að koma máli þessu fram, og má í því skyni minna á það enn að nýju, að þeir hafa t. d. hækkað lendingarsjóðsgjaldið um helming, eða upp í 2 kr. af hverjum bátshlut, í stað þess er gjaldið var áður að eins 1 kr. af hlut.

Annars tel eg mér óþarft, að rifja það upp aftur, sem eg hefi áður sagt um þetta mál, bæði í nefnaráliti og við 2. umræðu fjárlaganna hér í deildinni, og það því síður sem málið var mjög ítarlega skýrt í efri deild af háttv. þingmanni Ísafjarðarkaupstaðar (Sig. St.), sem talaði vel og drengilega fyrir þessu nauðsynjamáli þar.

Að öðru leyti skal eg geta þess, að *ekki* eiga allir fjárlaganefndarmennirnir óskilið mál, að því er snertir þessa *dæmafáu* framkomu nefndarinnar í minn garð og kjósenda minna, þar sem það marðist að eins fram í nefndinni með 4 atkv. gegn 3, að hefja nú enn þetta nýja áhlaup gegn fjárveitingunni til »brimbrjótsins«, — marðist þar fram að eins fyrir kapp framsögumannsins.

En þetta hefir gert það að verkum, að eg hefi *ekki* getað samlagað skoðanir mínar skoðunum nefdarinnar eins vel að sumu öðru leyti, eins og annars myndi kosið hafa og mun það sýna sig við atkvæðagreiðsluna, sbr. þá og ágreiningsnefndarálit mitt.

Í sambandi hér við hér við, skal eg þá og láta þess getið, að *eigi* ættu menn að vænta þess, *né heldur væri það heppilegt*, að fjárlaganefndin stæði æ sem einn maður, að því er hverja fjárveitingu — eður og synjun fjárveitingar — snertir, enda *eigi* ábyrgðarlaust einum eða neinum að fylgja því fram, er hann *eigi* telur rétt vera.

Vér vitum það allir, og *finnum*, að hvorki eigum vér að *leiðast* út í, né heldur láta *neyðast* til að gera það, er vér *eigi* teljum rétt vera, — hvað þá, að vér eigum að leitast við að *leiða* eða *neyða* aðra til að gera það.

Þvert á móti *finnum* vér æ og *vitum*, að vér *eigum að vilja*, að hver einstakur þingmaður hagi sér einatt sem *sjálfstæður* maður, þ. e. sem sá er æ veit það *sitt*, en eigi annara, hvaða skoðun hann — að aflaðri þekkingu og að málinu vandlega íhuguðu — telur *sér réttast* að framfylgja.

Það, að vera í *flokki*, þar sem meiri hlutinn æ bindur minni hlutann, þ. e. ætlast til, að hann fylgi fram því er ofan á varð við atkvæðagreiðslur í flokkunum, því æ ið *varhugaverða*, — og þá og *sjaldnast* hið *hættulausa*, sé það nokkuru sinni.

Eg þykist svo ekki þurfa að mæla frekara á móti þessari tillögu meiri hl. nefndarinnar, enda tel eg *víst*, að hér finnist ekki einn maður meðal háttv. deildarmanna, sem skift hafi um skoðun, eða greiði nú öðruvís atkvæði en

áður, enda væri það þá og *mjög* illa farið, jafnmikið nauðsynjamál sem hér ræðir um.

Væri þá og vissulega mjög illa farið, ef eigi væri borgið því máli, er 27 þingmenn, þ. e. 19 í neðri deild og 8 í efri deild, hafa þegar tjáð sig fylgjandi.

En hafi nefnd 27 atkvæði — sem eg eigi hefi ástæðu til að efa — verið bygð á rækilegri *íhugun*, að fenginni þeirri *þekkingu* á málinu, sem fram er komin í umræðunum o. fl., þá er sízt við neinu sliku *hringli* eða staðfestuleysi að búast, sem meiri hluti fjárlaganefndarinnar, virðist þó hafa bygt á.

Þá skal eg víkja stuttlega að tveim breytingartillögum, sem eg er við riðinn.

Önnur þeirra er um það, að hækka styrkinn til Helga jarðfræðings Pjeturss upp í 1500 kr., þar sem efri deild lækkaði hann ofan í 1200 kr. á ári.

Dr. Helgi Pjeturss er, eins og alkunnugt er, mjög mikilhæfur fræðimaður, en hefir að undanförnu verið veikur eða þá eigi alls kostar hraustur og má þingið því að mínu áliti *ómögulega* fara lengra í lækkun styrksins, en að lækka hann um 500 krónur, þ. e. færa hann niður í 1500 kr. á ári, úr þeim 2000 kr., er hann nú nýtur árlega.

Háttv. 1. þingm. G.-K. (B. Kr.) hefir komið með breytingartillögu, sem fer fram á, að árlegi styrkurinn sé 1800 kr. Eg er því persónulega ekki mótfallinn, að sú brtill. verði samþykt, en get þess, að tillaga mín er gerð í samráði við fjárlaganefndina, sem eg því býst við að fylgi henni — eins og bent var á í ræðu háttv. framsögumanns.

Þá er önnur brtill., sem eg er við riðinn, og fer hún í þá átt, að hreppsnefndinni í Hólshrepp verði veittar 300 kr. á ári, til þess að styrkja þá af hreppsbúum, er þurfa að leita sér læknishjálpar, sbr. nánar tillöguna sjálfa.

Eins og háttv. þingdeildarmönnum er kunnugt, hafði eg snemma á þestu þingi komið fram með frumvarp þess efnis, að Bolungarvíkurverzlunarstaður (ásamt Hólshreppi) yrði gert að sérstöku læknishéraði, og sýndi eg þá, þ. e. við fyrstu umræðu málsins, mjög rækilega fram á það, hve brýna nauðsyn hér væri um að ræða.

Á hinn bóginn hefir nefndin, er skipuð var hér í deildinni til að íhuga nefnt frumvarp — sem og önnur frumvörp, er að fjölgun lækna lutu — enn ekki lokið störfum sínum, svo að loku er nú þegar fyrir það skotið, að málið nái fram að ganga á þessu þingi.

Óefað vakir það fyrir nefndinni, að eigi sé rétt að fjölgað sé læknahéruðum á þessu þingi. — Á hinn bóginn sýndi eg, er frumvarpið var rætt hér í deildinni, ljóslega fram á þörfina og örðugleikana, sem kjósendur mínir og fleiri, er hér eiga hlut að máli, eiga við að stríða, og tel eg því víst, að þessi úrslit í nefndinni verði þá eigi nefndarmönnum að eins, heldur og öllum háttvirtum deildarmönnum afar-rík hvöt til þess að fylgja þó þeirri tillögu minni, er hér um ræðir, enda þá vel sloppið hjá landssjóði að veita þessar 300 kr. á ári, í stað þess að gera héraðið að sérstöku læknishéraði.

En hreppsbúum væri þetta mjög góður stuðningur, eða þá betri en ekki í bráðina. Ferð á mótorbáti inn á Ísafjörð kostar 20 til 30 krónur eða þar um eða yfir, og gæti hreppsnefndin létt þeim ögn kostnaðinn, er læknis þurfa að vitja.

Auðvitað yrði vöntunin á lækni söm eftir sem áður, því að þurfi læknis að vitja inn á Ísafjörð, getur það oft komið fyrir, að læknar þar eigi ekki heimangengt vegna sjúkrahússins þar o. fl. eins og líka veður getur bagað, og má því eigi annars vænta — þótt fé þetta

fáist — en að kröfunni um læknishérað í Bolungarvíkurverzlunarstað (með Hólshreppi) verði því engu að síður fylgt fram eftirleiðis.

Annars skal eg benda á, að Öræfingar hafa í mörg ár fengið sams konar styrk, eins og hér um ræðir, og að hv neðri deild samþykti nýskeð svipaða fjárveitingu til Árneshrepps, og vænti eg því tillögu minni eigi síður góðra undirtekta. — Mönnum er með henni veitt dálítil úrlausn; þeir verða ánægð ir, ef þingið skellir ekki algerlega skolleyrunum við óskum þeirra.

Þá skal eg enn fremur geta þess, að eg er fjárlaganefndinni eigi samþykkur að því er Hvítárbátinn snertir, það er um hækkun styrksins úr 600 kr. upp í 800 kr. Eg get ekki litið öðruvís á, en að hér sé verið að deila um smámuni. Mennirnir fá hagkvæmari ferðir, ef tillagan um 800 kr. verður samþykt, og finst mér því ekki geta komið til nokkurra mála, að synjað sé um þessa 200 króna viðbót — ekki meira en það munar landssjóðinn.

Að því er að lokum styrkinn til eimskipafélagsins snertir, þá er eg alveg samdóma þeim mönnum, sem ekki vilja binda styrkveitinguna því skilyrði, að félagið taki að sér strandferðirnar. Það væri mjög illa farið, ef þingið samþykti eitthvað það sem gert gæti það að verkum, að félagið yrði ekki stofnað. Eg vil því eindregið mæla með því, að frumvarpið verði í þessu efni fært aftur í sama horfið sem það var í, er það fór héðan til efri deildar.

Að því er snertir fjárveitinguna (18 þúsund kr.) til þess að rannsaka járnbrautarstæðið, þá skal eg taka það fram, að þar sem rannsókn er nýlega um garð gengin, þá hygg eg, að jafnmikils fjár sé ekki þörf. Háttv. 2. þingmaður Húnvetninga hefir komið fram með brtill. við þennan lið og vill færa fjárveitinguna niður í 4000 krónur, og hygg eg það miklu réttara og mun því greiða þeirri tillögu atkvæði mitt.

**Kristinn Daníelsson:** Það er ein breytingartillaga, sem eg vil mæla með. Á þgskj. 814 er farið fram á það, að 1750 krónur verði veittar til þess að kaupa vitajörðina á Reykjanesi. Háttv. framsögumaður fjárlaganefndar lýsti yfir því, að nefndin hefði tekið mjög vel í mál þetta, enda vona eg að allir sjái, að ekkert er við þetta að athuga. Kaupverð jarðarinnar svarr algerlega til þess leigumála, sem landssjóður hefir áður haft á jörðinni. Auk þess skal eg benda á, að lóð þessi gæti hækkað í verði, þar sem þetta er á mjög merkilegum stað. Frá mínu sjónarmiði er það því alls ekki rétt af eigandanum að selja. Hann hefir haft umleitanir um þetta við stjórnarráðið, og eftir því sem hann hefir skyrt mér frá, mun ekkert hafa staðið í vegi fyrir því að kaupin kæmust á, annað en það, að fjárveitingu vantaði til þess. Eftir þessum ádrætti hefir maðurinn svo farið og bygt á honum og gert ráðstafanir sínar.

Vona eg því að þetta mæti engri mótspyrnu.

Þá skal eg lýsa yfir því fyrir hönd sjávarútvegsnefndarinnar, að breyt.till. á þgskj. 817 er tekin aftur, þar sem hv. fjárlaganefnd hefir tekið hana upp í tillögur sínar, og hækkað fjárveitinguna í 4000 úr 3000 krónum, sem háttv. efri deild færði hana niður í.

Það eru ekki fleiri tilllögur, sem eg ætla um að tala í þetta sinn, þótt mig langi til að skjóta inn einu og einu orði hér og hvar, t. d. um skilyrðið, sem á að binda styrkinn til Eimskipafélagsins við.

**Björn Kristjánsson:** Eg á hér nokkurar breytingartillögur.

Á þgskj. 812 er farið fram á það, að til sýsluvegar úr Grindavík á Kefla-

víkurveginn sé veitt 5000 kr. síðara árið, gegn jafnmiklu tillagi annarstaðar að.

Eins og háttv. þingdeild er kunnugt, var hér við 3. umræðu samþykt lítils háttar fjárveiting til brúar á Bleikdalsá, 3800 kr. síðara árið. Þetta var sú eina fjárveiting til þeirra tveggja sýslna, sem eg er þingmaður fyrir. Þessari fjárveitingu hefir háttv. Ed. þóknast að kippa burtu, svo að, eins og fjárlagafrumv. nú liggur fyrir, er ekki 1 króna í því til þarfa fyrir þær tvær sýslur. Þær sýslur, sem greiða hvað mest allra sýslna toll í landssjóð, fá ekki 1 eyri í fjárlögunum. Eg hefi átt tal við einn mann úr fjárlaganefnd Ed. og int hann eftir, hvernig stæði á, að þessari brú hefði verið kipt burtu. Hann sagði mér, að það hefði deildin gert samkvæmt tillögum landsverkfræðingsins. Þetta þykir mér óneitanlega kynlegt að heyra. Eg hafði skilið stöðu landsverkfræðingsins svo sem hann væri ráðunautur, er segði til um það, hvar vegir og brýr ættu að liggja, gerði áætlanir um kostnað þeirra, stjórnaði lagningu þeirra o. s. frv., en aldrei hafði mér til hugar komið, að hann væri eins konar yfirfjárveitingarvald, því að hvað vel sem einn verkfræðingur er gefinn, getur hann þó ekki fylgst með því, hvað þingið er að gera í fjárveitingum. Það er hlutverk fjárlaganefndanna, að skifta hæfilega milli sýslnanna, og það eiga þær að gera réttlátlega, svo að hver sýsla fái sitt. Eg hefi líka rekið mig á það, að tillögur landsverkfræðingsins eru mjög *einhliða*, þó eigi sé meira sagt, og hafa verið síðan vegalögin komust á, en þau eru einmitt mestmegnis bygð á tillögum hans. Með vegalögunum er Gullbringusýsla útilokuð úr tölu þeirra sýslna, er hafa þjóðvegi og flutningabrautir, og þó er hún sú sýslan, sem mest hefði þurft þess með. Eg hefi ferðast meira og minna um allar sýslur landsins, nema Skagafjarðarsýslu og Norður-Þingeyjarsýslu, og hvergi hefir mér virzt eins mikil þörf á vegum og í Gullbringusýslu, en þrátt fyrir það er hún ekki í tölu þeirra sýslna, er hafa þjóðvegi. Þess vegna er það, að þessi sýsla hefir neyðst til að taka lán á lán ofan til vegabóta. Nú er ekki því að heilsa, að hún hafi fengið lánin úr landssjóði með aðgengilegum kjörum, eins og svo margar sýslur hafa fengið til framkvæmda sinna. Nei, Gullbringusýsla hefir orðið að taka lán sín í bönkum með miklu dýrari kjörum, af því að hún var skuldbundin til að leggja sinn helming fram til móts við landssjóðstillagið.

Svo að eg snúi aftur að þessum fyrirhugaða vegi, þá er það að segja um hann, að hann er framhald Keflavíkurvegarins og er ætlaður til að tengja saman Keflavík og Grindavik. Grindavík er, eins og kunnugt er, mjög afskektur staður. Þar eru um 60 búendur og um 400 manns eiga þar heima. En á vetrum er þar fjöldi manns, því að verstaða er þar góð. Þessi hreppur hefir lofað að leggja fram 10 þús. kr. til vegarins. Þessa upphæð ætlar hreppurinn ekki að taka að láni, heldur hafa hreppsbúar lagt á sig þann skatt, að taka hálfan hlut af hverju skipi og láta ganga til vegarins.

Þess er að gæta um Grindavík, að hún hefir lítil sem engin not af samgöngum á sjó. Þegar bezt lætur, geta að eins smádallar komið þar við á sumrum. Höfn er þar engin og brimasamt mjög og hraunbotn, svo að skipum er mjög hætt þar, þegar nokkuð er að sjó. T. d. skal eg geta þess, að einu sinni setti svolítil vindgola stórt hafskip þar á land upp þvers um í aðalvörina.

Árið 1911 nam innflutta varan til Gullbringusýslu, að Hafnarfirði meðtöldum, samtals 572,052 kr., en útflutta

varan 764,897 kr. Næst á eftir kaupstöðunum þrem, Reykjavík, Akureyri og Ísafirði, er Gullbringusýsla ein sú sýslan, sem mest útflutningsgjald greiðir í landssjóð, en þrátt fyrir það fær sýslan ekki 1 eyri til sinna nauðsynja.

Eg vil benda háttv. fjárlaganefnd á dæmi til samanburðar á fjárveitingum til sýslnanna. Það er langt frá því, að eg vilji setja út á það eða telja eftir fjárveitingar til annara sýslna, en tek dæmið til að sýna réttsýni þingsins í fjárveitingum. Tek eg þá Rangárvallasýslu til dæmis. Sú sýsla hefir fengið veg alla leið heim til sín, án þess að leggja fram 1 eyri sjálf. Rangárbrúna hefir hún fengið án þess að leggja fram 1 eyri úr sínum vasa. Brú á Hróarslæk hefir hún fengið með sama hætti. Og loks eru nú á fjárlögunum ætlaðar *18 þús. kr.* til brúar á Eystri-Rangá, á, sem er smáspræna og er eins lygn og stöðuvatn, og þessi fjárveiting er veitt af því, að smáhylur hefir myndast í ánni á vaðinu á þjóðleiðinni svo vögnum er ófært. Eg þekki þessa á mæta vel. Hún er, eins og eg sagði áðan, lygn eins og stöðuvatn. Hefði eg nú átt heima við þessa á og þurft að gera hana vagnfæra, þá veit eg, hvað eg mundi hafa gert. Eg mundi hafa tekið nokkura cementssteypupoka og flórlagt botninn. Því er vel hægt að koma við þar, því að efnið er til á báðar hliðar við ána, tárhreinn sandur, hæfilega gróf-ur. Kostnaðurinn við þetta mundi hafa numið svo sem 1000 kr. Þannig hefði eg farið með þessa sprænu þótt ef hefði átt stórfé. Og þá hefði hún verið alveg örugg fyrir vagna. En nú horfa menn ekki í að verja 18 þús. kr. til brúar á þessa sprænu. Eg get þessa nú alls ekki af því, að eg telji þessa fjárveiting eftir, heldur get eg þess sem dæmis upp á missparnað þingsins, dæmi um það, hve misskift er láninu sýslnanna, þegar svo miklu fé er varið til einnar sýslu. Þegar litið er til fólksfjöldans, gætir mismunarins eigi síður. Eftir síðasta manntali (1910) var mannfjöldinn í Rangárvallasýslu 4043, en í Gullbringusýslu ásamt Hafnarfirði 7378.

Þegar eg nú lít til þessa, þá fer mér að skiljast það, sem einn þingm. sagði við mig, að fjárlaganefndin væri solidarisk, það væri princip hennar að vera á móti þessari fjárveitingu.

Eg hefi nú setið á þingi síðan 1901 og hefi eg aldrei vitað, að fjárlaganefndin héldi saman lengur en til 2. umræðu, og á síðari þingum jafnvel ekki svo lengi. Það er líka eðlilegt, að hver einstakur fjárlaganefndarmaður haldi sinni skoðun, eins og hver annar þingmaður í öllum öðrum nefndum, hvað sem meiri hluti fjárlaganefndarinnar hefir samþykt. Þess vegna vona eg, að háttv. nefnd sé ekki solidarisk um þetta atriði.

Til þess að fara ekki bak við þingið, skal eg geta þess, að vitanlega þarf meiri fjárveiting en þetta. Svo er ráð fyrir gert, að í viðbót við þetta þurfi 7500 kr. á ári í 2 ár úr landssjóði, auk framlagsins annarstaðar frá.

Eg vona nú, er menn hugleiða þetta, greiði þeir atkvæði með þessari brtill., þeirri einu fjárveitingu, sem farið er fram á til beggja þessara stóru sýslna.

Þá á eg ásamt öðrum tveim háttv. þingm. brt. á þgskj. 825. Hún fer fram á það, að fella burtu skilyrðið fyrir fjárveitingunni til ins fyrirhugaða Eimskipafélags Íslands, um að hún sé bundin við það, að félagið taki að sér strandferðirnar.

Háttv. framsm. (P. J.) tók það fram, að hann byggist við, að þessi brtill. mundi valda ágreiningi og verða þrætuepli. Okkur hefir alt af komið vel saman í samgöngumálanefndinni, háttv. framsm. fjárl.n. og mér, og höfum aldrei

átt þar í þrætum. Eins og menn mun reka minni til, var fjárveitingin, vegna upplýsinga, sem fram komu í málinu, samþykt hér í deildinni án þessa skilyrðis með 16 atkv. Eg vona, að þeir inir sömu séu enn sömu skoðunar, og væri því ekki nauðsyn fyrir mig að skýra málið, en eg má til að gera það, úr því að háttv. fjárlaganefnd vill ekki kippa burtu þessu skilyrði, sem Ed. hefir smeygt inn.

Málið horfir þá þannig við.

Það er ekkert viðlit til þess að Eimskipafélagið verði stofnað, nema það hafi nægan styrk og veltufé. Hvorugt er trygt, svo framarlega sem þessi brt. verður ekki samþykt og skilyrðið numið burt. Til þessa geta legið orsakir, sem félaginu er alls ekki um að kenna. Það er kunnugt, að þær 400 þús. kr., sem landssjóði er ætlað að verja til hlutakaupa í félaginu, eru bundnar því skilyrði, að stjórnin vilji og geti útvegað svo stórt lán; við þetta getur Eimskipafélagið alls ekki ráðið. Raunar er stjórninni lagt létt verk í hendur, þar sem henni er heimilað að veðsetja báða bátana. En það kemur fyrir eitt. Þar sem nú ekki einu sinni á að greiða félaginu neinn styrk án þessa skilyrðis í fjárlögunum, þá liggur það öllum í augum uppi, að skilyrðið getur orðið þess valdandi, að félagið komist aldrei á stofn, svo framarlega sem stjórnin ekki útvegar þetta 400 þús. kr. lán.

Enn geta fleiri ástæður leitt til þess að félagið verði ekki stofnað.

Ef t. d. landsstjórnin heldur því fram, að hún fái atkvæðisrétt í félaginu fyrir hönd landssjóðs fyrir öllum hlutum hans, 400 þús. kr., þá get eg hugsað mér það að félagið geti alls ekki að því gengið.

Að vísu hefir samgöngumálanefndin í nýju áliti frá sér sett ýmsar reglur fyrir stjórnina í þessu efni. En stjórnin getur skotið sér undan að taka þær bendingar til greina. Til þess að það sé víst, þarf að minsta kosti skýra yfirlýsing hæstv. ráðherra um að hann taki þær að öllu leyti til greina.

Svo framarlega sem þessi breyt.till. á þgskj. 825 verður ekki samþykt, þá er útséð um það, að félagið verði stofnað, nema því að eins að hæstv. ráðherra lýsi ótvírætt yfir því, að hann geti útvegað þetta 400 þús. kr. lán.

Eg hefi átt tal um þetta efni við ýmsa þingmenn í Ed., og efast ekki um það, að ef skilyrðið er nú felt burt hér, muni Ed. gera sér það að góðu og nefndin þar fallast á það, þar sem málið hefir nú skýrst þannig.

Eg hefi nú reynt að gera mönnum það skiljanlegt, að ef skilyrðið er látið standa, þá er það alveg eins víst, að Eimskipafélaginu sé dauðinn vís, svo framarlega sem ið fyrirhugaða 400 þús. kr. lán fæst ekki. Þetta vona eg að háttv. þm. hafi skilið, og skilið *til hlítar*.

Eg hafði leyft mér að koma fram með breyt.till. á þgskj. 813, um að hækka styrkinn til dr. Helga Péturss úr 1200 kr. upp í 2000 kr., en mér hefir verið bent á, að sú breyt.till. kæmist ekki að, af því að sama upphæðin hefði verið feld úr frumvarpinu eftir að það kom til Ed. Þess vegna hefi eg leyft mér að koma fram með breyt.till. á þgskj. 864, um að hækka styrkinn upp í 1800 kr. Það er eiginlega br.till. við br.till. háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) á þgskj. 847, sem fer fram á að færa sama styrk upp í 1500 kr.

Eins og eg hefi áður tekið fram, er það hart að ætla að klípa af styrknum til þessa manns, að eins vegna þess að hann hefir orðið fyrir þungri vanheilsu. Því fremur er þetta óviðkunnanlegt sem þegar áður hafa verið klipnar 500 kr. af styrk til sama manns — hann hafði

sem sé áður 2500 kr. — og hafði hann þó þá einnig styrk úr Carlsbergssjóði, sem hann ekki hefir lengur. Einkum fer illa á þessu, þegar þess er gætt, að manninum er alt af að batna. Hann er nú nýkominn úr löngu ferðalagi og hefir honum stór-farið fram. Eg benti á það við 3. umr., að þessi styrkur væri ekki eingöngu veittur dr. Helga til að rita, heldur og til þess að ferðast og rannsaka landið; verður hann því eðlilega að greiða ferðakostnað, hesta og fylgd. Þegar þessa er gætt, er auðsætt, að ekki veitti af 2000 kr. styrk. en eg hefi þó ekki farið fram á meira en 1800 kr., vegna þess að það er ekki hægt.

Ef klipið er af þessum styrk, þá leiðir af því, að dr. Helgi verður að sitja heima, og getur það orðið til þess, að honum batni aldrei, en það veit eg, að háttv. deild vill ekki hafa á sinni ábyrgð, einkum þegar maðurinn er á stórum batavegi. Eg skal líka benda á það, að öðruvís hefir verið farið að, þegar líkt hefir verið ástatt sem hér, t. d. *nú í sumar* hefir þingið veitt styrk til þess að kosta kenslu fyrir kennara einn, sem er veikur, svo að hann fengi haldið launum sínum óskertum. Um dr. Helga geri eg mér fylstu vonir, ef engin óhöpp koma fyrir, að á næsta þingi verði hann orðinn svo hraustur, að þingið sjái ekkert á móti því að veita honum inn fylsta styrk.

Þetta segi eg ekki af því, að þessi maður sé mér nokkuð viðriðinn. Hann er mér óvenzlaður alveg bæði að frændsemi og mágsemdum. Eg styð þennan styrk eingöngu af því, að eg hefi sjálfur áhuga á jarðfræðarannsóknum og því er þar að lýtur.

Eg sé á frv., að ein þeirra tillagna, sem eg hafði komið fram með hér við 3. umr., hefir verið tekin upp af háttv Ed. Það er fjárveitingin til Eggerts Briem til að nema rafmagns- og vélafræði í Þýzkalandi. Eg benti þá á, að hér væri of lítið um vélfræðinga; eini maðurinn, sem vér höfum nú, er útlendur, og einn er við nám í Kaupmannahöfn og á tvö ár eftir. Eftir því sem vélum fjölgar hér, eftir því verður þörfin meiri á að hafa mann, sem getur kent meðferð véla og gert við þær. Þessi maður hefir fengið töluverða praktiska undirbúningsmentun, þótt ekki hafi gengið í skóla, og hefir sýnt það, að hann er frábærum hæfileikum gæddur. Tillaga mín um fjárveiting til hans við 3. umr. hér féll að eins með eins atkv. mun. En nú hefir Ed. tekið hana upp. Eg vona að það verði ekki einungis 12, heldur 13 menn, sem nú greiða atkvæði með því.

Það var fleira, sem mig langaði til þess að tala um nú, t. d. um Einar Jónsson. Eg varð glaður, þegar eg sá, hvað hv. Ed. hafði gert við styrkinn til hans. Eg varð glaður vegna þess, að með þessu móti var manninum bjargað. Eins og háttv. Nd. skildi við hann um daginn, þá var manninum ekki bjargað.

Loks er það eitt atriði, sem eg vil minnast á. Það er lagt til, að 18,000 krónur verði veittar til frekari rannsóknar á járbrautarlagningu. Eg hefi rækilega athugað þetta mál í nefnd og komist að þeirri niðurstöðu, eins og nefndarálit mitt ber með sér, að ekki sé gerlegt að leggja út í það fyrtæki. Annars skil eg ekki í því, að allur meiri hluti járnbrautarnefndarinnar hafi verið á einu máli um það að leggja til að þetta fé yrði veitt. Því að það stendur í nefndaráliti meiri hlutans þessi setning:

»Aðrir nefndarmenn voru þeirrar skoðunar, að málið væri svo undirbúið, að gera megi sér nokkurn veginn grein fyrir kostnaðinum við fyrirtækið.«

Eg skil ekki, að þeir sömu menn vilji fara að kasta út 18,000 krónum til frek-

ari undirbúnings á því sem þeir álíta nægilega undirbúið. Breyt.till. háttv. 2. þm. Húnv. (Tr. B) er mikið betri en tillagan sjálf, og ef eg yfir höfuð vildi veita nokkuð til þessara rannsókna, þá mundi eg greiða atkvæði með henni. Eg ætla ekki að fara neitt inn á spursmálið um, hvers vegna eg ekki vil veita neitt; eg skírskota þar einungis til nefnd arálits míns, sem er all-ítarlegt.

**Kristján Jónsson:** Með fáeinum orðum verð eg að mæla með breyt.till. minni á þgskj. 841, en hún fer fram á það að hækka styrkinn til mótorbátsferða á Hvítá, upp í 800 krónur, úr 600 krónum. Þessi styrkur var ákveðinn 800 krónur hér í Nd um daginn. Ed. hefir fært hann niður í 600 kr. Hver rök liggja til þess, veit eg ekki. Þetta er lítill sparnaður, en getur orðið til þess að ferðirnar leggist alveg niður. Fyrir því kem eg með breyt.till., og legg til að styrkurinn sé aftur færður upp í 800 kr. Það sem gerir svo erfitt fyrir þessar ferðir að borga sig, er, að bátnum, sem fer ferðirnar, eru settar ákveðnar ferðaáætlanir. Báturinn verður að fara inar ákveðnu ferðir, þótt hvorki sé flutning eða farþega að hafa. Það gerir honum samkeppnina erfiða. Aðrir bátar, sem við hann keppa, nota tækifærin er aðsvon er af flutningum, og fara því að eins ferðir, að þeir hafi vissa von um flutning á vörum eða mönnum eða hvorutveggju; þeir bátar geta grætt á ferðunum. Mér hefir verið tjáð, að menn þar efra treystu sér ekki til að halda bátnum úti, nema 1000 kr. styrkur fengist; en eg hefi alt að einu ekki viljað fara fara fram á meira en 800 kr. Það hefir verið talað um, að sumir mótorbátar, sem landssjóður hefir styrkt, væru að öllu leyti í höndum einstakra verzlana; hér er ekki slíku til að dreifa, því að bátnum er haldið út af bændum beggja megin Hvítár. Þetta er að öllu leyti bændafyrirtæki, sem hefir mikla þýðingu fyrir Mýra- og Borgarfjarðarsýslur, eins og áður hefir verið vikið að.

Þegar svo er athugað ákvæði fjárlaganna, um að styrkurinn megi ekki fara fram úr helmingi rekstrarkostnaðar, er útgerðarmenn þannig verða að leggja fram, virðist það eigi vera neitt stórræði, að samþykkja styrkveitinguna, eins og eg æski að hún sé.

Frekara álít eg ekki þörf að tala fyrir þessu máli. Háttv. deild hefir áður samþykt þá upphæð, sem brtill. fer fram á, og eg leyfi mér að vænta þess, að svo verði enn. Áður en eg sezt niður, vil eg þakka háttv. þingmanni N.-Ísf. fyrir það, hve hlýlega hann mælti með þessari litlu brtill., um leið og hann talaði fyrir þeim brtill., sem hann hefir komið fram með við þessa umr.

**Þorleifur Jónsson:** Eg á hér 2 brtill., sem eg hefi neyðst til að koma fram með.

Eg vona, að háttv. þingmenn lái mér það ekki, þótt eg hafi reynt að lagfæra það sem hefir verið ólagað í háttv. Ed., að því er fjárveitingar til míns kjördæmis snertir. Það er harla einkennilegt, að in háttvirta deild hefir sett svart stryk yfir þær 2 lítilfjörlegu fjárveitingar til míns kjördæmis, sem samþyktar voru hér í deildinni með miklum atkvæðamun. Og það er því einkennilegra, að taka þennan litla fjárstyrk burtu, þar sem öll héruð á landinu hafa borið eitthvert fé úr býtum til samgöngubóta. Það hefir fengið að standa, en þetta hefir verið felt burtu.

Brtill. á þgskj. 822 fer fram á það, að veittar verði til þjóðvegarins í Austur-Skaftafellssýslu þær 5000 krónur, sem samþyktar voru hér í neðri deild við 2. umr. fjárlaganna.

Þetta fé er aðallega ætlað til vegabóta frá Almannaskarði vestur á sýsluveginn frá Höfn upp að þjóðveginum. Það er mesta vegleysa — mýrarfláki, því nær ófær yfirferðar. Gamli þjóðvegurinn liggur uppi undir fjöllum og er þar grjótgata, sem alt af hrapar í úr fjöllunum og illfær yfirferðar ríðandi, hvað þá með vagna. Þetta er fjölfarinn þjóðvegur — bæði póstvegur og fjölfarinn kaupstaðarvegur og auk þess almannaleið um endilanga sýsluna. Það er ómögulegt annað en heimfæra hann til þjóðveganna, og þörfin til umbóta eins mikil — eða meiri — þar eins og annarstaðar.

Háttv. framsögumaður mintist á þennan veg og virtist mér hann tala af hálfgerðum þjósti, eins og það væri alveg fráleitt að voga sér að fara fram á vegabætur á þessum slóðum. Eg skil satt að segja ekki þetta kapp hans til þess að ríða þetta mál niður. Hann sagði, að enginn vissi, hvar þessi vegur ætti að liggja — ekki einu sinni verkfræðingurinn. Því miður eru háttv. þingmenn mjög ókunnugir flestir þarna eystra. Sama máli gegnir um verkfræðinginn. Hann hefir raunar ferðast þarna um, en það var á sumardegi, þegar vegir voru með bezta móti, og hefir ekki getað gert sér í hugarlund inar ýmsu torfærur, sem þar eru á öðrum árstíðum.

Eg skil heldur ekki í að það sé rétt hjá háttv. framsögumanni, að verkfræðingurinn *viti ekki*, hvar þessi vegur eigi að liggja, og mér þykir það mjög undarlegt, ef hann hefir látið það í ljósi. Það hafa farið bréfaskifti á milli okkar um þetta fyrir þing og eg átti tal við hann um málið í dag. Upplýsti hann mig þá um það, að þessi vegur væri $4^1/_2$ kilometer á lengd. Það er að segja sá kaflinn, sem upphleyptan veg þarf að gera. Eg get því ekki skilið það, að hann kannist ekki við þennan veg. En til frekari sönnunar því, að þetta sé enginn tilbúningur úr mér, þá skal eg leyfa mér að vísa til fundargerðar sameinaðs sýslufundar í ár, þar sem samþykt var að fara fram á, að veitt væri af almannafé fé til þessa vegar. Nauðsynin er svo brýn, að hana er ekki hægt að rengja. Eg get því ekki skilið, hvers vegna háttv. Ed. og nefndin hér legst svo mjög á móti þesu.

En að eg leyfði mér samt sem áður að koma fram með tillöguna, stafar af þeim góðu undirtektum, sem málið fekk við 2. umr. Eg vona, að svo fari enn þá og býst ekki við, að fjárlögin þurfi að fara í Sameinað þing, þótt hún verði samþykt. Skil naumast í að meiri hl. háttv. efri deildar leggi svo mikið kapp á að stryka út allar fjárveitingar til Austur-Skaftafellssýslu.

Hin brtill. er á þskj. 823 og fer fram á það, að veittar verði 800 kr. til þess að ranhsaka bátalendingu við Ingólfshöfða í Öræfum. Mér var það ekki ljúft að falla frá því að fara fram á beinan styrk til þess að gera bátalendinguna, en þar sem háttv. Ed. hefir felt það og hæstv. ráðherra hefir lýst yfir því, að það væri ekki gerlegt að veita fé til þessa, meðan málið væri svo óundirbúið, þá hefi eg nú lagt það til, að fé verði veitt til nægilegs undirbúnings undir verkið. Eg skal játa það, að þessi upphæð — 800 kr. — er sett nokkuð út í bláinn, en þar sem sagt er, að megi veita »alt að« þessari upphæð, ætti það ekki að gera svo mikið til. Það er mjög áríðandi, að þetta verði rannsakað, ef hægt væri að gera góða lendingu þarna, létta undir aðdrætti og gera mönnum mögulegt að sækja þaðan sjó. Þarna út af er mjög fiskisælt — vantar að eins vör til að skjótast úr til að ná

sér í soðið eða afla að mun. Eg vona því að þetta mæti góðum undirtektum hjá háttv. þingm.

Eg vil benda á það, þar sem vitanlegt er, að viti verður bygður á Ingólfshöfða 1915, þá er æskilegt, að þessi rannsókn fari sem fyrst fram, til þess ef unt væri að gera eitthvað við lendinguna, áður farið yrði að flytja vitaefnið þangað. Það er svo afarerfitt að koma efninu til vitans landveg frá Vík eða Hornafirði og ynnist þá ekki lítið við það, ef hægt væri að koma einhverju sjóleiðina til þessa staðar.

Eg skal svo ekki fjölyrða meira um þessa tillögu. Eg vænti þess, að hún fái góðan byr, enda tók háttv. framsm. ekkert ómjúkt í hana.

**Jón Magnússon:** Háttv framsögumaður hefir skýrt frá því, að nefndin sé meðmælt breyt.till. járnbrautarnefndarinnar um það, að veita alt að 18000 kr. til áframhalds á rannsókn járnbrautarmálsins.

Eg skal ekki fremur en háttv. 1. þm. G.-K. (Br. K.) fara að vekja neinar deilur um þetta mál. Það er enginn tími til þess nú.

Eg skal geta þess, að þessi till. fer mikið gætilegar að en brt. háttv. 2. þm. Húnv. (Tr. B.) um, að veita að eins 4000 kr. til þessarar rannsóknar. Það er mikið gætilegra að veita ríflega til fullkominnar rannsóknar, áður en ráðist er út í slíkt stórfyrirtæki og þetta. Og það er ekki mikið fé, sem hér er farið fram á. Það er lítið í samanburði við stærð fyrirtækisins. Það munar ekki mikið um 20—30 þús. kr. til rannsóknar, þegar um fyrirtæki er að ræða, sem á að kosta alt að 4 miljónum kr. Það er bezt að gera sér sem nákvæmasta grein fyrir öllu áður en ráðist er í málið.

Það er vikið að því í nefndarálitinu, hvað það er sem meiri hlutinn óskar, að rannsakað verði betur. Það var talað um það í nefndinni, að æskilegt væri að fá útlendan járnbrautarfræðing úr einhverju fjallalandi til þessarar rannsóknar, en til þess þarf auðvitað talsvert fé.

Eitt atriði er það sem allir hljóta að vera samdóma um, að rétt sé að athuga, nefnilega það, hvort ekki mætti nota þá krafta, sem landið á sjálft til þess að knýja áfram vagnana, nefnilega rafmagn. Enn fremur er ástæða til að rannsaka meira en gert hefir verið, hvort snjóþyngsli geta ekki orðið til talsverðrar hindrunar.

Það ætti að vera svo ljóst, að óþarft væri að taka það fram, að það er varlegast, ef menn hugsa sér að koma þessu máli í framkvæmd, að rannsaka málið sem bezt áður.

Eg get ekki sagt beinlínis um það, hvernig nefndin hefir hugsað sér að þessu fé yrði varið. En umtal var um það, að verja 12 þús. kr. í sambandi við það, að útvega útlendan járnbrautarfræðing. Afgangurinn yrði þá notaður á sama hátt og háttv. þm. Húnv. leggur til í sinni till. Annars er stjórninni treystandi til að verja ekki meiru af þessu fé, en bein þörf er á.

Ef meiri hluti háttv. þm. er þeirrar skoðunar, að járnbrautarmálið sé heilbrigt og gott mál, þá skil eg ekki annan en háttv. deild samþykki þessa till. Hún er svo hófleg sem frekast má vera.

Að svo mæltu álít eg óþarft að tala meira um till. að sinni. Eg get vísað til nefndarálitsins, sem háttv. þingm. hafa væntanlega kynt sér. Vona eg svo að till. verði samþykt.

Eg skal ekki tala mikið um till. mína á þgskj. 848. Hana ber að skoða sem varatill. Hún fer fram á það, að skáldlaunin til Einars Hjörleifssonar verði ákveðin á sama hátt og þau voru upprunalega í stjórnarfrumv.

Nú hefir hattv. fjárlaganefnd lagt það til, að honum verði veitt sama upphæð og till. fer fram á alls, fyrra árið. Eg býst við, að sú till. verði borin upp fyrst og mun eg greiða henni atkvæði. Eg sé ekki, að það geri svo mikinn mun, fyrst upphæðin er sú sama. Eg ætla alls ekki að fara að tala um manninn, sem hlut á að máli. Hann er öllum kunnur og verk hans líka. Eg vil að eins mæla ið bezta með till. fjárlaganefndar.

**Bjarni Jónsson:** Það eru ekki nema einstök atriði, sem eg ætla að gera örstutta athugasemd við. Eg þori ekki að segja, að eg taki þau í röð, vegna þess, að eg kom nokkuð seint og bið eg menn afsökunar á því, þótt upphafið verði nokkuð slitrótt.

Eg sé hér fyrst brtill. frá nefndinni við 15. gr., sem eg vildi mælast til að yrði feld. Háttv. Ed. hafði verið svo væn, að bæta úr skák þar sem aflaga fór hjá Nd. og hafði ætlað Einar Jónssyni 1200 kr. hvort árið, auk þess sem hún lét standa fjárveitinguna til þess að landið keypti listaverk íslenzkra manna. Auðvitað var sú upphæð alt of lítil, en góð byrjun. Einari er erfitt að geyma þessi verk, eins og t. d. Skýstrokkinn, Nátttröllið o. fl. Þar hefir Ed. bætt úr skák með því að ætla honum 1200 kr. styrk á ári. En eg sé að nefndin hér hefir breytt þessu til hins verra og lagt til að hann fengi 1800 kr. fyrra árið, en auk þess ætlar hún 2000 kr. til þess að kaupa fyrir listaverk síðara árið. Eg gæti verið ánægður með að hann fengi 1800 kr. fyrra árið eða 900 kr. hvort árið, en 2000 kr. eru ekki andvirði margra listaverka, og þegar það er ekki tekið fram af hverjum eigi að kaupa, þá er ekki víst að stjórnin kaupi af Einari. Það getur eins vel verið að hún kaupi af einhverjum öðrum listamanni, og finst mér því fara betur á, að hann fái 1200 kr. á ári, eins og efri deild hefir ætlast til, því að þótt nú sé byrjað að veita sérstakan styrk til þess að kaupa listaverk, sem eg þakka fyrir, þá er rangt að láta Einar gjalda þess.

Þá er annað, sem eg get ekki kunnað efri deild neinar þakkir fyrir. Hún hefir fært niður styrkinn til eins af okkar ungu vísindamönnum, Helga Pjeturss, úr 2000 kr., eins og samþykt var hér í deildinni, niður í 1200 kr. Nefndin hefir ekki séð ástæðu til að lagfæra þetta, en það getur verið að hún ætli að fallast á tillögu háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) um, að færa þetta í samt lag aftur. Það er engin ástæða til að lækka styrkinn til þessa manns frá því sem hann hefir áður haft. Hann er jafngóður vísindamaður og áður, og fjáragur hans hefir ekki batnað, nema síður sé. Það er heldur engin ástæða til að draga af styrknum vegna þessa sjúkleika, sem maðurinn hefir haft, fyr en séð verður að hann geti ekki starfað vegna sjúkleikans. Nú vill svo til, að hann hefir verið í vísindaferðalagi í sumar. Eg veit ekki um árangurinn af þeirri ferð, en skýrsla hans verður væntanlega komin fyrir næsta þing, og þá geta menn af henni séð, hvort maðurinn hefir tapað sér eða ekki. Ef hann verður sjúkur til æviloka, þá verður þetta ekki skoðað sem vísindastyrkur, heldur sem eftirlaun.

Það samir ekki fyrir þingið, að kveða upp læknisvottorð yfir þessum manni með fjárveitingu sinni. Og að lækka veitinguna er alveg ástæðulaust, þar sem kjör mannsins hafa versnað en ekki batnað. Hann á fyrir 4 börnum að sjá, auk þess sem hann þarf að stunda sín vísindi. Þar við bætist, að þessi vanheilsa hans hefir orðið honum tilfinnanleg, svo að það er, hvernig sem á er litið, ranglátt að minka við hann

styrkinn. Ef honum hefir áður verið nauðsynlegt að halda sér uppi, þá er honum það ekki síður nauðsynlegt nú. Þá fyrst, er það kemur í ljós, að hann geti ekki stundað vísindin, getur þingið tekið af honum styrkinn. Menn verða að vita það til fulls, að þessi vísindi eru starf, sem ekki gefa einn eyri af sér í aðra hönd, heldur eru útgjöld ein þeim samfara. Ef vísindamaður vill koma út ritgerð eftir sig, þá verður hann að borga með henni í stað þess að fá ritlaun. Þetta hygg eg að þurfi ekki að brýna fyrir þingmönnum, en eg áleit þó rétt að gera það, ef þeir skyldu hafa gleymt því, eða ekki athugað það í svip.

Þá hefi eg sjálfur komið brtill. viðvikjandi húsaleigustyrknum við háskólann. Í efri deild hefir verið bætt við styrkveitinguna ákvæði, sem getur orðið mjög óþægilegt, bæði fyrir pilta og kennarana, sem eiga að úthluta styrknum. Þar stendur:

»Húsaleigustyrk má venjulega að eins veita utanbæjarnemendum; innanbæjarnemendum því að eins, að þeir verði vegna námsins að kosta til húsnæðis síns sérstaklega á svipaðan hátt og utanbæjarnemendur«.

Fyrst og fremst er svona náin athugasemd við styrkveitingu alveg óþörf og gengur næst því að vera nærgöngul við kennara, þá sem í hlut eiga. Og í öðru lagi, þó ekki sé hægt að sýna eða sanna, að pilturinn sjálfur leigi sér herbergi, þá getur engu að síður vel verið, að foreldrar hans eða aðstandendur þurfi að kosta einhverja sérstöku til húsaleigu vegna þess að hann er við nám. Það getur verið, að fátæk fjölskylda þurfi að leigja meira húsrúm vegna þess að pilturinn stundar nám, en þetta myndi ekki verða talið til þess, að hann þyrfti sérstaklega að kosta til húsnæðis síns. Eins er það, ef fátæk móðir með 3 sonu, sem stunda nám, býr í þriggja herbergja íbúð, þá gæti hún leigt eitt herbergið, ef piltarnir væru ekki að læra. En þeim mætti ekki veita húsaleigustyrk. Eg gæti komið með miklu fleiri dæmi til að sýna, að það getur ekki hjá því farið, að einhverjum verði gert rangt til, ef athugasemdin stendur. Mér er kunnugt um styrkveitingar til fátækra nemenda, og eg veit, að þingmenn geta ekki gert sér neina grein fyrir því, hvað fyrir kann að koma. Það getur ekki verið vilji þingsins, að utanbæjarmenn, sem betur eru staddir, fái fremur styrk heldur en illa staddir innanbæjarpiltar. Þetta er erfitt að meta, og þingið ætti ekki að gera það. Kennararnir eru undir öllum kringumstæðum miklu betra þing til að úthluta styrknum. Eg segi þetta ekki af því, að eg vilji láta innanbæjarpilta ganga fyrir utanbæjarpiltum, en eg vil ekki binda hendur þeirra, sem styrknum eiga að úthluta. Eg ætlaði annars ekki að koma með neina brt. við þessa umræðu fjárlaganna, en þegar eg sá þetta, vildi eg þó reyna að lagfæra það. Eg veit það af reynslunni, hvað ilt það er að vera bundinn af einhverjum blindum ákvæðum, og eg vona að háttv. fjárlaganefnd fallist á þessa brt. mína.

Af öðru, sem eg ætlaði að minnast á, man eg í svipinn eftir brimbrjótnum í Bolungarvík. Eg hefi frá því fyrsta verið honum fylgjandi alveg á sama hátt og eg fylgi lendingarstað við Ingólfshöfða og hafnargerð í Vestmannaeyjum og yfir höfuð öllum nauðsynjafyrirtækjum, sem miða að því, að draga úr lífshættu manna. Eg heyrði um daginn kunnugan mann í efri deild lýsa lendingunni í Bolungarvík, og skildist mér af ræðu hans, að hér væri um brýna nauðsyn að ræða, og jafnvel þótt eitthvað mætti draga frá og eigna mælsku, þá voru þó rökin fullnægjandi. Að

binda Bolvíkinga við að leggja fram $^2/_3$ hluta kostnaðarins finst mér vera mjög ósanngjarnt, og eins að líkja þessu fyrirtæki við bryggjugerð. Það mætti miklu fremur líkja nauðsyn þessa verks við brúargerð yfir ófæra á. *(Jón Ólafsson:* Eða vitana). Já, eða við vitana, eins og háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. Ól.) segir. Þingið gæti líka sagt, að til Brimbrjóts í Bolungarvík veitti það svo eða svo margar þúsundir, og svo gætu Bolvíkingar lagt fram það sem á vantaði. Þetta fyrirtæki ætti ef til vill helzt að kosta að öllu leyti af landsfé, en nú bjóðast Bolvíkingar til að leggja fram helming kostnaðarins, og ætti þá þingið ekki að láta á sér standa að leggja fram hinn helminginn. Eg segi þetta ekki af því, að eg sé í vinfengi við þennan þingmann, sem eg gat um áðan, né heldur við Bolvíkinga. Eg þekki kannske einn mann í sjón úr Bolungarvík, en ekki fleiri. En hitt er það, að eg er sjálfur uppalinn að miklu leyti á sjó, og veit, um hvað er hér að ræða, því að eg þekki lendingu í brimi. Það er rétt, sem Steingrímur sálugi kvað:

Milli fjörs og feigðar
er fjalborð allra veikast.

Eg held að það sé rétt af þingmönnum að setja ekki nein skilyrði um þetta, en láta mennina sjálfráða um, hvað mikið þeir leggja fram; það mega allir vita, að það er ekki mikil samkvæmni í styrkveitingum hér á þinginu. Það hefir verið veittur styrkur til alls konar fyrirtækja í landinu, svo sem til smjörbúa. *(Sigurður Sigurðsson:* Ekki lengur). Það hefir verið gert, og eg ætla að sum þeirra njóti styrks enn. Til túnræktunar er líka veittur styrkur og til svo margs og margs, en hér á að skera styrkveitingu við nögl, þó um lífsnauðsynlegt fyrirtæki sé að ræða. *(Pétur Jónsson:* Það er ekki verið að tala um að draga af styrkveitingunni) Það er verið að tala um að binda styrkveitinguna skilyrðum, sem hlutaðeigendum myndi verða erfit að uppfylla. Eg veit að það hefir verið veitt fé til miklu ómerkari fyrirtækja, sem menn hafa getað unnið að í ró og næði heima hjá sér, en hér er um það að ræða, að draga úr lífshættu fyrir marga menn. Það er einhver sérstök blindni, sem sækir á þá menn, sem sjá ekki, hvað það er óviðeigandi, að setja þessi skilyrði á þessum stað.

Áður en eg sleppi þessu atriði, skal eg taka það fram, að þessi brimbrjótur á ekki einungis að vera þeim til góðs, sem þarna búa, því að þangað sækir fjöldi manna úr öðrum landsfjórðungum, og þeir leggja ekki til neitt af þessum $^2/_3$ hlutum kostnaðarins, sem Bolvíkingingum er ætlað að leggja fram.

Eg man svo ekki í svipinn eftir öðru, sem eg þyrfti að minnast á, en eg hefi rétt til að taka til máls aftur, ef eg skyldi hafa gleymt einhverju.

---

Umr. var eigi lokið kl. 8 síðd.; gaf forseti því enn fundarhlé til náttmála.

---

Kl. 9 síðd. var fundur settur á ný og umræðum fram haldið.

**Matthías Ólafsson:** Eg á hér brtill. á þgskj. 809, sem eg hygg, að eg taki aftur vegna þess að eg er búinn að fá fullnægjandi skýringar hjá háttv. framsögum., svo að eg álít ekki ástæðu til að halda henni fram. Mér þótti sú skýring, sem eg fékk fyrst, nokkuð loðin og bar þetta því undir fræðslumálastjórann, og sagði hann, að vafasamt mætti telja, hvernig ætti að skilja þetta. En nú veit eg, að skólinn fær

ekki minna en 1600 kr., eins og samþ. var við 2. umr. Með það er eg ánægður og tek tillöguna aftur.

En úr því að eg stóð upp, skal eg leyfa mér að fara nokkrum orðum um brtill. háttv. þm N.-Ísf. (Sk. Th.) viðvíkjandi brimbrjótnum í Bolungarvík, og þá ályktun, sem háttv. fjárlaganefnd hefir tekið um það mál. Eg er á sama máli og háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) og háttv. þm. Dal. (B. J.) um þetta mál. Princip geta í sjálfu sér verið góð, en þau geta líka orðið gömul og úrelt *(Bjarni Jónsson:* Og vitlaus). Já, og vitlaus. *(Jón Ólafsson:* Það má ríða mestu fantareið á principum). Já, þeim má ríða reglulega fantareið. Að jafna þessu fyrirtæki við bryggjugerð er algerlega rangt, því að eins og oft hefir verið tekið fram, er þetta ekki einungis til að bjarga lífi manna, heldur og til að auka framleiðsluna að miklum mun. Þetta er nú besta »speculation« fyrir landssjóðinn, og þó að landssjóður kostaði þetta fyrirtæki einsamall, væri það ekki nema skylt, því að það er ekki svo lítið, sem Bolungarvík er búin að færa honum frá því fyrsta.

Mér hefir komið það til hugar, að það muni aldrei þagna raddirnar um að koma þarna upp höfn, en ef því verður slegið föstu, að láta héraðið borga $^2/_3$ hluta kostnaðarins, þá er eg hræddur um, að erfitt verði að koma umbótum á, og þá getur mikið vatn runnið í sjóinn áður en þetta kemst í framkvæmd.

Þá skal eg leyfa mér að minnast lítillega á aðra brtill. frá háttv. sama þingmanni. Það er tillagan á þgskj. 810, um að veita íbúum Hólshrepps styrk til að leita sér læknishjálpar. Þeir hafa lengi helst viljað fá sérstakan lækni, en myndu nú sætta sig við þetta.

Þetta yrði talsverð bót á böli, þar sem það er mikluin erfiðleikum bundið að ná í lækni. Þetta yrði þar að auki miklu ódýrara fyrir landssjóð, heldur en að gera hreppinn að læknishéraði, og mundu héraðsbúar gera sig ánægða með þessa hjálp, þótt hún væri ekki meiri.

Eg mæli því eindregið með þessari breytingartillögu og eins með hinni, sem eg hefi talað um áður.

**Valtýr Guðmundsson:** Á þskj. 825 er komin fram brtill. við 13. gr. C. III, um Eimskipafélag Íslands. Þarf eg ekki að tala langt mál um það, því að háttv. framsögumaður hefir lýst afstöðu okkar meiri hlutans í samgöngumálanefndinni. Meiri hluta nefndarinnar hefir ekki verið skiljanlegt það kapp, sem menn hafa lagt á að fella þetta skilyrði burtu fyrir styrkveitingunni, að samningar takist við það um strandferðir eigi síðar en 1916. Það hefir verið sagt, að þetta skilyrði gæti orðið til þess að drepa eða hindra stofnun félagsins, en þetta getur mér ekki skilist. Þetta skilyrði er einmitt til þess, að gefa félaginu enn meiri hvöt til stofnunar félagsins, og að það taki að sér strandferðirnar. Okkur í meiri hluta samgöngumálanefndarinnar er alveg óskiljanlegt, hvernig bráðabirgðastjórn Eimskipafélagsins getur lagt svo mikið kapp á að þetta verði ekki sett sem skilyrði fyrir styrkveitingunni. Ef félagið hefir hugsað sér — eins og getið er í útboðsboðsskjalinu og eins í bréfi til samgöngumálanefndarinnar — að taka að sér strandferðirnar, þá er það alveg óskiljanlegt hvers vegna bráðabirgðastjórnin vill meina Alþingi að setja þetta skilyrði. Að félagið komist ekki á stofn vegna þessa skilyrðis, það kemur ekki til nokkurra mála, því enginn ætlast til þess að bráðabirgðastjórnin stofni félagið, heldur getur hún að eins kallað saman hluthafafund, sem svo getur stofnað félagið og það er síður en svo, að

samgöngumálanefndin vilji hnekkja stofnun þessa félags, heldur þvert á móti vill hún gera alt sem í hennar valdi stendur til þess að hjálpa félaginu á fót og tryggja tilveru þess. Og það er enginn betri vegur til þess að tryggja tilveru þess, en að landssjóður gerist hluthafi í félaginu. Það er bezta tryggingin að landssjóður eigi svo mikinn hluta í félaginu, að hann geti ekki látið það falla, nema með því að skaðast stórkostlega. Þess er að gæta, að þetta atriði var samþykt í efri deild með því nær öllum atkvæðum. Og mér er kunnugt um það, að þm. í efri deild leggja mjög mikla áherzlu á þetta atriði, og þó því yrði breytt hér í deildinni, er engan veginn víst að sú breyting yrði samþykt í efri deild.

Um leið og eg minnist á styrkinn til Eimskipafélagsins, vil eg minnast á styrkveitinguna til stranferðanna. Samgöngumálanefndir efri og neðri deildar hafa komið fram með álit sitt um það í framhaldsnefndaráliti á þingskj. 835. Samgöngumálanefndin hefir lagt til að gefa stjórninni sem frjálsastar hendur um, hvernig strandferðastyrknum skuli varið. Þykir sumum stjórninni gerðar of frjálsar hendur í þessu, og hefðu átt að vera settar einhverjar ákveðnari reglur um notkun styrksins, en samgöngumálanefndin leit svo á, að það mætti treysta stjórninni í þessu efni og ætti því að gefa henni sem frjálsastar hendur, því það gæti orðið til þess að samningar strönduðu, ef gerðar væru of miklar reglur af þingsins hálfu. Hefir það sýnt sig áður, að of miklar reglur frá þingsins hálfu hafa orðið til þess að samningar um strandferðir komust ekki á. En til þess nú að stjórnin yrði ekki of ströng í kröfum sínum, þá hefir samgöngumálanefndin tekið það fram, að hún álítur, að ekki beri að krefjast atkvæðisréttar fyrir hönd landssjóðs eftir krónutali í hluttöku hans, sem gæti leitt til þess að stjórnin yrði alls ráðandi í félaginu. Ræður nefndin til þess að treysta stjórninni í þessu efni, treystir hún því, að stjórnin fari eftir því sem hún hefir bezt vit á. Ef hún gerir það ekki, þá má hengja hana á eftir, en það er ekki hægt að gera við þingið, því þó það geri eitthvað vitlaust, þá er þó ekki hægt að hengja það á eftir; það er ábyrgðarlaust, en stjórnin ekki.

Það sem aðallega hefir vakað fyrir samgöngumálanefndinni, er það, að þar sem við vitum ekki um samningsskilyrðin, sem sett kunna að verða, að áherzla sé lögð á það, að stjórnin hagi sínum samningum þannig, að hlutirnir í Eimskipafélaginu komist ekki í hendur útlendinga, heldur verði í höndum Íslendinga sjálfra, og jafnframt þannig, að landssjóður hafi ekki of mikil ráð í félaginu, heldur skuli félagið sjálft jafnan hafa aðalráðin. Nefndin leggur aðaláherzluna á, að félagið verði *alíslenzkt* og aldrei annað.

Hugsun samgöngumálanefndarinnar er það, að strandferðirnar verði landssjóði ekki nein byrði. Álítur nefndin að landssjóður hljóti að verða skaðlaus af strandferðunum þegar þær fá jafnmikinn styrk og Sameinaðafélagið hefir fengið fyrir að halda uppi bæði millilandaferðunum og strandferðunum. Og það er vitanlegt, að Sameinaðafélagið hefir ekki haldið uppi þeim ferðum sér til skaða, og því ætti landssjóður ekki heldur að þurfa það. En skyldi það sýna sig, að landssjóður biði að einhverju leyti skaða af strandferðunum, þá efast nefndin ekki um það, að þingið hlaupi undir bagga. Hugsun samgöngumálanefndarinnar er sú, að þingið biti ekki um of við neglur sér þetta tillag til strandferðanna. Ef nauðsyn krefði í framtíðinni að hækka þennan styrk,

þá mætti gera það, en að svo komnu er samgöngumálanefndin sammála um það, að styrkurinn þurfi ekki að vera hærri, en hann er settur nú.

Svo vildi eg minnast á 13. gr. D. VIII. Fjárlaganefndin fer fram á, að þessi liður falli burt, þessi, að kaupa núverandi símastöðvarhús á Akureyri, sem efri deild hefir lagt til að 14000 kr. yrðu veittar til. Eg hugsa, að háttv. deildarmönnum sé þetta mál ekki vel kunnugt, og vil eg því fara um það nokkrum orðum.

Svo er mál með vexti, að símastjórinn, Forberg, hefir árið 1910 gert samning við eiganda hússins um, að kaupa húsið með því skilyrði, að Alþingi leggi fé til þess á næsta þingi, »sem eg skuldbind mig til þess að vinna að af fremsta megni að það geri«. Forberg fór nú fram á þetta við ráðherra, lagði það til að landið keypti húsið. En þessi till. var alls ekki lögð fram fyrir næsta þing á eftir, þingið 1911, eins og sjálfsagt hefði verið, heldur fer Forberg nú fram á það, að símastöðin verði flutt burt úr húsinu — sem hann áður taldi ófært sökum kostnaðar — og landið láti byggja nýtt hús fyrir símastöðina. Áður hefir Forberg rökstutt það, að það þyrfti að kaupa núverandi símastöðvarhúsið, með því að það væri svo mikill kostnaðarauki að flytja úr húsinu. En nú leggur hann til að byggja nýtt hús og flytja þangað stöðina, sem hann áður taldi ófært, auk þess sem hann vill nú bregðast samningnum um kaupin á húsinu. Það verður ekki annað sagt, en að þetta sé nokkuð skrítið. Símastjórinn virðist líka vera æði illa að sér, þar sem hann í bréfi til fjárlaganefndarinnar segir, að fjárveiting til þess að kaupa húsið hafi verið feld á þinginu 1911 og hann sé því laus allra mála hvað samninginn snerti. Þetta er æði undarlegt, þar sem þessi fjárveiting var alls ekki lögð fyrir þingið 1911 og skilyrðunum í samningnum er því ekki fullnægt.

Þær upplýsingar, sem liggja fyrir um þetta mál, sanna, að það yrði arðvænlegra að kaupa þetta hús, heldur en að byggja nýtt hús á þessari tilteknu lóð. Auk þess sem kostnaðurinn við flutning símastöðvarinnar yrði mjög mikill, þá liggur þetta hús á betri stað í bænum, en hitt myndi gera, sem bygt yrði, því þótt það að vísu lægi meira Centralt í bænum nú, þá myndi húsið sem símastöðin er nú í, liggja meira Centralt þegar bærinn ykist, sem vel má búast við. Í kringum húsið eru margar byggingalóðir, sem eru engar á hinum staðnum, sem líklegar væru til þess að hús yrðu bygð á, sem þyrftu síma, eins og verzlunarhús og þess háttar. Á þessu svæði, Oddeyrarsvæðinu, eru engin líkindi til að byggist neitt að ráði, nema þá helzt af fátækara fólki, sem ekki hefir síma.

Eg held því, að séð frá landssjóðs hálfu, sé réttast að halda við það sem háttv. efri deild hefir gert. Mér finst það ekki vel sæmilegt, þegar stjórnarvöldin eru búin að gera skriflegan samning um eitthvað, að þingið fari þá að bregða þeim samningi, og það með rökstuðningi, sem fer í bera mótsögn við sjálfan sig. Eg held því, að ef það væri gert, þá liggi hér eitthvað annað undir.

Fjárlaganefndin hefir komið fram með breyt.till. við 16. gr. 3, að styrkurinn til ræktunarfræðisnema falli burtu, sem háttv. Ed. hefir veitt 800 kr. til. Þessi ræktunarfræðisnemi hefir mér skilist að sé í samræmi við það, sem háttv. Ed. hefir lagt til. Verkfræðingur landsins annist, ásamt aðstoðarmönnum sínum, undirbúning og framkvæmd ræktunarvatnsvirkja á meðan landið eigi ekki völ á sérstökum innlendum ræktunar-

verkfræðingi, sem mér skilst að sé sama sem kulturtekniker. Eg álít því ekki vel til fallið að fella burtu styrk til slíks manns. Við höfum mikla brúkun fyrir svona mann og ekki eru mikil líkindi til þess að nokkur fari að nema það án nokkurra uppörvunar. Og það er afar-áríðandi að einhver Íslendingur leggi þetta fyrir sig, og því er ekki nema sjálfsagt af þinginu að stuðla að því, og því betra er að veita styrk til þess, þegar ekki er um neinn ákveðinn mann að ræða. Bezti styrkurinn er alt af sá, sem er veittur út í loftið, ekki til neins viss manns; þar er auðséð nauðsyn fyrir hendi og getur ekki verið um það að tala að agitation hafi ráðið styrkveitingunni.

Það er mjög þýðingarmikið að koma upp vatnsfyrirtækjum hér á landi, að veita frjósömu jökulánum yfir láglendið svo þar verði alt þakið kafgresi. Þetta er því sjálfsagðara, þar sem náttúran sjálf hjálpar þar til. Eg hefi oft hugsað um hólminn í Héraðsvötnunum. Engum hefir þar dottið í hug að veita ánni yfir hann, sem væri þó svo auðvelt að gera, svo þar yrðu frjósamar engjar. Og gaman væri að sjá Fljótsdalinn kafloðinn af grasi þegar búið væri að veita Lagarfljóti yfir sléttumar þar, eða þá engjarnar á Valþjófsstaðaklaustri þegar búið væri að veita Jökulsá yfir þær. Já, það er sannarlega þörf á manni til þess að gera þetta. Það er ekki að eins nauðsyn, heldur lífsnauðsyn, til þess að fá slíkan mann. Og það er því ekki statsökonomiskt gert að fella burtu styrk handa manni til þess að nema þetta, ef ske kynni að einhver vildi leggja það fyrir sig.

Eg hefi leyft mér að koma fram með eina breyt.till. á þgskj. 844 við 16. gr. 26. Vil eg geta þess að þetta er einasta breyt.till., sem eg hefi komið fram með við fjárlögin.

Vil eg nú leyfa mér að gera stutta grein fyrir þessari breyt.till. minni:

Það hefir verið stofnað nýlega félag hér í bænum, sem nefnist Heimilisiðnaðarfélag Íslands. Vil eg leyfa mér — með leyfi hæstv. forseta — að lesa upp 1. gr. í lögum þessa félags. Hún hljóðar svo:

»Það er tilgangur félagsins, að auka og efla þjóðlegan heimilisiðnað á Íslandi, stuðla að vöndun hans og fegurð, og vekja áhuga manna á því að framleiða nytsama hluti. Jafnframt skal félagið stuðla að sem arðvænlegastri sölu á íslenzkum heimilisiðnaðarafurðum, bæði á Íslandi og erlendis«.

Þetta félag hefir nú sent þinginu umsókn um styrk, því stofnendum félagsins er ljóst, að það getur ekki unnið styrklaust, þar sem félagið ætlar sér að hafa námsskeið og deildir út um alt land. Eg játa það, að fjárlaganefndin hefir haft fulla ástæðu til þess að synja félaginu um þann styrk, sem það bað um, því það var nokkuð frekt af félaginu að fara fram á svo háan styrk — 5000 kr. — þegar það hefir ekki sýnt það í neinu, að það eigi skilið að fá styrk, þegar það er ekki tekið til starfa enn þá. En hitt er ljóst, að hér er um breytingu að ræða, sem er okkur Íslendingum mjög nauðsynleg og því hefi eg leyft mér að koma fram með brtill. um það að þingið veiti félaginu 500 kr. styrk hvort árið. Þetta yrði að eins til uppörvunar að halda félaginu áfram og nokkur hjálp til þess að agítera til þess að fá nýja meðlimi í félagið, því svona félagsstofnun þurfum við að fá. Svona félög hafa verið stofnuð á öllum norð urlöndum — mjög mörg í Noregi og Svíþjóð og allmörg í Danmörku — og alstaðar í öllum þessum löndum hafa félögin gert stórmikið gagn, enda hafa þau líka verið styrkt til þess úr

ríkissjóðum landanna og þykir öllum það borga sig vel.

Það er eitt félag í Svíþjóð, sem eg veit um að hefir selt heimilisiðnaðarafurðir fyrir 272 þús. kr., og hefir það alt verið unnið í tómstundum. Þessi félög kenna mönnum og venja menn á iðjusemi, nota hverja tómstund til þess að vinna eitthvert gagn, vekur ást til vinnunnar — vekur ást og ánægju yfir lífinu.

Í skýrslu frá einu félagi norsku segir frá einum ungum manni, sem vann sér þannig inn 9000 kr. Var það alt fyrir vinnu, sem hann hafði unnið í tómstundum sínum. Þessi maður keypti sér svo jörð fyrir 4000 kr. og vann að jörðinni á eftir og alt þetta í frístundum sínum. Er það eftirtektarvert, að þessi maður hafði áður ætlað til Ameríku af því honum fanst hann ekki hafa nógu góða atvinnu. En svo fór hann í eitt af þessum félögum og nú vill hann ekki lengur fara til Ameríku og iðrast ekki eftir því að hafa farið í félagið.

Dæmi upp á það, sem þessi smávegis iðnaður getur unnið að, er t. d. það, að flétta körfur úr tágum. Það er fremur einfalt verk og er alveg eins hægt að gera það hér og í öðrum löndum.

Árið 1893 voru fluttar inn í Noreg úr Svíþjóð körfur fyrir líðlega 50 þús. kr. En svo kom upp heimilisiðnaðurinn í Noregi og nú er svo langt frá því, að þeir sæki þetta til Svíþjóðar, að nú flytja þeir út körfur fyrir 158 þús. kr. á ári, auk alls, sem þeir brúka handa sjálfum sér. Þetta er nú ekki nema eitt lítið dæmi, en svona er það á mörgum sviðum.

Nú er því svo farið hér á Íslandi, að allmargir hafa lítið að vinna á vetrum. Að vísu er nú fólksekla í sveitum, en þá er allur sjávarlýðurinn, sem oft og einatt verður að liggja í landi. Væri nú ekki munur, ef hann vendist á að gera eitthvað til þarfa þannn timann? Nú er svo komið, að $^1/_8$ þjóðarinnar á heima í kauptúnum og sjávarþorpum, og í Reykjavík einni eru um 13% af öllum landsmönnum. Þar var veiðitíminn ekki nema 28 vikur árið 1908, en að meðaltali um land alt var hann ekki nema 20 vikur. Væri nú ekki gott, að þessi lýður gæti aukið tekjur sínar með einhverri aukavinnu? Ætli þá færu ekki færri á sveitina en nú?

Nú sem stendur er varið um 150 þús. kr. á ári til sveitarstyrks. Þær þúsundir mundu verða færri, ef Íslendingar temdu sér heimilisiðnað. Það má búa hér til margt, sem nú er fengið annarstaðar að, t. d. flytjum við inn barnaleikföng fyrir rúml. 30 þús. kr. á ári, og eru mörg þeirra ljót og ósmekkleg, og allar líkur til þess, að vér gætum gert þau betur sjálfir, því að Íslendingar hafa ætíð haft orð á sér fyrir að vera hagir menn. Ekki getum vér einu sinni búið oss til höfuðföt eða hálslínið, og ef einhver á silkihatt, þá er ekki hægt að fá hann burstaðan, því að burstar eru ekki búnir til hér á landi. Auk þess er hér það verkefni fyrir hendi, að halda við þjóðlegum iðnaði, því að hér hefir verið þjóðlegur iðnaður í landinu, þótt hann sé nú að því kominn að deyja út, en hann þarf að rísa upp endurfæddur. Eg vona því að þingið muni styðja þessa tillögu, því að það er hvöt fyrir félagið, og eg efast ekki um að það verður álitið verðugt fyrir styrkinn síðar, þegar það hefir sýnt trú sína í verkinu.

Þá er brt. frá járnbrautarnefndinni við 16. gr. 32, um að veittar séu alt að 18,000 kr. til frekari rannsókna á járnbrautarstæðinu. Eg er nú í nefndinni og hefi ekki gert ágreiningsatkvæði um þessa tillögu, en eg tók það fram í nefndinni, að eg er henni mótfallinn. Ekki svo að skilja, að eg sé móti því,

að fé sé veitt til frekari aðgerða í málinu. Eg er eins og allir vita einmitt stálharðari járnbrautarmaður en flestir aðrir. Hitt er það, að eg álít að nú hafi þegar verið gert nóg í þessu máli til þess að hægt sé að halda því í horfinu, og að nú liggi næst fyrir að fara að útvega tilboð til járnbrautarlagningarinnar, og um þau tilboð á svo þingið að dæma. En til þess að útvega það tilboð, þarf fé. Það er ekki nóg að auglýsa eftir því, heldur verður að senda mann utan, sem hefir í höndum öll skilríki þessu viðvíkjandi, og þess vegna er eg meðmæltur brt. háttv. 2. þm. Húnv. (Tr. B.) um að veita 4000 kr. í þessu skyni. *(L. H. Bjarnason:* Vill háttv. þingm. fara sjálfur fyrir það fé?). Hvað sem um það er, veit eg, að ekki kostar svo mikið að fara t. d. til Lundúna og Parísarborgar. Það er talað um, að betur þurfi að rannsaka snjóþyngslin á brautarstæðinu en gert hefir verið. Eg álít nú að það sé hreinasta óráð að vera að fá sérfræðing frá öðrum löndum til þess að rannsaka þetta og annað eins. Ef nokkuð á úr því að verða, þá verður að fá eitthvert félag til þess að taka það að sér, og það gerir ekkert félag án þess að senda af sinni hálfu verkfróðan fulltrúa til þess að rannsaka alt það er að brautarlagningunni lýtur. Það er því ekki annað en að kasta peningunum í sjóinn, að landið fari að kosta þessa frekari rannsókn. Það getur það sparað sér.

Ef landssjóður ætlaði sjálfur að taka járnbrautarlagninguna að sér, þá væri þetta auðvitað sjálfsagt. En eg álít að málið sé alls ekki komið á þann rekspöl enn þá, að eg þori að leggja slíkt til fyrir landssjóðs hönd. Og undir öllum kringumstæðum yrði sú aðferð aldrei annað en þrautaúrræði, ef annað bregzt.

Eins er það of snemt að að tala um það nú, hvort nota eigi gufuafl eða rafmagn. Fyrst er að vita, hvort brautin verður lögð yfir höfuð. Þetta er eins og að smíða negluna á undan bátnum, því að það verður aldrei svo mikill munur á rekstrarkostnaðinum, hvort hreyfiaflið sem tekið er, að það ríði mikinn baggamun þegar um það er að ræða, hvort brautin á að komast á eða ekki. Hins vegar tel eg líklegast, að rafmagnið verði ofan á þegar til kemur, því að nú er t. d. í Svíþjóð verið sem óðast að breyta hreyfiafli járnbrautarvagnanna úr gufuafli í rafmagn. Og sama er að segja um Ameriku. Og þá tel eg ekki nema sjálfsagt í landi, sem hefir jafnmikið vatnsafl og hér er, að nota það, heldur en að kaupa aflframleiðsluna frá öðrum löndum.

Eg hefi nú talað nokkuð lengi, og þótt eg hefði gjarnan viljað taka nokkuð fleira fram, þá vil eg ekki eyða meiri tíma en þetta. En eg vil að það komi greinilega fram, að þótt eg sé í nefndinni og hlyntur járnbrautarmálinu, vil eg þó ekki þessa háu fjárveitingu til framhaldsrannsóknarinnar.

**Ráðherrann (H. H.):** Mótbárur háttv. þm. Sfjk. (V. G.) móti tillögu nefndarinnar um það, að fella burtu þær 14000 kr., sem háttv. Ed. hefir bætt inn í fjárlögin til þess að kaupa símastöðvarhúsið á Akureyri, koma mér til þess að bæta nokkrum orðum við ræðu háttv. framsögumanns. Háttv. þm. Sfjk. sagði, að sér skildist svo, að fleiri þræðir bættust við í grend við stöðina inni á Akureyri en út á við til Oddeyrar og að þeim fjölgaði þar lítið. Þetta er alveg þveröfugt við það sem er í raun og veru, og sýna þessi ummæli, að háttv. þm. hlýtur að vera gersamlega ókunnugur því, sem hann er að tala um.

Sannleikurinn er sá, að símastöðin liggur hér um bil á enda bæjarsímakerfisins, sem er afarmikið á lengdina,

en lítið á breiddina. Kaupstaðurinn, sem talsímakerfið nær yfir, er eins og kunnugt er, tvískiftur, Akureyri innar og Oddeyri utar, með langri strandlengju á milli. Eg man ekki vegalengdirnar, en þar eru 20 mínútna hraður gangur eða vel það frá Akureyri út á Oddeyri, í miðja bygðina. Fyrir framan stöðina, í »Fjörunni« svo nefndri, eru að eins örfáir símanotendur; flestallir eru fyrir utan hana, og langflestir alla leið úti á Oddeyri. Það eru ekki að eins tífalt *fleiri* tvöfaldir þræðir, sem liggja út á bóginn, heldur líka tífalt *lengri* þræðir. Af þessu sést, hve afarmikil eyðsla á koparþræði það er, að hafa stöðina þar sem hún er. Þetta var ekki fyrirsjáanlegt í fyrstu, en þannig hefir símanotkunin orðið í reyndinni. Utan til í bæjarumdæminu, þar sem meginþorri notenda er, er afarmikil óánægja yfir því, að stöðin skuli vera svona illa sett fyrir þá og fjarlæg þeim, og í seinni tíð hafa komið fram kærur og ákafar óskir um, að stöðin sé flutt í centrum kerfisins, á Torfunef, sem er mitt á milli kaupstaðarhlutanna.

Þegar landsímastjóri gerði þennan margumtalaða samning 1910, að áskildu samþykki Alþingis 1911 og auðvitað stjórnarinnar fyrst, þá var munurinn á bæjarhlutunum og símanotkun þeirra ekki orðinn eins mikill eins og nú. Loft-»kabel« hafði verið lagt á milli, og í því voru eftir margir ónotaðir þræðir, sem hann hélt að mundu nægja um all-langt skeið. En nú er alt upptekið, og ekki unt að fullnægja eftirspurninni frá nýjum notendum ytra, án þess að kaupa nýtt, dýrt loft-kabel alla leið frá stöðinni, því af lausum þráðum kemst ekki meira á staurana. Væri stöðin flutt út á Torfunef, gæti það *Kabel* verið helmingi styttra.

Landsímastjórinn, sem telur sig lausan við samningsuppkastið frá 1910, þegar af þeirri ástæðu, að kaupin hafa ekki verið samþykt af stjórn og þingi 1911, hefir lagt það til, að bygt væri nýtt hús við Torfunef handa símanum, en stjórnin vildi eigi fallast á það, að þörf væri á nýrri bygging, heldur mætti fá nóg húsnæði til leigu, ef nauðsynlegt yrði álitið að flytja stöðina. Bréf hans um þetta var því sent til fjárlaganefndar neðri deildar, og jafnframt barst henni frá stjórnarráðinu erindi frá eiganda núverandi símastöðvarhúss um kaup á hans húsi, sem hann hafði beint til stjórnarráðsins. Nefndin bað um ákveðnar tillögur stjórnarinnar, og stjórnarráðið svaraði þannig, að það áliti enga þörf á því, að veita fé, hvorki til þess að kaupa hús né byggja nýtt hús, og gat þess jafnframt, að svo framarlega sem nauðsynlegt yrði álitið að flytja stöðina, þá væri fengið tilboð um ágætt húsnæði fyrir miðstöð í húsi Íslandsbanka á Torfunefi, með vægum leiguskilmálum, en fullri trygging fyrir því, að ekki þyrfti að flytja aftur í náinni framtíð. Eftir þetta synjaði fjárlaganefndin hér um fé til húskaupanna og þar með áleit eg þetta mál úr sögunni. En svo — setur efri deild inn í fjárlögin, án þess að leita álits símastjóra né landstjórnar — 14000 kr. fjárveiting til þess að kaupa það hús, sem síminn er nú í, að því er mér skilst aðallega af þeirri ástæðu, að það væri svo ákaflega dýrt að flytja þræðina.

Sá maður, sem nú er settur símastjóri, kom rétt nýskeð til mín og skýrði mér frá, að það sem sparaðist við það, að hafa stöðina miðja vega milli Akureyrar og Oddeyrar, mundi nema meiru en flutningskostnaðinum, auk þess sem þá mundi árlega sparast talsvert fé fyrir landið. Sagði hann jafnframt, að þó að þetta hús kostaði ekki nema 14.000 kr., þá væri ekki þar með nóg, því að ef það væri keypt, yrði að gera við það

fyrir alt að 3000 kr. í viðbót. Mér er ekki kunnugt um virðingargerð á húsinu, en þó að eg viti, að það er í sjálfu sér gott hús, bygt úr góðu efni og nýlegt, þá get eg búist við því, að það sé rétt, að það þurfi viðgerða við. Eftir þessu mun húsið standa landssjóði í alt að 17.000 kr., ef það er keypt, auk ins aukna kostnaðar við helmingi lengra loft-kabel og lengri þræði þar fyrir utan.

Á þessum útgjöldum ætti því síður að vera þörf, sem landið hefir leigusamning um núverandi stöðvarhús, óuppsegjanlegan af eigandans hálfu í 10 ár, og getur því, ef það vill afsala sér þráðarsparnaðinum við að flytja stöðina, haft hana áfram í því húsi í friði, án 17000 króna framlags til kaupa og viðgerða.

Þó að eg játi það, að ið umrædda kaupsamnings-uppkast landsímastjóra kunni með nokkrum rétti að hafa vakið vonir hjá eiganda hússins um það, að húsið yrði keypt, þá liggja ekki fyrir sannanir um það, að hann tapi neinu, þótt húsið sé ekki keypt. Það er þvert á móti ólíklegt, ef húsið er svo gott, sem af er látið. En jafnvel þótt hér kynni að vera um eins konar samningsrof að ræða og skaðabóta-skyldu þar af leiðandi, þá álít eg betra fyrir landssjóð, að bæta skaðann með einhverju fé, en að taka fram fyrir hendurnar á hlutaðeigandi stjórnarvöldum í þessu máli og skipa þeim að gera það, sem þau álíta rangt í teknisku tilliti, og fjárhagslega skaðlegt fyrir landssjóðinn. Slíkt álít eg misbeiting löggjafarvalds.

Ekki get eg heldur verið samþykkur háttv. þingmanni Seyðfirðinga um járnbrautarmálið. Ef ekki á að leggja það mál algerlega á hilluna — og það vill háttv. þingmaður þó ekki — þá verður að veita til frekari undirbúnings þess meira en þessar 4000 kr., sem tillaga hv. 2. þingmanns Húnv. fer fram á. Það er nauðsynlegt að gera eitthvað til þess að beina þessu máli í áttina og þá liggur fyrst fyrir að útvega vanan járnbrautarverkfræðing frá útlöndum til þess að leggja síðustu hönd á rannsóknirnar, ekki af því eg álíti ekki þá verkfræðinga, sem um þetta hafa fjallað, fullhæfa og áreiðanlega, heldur af hinu, að út á við mundi hitt þykja tryggilegra til samninga, ef vanur járnbrautamaður hefði samþykt áætlun þeirra og undirbúningsmælingar. Auk þess er enn eftir að »nivellera« allmikið af járnbrautarstæðinu austur að Þjórsá, og hefir áætlunin um þann hluta hingað til verið bygð eingöngu á ágizkun.

Að ætlast til þess, að eitthvert útlent félag geri þessar síðustu rannsóknir á sinn kostnað, er ekki rétt athugað. Eg get ekki búist við því og álít það ekki æskilegt heldur, að félag, það sem á sínum tíma tekur að sér þessa járnbrautarlagningu, yrði algerlega útlent félag. Réttast væri að það yrði innlent félag, sem fengi peningana til þess frá útlöndum, og þá yrði það félag að kosta þessar rannsóknir, ef landssjóður gerir það ekki, því að ekki mundu bankarnir, sem útvega eða lána því peningana, gera það. En efnahag vorum er nú svo farið, að fáir hér eru svo auðugir, að það mundi ekki draga úr lönguninni til þess að bindast fyrir málið og taka »concession«, ef sá böggull fylgdi skammrifi, að þurfa að kosta fyrst þessar rannsóknir úr eigin vasa.

Það eru því alveg sérstakar ástæður til þess hér, að landið taki þetta að sér, og þess vegna er eg með brtill. nefndarinnar, og álít fé, sem þar er stungið upp á, alls ekki of mikið, því að auk þess sem eftir er að rannsaka allmikið, þarf líka að leggja fram kostnað til þess að leita útlendrar aðstoðar til fyrirtækisins, og má búast við því, að til þess þurfi að leita víðara en í næstu löndum.

Og þeir menn, sem sendir yrðu í þeim erindagerðum, yrðu ekki einungis að fá nóg fé til þess að borga fyrir sig á gistihúsum, þeir yrðu líka að hafa eitthvað fyrir snúð sinn — eitthvert ofurlítið kaup fyrir vinnu sína.

Eg álít þess vegna, að allir, sem eru málinu hlyntir, hljóti að greiða atkvæði með hærri upphæðinni — átján þúsund krónum. Það er ekki hægt, með því svona langt er komið málinu, að fara neinn milliveg héðan af, annað hvort verður að fella allar fjárveitingar í þessu skyni, eða þá að veita annað hvort 4000 kr. eða 18.000 kr., eftir þeim tillögum, sem fyrir liggja.

Þá vildi eg minnast á eitt lítið atriði. Háttv. 2. þm. G.-K. (Kr. D.), mælti með því að landið keypti fyrir 1750 kr. vitajörðina á Reykjanesi. Mér er ókunnugt um undirbúning þessa máls. Það getur verið að vitamálastjóri hafi tjáð sig þessu hlyntan, en þessi tillaga kemur dálítið flatt upp á mig. Eg áleit að þessi málaleitun hefði átt að koma frá eigaṅda jarðarinnar beint til stjórnarráðsins. Hitt er ekki heppilegt að þetta komi nú fram hér við eina umr. fjárlaganna. Eg veit ekki, hvort þetta er hæfilegt verð eða ekki, en hitt veit eg, að landssjóður er trygður með samningi hvað vitann snertir, óuppsegjanlegum af jarðareiganda hálfu. Landið borgar eigandanum 75 kr. á ári og það er ekki meira en renturnar af þessu kaupverði, svo eg skil ekki, hvern hag landið ætti að hafa af kaupunum. Og þess vegna held eg að vel mætti bíða átekta með þetta mál að sinni.

Háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) hélt því fram enn, að það, hvort Eimskipafélag Íslands geti komist á fót eða ekki, sé algerlega undir því komið, hvort strandferðaskilyrðinu sé kipt burtu eða ekki.

Jafnframt sagði hann að það, hvort félagið gæti tekið að sér strandferðirnar eða ekki, væri komið undir því, hvort landssjóður gæti útvegað þetta 400 þús. kr. lán til aktíukaupa eða ekki. Fyr en stjórnin hefði lýst yfir því að sú upphæð fengist, væri engin vissa fyrir því að samningar tækjust við félagið um strandferðirnar. Eg vildi segja út af þessu, að hér kennir alveg óvænts barlóms hjá háttv. þm. Eg veit ekki betur en að sagt hafi verið hér um daginn, að forstjórar beggja bankanna væru fúsir til að hlaupa undir baggann með landssjóði, ef hann fengi ekki lán til aktiukaupanna annarsstaðar, og eg fyrir mitt leyti held, að jafnvel þó að bankarnir hér gætu nú ekki aðstoðið, þá hefði stjórnin einhver ráð með að merja út lánið, ef hún hefði óbundnar hendur um kjörin. Félaginu er alveg óhætt að setjast á laggirnar landssjóðsins vegna. Hann skal standa við orð þingsins.

**Stefán Stefánsson:** Það eru að eins nokkur orð sem eg vildi segja viðvíkjandi viðaukatill. minni á þgskj. 821. Eg þarf ekki að vera margorður, því að þetta er í þriðja skiftið sem till. er borin undir atkvæði deildarinnar og mundi það því ekki verða annað en endurtekning, ef eg færi að segja eitthvað um hana nú, eins og reyndar fleiri ræður manna við þessa umræðu. Það sem hvatti mig til þess að bera till. fram í þriðja sinn, var það, að við 3. umr. hér í deildinni fékk hún svo óvenjugóðan byr, að hún var samþykt með 15 atkv. gegn 1 eða 2. Eg vildi þess vegna ekki hætta við svo búið, en taldi sjálfsagt að bera hana fram, jafn vel þó að mér virðist anda fremur kalt til hennar frá háttv. framsögum. fjárlaganefndarinnar.

Eg hefi áður sagt, hverjar ástæður eru til þess, að fjárbeiðni þessi er fram komin, og hver nauðsyn er á brúar-

byggingunni. Nauðsynin er aðallega í því fólgin, að skólabörn þurfa að sækja yfir ána mestan hluta vetrar. Auk þess er öll aðalumferð austan Eyjafjarðarár af stóru svæði yfir hana allan þann tíma, sem Eyjafjarðará er óreið að vorinu. Það er ekki mikill munur á umferðinni austan Eyjafjarðarár, þar sem þessi á er, og vestan hennar þar sem þingið hefir þegar lagt fram fé til þriggja steinsteypubrúa. Þær brýr hefir landssjóður kostað að öllu leyti, en hér er að eins farið fram á að hann leggi til $^1/_4$ af áætluðum kostnaði. Alt hitt ætlar eitt sveitarfélag að leggja fram auk alls þess sem það þarf að leggja til annars, svo sem til akvegar eftir endilangri sveitinni. Til þess vegar er ekki einasta lagt fram svo hátt hreppavegagjald sem lög leyfa og sýsluvegagjald, heldur leggja menn einnig til ókeypis allmikla vinnu. Alt þetta mælir svo mikið með brúargerðinni, að mér finst að þingið geti ekki leitt hjá sér, að sýna fyrirtækinu þó þann sóma að borga $^1/_4$ af kostnaðinum. Mér virðist að þeir sem hér eiga hlut að máli, sýni svo mikinn dugnað, að leggja jafn-mikið til þessa fyrirtækis ofan á öll önnur skyldugjöld, að það sé virkilega viðurkenningarvert. Það eru einar 700 kr., sem hér er farið fram á. 1000—1200 kr. eru þegar fengnar, en 1800—2000 kr. eru enn ófengnar. Nú er í þann veginn verið að byrja á brúarbyggingunni, og þingið getur þess vegna sagt, að brúin komist á þó að það leggi ekkert til hennar. En það sem hvatti menn til að hefjast handa einmitt nú, var það, að þeir búast við leiðbeiningum frá þeim manni, er stjórnar brúarbyggingunum vestan árinnar. Að því leyti kom það sér vel að koma brúnni á einmitt nú og draga það ekki lengur.

Eg skal svo ekki lengja umræðurnar frekar. Eg vona að háttv. þdm. sýni tillögunni sama hlýleik sem þeir gerðu við 3. umræðu. Um aðrar till. ætla eg ekki að tala, menn hafa nú minst á þær flestar, en mun sýna það með atkvæði mínu, hvernig eg lít á þær.

**Björn Kristjánsson:** Háttv. þm. Sfjk. (V. G.) var enn að tala um þetta Eimskipafélagsskilyrði. Af fyrri hluta ræðu hans var að heyra að hann væri líkrar skoðunar og áður um það atriði. En á síðari hluta ræðunnar skildist mér hann gera þó ráð fyrir því, að svo gæti farið, að ekkert yrði úr samningunum um strandferðirnar, ef féð fengist ekki til þeirra. Hann sagði að þá mætti grípa til að veita fé á fjáraukalögum á þinginu 1914, ef samningarnir tækjust ekki. Þetta er alveg réttur skilningur, en annað mál er það, hvort það er tiltækilegt úrræði. Ef félagið fær ekki skýlausan, skilyrðislausan styrk nú þegar, getur það ekki haldið *stofnfund* sinn fyr en eftir þing 1914. *En þá ætti það að vera búið að gefa út áætlanir sínar fyrir árið 1915.* Það var þetta, sem eg vildi benda á. Félagið getur ekki stofnast fyr en það hefir fengið beina skilyrðislausa fjárveitingu. Á því er útboðsskjalið bygt.

Eg get vísað til nefndarálitsins á þgskj. 835 viðvíkjandi þeim tryggingarákvæðum handa félaginu, sem samgöngumálanefndirnar í báðum deildum hafa komið sér saman um að benda á. Þar er eitt atriði sérstaklega, sem alveg *vantar* í nefndarálitið, sem valdið gæti ágreiningi milli landsstjórnarinnar og félagsins, og það er skifting arðsins. Það er eðlilegt, að ekki sé svo gengið frá þessu máli sem skyldi, því hefir verið flaustrað svo af, vegna naumleika tímans. Um önnur atriði, sem tekin eru fram í nefndarálitinu, gæti líka orðið ágreiningur, en sérstaklega er hætt við því um þetta eina atriði, er eg gat um.

Auðvitað veltur þetta mál algerlega

á því, hvort stjórnin er hlynt því eða ekki. En nú er það vitanlegt, að hún er það alls ekki. Það er þess vegna nauðsynlegt, að fá að vita, hvort nokkur von er um að stjórnin fari eftir þeim bendingum, sem í " nefndarálitinu standa. Út af því vildi eg mega gera tvær fyrirspurnir til hæstv. ráðherra.

1. Vill hann lýsa yfir því að hann vilji og treysti sér til að útvega 400 þús. kr. lán til strandferðanna?

2. Vill hann skuldbinda sig til að komast að samningum við Eimskipafélagið um öll atriðin viðvíkjandi strandferðunum?

Eg spyr ekki af því, að eg viti ekki fyrirfram, hvert svarið verður. Eg veit, að hann segir *nei* í báðum tilfellunum. Hann getur ekki svarað þeim játandi. *(Ráðherrann:* Eg get svarað strax, eg segi *nei* við báðum spurningunum). Eg vissi það. En það sýnir glögglega, að engin trygging er fyrir því að félagið geti stofnast nema styrkurinn sé veittur skilyrðislaust á fjárlögunum.

Það sýnir, að þetta atriði, sem eg hefi barist fyrir bæði hér í deildinni og í samgöngumálanefndinni, er á rökum bygt Það er því engum blöðum um það að fletta, hvað deildin á að gera. Hún á að samþykkja till. okkar þriggja þingmanna, eins og hún gerði svo rækilega síðast, þar sem 16 atkvæði voru með henni. Eg skal svo ekki eyða fleiri orðum um málið. Það var aðalatriðið fyrir mér, að fá það skýrt í ljós, hvernig málið horfir við þinginu. Nd. á að láta Ed. bera ábyrgð á því, hvernig þingið skilur við þetta mál.

Út af till. um 18 þús. kr. fjárveitinguna til undirbúnings járnbautarlagningunni skal eg geta þess, að eg er ekki á því að neitt fé eigi að veita. Það er þegar upplýst, að járnbrautarmálið hlýtur að leggjast á hilluna að svo stöddu. Það hefir verið sagt, að innlent félag, en ekki erlent, ætti að hafa með höndum rekstur þessa fyrirtækis. Eg er þá ekki svo kunnugur efnahag manna hér á landi, sem eg hélt, ef það verður ekki að eins *á pappírnum.* Hæstv. ráðherra sagði, að menn hér á landi væru ekki svo efnum búnir, að þeir gætu varið 8—10 þús. kr. til að rannsaka þetta mál verkfræðislega. Þetta er hverju orði sannara. En úr því að efnahagurinn er svona bágborinn, þá má geta nærri, hvernig mönnum gengur að leggja fram eigið veltufé, sem nemur 4—6 miljónum króna.

Hæstv. ráðherra sagði um vitajörðina, að landssjóður hefði engan hagnað af að kaupa hana. Þetta getur rétt verið, því að samningarnir um jörðina eru tryggir. En landssjóður mundi heldur engan skaða hafa af því, og hann munar ekkert um að kaupa þennan litla blett. En manninn, sem vill selja jörðina, munar mikið um það. Og þegar svo standa sakir, þá liggur opið fyrir, hvað landssjóður á að gera. Þetta er ekki svo stórvægilegt mál; það er öðru nær. Maðurinn getur sjálfsagt á einhvern hátt klórað sig út úr sínum örðugu kringumstæðum, þó að jörðin verði ekki keypt. En úr því að svo stendur á, að manninn munar þetta miklu, en landssjóð engu, þá er engin ástæða til að verða ekki við þessum tilmælum.

**Ráðherrann (H. H.):** Eg vildi gera dálítið frekari grein fyrir þessum tveimur *nei*um.

Eg sagði nei við fyrri spurningunni fyrst og fremst af þeirri ástæðu, að eg get ekki vitað nema ein vantraustyfirlýsingartilraunin enn sé á ferðinni og að eg þess vegna fái ekki tækifæri til að fara með þetta mál. Í öðru lagi get eg dáið og alla vegu dottið úr sögunni. En það þykir mér undarlegt, ef stjórnin

hefir óbundnar hendur um alla kosti og kjör lánsins, ef ekki verður hægt að merja það út með einhverju móti einhvers staðar. Þá er orðið lítið úr lánstraustinu, sem sumir gera svo mikið úr að við höfum, og þá skil eg ekki, hvernig menn geta búist við miljónalánum þeim í kaupum á bankavaxtabréfum, sem gert var ráð fyrir í umræðunum um ina nýju 4. Seriu.

Síðari spurningunni svara eg með neii af líkum ástæðum. En eg hygg þó, að ef félagið vill samningana, þá standi ekki á stjórninni, nema ef félagið setur algerlega óaðgengilega kosti. *(Björn Kristjánsson:* Þetta er ekki beint svar). Það er ekki hægt að svara spurningunni öðruvís. Það er alveg áreiðanlegt, að félaginu er óhætt að semja við landssjóðinn áður en nokkur *trygging* er fengin fyrir því að hann fái lánað til aktíukaupa. Félagið getur jafnvel óhætt gert samninginn nú í dag, áður en nokkur tilraun er gerð til þess að útvega lánið. Og þegar samningurinn er gerður, er fullnægt skilyrðinu fyrir því, að félagið fái 40[0?] þús. kr. styrkinn úr landssjóði.

**Bjarni Jónsson:** Það er að eins lítil athugasemd, sem mér gleymdist áðan. Eg sé að fjárlaganefndin hefir, auk þess sem eg nefndi áðan, gert þá breytingu á kaupgjaldi Guðmundar heimspekings Finnbogasonar, sem er illa til fundin, og vænti eg að háttv. deild láti sitja við þá ráðstöfun í þessu efni, sem kom frá Ed. Nefndin fór svo skringilega að um daginn, að hún bætti 500 kr. við kaup hans fyrir bókavarðastarfið, en kipti af honum 600 kr. styrk, sem hann hefir haft til útgáfu heimspekisrita. Þetta var lagfært í Ed., þannig, að bókavarðarkaupið var sett 2000 kr. sem er, eins og allir vita, ekki of mikið hér í Reykjavík, og auk þess veitti deildin honum aftur 600 kr. styrkinn til útgáfu heimspekisrita. Nú sé eg að nefndin leggur til að kaupgjaldið sé fært niður í 1800 kr., en 600 kr. styrkurinn haldist. Þetta er algerlega óviðeigandi þegar um jafngóðan rithöfund er að ræða og Guðmund Finnbogason. Það er fullilt, að hann skuli þurfa að vinna annarlegt starf sínu aðalstarfi, þó að honum sé ekki jafnframt goldið skammarlega lítið kaup fyrir það. Menn verja ekki 16—20 árum af ævi sinni til undirbúnings undir ævistarf sitt til þess að leggja það á hilluna að náminu loknu. Við eigum eina tvo heimspekinga. Annar þeirra Ágúst Bjarnason er nú betur settur, kominn í góða stöðu, þar sem hann getur ævilangt, óhindraður, unnið að starfi sínu. En það getur ekki réttlætt að kosti Guðmundar sé þröngvað framar en þörf er á. Eg vænti þess vegna, að háttv. deild láti sitja við ráðstöfun Ed. Þessa gleymdist mér að láta getið í ræðu minni áðan.

**Kristinn Daníelsson:** Eg vildi segja örfá orð viðvíkjandi því, sem hv. ráherra lét í ljós um þessa litlu breytingartillögu mína, sem fer í þá átt, að landssjóður kaupi vitalóðina á Reykjanesi. Eg kannast við það sem hæstv. ráðherra sagði, að réttara hefði verið að maðurinn hefði snúið sér skriflega til stjórnarráðsins í þessu efni. En það hefir hann einmitt gert, þó að sú málaleitun hafi ekki komið til hæstv. ráðherra sjálfs. Slík smávægileg erindi eru víst venjulega afhent landritara. Þegar landritarinn var hér á þinginu í sumar, átti eg tal við hann um þetta efni og lofaði hann þá að beina því til fjárlaganefndarinnar. Síðar inti eg hann eftir þessu og kvaðst hann þá, að vísu, ekki hafa afgreitt þetta til nefndarinnar, en hann lofaði að gera það. Eins og eg gat um, er umsjónarmaður vitanna þessu eindregið meðmæltur og gaf hann mér vilyrði um, að gefa stjórnarráðinu upplýsingar því viðvíkjandi.

Reiddi eg mig fastlega á að hann hefði gert það. Viðkomandi maður hefir því ekkert forsómað að gera af því sem honum bar að gera í þessu efni. Enda skildi eg ekki orð hæstv. ráðherra svo, að hann vildi leggja á móti þessum kaupum. Verðið er líka svo lágt, að landssjóði má á sama standa, hvort hann geldur árlega leigu eftir þennan blett eða hann geldur þetta litla verð fyrir hann. Eg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta, en vona, að háttv. deild samþykki þessa litlu tillögu mína.

Eg get ekki stilt mig um, að minnast á brtill. á þgskj. 825, sem eg hefi ritað nafn mitt við, um skilyrðin fyrir fjárveitingunni til Eimskipafélagsins. Eg vil undirstryka það, að mér þykir næstum sómi þingsins liggja við, að það geri ekki Eimskipafélaginu erfiðara en nauðsyn er á, að geta orðið til. Við höfum lagt til, að síðari hluti athugasemdarinnar við þennan lið falli burt. Helzt hefði eg kosið að hún hefði öll fallið burt.

Það er svo sem auðvitað, ef félagið kemst ekki á fót, þá er ekki um neinn styrk að tala. En mér finst óviðkunnanleg þessi »ef«, sem sett eru við þessa tillögu, finst þau eigi að takast burt. Það er ekki hlutverk þingsins, að setja »ef« inn í þetta mál. Þjóðin ætlast miklu fremur til, að það taki »ef-in« burtu. Menn voru í efa úti um land, hvort úr þessu gæti orðið, og við vorum spentir úti um land að fá fréttir um, hvort takast mundi að safna nægilegu fé til að koma Eimskipafélaginu á fót. Nú hafa undirtektirnar orðið svo eindæma góðar með þjóð vorri, að auðsætt er, að þjóðin hefir treyst þinginu til að láta þetta mál ekki stranda á sér. Það er undarlegt, að gömlum og útlendum viðskiftavinum landsins í samgöngumálinu, hefir aldrei verið sett slíkt skilyrði, en þegar innlent félag er að rísa á stofn, þá er því sett skilyrði undir eins, sem gera því, að margra dómi — eg segi ekki allra — mjög erfitt eða jafnvel ómögulegt að komast á legg.

Eg leyfi mér því enn að skora fastlega á hv. deild, að nema burtu þetta skilyrði, sem getur hamlað því, að félagið komist á stofn. Eg sé ekki betur en þingið sýni það með þessu skilyrði, að það sé að vinna með hangandi hendi að því að styðja félagið.

**Jón Magnússon:** Eg skil ekki almennilega í því, ef háttv. þingmaður Seyðfirðinga er eins gallharður járnbrautarmaður eins og hann lætur, að hann skuli þá ekki vilja stuðla að því, að málið fái sem beztar viðtökur hér í deildinni. Það liggur í hlutarins eðli, að góður undirbúningur hlýtur að gera málinu mjög mikið gagn. En hvort sem tillaga járnbrautarnefndarinnar eða hin er tekin, þá er hér um litla fjárveiting að ræða, eftir atvikum. Það má vera, að ekki sé óskynsamlegt, að hafa það fyrir augum, að landið sjálft ráðist í það að leggja járnbrautina.

Mér virðist ekki fjarska-langt á milli þess, að landið eignist járnbrautina, og hins, að það ábyrgist rekstrarkostnað hennar, ef aðrir eiga hana.

Eg þykist ekki þurfa að fjölyrða um þetta mál, því að undirtektir hæstvirts ráðherra hafa verið mjög góðar og háttv. fjárlaganefnd styður tillöguna að sínu leyti. Vona eg því, að tillaga járnbrautarnefndarinnar verði samþykt. En 4000 kr. er alt of lítið, það skilur hver maður — jafnvel þó að ekki eigi að gera meira en háttv. þm. Seyðf. viðurkennir að gera þurfi.

**Framsögum. (Pétur Jónsson):** Eg býst nú ekki við að geta svarað öllum þeim mótbárum, sem till. fjárlaganefndarinnar hafa fengið. Eg ætla að

drepa á þær helztu og svara þeim í sömu röð, sem þær hafa komið fram, án tillits til efnis þeirra.

Háttv. þingm. N.-Ísf. (Sk. Th.) talaði fyrstur og kvartaði mjög yfir meðferð fjárlaganefndarinnar á sér út af skilyrðinu fyrir veitingunni til brimbrjótsins, og fanst honum sú framkoma eitthvað svo sérstakleg, að hann taldi hana fágæta í þingsögunni.

En eg get bent á annað, sem hefir verið mjög fágætt hér á þingi, viðvíkjframkomu háttv. þingmanns N.-Ísf. Hann, fjárlaganefndarmaðurinn, hefir fult eins oft greitt atkvæði móti tillögum fjárlaganefndarinnar eins og með þeim, *(Skúli Thoroddsen:* Þetta eru ósannindi) — án þess að hafa gert ágreiningsatkvæði áður í nefndinni nema í fáum tilfellum. Það er nú samt ekki af hefnd fyrir þetta, sem meiri hlutinn hefir haldið fram þessu skilyrði, heldur af alt öðrum ástæðum og kem eg síðar að bylgjubrjótsmálinu.

Háttv. 1. þingm. G.-K. (B. Kr.) mintist fyrst á vegabreytingartillögu frá þeim þingmönnum sýslunnar og kvartaði yfir meðferð efri deildar á þessu kjördæmi, sem væri ið eina, er synjað hefði verið um allan vegabótastyrk. Sams konar kvörtun kom og fram frá háttv. þingm. A.-Sk. (Þ. J.).

Þetta er að vísu svo, að efri deild strykaði út fjárveitinguna til vega í báðum þessum sýslum. En þetta er þó ekki ósanngjarnt, því að ef gætt er að, hvernig haga skal vegagerð af landssjóðs hendi, þá er auðsætt, að fara verður eftir einhverju ákveðnu »plani«, veita ríflega til þeirra vegagerða, sem mest er þörfin á, en brytja ekki fjárveitingarnar í smá stykki til hinna og þessara vegaspotta, og það er réttara að byggja á tillögum verkfræðings en annara, því að hann hefir langmestan kunnugleik og getur litið óhlutdrægara á málavöxtu en nokkur einstakur þingmaður. *(Björn Kristjánsson:* Nei!) Mér er sama hvað þingmaðurinn segir.

Það er »plan« verkfræðingsins, sem hann gerði nákvæma grein fyrir 1907, að láta einkanlega flutningabrautir og akfæra þjóðvegi sitja fyrir, eftir sem eðlilegastri röð, en láta sér síður ant um þá vegi, sem að eins verða gerðir reiðfærir og takmarka því mjög kostnað til þeirra þangað til hinir væri frá hendi. Nær þetta að minsta kosti til veganna í Austur-Skaftafellssýslu. En hvað snertir veginn milli Keflavíkur og Grindavíkur, þá er á það að líta, að þetta kjördæmi hefir á undanförnum árum fengið svo ríflegan styrk og setið fyrir öðrum kjördæmum um fé til sýsluvega, að það er ekki nema sanngjarnt og eðlilegt, að nú verði nokkurt hlé á.

Báðir inir háttvirtu þingmenn Gullbringu og Kjósarsýslu töluðu um skilyrðin, sem efri deild setti Eimskipafélaginu. Eg hefi sloppið að mestu við að tala um þetta mál, því að háttv. þm. Sfjk. (V. G.) svaraði þeim að mestu og sömuleiðis tók hæstv. ráðherra í sama strenginn. Röksemdir háttv. þingmanna G.-K. voru að mestu inar sömu, sem fram komu við aðra og þriðju umræðu, og ekkert nýtt fram komið frá þeim, þó að ný atriði hafi á hinn bóginn komið fram í málinu. Áður virtist ekki óhugsandi, að fleiri kosta væri völ, en nú engra, nema taka sjálfir við strandferðunum — ásamt millilandaferðunum að nokkru leyti.

Háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) hefir að undanförnu í samgöngumálunum viljað láta landssjóðinn taka að sér strandferðirnar. Hann hefir talið það auðvelt fyrir landssjóð að kaupa skip til strandferða. Það mætti fá lán út á hálft verð bátanna, og ef um þrotnaði, mætti leita til bankanna hér, sem hlaupa mundu undir bagga með hinn helminginn. En

nú telur hann öll tormerki á að stjórnin geti fengið lán til hluttöku í Eimskipafélagi Íslands. Þetta er hrein og bein mótsetning, og undarleg fávizka að halda því fram, að þetta sé torveldara heldur en að kaupa skipin.

Nei, þessi framkoma þingm. öll er næsta undarleg og undarlegt að byggja rökfærslu á svona grundvelli.

Hinu trúir enginn, að stjórnin vilji ekki styðja þetta mál þegar menn hafa heyrt undirtektir hæstv. ráðherra og vita vilja þjóðarinnar. Það er undarleg framkoma, að vera jafnan að núa hæstv. ráðherra þessum tilefnislausu getsökunum um nasir. Það er sífelt látið klingja, að skilyrði efri deildar um styrkinn til Eimskipafélagsins sé sett inn til að drepa og eyða og spilla fyrir málinu. En þessu mætti fremur snúa til bráðabirgðastjórnar Eimskipafélagsins, sem ekki hefir gert það í máli þessu, sem henni bar að gera, heldur agiterað á móti þessu skilyrði. Hún átti að leita sér upplýsinga um vilja þjóðarinnar, eins og henni hafði verið innan handar.

Sæmra væri mönnum að taka þetta samgöngumál rólega og í sannri eindrægni í stað þess að skemta Samein. félaginu með því að láta það fréttast, að alt þetta mál strandi hér á sundrung og ósamlyndi. Eg veit það gæti ekki fengið betri fréttir, en að alt þetta fyrirtæki færi nú í mola fyrir tómar hnippingar. Og það er forgöngumönnunum að kenna, ef svo fer, því að þjóðin hefir tekið svo vel í þetta mál og þingið hefir sýnt svo mikla rausn og djarfleik, sem frekast er unt að vænta.

Þá vík eg að því, sem háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.) sagði um vegabætur í sinni sýslu. Eg hefi svarað því áður. En honum fanst eg hafa talað af nokkuð miklum þjósti, og ef svo er, þá hefir mér orðið það óvart, og get fúslega beðið velvirðingar, ef eg kann að hafa móðgað hann. Það var hreint ekki ætlun mín. Fjárlaganefndin vill ekki taka upp þessa fjárveiting aftur, fyr en verkfræðingur hefir athugað vegarstæðið og gert kostnaðaráætlun.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) minnist á skilyrðin, sem efri deild setti fyrir náms- og húsaleigustyrk til nemenda háskólans. Nefndin hefir ekki viljað fella þetta skilyrði. Og mér er kunnugt um, að þetta er ekki sett inn í Ed. til að sýna innanbæjarmönnum ósanngirni. Hins vegar lítur hún svo á, að það sé yfir höfuð miklu erfiðara fyrir utanbæjarnemendur að komast hér áfram. Finst ýmislegt benda á, að léttara sé fyrir þá menn að stunda hér nám, sem eiga aðstandendur eða foreldra í Reykjavík, og á það bendir sá mikli fjöldi, sem héðan sækir í skólana.

Háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ól.) og háttv. þm. Dal. (B. J.) töluðu báðir um brimbrjótinn í Bolungarvík. Það er að nokkru leyti framhald inna miklu fyrirlestra, sem haldnir voru í Ed. um það, hve óskaplegt verk það væri, að beinast gegn slíku nauðsynjamáli. Þeir hafa sýnt fram á nauðsynina og þá miklu nytsemd og arð, sem af fyrirtækinu leiddi. En um þetta hefir aldrei verið ágreiningur, og fjárlaganefndirnar hafa aldrei lagt ilt til málsins, svo að allar þessar ræður voru að því leyti ónauðsynlegar. En þær hafa viljað haga þessu máli eins og öðrum slíkum, að láta eitthvað koma í móti frá hlutaðeigendum, og ef fyrirtækið er svo arðvænlegt, sem af er látið, þá lendir sá arður auðvitað hjá þeim, sem að brimbrjótnum búa, og er þar fengin sönnun fyrir, að þeir geti talsvert á sig lagt. Svo liggur engin kostnaðaráætlun um það fyrir þinginu og enginn veit, hvar

lenda muni með kostnaðinn til þess að fyrirtækið komist fram.

Hv. þm. Sfjk. (V. G.) mintist á símastöðina á Akureyri og landssímastjórann og fór ómildum og jafnvel móðgandi orðum um hann, og bar þar fyrir sig skjöl þess máls. Hæstv. ráðherra svaraði þessu svo ítarlega, að eg finn ekki ástæðu til að vera fjölorður um það, enda stendur málið stjórninni nær. Eg var upphaflega kunnugur þessu máli, og símastjórinn hefir ekki farið með rangt mál það sem minn kunnugleiki nær, nema þar sem hann talar um, að þingið hafi felt tillögu sína um húskaupin, þá er það misskilningur, því að það var stjórnin sem gerði það.

Þá mælti háttv. 1. þm. Eyf. (St. St.) enn með brúnni á Þverá, og trúði eg hverju orði sem hann sagði um nauðsynina á brúnni og miklum framlögum Eyfirðinga til vegagerða, trúði því alveg eins vel nú eins og þegar hann sagði það fyrst. Og eg trúi því ekki betur þó að hann segi það í þriðja sinn. En það er ekki þetta sem á veltur hér, heldur hitt, hvort að ástæður leyfa að leggja úr landssjóði til hvaða hreppavega sem vera skal og brýn þörf er að bæta. Þar sér nefndin ekkert vit í.

Loks skal eg minnast fám orðum á styrkveitinguna til Guðm. Finnbogasonar. Það hefir verið sagt hér í þinginu, að ef tillögur nefndarinnar yrði samþyktar, þá væri hann ver farinn en áður. Þetta er ekki rétt. Samkvæmt stjórnarskrárfrumv. átti hann að hafa 1500 kr. í laun og 600 kr. til ritstarfa. En eftir nefndartill. 1800 kr. í laun og sami styrkur til ritstarfa. Eg skil ekki, hvernig menn fara að halda því fram í fullri alvöru, að hann sé ver farinn en áður með tillögu nefndarinnar. Það var svo fjarri því, að fjárlaganefndin vildi sýna þeim manni nokkurn vansa, hún vildi einmitt með tillögu sinni um persónulega launaviðbót sýna, að hún teldi mikilsvirði fyrir bókasafnið að halda í hann.

**Skúli Thoroddsen:** Það eru ýmis ummæli háttv. framsögumanns ftárlaganefndarinnar (P. J.), sem knýja mig til að standa upp.

Í fyrri ræðu minni fann eg mig knúðan til að segja honum til *syndanna*, — þ. e. *vandaði þá um það*, og þó með mjög hógværum orðum, að öll framkoma hans í »brimbrjóts«-málinu, eða þó síðan atkvæðagreiðslan fór fram við 2. umr. fjárlaganna, hefði verið einsdæmi.

Vandaði um það, þar sem mér duldist það eigi, að um *sýnilegan hefnihug* og *hefnileik* í minn garð var að ræða.

Honum var það *óbærilegt*, hve flatt hann fór í atkvæðagreiðslunni við 2. umr. fjárlaganna, þar sem heita mátti að öll deildin snerist þá gegn honum.

Hann hefir því — *svo sem er æ eitt einkenni hefnihugans* — verið að *koma æ aftur og aftur*, þ. e. verið að gera æ nýjar og nýjar tilraunir til þess að fá hefnt sín og geta orðið málinu að ógagni.

En það er *réttur* þess, er um vandar við annan — og þá eigi sízt, er í *kærleika* er gert —, að því sé þá eigi tekið illa.

Fanst mér því eg eiga *heimtingu* á því, að háttv. framsögum. *kannaðist* þegar í einlægni *við yfirsjón sína, eða þegði þó að minsta kosti við sannleikanum.*

Þessu átti eg þá og *því fremur* heimtingu á, sem eg hafði — *af ásettu ráði* — viljað fara og farið *sem vægast í sakirnar.*

En það gerði eg af því að eg *vorkendi* honum, — *vissi honum sannleikann sáran*, og það svo, að hann *þyldi eigi* að heyra hann.

*Vissi — sem og varð þá raunin á* —,

að hann færi þá *á flótta*, hlypi á dyr og hlýddi eigi á ræðu mína, fremur en í ritsímamálinu um daginn.

Mátti eg og vænta þess því fremur að hann væri mér *þakklátur*, þar sem hann mátti þó vita það, að sá var þó *réttur* minn — þ. e. í stað þess að vanda um við hann í kærleika —, *að vera honum stórorður og napuryrtur* o. s. frv.

Mátti *vita*, að sá var þá *réttur* minn, þar sem *honum* og *öllum* átti þó *vissulega að skiljast* það sem *allra*-glöggast, *hvers eðlis athæfi hans var*.

En í stað þess að vera honum þá *harðorður* eða *bituryrtur*, tók eg hann þá sem *krakkann*, sem viljandi er farið sem bezt að.

Hversu tekur hann svo þessu?

Ræðan, sem hann flutti nú síðast, voru *hefniyrði* á *hefniorð* ofan — þ e. ræðan öll þá og *óslitið hefnitak*.

Sýndi það þá og, að hann á *bágt* og var *vorkunn*, eins og *hverjum* sem *hefnihugur og hefnilöngun býr hjá*.

Hann svaraði með *alraka-* og *tilhæfulausum ósannindum* — sagði mig hafa margoft, ef eigi einatt, greitt atkvæði gegn fjárlaganefndinni.

Vissulega veit hann það vel, að hann fer þá með það sem *ósatt* er.

Eg hefi — það hygg eg mig mega fullyrða — einmitt *aldrei* greitt atkvæði gegn fjárlaganefndinni, nema þegar eg hefi greitt svo atkvæði í nefndinni, og þá og geymt mér atkvæði mitt *frjálst* og *óbundið*, er til atkvæða í deildinni kæmi.

Þessum og öðrum *hefni-yrðum* framsögumannsins vísa eg því algerlega frá mér, og hefði honum vissulega verið það betra, að ótöluð hefðu verið.

Hitt átti háttv. framsögumanni á hinn bóginn minnisstætt að vera, og *leitt* að þykja, að þegar tillögu hans og meiri hluta fjárlaganefndarinnar var hafnað hér í deildinni við 2. umræðu fjárlaganna, og fjárveitingin til »brimbrjótsins« samþykt, *þá greip hann þegar svo ríkur hefnihugur*, að hann horfði þá eigi í það að gera sjálfum sér þá *vanvirðu*, að greiða atkvæði gegn lánveitingunni til »brimbrjótsins«, þvert ofan í atkv sjálfs sín í fjárlaganefndinni rétt áður.

Bæði það, að hann horfir eigi í þetta, og svo hitt, að hann hygst nú að umturna því sem 19 menn í neðri og 8 í efri deild hafa samþykt, bendir þá og mjög glögglega til hins *aðal-einkennis versta hefnihugans*, að vera sá er enda alls *einkis svífst*, er svo býður við að horfa.

Í háttv. Ed. náði tillaga mín og fram að ganga, þrátt fyrir það, þó að hann réri þar undir sem hann gat.

Duldist það og hvorki mér né sumum háttv. efri deildarmönnum, að svo var sem eins konar leyniþráður lægi milli fjárlaganefnda neðri og efri deildar, eða þó öllu heldur milli hans og honum nákomins manns í Ed. og ætlaði háttv. framsögum. þannig að ríða málinu að fullu.

Háttv. framsögum. sló því enn fram, eins og svo oft í nefndinni, að mál þetta væri órannsakað.

Þetta er ósatt. Málið var rækilega rannsakað, bæði af hr. Krabbe verkfræðing, sem meira að segja hefir lýst yfir því, að því meira fé sem lagt sé til fyrirtækis þessa, því betra sé það.

Þá hefir Sigurður Thoroddsen verkfræðingur einnig rannsakað »brimbrjóts«-stæðið og það enn ýtarlegar en Krabbe, þ. e. hefir mælt á meira dýpi o. s. frv. En mælingar og álitsskjal hefi eg því miður ekki getað náð í, enda þótt eg færi þess á leit við skrifara og framsögumann fjárlaganefndarinnar, að reynt væri að útvega plögg þessi, svo að þau yrðu lögð fram á lestrarsal Alþingis til athugunar.

Veit ekki, hvað til kemur, þ. e. hvort um er að kenna *ódugnaði*, sem eg — er á annað er litið — vel *gæti* trúað, eður hitt veldur, að skrá yfir skjölin á Landskjalasafninu er enn eigi svo fullkomin, sem skyldi.

Eg veit annars ekki, hvaða mál er nægilega rannsakað, ef mál þetta er það ekki, enda hafa báðar deildir nú þegar litið svo á, *sem eigi þyrfti það að verða til fyrirstöðu*, og þarf eg því ekki, að fjölyrða meira um málið.

Að endingu vil eg þá gefa hv. framsögumanninum gott ráð, að hann láti *ekki reiðina* hlaupa með sig í gönur eða æsa sig til hefnileika, þótt svo beri við að hann fari halloka í atkvæðagreiðslu um einstaka atriði.

*Hefnihugur* og *hefnileikir* borga sig ekki, en eru öllum *hættulegri* en flest, ef eigi alt annað.

**Framsögum. (Pétur Jónsson):** Eg skal ekki fara í persónulegar orðahnippingar við háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.); eg ætla ekki að fara út í persónulegar illdeilur við hann. Hann gerði mér alt of mikinn heiður með því að telja mig fyrir framan í öllu í fjárlaganefndinni. Eg er ekki neitt hræddur við að eiga undir dómi deildarmanna okkar framkomu beggja á þingi hér fyr og seinna. Eg sagði, að þetta bylgjubrjóts-mál væri órannsakað að miklu leyti. Eg hefi heyrt, að 80 þús. krónur mundu þurfa til viðbótar því sem áður hefir verið veitt til þessa brimbrjóts og gerir hann ráð fyrir, að 17 þús. kr. muni nægja í þann stúf sem hann hefir mælt, en hann er eitthvað 20—30 metra. Þetta er alt og sumt, sem málið hefir verið rannsakað, það eg veit til; getur vel verið að það hafi verið eitthvað meira athugað; en það hefir ekki komið fram í bréfi landsverkfræðingsins eða á annan hátt fyrir þingið. Hér er því farið út í bláa óvissu.

Háttv. þm. vildi ekki kannast við að hann hefði greit atkvæði móti fjárlaganefndinni að jafnaði í sumar; það eru víst aðrir óhlutdrægari dómarar í því máli, heldur en hann, og víst er um það, að fleiri hafa tekið eftir því, hvernig hann hefir greitt atkvæði, heldur en eg.

**Valtýr Guðmundsson:** Eg skal ekki lengja umræðurnar að miklum mun. Eg ætla að eins að minnast á ritsímahúsið á Akureyri. Hæstv. ráðherra sagði, að símalagningar hefðu aukist svo mjög, að nauðsynlegt væri að byggja nýja símastöð.

Hví í ósköpunum valdi landsímastjórinn að hafa stöðina á þessum stað? Hann hefði þó átt að sjá það fyrir, að símalagningar mundu bráðlega aukast að mun. Annars vil eg benda á það, að aukningin hefir ekki verið svo gríðarmikil; það eru einungis 12 menn, sem við hafa bæzt á síðasta ári, eftir því sem prentaðar skýrslur sýna. Svo breytingin getur ekki verið mikil frá því 1910, þegar landsímastjórinn lagði til að kaupa þetta hús. Það er vitanlegt, að Akureyri á fyrir sér að vaxa einmitt í þá átt sem símastöðin er nú. Hæstv. ráðherra sagði þá, að mikið þyrfti að gera við húsið. Eg hefi fengið símskeyti frá manninum sem bygði húsið, Sigtryggi Jónssyni, smið á Akureyri, þar sem hann segir, að ritsímastöðin sé bygð 1903, sé vandað hús og þarfnist ekki viðgerðar.

Það er annars stundum skrítið, þegar landsímastjórinn vill fara að gera ritsímastöðvarnar »centralar«. Á Ísafirði var stöðin áður í miðju bæjarins; nú hefir hann fært hana út á útjaðarinn.

Þá vil eg minnast ögn á Eimskipafélagið. Við 2. umr. benti eg á, hverja afstöðu eg áliti að landssjóður sem hluthafi ætti að taka við félagið.

Sumir álíta, að ef félagið tæki að sér strandferðir, þá yrði að halda sérstaka

reikninga yfir þær. Eg vil taka það fram, að þetta var alls ekki meining samgöngumálanefndarinnar. Hennar meining var, að landssjóður yrði reglulegur hluthafi í félaginu, en ekki einungis hluthafi í strandferða-útgerðinni. En til þess að félagið geti þetta, ætlast nefndin til í síðara nefndaráliti sínu, að félaginu sé tryggt af landssjóðs hálfu, ef það kann að tapa.

**Ráðherrann (H. H.):** Eg get svarað hv. þm. Sfjk. (V. G.) því, að með því að engin mótmæli hafa komið fram hér í deildinni né í Ed. móti tillögum nefndanna, sem hafa verið valdar af báðum deildum, þá telur stjórnin að henni sé heimilt að fara eftir því, er nefndarálitið tekur fram og háttv. framsögum. nú hefir skýrt. En stjórnin getur enga ábyrgð á sig tekið um það, hvort strandferðirnar bera sig eða ekki hjá félaginu; það kemur sjálfsagt mikið undir því, hvernig þær eru reknar. Og að landssjóður beri skaðann, sem verða kann á strandferðum Eimskipafélags Íslands, eða lofi að bæta upp allan halla, hvað sem honum kann að valda, getur stjórnin ekki gengið inn á fyrir fram.

Að því er snertir hluttöku landssjóðs sem hluthafa í atkvæðisrétti um félagsmál, tel eg það eftir nefndarálitinu og yfirlýsingu framsögumanns vilja þingsins, að ekki sé heimtuð tiltöluleg hluttaka eftir fjármagni, og að heimilt sé að ganga að þeim takmörkunum í því, hve mörg atkvæði hann megi hafa mest, sem venjulega er hér um hámark atkvæðamagns eins hluthafa, og að það sé yfirleitt meiningin, að áskilja ekki landssjóði svo mikið atkvæðamagn, að fulltrúi hans verði einráður á fundum gegn öllum, er ætla má að mæti eða mæta láti.

Yfirleitt mun stjórnin taka bendingar háttv. nefndar til greina eftir föngum.

ATKV.GR.:

Brt 850, 1, samþ. með 21 shlj. atkv.

Brt. 810, samþ. með 16 : 4 atkv.

Brt. 850, 2, samþ. með 17 : 1 atkv.

Brt. 853, samþ. með 20 shlj. atkv.

Brt. 822, samþ. með 17 : 3 atkv.

Brt. 850, 3, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brt. 857, talin samþ. án atkv.gr.

Brt. 850, 4, þannig breytt, samþ. með 13 : 6 atkv.

Brt. 812, samþ. með 16 : 6 atkv.

Brt. 821, samþ. með 15 : 2 atkv.

Brt. 825, samþ. með 19 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Jón Jónsson | Eggert Pálsson |
| Bened. Sveinsson | Hannes Hafstein |
| Bjarni Jónsson | Kristján Jónsson |
| Björn Kristjánsson | Pétur Jónsson |
| Einar Jónsson | Tryggvi Bjarnason |
| Guðm. Eggerz | Valtýr Guðmundss. |
| Jóh. Jóhannesson | |
| Jón Magnússon | |
| Jón Ólafsson | |
| Kristinn Daníelsson | |
| Magnús Kristjánss. | |
| Matthías Ólafsson | |
| Ólafur Briem | |
| Sig. Sigurðsson | |
| Skúli Thoroddsen | |
| Þorleifur Jónsson | |

Þessir greiddu ekki atkv. og töldust til meiri hlutans: Halldór Steinsson, Lárus H. Bjarnason, Stefán Stefánsson.

Brt. 850, 5, samþ. með 16 : 2 atkv.

Brt. 841, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brt. 850, 6, samþ. með 16 : 4 atkv.

Brt. 850, 7, feld með 17 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Jón Jónsson |
| Guðmundur Eggerz | Benedikt Sveinsson |
| Hannes Hafstein | Bjarni Jónsson |
| Jón Ólafsson | Björn Kristjánsson |
| Kristján Jónsson | Einar Jónsson |

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Lárus H. Bjarnason | Jóh. Jóhannesson |
| Ólafur Briem | Jón Magnússon |
| Sig. Sigurðsson | Magnús Kristjánss. |
| | Matthías Ólafsson |
| | Stefán Stefánsson |
| | Tryggvi Bjarnason |
| | Valtýr Guðmundss. |
| | Þorleifur Jónsson |

Þessir greiddu ekki atkv. og töldust til meiri hlutans: Halldór Steinsson, Kristinn Daníelsson, Pétur Jónsson, Skúli Thoroddsen.

Brt. 814, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brt. 850, 8, samþ. með 17 : 2 atkv.

Brt. 850, 9, samþ. með 17 : 1 atkv.

Brt. 856, samþ. með 16 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Jón Jónsson | Eggert Pálsson |
| Bjarni Jónsson | Benedikt Sveinsson |
| Björn Kristjánsson | Einar Jónsson |
| Guðm. Eggerz | Ólafur Briem |
| Halldór Steinsson | Pétur Jónsson |
| Hannes Hafstein | Sigurður Sigurðsson |
| Jóh. Jóhannesson | Stefán Stefánsson |
| Jón Magnússon | Tryggvi Bjarnason |
| Jón Ólafsson | Þorleifur Jónsson. |
| Kristinn Daníelsson | |
| Kristján Jónsson | |
| Lárus H. Bjarnason | |
| Magnús Kristjánss. | |
| Matthías Ólafsson | |
| Skúli Thoroddsen | |
| Valtýr Guðmundss. | |

Brt. 840, 10, samþ. með 13 : 5 atkv.

Brt. 850, 11, samþ. með 13 : 5 atkv.

Brt. 850, 12, samþ. með 14 : 3 atkv.

Brt. 850, 13, samþ. með 16 : 2 atkv.

Brt. 850, 14, samþ. með 17 : 2 atkv.

Brt. 850, 15, samþ. með 14 shlj. atkv.

Brt. 809, tekin aftur.

Brt. 850, 16, samþ. með 16 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Jón Jónsson |
| Einar Jónsson | Bjarni Jónsson |
| Guðm. Eggerz | Björn Kristjánsson |
| Halldór Steinsson | Hannes Hafstein |
| Jóh. Jóhannesson | Jón Magnússon |
| Jón Ólafsson | Kristinn Daníelss. |
| Kristján Jónsson | Magnús Kristjánss. |
| Lárus H. Bjarnason | Matthías Ólafsson |
| Ólafur Briem | Valtýr Guðmundss. |
| Pétur Jónsson | |
| Sig. Sigurðsson | |
| Skúli Thoroddsen | |
| Stefán Stefánsson | |
| Tryggvi Bjarnason | |
| Þorleifur Jónsson | |

Benedikt Sveinsson greiddi ekki atkv. og taldist með meiri hlutanum.

Brt. 850, 17, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brt. 850, 18, samþ. með 17 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Benedikt Sveinsson |
| Jón Jónsson | Guðm. Eggerz |
| Bjarni Jónsson | Ólafur Briem |
| Björn Kristjánsson | Sig. Sigurðsson |
| Einar Jónsson | Skúli Thoroddsen |
| Hannes Hafstein | Stefán Stefánsson |
| Jóh. Jóhannesson | Tryggvi Bjarnason |
| Jón Magnússon | Þorleifur Jónsson |
| Jón Ólafsson | |
| Kristinn Daníelsson | |
| Kristján Jónsson | |
| Lárus H. Bjarnason | |
| Magnús Kristjánss. | |
| Matthías Ólafsson | |
| Pétur Jónsson | |
| Valtýr Guðmundss. | |

Halldór Steinsson greiddi ekki atkv. og taldist með meiri hlutanum.

Brt. 850, 9, samþ. með 21 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Benedikt Sveinsson |
| Jón Jónsson | Björn Kristjánsson |
| Bjarni Jónsson | Einar Jónsson |
| Halldór Steinsson | Guðm. Eggerz |
| Hannes Hafstein | |
| Jóh. Jóhannesson | |
| Jón Magnússon | |
| Jón Ólafsson | |
| Kristinn Daníelss. | |
| Kristján Jónsson | |
| Lárus H. Bjarnason | |
| Magnús Kristjánss. | |
| Matthías Ólafsson | |
| Ólafur Briem | |
| Pétur Jónsson | |
| Sigurður Sigurðss. | |
| Skúli Thoroddsen | |
| Stefán Stefánsson | |
| Tryggvi Bjarnason | |
| Valtýr Guðmundss. | |
| Þorleifur Jónsson | |

Brt. 847, tekin aftur.

Brt. 850, 20—22, samþ. með 17 shlj. atkv.

Brt. 850, 23, samþ. með 14 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Jón Jónsson |
| Einar Jónsson | Benedikt Sveinsson |
| Guðm. Eggerz | Bjarni Jónsson |
| Halldór Steinsson | Björn Kristjánsson |
| Jóh. Jóhannesson | Hannes Hafstein |
| Jón Magnússon | Kristinn Daníelss. |
| Jón Ólafsson | Magnús Kristjánss. |
| Kristján Jónsson | Matthías Ólafsson |
| Lárus H. Bjarnason | Skúli Thoroddsen |
| Ólafur Briem | Tryggvi Bjarnason |
| Pétur Jónsson | Þorleifur Jónsson |
| Sig. Sigurðsson | |
| Stefán Stefánsson | |
| Valtýr Guðmundss. | |

Brt. 850, 24, samþ. með 14 : 7 atkv.

Brt. 850, 25, samþ. með 20 : 2 atkv.

Brt. 866, samþ. með 21 : 3 atkv. (leyfð), að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Jón Jónsson | Ólafur Briem |
| Benedikt Sveinsson | Sig. Sigurðsson |
| Björn Kristjánsson | Tryggvi Bjarnason. |
| Einar Jónsson | |
| Guðm. Eggerz | |
| Halldór Steinsson | |
| Hannes Hafstein | |
| Jóh. Jóhannesson | |
| Jón Magnússon | |
| Jón Ólafsson | |
| Kristinn Daníelss. | |
| Kristján Jónsson | |
| Lárus H. Bjarnason | |
| Magnús Kristjánss. | |
| Matthías Ólafsson | |
| Pétur Jónsson | |
| Skúli Thoroddsen | |
| Þorleifur Jónsson. | |

Eggert Pálsson, Stefán Stefánsson og Valtýr Guðmundsson greiddu ekki atkv. og töldust með meiri hlutanum. Bjarni Jónsson greiddi ekki atkv. og voru ástæður hans teknar til greina.

Brt. 813 tekin aftur. en tekin upp af þingm. Dal. (B. J.) og feld með 16 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Jón Jónsson | Eggert Pálsson |
| Benedikt Sveinsson | Einar Jónsson |
| Bjarni Jónsson | Kristján Jónsson |
| Björn Kristjánsson | Lárus H. Bjarnason |
| Guðm. Eggerz | Magnús Kristjánss. |
| Halldór Steinsson | Ólafur Briem |
| Hannes Hafstein | Pétur Jónsson |
| Jón Magnússon | Sigurður Sigurðsson |
| Kristinn Daníelsson | Skúli Thoroddsen |
| | Stefán Stefánsson |
| | Tryggvi Bjarnason |
| | Valtýr Guðmundss. |
| | Þorleifur Jónsson |

Jóhannes Jóhannesson, Jón Olafsson og Matthías Ólafsson greiddu ekki atkv. og töldust til meiri hluta.

Brt. 864 (leyfð), samþ. með 14 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Jón Jónsson | Eggert Pálsson |
| Benedikt Sveinsson | Einar Jónsson |
| Bjarni Jónsson | Kristján Jónsson |
| Björn Kristjánsson | Lárus H. Bjarnason |
| Guðm. Eggerz | Magnús Kristjánss. |
| Halldór Steinsson | Ólafur Briem |
| Hannes Hafstein | Pétur Jónsson |
| Jón Magnússon | Sigurður Sigurðsson |
| Jón Ólafsson | Stefán Stefánsson |
| Kristinn Daníelsson | Tryggvi Bjarnason |
| Matthías Ólafsson | Valtýr Guðmundss. |
| Skúli Thoroddsen | |
| Þorleifur Jónsson. | |

Jóhannes Jóhannesson greiddi ekki atkv. og var talinn með meiri hlutanum.

Brt. 847 þar með ákveðin.

Brt. 850, 26, samþ. með 17 : 3 atkv.

Brt. 850, 27, samþ. með 22 : 1 atkv.

Brt. 850, 28, samþ. með 16 shlj. atkv.

Brt. 850, 29—30, samþ. með 20 shlj. atkv.

Brt. 850, 31, samþ. með 21 shlj. atkv.

Brt. 817, tekin aftur.

Brt. 844, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brt. 850, 32, samþ. með 21 shlj. atkv.

Brt. 859 (leyfð), feld með 13 : 3 atkv.

Brt. 834, feld með 14 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Benedikt Sveinsson |
| Jón Jónsson | Bjarni Jónsson |
| Einar Jónsson | Björn Kristjánsson |
| Hannes Hafstein | Guðmundur Eggerz |
| Jóh. Jóhannesson | Halldór Steinsson |
| Jón Magnússon | Kristinn Daníelss. |
| Jón Ólafsson | Kristján Jónsson |
| Lárus H. Bjarnason | Ólafur Briem |
| Magnús Kristjánss. | Skúli Toroddsen |
| Pétur Jónsson | Stefán Stefánsson |
| Sig. Sigurðsson | Tryggvi Bjarnason |
| | Valtýr Guðmundss. |
| | Þorleifur Jónsson |

Matthías Ólafsson greiddi ekki atkv. og var talinn til meiri hlutans.

Brt. 845, a, samþ. með 13 : 6 atkv.

Brt. 845. b, tekin aftur.

Brt. 850, 33, samþ. með 14 : 3 atkv.

Brt. 867, samþ. með 15 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Jón Jónsson | Eggert Pálsson |
| Bjarni Jónsson | Einar Jónsson |
| Björn Kristjánsson | Halldór Steinsson |
| Hannes Hafstein | Jóh. Jóhannesson |
| Jón Ólafsson | Kristján Jónsson |
| Kristinn Daníelsson | Lárus H. Bjarnason |
| Matthías Ólafsson | Magnús Kristjánss. |
| Ólafur Briem | Pétur Jónsson |
| Skúli Thoroddsen | Sigurður Sigurðsson |
| Stefán Stefánsson | Valtýr Guðmundss. |
| Tryggvi Bjarnason | |
| Þorleifur Jónsson | |

Benedikt Sveinsson, Guðm. Eggerz og Jón Magnússon greiddu ekki atkv. og töldust til meiri hluta.

Brt. 850, 34, feld með 16 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Jón Jónsson |
| Einar Jónsson | Benedikt Sveinsson |
| Jóh. Jóhannesson | Bjarni Jónsson |
| Jón Magnússon | Björn Kristjánsson |
| Kristján Jónsson | Guðmundur Eggerz |
| Lárus H. Bjarnason | Halldór Steinsson |
| Pétur Jónsson | Jón Ólafsson |
| Sigurður Sigurðsson | Kristinn Daníelsson |
| Tryggvi Bjarnason | Magnús Kristjánss. |
| | Matthías Ólafsson |
| | Ólafur Briem |
| | Skúli Thoroddsen |
| | Stefán Stefánsson |
| | Þorleifur Jónsson |

Hannes Hafstein og Valtýr Guðmundsson greiddu ekki atkv. og voru taldir til meiri hlutans.

Brt. 850, 35, feld með 21 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Jóh. Jóhannesson | Eggert Pálsson |
| Kristján Jónsson | Jón Jónsson |
| Pétur Jónsson | Benedikt Sveinsson |
| Sigurður Sigurðsson | Bjarni Jónsson |
| | Björn Kristjánsson |
| | Einar Jónsson |
| | Guðmundur Eggerz |
| | Halldór Steinsson |
| | Hannes Hafstein |
| | Jón Magnússon |
| | Jón Ólafsson |
| | Kristinn Daníelsson |
| | Magnús Kristjánss. |
| | Matthías Ólafsson |
| | Ólafur Briem |
| | Skúli Thoroddsen |
| | Stefán Stefánsson |
| | Tryggvi Bjarnason |
| | Valtýr Guðmundss. |
| | Þorleifur Jónsson |

Lárus H. Bjarnason greiddi ekki atkvæði og taldist til meiri hlutans.

Brt. 823, við 16. gr. 40, samþ. með 14:2 atkv.

Brt. 846, 18 gr., feld með 12:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Jón Jónsson | Eggert Pálsson |
| Benedikt Sveinsson | Hannes Hafstein |
| Bjarni Jónsson | Jóh. Jóhannesson |
| Björn Kristjánsson | Jón Magnússon |
| Einar Jónsson | Kristján Jónsson |
| Guðm. Eggerz | Lárus H. Bjarnason |
| Halldór Steinsson | Ólafur Briem |
| Jón Ólafsson | Pétur Jónsson |
| Kristinn Daníelsson | Sigurður Sigurðsson |
| Magnús Kristjánss. | Stefán Stefánsson |
| Skúli Thoroddsen | Tryggvi Bjarnason |
| Þorleifur Jónsson | Valtýr Guðmundss. |

Matthías Ólafsson greiddi ekki atkv.

Brt. 850, 36, við 21. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Frv. með áorðnum breyt. var samþ. í einu hljóði og verður endursent efri deild.

Útbýtt var í deildinni meðan á fundi stóð:

1. Áliti sjávarútvegsnefndar neðri deildar (854).
2. Nefndaráliti um frumv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915 (849).
3. Breyttill. við fjárlagafrv. á þgskj. 857, 859, 865, 866, 867, 864.

Útbýtt frá efri deild:

1. Nefndaráliti um frv. til laga um breyting á fátækralögum 10. Nóv. 1909 (852).
2. Frv. til laga um viðauka og breyting á lögum um aðflutningsbann á áfengi nr. 44, 30. Júlí 1909. Eftir eina umr. í Nd. (855).
3. Frv. til laga um eignarnámsheimild fyrir bæjarstjórn Ísafjarðar á lóð og mannvirkjum undir hafnarbryggju. Eftir 3. umr. í Nd. (856).
4. Nefndaráliti um frv. til laga um heimild fyrir stjórnarráðið til þess að veita mönnum rétt til þess að vera dómtúlkar og skjalþýðendur (861).
5. Nefndaráliti um frv. til laga um löggilta endurskoðendur (862).
6. Breytingartill. við frv. til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbankans til að gefa út 4. flokk bankavaxtabréfa. Flutnm. Steingr. Jónsson og Guðm. Björnsson (860).

Fundi slitið.

---

## 58. fundur.

Föstudag 12. Sept. 1913, kl. 12 á hád.

Dagskrá:

1. Tillaga til þingsályktunar um millipinganefnd í slysfaramálum (839); hvernig ræða skuli.

2. Frv. til laga um rafmagnsveitu í kaupstöðum og kauptúnum (840, n. 843); ein umr.

---

Allir á fundi.

Fundargerð síðasta fundar samþykt og staðfest.

Forseti skýrði frá, að með bréfi dags. 11 Sept. hefði forseti efri deildar tilkynt sér, að samþykt hefði verið þar í deildinni og verið afgreitt til ráðherra sem lög frá Alþingi:

1. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 18, 3. Okt. 1903, um kosningar til Alþingis.
2. Frv. til laga nm bjargráðasjóð Íslands.
3. Frv. til laga um forðagæzlu.
4. Frv. til hafnarlaga fyrir Vestmannaeyjar.
5. Frv. til laga um breyting á 16. gr. laga nr. 29, 16. Nóv. 1907.
6. Frv. til laga um breyting á lögum 22. Okt. 1912, um ritsíma og talsímakerfi Íslands.

Enn fremur, að afgreitt hefði verið til ráðherra:

Frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um in sérstaklegu málefni Íslands 5. Janúar 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. Okt. 1903.

Og að vísað hefði verið til stjórnarinnar með rökstuddri dagskrá:

Frv. til laga um viðauka og breyting á lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða frá 12. Jan. 1884.

Þá var gengið til dagskrár og tekið fyrir:

TILLAGA til þingsályktunar um millipinganefnd í slysfaramálum (839); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umræðu, og var það samþykt í einu hljóði.

---

FRUMVARP til laga um rafmagnsveitu í kaupstöðum og kauptúnum (840, n. 843); ein umr.

(Afbrigði frá þingsköpum leyfð).

**Framsögum. (Jón Ólafsson):** Herra forseti! Þetta frv., sem er upprunnið hér í deildinni, hefir tekið dálitilli breytingu í háttv. efri deild, sem gengur í þá átt, að í stað þess að við bundum það við kaupstaði og *sjálfstjórnar*-kauptún, hefir efri deild viljað víkka það svo, að það nái til *allra* kauptúna á landinu. Hins vegar hefir hún séð, að þá þyrfti nánari ákvæða og því hefir hún lagt til, að lögin gildi að eins til 1. Jan. 1916, í þeirri von, að lagt verði fyrir næsta þing frv. til þeirra breytinga á lögunum, sem reynslan leiðir í ljós að þörf er á. Þessi breyting er í rauninni ekki smávægileg, en er þó þess eðlis, að við viljum ráða deildinni til að samþykkja frumvarpið þannig breytt, því að öðrum kosti mundi það deyja út. Sumir kaupstaðir hafa þegar lagt rafleiðslu hjá sér og þurfa því á slíkum lögum að halda nú þegar. Það getur ekki talist frágangssök að samþykkja frumvarpið, þar sem hægt er að gera sér von um, að næsta þing breyti lögunum og bæti eða lengi tímann, sem þau eiga að gilda.

Af þessum ástæðum verðum við að ráða deildinni eindregið að samþykkja frumvarpið eins og það kom frá efri deild.

ATKV.GR.:

Frumvarpið var samþykt með 18 samhljóða atkvæðum og afgreitt til ráðherra sem *lög frá alþingi.*

Fundi slitið.

## 59. fundur.

Laugard. 13. Sept. 1913, kl. 9 árd.

Dagskrá:

1. Tillaga til þingsályktunar um milliþinganefnd í slysfaramálum (839); ein umr.
2. [Frumv. til laga um breyting á fátækralögum 10. Nóv. (889) — tekið inn á dagskrá með afbrigðum frá þingsköpunum].

---

Allir á fandi.

Fundargerð síðasta fundar samþykt og staðfest.

Forseti skýrði frá, að forseti Ed. hefði tilkynt sér, að

1. Frv. til laga um sauðfjárbaðanir,
2. Frv. til laga um breyting á og viðauka við lög 22. Nóv. 1907, um bæjarstjórn í Hafnarfirði, — og
3. Frv. til laga um eignarnámsheimild fyrir bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar á lóð og mannvirkjum undir hafnarbryggju

hefðu verið samþykt þar og verði afgreidd til ráðherra sem lög frá Alþingi.

Útbýtt var frá Ed.:

Breyt.till. við frv. til laga um viðauka og breyting á lögum um aðflutningsbann á áfengi nr. 44, 30. Júlí 1909 Frá Einari Jónssyni (876).

Þá var gengið til dagskrár og tekið fyrir:

TILLAGA til þingsályktunar um skipun milliþinganefndar í slysfaramálum (889); ein umr.

**Matthías Ólafsson:** Eg hafði búist við að háttv. skrifari og framsögumaður nefndarinnar, sem var sett til að íhuga frumvarpið um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum, mundi taka til máls. En eg sé, að það ætlar ekki að verða. Eg get ekki fallist á, að þessi nefnd verði skipuð. Það er reyndar vitanlegt, að gott væri að hafa góðar skýrslur um þetta mál, en mér er óskiljanlegt. hvers vegna lands stjórnin getur ekki eins haft tök á að safna þeim eins og nefnd, sem skipuð yrði í málið. Kostnaðurinn við þessa nefndarskipun yrði líka töluverður; því leyfi eg mér að bera fram svo hljóðandi rökstudda dagskrá:

> Í því trausti, að landstjórnin afli sér þeirra skýrslna og gagna í þessu máli, sem ætlast er til að milliþinganefnd safni, og leggi þau í samráði við Fiskifélag Íslands fyrir næsta reglulegt Alþingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

**Ráðherrann (H. H.):** Eg held það sé ekki rétt að fella þessa tillögu. Það er nauðsynlegt að taka eitt til tvö ár og rannsaka slysfarir, þær sem verða á því tímabili. Það dugir ekki að fela landsstjórninni þá rannsókn; hún þarf að vera framkvæmd af mönnum, sem sérstakan áhuga og sérstaka þekkingu hefðu á þessu máli. Eg býst ekki við, að aðalstarf þessarar nefndar yrði að að sitja á fundum, svo að kostnaðurinn ætti ekki að verða ýkja-mikill. Hennar aðalstarf yrði að rannsaka, hvernig á þessu og þessu slysi stæði, hverju það hefði verið að kenna og gera tillögur um, hvernig slíkum slysum yrði afstýrt í framtíðinni.

Druknanir hér á landi eru alveg óvanalega miklar. Hvergi í heiminum eru druknanir eins miklar í tiltölu við fólksfjölda. Eg er hræddur um, að þeim mönnum sem nú eru á móti þessu máli og ef til vill leiða það til falls, komi það einhvern tíma í hug í vetur og vor, þegar þeir fara að heyra um skipskaða og druknanir, að það hafi þó kannske ekki verið rétt af þeim, að vera þessari nefndarskipun mótfallnir. Enda er eg

viss um, að grundvöllurinn undir þessari tillögu er réttur.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Það er látið í veðri vaka, að milliþinganefndin eigi að ráða fram úr því, hvernig varna eigi slysförum. Eg held, að ekki yrði mikið úr því. Það er auðvitað, að það væri gott að hafa skýrslur um þetta efni; en eg held, að nefndinni mundi ekki ganga betur að safna þeim og finna ráð við slysförum, heldur en öðrum. Vér getum fengið nefndarlaust góðar tillögur um málið. Eg heyrði í Ed. um daginn háttv. 6. kgkj. bera fram góða tillögu til varnar slysförum; það var þegar að ritsímamálið var þar til umræðu. Tillaga hans var á þessa leið: að láta setja upp símastöðvar báðum megin við hvern slæman fjallgarð á landinu. Það ber oft við, að menn farast, eða eins og komist er að orði: »verða úti« á fjallvegum hér á landi. Ef nú stöð væri reist báðum megin við fjallgarðinn, þá gæti sú stöð, sem maðurinn færi frá, símað til stöðvarinnar hinum megin við fjallgarðinn og spurst fyrir um, hvort maðurinn hefði komið fram, ef menn væru hræddir um, að eitthvað hefði orðið að honum. Eg gæti hugsað mér, að með hentugra fyrirkomulagi á rannsókninni, væri hægt að finna, hverjar orsakir lægu til slysfaranna og ráðin, sem yrðu fundin til þess að varna slysförum, mundu þá verða fult eins heillavænleg eins og þótt milliþinganefnd ætti að finna þau.

Yfir höfuð er varhugavert að setja milliþinganefndir að óþörfu; það verður þá helzt tekjudúsa fyrir nefndarmenn.

**Matthías Ólafsson:** Eg get ekki skilið annað, en hægt væri að safna þessum skýrslum með öðru móti en setja niður milliþinganefnd til þess að safna þeim. Hagstofan ætti að geta safnað einhverju af þeim. Við höfum nú líka nýsamin lög um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum. Þau ættu að koma að einhverju haldi. Fiskifélag Íslands hefir umboðsmenn út um alt land; það ætti að vinna að því, að upplýsingar væri hægt að fá um mannskaða; auðvitað yrði slík rannsókn miklu ódýrari en nefndarrannsóknin, sem stæði yfir í 2 ár. En eg get ekki skilið, að hún komi að minna gagni. Og svo er enn eitt, sem mælir móti þessari nefndarskipun, og það er það, að ekkert fé er veitt til hennar á fjárlögunum.

**Ráðherrann (H. H.):** Nefndinni er ætlað, ekki einungis að safna skýrslum um, hve mörg slys koma fyrir, heldur líka að grafast fyrir, hvernig á slysum stendur. Það er kunnugt, að oft ganga ýmislegar sögur, sem fara meira og minna dult, um það, hvernig standi á því og því slysi, sem til hefir viljað, án þess þó að tilefni þyki til að taka til neinna rannsókna út af því. Nefnd eins og sú sem hér um ræðir, er einmitt skipuð í því skyni að komast fyrir orsakir slysfara og meintra slysfara, getur fengið ýmsar upplýsingar, sem á annan hátt er ómögulegt að fá, og það um atvik, sem prívatmenn ótilkvaddir ekki vilja hreyfa.

Háttv. þingm. V.-Ísf. gat þess, að ekkert fé væri fyrir hendi til þess að launa þessari nefnd. Slíkar nefndarskipanir sem þessar, eru oft gerðar án þess að fé sé veitt til þess fyrirfram á fjárlögunum; það er venjulega látið nægja, að fá fjárveitinguna eftir á á fjáraukalögum, þegar nefndir eru settar eftir þingsályktunum.

**Matthías Ólafsson:** Mér er ekkert kappsmál um þessa nefnd. En eg hygg, að ekki mundi til mikils gagns, þótt hún færi að safna skýrslum um, hvort þetta eða þetta slys hefði verið að kenna stýrimanninum, eða ekki. Þeir menn, sem um það ættu að bera, mundu

aldrei verða á eitt sáttir, sumir segðu rangt það sem aðrir segðu rétt. Eg efast um, að hægt væri að skipa fyrir um nokkra vissa aðferð við að stýra, þótt svo kynni til að vilja, að slys yrði af því eitt skifti eða svo, að stýrt væri glannalega. Annars eru slys hér við land ekkert ótíðari hjá útlendum sjómönnum en Íslendingum.

**Einar Jónsson:** Eg er á móti því, að þessi nefnd verði skipuð, og get ekki hugsað mér, að nefndin forði neinum frá slysum. Hún yrði aldrei annað en einskis nýt. Spurningin yrði alt af: hvernig stóð á þessu slysi, og svarið yrði: *ef* maðurinn hefði ekki gert þetta, þá *hefði* slysið ekki orðið. En fari nú svo, að þessi nefnd verði sett á stofn, þá vildi eg æskja, að henni yrði skipað að rannsaka, hvernig á því stendur, að sumir háttvirtir þingmenn hér í deildinni mannskemma sig á því, að »fornerma« samþingismenn sína með því að gera þeim allra handa getsakir, svo sem að þeir hringli með atkvæði sitt og þar fram eftir götunum Að þessu verkefni sleptu, get eg ekki annað séð, en nefndarskipunin sé alveg gagnslaus.

**Lárus H. Bjarnason:** Eg skil ekki, að ráðgerð milliþinganefnd yrði til annars en að útvega nefndarmönnum aukatekjur.

Áður en til mála geti komið að finna ráð við því sem miður fer, þarf að *safna* skýrslum um öll þar að lútandi atvik. Því næst er að *vinna úr* skýrslunum og síðast að *leita* uppi ráðin. Það er fyrst nú á þessu þingi, að stofnað er til brúklegra skýrslna um mannskaða, og er því þegar af þeirri ástæðu nokkuð snemmbært að setja nefnd til að safna og vinna úr skýrslum, sem ekki eru orðnar til. Eigi nokkuð að vera byggjandi á slíkum skýrslum, verða þær að ná til margra ára.

Hitt getur heldur ekki komið til mála, svo sem hv. ráðherra ætlast til, að fela slíkri nefnd að rannsaka, hvort druknanir og slys hefðu verið að kenna vítaverðu atferli yfirmanna skips eða skipshafna. Slíka rannsókn getur enginn framkvæmt nema hann hafi dómsvald. Nefndin gæti ekki gert annað þar að lútandi, en að biðja stjórnarráð eða dómara að taka grunsaman atburð til rannsóknar. Og væri það nokkuð dýrt áhald, ekki sízt nú, er milliþinganefndir eru farnar að taka 8 kr. á dag fyrir hvert nefndarmannsnef.

Eg held því, að bezt sé að draga sem fyrst um á þessari nefnd.

**Sigurður Sigurðsson:** Í sjálfu sér gæti eg nú fallið frá orðinu. En úr því að mér hefir verið leyft orðið, get eg tekið það fram, að eftir þeim upplýsingum, sem fram hafa komið við umræðuna, þá geti naumast verið ástæða til þess að samþykkja þessa tillögu um skipun milliþinganefndar. Reynslan hefir sýnt, að lítið vinst við þessar milliþinganefndir, er skipaðar hafa verið að undanförnu, og svo mundi fara um þetta mál. Þær hafa ætíð mikinn kostnað í för með sér og valda landssjóði útgjöldum, jafnvel úr hófi fram, og þau útgjöld hafa stöðugt farið hækkandi. Í fyrstu höfðu milliþinganefndarmenn 6 kr. á dag; síðan 8 kr., og eg þykist ekki geta rangt til, þótt eg segi, að þeir muni næst heimta 10 krónur. Og það er ekki nóg með þessa kauphækkun, heldur má búast við því, að milliþinganefndir muni ekki fara sparlegar með tímann en fé.

Hæstv. ráðherra hélt, að þessi nefnd, ef til þess kæmi að hún yrði skipuð, mundi ekki sitja lengi, en fyrir því er engin trygging. Þvert á móti. Reynslan frá þeim milliþinganefndum, sem skipaðar hafa verið áður, hefir einnig sýnt það, að þær hafa ekki einasta tek-

ið kaup fyrir þann tíma, er þær hafa setið að störfum, heldur einnig hinn tímann, er liðið hefir milli fandarhalda þeirra. Og eg gæti hugsað mér, að líkt yrði tilfellið með þessa. En aðalatriðið er þó það, að með þessu vinst ekki meira en með því að leita blátt áfram upplýsinga til þeirra manna, sem eru jafn-kunnugir þessum efnum eins og þeir, sem líkindi eru til að yrðu skipaðir í nefndina.

Skal eg svo ekki fjölyrða meira um þetta, en get þess, að eg mun greiða atkvæði með dagskránni.

**Bjarni Jónsson:** Eg get ekki sagt, að það þurfi bráðnauðsynlega að ganga frá þessu nú, þótt vér séum nú þegar orðnir á eftir Norðmönnum og öðrum í þessu efni. En ástæða væri til þess hins vegar að lúka þinginu með öðru í dag, en drepa að nauðsynjalausu nauðsynjamál. Eg hefi nú hlýtt á þær umræður, sem hér hafa orðið um þetta mál, alveg út í loftið. Þær sýna ekkert annað en það, hve lítið vit þeir hafa á því, sem um það tala. Og segi eg þetta ekki af því, að eg þykist hafa meira vit á því en þeir, en ef eg vissi, að eg ætti að setjast niður og rannsaka þetta mál, þá þyrði eg að ábyrgjast, að eg fyndi ýmislegt, sem nú er bæði hulið mér og öðrum. *(Sigurður Sigurðsson:* Vill háttv. þm. komast sjálfur í nefndina?). Ekki álít eg mig hæfari til þess en aðra; eg gæti jafnvel hugsað mér, að háttv. 1. þingm. Árnesinga kynni að geta gert eitthvað gagn í nefndinni.

Það væri fróðlegt t. d. að vita, hvort það er rétt, að meira sé um slys hér en nokkurstaðar annarstaðar. *(Ráðherrann:* Það er áreiðanlegt). Það kann að vera, en þá er að vita hitt, hvort aðrar þjóðir missa að tiltölu fleiri menn af þeim, sem stunda veiðar hér við land, en vér missum Íslendingar. *(Ráðherrann:* Það er líka áreiðanlegt). Ef hæstv. ráðherra er svona viss um þetta og fleira, þá getur verið að ekki þurfi að skipa neina nefnd! Eg veit að landlæknir er búinn að vinna gríðarmikið að undirbúningi þessa máls, en eg hygg þó, að réttara væri að láta fleiri fjalla um það, en að láta það alt hvíla á honum einum. Ætlunarverk þessarar milliþinganefndar ætti að vera það, að vinna úr þeim upplýsingum, sem þegar eru fengnar bæði frá honum og öðrum, og koma með fleiri ráð, en bæði honum og öðrum hafa hingað til dottið í hug, til þess að koma í veg fyrir slysfarir framvegis. Það er mikill munur á því, hvort það er ætlað dómurum eða milliþinganefnd, að rannsaka þetta efni. Eg er viss um það, að dómarar toga ekki upp úr mönnum þær ránari ástæður til ýmissa slysfara, sem milliþinganefnd ætti að vera innanhandar að komast að.

Þá hefir því verið haldið fram, að hagstofan gæti framkvæmt slíka rannsókn. Það gæti í sjálfu sér verið gott, en ef ætti að skella þessu á hana, þá er eg hræddur um, að ekki þyrfti lengur að bíða en til næsta þings, til þess að henni yrðu ætlaðir ótal aðrir hlutir að fást við, sem ekki væri nokkurt vit í að ætla henni. Það hjálpar ekki að hlaða á hana störfum í vitleysu, eins og úttektarmenn eða stjórnarráð — því að það virðist svo sem að það sé þetta tvent, sem Íslendingar bera mest traust til — sízt fyrstu árin, meðan hún er svo að segja í vöggunni.

Að milliþinganefndin sé dýr, legg eg ekki svo sérlega mikla áherzlu á, að minsta kosti ekki meðan kaup nefndarmanna fer ekki fram úr 10 kr. á dag. Mig minnir sem sé að Alþingi hafi fyrir skemstu ákveðið þingm. utan Reykjavíkur það kaup, og að sumir þeirra hv. þm., sem nú sitja hér, hafi verið því fylgjandi og þeir menn þurfa ekki að tala margt um þetta kaupgjald. *(Sig-*

*urður Sigurðsson:* Það voru ekki allir). Ekki eg að minsta kosti, og hverir sem það voru, þá voru þeir í meiri hluta og það sýnir, að þetta er ekki álitið nema sómasamlegt í kaup og kostnað slíkra manna, og ekki horfandi í að veita það, ef nokkur gagnsvon er í aðra hönd.

Eg veit það, að reynsla einstakra manna í því efni, sem hér er um að ræða, er töluvert mikil, en þá reynslu hafa þeir alls ekki lagt niður fyrir sér svo skipulega sem þarf, og þótt lagðar væru fyrir þá spurningar bréflega, mundi málið ekki liggja svo ljóst fyrir þeim, að þeir gætu þegar í stað svarað þeim svo að fullnægjandi væri. Heldur mundi þurfa stöðug bréfaskifti. Auk þess yrði mjög að byggja mikið á reynslu annara þjóða.

Það kann að vera, að það muni ekki miklu, hvort þetta mál kemst fram nú eða á næsta þingi, en úr því að háttv. Ed. er nú í þetta sinn búin að hafa fyrir því og samþykkja það, hvers vegna á þá að fara að drepa það? Þótt þingið hafi nú setið og þráttað um þetta með 10 króna kaupi á dag, er þá nokkur ástæða til þess að næsta þing eigi að halda áfram að þrátta um, hvort eyðandi sé 10 krónum á dag til milliþinganefndarmanna í þessu máli? Það held eg ekki og þess vegna er eg á móti þessari dagskrá.

**Ráðherrann (H. H.):** Eg vil að eins taka það fram, að það er ekki meiningin, að þessi milliþinganefnd eigi að safna þeim skýrslum eða upplýsingum um slysfarir, sem orðið hafa og allir geta náð til, heldur einmitt að útvega þær upplýsingar, sem ekki sjást af venjulegum skýrslum. Og þá ekki síður hitt, að reyna að koma því til vegar að lögreglustjórar reyni að upplýsa slík tilfelli betur framvegis en hingað til hefir átt sér stað, t. d. hvort alt það er nú í rauninni »slysfarir«, sem látið er ganga undir því nafni. Reyna að koma á nýju sniði í þessu efni, skapa nýtt almenningsálit, opna augu þjóðarinnar fyrir því, að hér er um alvarlegt mál að ræða, þar sem oss er sjálfrátt að bæta að nokkru úr ágöllunum. Það er sannað að hér við land drukna fleiri menn tiltölulega en nokkurstaðar annarstaðar af þeim sem fiskveiðar stunda. Jafnvel fleiri landið [sic] druknar tiltölulega fleiri Íslendingar en Færeyingar og Norðmenn, er hér stunda veiði af samskonar skipum og í sama veðri. Og það er auk skaðans leiðinlegt til afspurnar, að þar sem Íslendingar eru skipstjórar skuli verða svo miklu fleiri slys en ella. Þetta er slyðruorð, sem vér þurfum að reka af oss.

**Matthías Ólafsson:** Þessi milliþinganefnd mætti vera dýr til þess, að eg væri ekki með henni, ef eg væri sannfærður um það, að hún gæti orðið til þess að frelsa, þó ekki væri nema eitt einasta mannslíf. En það er einmitt það sem eg er í vafa um.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) sagði, að vér hefðum gert minna en t. d. Norðmenn í þessu efni. Það er upplýst, að vér höfum einmitt gert meira en þeir og stöndum vér þó ekki eins vel að vígi eins og þeir, því að vér höfum þó ekki skerjagarð fyrir framan öll fiskimiðin til þess að hlífa oss. Að einu leyti erum vér þó eftirbátar þeirra: vér höfum enga björgunarbáta. En ekki þarf milliþinganefnd til þess að benda á það. Það er fjarri öllum sanni, að milliþinganefndarmenn fái aflað betri upplýsinga um þetta efni, en dómarar. Framburður sjómannna um slíkt er oft á reiki, sem von er, en helst mundu þeir þó segja dómaranum það sem þeir vita sannast. Hv. þm. Dal. gæti reynt það, að fara að spyrja þá um orsakirnar til einhverra slysfara og eg gæti hugsað að það færi eitthvað á þessa leið: Milliþinganefndarmaður spyr: »Hver

var við stýrið«? Sjómaður svarar: »Það var Jón«. »Var það honum að kenna?« »Ónei, það held eg ekki«. En hins vegar kynni sami maður að segja við Bjarna Jónsson við annað tækifæri: »Þetta var alt því að kenna, að þessi bölvaður klaufi stýrði eins og fjósamaður«.

Eg er viss um það, að tiltölulega ferst meira af útlendingum en Íslendingum hér við land, t. d. Frökkum og Englendingum. Slys, þau er Íslendinga henda, eru mest að kenna ofurkappi þeirra. Íslendingar eru siglingaþjóð og mesta fiskiþjóð heimsins. Ekki af því, að þeir séu fisknari en aðrar þjóðir, heldur af því að þeir eru kappsamari. Það kveður svo ramt að þessu, að það er að orðtaki haft, þegar einhverjir sjást sigla glannalega: »Annað hvort eru þetta vitlausir menn, eða Íslendingar«. Mörg af slysunum munu orsakast af því, að Íslendingar hafa þann sið, að sigla, en ekki að láta reka, sem er hættuminna.

Eg geri nú ráð fyrir því, að þessi milliþinganefnd myndi nú leggja einhverjar tillögur fyrir þingið. En alveg eins má búast við því, að þingið geri sig ekki ánægt með þær. Vér höfum dæmin fyrir oss, eins og var um síðustu milliþinganefnd, þar sem tillögur hennar eru virtar að vettugi, rétt eins og það væru saman tekin ráð þingmanna, að hafa þær að engu. Þegar nú þess er gætt, að vér höfum einmitt á þessu þingi sett lög um mannskaðaskýrslur, siglingalög og sjódómalög, þá er því minni þörf til þess að skipa sérstaka milliþinganefnd í þessu skyni, því að eins og eg tók fram í upphafi, er eg sannfærður um, að hún verður ekki til þess að bjarga lífi nokkurs manns, eða koma því til vegar, að sjóferðir verði nokkru öruggari eftir en áður.

Með þessum orðum hefi eg ekki ætlað mér að hafa áhrif á annara manna atkvæði, heldur að eins skýra málið frá mínu sjónarmiði.

**Halldór Steinsson:** Það er öllum kunnugt, hve slysfarir eru tíðar á þessu landi. Eg ætla mér ekki að romsa neinar tölur upp til að sýna það. Það er enn fremur öllum ljóst, að mannslífið er dýrt og sjálfsagt ekki ódýrara hér en víða annarstaðar. Eg ætla mér ekki að verðleggja það, enda yrði slíkt mat ónákvæmt og komið undir, í hvaða landi og jafnvel hvaða héraði maðurinn á heima. En það er víst, að mannslífið er dýrt. Þess vegna er fylsta þörf á að reyna að draga úr slysförum, ef nokkur tök eru á því. Og verð eg að álíta þessa tillögu spor í þá átt. Menn munu ef til vill segja, að þessi nefnd sé óþörf, að mönnum séu þegar kunnar orsakir til slysfara hér á landi og við land, en það er mesti misskilningur. Mönnum er að vísu kunnugt um flestar drukknanir hér við land, en gera sér að jafnaði ekki glögga grein fyrir, hvernig druknanirnar ber að höndum. Hér er verkefni nefndarinnar. T. d. væri mikils vert að fá skýrslur um, hve margir eru syndir af þeim sem drukna. Ef sú yrði nú niðurstaða nefndarinnar, að þeir kunni fæstir sund, sem drukna, eins og eg er sannfærður um, þá er verkefni nefndarinnar að koma með tillögur um sundkenslu, en sú íþrótt hefir verið vanrækt alt of mikið hjá oss til þessa. Eg hefi séð báta farast í lendingu, og menn drukna á svipstundu, beinlínis af því að menn hafa ekki kunnað sundtökin. Þetta er svo mikilsvert atriði, að sjálfsagt er að taka það til rækilegrar íhugunar. Fyrir fermingu er lögskipað, að börn kunni svo og svo mikið í ýmsum námsgreinum. Ætli það væri ekki eins holt að þau kynnu að synda og sleptu einhverri námsgrein-

inni, eða mundi ekki kleift að binda það skilyrði fyrir lögskráningu háseta, að þeir kynnu sund?

Þetta er eitt verkefnið.

Þó að nú nefndin gerði ekki ráðstafanir til að fyrirbyggja meira en 3—4 druknanir á ári, verð eg að álíta þeim peningum vel varið, sem til hennar ganga. Þess vegna vil eg styðja þingsályktunartill. og greiða atkvæði á móti dagskránni.

**Bjarni Jónsson:** Hv. þm. V.-Ísf. (M. Ól.) gat alls ekki sannfært mig um það, sem hann vildi, að rannsóknardómari ætti jafnhægt með að komast að réttri niðurstöðu um orsakir til slysfara eins og milliþinganefnd. Hvaða dæmi sem hann hugsaði sér, gæti eg þó alt af komist að réttari niðurstöðu, ef eg sæti í nefndinni, heldur en rannsóknardómarinn. *(Matthías Ólafsson:* Þetta er nú grobb). Nei, það er alls ekkert grobb. Menn geta oft haft ástæðu til að fela ýmislegt fyrir dómaranum, en hafa aftur á móti enga ástæðu til að fela neitt fyrir mér. Milliþinganefndin mundi vinna úr þeim skýrslum, sem þegar eru fengnar, og safna nýjum skýrslum viðvíkjandi þessum hlutum. Mönnum ber engin skylda til að svara einstökum mönnum eða einstökum félögum, svo sem Fiskveiðafélaginu, þó að það tæki sér þessar rannsóknir fyrir hendur. Menn mundu verða miklu ófúsari á að gefa því upplýsingar, heldur en milliþinganefnd, ef málinu væri sýndur sá sómi, að hún væri skipuð. Ef þessi tillaga verður samþykt, þá kemst hreyfing á þetta mikilsverða mál, sem hefir legið hirðulaust niðri og enginn gefið sig við því þar til nú, að einstakur maður tók það upp hjá sjálfum sér að hefja rannsóknirnar. Sá maður á miklar þakkir skilið.

Það var rétt hjá háttv. þm. Snæf. (H. St.), að mannslífið verður aldrei metið til peninga. Eg veit enga þá stofnun, er skili aftur mannslífum, og þess vegna má með sanni segja, að þau séu óbætanleg. Það er ekki gott að segja, hvað mikið er mist með mannslífinu, því að um þann mann gæti verið að ræða, að jafnoki hans sé ekki til. Það er hastarlegt, að þetta þing, sem telur sér skylt að skipa bændum að þvo rollunum sínum til þrifnaðar, skuli setja sig upp á móti því, að nefnd verði skipuð til þess að rannsaka orsakir til slysfara og koma fram með tillögur um, hvað gera megi til þess að að draga úr þeim, þar sem allir eru ófróðir um þá hluti. Þakklætið, sem þjóðin lætur í té þeim mönnum, er móti þessu leggjast, verður nokkurs konar þrifabað, þó að það sé ekki lögskipað.

ATKV.GR.:

Rökstudd dagskrá samþ. með 16:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| *Já:* | *Nei:* |
|---|---|
| Eggert Pálsson | Jón Jónsson |
| Benedikt Sveinsson | Bjarni Jónsson |
| Björn Kristjánsson | Einar Jónsson |
| Jón Ólafsson | Halldór Steinsson |
| Kristinn Daníelsson | Hannes Hafstein |
| Kristján Jónsson | Jón Magnússon |
| Lárus H. Bjarnason | |
| Magnús Kristjánss. | |
| Matthías Ólafsson | |
| Ólafur Briem | |
| Pétur Jónsson | |
| Sigurður Sigurðsson | |
| Skúli Thoroddsen | |
| Stefán Stefánsson | |
| Valtýr Guðmundss. | |

Jóhannes Jóhannesson greiddi ekki atkv. og taldist með meiri hlutanum. 3 þingmenn voru fjarstaddir.

FRUMVARP til laga um breyting á fátækralögum 10. Nóv. 1905 (889); ein umr.

*Forseti* leitaði afbrigða frá þingsköpunum, með því að of stutt var liðið frá því að frumv. þetta var samþykt í Ed., og voru afbrigðin leyfð.

**Kristinn Daníelsson:** Frumv. þetta hefir áður verið samþykt hér í þd. Nú hefir það gengið í gegnum hv. Ed. og var þar gerð á því lítils háttar breyting, sem eg vona, að háttv. þdm. líti svo á, að sé fremur til bóta og að hún geri þeim enn aðgengilegra en áður að samþykkja frumv. Breytingin er fólgin í því, að nú er tekið beint fram í frv., að það sé ekki fyr en dvalarsveitin hafi öðlast rétt til að flytja sjúklinginn, að hún losni við að greiða $^1/_3$ legukostnaðarins. Nefndin hér skildi frumv. að vísu ætíð svo, að það kæmi ekki til nokkurra mála að flytja sjúklinginn fyr en hann hefði þegið 100 kr. af dvalarsveitinni. En sem sagt, nú er þetta tekið afdráttarlaust fram í frumv. og getur það ekki talist til annars en bóta. Það fyrirbyggir að nokkrar skýringakúnstir þurfi til að skilja lögin eins og nefndin ætlaðist til að þau væru skilin. Eg leyfi mér að vonast til, að frumv., þannig breytt, nái samþykki hv. deildar.

ATKV.GR.:

Frv. samþ. með 14:4 atkv. og afgr. til ráðherra sem *lög frá Alþingi.*

---

## Fundalok.

**Forseti (M. A.):** Dagskrá er nú lokið og þar með störfum deildarinnar að þessu sinni. Hvernig sem dæmt verður um störf þessa þings, þá hygg eg, að enginn geti neitað því með sanngirni, að þau hafi verið bæði mikil að vöxtunum og mörg mjög merkileg. Eg býst við, að í dag verði af öðrum minst á störf þingsins yfir höfuð, og skal eg því ekki eyða orðum að því. En mig langar til, um leið og við skiljum, að votta háttv. samdeildarmönnum mínum innilegt þakklæti fyrir samvinnuna. Sérstaklega þakka eg hæstv. ráðherra og háttv. varaforsetum og skrifurum deildarinnar fyrir þá ómetanlegu aðstoð, sem þeir hafa veitt mér við starf mitt, svo og öllum öðrum háttv. þingdeildarmönnum fyrir ástúðlega viðkynningu. Eg veit, að verki mínu, sem eg að vísu hefi viljað leysa svo vel af hendi sem mér var unt, hefir verið ábótavant. Þar hefir hlotið að bera á ófullkomleika mínum, ekki síður en annarstaðar. En því þakklátari er eg samdeildarmönnum mínum fyrir það, að eg hefi ekki orðið var við annað, en að þeir hafi viljað taka viljann fyrir verkið. Það er jafnan svo við skilnað þingmanna í þinglok, að þar eiga þessi orð við: »óvíst er hvort aftur hittumst önnur jól«. En sérstaklega tek eg undir þessi orð nú, með því að það er óvíst, að eg stofni til þess aftur, að eg gangi hér um þennan sal sem alþingismaður að þessari þingsetu minni lokinni. Því fremur kveð eg háttv. samþingismenn mína með hrærðum huga og innilegu þakklæti fyrir mannúðlega framkomu gagnvart mér og óska þeim alls góðs.

Bið eg svo guð að gefa góðan árangur af störfum þingsins og að gefa þjóðinni jafnan vitra, góða og atorkusama þingmenn og blessa störf þeirra þjóðinni til heilla í öllum greinum.

**Lárus H. Bjarnason:** Við þakkarorð hv. forseta til deildarinnar vildi eg mega hnýta nokkrum þakkarorðum og árnaðaróskum þessarar deildar til forseta.

Vér þökkum forseta fyrir, hve alúðlega, samvizkusamlega og fast, en þó lipurlega, hann hefir stýrt fundum deildarinnar.

En jafnframt þökkinni viljum vér óska honum þess, að hann hitti nú vandamenn sína og vini heilbrigða og glaða.

Og loks fullvissa eg forseta um það, að honum fylgir velvild og virðing allra þeirra þingmanna, sem honum hafa kynst.

(Allir deildarmenn stóðu upp).

**Forseti (M. A.):** Eg þakka þessi mjög vinsamlegu orð og alla vinsemd mér til handa.

Fundi slitið.

# Leiðréttingar.

**1. á prentvillum:**

Dálki 676. *Fyrir:* 1100 □ al. *komi:* 700 □ al.
— 677. *Eftir:* í ábúðarskatt *komi:* og 4 kr. 50 au. í lausafjárskatt.
— 1115, 3. málsgr. *Eftir:* vitanlega *komi:* ríkr.
— 1601, 3. mgr. 2. l. *Fyrir:* nánara *komi:* nánast.
— 1883, 2. mgr. 5. l. a. n. *Fyrir:* eiga *komi:* mega.
— 1984, 7. l. a. n. *Fyrir:* kveða sjálf um *komi:* kveða sjálf á um.
— 1985, 5. l. a. o. *Fyrir:* beztar *komi:* sem beztar.

**2. á ritvillum í handritinu, sem prentað var eftir:**

Dálki 1112, 7. l. a. o.: þá *les:* því.
— 1112, 2. málsgr.: aldrei *les:* ekki.
— 1877, 4. málsgr. 1. l.: komi *les:* kæmi.
— 1988, 2. l. a. o.: vonandi *falli burt.*